Hæstaréttardómar 1972

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 628, 659, 813, 915, 916 og 954 á prenteintaki.
Á milli bls. 904 og 905 er uppdráttur á einni bls. ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1972

Efnisskrá til bráðabirgða

	Bls.
Ábyrgð	175, 780
Aðstoð	584
Áfengislög	355, 559
Ákæra	345
Almenn hegningarlög, brot gegn 2. mgr. 257. gr.	293
Árekstur skipa	36
Barn, forræði, umráð	1061
Barnaverndarmálefni	788
Barnfaðernismál	696
Beitarítak	389
Bifreiðar:	
a) Endurkrafa vátryggingafélags	895
b) Refsimál	355, 559
c) Skaðabótamál	374, 417, 504, 878, 938
d) Skráningarmerki, misferli með	1053
Björgun	23
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn	355, 599
Búskipti	544
Bætur, erfðafesta	657
Dánarbætur	417
Dómarar	205, 673, 1047
Dómssátt	716, 718, 720, 746
Eignarskattur	620
Endurkrafa vátryggingafélags	895
Endurnýjun ökuréttinda	74
Erfðafesta	657
Farmflutningar	261
Farmskírteini	261
Fasteignakaup	144, 635

Bls.
Firmanafn 30
Fiskveiðabrot 489, 611
Fjárnám 42, 272, 577, 758
Foreldravald 788
Forkaupsréttur 865, 977
Forræði barns 1061
Framsal kröfu 758
Frávikning úr starfi 920
Frávísun 90, 93, 100, 215, 226, 272, 359, 397, 446, 526, 566, 1010, 1013
Fyrning 57
Gagnaöflun 592, 1053
Gallar 577, 780
Gjaldþrotaskipti 455
Gæzlufangar, réttur 68
Gæzluvarðhald 1, 291, 715, 787
Heimvísun 158, 243, 362, 483, 688, 772, 943, 1033
Húsaleiga 42, 63
Húsbóndaábyrgð 417
Húsleit 788
Innsetningargerð 1061
Jarðir, forkaupsréttur 865
Kaupgjaldsmál 138, 206, 276
Kaupmáli 544
Kjarasamningar 138
Kærumál:
a) Barnaverndarmálefni 788
b) Dómarar 673, 1047
c) Dómssátt 716, 718, 720, 746
d) Foreldravald 788
e) Frávísun 226, 359, 397, 526, 1010, 1013
f) Gæzlufangar, réttur 68
g) Gæzluvarðhald 1, 291, 715, 787
h) Heimvísun 943
i) Húsleit 788
j) Málskostnaðartrygging 767
k) Ómerking 943
l) Opinber skipti 1040
m) Sératkvæði 1040
n) Vitnaskylda 166
o) Ökuréttindi, endurnýjun 74
Launaskattur 222
Lausafjárkaup 367, 498, 747, 780
Lífeyrisgjöld 222
Líkamsmeiðsl 119
Lög nr. 20/1923, 20. gr., ... 972, 977

Bls.
Lög nr. 77/1970, brot gegn 345, 851
Lögbann 400
Löghald 175, 206
Lögjöfnun 345
Lögræði 747
Lögveðréttur 417, 878
Málskostnaðartrygging 767
Málskostnaður 995
Ómaksbætur 1, 722
Ómerking .....
..90, 100, 158, 215, 243, 272, 362, 446, 566, 688, 772, 943, 1033
Ómerking ummæla 455
Opinber skipti 1040
Opinber styrkur 4
Orlofsgjöld 523
Ráðningarslit 276
Riftun samnings 455
Ríkisstarfsmenn 920
Samningar 4, 12, 18, 389, 407, 455, 792, 821
Sératkvæði .. 110, 215, 367, 441, 611, 798, 821, 920, 1020, 1040
Setudómarar 1047
Sjóveðréttur 23, 206, 276
Sjúkrasjóðsgjöld 523
Skaðabótamál 36, 77, 119, 144, 191, 374,
417, 504, 577, 592, 635, 734, 758, 798, 878, 920, 938, 972, 995
Skattar, skattamál 222, 528, 620
Skip, árekstur 36
Skipsleiga 4
Skiptamál 1033, 140
Skráningarmerki bifreiðar, misferli með 1053
Skuldamál 93
Slysatryggingagjöld 222
Styrkur, opinber 4
Söfnunarsjóður Íslands 222
Tekjuskattur 620
Tilraun 345
Tollgjald 441
Umboð 93
Umboðslaun 407
Umferðarlög 355, 374, 559, 878, 895, 938
Umferðarréttur 904
Ummæli, ómerking 455
Umráð barns 1061
Uppboðsandvirði, úthlutun 110, 483
Uppsagnarfrestur 206

Bls.
Uppsögn 792, 821
Uppsögn húsnæðis 63
Útivistardómar 1, 62, 362, 722, 723, 724, 851
Vanheimild 144
Vátrygging 231, 734, 1020
Vegarstæði 904
Verðjöfnunargjald 945
Verðstöðvun 42
Verklaun 592, 725
Vinnuslys 374, 798
Vitnaskylda 166
Vörzlusviptingargerð 272
Þóknun 407
Ökuréttindi, endurnýjun 74

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LIII. árgangur 1972

Föstudaginn 7. janúar 1972.

Nr. 170/1971. **Gísli Þórólfsson**
gegn
Hreppsnefnd og hafnarnefnd Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Þórólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, hreppsnefnd og hafnarnefnd Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. janúar 1972.

Nr. 2/1972. **Valdstjórnin**
gegn
Kristni Esmar Skarphéðinssyni og Georg Drake.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. janúar 1972, er barst dóminum 5. s. m., hafa

varnaraðiljar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. janúar 1972.

Ár 1972, mánudaginn 3. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að fimmtudaginn 30. desember 1971, kl. rúmlega 0320, var tilkynnt til rannsóknarlögreglunnar um innbrot í skartgripaverzlun að Laugavegi 25 hér í borg, eign Benedikts Guðmundssonar gullsmiðs.

Við rannsókn á vettvangi og samkvæmt lista yfir þá muni, sem saknað var, er Benedikt Guðmundsson lét rannsóknarlögreglunni í té, nemur verðmæti þýfisins kr. 179.325.00, og eru þá meðtaldar skemmdir á nokkrum gripum. Auk þess hlutust nokkrar skemmdir af rúðubroti.

Samkvæmt vísbendingu, sem rannsóknarlögreglan fékk að kvöldi 2. janúar, beindist grunur að Jóni Árnasyni, Þingholtsstræti 8 B hér í borg, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni viðurkenndi Jón Árnason að hafa verið þarna að verki ásamt Kristni Esmar Skarphéðinssyni, fæddum 22. september 1951. Jón sagði enn fremur, að Georg Drake, fæddur 25. apríl 1942, hefði verið á ferð með þeim félögum í leigubíl í umrætt skipti og hefði Georg Drake beðið í bílnum á Grettisgötu, á meðan þeir Kristinn Esmar brutust inn í skartgripabúðina.

Er þeir félagar komu aftur að bifreiðinni, þar sem hún beið á Grettisgötu, virtist kærða Jóni eins og Georg Drake hefði verið kunnugt um, hvað til stóð, enda fékk Drake á að gizka þriðjung þýfisins í sinn hlut, er fengnum var skipt.

Munir þeir, sem rannsóknarlögreglan fékk vísbendingu um, reyndust vera úr innbroti þessu, og segir Jón Árnason, að munir þessir séu hans hluti af þýfinu.

Í dag, 3. janúar, voru þeir Kristinn Esmar Skarphéðinsson og

Georg Drake handteknir og færðir í hegningarhúsið við Skólavörðustíg.

Báðir neituðu þeir að tjá sig um málavöxtu, en þó kvaðst Georg Drake hafa verið í leigubifreið með Jóni Árnasyni og Kristni Esmar nóttina, sem innbrotið var framið, auk tveggja annarra manna, sennilega þeirra Sigurjóns Arnar Leifssonar og Jóns Þorgeirs Ragnarssonar.

Þar sem rannsókn máls þessa er enn á frumstigi, lítur rétturinn svo á, að nauðsyn beri til með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærðu Kristinn Esmar Skarphéðinsson og Georg Drake í gæzluvarðhald, svo að þeir spilli ekki sakargögnum og hafi áhrif á vitni og samseka, enda eru skilyrði 65 gr. stjórnarskrárinnar fyrir hendi til beitingar gæzluvarðhaldi, þar sem kærðu eru grunaðir um brot á XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

Rétt þykir að taka það fram, að kærði Jón Árnason var í dag látinn hefja afplánun á 18 mánaða fangelsisdómi, sem hann hlaut í sakadómi Reykjavíkur 11. júní 1971.

Úrskurðarorð:

Kærðu Kristinn Esmar Skarphéðinsson og Georg Drake skulu sæta gæzluvarðhaldi í allt að 45 dögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1972.

Nr. 149/1970. **Daníel Þórhallsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Jóni Sveinssyni, Kristni Konráðssyni, Hinriki Aðalsteinssyni, Júlíusi Þorkelssyni, Sverri Ólasyni og Hersteini Karlssyni og gagnsök (Skúli J. Pálmason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipsleiga. Samningar. Opinber styrkur.

Dómur Hæstaréttar.

Elías I. Elíasson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1970 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m.

Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. tl. í leigusamningi aðilja um bátinn var leigugjald eftir hann 20% af óskíru aflaverðmæti bátsins, en í 7. tl. samningsins segir m. a.: „Leigusali greiðir vátryggingariðgjöld af skipinu. Allar uppbætur, styrkir, útflutningssjóðsuppbætur eða annað, sem ríkið kann að greiða eða til falla á annan hátt vegna veiða og reksturs skipsins, renna til leigutaka og leigusala í réttu hlutfalli við leiguprósentuna ...“. Frá þessu ákvæði leigusamningsins var engin undantekning gerð nema um endurgreiðslu „frá ríkinu af vátryggingargjöldum“, sem ganga skyldu til leigusala.

Ákvæði 7. tl. samningsins ber að skýra þannig, að gagn-

áfrýjendur eigi rétt til greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda, er samsvari 80% af fé því, sem aðaláfrýjanda var úthlutað af Stofnfjársjóði fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 58/1968, enda hafa gagnáfrýjendur goldið aðaláfrýjanda að fullu skipsleiguna samkvæmt 2. tl. samningsins.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Daníel Þórhallsson, greiði gagnáfrýjendum, Jóni Sveinssyni, Kristni Konráðssyni, Hinriki Aðalsteinssyni, Júlíusi Þorkelssyni, Sverri Ólasyni og Hersteini Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 22. júlí 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní s.l., hafa Jón Sveinsson, Kristinn Konráðsson, Hinrik Aðalsteinsson, Júlíus Þorkelsson, Sverrir Ólason og Hersteinn Karlsson, allir á Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1969, á hendur Daníel Þórhallssyni, Úthlíð 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 200.678.56 ásamt 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 159.931.87 frá 15. nóvember 1968 og af kr. 40.746.69 frá 1. janúar 1969 og málskostnaðar samkvæmt lágmarkstaxta L. M. F. Í.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda í málinu og þeim jafnframt gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dags. 1. febrúar 1968, leigðu stefnendur máls þessa af stefnda vélbát hans, m/s Hring, SI 34, til fiskveiða frá Siglufirði, og skyldi leigutímabilið vera 1. febrúar til 31. desember 1968. Leigan var ákveðin 20% af brúttóaflaverðmæti bátsins. Lagt var upp hjá Síldarverksmiðjum ríkisins allan tímann, og héldu þær eftir af kaupverði aflans 20%, er runnu til leigu-

sala, þ. e. stefnda í máli þessu. Í 7. gr. leigusamningsins segir auk þess svo m. a.: „... Allar uppbætur, styrkir, útflutningssjóðsuppbætur eða annað, sem ríkið kann að greiða eða til falla á annan hátt vegna veiða og reksturs skipsins, renna til leigutaka og leigusala í réttu hlutfalli við leiguprósentuna, nema endurgreiðsla frá ríkinu af vátryggingargjöldum ganga til leigusala. Greiðslur úr Hlutatryggingarsjóði og fastastyrkur frá Atvinnumálanefnd Norðurlands renna óskertar til leigutaka ...".

Á árinu 1968 var stofnaður sérstakur sjóður sem deild við Fiskveiðasjóð Íslands með lögum nr. 58 frá 1. maí það ár um Stofnfjársjóð fiskiskipa með ákveðnu framlagi úr ríkissjóði, og skyldi stjórn Fiskveiðasjóðs að fengnum afla- og aflaverðmætisskýrslum skipta fé Stofnfjársjóðs milli fiskiskipanna eftir nánar greindum reglum og hlutur hvers skips leggjast inn á reikning þess við Stofnfjársjóð. Með lögum nr. 79/1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, frá 31. desember það ár, var m. a. kveðið svo á, að stofnfé Stofnfjársjóðs, þ. e. framlaginu úr ríkissjóði 1968, bæri að skipta milli fiskiskipa í hlutfalli við aflaverðmæti skipanna frá 1. janúar til 14. nóvember 1968, sbr. 7. gr. laganna. Síðasttöldu lögin lögðu sérstakt gjald, ákveðna prósentu, á afla fiskiskipa, er hér fór á land, eftir nánar greindum reglum, og skyldi það fyrirkomulag gilda frá og með 15. nóvember 1968. Gjaldið, sem fiskkaupendur eða fiskmóttakendur greiddu, rann til Stofnfjársjóðs og inn á sérreikning þess fiskiskips, er aflaði þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af.

Málssókn sína reisa stefnendur á því, að á tímabilinu 1. febrúar til 15. nóvember 1968 hafi útgerð skipsins, þ. e. Hrings, SI 34, hlotið í styrk frá ríkinu, kr. 199.914.84, sem lögum samkvæmt hafi verið lagður inn á reikning skipsins hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1968, sbr. lög nr. 79/1968. Og á tímabilinu 15. nóvember til 31. desember 1968 lögðu frystihús inn á sama reikning kr. 50.933.36, sbr. síðasttalin lög. Af báðum þessum fjárhæðum áttu í samræmi við leigusamninginn 80% að renna til stefnenda sem leigutaka skipsins, eða kr. 159.931.87 + kr. 40.746.69, eða samtals kr. 200.678.56. Samkvæmt þessu kröfðu stefnendur stefnda um nefnda fjárhæð með bréfi, dags. 29. júlí f. á., sbr. rskj. nr. 4. Að vísu hafa orðið smærri skekkjur, um kr. 00.80, bæði í fyrrnefndu bréfi svo og í stefnu, en þetta er sú fjárhæð, kr. 200.678.56, er leggja verður til grundvallar. Í bréfinu benda stefnendur á, að þeir eigi ekki kröfu til þessa fjár úr

Stofnfjársjóði, enda hefði báturinn þá verið seldur og umræddar innstæður hefðu fylgt bátnum við sölu. Stefndi hefði því fengið of mikið greitt við uppgjör leigu vegna bátsins um umræddа fjárhæð í Stofnfjársjóði. Kröfu þessari vísaði stefndi algerlega á bug.

Nánari rökstuðningur af hálfu stefnenda fyrir kröfum þeirra er á þá leið, að um miðjan janúar 1968 hafi legið fyrir loforð ríkisvaldsins um fjárhagslegan stuðning við alla þá, sem hyggðust gera út báta þá um veturinn, án tillits til þess, hvort væntanlegir útgerðarmenn ættu bátana eða ekki. Hins vegar hafi það ekki virzt almenningi kunnugt þá, þ. e. um miðjan janúar, í hvaða formi framlagið yrði veitt, sem sagt að upphæðin yrði látin renna til sérstakrar deildar Fiskveiðasjóðs inn á lokaðan reikning. Talið er víst, að málsaðiljar hafi, er þeir gerðu leigusamninginn, haft í huga loforð ríkisstjórnarinnar, gefið hálfum mánuði áður, um væntanlegan styrk til útgerðarmanna og í því sambandi bent á áðurnefnt orðalag 7. gr. samningsins, er sé einmitt m. a. við þetta miðað. Í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 58/1968 er að vísu vikið að fiskiskipum í leigu. Samkvæmt því sé þeim, sem hafi skip á leigu hinn 15. janúar 1968, heimilað að lækka leigufjárhæð um upphæð, er jafngildi innstæðu skipsins í Stofnfjársjóði á hverjum tíma. Í greinargerð komi fram, að við þessa dagsetningu sé miðað, því þá hafi orðið kunnugt um fyrirhugaða greiðslu ríkissjóðs til þorskveiðiflotans. Enn fremur segi í greinargerðinni, að í leigusamningnum, sem gerður hafi verið eftir þann tíma, sé eðlilega tekið tillit til þessara greiðslna. Bráðabirgðaákvæðið sé sett til að tryggja hagsmuni þeirra, sem tekið hafi báta á leigu til útgerðar fyrir 15. janúar 1968, og samkvæmt því renni styrkur ríkisins til þess, sem raunverulega gerði út bátinn, en ekki til skipseiganda. Hins vegar segi ekkert um leigusamninga, sem gerðir eru eftir umræddan tíma, en það hljóti að ráðast af leigusamningunum í hverju tilfelli. Og þegar beinlínis sé minnzt á slíkar greiðslur frá ríkinu í sjálfum leigusamningnum, svo sem greinargerð lagafrumvarpsins geri ráð fyrir, og skýrt tekið fram, hvernig skipta skuli slíkum ríkisstyrkjum, geti ekki verið um neinn vafa að ræða.

Þá halda stefnendur því fram, að ákvæði laga nr. 79/1968 um sérstakt gjald, er fiskmóttakendur skyldu greiða til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, væri sett til að tryggja, að lánardrottnar skipseigenda fengju örugglega afborganir og vexti af lánum til skipanna, en með lögunum hafi ekki verið ætlazt til þess, að skips-

eigandi, er leigt hefði skip öðrum, gæti með þessum hætti hagnazt á kostnað leigutaka. Í lög nr. 79/1968 hafi verið sett bráðabirgðaákvæði um fiskiskip, sem voru í leigu, er gengisbreytingin var gerð um miðjan nóvember 1968, á þá leið, að hefði leigan verið við það miðuð, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skyldi leigufjárhæðin lækka sem samsvaraði greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjársjóði á leigutímanum. Eftir setningu laganna megi ganga út frá því, að tekið hafi verið tillit til greiðslunnar í Stofnfjársjóð, þegar leigufjárhæð var ákveðin. Jafnframt sé bráðabirgðaákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um, að skipseigandi eigi ekki að hagnast á óeðlilegan hátt á kostnað leigutaka, þegar leigufjárhæðin byggist á samningi, gerðum fyrir gengisbreytinguna.

Einn stefnenda, Hinrik Aðalsteinsson, hefur skýrt frá því, að búið hafi verið að skrifa töluvert um það í blöðin, að til fiskverðshækkunar þyrfti að koma í ársbyrjun 1968 eða styrkja eða annarrar fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins, þótt óljóst væri, hvernig þessu yrði háttað og hvenær til þess kæmi. Með tilliti til þessa var 7. gr. samningsins orðuð á fyrrgreindan veg. Eftir að lögin um Stofnfjársjóð voru staðfest, sneri hann sér til stefnda og bað hann undirrita yfirlýsingu, er hann hafði útbúið og haft meðferðis, á þá leið, að framlag ríkisins í Stofnfjársjóð samkvæmt lögunum skyldi skiptast í sömu hlutföllum og í leigusamningnum segði. Þar sem stefndi taldi málin óljós, ekki lægi ljóst fyrir, hver ætti þetta framlag, og nánari upplýsinga þyrfti að leita um það, vildi hann ekki að svo stöddu skrifa undir yfirlýsinguna.

Stefndi hreyfir því í greinargerð sinni sem sýknuástæðu, að hann sé ekki réttur aðili að máli þessu. Stefnendur krefjist 80% þess fjár, er hann eigi rétt til úr Stofnfjársjóði. Ekki sé hann heimildarmaður að því fé umfram það, sem lögin ákveði. Féð sé undanþegið aðför og óheimilt sé að framselja það. Eigandi fjárins sé Stofnfjársjóður fiskiskipa og hefði því stefnendum borið að beina kröfum sínum í málinu að honum.

Það leiðir af ákvæðum laga nr. 58/1968, að það er skipseigandi einn, er getur átt beinan aðgang að Stofnfjársjóði, að því er varðar innstæður í sjóðnum, og slíkar innstæður eru óframseljanlegar nema sem þáttur í sölu skips, sbr. einkum 10.—12. gr. laganna. Fram hefur komið í málinu, að stefndi hafi selt skip sitt, m/s Hring, SI 34. Með vísan til þessa verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Fyrir sýknukröfum stefnda eru annars færð þau rök, að

skömmu áður en leigusamningurinn hafi verið gerður á milli aðiljanna, hafi fiskverð verið ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins og hafi þá verið tekið fram, að við verðákvörðunina hefði verið tekið tillit til þess, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar af opinberri hálfu til þess að aðstoða bátaútveginn til greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum, og hafði ríkisstjórnin heitið 124 milljóna króna framlagi til eflingar Fiskveiðasjóði, en versnandi afkoma fiskiskipa á árunum 1966 og 1967 hafi leitt til þess, að greiðslur til sjóðsins hefðu verulega dregizt saman. Var báðum aðiljum málsins ljóst, að fyrrgreind fjárhæð var eingöngu hugsuð sem beint stofnframlag til sérstakrar sjóðsstofnunar til þess að bæta fjárhag Fiskveiðasjóðs og að ráðstöfun þess fjár yrði takmörkuð við greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum skipanna, en á engan hátt bundin rekstri þeirra eða til frjálsrar ráðstöfunar fyrir eigendur eða útgerðarmenn skipanna. Með tilliti til þessa greiddu stefnendur síðan skilvíslega umsamda leigu eftir bátinn á leigutímabilinu í samræmi við leigusamninginn. Krafa stefnenda byggist á 7. gr. leigusamningsins. Svipuð ákvæði eru algeng í leigusamningum, sem gerðir eru til svo langs tíma, svo sem samningur aðiljanna, með sérstöku tilliti til þess, að alls konar ráðstafanir hafa á undanförnum árum verið gerðar af ríkisvaldinu á ýmsum tímum ársins til styrktar bátaútveginum, og vildu aðiljar með téðu ákvæði kveða skýrt á um það, að ef til slíkra ráðstafana kæmi, sem ekki var vitað um, er leigusamningurinn var gerður, skyldu greiðslur, sem til rekstrar skipsins væru ætlaðar samkvæmt slíkum ráðstöfunum, skiptast á milli aðiljanna í sömu hlutföllum. Það sé því alveg út í hött hjá stefnendum að byggja nú kröfu sína í máli þessu á þessu ákvæði, þar sem leiguprósentan hafi verið ákveðin með hliðsjón af vitneskju aðiljanna um greiðslu ríkisins á 124 milljónum króna til stofnunar sérstaks sjóðs og vitað var, að renna mundu óskertar til eigenda skipanna og ekki yrði ráðstafað á annan hátt en til greiðslu tiltekinna gjalda, þ. e. afborgana og vaxta af stofnlánum skipanna hjá Fiskveiðasjóði, en yrðu á engan hátt til frjálsrar ráðstöfunar fyrir eigendur skipanna. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 58/1968 er heimilt að draga frá leigufjárhæð skips, sem er í leigu hinn 15. janúar 1968, samkvæmt samningi, er gerður var fyrir þann tíma, það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjársjóði. Er þetta ákvæði sett til hagsbóta fyrir leigutaka, sem samþykkt hefur að greiða tiltekna leigu fyrir skip, þegar eigi var vitað

um þær ráðstafanir, sem opinberaðar voru 15. janúar 1968. Ákvæðið veiti hins vegar ekki sams konar heimild fyrir þá, sem geri leigusamninga um skip eftir umræddan tíma, eins og um ræði í þessu tilfelli, og leigusala, er leigi skip eftir þann tíma, sé ekki heimilt að semja svo um, að framlag, sem hann á rétt á úr Stofnfjársjóði, gangi til annars en þess, er lögin kveða á um, enda sé skipseiganda óheimilt að framselja innstæðu, sem hann kann að eiga rétt til úr Stofnfjársjóði nema sem þætti í sölu skips.

Lýst hefur nú verið tildrögum málsins og rakið það helzta, er fram hefur komið af hálfu málsaðilja til rökstuðnings kröfum þeirra og máli virðist skipta.

Í málinu er um það deilt, hvort greiðslur inn á reikning m/s Hrings, SI 34, við Stofnfjársjóð fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 58/1968 og lögum nr. 79/1968 leigutímann 1. febrúar til 31. desember 1968 skyldu eftir leigusamningnum skiptast milli leigusala og leigutaka í réttu hlutfalli við leiguprósentuna, eða með öðrum orðum reiknast með í uppgjöri leigunnar.

Báðir aðiljar hafa haldið því fram, að einhverju áður en leigusamningurinn var gerður, hafi það legið fyrir, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar af opinberri hálfu til styrktar bátaútveginum eða til þess að örva sjósókn. Af hálfu stefnenda hefur verið bent á, að það hafi ekki komið í ljós fyrr en alllöngu síðar, hvernig þessari opinberu aðstoð yrði varið. Því síður hafi það verið vitað, að framlag ríkisins í umræddu skyni yrði lagt inn á lokaðan reikning við Fiskveiðasjóð. M. a. vegna þessarar óvissu hafi 7. gr. samningsins verið orðuð svo sem raun ber vitni. Á hinn bóginn er af stefnda hálfu staðhæft, að allt hafi þetta legið allmiklu ljósar fyrir við samningsgerð og í ljósi þeirrar vitneskju hafi leiguprósentan verið ákveðin.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa um ákvæði til bráðabirgða er því slegið föstu, að kunnugt hafi orðið um fyrirhugaða greiðslu ríkissjóðs til þorskveiðiflotans, um leið og fiskverð var ákveðið, eða 15. janúar 1968. Því heimilar bráðabirgðaákvæði laganna, þegar um er að ræða fiskiskip, sem verið hefur í leigu á nefndum tíma, að draga frá leigufjárhæð það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjársjóði fiskiskipa. Enn fremur segir svo í fyrrnefndum athugasemdum: „Í leigusamningum, sem gerðir hafa verið eftir þann tíma, er eðlilega tekið tillit til þessara greiðslna".

Líta verður svo á, að samkvæmt ákvæðum 7. gr. leigusamn-

ingsins hafi við uppgjör á leigunni borið að skipta milli leigusala og leigutaka í réttu hlutfalli við leiguprósentuna því fé, sem aflaverðmætið á leigutímanum veitti rétt til úr Stofnfjársjóði, enda enginn fyrirvari í samningnum um, að öðru vísi skyldi litið á, sem full ástæða hefði þó verið til, ef sú hefði verið ætlunin.

Eins og áður segir, var Stofnfjársjóði fiskiskipa séð fyrir föstum tekjustofni með lögum nr. 79/1968, er auk þess fólu í sér nokkrar breytingar á lögunum um Stofnfjársjóð. Lög nr. 79/1968 verða ekki talin fella niður rétt leigutaka samkvæmt leigusamningnum til áðurgreinds hluta af innstæðu skipsins á reikningi í Stofnfjársjóði eða útiloka það, að þeirri innstæðu sé skipt milli aðilja í hlutföllum þeim, er samningurinn gerir ráð fyrir, við uppgjör á leigunni.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefnda beri að greiða stefnendum kr. 159.931.87 + kr. 40.746.69, eða samtals kr. 200.678.56, auk 7% ársvaxta af kr. 159.931.87 frá 15. nóvember 1968 til 1. janúar 1969, en af kr. 200.678.56 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregizt vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Daníel Þórhallsson, greiði stefnendum, Jóni Sveinssyni, Kristni Konráðssyni, Hinriki Aðalsteinssyni, Júlíusi Þorkelssyni, Sverri Ólasyni og Hersteini Karlssyni, kr. 200.678.56 með 7% ársvöxtum af kr. 159.931.87 frá 15. nóvember 1968 til 1. janúar 1969, en af kr. 200.678.56 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 102/1970. **Guðjón Sigurðsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Sturlu Einarssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstarettar með stefnu 20. maí 1970 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæsarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hélt áfram vinnu við „vaskborð" það, sem í málinu greinir, eftir að áfrýjandi hafði í desember 1968 lýst því fyrir áfrýjanda, að þeir væru skildir að skiptum og að hann mundi eigi inna frekari greiðslur af hendi til stefnda. Samkvæmt ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, verður eigi talið, að áfrýjandi hafi innt af hendi full skil til stefnda. Hins vegar var stefnda eigi rétt að halda áfram vinnu við „vaskborðið" á kostnað áfrýjanda, eftir að áfrýjandi lýsti yfir riftun. Ber af þeim sökum að lækka kröfu stefnda. Þykir sú lækkun hæfilega ákveðin kr. 800.00. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 7.451.00 ÷ 800.00, þ. e. kr. 6.651.00 ásamt vöxtum, svo sem síðar segir, gegn því, að stefndi afhendi honum „vaskborð" það, sem í málinu greinir.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað í héraði kr. 2.000.00, en málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnda, Sturlu Einarssyni, kr. 6.651.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969 og af kr. 6.651.00 frá þeim degi til greiðsludags gegn því, að stefndi afhendi áfrýjanda „vaskborð" það, sem á málinu greinir.

Áfrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað í héraði kr. 2.000.00, en málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 12. þ. m., hefur Sturla Einarsson, húsgagna- og húsasmíðameistari, Sæviðarsundi 44, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. apríl 1969, á hendur Guðjóni Sigurðssyni, Hjallalandi 18, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.551.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, en af kr. 7.551.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins, allt gegn afhendingu á vaskborði í baðherbergi, er stefnandi hefur smíðað fyrir stefnda.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu.

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að í októbermánuði 1968 samdi stefndi við stefnanda um það, að stefnandi tæki að sér að smíða skáp í þvottahús og vaskborð í baðherbergi í húsi stefnda, sem þá var í smíðum að Hjallalandi 18, Reykjavík. Samningur um smíði þessa var munnlegur og gerður í húsi stefnda að viðstöddum aðiljum þessa máls og eiginkonu stefnda, Halldóru Jóhannsdóttur. Stefndi og eiginkona hans hafa borið fyrir réttinum, að stefnandi

hafi sagt, að hann teldi sig geta afhent smíði þessa á hálfum mánuði. Stefnandi hefur hins vegar skýrt svo frá, að ekki hafi verið samið um ákveðinn afhendingartíma á smíði þessari, en af hálfu stefnda hafi verið lögð áherzla á það, að hún yrði afhent sem fyrst.

Hinn 20. október 1968 kveðst stefndi hafa afhent stefnanda kr. 4.000.00 upp í efniskaup, og er því ómótmælt af hálfu stefnanda. Kveðst stefnandi hafa unnið að smíði þessari í kjallara á heimili sínu nema vélavinnu við smíðina, hana kveðst stefnandi hafa unnið á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar hér í borg.

Meðan stefnandi vann að smíðinni, vann hann einnig önnur verk í húsi stefnda. Voru verk þessi eftirfarandi:

1. Að setja upp mismunandi stóra skilrúmsveggi á fjórum stöðum í húsinu.
2. Að lagfæra útidyrahurð, sem var stíf í.
3. Líma hjónarúm.
4. Stefnandi skipti um lamir á opnanlegum gluggum.
5. Stefnandi setti stormjárn og krækjur á opnanlega glugga.
6. Stefnandi tók mál af hurðum í íbúðinni og fór með stefnda og eiginkonu hans að velja spón á hurðir.

Auk þess kveðst stefnandi hafa skrifað tíma á það, er hann reyndi að útvega stefnda múrara til að vinna í húsi hans, enda kveðst stefnandi hafa gert þetta í vinnutíma sínum.

Stefnandi kveðst hafa unnið öll verk, sem hann vann hjá stefnda, í tímavinnu og tekið kr. 130.00 á tímann. Samkvæmt framlögðum reikningum, sem dagsettir eru í nóvember og desember 1968, hefur stefndi greitt stefnanda samtals kr. 17.941.00.

Er stefnda tók að lengja eftir því, að stefnandi afhenti skápa þá, er hann tók að sér að smíða fyrir stefnda, tók stefndi að reka á eftir við stefnanda. Í byrjun desember 1968 kveðst stefndi hafa farið í verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar til þess að athuga, hvort stefnandi ætti þar geymdan baðherbergisskápinn (vaskborðið), sem stefnandi hafi verið búinn að segja stefnda, að hann ætti í geymslu þar. Á þessu verkstæði hafi hins vegar enginn kannazt við grip þennan. Kveðst stefndi þá hafa farið heim til stefnanda og fengið hjá honum þær upplýsingar, að skápurinn væri geymdur í útbyggingu á nefndu verkstæði. Kveðst stefndi þá hafa farið enn á ný á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar og rætt þar við Þorstein Hjálmarsson, sem hafi sagt sér, að stefnandi ætti ekkert þarna á verkstæðinu. Kveðst stefndi þá hafa farið aftur heim til stefnanda og hafi stefnandi þá sýnt

sér fjöl nokkra, sem búið hafi verið að líma á hvítt plast. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa sýnt sér önnur stykki tilheyrandi vaskborðinu. Þegar stefndi sá, að smíði skáps þessa var eigi lengra á veg komin, kvaðst hann hafa riftað kaupum sínum á skápnum við stefnanda.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi þurft að vélvinna skápana á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar. Hafi hann haft lykil að verkstæði þessu og mátt ganga þar inn eftir þörfum. Hafi hann vélunnið stykkin í skápana utan reglulegs vinnutíma og það geti vel verið, að starfsmenn á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar hafi ekki vitað um þessa hluti, þegar stefndi hafi komið þangað til að inna eftir því, hvort stefnandi ætti einhverja smíðisgripi á verkstæði þessu. Þegar stefndi hafi komið heim til stefnanda af verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar, segir stefnandi, að hann hafi verið búinn að vélvinna stykkin í vaskborðið og hafi þau verið tilbúin þarna heima í kjallaranum hjá sér. Hins vegar kvaðst stefnandi þá ekki hafa verið búinn að setja stykki þessi saman, en verið búinn að plastleggja þau, enda hafi stefndi þá verið búinn að sækja plastafgangana hjá sér. Stefnandi segir, að hann hafi ekki hreyft andmælum, þegar stefndi hafi riftað kaupum á vaskborðinu í kjallaranum á heimili stefnanda, þar sem stefnandi kveðst hafa verið búinn að segja stefnda það áður, að stefndi yrði að taka borðið, þar sem um sérsmíði væri að ræða, sem hvergi „passaði" annars staðar. Kveðst stefnandi ekki hafa séð ástæðu til þess að ítreka þetta við stefnda í þetta sinn, þar sem stefndi hafi þá verið í vondu skapi.

Stefndi hefur borið, að hann hafi sagt við stefnanda, þegar hann kom til hans á verkstæðið til þess að fá að sjá hjá honum vaskborðið, en þá aðeins fengið að sjá borðfjölina, að stefnandi skyldi ekki smíða þetta borð fyrir sig, því að upp í íbúð stefnda færi þetta borð aldrei. Stefndi kveðst hafa verið búinn að sækja afganginn af plastinu til stefnanda áður.

Stefnandi telur, að hann hafi lokið við að setja upp þvottahússkápinn í húsi stefnda hinn 12. desember 1968. Þegar stefnandi setti upp þvottahússkápinn, kveðst hann hafa sagt við þau hjónin, að stefndi yrði að taka vaskborðið, þar sem hér væri um sérsmíði að ræða. Hafi stefndi neitað því afdráttarlaust og þetta síðan lent í orðaskaki þeirra í milli. Stefnandi kvað smíði vaskborðsins þá eigi hafa verið lokið. Hins vegar hafi vélavinnu þá verið lokið, en eigi verið búið að setja borðið saman. Stefnandi kvaðst ekki muna, hvenær borð þetta hafi verið tilbúið til af-

hendingar, en það hafi verið, mjög skömmu eftir að hann hafi sett upp þvottahússkápinn. Kveðst stefnandi hafa tilkynnt stefnda um það, þegar vaskborðið var tilbúið til uppsetningar. Taldi stefnandi það hafa verið fyrir áramót 1968—1969, sem hann hafi látið stefnda vita um þetta. Kveðst stefnandi hafa hringt þrisvar sinnum til stefnda og sagt honum, að borðið væri tilbúið, en stefndi þá jafnan svarað illyrðum og neitað að veita skápnum viðtöku.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi eigi lofað ákveðnum afhendingartíma á vaskborðinu, eftir að samið hafi verið um smíði þess, enda hafi stefnandi á sama tíma verið að vinna önnur verk í húsi stefnda. Stefnandi kveðst hafa verið byrjaður að smíða nefnt borð, þegar stefndi kom til hans til þess að rifta kaupunum, enda hafi stefndi áður verið búinn að sækja til sín plastafganga. Stefnandi kveðst hafa skýrt stefnda svo frá, að vaskborðið væri sérsmíði, sem hvergi hentaði annars staðar en í baðherbergi stefnda, og yrði stefndi því að veita borðinu viðtöku, og kveðst stefnandi ekki hafa samþykkt riftun stefnda á kaupunum. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að eigi sé um vanefndir af sinni hálfu að ræða og því sé riftun stefnda á ofangreindum kaupum óréttmæt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að þegar samið hafi verið um smíði þessa, hafi stefnandi lofað að afhenda hana eftir hálfan mánuð frá samningsgerð. Þetta afhendingarloforð hafi stefnandi vanefnt verulega og því hafi stefndi haft réttmæta ástæðu til þess að rifta kaupunum, svo sem hann hafi gert heima hjá stefnanda og stefnandi þá eigi hreyft andmælum við þeirri riftun stefnda.

Stefndi heldur því fram, að samið hafi verið um það með málsaðiljum, að stefnandi afhenti margnefnt vaskborð, hálfum mánuði eftir að samið var um smíði þess. Stefndi hefur sönnunarbyrði fyrir þessari fullyrðingu sinni. Skriflegur samningur var eigi gerður með aðiljum um smíði þessa, og gegn andmælum af hálfu stefnanda telst stefndi eigi hafa fært sönnur að því, sbr. 129. gr., 2. mgr., laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, að samið hafi verið um ákveðinn afhendingartíma á framangreindum skápum. Telst stefndi því eigi hafa haft réttmæta ástæðu til að rifta kaupunum, er hann vildi rifta, enda var hér um sérsmíði að ræða, sem stefnandi var þá byrjaður á, og afhendingardráttur af hans hálfu þá eigi orðinn verulegur, svo að heimili riftun að öðru leyti. Samkvæmt þessu er riftunar-

krafa stefnda á margnefndum baðherbergisskáp eigi tekin til greina.

Stefnandi hefur í stefnu sundurliðað kröfur sínar þannig:

„1968	An: Efni og vinna, keypt hjá Hjálmari	
nóvember	Þorsteinssyni & Co. h.f. vegna stefnda ..	kr. 2.381.00
6. 12.	An: Vinna við vaskahús, baðskápa og svefnherbergi, 30 klst.	— 3.900.00
1969	An: Vinna við baðskáp, 9 klst. á kr.	
30. 1.	130.00 pr. klst.	— 1.170.00
		Samtals kr. 7.451.00“.

Þessi fjárhæð er kr. 100.00 lægri en stefnufjárhæðin, og byggist það á reikningsskekkju í síðasta reikningi stefnanda.

Verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda þessa fjárhæð, enda hafa verið lagðir fram reikningar henni til stuðnings, sem ekkert er athugavert við nema síðasti reikningurinn frá 30. janúar 1969. Í honum var reikningsskekkja, svo sem fyrr er frá greint, þar sem 9 klst., á kr. 130.00 pr. klukkustund, eru í reikningi þessum reiknaðar á kr. 1.270.00, en eiga að sjálfsögðu að vera 1.170.00, og er það leiðrétt í dóminum. Þá verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda vexti, er ákveðast 7% ársvextir af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, en af kr. 7.451.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 3.800.00.

Auk afhendingardráttar af hálfu stefnanda hefur stefndi fundið að göllum á smíði stefnanda. Í fyrsta lagi hefur stefndi bent á það, að tekið hafi verið úr fyrir gripi á hurð á vaskahússskáp á röngum stað og gripið síðan verið fært til og fyllt upp í skarð það, er myndaðist í hurðina, með sérstöku fyllingarefni. Sé þetta augsýnilegt á hurðinni og til lýta. Stefnandi hefur viðurkennt þessi mistök og boðizt til þess að lagfæra þessa vansmíð. Telst stefnandi eiga rétt á að lagfæra þessa vansmíð. Einnig telst stefnandi eiga rétt á að lagfæra límingu, sem losnað hefur milli hliðarstykkis og botnstykkis á vaskahússkápnum.

Í annan stað hefur stefndi fundið að því, að þil í skilvegg milli svefnherbergja hafi svignað. Stefnandi setti upp þil þetta í nóvembermánuði 1968. Það mun síðan hafa verið í marzmánuði 1969, sem annar maður skeytti klæðaskáp við þil þetta. Dómendur

hafa farið á vettvang og athugað smíð stefnanda hjá stefnda og kannað galla þá, sem hér um ræðir. Má sjá það við nána athugun, að þil þetta hefur bognað örlítið út, þar sem klæðaskápur tengist því. Telur rétturinn ekki sannað, að stefnandi beri ábyrgð á þessum smávægilega galla, enda er fram komið í málinu, að eigi var kvartað undan þessu við stefnanda, þegar klæðaskápurinn var settur upp, og ósannað er, með hverjum hætti og hvenær þil þetta svignaði.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hjalta Geir Kristjánssyni húsgagnaarkitekt og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnanda, Sturlu Einarssyni, kr. 7.451.00 með 7% ársvöxtum af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, en af kr. 7.451.00 frá þeim degi til greiðsludags, gegn því að stefnandi afhendi stefnda framangreint vaskborð í baðherbergi í húsi stefnda að Hjallalandi 18, Reykjavík.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 159/1970. **Ólafur Guðmundsson vegna verzlunarinnar Lundar** (Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Gunnari Kristjánssyni vegna Plastskiltagerðarinnar (Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1970. Krefst hann þess aðallega, að honum

„verði einungis gert að greiða stefnda kr. 3.000.00 án vaxta". Til vara krefst áfrýjandi þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 6.500.00 Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi verður aðalkrafa áfrýjanda höfð uppi í Hæstarétti, þar eð ekki er fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, en bæði í greinargerð í héraði og við munnlegan málflutning þar hafði hann eingöngu uppi varakröfu sína hér fyrir dómi.

Málsatvikum er réttilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt reikningi stefnda, dags. 16. október 1969, var ljósaskilti það, sem mál þetta er af risið, að stærð 77x50 sm, og telur stefndi, að á þeim tíma, er hann gerði nýjan hjálm á skiltisgrindina, hafi nýtt skilti kostað milli 10 og 12 þúsund krónur, en samkvæmt ódagsettri yfirlýsingu fyrirtækisins Geislaplasts s/f kostaði nýtt skilti að stærð 78x45 sm kr. 8.600.00 til kr. 10.400.00.

Þegar þetta er virt og litið er til verðmætis nýs skiltis, eru ekki efni til, að áfrýjandi greiði hærri fjárhæð en hann bauð, kr. 6.500.00, fyrir verk stefnda.

Verða úrslit máls þessa því þau, að áfrýjandi er dæmdur til að greiða stefnda kr. 6.500.00.

Stefndi þykir ekki eiga rétt til vaxta af fjárhæð þessari, með því að ómótmælt er, að hún hafi staðið honum til boða, áður en mál var höfðað.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ólafur Guðmundsson vegna verzlunarinnar Lundar, greiði stefnda, Gunnari Kristjánssyni vegna Plastskiltagerðarinnar, kr. 6.500.00.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí s.l., hefur Gunnar Kristjánsson, Háaleitisvegi 45, Reykjavík, höfðað f. h. Plastskiltagerðarinnar, Borgartúni 25, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. nóvember 1969, gegn Ólafi Guðmundssyni, Sörlaskjóli 62, einkaeiganda verzlunarinnar Lundar Sundlaugavegi 12, fyrir hönd firmans til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 8.660.80 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera vegna viðgerðar og endurnýjunar á ljósaskilti fyrir stefnda. Sé reikningurinn dagsettur 16. október 1969.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 6.500.00 og jafnframt að stefnanda verði gert að greiða ríflegan málskostnað að mati dómarans.

Þeir stefnandi og stefndi hafa báðir komið fyrir dóm til yfirheyrslu. Eftir því sem fram kom við yfirheyrslur og fram er komið í skjölum málsins, virðast málavextir vera þeir, að ljósaskilti fyrir utan verzlunina Lund hafi verið brotið haustið 1969 og hafi það þá verið brotið nokkurn tíma. Stefnandi málsins er skiltagerðarmaður og hafi hann tekið eftir biluninni á skiltinu. Hafi hann gengið á fund eiganda verzlunarinnar og spurt hann, hvort hann ætti ekki að gera við skiltið. Stefndi hafi tekið boði stefnanda og stefnandi hafi síðan tekið skiltið niður og farið með það á verkstæði til viðgerðar. Hvorki ræddu þeir málsaðiljarnir um það, hvernig viðgerðinni skyldi háttað né hvað hún mundi kosta. Stefndi upplýsti stefnanda um það, að skiltið væri tryggt hjá Vátryggingafélaginu h/f. Þá er stefnandi hafði lokið viðgerðinni, þá hafi hann krafið Vátryggingafélagið h/f um endurgjald fyrir verkið. Þá hafi stefnandi fengið þær upplýsingar, að skiltið væri ekki tryggt. Stefndi kveðst hafa haldið, að skiltið væri tryggt, þá er stefnandi tók að sér að gera við það. Gaf stefndi þá skýringu á þessum misskilningi sínum, að hann hafi flutt tryggingar sínar og hafi umboðsmaður nýja tryggingafélagsins sagt stefnda, að tryggingafélagið mundi tryggja allt, sem hefði verið tryggt, en hjá hinu fyrra tryggingafélagi hafi skiltið verið tryggt, en komið hafi í ljós, að nýja tryggingafélagið hafi ekki tryggt skiltið.

Þá er stefnandi fékk ekki greiðslu hjá tryggingafélaginu, þá

sneri hann sér til stefnda með kröfu um greiðslu fyrir viðgerðina á skiltinu. Stefnda þótti endurgjald fyrir vinnuna of hátt og bauðst til þess að greiða kr. 6.500.00. Því boði hafnaði stefnandi.

Fyrir dómi kvaðst stefndi ekki hafa gert sér grein fyrir því, hvort hann hafi nokkuð út á verkið að setja, hann sé bara óánægður með endurgjald fyrir verkið.

Í yfirheyrslu í málinu kom fram, að hægt hefði verið að gera við skiltið á mun ódýrari hátt en stefnandi gerði, en þá hefði verið brætt plast í gatið og komið á það ljósi. Þess konar viðgerð sagði stefnandi, að mundi í mesta lagi kosta kr. 3.000.00. Stefnandi lýsti vinnu sinni þannig, að hann hafi gert nýjan plasthjálm og hafi hann farið yfir og endurnýjað mest af því, sem inni í skiltinu var, en gamla grindin hafi verið notuð. Stefnandi kveðst telja, að nýtt skilti alveg sams konar og skilti það, sem mál þetta er risið af, muni á þessum tíma hafa kostað á milli 10 og 12 þús. krónur. Stefnandi sagði, að skiltið, þá er hann tók það til viðgerðar, hafi verið með gati, önnur hliðin hálflaus og hin laus, einnig hafi verið nauðsynlegt að fara yfir innmat skiltisins, þar sem stefndi hafi sagt, að skiltið leiddi út. Fyrir dómi kannaðist stefndi ekki við að hafa sagt, að skiltið leiddi út, en skiltið hafi verið ljóslaust, þar sem pera hafi verið uppbrunnin. Stefnandi kveðst ekki hafa getað gert við skiltið á ódýrari hátt, þar sem hann taki tveggja ára ábyrgð á öllum verkum sínum og á ódýrari viðgerðinni hefði hann ekki getað tekið ábyrgð. Ekki afhenti stefnandi þó ábyrgðarskírteini, þá er hann skilaði skiltinu eftir viðgerð, og ekki var talað um ábyrgð, áður en stefnandi tók verkið að sér. Stefnandi kvaðst hafa látið stefnda vita af ábyrgðinni, þá er hann krafði um greiðslu og stefndi taldi endurgjaldið fyrir verkið of hátt.

Við munnlegan málflutning rökstuddi lögmaður stefnanda kröfur sínar m. a. með því, að þá er stefnandi tók verkið að sér, hafi ekkert verið talað um það, hvernig verkið skyldi unnið, og ekki heldur, hvað það mundi kosta. Jafnframt, að stefndi hafi ekkert við framkvæmd verksins að athuga.

Lögmaður stefnda rökstuddi kröfur sínar m. a. með því, að stefnandi hafi farið algerlega út fyrir sitt verksvið. Stefnandi hafi boðizt til að gera við gamalt skilti, en svo smíðað nýtt skilti utan um gömlu grindina. Tilboð stefnda um greiðslu á kr. 6.500.00 sé í raun og veru allt of hátt.

Við niðurstöðu málsins þykir ábyrgðartal stefnanda ekki skipta máli, þar sem stefndi hefur ekki fengið neitt ábyrgðarskírteini í hendur, og ekkert hefur verið um ábyrgð talað, nema stefnandi

segist hafa sagt stefnda af ábyrgðinni, þá er stefnda þótti endurgjald fyrir viðgerðina of hátt.

Eins og rakið hefur verið, þá var hægt að gera við skiltið á mun ódýrari hátt. Sé lýsing stefnanda rétt á ástandi skiltisins, þá er hann tók við því til viðgerðar, þá virðist ekki óeðlilegt, að gert væri við skiltið með dýrari aðferð. Þeir málsaðiljarnir ræddu ekkert um það, hvernig viðgerðinni skyldi háttað né hve mikið hún mætti kosta. Stefndi hefur ekki gert það líklegt, að reikningur stefnanda sé of hár fyrir þá vinnu, sem hann raunverulega vann. Stefndi hefur heldur ekki gagnrýnt vinnu stefnanda.

Með vísan til þessa, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 39/1922, samanber 2. gr. sömu laga, þá þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.500.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Guðmundsson f. h. verzlunarinnar Lundar, greiði stefnanda, Gunnari Kristjánssyni f. h. Plastskiltagerðarinnar, kr. 8.660.80 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1969 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 31/1971. **Jón Gíslason s/f**
(Jónas Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Hafsteini Jóhannssyni vegna sjálfs sín og áhafnar m/b Eldingar, MB 14,
(Tómas Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Björgun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1971. Krefst hann sýku af „björgunarlaunakröfu stefnda, en að áfrýjanda verði dæmt að greiða stefnda kr. 60.000.00 auk 7% ársvaxta frá 28. marz 1968 til greiðsludags". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að hjálp sú, er stefndi veitti m/s Búðakletti, GK 251, hafi verið björgun samkvæmt sjónarmiðum 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Ekkert var samið um þóknun fyrir starf stefnda við að skera veiðarfæraflækjuna úr skrúfu m/s Búðakletts. Hann krafði í fyrstu tryggingafélag það, er báturinn var tryggður hjá, um kr. 60.000.00 samkvæmt reikningi, er hann sýndi, fyrir hjálp þá, sem hann veitti m/s Búðakletti, og lögmaður hans krafði síðar áfrýjanda um sömu fjárhæð án nokkurs fyrirvara, eins og nánar er rakið í héraðsdómi, en greiðsla fékkst ekki hjá þessum aðiljum.

Verður að telja, að stefndi hafi talið fjárhæð þessa hæfilega þóknun fyrir hjálp þá, er hann veitti m/s Búðakletti, og er hann bundinn við greinda kröfugerð sína, en sam-

kvæmt málflutningi hér fyrir dómi kom áfrýjandi fram fyrir hönd allra áfrýjenda við framangreinda kröfugerð sína.

Að þessu athuguðu verða úrslit máls þessa þau, að áfrýjandi er dæmdur til að greiða stefnda kr. 60.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. marz 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði, kr. 15.000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Samkvæmt 3. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í m/s Venusi, GK 519, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Gíslason s/f, greiði stefnda, Hafsteini Jóhannssyni sjálfum og f. h. áhafnar m/b Eldingar, MB 14, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. marz 1968 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði, kr. 15.000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Stefndi á sjóveðrétt í m/s Venusi, GK 519, til tryggingar dæmdur fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 2. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hafsteinn Jóhannsson, Narfastöðum í Melasveit, höfðað fyrir dóminum fyrir hönd eiganda og áhafnar m/b Eldingar, MB 14, með stefnu, birtri 23. desember 1968, á hendur Jóni Gíslasyni s/f, Hafnarfirði, vegna eigenda m/s Búðakletts, GK 251, nú Venusar, GK 519, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 500.000.00 auk 7% ársvaxta frá 28. marz 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Til vara er þess krafizt, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 60.000.00 auk 7% ársvaxta frá 28. marz 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi krefst og sjóveðréttar í nefndu skipi til tryggingar fjárkröfum sínum.

Tryggingamiðstöðinni h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur félaginu, og af þess hálfu eru engar kröfur gerðar.

Af stefnda hálfu er þess krafizt, að aðeins verði fallizt á varakröfu stefnanda.

Málavextir.

Fimmtudaginn 28. marz 1968 var m/s Búðaklettur, GK 251, á þorskanetjaveiðum VNV af Stafnesi. Að sögn skipstjórans var skipið þá í 6—7 sjómílna fjarlægð frá landi.

Netjafæri festust í skrúfu skipsins.

M/b Elding var þá stödd þar nærri, en nær landi. Vann áhöfn bátsins að því að ná netjum úr skrúfu m/b Margrétar, SI 4. Að áliti skipstjórans á m/b Eldingu var hún þá stödd í 4 sjómílna fjarlægð vestur frá Stafnesi. Telur hann, að m/s Búðaklettur hafi þá verið í um 1 sjómílu fjarlægð frá m/b Eldingu. Kl. 1650 hafði skipstjórinn á Búðakletti samband við Eldingu og bað um, að kafað yrði niður að skrúfu skipsins og færin skorin frá.

Meðan beðið var eftir hjálp, voru lögð net frá m/s Búðakletti. Festust þá net í skrúfu skipsins.

Skipstjórar beggja skipanna hafa komið fyrir dóminn auk Hafsteins Jóhannssonar, eiganda m/b Eldingar.

Skipstjórinn á m/b Eldingu, Bragi Kristjánsson, kveður m/s Búðaklett ekki hafa hreyft skrúfuna, eftir að netin festust í henni, en skipstjórinn á m/s Búðakletti, Guðmundur Kristjánsson, sem kom fyrir dóminn 16. nóvember 1970, kveðst telja, að hann hafi hlotið að andæfa, til að Búðaklettur fjarlægðist ekki Eldingu og Margréti. Ekki kveður hann áhöfn Búðakletts hafa reynt að ná netjunum úr af eigin rammleik.

Kl. 1725 hóf Hafsteinn Jóhannsson að skera frá skrúfu Búðakletts. Skipstjórinn á Búðakletti kveður þá hafa verið svo skammt á milli skipanna, að Hafsteinn hafi farið beint að Búðakletti án þess að fara um borð í Eldingu.

Á nótu, sem fylgdi reikningi stefnanda til réttargæzlustefnda, dags. 28. marz 1968, er köfunarstaður tilgreindur 8 mílur V að N frá Stafnesi.

Hafsteinn Jóhannsson kom fyrir dóminn 26. janúar 1970. Kvað hann skrúfugatið hafa verið fullt af netjum, svo að ekkert hafi staðið út úr netjaflækjunni af skrúfublöðunum. Þann 4. febrúar 1969 var lagður fram útdráttur úr dagbók m/b Eldingar, undirritaður af skipstjóranum. Segir þar í niðurlagi: „Var skrúfan full af netum". Skipstjórinn kom fyrir dóminn 6. janúar 1970 og staðfesti skýrsluna rétta. Þann 26. janúar 1970 var útdrátturinn

borinn saman við dagbókina. Tilfærða málsgrein var ekki að finna í bókinni.

Kl. 1815 var lokið við að skera frá skrúfunni. Við verkið var Hafsteinn klæddur froskmannsbúningi með súrefnisgeymi, en án líflínu.

Guðmundur Kristjánsson, sem hætti störfum hjá stefnda 17. maí 1968, telur, að skipsmenn hafi ekkert getað gert til að ná netjunum úr. Kveður hann vél skipsins þannig, að hún snúi öxlinum ekki nema einn veg, þó sé hægt að stöðva vélina og snúa öxlinum öfugt. Ekki kveður hann þá aðferð þó hæfa til að ná netjum úr skrúfunni. Telur skipstjórinn, að hægt hefði verið að sigla skipinu til hafnar með netin í skrúfunni. Hann segir geta komið fyrir, að net úr gerviefnum bráðni af hita, sem myndazt við núning við skrúfuöxulinn. Í þessu tilviki kveður hann ekki hafa verið hættu á því, þar sem færin hafi legið næst öxlinum og séu þau úr efni, sem ekki bráðni. Ef siglt hefði verið með netin í skrúfunni, telur skipstjórinn, að hætta hefði verið á, að vélabúnaður skipsins skemmdist, einkum gírinn. Hann kveður hafa verið tvö akkeri á skipinu, annað með 60 faðma af keðju, en hitt með 75 faðma keðju. Engin segl voru á skipinu.

Norðan sjávarfallastraumur var, þegar netin festust í skrúfunni.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður á Keflavíkurflugvelli 28. marz 1968 sem hér segir:

Kl. 1400 ANA 6 vindstig og snjókoma, kl. 1700 ANA 7 vindstig og snjókoma. Kl. 2300 var komin norðaustanátt, 3 vindstig og skýjað. Á Reykjanesvita voru A 5 vindstig og snjókoma kl. 1400, A 2 vindstig, rigning og dálítill sjór kl. 1700 og vestan 2 vindstig, hálfskýjað og dálítill sjór kl. 2300. Næstu tvo daga var veður á Keflavíkurflugvelli og Reykjanesvita norðlæg átt, 4—5 vindstig, og sjólítið við Reykjanesvita.

Stefnandi Hafsteinn framvísaði á skrifstofu réttargæzlustefnda svohljóðandi reikningi:

„m/b Búðaklettur, GK-251.
Frá m/b Elding, MB-14,
1968
28/3 An: Samkv. fylgiskj. nr. 7.
Aðstoð .. .. kr. 60.000.00

Samtals kr. 60.000.00".

Fulltrúi réttargæzlustefnda, Gunnar Felixson, sem komið hefur fyrir dóminn, kveðst hafa tjáð stefnanda, að vegna skulda stefnda við réttargæzlustefnda sæi hann sér ekki fært að greiða reikninginn. Kveðst hann hafa bent stefnanda á að innheimta kröfuna hjá stefnda sjálfum.

Þann 11. júní 1968 ritaði lögmaður stefnanda stefnda innheimtubréf og krafði stefnda um greiðslu á kr. 60.000.00 fyrir aðstoð. Þann 2. október 1968 ritaði lögmaðurinn stefnda svohljóðandi bréf:

„Ég vísa til bréfs míns, dags. 11. júní 1968, varðandi aðstoð, sem m/b Elding veitti m/b Búðakletti, GK-251, 28. marz 1968, 8 sjómílur VNV frá Stafnesi.

Það var meining Hafsteins Jóhannssonar að krefja um laun fyrir veitta aðstoð, enda yrði sú krafa greidd greiðlega og eðlilega. Var það alger forsenda fyrir slíkri sanngirni.

Þar sem bréfi mínu hefir ekki verið svarað, og ekkert bólar á greiðslu, áskilur Hafsteinn Jóhannsson sér fullan rétt til að sækja mál sitt fyrir dómstólum, en jafnframt að gera þá kröfu um björgunarlaun að lögum".

Stefnandi kveðst hafa miðað reikning sinn, er hann framvísaði hjá réttargæzlustefnda, við gjaldskrá Goðans, björgunarskips tryggingafélaganna, sem hann telur, að hafi verið statt út af Breiðafirði.

Af hálfu stefnanda er staðhæft, að m/s Búðaklettur hafi verið tryggður hjá réttargæzlustefnda fyrir kr. 13.600.000.00 (kaskó) og kr. 3.400.000.00 (interesse).

Áætlar stefnandi, að verðmæti veiðarfæra, sem voru um borð í skipinu, þegar hjálpin var veitt, hafi numið a. m. k. kr. 1.000.000.00.

Af stefnda hálfu hefur ekki verið fallizt á, að skip og veiðarfæri hafi verið svo verðmæt. Féllst stefndi á að leggja til grundvallar ákvörðun björgunarlauna kr. 12.000.000.00, ef til kæmi. Ekkert mat hefur farið fram á verðmætum þessum.

M/s Búðaklettur hefur verið seldur Fiskveiðahlutafélaginu Venusi. Samkvæmt alþjóðamælibréfi, útgefnu 21. maí 1970, nefnist skipið nú Venus, GK 519, er 203.95 rúmlesta stálskip, smíðað í Noregi árið 1964, búið 660 hestafla mótor. Lengd skipsins er 31.52 m, breidd 7.22 m og dýpt 3.54 m.

Samkvæmt greinargerð stefnanda er m/b Elding um 100 smálesta björgunarskip, búið fullkomnustu og dýrustu tækjum til

köfunar. Telur umboðsmaður stefnanda skipið vægt metið á ca. kr. 10.000.000.00.

Málsástæður.

Höfuðmálsástæða stefnanda er sú, að hjálp sú, er hann veitti m/s Búðakletti í umrætt sinn, hafi verið björgun í merkingu 199. gr. siglingalaga nr. 66 frá 1963.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram:

Að vél skipsins hafi verið ónothæf og útilokað, að skipverjar á m/s Búðakletti gætu sjálfir náð netjunum og færunum úr skrúfunni.

Að straumar séu nokkuð harðir út af Reykjanesi, sérstaklega í Reykjanesröstinni, og yfirleitt illt sjólag, á aðra hönd m/s Búðakletts hafi verið hættuleg ströndin, en á hina Eldey og óhreinar siglingaleiðir, ef nokkuð bar suður með landinu undan norðanáttinni.

Að skipið hafi verið á reki fyrir vindum og sterkum straumum, bjargarlaust.

Að hin björguðu verðmæti og björgunarskipið séu mjög mikils virði.

Að björgun hafi tekizt fullkomlega.

Að stefnandi hafi sýnt mikla verklagni og atorðu við starfið og lagt sig í lífshættu.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hjálp sú, er m/s Búðakletti var veitt í umrætt sinn, hafi ekki verið björgun í skilningi siglingalaga, og beri stefnanda aðeins hæfileg þóknun fyrir aðstoð.

Heldur stefndi því fram:

Að m/s Búðaklettur hafi ekki verið í yfirvofandi hættu, veður hafi verið gott og haldizt gott næstu dægur.

Að skipshöfn m/s Búðakletts hafi haft möguleika á að losa netin úr skrúfunni án hjálpar eða í ýtrustu neyð að keyra vél með netjadræsunum í skrúfunni til þess á þann hátt að ná til hafnar.

Að auðvelt hefði verið fyrir útgerð og tryggingu m/s Búðakletts að senda aðstoð frá landi, annað hvort kafara eða dráttarbát.

Að skip hafi verið á veiðum og siglingu allt umhverfis m/s Búðaklett.

Að orðin hafi verið venja, að störf sem þau, er m/b Elding veitti m/s Búðakletti í umrætt sinn, væru greidd með föstum greiðslum, hvort sem þau hafi verið unnin af m/s Goðanum eða

af varðskipum, og að stefnandi hafi fylgt þessari venju og verið bundinn af henni.

Að stefnandi hafi með því að útbúa reikning að fjárhæð kr. 60.000.00 viðurkennt þá fjárhæð sem réttmæta þóknun fyrir hjálp þá, sem hann veitti, og að hann hafi sjálfur bókað á reikninginn, að um aðstoð væri að ræða.

Að hjálp sú, sem stefnandi veitti m/s Búðakletti, hafi tekið mjög skamman tíma og ekki virzt hafa verið neinum erfiðleikum bundin og að m/b Elding hafi ekki verið í neinni hættu.

Álit dómsins.

Það er skoðun hinna sérfróðu meðdómsmanna, að fullkominn efi sé á, að tekizt hefði að sigla m/s Búðakletti með netin í skrúfunni. Hefði verið reynt að ná til hafnar með þeim hætti, telja meðdómendurnir, að veruleg hætta hafi verið á, að þær skemmdir hefðu orðið á vélabúnaði skipsins, að vélin hefði orðið með öllu óvirk til að knýja skipið.

Ef engin hjálp hefði borizt, hefði skipið rekið fyrir veðrum og straumi. Var þá veruleg hætta á, að skipið ræki á land eða strandaði á grynningum suðvestur af Reykjanesi.

Verður að telja mjög ólíklegt, að m/s Búðaklettur hefði náð til hafnar af eigin rammleik. Verður því að telja, að hjálp sú, sem stefnandi veitti m/s Búðakletti í umrætt sinn, hafi verið björgun í skilningi siglingalaga, og skiptir þá ekki máli, þótt kostur hafi verið hjálpar frá öðrum. Enginn samningur hefur verið gerður um greiðslu fyrir hjálp m/b Eldingar. Ber að líta svo á, að stefnandi hafi gert stefnda tilboð um, að fyrir hjálpina yrði greitt með kr. 60.000.00, eins og um aðstoð væri að ræða, en þetta tilboð hafi ekki verið samþykkt.

Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að stefnandi hafi verið bundinn af venju um að taka ekki björgunarlaun fyrir verk sem það, er hann vann við m/s Búðaklett í umrætt sinn.

Við ákvörðun björgunarlauna ber með hliðsjón af 200. gr. siglingalag nr. 66 frá 1963 að líta til þess:

Að björgun tókst fullkomlega.

Að stefnandi sýndi mikla verklagni, atorku og hugrekki við björgunarstarfið og lagði sig í lífshættu við það.

Að björgunarstarfið tók mjög skamman tíma.

Að hin björguðu verðmæti voru í umtalsverðri hættu.

Að skipið, sem bjargaði, var sérstaklega búið til björgunar.

Að hin björguðu verðmæti voru mikils virði.

Um verðmæti m/b Eldingar eru ekki aðrar upplýsingar í málinu en ágizkun umboðsmanns stefnanda.

Með hliðsjón af framangreindum atvikum þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 380.000.00.

Málskostnaður ákveðst kr. 55.000.00.

Dómkröfur stefnanda njóta sjóveðréttar í m/s Venusi, GK 519, samkvæmt 3. tölulið 216. gr. laga nr. 66/1963, og er sjóveðrétturinn ófyrndur, sbr. 233. gr. sömu laga.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Guðmundur Guðmundsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Gíslason s/f, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Eldingar, MB 14, kr. 380.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. marz 1968 til greiðsludags og kr. 55.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Venusi, GK 519, fyrir tildæmdum kröfum.

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 134/1971. **Kexverksmiðjan Esja h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Friðriki Kristjánssyni vegna Hótels Esju og Hótels Esju h/f (Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Ármann Snævarr.

Firmanafn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1971 og krafizt þess, „að viðurkennt

verði með dómi réttarins, að stefnda Friðriki Kristjánssyni hafi verið óheimilt að nota nafnið Esja í firmanafni sínu, er hann fékk skrásett sem Hótel Esja hinn 6. marz 1970, og sem heiti hlutafélags, er hann stofnaði í framhaldi af firmanu Hótel Esja samkvæmt tilkynningu, birtri í Lögbirtingarblaði 2. júní 1971, og sé stefnda Friðriki Kristjánssyni skylt persónulega og vegna hins stefnda hlutafélags að láta má nafnið Esja úr hlutafélagaskrá að viðlögðum kr. 1.000.00 dagsektum. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda Friðriks Kristjánssonar persónulega og vegna Hótel Esju h.f. in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti".

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjada til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kexverksmiðjan Esja h/f, greiði stefnda, Friðriki Kristjánssyni vegna Hótel Esju og Hótel Esju h/f, málskostnað í Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júlí 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur Kexverksmiðjan Esja h/f höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 11. júní 1970, á hendur Friðriki Kristjánssyni, Sunnuvegi 29, Reykjavík, sem einkaeiganda Hótel Esju, Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 12. janúar 1934 var firmað „Verzlunin Esja" skrásett sem smásöluverzlun í Reykjavík, og eigandi hennar er talinn Sigurjón Sigurðsson, Sogabletti 3. Hinn 15. apríl er skráð í firmaskrá Reykjavíkur, að Ingibergur Pálsson, Bergstaðastræti 28, hafi keypt firma þetta 1. janúar 1935. Stefnandi kveður Kex-

verksmiðjuna Esju h/f hafa verið stofnsetta síðari hluta ársins 1934. Snemma á árinu 1935 hafi Ingibergur Pálsson, eigandi firmans „Verzlunin Esja" selt Kexverksmiðjunni Esju h/f nafnið „Esja". Í lok sama árs hafi lokagreiðslur fyrir nafn þetta farið fram og um líkt leyti muni „Verzlunin Esja" hafa hætt starfsemi sinni. Hefur stefnandi lagt fram ljósrit úr viðskiptadagbók Kexverksmiðjunnar Esju h/f frá desember 1935, en samkvæmt þeim ljósritum hefur stefnandi greitt hinn 5. og 13. desember 1935 Ingibergi Pálssyni samtals kr. 100.00 fyrir „Esju"-nafnið.

Hinn 13. apríl 1937 var H/f Kexverksmiðjan Esja skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Tilgangur félagsins er „verksmiðjurekstur á alls konar kexi og kökum og skyldur atvinnurekstur".

Stefnandi kveður það hafa verið af vangá, að „Verzlunin Esja" hafi þá ekki verið tekin af firmaskrá. Hinn 6. marz 1970 gerði stefnandi kröfu til þess, að firmað „Verzlunin Esja" verði tekin út af firmaskrá í Reykjavík nú þegar. Var þetta gert hinn 10. marz 1970.

Hinn 6. marz 1970 var firmað „Hótel Esja" skrásett í firmaskrá Reykjavíkur. Tilgangur þess er „veitinga- og gistihúsarekstur og annar skyldur atvinnurekstur", þar til samnefnt hlutafélag hefur verið stofnað og tekið við rekstri hótelsins.

Einkaeigandi firmans er skráður Friðrik Kristjánsson, Sunnuvegi 29, Reykjavík, sem er stefndi í máli þessu.

Hinn 22. desember 1970 er tilkynnt til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að hlutafélagið Hótel Esja h/f hafi verið stofnsett. Birtist tilkynning þessi í Lögbirtingablaði nr. 34, 64. árgangi, er út kom miðvikudaginn 2. júní 1971. Tilgangur hlutafélags þessa er sagður hinn sami og Hótel Esju hér að framan.

Við munnlegan flutning málsins hinn 28. f. m. gerði lögmaður stefnanda breytingar frá kröfum sínum í stefnu, vegna þess að Hótel Esja h/f hafði verið skrásett, eftir að stefnt var í máli þessu. Eru kröfur stefnanda í málinu svohljóðandi:

„Að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefnda hafi verið óheimilt að nota heitið „Esja" í firmanafni sínu og sem heiti hlutafélags þess, er hann stofnaði í framhaldi af firmanu „Hótel Esja" og ber nú nafnið „Hótel Esja h.f.", og sé stefnda skylt persónulega og vegna hlutaféalgsins að láta má þetta nafn úr hlutafélagaskrá að viðlögðum 1.000 króna dagsektum. Þá krefst stefnandi einnig málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, Friðriks Kristjánssonar, persónulega og vegna „Hótel Esju h.f." in solidum".

Lögmaður stefnda, Friðriks Kristjánssonar, lýsti því yfir, að Hótel Esja h/f mundi telja sig bundna af niðurstöðu þessa dóms. Mætti lögmaðurinn einnig í málinu af hálfu Hótel Esju h/f, sem mætti óstefnd við hlið stefnda, Friðriks Kristjánssonar.

Dómkröfur varnaraðilja í máli þessu eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að hann hafi verið einkaeigandi og notandi „Esju"-heitisins í næstum 36 ár fyrir framleiðslu sína og einnig sem símnefni, þar til hinn 6. marz 1970, að firma stefnda hafi verið skráð undir sama heiti í Reykjavík. Verði því að telja, að stefnanda beri einum réttur til „Esju"-heitisins, og þar sem nöfn fyrirtækja þessara séu svo lík, að það geti valdið stefnanda margs konar vandræðum, kveðst stefnandi ekki eiga annars úrkosti en að gera kröfur til þess, að stefndi leggi niður nafnið á fyrirtæki sínu, enda hafi allar tilraunir til þess að fá stefnda til þess án málshöfðunar orðið árangurslausar. Til frekari áréttingar kröfum sínum bendir stefnandi á mikilvægi þess, að firmanafn njóti lögverndar. Fyrirtæki, sem starfað hafi um árabil og njóti trausts almennings, sé firmanafnið mjög mikils virði. Almenningur þekki firmanafnið og viðurkenni það og í viðskiptum sé nafnið trygging viðskiptavina fyrir öruggri þjónustu og góðri vöru. Firmavirðið, „Goodwill", sé þannig borið uppi af firmanafninu. Sé því nauðsynlegt að einkaréttur eiganda sé tryggður, því ef öðrum fyrirtækjum sé óhindrað leyft að taka upp sömu heiti, þá leiði það til óvissu og til þess, að villzt verði á einkennum og grafið sé undan ofannefndu trausti. Ákvæði 9. gr. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum nr. 84 frá 1933 eigi einmitt að tryggja það, að fyrirtæki, sem notar með fullum rétti löglegt firmanafn sitt, fái notið lögverndar. Þá vitnar stefnandi enn fremur máli sínu til styrktar til 10. gr. firmalaga nr. 42/1903 og 8. gr. laga nr. 102/1961 um verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Varnaraðili rökstyður sýknukröfu sína með því, að auk framangreindra firma, sem öll eigi það sameiginlegt að bera eða hafa borið fjallheitið „Esja" sem hluta af firmanafni sínu, megi geta þess, að um áratugaskeið eða um svipaðan tíma og „Verzlunin Esja" hafi verið skrásett hér í Reykjavík, hafi einnig verið skrásett verzlun með sama nafni á Akureyri. Verzlun með sama nafni hafi einnig verið skráð á Kjalarnesi um nokkurra ára skeið. Þá

hafi eitt af skipum Skipaútgerðar ríkisins, sem heimili á í Reykjavík, að jafnaði borið heitið „Esja".

Framangreind þrjú firmu hafi haft á hendi óskyldan atvinnurekstur og firmaheitin sjálf hafi ótvírætt gefið til kynna, hvers konar atvinnurekstur hvert þeirra um sig hafi haft á hendi. Einmitt vegna þessa ólíka atvinnurekstrar, sem þessi þrjú skrásettu firma hafi haft og nafngift þeirra gefi raunar til kynna, megi telja næsta ólíklegt, að nokkur ruglingur eða óþægindi geti af því orðið fyrir nokkurt þeirra, þótt þau hafi öll tekið upp í heiti sitt nafnið „Esja". Þetta hafi einnig verið skoðun stefnanda á árinu 1934, er Kexverksmiðjan Esja h/f hafi verið stofnsett. Verksmiðjan hafi tekið til starfa snemma á árinu 1935, en þá hafi verið starfandi í Reykjavík „Verzlunin Esja", sem skrásett var 12. janúar 1934. Með öðrum orðum, það hafi þá verið skoðun stefnanda, að honum væri heimilt að taka upp firmaheitið „Esja" á kexverksmiðju sína, þótt sama firmaheiti væri á smásöluverzlun. Þessi skoðun stefnanda hafi þá verið rétt. Hún sé ennþá rétt.

Varnaraðili bendir á það, að engar takmarkanir séu settar fyrir því, að ákveðin kennileiti eða fjallaheiti séu tekin sem hluti af firmanöfnum, en hinn hluti firmanafnsins gefi þá að jafnaði til kynna starfsemi viðkomandi firma. Sýnist þetta vera mjög eðlileg regla og í einna beztu samræmi við þarfir hér á landi. Þá er mótmælt sérstaklega þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi keypt einkarétt til notkunar á „Esju"-nafninu á árinu 1935. Mótmælir varnaraðili því, að nokkur einn maður hafi á þeim tíma haft slíkan ráðstöfunarrétt yfir því nafni, að enginn annar mætti undir nokkrum kringumstæðum nota það. Þá er það einnig vefengt, að stefnandi hafi haft heimild til þess að láta afmá úr firmaskrá Reykjavíkur firmanafnið „Verzlunin Esja".

Þá vekur varnaraðili athygli á orðalagi, sem sé í forsendum allmargra íslenzkra dóma þannig: orðið (firmanafnið) „vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur". Orðalag þetta telur varnaraðili benda ótvírætt til þess, að íslenzkir dómstólar viðurkenni þá reglu, að heimilt sé að nota sama orð eða heiti sem hluta af firmanafni, ef í nafninu í heild felist annars upplýsingar um atvinnurekstur eða starfsemi eða nafnið veki a. m. k. hugmynd um atvinnureksturinn. Ef um óskyldan atvinnurekstur sé að ræða, svo að ekki sé hætta á, að almenningur eða viðskiptaaðiljar ruglist á fyrirtækjum, eigi ekkert að vera því

til fyrirstöðu, að fleiri en einn aðili noti sama orð eða heiti sem hluta af firmanafni sínu. Þetta helgist af langri venju.

Varnaraðili bendir á eftirfarandi dæmi um starfandi fyrirtæki, sem þannig hafi tekið orð eða heiti í firmanafn sitt, sem fyrir sé í öðru firmaheiti:

Hótel Borg — Kjötbúðin Borg.
Hótel Vík — Verzlunin Vík.
Hótel Saga — Ferðaskrifstofan Saga.
Hótel Holt — Verzlunin Holt.
Hótel Hekla — Heildverzlunin Hekla.
Heildverzlunin Edda — Prentsmiðjan Edda og svo frv.

Af framanskráðu telur varnaraðili ljóst, að stefnandi eigi ekki lögvarinn einkarétt til notkunar á „Esju"-nafninu sem slíku, öðruvísi en í firmaheitinu: „H.f. Kexverksmiðjan Esja". Af þeirri ástæðu eigi hann heldur enga kröfu á hendur varnaraðilja í máli þessu.

Kexverksmiðjan Esja h/f og Hótel Esja h/f eru fyrirtæki, sem vinna hvort á sínu starfssviði. Starfsemi hvors um sig er auðkennd í firmanafni hvors fyrirtækis. Verður því eigi talið, að um ruglingshættu milli þessara tveggja firmaheita sé að ræða. Ekki verður heldur á það fallizt, að stefnandi hafi með skrásetningu firmanafns síns, „Kexverksmiðjan Esja h.f.", og eftirfarandi notkun þess öðlazt einkarétt til notkunar nafnsins „Esja", heldur sé firmavernd hans bundin við firmaheitið „Kexverksmiðjan Esja h.f." sem heild. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Varnaraðili, Friðrik Kristjánsson vegna Hótel Esju og Hótel Esju h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Kexverksmiðjunnar Esju h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. janúar 1972.

Nr. 143/1970. **Röðull h/f** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Norðurvör h/f og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Árekstur skipa. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1970 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 164.044.25 ásamt 7% ársvöxtum frá 22. febrúar 1966 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. september 1970. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki er tölulegur ágreiningur milli aðilja máls þessa, en í héraðsdómi er töluskekkja, þannig að tjón er talið nema kr. 163.044.25 í stað kr. 164.044.25.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 123.033.20 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1966 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Norðurvör h/f, greiði aðaláfrýjanda, Röðli h/f, kr. 123.033.20 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1966 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. júní 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta, sem var dómtekið 24. marz 1970, var endurupptekið 9. júní s.l. og endurflutt, en dómtekið að því loknu. Mál þetta var þingfest 10. marz 1967. Stefnandi málsins er fyrirtækið Röðull h/f, Dalvík, en það fyrirtæki er eigandi m/b Bjarma, EA 760. Stefndi er fyrirtækið Norðurvör h/f, Þorlákshöfn, og er hið stefnda fyrirtæki eigandi m/b Kambarastar, nú m/b Bjarna Jónssonar, ÁR 10.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða alls kr. 166.544.25 með 7% ársvöxtum frá 22. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins. Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi. Til vara hefur stefndi krafizt þess, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Vátryggingafélaginu Heimi h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur því félagi hafa engar kröfur verið gerðar, og réttargæzlustefndi hefur sjálfur engar kröfur gert.

Sáttir hafa verið reyndar í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að um kvöldið þann 21. febrúar 1966 lagðist m/b Bjarmi að suðurvarargarði í Þorlákshöfn eftir tilvísun bryggjuvarðar. Bjarmi var yzt skipa við bryggjuna, en fleiri skip voru ofar. Seinna um kvöldið lagðist m/b Bjarni Jónsson utan á m/b Bjarma, einnig eftir tilvísun bryggjuvarðar. Þegar nefndir bátar lögðust við bryggjuna, virðist ekki hafa verið mikill sjógangur. Þegar líða tók á nóttina, tók að hvessa, og jafnframt jókst sjógangur við bryggjuna. Tók þá m/b Bjarni Jónsson að slást harkalega utan í m/b Bjarma, og tók hinn síðarnefndi að brotna, unz m/b Bjarni Jónsson yfirgaf höfnina. Skipstjórar áðurnefndra skipa undirrituðu skýrslu um aðdraganda að

árekstri þeim, sem að ofan er lýst, og um afleiðingar af honum. Er hún svohljóðandi:

„SKÝRSLA. Tjón nr. 20/66.

Sjótjón á m.b. Bjarma, EA-760, frá Dalvík. Atburðurinn skeði þ. 22. febr. 1966 kl. 05.30—7.00. Nákvæm tjónlýsing: Lágum við Suðurvarargarð í Þorlákshöfn. Utan á m.b. Bjarma lá m.b. Kambaröst. ... Austan kaldi var framan af nóttu, en veður fór versnandi, er á nóttina leið. Kominn var A-NA stormur um morguninn. M.b. Kambaröst tók þá að slást harkalega uta í m.b. Bjarma, og tók hann að brotna svo, að skipstjóri m.b. Kambarastar sá sig tilneyddan að yfirgefa höfnina. M.b. Kambaröst hafði þá brotið öldustokk m.b. Bjarma, brotið lunningu og stuttur og byrðing á b.b. hlið. Þá barðist m.b. Bjarmi við garðinn undan höggum m.b. Kambarastar, svo efsti súðarplankinn o. fl. laskaðist.

Að framangreind skýrsla sé rétt í öllum greinum, staðfesti ég með eiginhandarundirskrift minni.

Þorlákshöfn, 24. febr. 1966.

Dagsetning.

Garðar Björnsson skipstjóri.

Eftir því sem við bezt vitum, er skýrsla þessi rétt.

Ef tjón verður á skipi (ásigling, árekstur), sem annar aðili á sök á, skal skipstjóri þess skips, sem fyrir tjóninu varð, láta skipstjóra þess skips, sem olli tjóninu, undirrita yfirlýsingu þessa.

Jafnframt því að viðurkenna, að framangreind skýrsla sé rétt, viðurkenni ég að eiga alla sök á tjóninu.

22. feb. '66.

Dagsetning.

Jóhann Adolfsson skipstjóri

M.s. Kambaröst".

2.2. Í skýrslu skipstjórans á m/b Bjarma segir, að þegar þeir hafi lagt bátnum um kvöldið við bryggjuna, hafi þeir sett fríholt á stjórnborðssíðu, sérstaklega á kinnunginn, þar sem mest hafi reynt á. Enn fremur hafi verið nokkuð af föstum fríholtum á bryggjunni. Skipstjórinn kvaðst hafa verið niðri og sofnaður, er m/b Bjarni Jónsson lagðist að, og ekki vaknað, fyrr en hvessa tók um nóttina. Um nóttina, þegar tekið hafi að hvessa, hafi þeir einnig sett fríholt að bakborðssíðunni, þar sem m/b Bjarni Jónsson hafi legið við, til þess að forðast skemmdir á m/b Bjarma. Ekki taldi skipstjóri þessi, að m/b Bjarni Jónsson hafi verið vel

varinn af fríholtum. Hann sagði, að m/b Bjari Jónsson hefði verið með landfestar bæði að aftan og framan beint í bryggjuna auk þess sem þeir hefðu haft festar í m/b Bjarma. Þegar hvesst hefði um morguninn, hefðu báðir skipstjórarnir bundið bátana betur, en að öðru leyti sagði skipstjóri m/b Bjarma, að þeir á Bjarna Jónssyni hefðu lítið gert, þó að þeir hafi eitthvað hagrætt fríholtunum. Hann sagði, að veðrið hafi ekkert verið farið að lægja, þegar m/b Bjarni Jónsson hafi lagt frá. Hefði það gengið sæmilega, en m/b Bjarni Jónsson hafi þó komið óvenju hart við Bjarma, þegar hann fór frá.

Ekki kvaðst skipstjórinn á m/b Bjarma hafa farið fram á það við áhöfn m/b Bjarna Jónssonar, að hann færi frá. Skipstjórinn á m/b Bjarna Jónssyni sagði, að báturinn hefði verið bundinn í m/b Bjarma bæði að framan og aftan og auk þess í bryggjuna bæði að framan og aftan. Hafi a. m. k. verið 3 fríholt á milli bátanna. Kvað vitni þetta, að ekki hafi verið mikil hreyfing á bátnum, þegar m/b Bjarni Jónsson hafi verið bundinn, en um nóttina hafi hvesst að austan, líklega undir morgun.

Af vitnaskýrslu þessari verður ráðið, að skipstjóri á m/b Bjarna Jónssyni hafi sofið. Undir morgun gerði áhöfn m/b Bjarna Jónssonar skipstjóranum viðvart og sagði honum, að versnað hefði í sjóinn og m/b Kambaröst hefði slegizt harkalega í m/b Bjarma. Segir í vitnaskýrslu skipstjórans, að þegar hann hafi komið fram, hafi lunning m/b Bjarma brotnað. Sagði vitnið, að er það kom út, hafi verið orðið hvasst og vont í sjó, og kvaðst skipstjórinn strax hafa ákveðið að fara frá, sem hann og hafi gert. Er báturinn hafi farið frá, hafi hann slegizt aðeins aftur í m/b Bjarma á sama stað og áður. Ekki kvaðst skipstjórinn muna, hvort fleiri bátar hafi farið frá bryggjunni í umrætt skipti, en minnist þess, að m/b Þorlákur hafi legið úti á legunni, þegar m/b Bjarni Jónsson hafi farið frá bryggjunni.

2.3. Ekki er um það deilt í máli þessu, að m/b Bjarni Jónsson hafi í umrætt sinn valdið skemmdum á m/b Bjarma. Hlaut m/b Bjarmi bæði skemmdir á stjórnborðs- og bakborðshlið. Þá er upplýst, að m/b Bjarmi hafi orðið fyrir öðrum brotskemmdum þann 18. marz 1966, er m/s Smári, RE, sigldi framarlega á bakborðskinnung m/b Bjarma og braut öldustokkinn.

Viðgerðir á báðum þessum tjónum á m/b Bjarma fóru fram í maí og júní 1966, og verður ekki séð, að nokkurt viðhlítandi mat á skemmdum þessum hafi farið fram, áður en viðgerðin var framkvæmd. Engu að síður hefur viðgerðarreikningum verið

haldið aðgreindum um hvort tjónið fyrir sig, og eru umboðsmenn aðilja sammála um, að reikningar þessir séu rétt aðgreining á hvoru tjóni um sig, að öðru leyti en segir í 4.1.

Viðgerðarreikningar þeir, sem sagðir eru stafa af árekstri þeim, sem um getur í 2.1. og 2.2., eru að fjárhæð samtals 165.344.26 kr. Stefnandi telur sig auk þess hafa orðið að greiða matskostnað, kr. 1.200.00, en þessar fjárhæðir eru samtals stefnufjárhæðin í máli þessu.

3.0.

3.1. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að m/b Bjarni Jónsson (m/b Kambaröst) hafi verið lagt utan á m/b Bjarma, eftir að hann hafi verið lagztur að bryggju, og hljóti því stjórnandi m/b Bjarna Jónssonar að bera ábyrgð á því tjóni, sem hafi orðið á m/b Bjarma, enda hafi skipstjórinn á m/b Bjarna Jónssyni viðurkennt skriflega sök sína.

3.2. Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að skemmdir þær, sem m/b Bjarmi hafi hlotið þann 22. febrúar 1966, hafi orðið fyrir óhappatilviljun, sem engum verði um kennt (force majeure).

Stefndi bendir á, að þótt skipstjóri m/b Bjarna Jónssonar hafi undirritað prentað skýrslueyðuform, þar sem hann viðurkenni sig eiga sök á tjóninu, sé skipstjórinn engan veginn dómbær eða hæfur til að binda útgerðina um sök eða ábyrgð.

Stefndi heldur því fram, að m/b Kambaröst hafi verið forsvaranlega bundinn og vel varinn. Undir rekstri málsins hefur stefndi fallizt á, að viðgerðarreikningar þeir, sem minnzt hefur verið á, skipti tjónum, sbr. 2.3.

Viðgerðarreikningar þeir, sem nú eru grundvöllur stefnukrafna máls þessa, hafa eigi sjálfir sætt rökstuddum andmælum nema að því marki, sem fjallað verður um í 4.1.

Stefndi hefur mótmælt upphafstíma vaxta.

4.0.

4.1. Eins og að framan er vikið, er ágreiningslaust, að bryggjuvörðurinn í Þorlákshöfn vísaði skipstjórum beggja skipanna á legustað við bryggjuna. Enn fremur er óumdeilt, að sjór hafi verið kyrr, er bátarnir lögðust að og gengið var frá þeim.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður á Eyrarbakka þann 21. til 22. febrúar 1966 þannig: „21. febrúar kl. 17.00 NNA 7, kl. 20 NNA 7. Þann 22. febrúar 1966 kl. 08.00 NA 8, kl. 11.00 NA 9". Báða dagana telur Veðurstofan, að lítið sjólag hafi verið

á Eyrarbakka. Veðurvottorð frá Eyrarbakka, sem er næsta veðurathugunarstöð við Þorlákshöfn, gefi ekki fullnægjandi upplýsingar um sjólag og vind á Þorlákshöfn. Með hliðsjón af veðurvottorði þessu svo og vitnaframburðum og öðrum skjölum verður eigi talið sannað, að brostið hafi á áhlaupaveður framar því, sem gera má ráð fyrir á þessum tíma árs.

M/b Bjarni Jónsson er stálskip, smíðað 1961. Það er 101 brúttórúmlest að stærð, og lengd þess er 22.90 m. M/b Bjarmi er hins vegar smíðaður úr eik 1955. Hann er 58 brúttórúmlestir að stærð, og lengd hans er 21.66 m. Dómurinn telur, að frumorsök skemmdanna hafi verið sú, hversu sjór gerðist ókyrr í Þorlákshöfn, þar sem bátarnir lágu. Stjórnendur m/b Bjarna Jónssonar höfðu svigrúm til þess að færa bát sinn. Þeim bar að sýna sérstaka árvekni gagnvart þeim breytingum, sem urðu á sjólagi og vindi við bryggjuna, og færa hann frá, þegar óttast mátti, að hann kynni að valda skemmdum á m/b Bjarma. Var þessi skylda stjórnenda m/b Bjarna Jónssonar brýnni fyrir þá sök, að m/b Bjarni Jónsson er stálskip og auk þess stærri en m/b Bjarmi, en von er allra veðra á þeim árstíma, sem umræddur árekstur átti sér stað, og að umrædd höfn er viðsjárverð. Þetta létu stjórnendur m/b Bjarna Jónssonar undir höfuð leggjast að gera, og þar sem aðrar ráðstafanir, sem dugðu, voru heldur ekki framkvæmdar, ber því stefndi ábyrgð á tjóni því, sem varð á m/b Bjarma umrætt sinn.

M/b Bjarni Jónsson lagðist utan á m/b Bjarma umrætt sinn, án þess að það sætti andmælum af hálfu hins síðarnefnda. Stjórnendum m/b Bjarma mátti einnig vera ljós sú hætta, sem kynni að leiða af legu m/b Bjarna Jónssonar utan á m/b Bjarma, eins og lýst hefur verið. Bar þeim því einnig að sýna ýtrustu árvekni. Þrátt fyrir þetta verður ekki séð, að stjórnendur m/b Bjarma hafi gert skipverjum á m/b Bjarna Jónssyni boð um að færa sig, þá er veður og sjólag tók að spillast, né boð um aðrar ráðstafanir, sem að haldi kynnu að koma.

Af þessum sökum verður stefnandi einnig sjálfur talinn bera nokkra sök á tjóni því, sem varð. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að ¼ hluta, en stefndi að ¾ hlutum.

4.2. Eins og vikið hefur verið að í 3.2., er stefnufjárhæðin sjálf að mestu óumdeild. Einn reikningsliðurinn á dskj. nr. 24, „staða kr. 10.000.00“, hefur þó verið reiknaður með tjóni því, sem m/b Bjarni Jónsson olli á m/b Bjarma, enda þótt kostnaður þessi

eigi líka við um stöðu m/b Bjarma í slipp, þegar gert var við skemmdir þær, sem m/b Smári, RE, olli á m/b Bjarma. Hafa lögmenn aðilja lagt það á vald dómsins að ákveða, hversu mikið stefnukröfurnar skulu lækka af þessum sökum.

Þegar athugaðir eru reikningar yfir bæði tjónin (þ. e. tjón það, sem m/b Bjarni Jónsson olli á m/b Bjarma, og tjón það, sem m/s Smári, RE, olli á m/b Bjarma, sbr. 2.3.) og höfð er hliðsjón af umfangi hvors tjóns um sig, þykir rétt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 7.500.00, en það þýðir kr. 3.500.00 lækkun á stefnukröfunum.

Rétt þykir að taka matskostnað, kr. 1.200.00, til greina, enda hefur þessum lið ekki verið mótmælt sérstaklega. Stefnukrafan verður því tekin til greina með kr. 163.044.25, og ber stefnda að greiða þar af ¾ hluta, eða kr. 122.283.20. Vextir ákveðast 7% á ári frá 12. desember 1966.

Málskostnaður ákveðst kr. 22.000.00.

Stefán M. Stefánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Agnari Norland skipaverkfræðingi og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Norðurvör h/f, greiði stefnanda, Röðli h/f, kr. 122.283.20 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1966 til greiðsludags og kr. 22.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1972.

Nr. 163/1970. **Vélverk h/f** (Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
P. Stefánssyni h/f (Gunnar J. Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húsaleiga. Verðstöðvun. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. september 1970, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. s. m.

og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna, hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með gögnum málsins er í ljós leitt, að umsamin mánaðarleg húsaleiga fyrir húsnæði það, sem í máli þessu greinir, var fyrir 15. nóvember 1966 kr. 30.402.24, og er þá miðað við, að 194.40 m² voru framleigðir fyrir kr. 10.000.00 á mánuði.

Samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 86/1966 var stefnda eigi rétt að krefja áfrýjanda um hærri mánaðarleigu fyrir húsnæðið en nú var sagt.

Áfrýjandi hefur samkvæmt skilagerð 2. desember 1966 greitt stefnda hærri húsaleigu fyrir mánuðina júní—desember 1966 en honum bar samkvæmt lögum nr. 86/1966. Vill áfrýjandi láta hina ofgreiddu fjárhæð ganga til greiðslu á húsaleigu þeirri, sem hann verði talinn skulda stefnda fyrir húsnæðið 1967. En hér er á það að líta, að aðiljar luku 2. desember 1966 reikningum og skuldaskiptum vegna húsaleigu fram til 1. janúar 1967, og áfrýjandi greiddi án áskilnaðar. Hann hefur eigi haft uppi alhliða málatilbúnað og reifun um endurheimtukröfuna. Eru eigi lagaefni til að taka hana til greina að svo vöxnu máli.

Niðurstaðan er því sú, að dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda húsaleigu fyrir mánuðina janúar—september 1967, kr. 30.402.24 á mánuði, þ. e. kr. 273.620.16 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 70.000.00. Ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir hinum dæmdu fjárhæðum ásamt kostnaði af fjárnámsgerð og uppboði, ef til kemur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vélverk h/f, greiði stefnda, P. Stefánssyni h/f, kr. 273.620.16 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október

1967 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00.

Er hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfest fyrir hinum dæmdu fjárhæðum ásamt kostnaði af fjárnámsgerð og uppboði, ef til kemur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. marz 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 3. f. m., hefur P. Stefánsson h/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 14. marz 1968, á hendur Vélverki h/f hér í borg til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 334.066.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. október 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda. Til vara er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 259.820.50 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. ágúst 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og verði stefnandi þá dæmdur til að greiða honum málskostnað, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð verulega og fari þá eigi yfir kr. 50.000.00 og verði þá málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Garðar Sigmundsson hafði á leigu hjá stefnanda húsnæði í húsinu nr. 103 við Hverfisgötu hér í borg, þar sem hann starfrækti bílamálningar- og réttingarverkstæði. Í aprílmánuði 1965 fékk stefndi hluta af húsnæði þessu til leigu af Garðari með samþykki fyrirsvarsmanna stefnanda. Nokkru síðar fékk stefndi á leigu hjá stefnanda nokkurt húsnæði til viðbótar og athafnasvæði. Garðar Sigmundsson flutti úr húsnæði, sem hann hafði til afnota, og fékk stefndi þá aukið húsnæði, eins og síðar verður rakið. Ekki var gerður skriflegur leigusamningur milli stefnda og Garðars og ekki heldur milli aðilja máls þessa. Með bréfi, dagsettu hinn 30. apríl 1967, sagði fyrirsvarsmaður stefnanda stefnda upp leiguafnotunum af öllu húsnæðinu frá og með 1. október 1967. Jafnframt var þess óskað, að fyrirsvarsmenn stefnda greiddu tafarlaust vangoldna húsaleigu fyrir húsnæðið tímabilið

frá 1. janúar 1967. Stefndi fór nú úr húsnæðinu í maímánuði. Er fyrirsvarsmenn stefnda urðu eigi við kröfum lögmanns stefnanda um greiðslu húsaleigunnar, höfðaði stefnandi mál þetta. Í máli þessu krefur stefnandi um húsaleigu fyrir tímabilið janúar til september 1967 að báðum mánuðum meðtöldum, kr. 37.118.50 á mánuði, eða alls kr. 334.666.50.

Jón Þorbergsson, einn af stjórnarmönnum stefnda, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið í aprílmánuði 1965 sem stefndi hafi tekið á leigu húsnæði hjá Garðari Sigmundssyni, er hann hafði á leigu hjá stefnanda að Hverfisgötu 103. Kveður Jón stefnda hafa gengið inn í leigumálann, sem Garðar hafi haft við stefnanda. Jón kveður húsnæði það, sem stefndi hafi fengið þarna á leigu, hafa verið helmingur af svonefndum fremri sal. Kveður hann það hafa verið álit fyrirsvarsmanna stefnda, að húsnæði þetta, sem þeir fengu, hafi verið um 200 m². Kveður hann stefnda síðan hafa greitt húsaleiguna skilvíslega til Garðars, kr. 10.000.00 á mánuði. Jón kveður fyrirsvarsmenn stefnda hafa komið sér upp skrifstofu í huta húsnæðisins, þar sem þeir hafi haft bókhald fyrirtækisins. Hann kveður í ljós hafa komið í fyrstu rigningum, að þak hússins hafi allt lekið og hafi m. a. lekið ofan í þann hluta húsnæðisins, sem þeir fyrirsvarsmenn stefnda notuðu sem skrifstofu. Kveður Jón þá hafa rætt um þetta við Sigfús Bjarnason, forstjóra stefnanda, og hafi hann reynt að láta stöðva lekann, en það hafi ekki tekizt. Hann kveður þá hafa rætt um það við Sigfús að fá leigðan glersal, sem er útbygging út í portið, en Sigfús hafi ekki talið það hægt, þar sem hann væri búinn að lofa því fyrir bílasölu, sem jafnframt fengi afnot af portinu. Jón kveður stefnanda nú hafa hætt við að leigja útbygginguna fyrir bílasölu og hafi orðið úr, að stefndi hafi leigt húsnæði þetta ásamt portinu fyrir kr. 8.000.00 á mánuði. Kveður Jón þetta hafa verið um mitt sumar 1965. Jón kveður þetta nýja húsnæði hafa verið notað fyrir skrifstofu stefnda, þar sem fyrra húsnæðið, sem notað var, hafi verið ónothæft. Jón kveður það nú hafa gerzt síðar án vitundar eða samþykkis fyrirsvarsmanna stefnanda, að bílaleigan Vegaleiðir hafi sett upp þjónustu fyrir starfsemi sína í austurenda hússins og hafi þá verið tekið undan umráðum stefnda um helmingur af portinu eða meira og hafi þar með verið rofinn samningurinn um full og óskert afnot stefnda af portinu. Jón kveður Garðar Sigmundsson hafa farið úr húsnæði því, sem hann hafði þarna til afnota, um miðjan maímánuð 1966. Kveður Jón fyrirsvarsmenn stefnda þá hafa farið fram á það við Sigfús

Bjarnason, að stefndi fengi að ganga inn í leigusamning þann, sem Garðar hafði við stefnanda. Kveður hann Sigfús hafa talið, að stefndi gæti verið áfram í húsnæðinu, en ekki hafi hann að svo komnu viljað binda leiguupphæð eða tíma, en hann hafi tekið fram, að vildi stefndi af einhverjum ástæðum fara úr húsnæðinu, væri slíkt velkomið. Jón kveður fyrirsvarsmenn stefnda hafa reynt að fá skriflegan samning um leiguna, en án árangurs. Jón kveður það hafa verið um tveimur og hálfum mánuði eftir að Garðar fór úr húsnæðinu, sem stefndi hafi fengið full afnot húsnæðisins. Hafi þá svo verið komið, að stefndi hafi haft húsnæðið í vesturenda, allt nema kaffistofu, og þann hluta, sem notaður hafi verið fyrir málningarofna. Jón kveður fyrirsvarsmenn stefnda hafa greitt reglulega húsaleigu, sérstaklega fyrir úthýsið, og hafi þeir þá reynt við þau tækifæri að fá vitneskju um, hver húsaleigan skyldi vera fyrir hina hluta húsnæðisins. Hann kveður það hafa reynzt ómögulegt fyrr en um áramótin 1966—1967 og hafi leigan þá verið hækkuð samfara því, að stór hluti athafnasvæðisins hafi verið tekinn undan, eins og áður er rakið. Um mánaðamótin nóvember—desember 1966 kveður Jón hafa verið hringt frá stefnanda og hafi fyrirsvarsmenn stefnda verið beðnir um að greiða húsaleigu til áramóta sama ár. Kveður hann þá hafa komið í ljós, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi einhliða ákveðið fjárhæð húsaleigunnar allmiklu hærri en fyrirsvarsmenn stefnda höfðu reiknað með, þar sem þá voru gengin í gildi verðstöðvunarlög. Við þetta tækifæri kveður Jón þeim fyrirsvarsmönnum stefnda hafa verið skýrt frá því, að greiddu þeir ekki umyrðalaust þá húsaleigu, sem krafizt var, þá yrðu þeir að rýma húsnæðið tafarlaust. Kveður Jón fyrirsvarsmenn stefnda hafa svarað því, að þeir sæju sér ekki fært að fara úr húsnæðinu fyrr en 14. maí n. k. Jón kveður nú fyrirsvarsmenn stefnda hafa greitt þá húsaleigu, sem krafizt var, með tveimur víxlum til skamms tíma. Jón kveður það hafa verið dóm þeirra fyrirsvarsmanna stefnda, að þeir hafi verið að samþykkja greiðslu á miklu hærri fjárhæð en upphaflega hafi verið talað um og sérstaklega þar sem haft hafi verið í huga, að búið hafi verið að rýra fyrr gerða samninga, bæði að því er varðaði minnkaða aðstöðu og vegna alvarlegra ágalla á húsnæði, sem stefnanda hafi ekki tekizt að lagfæra þrátt fyrir gefið loforð þar um. Hinn 8. marz 1967 kveður Jón fyrirsvarsmenn stefnda hafa mætt á skrifstofu stefnanda og hafi þá farið þess á leit við Sigfús Bjarnason, að endurskoðuð yrði leiguupphæð sú, sem áður er getið. Kveður Jón Sigfús

eigi hafa viljað fallast á það og hafi hann krafizt greiðslu á fullri leigufjárhæð, sem hann hafi ákveðið, að viðbættri vísitöluuppbót vegna hækkunar byggingarvísitölu. Kveður Jón fyrirsvarsmenn stefnda hafa neitað þessu afdráttarlaust, og kveður hann Sigfúsi hafa verið tjáð það enn einu sinni, að stefndi mundi rýma húsnæðið hinn 14. maí n. k. Kveður Jón þess hafa verið krafizt við þetta tækifæri, að stefnandi stæði við fyrr gerða munnlega samninga. Jón kveður það svo hafa verið hinn 30. apríl 1967, að stefndi hafi fengið ábyrgðarbréf frá stefnanda, þar sem sagt hafi verið upp afnotum hans af húsnæðinu frá og með 1. október s. á. Jón kveður bréf þetta hafa komið þeim fyrirsvarsmönnum stefnda mjög á óvart vegna fyrri ummæla Sigfúsar Bjarnasonar. Varðandi ástand húsnæðisins hefur Jón skýrt svo frá, að þegar stefndi hafi flutt í umrætt húsnæði, hafi starfsmenn fyrirtækisins fljótlega tekið eftir því, að hiti í húsnæðinu hafi reynzt algerlega ófullnægjandi, og hafi þeir kvartað um það við stefnanda. Hann kveður fyrirsvarsmenn stefnanda þá hafa sent mann til þess að skipta um dælu í hitaveitukerfinu og tappa lofti af leiðslum og ofnum, en allt án árangurs. Jón kveður þá ekki hafa verið um annað að ræða fyrir fyrirsvarsmenn stefnda en kaupa hitatæki til að hita húsnæðið. Hafi þetta verið óhjákvæmilegt vegna starfsemi stefnda sem og vegna leigusala, þar sem annars hefði mátt búast við því, að senda hefði þurft starfsmenn heim í kuldaköstum, og hefði þá mátt búast við, að ofnar í húsnæðinu spryngju, sem og einnig hafi komið í ljós í austurenda hússins. Þá kveður Jón einnig hafa komið í ljós, að mikill leki hafi verið á ýmsum stöðum á þaki hússins og þó alveg sérstaklega með gluggum þar. Hann kveður stefnanda hafa sent mann til þess að laga þetta, en án árangurs. Jón kveður verulegar skemmdir hafa orðið á verkefnum, sem starfsmenn stefnda hafi unnið að, vegna framangreindra galla á húsnæðinu og hafi orðið fjártjón að því í nokkrum tilvikum. Jón kveður verkfæri hafa ryðgað og einnig hafi það komið fyrir, að málning á bifreið, sem verið var að mála, hafi frosið. Þá kveður Jón það hafa komið fyrir, að dieselvélar, sem staðið hafi opnar yfir nætur eða yfir helgar, hafi orðið fyrir skemmdum af vatnsleka og hafi ryðgað. Hafi þetta haft kostnað og miklar tafir í för með sér. Jón kveður enga einangrun hafa verið í húsnæðinu, hvorki á útveggjum né þaki, og hafi myndazt mikill raki við hitabreytingar.

Trausti Þorláksson, annar af stjórnarmönnum stefnda, hefur skýrt frá atvikum mjög á sama hátt og Jón Þorbergsson hér að

framan. Var Trausti einnig viðstaddur samtal það, sem fram fór í skrifstofu stefnanda hinn 8. marz 1967.

Sigfús Bjarnason, fyrirsvarsmaður stefnanda, lézt 19. september 1967.

Verða nú raktar skýrslur annarra starfsmanna stefnanda, sem haft hafa með mál þetta að gera. Ingimundur Sigfússon, sonur Sigfúsar heitins Bjarnasonar og núverandi forstjóri stefnanda, kveðst ekki hafa haft persónuleg afskipti af leigumála stefnda. Hann kveðst að beiðni föður síns hafa skrifað uppsagnarbréf það, sem sent var stefnda. Hann kveðst ekki hafa verið búinn að heyra neitt um það, að stefndi hefði sagt upp húsnæðinu. Það kveðst hann fyrst hafa heyrt undir rekstri máls þessa. Ingimundur kveður föður sinn hafa talið, að ganga þyrfti frá uppsögninni fyrir mánaðamótin apríl—maí, til þess að hún væri lögmæt af hálfu stefnanda. Kveðst Ingimundur telja, að faðir sinn hafi litið svo á, að hann þyrfti að ganga á þennan hátt frá málinu, þar sem hann hefði heyrt utan að sér, að stefndi ætlaði að fara úr húsnæðinu, þegar fyrirsvarsmönnum stefnda bezt hentaði. Ingimundur kveður stefnanda hafa leigt húsnæðið að nýju, eftir að stefndi fór úr því, og hafi það verið hinn 1. eða 15. nóvember 1967. Sú leiga hafi þó ekki staðið lengi og hafi húsnæðið verið leigt að nýju annað hvort frá 15. desember 1967 eða 1. janúar 1968. Ingimundur kveður, að skipt hafi verið um járn á þaki hússins haustið 1967.

Vitnið Lýður Björnsson, skrifstofustjóri stefnanda, kveðst hafa haft þau afskipti af leigumála stefnda, að hann hafi átt að gera upp húsaleiguna við stefnda. Lýður kveður það hafa verið í nóvembermánuði 1966, að stefndi hafi átt mikið óuppgert af húsaleigu. Hann kveður Sigfús Bjarnason hafa fengið sér reikninga fyrir þessa ógreiddu húsaleigu og beðið sig um að innheimta þá. Kveðst Lýður hafa tekið við reikningunum og síðan samið við fyrirsvarsmenn stefnda um greiðslu húsaleigunnar. Vitnið kveður það geta staðizt, að viðræður við fyrirsvarsmenn stefnda hafi hafizt í nóvembermánuði, en ekki hafi verið endanlega gengið frá samkomulaginu fyrr en í desember. Vitnið kveður aldrei hafa verið vafa um leiguskuldina og hafi hún verið skýr frá upphafi. Vitnið segist ekki hafa verið viðstatt samtal það, er fyrirsvarsmenn stefnda áttu við Sigfús Bjarnason hinn 8. marz 1967. Vitnið segist muna eftir því, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi komið og talað við Sigfús, en það kveðst ekki hafa verið viðstatt samtal það. Er fyrirsvarsmenn stefnda gengu á brott,

kveður vitnið þá hafa komið inn á skrifstofuna til þess svo og Sigfús Bjarnason. Hafi Sigfús þá í áheyrn vitnisins krafizt þess, að fyrirsvarsmenn stefnda stæðu skil á gjaldfallinni húsaleigu. Vitnið kveður það ekki hafa komið fram hjá fyrirsvarsmönnum stefnda þarna, að stefndi mundi fara úr húsnæðinu hinn 14. maí. Vitnið kveður það hafa komið fram hjá fyrirsvarsmönnum stefnda, er þeir inntu af höndum greiðslur húsaleigu til þess, að húsaleigan væri há. Vitnið kveður hækkun húsaleigunnar úr kr. 18.000.00 í kr. 35.000.00 hafa stafað af því, að stefndi hafi fengið miklu stærra húsnæði. Allar hinar hækkanirnar kveður vitnið vera vísitöluhækkanir.

Vitnið Garðar Sigmundsson hefur skýrt svo frá, að það hafi haft á leigu hjá stefnanda húsnæði að Hverfisgötu 103 hér í borg. Hafi það verið öll verkstæðisálman að undanskildum smáhluta, sem stefnandi hafi sjálfur haldið. Vitnið kveðst síðan hafa framleigt stefnda hluta þessa húsnæðis. Vitnið kveður það raunverulega hafa verið Sigfús Bjarnason, sem komið hafi á sambandi sínu og stefnda og hafi húsaleiga sú, er stefndi skyldi greiða, verið ákveðin í samráði við Sigfús. Vitnið segir, að auk þessa húsnæðis hafi stefndi leigt í sama húsi húsnæði af stefnanda og hafi þar verið um að ræða smáútbyggingu. Vitnið kveðst muna eftir því, að ólag hafi verið á hitakerfi húsnæðisins. Kveður það fyrirsvarsmenn stefnda hafa kvartað yfir þessu við sig. Vitnið kveðst aftur á móti hafa rætt þetta við Sigfús Bjarnason og hafi hann strax viljað láta lagfæra þetta. Vitnið kveður olíukyntan ketil, sem nota hafi átt til að herða á hitaveitukyndingunni, hafa verið í ólagi, er það hafi komið í húsnæðið, en síðan hafi Sigfús látið gera við hann. Vitnið kveðst muna eftir því, að eitt sinn hafi þakrúða verið brotin með steinkasti og hafi rignt inn um hana. Kveðst vitnið muna, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi kvartað yfir þessu. Ekki kveðst vitnið muna eftir öðrum kvörtunum fyrirsvarsmanna stefnda út af leka í húsnæðinu. Vitnið kveðst ekki muna eftir öðrum kvörtunum fyrirsvarsmanna stefnda en þá kvörtunum út af hita, því að hann hafi aldrei verið verulega góður. Vitnið kveðst oft hafa átt tal við Sigfús Bjarnason út af hitanum og hafi Sigfús reynt að gera það, sem hann gat, til þess að láta laga hitann og hafi hann oft sent viðgerðarmenn á staðinn í því skyni. Ekki kveðst vitnið hafa orðið fyrir óþægindum í starfi sínu í húsnæðinu vegna þakleka eða raka, en hins vegar vegna skorts á hita. Ekki kveður vitnið skriflegan leigusamning hafa verið gerðan milli sín og

stefnanda, en allt, sem farið hafi milli þess og Sigfúsar Bjarnasonar, hafi staðið sérstaklega vel. Vitnið kveður heldur ekki hafa verið gerðan skriflegan samning um framleigu þess á hluta húsnæðisins til stefnda, en allt, sem farið hafi milli sín og fyrirsvarsmanna stefnda, hafi staðið.

Sverrir Sigfússon, sonur Sigfúsar Bjarnasonar, hefur skýrt svo frá, að hann muni, að faðir sinn hafi eitt sinn beðið sig um að fara að Hverfisgötu 103 og athuga, hvað þyrfti að gera þar. Kveður hann tilefnið hafa verið kvörtun, sem fram hafi komið frá leigutökum. Kveðst Sverrir hafa beðið mann, sem annazt hafi viðgerðir fyrir stefnanda, að athuga gluggana á þaki hússins og laga það, sem þyrfti að laga, svo og annars staðar, sem þess væri þörf, til þess að koma í veg fyrir lekann. Sverrir kveður í ljós hafa komið, að rúður í gluggum á þaki hússins hafi verið brotnar, sennilega frá steinkasti barna. Sverrir kveður sér ekki kunnugt um, að eftir þetta hafi verið kvartað yfir leka, en hann kveður föður sinn hafa haft samband við sig, ef eitthvað hafi þurft að gera við húseignir fyrirtækisins. Sverrir kveðst muna eftir því, að kvartað hafi verið yfir skorti á hita í húsnæðinu, og kveður fram hafa komið, að í kuldaköstum hafi hiti ekki verið nægilegur. Kveðst hann hafa fengið pípulagningamann til að athuga hitakerfið, en kveðst ekki vita, hvað hann hafi gert annað en að tappa lofti af þenslukeri. Sverrir kveðst einnig hafa fengið starfsmenn Hitaveitunnar til þess að athuga kontraventil hitakerfisins og hreinsa kísil úr honum, ef einhver væri. Sverrir kveður almennt hafa verið hitaskort í eldri hverfum borgarinnar, þar sem einfalt hitaveitukerfi hafi verið. Sverrir kveður starfsmenn stefnda eitt sinn hafa sýnt sér olíukyntan lofthitarablásara, sem fyrirsvarsmenn stefnda hafi keypt til nota í húsnæðinu. Sverrir kveður sér ekki hafa borizt kvartanir frá Garðari Sigmundssyni eða fyrirsvarsmönnum stefnda yfir því, að leki í húsnæðinu eða skortur á hita háði þeim við störf í húsnæðinu eða hefði valdið skemmdum á vélum eða verkfærum þar. Sverrir kveður fyrirsvarsmenn stefnda eitt sinn hafa sagt sér, að þeir hefðu ekki látið starfsmenn sína vinna hluta úr degi vegna kulda og hafi á þessum tíma verið mjög mikill kuldi.

Vitnið Snorri Þórðarson, starfsmaður stefnda, kveðst hafa starfað hjá fyrirtækinu allan tímann, sem það var til húsa að Hverfisgötu 103. Vitnið kveður ekki hafa fengizt fullnægjandi hita frá kyndikerfi hússins í þann hluta hússins, sem stefndi

hafði starfsemi sína í. Hafi þetta verið tveir eða þrír loftblásarar, sem hafi verið hitaðir upp með vatni. Vitnið kveður forstöðumenn stefnda hafa keypt steinolíubrennara til að bæta úr hitanum í húsnæðinu. Ekki kveðst vitnið vita, hvort fyrirsvarsmenn stefnda hafi kvartað yfir lélegum hita í húsnæðinu við leigusala, en kveðst telja, að þeir hljóti að hafa gert það, því að hitinn í húsnæðinu hafi verið langt undir því, sem starfsmenn fyrirtækisins hafi átt að vinna við. Ekki kveðst vitnið vita, hvort leigusali hafi gert tilraun til að bæta úr þessu ástandi, að minnsta kosti hafi það ekki orðið vart við það. Vitnið kveður rúður í gluggum á þaki hússins hafa verið brotnar og kveður gluggana hafa lekið, og eins kveður það hafa lekið með gluggunum. Vitnið kveður einhvern mann hafa komið og hafi hann borið eitthvað í sprungurnar á rúðunum. Vitnið kveður, að þetta muni þó ekki hafa komið að fullu gagni, því að í gluggunum hafi verið einfalt gler og hafi héla setzt á rúðurnar í kuldum, en þegar þiðnaði, hafi lekið úr gluggunum. Vitnið kveður lekið hafa niður á vinnuborð starfsmannanna og verkfæri þeirra og einnig hafi komið fyrir, að lekið hafi niður á bifreiðar og vélar, sem þeir voru að vinna við. Vitnið kveður sér kunnugt um það, að Trausti hafi sprautað bifreiðar á verkstæðinu og hafi sprautunin á að minnsta kosti einni bifreið mistekizt vegna ónógs hita.

Vitnið Sigmar Eyjólfsson, starfsmaður stefnda, kveðst hafa starfað hjá fyrirtækinu allan tímann, á meðan það var til húsa að Hverfisgötu 103. Kveðst vitnið telja, að kyndikerfi hússins hafi verið áfátt að því leyti, að ekki hafi fengizt nægilegur hiti fyrir þann hluta húsnæðisins, sem stefndi hafði til umráða. Kveðst vitnið hafa starfað í sérstökum klefa við að stilla olíuverk véla. Vitnið kveður ekki hægt að framkvæma verk þetta, nema lágmarkshiti á olíu í stillibekk sé 10° C. Kveðst vitnið hafa þurft að hita upp hjá sér með kosangaskyndiofni eða olíuofni til að ná því hitastigi í klefanum. Vitnið kveðst hafa orðið vart við leka frá glugga, sem verið hafi á þaki hússins yfir þeim hluta, er það starfaði í. Kveður vitnið lekið hafa í gegnum timburloft, sem yfir klefanum var, niður á stillibekk, sem það starfaði við. Kveðst vitnið hafa þurft að breiða yfir vélina að kvöldi, til þess að ryð hefði ekki setzt á hana að morgni. Einnig kveðst vitnið hafa þurft að breiða yfir vélar þær, sem það hafi verið að vinna við. Vitnið kveður fleiri þakglugga hafa verið yfir húsnæði því, sem stefndi hafði til afnota, og hafi þeir allir lekið.

Vitnið Bergsteinn Sigmar Sigurðsson hefur skýrt svo frá, að

það hafi verið starfsmaður Garðars Sigmundssonar og haft eftirlit með störfum á verkstæði hans á þeim tíma, er verkstæði Garðars og stefnda voru til húsa að Hverfisgötu 103. Vitnið kveður hálfan skilvegg hafa skilið að verkstæðin. Vitnið kveðst hafa orðið vart við, að þak hússins læki talsvert víðs vegar og eins að það læki með gluggum. Kveðst vitnið muna eftir því, að ein rúða hafi verið brotin í glugga á þaki hússins yfir þeim hluta húsnæðisins, sem það starfaði í. Vitnið kveður það hafa reynzt ógerningur að kynda húsnæðið. Það kveður margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að bæta úr þessu með aðstoð starfsmanna Hitaveitunnar. Einnig kveður vitnið reynt hafa verið að nota tæki, sem þarna var og áður muni hafa verið notað til að kynda með, en tæki þetta hafi verið óvirkt og þetta hafi reynzt árangurslaust. Vitnið kveðst hafa hætt að starfa hjá Garðari sökum þess, að það hafi ekki treyst sér til að vinna í húsnæðinu yfir veturinn vegna þess, hve illa gekk að hita það upp. Ekki kveður vitnið hafa þurft að breiða yfir bifreiðar, sem voru til viðgerðar á verkstæði Garðars. Kveður það bifreiðarnar hafa verið sprautaðar í sérstökum klefum, sem hafi verið annars staðar í húsinu, og kveðst vitnið ekki muna eftir leka í þeim hluta húsnæðisins. Vitnið kveður þá Jón Þorbergsson og Trausta Þorláksson oft hafa rætt sín í milli um hið lélega ástand húsnæðisins með tilliti til leka og þess, hversu illa gengi að hita það upp.

Dómurinn hefur skoðað húsnæði það, sem fjallað er um í málinu. Er fram komið, að eftir að stefndi fór úr húsnæðinu, hefur þaki yfir aðalvélasal verið breytt og það lagfært.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að með bréfi, dags. hinn 30. apríl 1967, hafi stefnandi sagt stefnda upp leiguafnotum þeim, sem hann hafði haft af húsnæði stefnanda að Hverfisgötu 103, miðað við það, að stefndi rýmdi húsnæðið 1. október s. á. Er stefnda hafi verið sagt upp leiguafnotum, hafi hann skuldað húsaleigu fyrir húsnæðið frá 1. janúar 1967 og eigi stefndi því ógreidda húsaleigu frá þeim tíma til 1. október s. á. Er því mótmælt af hálfu stefnanda, að stefnda hafi verið heimilt að fara úr húsnæðinu hinn 14. maí 1967 án undangenginnar uppsagnar af hans hálfu. Varðandi fjárhæð húsaleigunnar er því haldið fram af hálfu stefnanda, að á greindu tímabili beri stefnda að greiða sömu mánaðarleigu og hann hafi greitt fyrir mánuðina nóvember og desember 1966, kr. 37.118.50 á mánuði, en húsaleigu ársins 1966 hafi stefndi verið búinn að greiða. Varakrafa stefnanda

er á því byggð, að ef svo verði litið á, að um leigumála aðiljanna hafi gilt þriggja mánaða uppsagnarfrestur, þá verði stefnda gert að greiða húsaleiguna frá 1. janúar 1967 til 1. ágúst s. á.

Í greinargerð stefnda eru kröfur hans byggðar á því, að leiga fyrir umrætt húsnæði hafi verið hækkuð ólöglega, eftir að lög um verðstöðvun nr. 86/1966 tóku gildi. Þá er því og haldið fram, að húsnæðið hafi ekki verið í leigufæru ástandi og svo lélegt sökum skorts á hita og þakleka, að það hafi valdið stefnda stórkostlegu tjóni. Af þeim sökum eigi stefndi tjónbætur hjá stefnanda, sem koma eigi til skuldajafnaðar við húsaleigukröfu stefnanda að svo miklu leyti sem með þarf, en jafnframt er stefnda áskilinn réttur til sjálfstæðrar kröfugerðar af því efni. Þá er því haldið fram, að jafnframt því sem húsaleigan hafi verið hækkuð, þá hafi leiguafnot stefnda verið rýrð stórlega og því hafi leigan átt að lækka frekar en hækka. Er því haldið fram, að ef leigugreiðslur hefðu verið rétt reiknaðar, þá hefðu þær átt að nægja til greiðslu húsaleigu fram á vor 1967. Þá er því haldið fram, að leigumálanum hafi verið löglega slitið, er stefndi flutti úr húsnæðinu, og því hafi leiga ekki átt að greiðast lengur.

Við munnlegan flutning málsins voru kröfur stefnda og studdar þeim rökum, að þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafi fyrirsvarsmenn stefnda ekki fengið skriflegan leigusamning um húsnæði það, sem hann tók á leigu af stefnanda, og því verði stefnandi að bera allan halla af skorti á sönnunum í máli þessu. Þá var því haldið fram af hálfu stefnda, að leigutíminn hafi verið óákveðinn, enda hafi stefndi verið að byggja eigið húsnæði og hafi fyrirsvarsmanni stefnanda, Sigfúsi Bjarnasyni, verið um það kunnugt og hafi verið um það talað þeirra í milli, að stefnda væri heimilt að fara úr húsnæðinu, er hann hefði ástæður til. Þá var því haldið fram af hálfu stefnda, að þar sem húsnæðið hafi hvorki haldið vatni né vindi, hafi ástand þess verið slíkt, að stefnda hafi verið heimilt að rifta leigumálanum, sbr. húsaleigulög frá 1949, og fara úr húsnæðinu, hvenær sem var. Varðandi fjárhæð húsaleigunnar var því haldið fram af hálfu stefnda, að fyrir húsnæði það, sem hann hafði á leigu hjá Garðari Sigmundssyni, hafi hann greitt kr. 10.000.00, og fyrir húsnæði í útbyggingu og afnot af porti hafi stefndi greitt kr. 8.000.00 og sé ekki vitað um aðrar leigufjárhæðir. Stefndi hafi að vísu fengið meira húsnæði til afnota, eftir að Garðar Sigmundsson flutti starfsemi sína á brott, en stefnandi hafi eigi fengizt til að upp-

lýsa, hversu háa húsaleigu Garðar hafi greitt, og eigi sé fram komið, að milli aðilja máls þessa hafi verið samið um hærri leigu. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að í desembermánuði 1966 hafi húsaleigan enn verið kr. 18.000.00 á mánuði og samkvæmt lögum nr. 86/1966 hafi eigi verið heimilt að hækka hana. Er því haldið fram, að vanskil þau, sem stefndi kunni að hafa verið í með húsaleigugreiðslur, stafi af því, að hann hafi ekki fengið hrein reikningsskil hjá stefnanda vorið 1966.

Aðiljar málsins gerðu ekki með sér skriflegan leigusamning um leiguafnot stefnda af því. Gegn andmælum af hálfu stefnanda er ósannað, að svo hafi verið um samið, að stefndi mætti slíta leigumálanum án uppsagnar, hvenær sem honum hentaði bezt. Með framburði vitna er að vísu komið fram, að húsnæðinu hefur verið áfátt vegna raka og skorts á hita, og telja verður fram komið, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi haft uppi kvartanir af þessu efni. Er og fram komið, að af hálfu stefnanda hafi verið gerðar tilraunir til að bæta úr þessu ástandi. Hins vegar gerðu fyrirsvarsmenn stefnda ekki reka að því að fá dómkvadda menn til að gera grein fyrir göllum húsnæðisins og tjóni því, sem þeir kunna að hafa valdið stefnda. Þykir því eigi í ljós leitt gegn andmælum stefnanda, að þessir ágallar húsnæðisins hafi verið slíkir, að stefnda hafi af þeim sökum verið heimilt að rifta leigumálanum fyrirvaralaust án bóta fyrir stefnanda. Það er ágreiningslaust, að fyrir húsnæði það, sem stefndi fékk fyrst til afnota, hafi hann greitt kr. 10.000.00. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að auk húsnæðis þess, sem stefndi fékk næst til afnota, hafi hann átt að fá einkaafnot athafnasvæðisins við húsið, en hluti þess hafi verið leigður öðrum. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að svo hafi verið um samið, að stefndi fengi einkaafnot athafnasvæðisins. Verður að telja ósannað, að svo hafi verið. Eftir að Garðar Sigmundsson flutti á brott með starfsemi sína, sem mun hafa verið í maímánuði 1966, fékk stefndi meira húsnæði til afnota hjá stefnanda, en ágreiningur er um það með aðiljum, hversu stórt það húsnæði hafi verið. Í þessum síðastgreinda hluta húsnæðisins voru málningarklefi og þurrkklefi, sem Garðar hafði notað fyrir starfsemi sína. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi ekki haft afnot þess hluta húsnæðisins, sem klefar þessir voru í. Samkvæmt kvittunum, sem fram hafa verið lagðar, hefur stefndi greitt Garðari Sigmundssyni húsaleigu fyrir mánuðina febrúar, marz og apríl 1966, kr. 10.000.00 fyrir hvern mánuð, og stefnanda húsaleigu fyrir

tímabilið janúar—júní 1966, að báðum mánuðum meðtöldum, kr. 8.000.00 fyrir hvern mánuð. Samkvæmt kvittun, dags. hinn 19. september 1966, hefur stefndi greitt stefnanda „upp í óumsamda húsaleigu á Hverfisgötu 103" kr. 25.000.00. Þá hefur verið lagt fram í málinu uppgjör fyrir húsaleigu stefnda fyrir tímabilið maí—desember 1966, að báðum mánuðum meðtöldum. Er uppgjör þetta dagsett hinn 2. desember 1966. Er eigi ágreiningur um það með aðiljum, að þetta sé uppgjör það, sem fram fór um mánaðamót nóvember og desember það ár, eins og fyrirsvarsmenn stefnda og Lýður Björnsson hafa skýrt frá. Samkvæmt uppgjöri þessu nam húsaleigan fyrir maímánuð kr. 18.000.00, fyrir júní kr. 35.000.00, kr. 36.494.45 á mánuði fyrir mánuðina júlí, ágúst, september og október og kr. 37.118.50 á mánuði fyrir mánuðina nóvember og desember, eða samtals kr. 273.214.80. Á uppgjöri þessu kemur fram, að stefndi hafi áður greitt af fjárhæð þessari kr. 16.000.00, kr. 25.000.00 og með víxli kr. 100.000.00 með gjalddaga hinn 20. desember 1966, en mismuninn, kr. 132.214.80, hafi stefndi tekið að sér að greiða stefnanda með víxli með gjalddaga hinn 25. janúar 1967. Er eigi ágreiningur um það, að við uppgjör þetta hafi greiðslur samkvæmt áðurgreindum kvittunum komið til frádráttar, þ. e. húsaleiga fyrir maí og júní, kr. 16.000.00, og greiðsla „upp í óumsamda húsaleigu", kr. 25.000.00. Er eigi annað fram komið en að húsaleiga hafi endanlega verið greidd samkvæmt uppgjöri þessu. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja nægilega fram komið, að við uppgjör þetta hafi fyrirsvarsmenn aðilja samið um húsaleiguna, eins og þar kemur fram. Þykir fram komið, að hækkun húsaleigunnar í júnímánuði hefur stafað af því, að stefndi hafi þá fengið verulega aukið húsnæði til afnota, en síðari hækkanir hafi verið vegna verðlagsbreytinga. Er ósannað, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi verið beittir nauðung við gerð uppgjörs þessa, eins og fram hefur komið hjá þeim. Það verður að telja, að ákvæði laga nr. 86/1966, sbr. auglýsingu nr. 292 frá 23. desember 1966, hafi staðið í vegi fyrir því, að aðiljum hafi verið heimilt að semja um það eftir á, að húsaleigan skyldi hækka með þessum hætti allt fram til 15. nóvember, en ekki hafa orðið hækkanir á hinni umkröfðu húsaleigu frá því, sem var í nóvembermánuði 1966. Er það sú húsaleiga, sem lögð er til grundvallar í kröfugerð stefnanda. Eins og áður er fram komið, hafði stefnandi sagt stefnda upp húsnæðinu hinn 30. apríl 1967 miðað við fardaginn 1. október, en í maímánuði fór stefndi úr húsnæðinu. Samkvæmt því, sem

hér hefur verið rakið, á stefnandi rétt á, að stefndi greiði húsaleigu fyrir þann tíma, sem hann hafði afnot húsnæðisins. Einnig á stefnandi rétt á bótum fyrir hina fyrirvaralausu riftun leigumálans, og má leggja þar til grundvallar hina umkröfðu húsaleigu fram til 1. október 1967, enda er ósannað, að stefnandi hafi fyrir þann tíma átt kost á að ráðstafa húsnæðinu til annarra nota. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færðar að því sönnur, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna ágalla þeirra, sem haldið er fram, að á húsnæðinu hafi verið. Verður því þegar af þeirri ástæðu krafa hans um lækkun kröfu stefnanda af þeim sökum eigi tekin til greina.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að aðalkrafa stefnanda verður tekin til greina og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 334.066.50 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. október 1967 til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda, og Pétri Pálssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Vélverk h/f, greiði stefnanda, P. Stefánssyni h/f, kr. 334.066.50 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. október 1967 til greiðsludags og kr. 50.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 13. apríl 1970.

Ár 1970, mánudaginn 13. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Bíldshöfða 8 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Hjálmari Hjálmarssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A 1036/1970: P. Stefánsson h/f gegn Vélverki h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm úr bæjarþingi Reykjavíkur nr. 585/1968.

Nr. 1 hefur glatazt hjá embættinu, nr. 2 fylgir með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Arason héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 334.066.50 með 1% mánaðarvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags, kr. 205.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 50.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er hér ekki, en fyrir hann mætir Trausti Þorláksson stjórnarformaður, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, húseigninni nr. 8 við Bíldshöfða.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Fallið var frá virðingu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 28. janúar 1972.

Nr. 87/1971. **Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps** (Sveinn H. Valdimarsson hrl.) gegn **Bæjarsjóði Seyðisfjarðarkaupstaðar og gagnsök** (Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1971. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og svo fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi fékk gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi 30. nóvember 1971.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. ágúst 1971. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en að vextir verði dæmdir frá 31. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ólína Ísleifsdóttir, fædd 28. apríl 1880, var lögð inn á Sjúkrahús Seyðisfjarðar hinn 31. júlí 1966 vegna gallblöðrusjúkdóms (cholecystopathia) og ellikramar (marasmus senilis). Dvaldist hún þar, þar til hún lézt, 19. október 1967, en ekki er upplýst, eftir beiðni hvers hún var lögð inn á

sjúkrahúsið, og var ekki leitað eftir ábyrgð aðaláfrýjanda fyrir dvalarkostnaði hennar. Krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda í máli þessu um greiðslu fyrir sjúkrahúsvist Ólínu fyrir tímabilið 31. júlí 1966 til 31. desember s. á., kr. 64.685.00.

Telja verður, að ellikröm hafi einkum ráðið því, að Ólína heitin var vistuð á sjúkrahúsinu, en í óstaðfestu vottorði Þorsteins Sigurðssonar, héraðslæknis í Egilsstaðakauptúni og samlagslæknis aðaláfrýjanda, dags. 20. janúar 1971, segir: „Hér með vottast, að Ólína Ísleifsdóttir, f. 28/4 1880, Geirastöðum, Hróarstungu, var komið fyrir í Seyðisfjarðarsjúkrahúsi um mánaðamótin júlí—ágúst 1966 án innlagsbeiðni frá mér og dvaldist þar sem ellikramarsjúklingur, þar til hún lézt í október 1967". Í málflutningi hér fyrir dómi hafði lögmaður gagnáfrýjanda ómótmælt af lögmanni aðaláfrýjanda eftirfarandi yfirlýsingu eftir héraðslækninum: „Ég kom til Ólínu og áleit, að hún ætti að leggjast inn á elliheimilið á Seyðisfirði sem ellihrörnunarsjúklingur. Elliheimilið og sjúkrahúsið á Seyðisfirði eru ein og sama stofnunin".

Að þessu athuguðu hefði gagnáfrýjandi samkvæmt a lið 49. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar, sem í gildi voru, er Ólína heitin dvaldist á sjúkrahúsinu, sbr. og 4. mgr. 11. gr. samþykkta fyrir Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps frá 2. marz 1957, eigi getað krafið aðaláfrýjanda um greiðslu fyrir lengri sjúkrahúsvist Ólínu heitinnar en í 5 vikur, þ. e. frá 31. júlí 1966 til 4. september s. á., eða um kr. 16.720.00, en tölulegur ágreiningur er ekki milli aðilja máls þessa.

Héraðsdómsstefna var gefin út 7. desember 1970 og birt 28. s. m. Samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda var krafa þessi þá fyrnd.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 8.000.00.

Málskostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, greiðist úr ríkissjóði, og hljóti talsmaður aðaláfrýjanda þar af kr. 15.000.00, en aðaláfrýjandi sjálfur kr. 6.225.00.

Dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 8.000.00.

Málskostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, greiðist úr ríkissjóði, og hljóti talsmaður aðaláfrýjanda, Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 15.000.00, en aðaláfrýjandi sjálfur kr. 6.225.00.

Gagnáfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 10. maí 1971.

Ár 1971, mánudaginn 10. maí, kl. 0945, var í bæjarþingi Seyðisfjarðar, sem haldið var á bæjarfógetaskrifstofunni af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 3/1971: Seyðisfjarðarkaupstaður gegn Sjúkrasamlagi Hróarstungu, sem dómtekið var 7. þ. m.

Mál þetta hefur Seyðisfjarðarkaupstaður höfðað gegn Sjúkrasamlagi Hróarstungu, Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu, með stefnu, útgefinni 7. desember 1970, til greiðslu á kr. 64.685.00, sjúkrahúsvist Ólínu Ísleifsdóttur, Geirastöðum, Tunguhreppi, tímabilið 31. júlí til 31. desember 1966, auk 8% ársvaxta frá 31. desember 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Í sóknarskjali hefur stefnandi gert þá varakröfu, að stefndi greiði kr. 16.720.00 auk vaxta sem áður segir.

Af hálfu stefnda, sem er sjúkrasamlag í Tunguhreppi, en er í málsskjölum ýmist nefnt Sjúkrasamlag Hróarstungu eða Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps, er krafizt sýknu af öllum kröfum

stefnanda og málskostnaðar að mati dómara. En til vara er vaxtaprósentu mótmælt sem of hárri.

Málavextir eru þeir, að 31. júlí 1966 var lögð inn í Sjúkrahús Seyðisfjarðar Ólína Ísleifsdóttir, sem í málsskjölum er ýmist talin til heimilis að Geirastöðum eða Hrærekslæk í Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu. Sjúkrasamlagslæknir Ólínu, þ. e. héraðslæknir, Þorsteinn Sigurðsson, Egilsstaðakauptúni, hefur í máli þessu vottað utan réttar, að Ólína hafi ekki verið lögð inn eftir beiðni frá sér. En þáverandi héraðslæknir á Seyðisfirði, Valur Júlíusson, sem jafnframt var sjúkrahúslæknir, hefur fært í bækur sjúkrahússins, að Ólína væri lögð inn vegna cholecystopathia (gallblöðrusjúkdóms) og marasmus senilis (ellihrörnunar). Ólína lá upp frá þessu á sjúkrahúsinu, unz hún andaðist, 19. október 1967. En málshöfðun þessi tekur ekki til sjúkrahúsvistar á því ári.

Stefnandi hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi krafið stefnda um greiðslu á nefndri sjúkrahúsvist Ólínu fyrr en haustið 1970. Hann hefur að vísu lagt fram afrit bréfs síns, dags. 19. apríl 1967, þar sem stefndi er krafinn um hina umstefndu upphæð. Bréf þetta kveðst stefndi ekki hafa móttekið og neitar jafnframt, að sér hafi borizt nokkur önnur kröfugerð eða tilkynning í þessu efni fyrr en á s.l. ári. Hann hefur í greinargerð í máli þessu tekið fram eftirfarandi til stuðnings sýknukröfu:

„1. Svo sem áður getur, er hvergi rökstutt, af hverju umbj. minn ætti að bera ábyrgð á sjúkrahúslegu Ólínu Ísleifsdóttur.

2. Nefnd kona var vistuð á sjúkrahúsið án samráðs við umbj. minn og án samráðs við viðkomandi sjúkrahúslækni, andstætt fyrirmælum 49. gr. a laga nr. 40 frá 1963, sjá réttarskjöl nr. 6 og 7.

3. Í 11. gr. samþykktar fyrir umbj. minn, Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 5/3 1957, sjá Stjórnartíðindi 1957, B, bls. 53, sbr. bls. 99, segir svo í fullu samræmi við 49. gr., a lið, laga nr. 40 frá 1963 um almannatryggingar: „Samlagið greiðir sjúkrahúsvist vegna ellikramar og alvarlegra langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78 frá 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla taka til, aðeins fyrstu 5 vikurnar, sem hlutaðeigandi dvelst í sjúkrahæli eða hæli vegna þess sjúkdóms". Samkv. þessum ákvæðum laga og samþykktar fer stefnandi mjög offari í kröfugerð á hendur umbj. mínum. Fimm vikna krafa gæti numið u. þ. b. kr. 12.000.00.

4. Möguleg krafa stefnanda um greiðslu á sjúkrahúskostnaði í fimm vikur er fyrnd skv. ákvæðum laga nr. 14 frá 1905".

Ad. 1. Stefnandi hefur, eftir að hann lagði fram greinargerð, gefið nánari skýringar á réttarsamböndum aðilja, og hefur stefndi sætt sig við þær.

Ad. 2. Þótt svo segi í lögum nr. 40/1963, 49. gr. a, að ókeypis vistun á sjúkrahúsi sé háð samningi við sjúkrasamlag og ráðleggingum samlagslæknis, hefur þetta lagaboð frá upphafi, eins og það er túlkað af stefnda, brotið í bág við viðskiptavenjur sjúkrasamlaganna og starfsvenjur lækna almennt. Augljóst er, að þessi túlkun fær ekki staðizt, þar sem lagaboðið væri þá óframkvæmanlegt í mjög mörgum bráðum sjúkdómstilfellum. Hvað sjúklinga í dreifbýli snertir, hefur framkvæmdin orðið sú um fjölmörg ár, að fólk, statt utan samlagssvæðis síns, leitar til lækna, sem hafa aðgang að sjúkrahúsum með sjúklinga sína, sem þeir leggja inn, án þess að rætt sé við sjúkrasamlög eða héraðssamlög og samlagslækna. Þegar svona er farið að, geta sjúkrasamlög, einungis til að koma í veg fyrir misnotkun, neitað að greiða sjúkrakostnað og borið fyrir sig, að formsatriðum 49. greinar a hafi ekki verið fullnægt, svo að samlagsmanni beri sjálfum að greiða, enda mundi slík neitun í fjölmörgum tilfellum jafngilda því, að sjúkrahús fengi ekkert greitt, þegar sjúklingur er ekki fær um að greiða. Í þessu máli hefur engin misnotkun verið gerð líkleg í sambandi við vistun Ólínu Ísleifsdóttur á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar, og getur dómarinn því ekki fallizt á það, að stefndi í málinu eigi að vera undanþeginn greiðsluskyldu vegna þess, að formsatriða hafi ekki verið gætt.

Ad. 3. Hvort heldur sem sjúklingurinn þjáðist aðallega af gallblöðrusjúkdómi (cholecystopathia) eða ellihrörnun (maramus senilis) eða hvort tveggja jafnt, sbr. dómsskjal nr. 11, verður að telja ósannað, að ráðuneytið hefði úrskurðað hana styrkhæfa samkvæmt lögum um ríkisframfærslu nr. 78/1936, enda verður ekki séð af málsskjölum, að sjúkrasamlagsstjórn hafi leitað slíks úrskurðar, eftir að henni varð árið 1970 sannanlega kunnugt um margnefnda sjúkrahúsvist. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga, að sjúkdómsgreiningin í dómsskjali nr. 11 skýrir heilsufarsástand sjúklings aðeins í mjög stórum dráttum. Mætti t. d. vera, að sjúklingur með lítils háttar einkenni ellihrörnunar og bráðan gallblöðrusjúkdóm yrði ekki umsvifalaust úrskurðaður á ríkisframfærslu af ráðuneyti. Það liggur m. a. ekki fyrir í þessu máli, hvort líkur eru til, að sjúklingur, sem andast á sjúkrahúsi eftir rúmlega ársdvöl þar, mundi eftir á hafa verið úrskurðaður á ríkisframfærslu af ráðuneyti án tillits til þess, hver sjúkdómur

var. Dómarinn verður því að fallast á það sjónarmið, sem kemur fram í sóknarskjali stefnanda, dómsskjali nr. 12, að hugsanleg ríkisframfærsla sjúklingsins eigi ekki að hafa áhrif á úrslit máls þessa, úr því að hún ekki hefur enn verið gerð gildandi.

Ad. 4. Af niðurstöðum í Ad. 2 og 3 leiðir það, að um sjálfstæðan fyrningarfrest vegna sjúkrakostnaðar fyrstu 5 vikna er ekki að ræða.

Samkvæmt því, er segir í liðum Ad 2 og 3 hér að framan, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda að fullu sjúkrahúsvist Ólínu Ísleifsdóttur tímabilið 31. júlí til 31. desember 1966 með kr. 64.685.00.

Vexti af skuldinni ber að ákveða 7% á ári frá 31. desember 1966 til greiðsludags.

Stefnandi hefur sýnt mikið tómlæti við innheimtu kröfu sinnar og m. a. ekki tekizt að sanna, að hann hafi tilkynnt stefnda um hana, fyrr en hún var meira en 3 ára gömul. Krafa stefnanda um málskostnað verður því ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Stefndi, Sjúkrasamlag Hróarstungu, greiði stefnanda, Seyðisfjarðarkaupstað, kr. 64.685.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1966.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1972.

Nr. 70/1971. **Emil Ásgeirsson, Guðjón Emilsson og Guðmundur Pálsson**
gegn
Oddvita Hrunamannahrepps f. h. hreppsins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Emil Ásgeirsson, Guðjón Emilsson og Guð-

mundur Pálsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. febrúar 1972.

Nr. 54/1971. **Radíóbúðin, Akureyri,**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Kaupfélagi verkamanna, Akureyri,
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húsaleiga. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. marz s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að vextir verði ákveðnir 7% ársvextir. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi er sannað, að samið hafi verið um ákveðinn leigutíma eða fardaga. Þykir því rétt að telja þá 14. maí eða 1. október, miðað við þriggja mánaða uppsagnarfrest, enda styðst það við gamlar venjur og viðskiptahætti, sem ekki hefur verið sýnt fram á, að úreltir séu. Verður því að miða uppsögn áfrýjanda á húsnæðinu við 1. október 1969, og ber áfrýjanda því að greiða stefnda húsaleigu í 4 mánuði, þ. e. frá 1. júní til 1. október 1969, en til 1. júní það ár hafði áfrýjandi greitt leigugjald.

Eins og í héraðsdómi greinir, tók fyrirtækið Augsýn h/f húsnæði á leigu hjá stefnda og greiddi fyrir það mánaðarleigu kr. 20.000.00, en stefndi telur, að ¼ hluti af húsnæði þessu hafi verið húsnæði það, er áfrýjandi hafði haft á leigu.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti hefur stefndi fallizt á, að ¼ hluti (kr. 5.000.00) af mánaðarleigu Augsýnar h/f hafi verið greiðsla fyrir húsnæði það, er áfrýjandi hafði á leigu. Er ósannað, að stefndi hafi haft frekari leigutekjur af greindu húsnæði áfrýjanda. Ber áfrýjanda því að greiða stefna bætur, kr. 20.000.00 (4x5.000 kr.), vegna ólögmætrar uppsagnar húsnæðisins.

Eigi eru sönnur að því leiddar, að áfrýjandi eigi að bera kostnað af breytingum þeim, sem á húsnæðinu voru gerðar, er hann tók það á leigu. Ber því að sýkna áfrýjanda af þessum lið kröfu stefnda.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verða úrslit máls þessa þau, að áfrýjandi er dæmdur til að greiða stefnda kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1969 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Radíóbúðin, Akureyri, greiði stefnda, Kaupfélagi verkamanna, Akureyri, kr. 20.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1969 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. nóvember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. f. m., er höfðað hér fyrir bæjarþingi með stefnu, birtri 10. janúar 1970 og þingfestri 29. s. m., af Haraldi Helgasyni kaupfélagsstjóra, Goðabyggð 2, Akureyri, f. h. Kaupfélags verkamanna, Strandgötu 9, Akureyri, á hendur Halldóri Laxdal, Löngubrekku 12, Kópavogi, einkaeigandi Radíóbúðarinnar, Akureyri, til greiðslu skaðabóta.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 80.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1969 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómsins, allt að frádregnum kr. 10.000.00.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að haustið 1968 hafi stefndi tekið á leigu verzlunarhúsnæði að Strandgötu 7, Akureyri, af stefnanda. Taldi stefnandi, að húsnæðið væri leigt til 5 ára, óuppsegjanlega, og mánaðarleiga væri ákveðin kr. 10.000.00. Skriflegur leigusamningur var eigi gerður, en uppkast að honum var samið og stefnda sýnt það, en hann neitaði að undirrita það. Kveðst stefnandi hafa kostað ýmsu til breytinga á húsnæðinu í sambandi við leiguna og hefur framvísað reikningum að upphæð kr. 31.682.05, sem hann kveður stafa frá þessum breytingum. Með bréfi, dagsettu 28. febrúar 1969, sagði stefndi upp húsnæðinu með 3ja mánaða fyrirvara miðað við 1. júní s. á. og rýmdi húsnæðið í samræmi við það. Stefndi lét undir höfuð leggjast að greiða húsaleigu fyrir maímánuð, fyrr en málið var komið í hendur lögmanns stefnanda.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi óskað eftir því að fá umrætt leiguhúsnæði til 10 ára, en því hafi verið synjað af hálfu stefnanda.

Stefndi mótmælti því að hafa beðið um húsnæðið til 10 ára og hafa leigt það óuppsegjanlegt í 5 ár, en kvaðst hafa getað hugsað sér að halda húsnæðinu í 5 ár og þriggja mánaða uppsagnarfrestur gilti.

Framkvæmdastjóri stefnanda, Haraldur Helgason, kvað Halldór Laxdal hafa komið að máli við sig sumarið 1968 og beðið um leiguhúsnæði. Í framhaldi af þessari beiðni ákvað stjórn stefnanda að bjóða stefnda hluta af verzlunarhúsnæði stefnanda til leigu, þ. e. það húsnæði, sem í máli þessu ræðir, fyrir kr. 10.000.00 á mánuði. Skyldi gera skriflegan samning, og þar átti að kveða svo á, að leiga væri óuppsegjanleg í 5 ár, en endurskoða mætti upphæð leigu að ákveðnum tíma liðnum. Þá skyldi leigusali kosta breytingar, sem gera þyrfti á húsnæðinu, en leigutaki greiða kostnað af nýlögnum rafmagns og raflögnum, sem hann setti upp vegna þeirra tækja, sem hann hygðist verzla með. Hins vegar skyldi leigusali bera þann kostnað, sem varð vegna þess, að skipta þurfti rafmagni og setja upp einkarafmæli vegna hins leigða húsnæðis. Í nóvember 1968 kveðst Haraldur hafa

gert samningsuppkast samkvæmt framangreindu og bað stefnda að undirrita, sem hann lofaði að gera, en ekki varð af. Með bréfi, dagsettu 28. febrúar 1969, sagði stefndi upp húsnæðinu frá 1. júní 1969 að telja. Skoraði stefnandi þá á stefnda að undirrita samningsuppkastið, en hann neitaði, þótt hann viðurkenndi, að uppkastið væri í samræmi við það, sem um var samið, en taldi sig ekki af samningnum bundinn, þar sem hann hefði ekki verið undirritaður.

Formaður stjórnar stefnanda, Stefán Þórarinsson, kvaðst hafa rætt við stefnda ásamt Haraldi Helgasyni í marz 1969. Var þá lagt fyrir stefnda samningsuppkastið, sem áður getur. Viðurkenndi stefndi þá, að greint uppkast væri í samræmi við áðurgerða skilmála.

Stefndi hefur mótmælt því að hafa samþykkt ákvæði um endurskoðun leigu.

Í málinu er viðurkennt af hálfu stefnda að hafa boðið stefnanda bætur, kr. 10.000.00, viðbótargreiðslu vegna uppsagnar á leigumála.

Stefnandi telur, að komizt hafi á bindandi samningur milli aðilja um leigu á húsnæði þessu þegar um haustið 1968, óuppsegjanlega til 5 ára, og með því að segja samningnum upp miðað við 1. júní 1969 hafi stefndi vanefnt samninginn á þann hátt, að hann sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda. Þá telur hann, að ef litið yrði svo á, að ekki hafi komizt á bindandi samningur milli aðilja, eigi stefnandi allt að einu rétt á skaðabótum úr hendi stefnda vegna of skamms uppsagnarfrests, og telur, að uppsögn eigi að miðast við 14. maí og 1. október með 3ja mánaða fyrirvara, sé ekki öðruvísi um samið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að húsnæðið hafi verið leigt með venjulegum kjörum og uppsagnarfresti um verzlunarhúsnæði. Fyrst eftir uppsögn stefnda hafi stefnandi framvísað uppkasti að leigusamningi til 5 ára, sem hann neitaði að undirrita, þar sem hann og telur sér heimilt að segja húsnæðinu upp með 3ja mánaða fyrirvara, sem hann gerði og greiddi leigu út leigutímann. Þá heldur stefndi því fram, að sér hafi verið heimil uppsögn, hvenær sem var, þar sem húsnæðið var ófullkomið, svo ekki var viðunandi, en salerni vantaði. Upplýst er í málinu, að starfsfólk stefnda hafði afnot af salerni hjá stefnanda og að stefnandi hafi lofað að standsetja salerni í geymsluskúr við hliðina á búðinni, en ekki varð af efndum. Af þessum ástæðum

telur stefndi, að sér hafi verið heimilt að slíta leigusambandinu án fyrirvara.

Dómarinn telur ekki upplýst í málinu um lengd leigumálans. Hins vegar verður að telja eðlilegt, að stefnandi vænti þess, að stefndi nýtti húsnæðið lengur en til 1. júní 1969. Uppsögn stefnda, miðað við fyrrgreint tímamark, er ekki samkvæmt viðskiptavenjum, en uppsögn skal miða við 14. maí eða 1. október. Samkvæmt því tekur uppsögn stefnda gildi fyrst 1. október 1969. Ber stefnda því að greiða stefnanda efndabætur vegna hinnar ólögmætu uppsagnar.

Þar sem kröfur stefnanda eru á þessu byggðar, verður næst rakið í efnisatriðum sá hluti kröfugerðar hans, en hann sundurliðar kröfur sínar þannig, að í fyrsta lagi nái þær til þess að bæta honum upp leigutap fyrir 4 mánuði, eða til 1. október 1969. Upplýst er í málinu, að Augsýn h/f leigði (sic) húsnæði það, sem stefndi hafði á leigu frá 1. júní 1969 að telja, og að það húsrými var sem svaraði ¼ hluti af því húsnæði, sem Augsýn h/f greiddi kr. 20.000.00 í leigu fyrir. Samkvæmt því má ætla, að stefnandi hafi fengið greiddar kr. 5.000.00 fyrir það húsnæði, sem stefndi hafði á leigu. Efndabætur eru því kr. 5.000.00 á mánuði í 4 mánuði, eða kr. 20.000.00. Í öðru lagi krefst stefnandi skaðabóta. Í stefnu taldi hann sig hafa greitt kr. 30.000.00 fyrir innréttingar o. fl. Þegar gagnasöfnun var lokið, kom fram, að stefnandi hafði lagt í kostnað kr. 31.682.05, sem sundurliða má þannig:

1. Kostnaður við breytingu á raflögn, efni og vinna	kr.	6.447.55
2. Speglar, uppsetning og vinna	—	550.00
3. Áhöld	—	596.00
4. Hurð með karmstykki	—	12.000.00
5. Efniviður í skilrúm	—	3.190.50
6. Reikningur Gunnlaugs Jóhannssonar	—	8.152.00
7. Reikningur Gránu h/f	—	629.00
	Alls kr.	31.565.05

Eins og áður er vikið að, mátti stefnandi vænta þess, að stefndi nýtti leiguhúsnæðið lengur en hann gerði, þegar litið er til þess kostnaðar, sem hann varð fyrir vegna leigunnar.

Ber stefnda að greiða stefnanda skaðabætur vegna uppsagnarinnar.

Fram kemur í málinu, að framkvæmdir og kostnaður sam-

kvæmt liðum nr. 1, 5 og 6 hafa ekki orðið stefnanda að neinum notum, þar sem raflögn var breytt á ný til sama horfs og áður og skilrúm rifið. Þá ber enn fremur að taka til greina kr. 127.00 af lið nr. 7.

Kostnaður samkvæmt liðum nr. 2, 3, 4 og 7 þykja ekki þess eðlis, að stefnda verði gert að greiða fyrir þá bætur.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 20.000.00 plús kr. 6.447.55 plús kr. 8.152.00 plús kr. 3.190.50 plús kr. 127.00, eða samtals kr. 37.663.05 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1969 til greiðsludags.

Eins og málalok verða, dæmist stefndi til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Radíóbúðin, greiði stefnanda, Kaupfélagi verkamanna, Akureyri, kr. 37.663.05 með 8% ársvöxtum frá 1. júní 1969 til greiðsludags og kr. 9.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1972.

Nr. 7/1972. **Valdstjórnin**
gegn
Jóhannesi Ólafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Réttur gæzlufanga til lestrar dagblaða og aðgangs að útvarpi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hina kærðu úrskurði.

Með kæru 10. janúar 1972, sem barst Hæstarétti 20. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar, sem

kveðinn var upp hinn 8. janúar 1972, en með úrskurði þessum var varnaraðilja gert að sæta gæzluvarðhaldi í allt að 60 dögum. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæzluvarðhaldstíminn verði stórlega styttur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Greinargerð hefur borizt frá réttargæzlumanni varnaraðilja.

Varnaraðili hefur enn fremur hinn 13. janúar 1972 skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar, sem kveðinn var upp hinn 12. janúar 1972, en ályktarorð úrskurðarins eru svohljóðandi: „Gæzlufanganum, Jóhannesi Ólafssyni, er fyrst um sinn óheimilt að fá dagblöð til lestrar né að hafa aðgang að fjölmiðlunartækjum. Heimilt skal honum að fá bækur til lestrar, þó í samráði við fangelsisstjóra".

Skjöl þessa kærumáls bárust Hæstarétti hinn 28. janúar 1972. Ekki barst greinargerð frá réttargæzlumanni varnaraðilja.

Framangreindir úrskurðir voru kærðir innan lögmælts kærufrests, en réttargæzlumaður varnaraðilja fékk vitneskju um fyrri úrskurðinn hinn 10. janúar 1972.

Hæstarétti hafa borizt athugasemdir héraðsdómara.

Samkvæmt ákæru, dags. 31. ágúst 1971, er varnaraðilja gefið að sök „að hafa stolið eftirgreindum bifreiðum og ekið þeim undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bráðabirgðasviptingu:

1. Mánudagskvöldið 10. maí 1971, bifreiðinni G 1041 á bifreiðastæði við Strandgötu í Hafnarfirði og ekið bifreiðinni hring um Strandgötu, Fjarðargötu og Lækjargötu og á sama bifreiðastæði, og aka þar þá á ljósastaur og á kyrrstæða bifreið, R 24557, þannig að báðar bifreiðarnar skemmdust.
2. Fimmtudagskvöldið 20. maí 1971, bifreiðinni Y 1080 á bifreiðasölu við Stjörnubíó í Reykjavík og ekið bifreiðinni til Hafnarfjarðar, unz bifreiðin varð benzínlaus á Fjarðargötu, þar sem ákærði yfirgaf hana.
3. Aðfaranótt miðvikudagsins 14. júlí 1971, bifreiðinni R 24873 við bifreiðasölu í Höfðatúni 10, Reykjavík, og

ekið bifreiðinni um borgina og að mótum Bólstaðarhlíðar og Lönguhlíðar.

4. Aðfaranótt þriðjudagsins 20. júlí 1971, þremur bifreiðum, fyrst bifreiðinni R 2676 við bifreiðastæði við Trönuhraun í Hafnarfirði og ekið henni á Reykjavíkurveg við benzínsölu Esso, þar sem ákærði yfirgaf bifreiðina. Ákærði stal tjaldi úr bifreið þessari og hafði á brott með sér. Skömmu síðar stolið bifreiðinni G 784 við húsið Sléttuhraun 29 og ekið henni, unz ákærði yfirgaf bifreiðina í Hrafnhólum, Garðahreppi. Loks þá sömu nótt stolið bifreiðinni L 597 við Álfaskeið 102 og ekið henni um bæinn, unz lögreglumenn stöðvuðu ákærða í akstri við Frost h.f.
5. Fimmtudagskvöldið 22. júlí 1971, bifreiðinni G 2252 við húsið Hraunkamb 10 og ekið henni um bæinn, unz ákærði yfirgaf bifreiðina við Stebbabúð, Arnarhrauni.

Teljast brot þau, sem að framan greinir, varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, brot það, sem í 4. tölulið greinir, einnig við 244. gr. almennra hegningarlaga og brot það, sem í 1. tölulið greinir, einnig við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

II. Aðfaranótt fimmtudagsins 15. júlí 1971 að láta Ólaf Skagvík, leigubifreiðarstjóra á bifreiðinni R 1021, aka með sig og tvo aðra farþega frá Reykjavík til Hafnarfjarðar án þess að greiða aksturskostnaðinn, en ákærði yfirgaf leigubifreiðina á Strandgötu í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og skaðabótagreiðslu og til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Vegna þessara brota var varnaraðili hinn 14. ágúst 1971 úrskurðaður í gæzluvarðhald allt að 45 dögum, en síðar

látinn laus úr gæzluvarðhaldi, eins og getur í hinum kærða úrskurði frá 8. janúar 1972.

Auk framangreindra brota er varnaraðilja gefið að sök að hafa framið brot þau, er greinir í síðastnefndum úrskurði frá 8. janúar 1972.

Þegar virt eru þau brot, sem varnaraðilja eru gefin að sök, og litið er til hegðunar hans, eftir að hann var látinn laus úr gæzluvarðhaldi, þykir rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð um gæzluvarðhald frá 8. janúar 1972 að niðurstöðu til, sbr. 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Þar sem gæzluvarðhaldsvist varnaraðilja er eingöngu byggð á 5. tl. 67. gr. áðurnefndra laga og ætla má, að nú sé rannsókn í máli hans að mestu lokið, þykir nú mega fella hinn kærða úrskurð frá 12. janúar 1972 úr gildi frá uppsögu dóms þessa að telja.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður frá 8. janúar 1972 á að vera óraskaður.

Hinn kærði úrskurður frá 12. janúar 1972 er úr gildi felldur frá uppsögu dóms þessa.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 8. janúar 1972.

Þann 13. ágúst s.l. var kærði, Jóhannes Ólafsson, úrskurðaður til að hlíta 45 daga gæzluvarðhaldi vegna meintra síendurtekinna bílþjófnaða og ölvunaraksturs o. fl., en ætla mátti, að hann héldi áfram brotastarfsemi, væri hann laus, meðan mál út af brotum þessum væri ólokið. Var hann á tímabilinu látinn sæta geðrannsókn. 26. september s.l. var rannsókn málsins að mestu lokið. Þingfesting þess hafði þá farið fram og kærði tekið við birtingu ákæru og gengizt undir geðrannsókn. Fyrirsjáanlegt var, að nokkur dráttur yrði á því, að niðurstöður geðrannsóknar lægju fyrir í málinu, sem að öðru leyti var á lokastigi, og ekki rétt að láta kærða vera í gæzluvarðhaldi um ófyrirsjáanlegan tíma vegna þess. Hann

var því leystur úr gæzluvarðhaldi, og tók faðir hans hann í sína forsjá. Laust eftir áramót barst niðurstaða geðrannsóknarinnar.

Svo sem ljóst er af framlögðum lögregluskýrslum og framburði kærða, er hann uppvís að 2 bílþjófnuðum 7. janúar s.l., grunaður um líkamsárás 30. október 1971. Þá er hann og sakaður um að hafa rænt konu veski 2. desember s.l. og falsað tékkávísanir, sem í því voru. Með því að þessi síðasttöldu mál eru enn eigi nægjanlega rannsökuð og ætla má, að kærði kunni að torvelda rannsókn og halda áfram brotastarfsemi, ef hann er látinn vera laus, meðan málunum er ólokið, þykir samkvæmt heimild í 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 82/1961 bera nauðsyn til að úrskurða kærða, Jóhannes Ólafsson, til að hlíta allt að 60 daga gæzluvarðhaldi.

Því úrskurðast:

Kærði, Jóhannes Ólafsson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Úrskurði þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 12. janúar 1972.

Þann 9. janúar s.l. var Jóhannes Ólafsson, Álfaskeiði 80, Hafnarfirði, úrskurðaður til að hlíta allt að 60 daga gæzluvarðhaldsvist vegna meintra ýmissa refsilagabrota, og er mál út af sumum þeirra á byrjunarstigi rannsóknar. Gæzlufanginn hefur krafizt þess, að honum verði heimilað að fá dagblöð til lestrar.

Réttargæzlumaður gæzlufangans, hæstaréttarlögmaður Guðjón Steingrímsson, gerir og fyrir hann kröfu til þessa, sbr. dskj. nr. 7. Viðtekin regla er, að gæzlufangar fái ekki dagblöð til lestrar, sér í lagi meðan mál þeirra er á rannsóknarstigi. Tilgangurinn með gæzluvarðhaldi er m. a. að hindra, að sökunautur geti haft samband við vitni eða samseka eða eftir atvikum þau eða þeir við hann og á annan hátt að koma í veg fyrir, að sökunautur torveldi rannsókn með athöfnum sínum. Hann er því hafður í sem mestri einangrun, meðan rannsókn stendur yfir. Í dagblöðum og öðrum fréttablöðum er iðulega fjallað um og skýrt frá nýfrömdum afbrotum, og þá jafnvel þeim, sem verið er að rannsaka og sem sökunautur er í gæzluvarðhaldi vegna gruns um að hafa framið. Verður þá að telja óheppilegt og til torveldunar á rannsókn, ef sökunautur fær þannig með aðstoð fjölmiðla upplýsingar um gang málsins, framburð vitna, viðtöl við hugsanleg

vitni eða samseka. Þá verður að ætla, að fyrir tilstilli dagblaða sé unnt að koma skilaboðum o. fl. til gæzlufanga. Allt kynni þetta að stuðla að því, að gæzluvarðhald kæmi ekki að því gagni, sem stefnt er að. Verður því að teljast nauðsynlegt, í öllum tilvikum, þar sem gæzluvarðhaldi er beitt til að auðvelda rannsókn máls, að gæzlufangi hafi ekki aðgang að dagblöðum né öðrum fjölmiðlum, enda vart hugsanlegt, að unnt sé að sjá fyrirfram afleiðingar þess í hverju einstöku máli og frávik fallin til að valda erfiðleikum við að halda reglu í varðhaldi.

Kærði, Jóhannes Ólafsson, er að nokkru í gæzluvarðhaldi vegna þess, að mál hans er á frumstigi rannsóknar, og þykir því að svo stöddu ekki tök á því, að hann hafi aðgang að dagblöðum og fjölmiðlum, sbr. 70. gr. laga nr. 82/1961 og III. kafla reglugerðar nr. 260/1957. Hins vegar verður það ekki talið skaða rannsókn, þó að sökunautur fáist við venjulegan bóklestur, og er gæzlufanganum það heimilt svo og lestur þeirra bóka, sem greinir um í 17. gr. reglugerðar nr. 260/1957.

Ályktunarorð:

Gæzlufanganum, Jóhannesi Ólafssyni, er fyrst um sinn óheimilt að fá dagblöð til lestrar né að hafa aðgang að fjölmiðlunartækjum. Heimilt skal honum að fá bækur til lestrar, þó í samráði við fangelsisstjóra.

Mánudaginn 7. febrúar 1972.

Nr. 9/1972. **Valdstjórnin**
gegn
Ómari Júlí Gústafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Endurnýjun réttinda til að aka leigubifreið til mannflutninga.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 68. gr. a, 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961 um breyting á almennum hegningarlögum, sbr. XXI. kafla laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Saksóknari ríkisins hefur tjáð sig um sakarefni máls þessa, og hinn 2. þ. m. barst Hæstarétti greinargerð talsmanns varnaraðilja, er krafðist kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. janúar 1972.

Ár 1972, föstudaginn 14. janúar, er í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn er af Jóni A. Ólafssyni aðalfulltrúa, að Borgartúni 7, kveðinn upp úrskurður þessi vegna neitunar lögreglustjórans í Reykjavík um að endurnýja ökuréttindi Ómars Júlí Gústafssonar, Nökkvavogi 3, til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Málavextir eru þessir:

5. október s.l. lagði Ómar Júlí Gústafsson, til heimilis að Nökkvavogi 3 hér í borg, fram tilskilin gögn við lögreglustjóraembættið í Reykjavík og óskaði endurnýjunar á ökuskírteini sínu.

Skírteinið var fyrst gefið út í Suður-Múlasýslu 6. nóvember 1953 og veitti þá réttindi samkvæmt liðum A, B og D samkvæmt hinu hefðbundna formi núverandi ökuskírteina. 25. apríl 1958 var bætt við réttindum samkvæmt liðum C og E. Þannig var skírteinið endurnýjað við lögreglustjóraembættið í Reykjavík 5. október 1966 til 5 ára. Lögreglustjórinn í Reykjavík synjaði að þessu sinni Ómari Júlí um ökuréttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni vegna þess, að umsækjandinn hlaut 1. apríl s.l. í sakadómi Reykjavíkur 8 mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og sendi kærða í ábyrgðarbréfi 22. október s.l. endurnýjað ökuskírteini með þannig skertum ökuréttindum.

Ómar Júlí vildi ekki una þessu, og samkvæmt heimild 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, bar dr. Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður með bréfi, dags. 4. nóvember s.l., þessa synjun lögregluyfirvaldanna undir sakadóminn. 30. s. m. sendi dómurinn málsskjölin til saksóknara ríkisins, svo hann gæti tjáð sig um málið, áður en krafa lögmannsins væri tekin til úrskurðar. Í bréfi saksóknara frá 16. desember s.l. tekur saksóknari fram, að hann fallist á það viðhorf lögreglustjórans í Reykjavík, að ógerlegt sé að veita Ómari Júlí ökuskírteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni vegna þess dóms, sem felldur var yfir honum 1. apríl s.l.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum mánudaginn 20. maí 1968, var Ómar Júlí dæmdur í 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga, þar sem hann hafði með sviksamlegum hætti aflað sér fjárvinnings, samtals að fjárhæð kr. 16.460.00.

Með 2 ákærum saksóknara, dags. 1. og 22. marz 1971, höfðaði saksóknari ríkisins mál á hendur Ómari Júlí fyrir brot á 248. og 261. gr. almennra hegningarlaga, og lauk þeim málum sameinuðum með dómi 1. apríl 1971. Í þeim dómi var talið m. a. sannað, að kærði hafi aflað sér með sviksamlegum hætti fjárvinnings, samtals að fjárhæð kr. 65.200.00, og með dóminum var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi óskilorðsbundið í einu lagi fyrir þau brot, sem fyrri refsidómur laut að, auk þeirra brota, sem hann var saksóttur fyrir í seinna málinu.

Synjun lögreglustjóra byggist á því, að hann telur, að Ómar Júlí hafi flekkað mannorð, sbr. 4. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Í þeim lögum er engin skýrgreining á hugtakinu óflekkað

mannorð, og í íslenzkri löggjöf er hvergi að finna almenna skýrgreiningu á hugtakinu. Í 2. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 45/1961, er skýrgreining á hugtakinu óflekkað mannorð sem kosningaréttarskilyrði. Aðalefni greinarinnar er í 1. mgr., sem er svohljóðandi: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar". Í 2. mgr. er nokkur fylling á skýrgreiningu hugtaksins, þar sem tilteknar tegundir dóma eru útilokaðar frá því að hafa í för með sér mannorðsflekkun. Í 2. mgr. er svohljóðandi: „Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé minnst 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæzla sé dæmd". Ekki verður af þessu ákvæði nein gagnályktun dregin, heldur verður að meta þá dóma, sem ekki eiga undir málsgreinina, hvern og einn sjálfstætt.

Dómurinn telur, að ekki komi til mála án beinna lagafyrirmæla að skýrgreina hugtakið flekkað mannorð á mismunandi hátt á hinum ýmsu stöðum í löggjöfinni. Þar af leiðir, að dómurinn telur, að hugtakið óflekkað mannorð í skilningi 4. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 2. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 45/1961, sé hið sama.

Frá fornu fari hafa ýmis brot á almennum hegningarlögum verið talin svívirðileg að almenningsáliti á Íslandi, svo sem rán, þjófnaður og svik. Með tveim ofangreindum dómum sakadóms Reykjavíkur var talið sannað, að Ómar Júlí hafi með sviksamlegum hætti aflað sér fjárvinnings, samtals að fjárhæð kr. 81.908.00, og hefur hann með seinni dóminum flekkað mannorð. Því var synjun lögreglustjórans í Reykjavík um að endurnýja ökuréttindi hans til farþegaflutninga í atvinnuskyni réttmæt og skal óhögguð standa.

Úrskurðarorð:

Synjun lögreglustjórans í Reykjavík um að endurnýja ökuskírteini Ómars Júlí Gústafssonar, Nökkvavogi 3 hér í borg, til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal óhögguð standa.

Föstudaginn 11. febrúar 1972.

Nr. 61/1970. **Helgi Ásgeirsson**
(Hörður Einarsson hdl.)
gegn
Þorkeli Ingvarssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. marz 1970 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 798.726.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. janúar 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið hafin gagnger gagnasöfnun í málinu.

Hinn 20. apríl 1970 ritaði Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður, sem flutti málið fyrir áfrýjanda í héraði, yfirborgardómaranum í Reykjavík svolátandi bréf:

„Hér með leyfi ég mér að óska eftir, að þér, herra yfirborgardómari, útnefnið í dómi 2 hæfa og óvilhalla menn til að lýsa og segja álit sitt á því, sem hér greinir, varðandi húsið nr. 68 við Gnoðarvog og bílskúra, byggða við það, en álitsins er óskað til afnota í hæstaréttarmálinu nr. 61/1970: Helgi Ásgeirsson gegn Þorkeli Ingvarssyni:

1. Að matsmenn skýri, hvernig hitastillir í íbúð Þorkels Ingvarssonar, sem var í henni 4. desember 1966, verkaði. Hitastillir þessi náði einnig til miðstöðvarofns í bílskúr Þorkels, sem lak 4. desember 1966, vegna þess að hann hafði frostsprungið. Nauðsynlegt er að fá fram, hvort vatns-

rennsli hefur getað stöðvazt alveg um ofn þennan og hvort líklegt eða sennilegt er, að vatn hafi getað frosið í honum og sprengt hann, er hitastillirinn í íbúðinni var færður úr 25 gráðum í 12—15 gráður að næturlagi, og frost komst niður fyrir 11 gráður á tímabilinu 26. nóvember til 4. desember 1966.

2. Að matsmenn skýri frá, hvernig háttað var á sama tíma frárennsli frá bílskúr Þorkels Ingvarssonar eða hvort frárennsli var þar 4. desember 1966, og ennfremur, hvort frárennsli, ef verið hefði í lagi, hefði tekið við vatni því, sem úr hinum sprungna ofni rann.

3. Að matsmenn skoði og skýri frá til samanburðar, hvernig hitastillingu og frárennsli frá bílskúr Helga Ásgeirssonar, sem er sambyggður bílskúr Þorkels, var háttað á sama tíma.

4. Telja matsmenn forsvaranlegt vegna frosthættu að tengja ofn í bílskúr við hitastilli íbúðarinnar, eins og háttar til um bílskúr Þorkels Ingvarssonar í Gnoðarvogi 68?

5. Matsmenn upplýsi, ef hægt er, hvaða pípulagningameistari lagði miðstöð í bílskúr Þorkels Ingvarssonar.

Matsmenn ljúki skoðun og álitsgerð sem fyrst og geri þeim viðvart með hæfilegum fyrirvara um skoðun Helga Ásgeirssyni og Þorkeli Ingvarssyni, Gnoðarvogi 68".

Til þess að framkvæma hið umbeðna mat kvaddi borgardómarinn í Reykjavík hinn 24. apríl 1970 þá Svein Torfa Sveinsson verkfræðing og Guðjón Júlíusson pípulagningameistara. Skiluðu þeir eftirfarandi matsgerð hinn 20. maí 1970:

„Matið fór fram 13. maí 1970, kl. 17.15, að Gnoðarvogi 68, Reykjavík. Mættir voru Guðmundur Pétursson hrl., Hagamel 44, Haukur Jónsson hrl., Hjarðarhaga 50, Þorkelli Ingvarsson, Gnoðarvogi 68, Helgi Ásgeirsson, s. st., og Óskar Smith, Snorrabraut 87.

Matsbeiðni var lesin upp og einstök atriði tekin fyrir í sömu röð og eru í matsbeiðninni:

1. Matsmenn skýri, hvernig hitastillir í íbúð Þorkels Ingvarssonar hafi verið 4. desember 1966, verkaði. Þorkell

kvað engu um þennan hitastilli hafa verið breytt frá ofangreindum degi og væri hann því eins á matsdegi og hann var þá. Hitastillirinn vinnur á segulloka, sem opnar hitaveituinntak, þegar hitastillirinn „óskar" eftir hita, og lokar því, þegar hitastillirinn er í hærri hita en hann er stilltur á eða rafmagnslaust verður.

Ef hitastillir er lækkaður úr 25° — og sá hiti hefur verið í íbúðinni, þegar lækkunin hefur verið gerð — í 12—15°, má gera ráð fyrir því, að margir klukkutímar líði, jafnvel í mestu aftökum, áður en íbúðin hefur kólnað niður í þann hita, vegna þess varma, sem bundinn er steinsteypu hússins í loftum, innveggjum og pússningu á einangrun.

Mjög er sennilegt, að vatn í ofninum í bílskúr hafi getað frosið í þeirri veðráttu, sem var um mánaðamótin nóvember/desember 1966 (sbr. Veðráttan) sérstaklega vegna þess, að

1. ofninn getur hafa verið hitalaus í marga klukkutíma á umræddu tímabili vegna þess tíma, sem hitalækkun í íbúð Þorkels er að ná stilltri hitalækkun,
2. loftlekar í bílskúr Þorkels eru mjög miklir, þar eð flekahurð er á bílskúr hans, sem bæði er mjög loftlek og illa einangruð,
3. á suðurhlið skúrsins er múrop, sem í var troðið að nokkru leyti. Loftop þar voru 500—600 cm^2, sem getur blásið inn og út um,
4. loft skúrsins er óeinangrað með öllu,
5. ef hleri í gólfi efri skúrsins er lokaður, hindrar hann, að hlýrra loft geti streymt upp úr kjallaranum og yljað uppi, en það gæti tafið frostskemmdir í efri hluta skúrsins eða meira að segja hindrað þær.

2. Matsmenn eru spurðir um frárennsli skúrs Þorkels. Frárennsli er ekkert, eins og er, og segir Þorkell engar breytingar hafa verið gerðar á því frá tjóndegi 1966. Frárennslispípa er inn úr vegg um 55 cm undir lofti í kjallara undir bílskúr Þorkels. Í pípuna hefur verið troðið. Engin rist er í gólfi (hvorki í efri eða neðri hluta bílskúrsins), og ekkert annað frárennsli og engin vatnslögn er í skúrnum (önnur en hitalögn). Er frárennsli hefði verið í lagi í skúrn-

um, er hugsanlegt, að það hefði getað tekið við vatni úr sprungnum ofni, en til hefði orðið að vera góður halli á gólfinu að niðurfalli og steypt bríkkringum op niður í bílskúrskjallarann.

3. Matsmenn skýri frá, hvernig hitastillingu og frárennsli frá bílskúr Helga Ásgeirssonar var háttað á sama tíma. Við skoðun var ofnakerfi bílskúrsins með sjálfvirkum hitastillilokum, og í efri hluta skúrsins var niðurfall tengt við frárennslispípu undir lofti í kjallara hans.

Við húsvegg var op í plötu, en í brún þess ops var ekki bríkk til að hindra hugsanlegt vatnsrennsli þar niður.

Vísað er til vitna um ástand ofangreinds á tjóndegi.

4. Spurt er, hvort matsmenn telji forsvaranlegt vegna frosthættu að tengja ofn í bílskúr við hitastilli íbúðarinnar, eins og háttar til um bílskúr Þorkels Ingvarssonar í Gnoðarvogi 68. Svar er í svari við lið 1.

5. Matsmenn upplýsi, ef hægt er, hvaða pípulagningameistari lagði miðstöð í bílskúr Þorkels Ingvarssonar. Þorkell kvað „Magnús Hjaltested pípulagningarmann" hafa annazt lögn í bílskúr sinn, en hann mun nú vera að sækja um inngöngu í meistarafélag pípulagningameistara".

Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína.

Matsmaðurinn Sveinn Torfi Sveinsson bar fyrir dómi, „að það sé rétt skilið, að þeir matsmennirnir hafi ekki talið fráganginn á bílskúr" stefnda „verjanlegan". Hann kveður, „að í matsgerðinni lýsi þeir matsmennirnir ástandinu, eins og það var á matsdegi". Hann segir, „að í bílskúrinn hafi verið settur nýr ofn af annarri gerð en sá, sem þar var áður, og við það hljóti einhverjar breytingar að hafa verið gerðar", en matsmaðurinn telur, „að færsla á ofninum í bílskúrnum hafi hverfandi litla þýðingu, eins og skúrinn var úr garði gerður á matsdegi". Hann segir, „að segullokar vinni þannig, að í gegnum þá renni annaðhvort hámarks vatnsmagn, þegar þeir eru opnir, eða ekkert vatnsmagn, þegar þeir eru lokaðir".

Matsmaðurinn Guðjón Júlíusson ber, „að það muni hafa verið algengt að ganga frá lögnum í bílskúra eins og þarna

var gert, en vitnið tekur fram, að þarna skipti verulegu máli, hvernig frágangur bílskúrsins hafi verið að öllu leyti, hvernig einangrun hafi verið háttað, hvernig bílskúrshurðin hafi verið, loftop og annar frágangur. Vitnið tekur einnig fram, að svona mikil lækkun á hitastilli, eins og þarna er talað um, úr 25° niður í 12—15°, sé varhugaverð, þegar bílskúr sé frágenginn, eins og hér var um að ræða og í veðráttu eins og þarna var um að ræða".

Matsmaðurinn tekur fram, að hitastillirinn í íbúð stefnda sé í stofu. Hann segir 5. nóvember 1971 fyrir dómi, að efst undir loftplötu fremst í neðri hluta bílskúrs stefnda „sé kaldavatnslögn frá húsinu og sé stútur út úr veggnum með ventilkrana". Megi sjá, að gert hafi verið ráð fyrir niðurfalli í efri hluta bílskúrsins í norðausturhorni hans fyrir ofan skolppípuna, sem kemur þar út úr vegg í neðri hluta bílskúrsins.

Óskar Smith pípulagningameistari skilaði matsgerð í máli þessu. Er hún rakin í héraðsdómi. Hann staðfesti matsgerð sína fyrir dómi hinn 24. júní 1971. Hann kvaðst hafa verið viðstaddur, þá er mat þeirra Sveins Torfa Sveinssonar og Guðjóns Júlíussonar fór fram. Hann „kveðst hafa séð, að bílskúr Þorkels var ekki lengur hitaður upp með afrennslisvatni, heldur hafi hitaleiðsla í bílskúrinn verið tengd beint við inntak á kerfi Þorkels Ingvarssonar, þ. e. inntak í íbúðarkerfi Þorkels inni í húsinu". Hann ber, „að stilling á rennsli í þessa leiðslu sé framkvæmd með stillingu á ofnkrana í bílskúrnum". Segir hann, „að eftir breytinguna sé rennsli á heitu vatni í bílskúrinn ekki háð hita í íbúð Þorkels eða stillingu á hitastilli í henni". Enn fremur segir hann, „að er síðara matið var framkvæmt, hafi verið búið að færa ofninn í bílskúrnum innar á sama vegg", og „að er þeir Sveinbjörn framkvæmdu mat sitt, hafi ofninn verið staðsettur eins nálægt bílskúrshurðinni og hægt var". Segir hann, „að rörið í ofninn hafi verið milli hurðarinnar og ofnsins".

Aðiljar hafa eftir uppsögu héraðsdóms gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi.

Í húsinu nr. 68 við Gnoðarvog eru fjórar íbúðir, kjallari, fyrsta og önnur hæð og ris. Býr áfrýjandi á fyrstu hæð, en stefndi á annarri hæð. Þeir hafa látið reisa tvo samliggjandi bílskúra við húsið, og er kjallari undir hvorum tveggja skúr. Er bílskúr áfrýjanda nær húsinu, og er innangengt úr íbúð hans í skúrinn. Ekkert frárennsli er úr skúr stefnda, eftir því sem segir í matsgerð þeirra Sveins Torfa Sveinssonar og Guðjóns Júlíussonar. Fyrir dómi 24. janúar 1968 segir áfrýjandi, „að ekkert niðurfall sé í bílskúr sínum né kjallara þeim, sem þar er undir". Fyrir dómi 3. júní 1971 tekur hann fram, „að frárennsli sé frá bílskúr sínum, efra gólfi hans, og sé það tengt við aðalskólpleiðslu hússins" ... en „ekki sé hægt að hafa frárennsli frá neðra gólfi bílskúra þeirra aðiljanna, því að það liggi fyrir neðan skólpleiðslu í götu". Áfrýjandi skýrir svo frá, að sérhitalögn sé fyrir hverja íbúð hússins. Hafi upphaflega verið kynt með olíu og þá verið sérmiðstöðvarketill fyrir hverja íbúð, en tekið hafi verið að hita húsið með heitu vatni frá hitaveitukerfi borgarinnar í október 1966 og hitavatnsmælar verið settir upp í nóvember 1966. Pípulagningameistari sá, Helgi Jasonarson, sem annaðist hitalögn í húsið nr. 68 við Gnoðarvog, hefur vottað og borið fyrir dómi, að hann hafi að beiðni áfrýjanda „tengt bílskúr hans beint við inntak heitavatns og einnig hafa sett sjálfvirkan hitastilli". Stefndi bar fyrir dómi 9. september 1971, að „í fyrstu hafi olíukynding verið í húsinu sjálfu og hafi ofninn" í bílskúrnum „þá verið tengdur við það kyndikerfi og hafi verið einkakerfi fyrir hverja íbúð. ... Síðan hafi komið hitaveita í húsið haustið 1966 og hafi ekki verið talin þörf á að gera neina breytingu á ofninum í bílskúrnum eða lögn að honum. ... Helgi Jasonarson hafi séð um að framkvæma tengingar, þegar hitaveita kom í húsið, og hafi hann framkvæmt tengingar á hitakerfi íbúða aðilanna beggja og raunar í öllum íbúðum í húsinu ... og hafi Helgi ... ekki bent sér á, að breytinga væri þörf í sambandi við bílskúrinn". Magnús Hjaltested pípulagningamaður lagði upphaflega hitalögn í bílskúr stefnda. Var Magnús þá eigi fulllærður í iðninni, en hafði þó haft töluverða æfingu. Hann

hefur hinn 28. september 1971 borið fyrir dómi, að hann hafi sett nýja ofninn upp eftir tjónið 4. desember 1966. Hafi hann þá einnig breytt tengingu í ketilhúsi, þ. e. fært framrennsli bílskúrshitakerfisins yfir á kranavatn íbúðar stefnda og sett sjálfvirka hitastilla á ofnana í bílskúrnum.

Svo sem rakið var, sprakk hitavatnsofninn á efri hæð í bílskúr stefnda aðfaranótt hins 4. desember 1966. Rann heitt vatn úr ofninum m. a. gegnum vegginn milli bílskúra aðilja og niður í geymslukjallara undir bílskúr áfrýjanda. Olli vatnið miklum spjöllum á vörum, sem áfrýjandi átti í bílskúr stefnda aðfaranótt hins 4. desember 1966. Rann um málsins, sérstaklega matsgerð þeirra Sveins Torfa Sveinssonar og Guðjóns Júlíussonar, er í ljós leitt, að orsök eignatjónsins er sú, að vatn í hitavatnsofninum í bílskúr stefnda hefur frosið vegna lækkunar á hitastigi í hitavatnskerfi stefnda og ónógrar einangrunar og frágangi í bílskúr stefnda, en hinn sprungni ofn var eigi í beinu sambandi við kranavatnslögn. Verður, að svo vöxnu máli, að meta eignaspjöllin stefnda til ábyrgðar. Hins vegar er á það að líta, að áfrýjandi viðhafði eigi þá varúð sem skyldi. Hann geymdi í bílskúrsgeymslu sinni vörur, sem hann hafði tryggt gegn eldhættu fyrir kr. 1.800.000.00. Hann leiddi að vísu hitavatn beint frá kranavatnslögn í bílskúr sinn og hafði þar hitastilli. Honum mátti vera ljóst, að slæmur frágangur á hitalögn í bílskúr stefnda, sem sambyggður var bílskúr hans, gat valdið vatnshættu í sjálfs hans bílskúr. Hann tilkynnti stefnda samt ekki, að hann geymdi verðmætar vörur í bílskúrsgeymslu sinni, né benti stefnda á, að nauðsyn bæri til, eins og notkun bílskúrs áfrýjanda var háttað, að hita upp bílskúr stefnda beint frá kranavatnslögn. Að þessu athuguðu verður stefndi einungis dæmdur til að greiða tjón áfrýjanda að hluta.

Tjónkröfur áfrýjanda eru sundurliðaðar í héraðsdómi í 10 liðum. Liður 1, kr. 450.546.00, og liður 2, kr. 70.000.00, eru eigi vefengdir tölulega. Liðir 4 og 5, kostnaður af útnefningu matmanna og af mati, verða teknir til greina við ákvörðun málskostnaðar. Öðrum skaðabótaliðum er alger-

lega mótmælt. Eru þeir þess eðlis, að færa verður þá niður eftir álitum.

Þá er tekið er tillit til sakarskiptingar og niðurfærslu kröfuliðanna 2, 3 og 6—10, telst rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 350.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1967 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þorkell Ingvarsson, greiði áfrýjanda, Helga Ásgeirssyni, kr. 350.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. f. m., hefur Helgi Ásgeirsson kaupmaður, Gnoðarvogi 68 hér í borg, höfðað fyrir þænjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 9. maí 1967, á hendur Þorkeli Ingvarssyni, Gnoðarvogi 68 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 798.726.00 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. janúar 1967 til greiðsludags svo og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Við munnlegan flutning málsins var þess krafizt til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði sem í aðalkröfu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfurnar verði lækkaðar mjög verulega að mati dómsins. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru heldur engar kröfur gerðar í málinu.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 4. desember 1966 vildi það til, að heitt vatn rann úr bílskúr stefnda inn í bílskúr stefnanda, en skúrar þessir eru sambyggðir á lóðinni nr. 68 við Gnoðarvog hér í borg. Af þessum sökum urðu miklar skemmdir á vörum og vélum, sem geymdar voru í húsnæði stefnanda, svo og skemmdir á skúrnum sjálfum. Hinn 6. desember s. á. voru að beiðni stefnanda dómkvaddir af borgardómaranum í Reykjavík tveir menn til þess að segja fyrir um orsök leka þess, sem fram kom, og meta tjón á vörum og öðrum búnaði í bílskúrnum. Í matsgerð matsmannanna, þeirra Sveinbjörns Árnasonar kaupmanns og Óskars Smiths pípulagningameistara, sem dagsett er hinn 15. desember 1966, segir svo:

„Skoðun fór fram sama dag og beiðnin barst til okkar, kl. 8 síðdegis 6. desember. Viðstaddir voru auk matsmanna þeir Helgi Ásgeirsson, Gnoðarvogi 68, og Þorkell Ingvarsson, Gnoðarvogi 68, sem báðir eru eigendur að fyrrgreindri húseign.

Var okkur strax ljóst, þegar við komum í bílskúr Helga Ásgeirssonar, að mikið vatn hafði komið þar, og var sjáanlegt, að vatnið hafði verið allt að 40 cm hátt, síðan fórum við í bílskúr Þorkels Ingvarssonar, og sáum við, að miðstöðvarofn hafði sprungið, og stykki úr ofninum lá ofan á, og var það það stórt, að setja mátti fingurna inn í ofninn, var okkur sagt, að vatnið hefði verið ca. 170—180 cm hátt.

Bílskúrar þessir eru báðir steyptir úr steinsteypu og með kjallara undir, bílskúr Helga Ásgeirssonar stendur áfast við íbúðarhúsið, og er innangengt úr íbúðarhúsinu í bílskúrinn, en í bílskúr Þorkels Ingvarssonar, sem stendur fjær íbúðarhúsinu, þarf að ganga út til að komast inn í þann bílskúr. Inni í íbúðarhúsinu er miðstöðvarklefi og sér miðstöðvarkerfi fyrir hvorn eiganda, einnig sér hitaveitumælar. Fyrir bílskúr Þorkels Ingvarssonar er hurð úr plasti, sem við álítum litla einangrun og lítur út fyrir að vera óþétt. Áður nefndur miðstöðvarofn stendur rétt fyrir innan þessa plasthurð, og hefur sennilega frosið á ofninum, við að segullokinn á miðstöðvarkerfinu inni í húsinu hefur lokað fyrir hitann, þegar orðið er heitt í íbúð Þorkels Ingvarssonar, því hann er með hitastilli í sinni íbúð. Vatnið hefur sennilega farið inn um sprungur í gólfi eða vegg og komst þannig í bílskúr og kjallara hjá Helga Ásgeirssyni. Niðri í kjallara voru tvær saumavélar og rafmagnsklippur, og hafa mótorarnir sennilega orðið fyrir raka og gufu. Þessi raftæki verður fagmaður í rafmagni að skoða, áður en þau verða sett í gang aftur.

Þetta tjón metum við sé hæfilegt kr. 511.889.19 — fimm hundruð og ellefu þúsund átta hundruð áttatíu og níu 19/100".

„Auk þess varnings, sem skráður er á meðfylgjandi reikningum, hafa ýmsar aðrar vörur skemmzt af raka og hnjaski við tilfæringar, og þarf að strauja þær og skipta um umbúðir, sem er mjög tímafrekt og kostnaðarsamt, og er varla hægt að meta slíkan kostnað minna en 70 þús. krónur.

Svo verður einnig að taka til greina, að þetta er að langmestu leyti jólavarningur, sem dræm sala er í nema fyrir jól.

Vátrygging á kössum þessum var samtals 1.800.000.00 krónur.

Vélar og áhöld hafa einnig skemmzt af gufu og vatni, og koma þær skemmdir ekki í ljós, fyrr en fagmaður hefur farið yfir vélarnar".

Hinn 2. febrúar 1967 dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík að beiðni stefnanda tvo menn til að skoða og meta tjón á vörum í bílskúrnum. Í matsgerð matsmannanna, þeirra Björgvins Jónssonar kaupmanns og Friðriks Sigurbjörnssonar stórkaupmanns, sem dagsett er hinn 10. febrúar 1967, segir svo:

„Við skoðuðum og töldum upp varning þann, er okkur var sagt, að hefði lent í vatnsflóðinu 4/12 '66, en mestan hluta vefnaðarvörunnar, sem í flóðinu hafði lent, hafði Helgi Ásgeirsson látið þvo í þvottahúsi og ganga frá og þannig forðað verðmætum frá algjörri eyðileggingu.

Hins vegar taldi Helgi Ásgeirsson kostnaðinn við þvott og frágang á nefndum vefnaðarvörum hafa numið um kr. 45.000.00 — fjörutíu og fimm þúsund. —

Allar vörur þær, sem upptaldar eru á meðfylgjandi 9 fylgiskjölum, eru tilgreindar á heildsöluverði. Þær voru allar til staðar, nema ekki (sic) vörur tilgreindar á fylgiskjali númer 4, en þær hafði Helgi Ásgeirsson talið ónýtar og gefið Samstarfsnefnd Langholtssafnaðar samkv. hjál. vottorði, undirrituðu af Gísla Gíslasyni, formanni Samstarfsnefndar Langholtssafnaðar.

Samkvæmt hjálögðum 9 fylgiskjölum teljum við tjónið hæfilega metið á kr. 450.546.14 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund fimm hundruð fjörutíu og sex 14/100 — og er þá ekki talinn neinn kostnaður við tilfærslur né umbúðaskipti né strauningar né þvottur né nokkur vinnukostnaður í sambandi við tjónið.

Vegna þess hve langt er um liðið síðan tjónið átti sér stað, getum við ekki gert okkur grein fyrir þessum kostnaðarliðum, en bendum á fyrra mat þeirra Sveinbjarnar Árnasonar og Óskars Smith, er töldu þessa liði nema kr. 70.000.00".

Er tilmælum stefnanda um, að þeir aðiljarnir semdu um greiðslu bóta, var eigi sinnt, höfðaði hann mál þetta.

Dómkröfur stefnanda eru sundurliðaðar þannig:

1.	Tjón á vörum samkvæmt mati, dags. 10. febrúar 1967	kr. 450.546.00
2.	Straujun, umbúðaskipti á vörum vegna raka og hnjasks samkvæmt mati, dags. 10. febrúar 1967, sbr. mat, dags. 13. (á að vera 15.) desember 1966	— 70.000.00
3.	Þvottur á vörum samkvæmt reikningi	— 45.000.00
4.	Matskostnaður 15. desember 1967	— 8.000.00
5.	Útnefning matsmanna, tvívegis	— 880.00
6.	Vinna Steindórs Steindórssonar við vatnsaustur, þurrkun, hreinsun, aðstoð við matsmenn, akstur o. fl. samkvæmt reikningi	— 15.800.00
7.	Vinna við hreinsun, Brynja Helgadóttir	— 6.500.00
8.	Vinna við hreinsun og þurrkun, Á. Ágústsdóttir	— 12.000.00
9.	Vinna stefnanda sjálfs vegna tjónsins	— 15.000.00
10.	Tapaður hagnaður af sölu þeirra vara, sem eyðilögðust, vaxtatap, vinna óreiknuð annars staðar, allt reiknað 25% af kr. 700.000.00, sem er ætlað söluverðmæti hinna skemmdu vara fullunninna	— 175.000.00
		Alls kr. 798.726.00

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að stefndi beri gagnvart stefnanda fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum greinds vatnsflóðs, er átt hafi upptök sín í fasteign stefnda og annað hvort hafi stafað af biluðum tækjum hans, sem þar eru tengd, eða því, að frágangur tækjanna hafi ekki verið eins og hann átti að vera. Krefst stefnandi þess, að stefndi bæti tjón þetta að fullu.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að ekki verði lögð á hann hlutlæg ábyrgð á tjóni stefnanda. Einnig er því haldið fram, að stefndi hafi enga sök átt á því, að heitt vatn tók að renna úr bílskúr hans og þaðan í bílskúr stefnanda. Er því haldið fram, að dagana áður en tjónið varð, hafi verið verulegt frost hér í borginni og hafi það dregið verulega úr rennsli

heits vatns í þessum borgarhluta, bæði í hús aðilja máls þessa og svo í önnur hús í nágrenninu. Hins vegar hafi verið komið þíðviðri, þegar miðstöðvarofninn sprakk í bílskúr stefnda með þeim afleiðingum, sem raun varð á.

Umræddir bílskúrar eru sambyggðir, og er hvor þeirra tvær hæðir. Bílskúr stefnanda stendur fast við húsið nr. 68 við Gnoðarvog, og er innangengt í hann úr húsinu um dyr, sem gerðar hafa verið á vegg aðalbyggingarinnar. Miðstöðvarofn sá, sem sprakk, er á efri hæð bílskúrs stefnda og stendur við vegginn milli bílskúranna. Fyrir dyraopi bílskúrs stefnanda hefur verið slegið upp þili úr mótatimbri, og er á því hurð. Fyrir dyraopi bílskúrs stefnda er rennihurð úr plasti.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi keypt íbúð í umræddu húsi á árinu 1958 eða 1959 og hafi íbúðin þá verið tilbúin undir tréverk og málningu. Kveðst hann síðan hafa látið ganga frá íbúðinni og hafi iðnaðarmenn unnið að því. Stefndi segir það svo hafa verið nokkrum árum seinna, að þeir aðiljar máls þessa hafi látið steypa bílskúrana við húsið, og hafi það verið gert samkvæmt samþykkt byggingarfulltrúa. Kveður hann hitalagnir hafa verið lagðar í bílskúrana þá um leið. Kveður stefndi sig minna, að sami meistari hafi séð um lagningu miðstöðvar í báða bílskúrana. Kveður stefndi framkvæmdirnar við bílskúrana hafa verið unnar sameiginlega fyrir þá báða og hafi þeir síðan gert upp sín í milli. Stefndi kveður hitaveituleiðslurnar í sambandi við aðalkerfi íbúðar sinnar og sé hitanum í bílskúrnum stjórnað með hitastilli, sem sé í íbúðinni. Stefndi kveður aldrei hafa alveg verið lokað fyrir hitastillinn, heldur sé hann aðeins hækkaður og lækkaður eftir atvikum, þannig að ávallt sé einhver hiti á ofnunum allan sólarhringinn. Kveður hann hitastillinn yfirleitt lækkaðan úr 25½ C° niður í 12—15 C°. Stefndi kveðst aldrei hafa orðið var við, að ofnarnir í bílskúrnum hafi verið óeðlilega kaldir, jafnvel þótt frost væri, og hafi hann því verið algerlega grunlaus um það, að ofninn kynni að springa. Stefndi kveður keypta hafa verið tékkneska ofna í íbúðina og bílskúrinn, enda hafi ekki verið annað að fá. Ekki kveður stefndi það hafa komið fram hjá pípulagningameistara þeim, sem sá um hitalögnina, að gæta þyrfti sérstakrar varúðar eða meðferðar í sambandi við miðstöðvarlögnina í bílskúrnum. Stefndi kveðst ekki hafa vitað til þess, að stefnandi hefði með höndum svo stórkostlegan atvinnurekstur í bílskúr sínum sem raun hafi verið á, enda þótt stefndi kveði sig hafa grunað, að

þar væri alla vega geymsla eða lager. Stefndi kveður bílskúr sinn að mestu leyti hafa verið notaðan sem slíkan, en þó hafi sonur sinn, sem verið hafi við nám við útvarpsvirkjun, notað bílskúrinn um tíma til útvarpsviðgerða, en hann hafi verið hættur því, er umrætt óhapp varð. Þá kveðst stefndi hafa haft vörur í bílskúr sínum öðru hverju stuttan tíma í einu, einkum teppafílt og því um líkt, og hafi hann ávallt látið vátryggingafélag það, sem hann tryggði hjá, vita um þetta og hafi félagið samþykkt þessa geymslu.

Stefnandi kveðst aldrei hafa notað bílskúr sinn til bifreiðargeymslu. Hann kveðst hafa haft mikið af vörum bæði í bílskúrnum og í húsinu og í kjallara þeim, sem undir bílskúrnum er. Kveðst stefnandi hafa pantað vörur þessar hjá innflytjendum og hafi þær komið í pökkum og mikið til óunnar. Hafi þetta verið svokölluð blönduð vara. Stefnandi kveður gengið hafa verið frá vörum í bílskúrnum og í kjallaranum undir honum. Kveðst stefnandi hafa unnið að þessu sjálfur og eins hafi kona hans og dóttir unnið við þetta. Ekki kveðst stefnandi vita, hversu mikið verðmæti hafi þarna verið á þeim tíma, er umræddur atburður varð, en hann kveðst hafa brunatryggt vörurnar fyrir 1.800.000.00 kr. Stefnandi kveðst hafa haft umræddan atvinnurekstur með höndum í um það bil fjögur ár, þegar umræddur atburður varð. Ekki kveður stefnandi niðurfall vera í bílskúr sínum eða í kjallara þeim, sem undir honum er. Stefnandi kveður bílskúr sinn vera hitaðan upp með hitaveitu og liggi sérleiðsla í bílskúrinn beint frá hitaveituinntaki. Hann kveður sjálfvirkan rofa vera á þeirri leiðslu, er stilli hitann. Kveðst stefnandi aldrei hafa orðið var við, að heitt vatn hafi skort, jafnvel þótt kalt væri í veðri.

Það verður að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að tjónið á vélum og varningi í bílskúr stefnanda hafi orðið, er miðstöðvarofn í bílskúr stefnda sprakk af frosti og vatnið streymdi síðan út úr honum, er þiðnaði á ný. Það hefur eigi verið vefengt, að stefndi hafi látið sérfróðan mann annast lagningu hitakerfis í bílskúr sinn. Það þykir eigi í ljós leitt, að orsök þess, að ofninn í bílskúr stefnda sprakk af frosti og að vatnið streymdi síðan út úr honum, er þiðnaði, verði rakin til atvika, sem stefndi eig sök á. Þykir því verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt

samdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra og Runólfi Jónssyni pípulagningameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Þorkell Ingvarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. febrúar 1972.

Nr. 20/1971. **Kaupfélag Eyfirðinga**
(Friðrik Magnússon hrl.)
gegn
Haraldi Jóhannssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1971 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 37.475.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 31. desember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að vextir verði ákveðnir 7% ársvextir. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar máls þessa voru samþykkir því að reka mál þetta í héraði fyrir bæjarþingi Akureyrar, sbr. 1. mgr. 81. gr. og 3. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Aðiljar málsins eru sammála um, að vöruúttekt sú, er mál þetta er risið af, hafi farið fram á Akureyri hjá byggingavörudeild áfrýjanda, en þeir, sem viðskipti þessi önnuðust vegna áfrýjanda, hafa ekki verið kvaddir fyrir dóm til að skýra frá því, hvernig samið hafi verið um greiðslu, og eigi er upplýst, hvort eða hvernig viðskiptin voru færð í bækur áfrýjanda á Akureyri aðrar en frumbækur.

Þar sem nauðsynlegt er, að upplýsingar um þessi atriði séu fyrir hendi, áður en dómur er kveðinn upp í máli þessu í héraði, þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 24. desember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með réttarstefnu, útgefinni 25. nóvember 1969, af Jakob Frímannssyni forstjóra f. h. Kaupfélags Eyfirðinga, Akureyri, á hendur Haraldi Jóhannssyni forstjóra, Bakka, Grímseyjarhreppi. Málið var þingfest 12. janúar 1970. Birtingu var áfátt, en stefndi sótti þing sjálfur hinn 19. s. m. og samþykkti varnarþing á Akureyri.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 37.475.62 auk 10% ársvaxta frá 31. desember 1967 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 9.943.17 auk vaxta, eins og krafizt er.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að hún sé samkvæmt viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda og hafi skuld stefnda hinn 1. janúar 1967 numið kr. 56.434.62. Á því ári var nokkur hreyfing út og inn á reikningnum, og lækkaði skuld

stefnda á árinu um kr. 18.958.90, og nam hún í árslok kr. 37.475.62, eða stefnukröfunni, og hafði hún þá verið vaxtareiknuð með kr. 4.670.10. Aðallega er um að ræða millifærslur, greiðslur og síðan endurgreiðslur vátryggingargjalda, en engin raunveruleg úttekt er á árinu. Hinn 1. júlí þ. á. hefur stefndi greitt kr. 20.000.00 inn á reikning sinn.

Stefnandi heldur því fram, að á reikningi stefnda séu úttektir vegna Fiskvinnslustöðvarinnar h/f, Grímsey, sem stofnuð var á árinu 1965 og skrásett 10. maí s. á. Stefndi er formaður félagsstjórnar og prókúruhafi. Á árinu 1965 hóf félagið byggingu beinamjölsverksmiðju. Óskaði stefndi f. h. Fiskvinnslustöðvarinnar h/f eftir reikningsviðskiptum við Útibú Kaupfélags Eyfirðinga, Grímsey, vegna byggingarinnar. Útibússtjórinn neitaði því, nema að fengnu leyfi framkvæmdastjóra kaupfélagsins, og mun það eigi hafa fengizt. Kveður útibússtjórinn stefnda hafa tekið út hinn 12. ágúst 1965 á Akureyri sement fyrir kr. 8.370.00 að viðbættum aksturskostnaði, kr. 258.85, eða samtals kr. 8.628.85. Reikningur vegna þessarar úttektar var sendur útibúinu í Grímsey til innheimtu, og var hann færður stefnda til skuldar, þótt hann væri stílaður á nafn Fiskvinnslustöðvarinnar h/f, og var það gert með samþykki stefnda að sögn útibússtjórans. Þá kveður stefnandi hafa verið teknar út vörur í september og október 1966 á Akureyri fyrir kr. 19.269.90 að frádregnum kr. 366.00, eða kr. 18.903.60, vegna greindrar byggingar og hafi það á sama hátt verið fært á reikning stefnda.

Stefndi hefur neitað því, að greindar úttektir séu sínar persónulegar skuldir, heldur séu þær skuldir Fiskvinnslustöðvarinnar h/f, en beinamjölsverksmiðja þess var seld á nauðungaruppboði haustið 1969. Kveðst hann sem prókúruhafi fyrirtækisins hafa lofað greiðslu með samþykktum víxli f. h. fyrirtækisins og ávísun á ógreitt hlutafjárloforð, en því hafi verið synjað. Kveðst stefndi hafa tekið út vörur f. h. Fiskvinnslustöðvarinnar hjá útibúi stefnanda í Grímsey og hefur lagt fram reikninga því til sönnunar. Reikningar þessir voru ekki færðir á viðskiptareikning stefnda, heldur fékk hann peningalán í árslok 1966 til þess að greiða þá, og kveður hann það hafa verið gert að beiðni útibússtjórans, sem hafi um leið lofað, að úttektir þessar yrðu endurfærðar á nafn fyrirtækisins í byrjun næsta árs. Þessu hefur útibússtjórinn neitað og úttektir þessar hafi átt að greiðast með staðgreiðslu.

Stefndi hefur mótmælt því, að útibússtjórinn hafi sagt sér, að

hann þyrfti að afla úttektarheimildar framkvæmdastjóra kaupfélagsins vegna Fiskvinnslustöðvarinnar.

Samtals nema upphæðir þær, sem færðar hafa verið á reikning stefnda vegna Fiskvinnslustöðvarinnar h/f kr. 27.532.45. Þar sem ekki liggur fyrir yfirlýsing stefnda um ábyrgð hans á greindri upphæð, ber að sýkna hann af kröfu stefnanda að þessu leyti og taka varakröfu hans til greina, enda verður ekki, eins og málum er háttað, unnt að meta honum til sakarspjalla tómlæti um mótmæli gegn greindri bókfærslu stefnanda, en útibússtjórinn kveðst hafa sent stefnda yfirlitsreikning um hana.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9.943.17 auk 10% ársvaxta frá 31. desember 1967 til greiðsludags.

Málskostnað ber stefnda að greiða, kr. 4.000.00, til stefnanda.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Jóhannsson, greiði Kaupfélagi Eyfirðinga kr. 9.943.17 með 10% ársvöxtum frá 31. desember 1967 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1972.

Nr. 145/1970. **Eiríka Guðmundsdóttir**
(Árni G. Finsson hrl.)

gegn

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og gagnsök
(Einar Viðar hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Umboð. Frávísun gagnsakar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1970 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. september 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 84.333.40 ásamt 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 27. maí 1970, og aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu 29. júlí s. á. Voru því liðnir meira en þrír mánuðir frá uppkvaðningu héraðsdóms og meira en þrjár vikur frá því, að aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar, þar til gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu, 2. september 1970, sbr. 1. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Gagnáfrýjandi aflaði sér ekki gagnáfrýjunarleyfis, þótt áfrýjunarfrestir væru liðnir, sbr. 2. og 4. mgr. 20. gr. greindra laga. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa gagnsök í máli þessu frá Hæstarétti.

Málsatvik eru skilmerkilega greind í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal umburðarbréf stefnda til viðskiptavina sinna, dags. 8. desember 1965. Óumdeilt er, að áfrýjanda barst bréf þetta, en í því segir:

„Þar sem nú líður að áramótum, þurfum vér að fá endurnýjaðar tryggingar þær, sem viðskiptamenn vorir hafa látið oss í té vegna lánsviðskipta sinna við stofnunina.

Undanfarið hafa tryggingar þessar í flestum tilfellum verið í formi víxla.

Þetta fyrirkomulag hafði sína kosti að því leyti, að menn gátu lagt hér inn tryggingarvíxil, sem gilti fyrir eitt ár, og öðlazt þannig rétt til lánsviðskipta að vissu marki.

Óhjákvæmileg, árleg endurnýjun tryggingarvíxlanna hefur samt reynzt óþarflega þung í vöfum, og viljum vér bæta úr því.

Hefur því annað fyrirkomulag verið ákveðið frá og með næstu áramótum. Er það sjálfskuldarábyrgð, en kostir hennar umfram víxlana eru aðallega þeir, að hún þarf ekki endurnýjunar við, en heldur gildi sínu, svo lengi sem lánsviðskipti vara.

Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að herða eftirlit með útlánum. Verður því gengið fast eftir því, að vörulán stofnunarinnar fari ekki fram úr því, sem tryggingar hvers og eins viðskiptamanns segja til um.

Lánsviðskipti verða því stöðvuð hjá öllum þeim, sem ekki hafa gengið frá viðskiptatryggingum sínum 1. janúar n. k.

Vér sendum yður hér með eyðublað fyrir sjálfskuldarábyrgð.

Sé um hlutafélag eða kaupfélag að ræða, þarf persónulega undirskrift stjórnar.

Einstaklingar þurfa hins vegar að afla undirskriftar tveggja eða fleiri ábyrgðarmanna, sem vér metum gilda".

Þrátt fyrir það að áfrýjanda barst bréf þetta, tilkynnti hún eigi stefnda, að hún hefði hætt verzlunarrekstri sínum og bróðir hennar, Guðmundur heitinn Guðmundsson, tekið við honum.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 84.333.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Eins og máli þessu er háttað, er eigi ástæða til að ómerkja héraðsdóminn, þótt það hafi verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 2. tl. 200. gr. i. f. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eiríka Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, kr. 84.333.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., hefur Einar Viðar hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað f. h. Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, Reykjavík, með stefnu, birtri 26. september 1969, á hendur Eiríku Guðmundsdóttur, Strandgötu 35 B, Hafnarfirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 84.333.40 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og henni verði enn fremur tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að síðla árs 1961 byggði stefndi biðskýli á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Í bilskýli þessu rak hún verzlun fram á árið 1962. Eigi var fyrirtæki þetta skrásett. Stefndi var sjúklingur á þessum tíma. Annaðist bróðir hennar, Guðmundur heitinn Guðmundsson kaupmaður, verzlunarreksturinn fyrir stefnda. Samdi hann við stefnanda fyrir hönd stefnda um úttektir á tóbaki hjá stefnanda og annaðist síðan um greiðslu á þessum úttektum. Í sambandi við úttektir þessar gaf Guðmundur heitinn Guðmundsson út og ábakti tryggingarvíxil hinn 31. janúar 1962 að fjárhæð kr. 40.000.00. Var víxill þessi samþykktur af stefnda f. h. biðskýlisins á Hvaleyrarholti til greiðslu við sýningu. Víxill þessi var afhentur stefnanda til tryggingar á greiðslum á úttektum til biðskýlisins. Víxill þessi var aldrei sýndur til greiðslu.

Stefndi hefur borið, að á árinu 1962 hafi hún leigt Guðmundi heitnum Guðmundssyni, bróður sínum, verzlunina í biðskýlinu á Hvaleyrarholti. Hafi hann síðan rekið verzlun í nefndu biðskýli, unz hann lézt 9. nóvember 1967. Stefndi tilkynnti stefnanda eigi um það, að nefndur bróðir hennar væri tekinn við rekstri verzlunar þessarar. Ekki var heldur skráð opinberlega um það, að aðiljaskipti hefðu orðið að verzlunarrekstri þessum.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að meðan hún rak verzlunina í biðskýlinu, hafi Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir hennar, ávallt pantað fyrir sig vörur hjá stefnanda og séð um að koma þeim suður til Hafnarfjarðar. Enn fremur hafi Guðmundur heitinn séð um greiðslur fyrir sig til stefnanda, og kvaðst hún sjálf,

meðan hún rak verzlun í biðskýlinu, aldrei hafa rætt við fyrirsvarsmenn stefnanda út af úttektum til biðskýlisins.

Stefndi sagði, að þegar Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir hennar, hafi yfirtekið verzlunarreksturinn í biðskýlinu, þá hafi verið gerð upp skuld við stefnanda vegna úttektar, sem gerð hafði verið, meðan stefndi rak verzlun í biðskýlinu.

Vitnið Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri hjá stefnanda, hefur komið fyrir dóminn og borið, að Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir stefnda, hafi fært sér framangreindan tryggingarvíxil. Kvaðst það hafa innt Guðmund heitinn eftir því, hver ræki biðskýlið, og hafi hann sagt, að hann annaðist um það fyrir stefnda. Hafi Guðmundur heitinn síðan ávallt séð um að greiða úttektir hjá stefnanda og gert það reglulega í hverjum mánuði. Kvað vitnið Guðmund heitinn aldrei hafa orðað það við sig, að hann væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu, og kvaðst það aldrei hafa fengið neina tilkynningu þar um. Vitnið tók það fram, að það hafi frá upphafi staðið í þeirri meiningu, að stefndi ætti þetta skýli, enda hafi engin breyting þar á verið orðuð við sig. Vitnið kvað stefnda aldrei hafa rætt við sig. Ekki kvað vitnið nokkru hafa breytt um vilja stefnanda til að lána úttektir til biðskýlisins, þótt stefnandi hefði fengið vitneskju um það, að Guðmundur heitinn Guðmundsson væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu, enda hafi Guðmundur heitinn verið einstakur skilamaður. Hins vegar hefði Guðmundur heitinn þá orðið að setja fram nýja tryggingu, enda verði allir að gera það, sem eigi slík viðskipti við stefnanda. Vitnið kvað stefnanda nú hættan að taka víxla sem tryggingar fyrir úttektum, heldur krefjist hann nú sjálfsskuldarábyrgðar, fasteignaveðs eður bankatryggingar. Vitnið mundi ekki, hvenær breytt hafði verið til í sambandi við tryggingar þessar, en þegar breytingar hafi verið gerðar, hafi þeir viðskiptamenn, sem búnir voru að gefa út tryggingarvíxla, verið látnir setja tryggingar í nýju formi nema einstaka maður, sem ávallt hafði sýnt sig að skilsemi.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að Guðmundur heitinn Guðmundsson, bróðir stefnda, hafi komið fram fyrir hennar hönd og gert framangreind viðskipti við stefnanda á vegum stefnda. Stefnanda hafi ekkert verið tilkynnt um það, að Guðmundur heitinn Guðmundsson væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu. Það hafi stefnda borið að gera til að firra sig ábyrgð á frekari úttektum. Ekki hafi heldur verið

neitt skrásett um það opinberlega, að stefndi væri hættur að reka verzlun í biðskýlinu og bróðir hennar tekinn við rekstrinum. Að endingu bendir stefnandi á það, að ef stefndi hefði látið vita um það, að nýr aðili væri tekinn við verzlunarrekstrinum, hefði verið krafizt nýrrar tryggingar af honum. Um þetta hafi stefnandi aldrei fengið neitt að vita og því verið í þeirri trú, að stefndi ræki enn verzlunina í biðskýlinu.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að hún hafi hætt verzlunarrekstrinum í biðskýlinu á árinu 1962 og ekki annazt hann síðan. Þá hafi bróðir hennar, Guðmundur heitinn Guðmundsson, tekið við rekstri verzlunarinnar á eigin ábyrgð og kostnað og rekið hana í fimm ár, eða þar til í nóvember 1967, er hann féll frá. Úttekt sú, sem stefnt er um í máli þessu, er því gerð á þeim tíma, sem Guðmundur heitinn Guðmundsson rak verzlun þessa. Telur stefndi sig því ekki réttan aðilja að máli þessu, heldur dánarbú Guðmundar Guðmundssonar, sem var þrotabú. Beri því að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, sbr. 45. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði. Enn fremur bendir stefndi á það, að úttektir þær, sem gerðar hafi verið hjá stefnanda, meðan hún rak verzlunina, séu löngu greiddar og hefði stefnanda því borið að afhenda stefnda víxilinn, er hún greiddi skuldir sínar við hann árið 1962.

Þá vekur stefndi enn fremur athygli á því, að tryggingarvíxill þessi hafi verið sýningarvíxill, en eigi sýndur innan þess frests, sem áskilinn er í 34. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933. Sé því allur réttur samkvæmt honum niður fallinn fyrir löngu. Að endingu heldur stefndi því fram, að hún hafi verið alveg grandlaus um það, að hún kynni að verða krafin um skuld vegna margnefndrar verzlunar, fimm árum eftir að hún hafi hætt verzlunarrekstrinum.

Stefndi fékk Guðmund heitinn Guðmundsson, bróður sinn, til að sjá fyrir sig um rekstur verzlunar þeirrar, er hún rak í nefndu biðskýli. Annaðist greindur bróðir hennar úttektir á vörum hjá stefnanda vegna verzlunarinnar og sá um greiðslur. Vitnið Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri hjá stefnanda, hefur borið, að Guðmundur sálugi hafi sagt sér, að hann annaðist um verzlunarreksturinn fyrir stefnda, og var stefnanda afhentur framangreindur tryggingarvíxill, sem nú er reyndar löngu fyrndur, til tryggingar á úttektum vegna verzlunarinnar hjá stefnanda.

Samkvæmt þessu er ljóst, að Guðmundur heitinn Guðmunds-

son, hefur komið fram sem umboðsmaður stefnda vegna verzlunarrekstrarins gagnvart stefnanda.

Stefndi kveðst hafa hætt verzlunarrekstri þessum árið 1962. Ekki athugaði hún að tilkynna stefnanda þetta, og eigi var neitt um þetta skráð opinberlega, þannig að stefnandi mætti um þetta vita. Vitnið Ragnar Jónsson kveður Guðmund heitinn aldrei hafa orðað við sig, að hann væri búinn að yfirtaka verzlunarreksturinn í biðskýlinu. Verður því að telja, að stefnandi hafi hvorki vitað né mátt vita, að aðiljaskipti hafi orðið á rekstrinum það ár, sem stefndi heldur fram. Þykir því eigi verða hjá því komizt, sbr. 19. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, að telja stefnda bera ábyrgð gagnvart stefnanda á þeirri úttekt, sem stefnt er um í máli þessu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmd til að gjalda hina umstefndu fjárhæð ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríka Guðmundsdóttir, greiði stefnanda, Einari Viðar hæstaréttarlögmanni f. h. Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, kr. 84.333.40 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1972.

Nr. 4/1971. **Ragnar Björnsson**
Ríkharður Árnason
Reynir Björnsson
Jóhann S. Marteinsson
Steindór Úlfarsson og
Sigurvin Jónsson
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Stefán Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 13. janúar 1971. Krefjast þeir þess aðallega, að „hinum áfrýjaða dómi að undanskildu málskostnaðarákvæði hans verði hrundið og að viðurkennt verði ..., að gagnáfrýjanda hafi borið að greiða svonefnt skipulagsgjald skv. 35. gr. laga nr. 19/1964, að fjárhæð kr. 16.413.00, vegna stigahússins Hjaltabakka 4 sem byggjanda hússins". Til vara krefjast aðaláfrýjendur þess, að viðurkennt verði, „að aðaláfrýjendum hafi ekki borið að greiða skipulagsgjald þetta". Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. febrúar 1971. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða málskostnað í héraði svo og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur, sem voru stefnendur máls þessa í héraði, höfðu þar uppi þær dómkröfur í stefnu, að viðurkennt yrði, „að stefndu beri samkvæmt samningum stefnenda og stefndu með stoð í gildandi lögum og reglugerðum að greiða svonefnt skipulagsgjald vegna stigahússins Hjaltabakki 4".

Hér fyrir dómi hefur komið fram, að áfrýjendur inntu skipulagsgjaldið af höndum á tímabilinu frá 28. apríl til 11. júní 1969, en héraðsdómsstefnan í máli þessu er útgefin 18. júlí 1969.

Þar sem atvikum var þannig háttað, er bæði kröfugerð og reifun málsins byggð á röngum grundvelli og málið því ódómhæft, eins og það liggur fyrir. Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 10.000.00.

Rétt er, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun séu óröskuð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun skulu vera óröskuð.

Aðaláfrýjendur, Ragnar Björnsson, Ríkharður Árnason, Reynir Björnsson, Jóhann S. Marteinsson, Steindór Úlfarsson og Sigurvin Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1970.

1.0.

Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 4. september 1969. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 8. desember 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Stefnendur máls þessa eru Ragnar Björnsson, Ríkharður Árnason, Reynir Björnsson, Jóhann S. Marteinsson, Steindór Úlfarsson og Sigurvin Jónsson, allir til heimilis að Hjaltabakka 4, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra vegna Húsnæðismálastofnunar ríkisins f. h. ríkissjóðs Íslands.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 6. júní 1969, var stefnendum veitt gjafsókn í máli þessu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefnda hafi borið að greiða svonefnt skipulagsgjald vegna stigahússins Hjaltabakka 4 sem byggjanda þess húss. Þá er þess krafizt, að stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Með reglugerð, dags. 28. apríl 1967, settri í samræmi við 1. gr. laga nr. 97/1965 um breytingu á lögum nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er ákveðið að byggja 1250 íbúðir á árinu 1966 til 1970 í Reykjavík á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar í samvinnu við verkalýðsfélögin.

Þeim 1000 íbúðum, sem komu í hlut ríkisins samkvæmt reglugerðinni, skyldi Húsnæðismálastjórn ráðstafa að fengnum tillögum þriggja manna nefndar verkalýðsfélaganna í Reykjavík, aðallega til láglaunafólks, sem væru félagar í verkalýðsfélögunum. Íbúðirnar skyldi auglýsa með hæfilegum umsóknarfresti fyrir væntanlega kaupendur. Í tilvitnaðri reglugerð er kveðið á um sérstaka fimm manna framkvæmdanefnd, sem samkvæmt reglugerðinni skal m. a. „ákveða skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar fullgerðar íbúðir, þegar nauðsynlegar upplýsingar eru fyrir hendi", en söluverð hverrar íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar samkvæmt 15. gr. tilvitnaðrar reglugerðar.

Greiðsluskilmálar í reglugerðinni eru tilteknir þannig, að kaupandi skyldi greiða 20% af andvirði íbúðarinnar á 4 árum, en afgangur andvirðisins, 80% af söluverði, skyldi greiðast með láni frá Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Umræddar 1000 íbúðir skyldu byggðar í áföngum. Í fyrsta áfanga var fjöldi íbúða og einbýlishúsa á vegum ríkisins 283.

Í aprílmánuði 1967 voru íbúðir þessar það vel á veg komnar, að auglýst var eftir umsóknum, og var sú auglýsing birt 20.—21. maí 1967. Úthlutun hófst upp úr 15. júní 1967, og var þeim umsækjendum, sem gefinn var kostur á íbúðum, tilkynnt það jafnharðan bréflega.

Mál þetta fjallar einmitt um nokkrar slíkar íbúðir. Deilumálið sjálft snýst um það, hvor aðili, kaupandi eða seljandi, eigi að greiða svonefnt skipulagsgjald, sbr. lög nr. 64/1938 og 1. gr. laga nr. 18/1951 um breytingu á þeim lögum og reglugerð nr. 209/1952, en gjald þetta fellur í gjalddaga, þegar er brunabótavirðing hefur farið fram á tilteknum nýbyggingum.

Umboðsmaður stefnenda hefur upplýst, að mál þetta varði í raun 208 íbúðareigendur að Hjaltabakka 2—16, Hjaltabakka 18—32, Grýtubakka 2—16 og Grýtubakka 18—32 (jöfnu tölurnar), enda þótt málið sé að formi til aðeins höfðað vegna eigenda íbúða í stigahúsinu að Hjaltabakka 4, Reykjavík.

Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1969, hefur fjármálaráðuneytið samþykkt að líta á niðurstöðu þessa máls sem fullnaðarúrskurð um skipulagsgjöld allra ofangreindra húsa og hlutaðeigandi eigenda íbúða.

Það er enginn ágreiningur um það, að gögn þau, sem hér á eftir verða rakin, eiga jafnt við um alla stefnendur, þótt það verði ekki tiltekið í hverju einstöku falli.

2.2. Í bréfi, dags. 4. október 1967, til stefnanda Ragnars Björnssonar segir svo:

„Samkvæmt umsókn yðar vill Húsnæðismálastjórn hér með gefa yður kost á að kaupa 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi í yfirstandandi byggingaráfanga FB í Breiðholti.

Íbúðin selst í því ástandi, sem lýst var í skýringum með umsókn, og með þeim kjörum og skilmálum, sem greinir í reglugerð frá 28. apríl 1967, svo og nánari ákvæðum, sem sett verða við afsal.

Réttur yðar til ofangreindra kaupa stendur til og með 25. október 1967. Fyrir þann tíma ber yður, ef þér hyggist gera kaupin, að greiða til veðdeildar Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, 5% af áætluðu kostnaðarverði íbúðarinnar, sem er kr. 785.000, og nemur því greiðslan, sem inna ber af hendi fyrir ofangreindan tíma, kr. 39.250.00. Næsta ársgreiðsla, 5% af endanlegu kostnaðarverði, greiðist við afhendingu íbúðar. Jafnframt ber að setja tryggingu fyrir þremur næstu árgjöldum, samanber ákvæði til bráðabirgða í fyrrgreindri reglugerð.

Íbúðin verður afhent fullfrágengin í samræmi við lýsingu, og verður afhendingartími ákveðinn síðar. Gera má ráð fyrir, að afhendingu seinki um 2—3 mánuði frá áður áætluðum tíma.

Þegar í ljós kemur, hverjir hafa hug á kaupum, mun kaupendum skipað í íbúðir innan hvers stærðarflokks, en afnota- og

afskiptaréttur kaupenda hefst fyrst, þegar afsal verður gefið út, þ. e. við afhendingu íbúðar.

Ef þér skylduð ekki hafa hug á framangreindum kaupum, óskast það tilkynnt bréflega til Húsnæðismálastofnunar ríkisins sem allra fyrst og eigi síðar en 25. október n. k.

Virðingarfyllst,
f. h. Húsnæðismálastjórnar,
Sigurður Guðmundsson".

Skýringar með umsókn þeirri, er vitnað er til í bréfinu, hafa verið lagðar fram í málinu. Deilumál það, sem hér er til úrlausnar, gefur ekki tilefni til þess, að efni þeirra sé nánar rakið.

Bréfi þessu hefur væntanlega verið svarað með jákvæðum hætti, því að ofangreindur Ragnar fær á ný bréf frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, dags. 5. maí 1968, en efni þessa bréfs er þetta:

„Hér með tilkynnist yður, að Húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að undangengnum útdrætti, að íbúð sú, sem yður var gefinn kostur á að kaupa í byggingum FB í Breiðholti með bréfi, dags. 4. okt. 1967, skuli vera í húsinu Hjaltabakka 2—16, Reykjavík.

Nákvæm staðsetning íbúðarinnar verður yður síðar tilkynnt með bréfi.

Íbúðin er fullfrágengin og er seld í samræmi við lýsingu í skýringum með umsókn, svo sem nánar er tilgreint í afsali.

Endanlegt kostnaðarverð íbúðarinnar er kr. 934.000.00 að viðbættum kostnaði vegna þinglýsingar. Ber yður að greiða það með neðangreindum hætti: ATH. Þinglýsingargjald, stimpilgjald og lántökugjald er kr. 18.240.00.

A. 5% kostnaðarverðs — að viðbættum þinglýsingarkostnaði — að upphæð kr. 49.250.00 ber yður að greiða til Veðdeildar Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, eigi síðar en hinn 4. nóv. n. k. Verður yður þá gefið afsal fyrir íbúðinni. Hafi þessi tilskylda upphæð eigi verið greidd þá, verður litið svo á sem þér hafið horfið frá kaupum á íbúðinni.

B. 10% kostnaðarverðs íbúðarinnar að upphæð kr. 98.500.00 ber yður að greiða fyrir ofangreindan tilskilinn tíma með skuldabréfum, sem vér munum gefa út og tryggð verða með veði í væntanlegri íbúð yðar.

C. Eftirstöðvar kostnaðarverðs að upphæð kr. 747.000.00 ber yður að greiða fyrir ofangreindan tilskilinn tíma með

lánum þeim, er nema 80% kostnaðarverðs og fylgja munu íbúðinni.

Er ofangreindar greiðslur hafa verið inntar af hendi, innan tilskilins tíma, og afsal hefur verið gefið, er yður heimilt að flytja í íbúð yðar, þó eigi fyrr en eftir að hún verður tilbúin til fulls, sem verður eigi síðar en 4. okt. 1968".

Loks var gefið út afsal 15. ágúst 1968. Þau ákvæði afsalsins, sem hér þykja mestu máli skipta, hljóða svo:

„Afsal.

Húsnæðismálastofnun ríkisins f. h. ríkissjóð Íslands selur hér með og afsalar Ragnari Björnssyni, Grettisgötu 6, Reykjavík, 3ja herbergja íbúð í húsinu nr. 4 við Hjaltabakka í Reykjavík, stigahús nr. 2 á 2. hæð til vinstri, sem einkennd er með tölustöfunum ..... Íbúðin er afhent fullgerð svo og allur frágangur á sameiginlegum eignarhlutum í húsinu. Lóðin jöfnuð og gengið frá malarfyllingu í bílastæði. Innri garður og forgarður sunnan húsanna fullfrágenginn, þ. e. stéttir lagðar og grasi sáð. Óheimilt er að girða lóðir án leyfis byggingarfulltrúa.

Kaupandi hefur kynnt sér ástand eignarhlutans og sætt sig við það að öllu leyti svo og áætlaðan frágang þess, sem ólokið kann að vera, samkvæmt skipulagsuppdrætti og kynnt sér skilmála og kvaðir lóðarleigusamnings.

Kaupverð er að fullu greitt við undirskrift þessa afsals.

Seljandi hefur greitt heimtaugargjald vegna rafmagnsveitu, heimæðargjald vegna hitaveitu, gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og heimæðargjöld vegna vatnslagnar og frárennslis, en öll önnur gjöld, sem lögð hafa verið eða lögð kunna að verða á eignina, greiðir kaupandi.

Um sölu á íbúð þessari fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 78/1967, sbr. breytingar á reglugerð, dags. 23. apríl 1968, sjá bakhlið afsalsins. ...

Um eignina gilda ákvæði reglugerðar nr. 78/1967, sbr. lög nr. 8/1968, en þar sem ekki er annað ákveðið í þeim eða afsali þessu, gilda lög nr. 19 frá 24. apríl 1959 um sameign fjölbýlishúsa.

Kaupandi tekur að öllu leyti við eigninni með og frá 15. ágúst 1968. Greiðir hann af henni skatta og skyldur frá þeim tíma og hirðir af henni arð.

Af afsali þessu eru gerð tvö samhljóða og jafngild eintök, og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 15. ág. 1968.
F. h. ríkissjóðs Íslands,
Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Sigurður Guðmundsson. Ólæsilegt nafn.

Samþykkur kaupandi:
Ragnar Björnsson. Auður Jónsdóttir.

Vitundarvottar:
Gréta Sigurjónsd.
Guðm. Guðmundsson".

Svo sem sést af afsalinu, eru vörzluskipti nefndrar íbúðar miðuð við 15. ágúst 1968. Aðrar íbúðir, sem stefnendur keyptu, voru seldar með afsölum, dags. 15.—20. ágúst 1968. Það er upplýst í málsskjölum, að brunabótamat þessara íbúða, þ. e. íbúða stefnenda, hafi farið fram 9. nóvember 1968. Aðrar íbúðir voru seldar um líkt leyti, og brunabótavirðingar eru sagðar hafa farið fram enn síðar.

Með tilkynningu, dags. 19. marz 1969, krafði borgarfógetinn í Reykjavík öll umrædd húsfélög í Hjaltabakka um greiðslu skipulagsgjalds. Af tilkynningum þessum má ráða, að gjaldið sé lagt á hvert stigahús (húsnúmer) fyrir sig. Tilkynningar þessar eru í verulegum atriðum samhljóða. Varðandi Hjaltabakka 4 hljóðar tilkynning þessi m. a. svo:

„Með því að þér, Húsfélagið Hjaltabakka 4, skuldið enn eftirtalin gjöld, hefur tollstjórinn í Reykjavík krafizt þess, að gert verði hið fyrsta lögtak hjá yður til tryggingar greiðslu gjaldanna, sem eru:

Skipulagsgjald no. 42 1969 .. .. kr. 16.413.00

Samtals kr. 16.413.00

auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur".

Hússtjórnir í Hjaltabakka og Grýtubakka munu fljótlega hafa komið fram mótmælum við Húsnæðismálastofnunina út af nefndu skipulagsgjaldi. Í skjölum málsins er þannig að finna bréf þessara hússtjórna til Húsnæðismálastofnunarinnar, dags. 3. marz 1969, svohljóðandi:

„Til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Laugavegi 77, R.
Hæstvirta Húsnæðismálastjórn.

Við undirritaðir viljum gjöra yður kunnugt, að við höfum

fengið reikninga frá tollstjóranum í Reykjavík vegna vangoldinna skipulagsgjalda.

Það mun venja, að við sölu íbúða, fullfrágenginna innanhúss og utan, greiði seljandi skipulagsgjaldið, nema til komi sérstakur samningur milli seljanda og kaupanda, ef um annað er að ræða.

Þar sem engir slíkir samningar hafa verið gerðir milli kaupenda íbúða á vegum Framkvæmdanefndar Breiðholtsáætlana og að í lögum, sem sett voru af Félagsmálaráðuneytinu 28. apríl 1967, er hvergi getið um, að okkur beri að greiða skipulagsgjald né neina aðra bakreikninga, lítum við svo á, að skipulagsgjaldið sé okkur óviðkomandi.

Þar sem við höfum hvorki getu né vilja til greiðslu annarra gjalda en þeirra, er okkur ber að inna af hendi, krefjumst við þess, að Húsnæðismálastofnunin greiði umrætt skipulagsgjald, áður en til óþæginda kemur.

Virðingarfyllst,
F. h. hússtjórnanna

Hjaltabakka 2—16, Ragnar Björnsson, formaður.

Hjaltabakka 18—32, Haraldur Sighvatsson, formaður.

Grýtubakka 18—32, Kristján Jóhannsson, formaður".

Erindi þessu var síðar vikið til Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, sem synjaði því alfarið með bréfi, dags. 31. marz 1969.

3.0.

3.1. Sóknarástæður stefnenda eru þær, að venja sé við sölu íbúða, fullfrágenginna innanhúss og utan, að seljandi greiði skipulagsgjald, nema til komi sérstakur samningur milli seljanda og kaupanda um aðra tilhögun. Telja stefnendur, að engir samningar hafi verið gerðir í þessa átt.

Þessu til áréttingar hefur verið bent á, að tekið sé fram í afsali, að um sölu á íbúð fari samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 78/1967, sbr. breytingar á reglugerð, dags. 23. apríl 1968, og vitnað sé þar til blakhliðar afsalsins. Í afsalinu sé vitnað í lög nr. 8/1968 og látinn sé fylgja útdráttur úr reglugerð frá 23. apríl 1968, þar sem enn sé undirstrikað, að söluverð slíkrar íbúðar við endursölu megi ekki vera hærra en kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu hafi orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðar, sem fallið hafi í gjalddaga og verið greiddur. Enn fremur skuli bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem

á sama tíma hafi verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Hvergi í þessum reglugerðum, tilvitnuðum lögum eða tilkynningum til kaupenda eða í afsali sé að finna annað en að kaupandi fái íbúðina úr höndum stefnda á kostnaðarverði og séu ákvæðin um endursöluna ein bezta sönnun þess.

Þá hefur verið að því vikið í stefnu og munnlegum málflutningi, að í afsali sé þannig til orða tekið, að kaupandi greiði öll gjöld, sem lögð hafi verið eða lögð kunni að verða á eignina. Ekki hafi hvarflað að neinum stefnenda eða öðrum íbúðarkaupendum, sem líkt hafi verið ástatt um, að verið væri að hlunnfara eða blekkja þá að neinu leyti, svo sem með því, að til væri gjaldtegund, sem héti skipulagsgjald, og sem seljanda hafi hlotið að vera kunnugt um, að greiða þyrfti af hverri fullgerðri íbúð. Kaupendur hafi þess einskis kost átt að gera athugasemdir við afsal, en hafi treyst því, að það væri gert í samræmi við lög og reglugerðir og að þeim væri ætlað að kaupa íbúðirnar á kostnaðarverði án nokkurra bakreikninga. Hefur umboðsmaður stefnenda látið að því liggja, að fyrrgreint ákvæði í afsali sé ógilt, m. a. samkvæmt ákvæðum 32. gr. laga nr. 7/1936.

3.2. Af hálfu stefnda er á það bent, að við verðákvörðun hafi verið tekið tillit til allra þeirra atriða, sem fyrir hafi legið um byggingarkostnað íbúðanna, en skipulagsgjaldið ekki tekið með, enda ekki ástæða til, þar sem það gjald falli þá fyrst í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hafi farið fram, þ. e. þegar hús sé að öllu leyti fullbyggt.

Í reglugerð nr. 78/1967, 15. gr., 3. mgr., sé tekið fram, að söluverð hverrar íbúðar skuli verða kostnaðarverð, en í 5. gr. d segi, að framkvæmdanefnd skuli ákveða skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar fullgerðar íbúðir, þegar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir.

Því sé ljóst, að með kostnaðarverði sé átt við byggingarkostnað og þá að sjálfsögðu þau gjöld, sem nauðsynlegt sé að greiða vegna framkvæmdanna sjálfra, en ekki skatta, sem séu á lagðir, eftir að byggingarframkvæmdum sé lokið.

Algert samningafrelsi hafi verið um skilmála afsalsins, nema hvað tilgreina skyldi takmarkanir á ráðstöfunarrétti samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 78/1967, og kaupverð hafi verið fyrirfram ákveðið, eins og fyrr greini. Í afsali séu talin upp nákvæmlega þau gjöld, sem greidd hafi verið af eignunum, og síðan sé tekið fram, að öll önnur gjöld, sem lögð hafi verið eða lögð kunni að

verða á eignina, eigi kaupandi að greiða. Í samræmi við framanritað telur stefndi, að fara verði eftir tilgreindum ákvæðum afsalsins um umrætt skipulagsgjald.

4.0.

4.1. Í 2.1. er á það drepið, að hið umrædda skipulagsgjald hafi verið lagt á Húsfélagið Hjaltabakka 4 óskipt, en stefnendur eru eigendur íbúða í því stigahúsi.

Í skjölum málsins er þess getið, að nokkrir aðiljar hefðu þegar við þingfestingu málsins verið búnir að greiða skipulagsgjaldið, en þó umfram skyldu. Við munnlegan flutning málsins lýsti umboðsmaður stefnenda því yfir, að allir íbúðareigendur, þ. á m. stefnendur máls þessa, hefðu nú þegar greitt umrætt gjald til þess að afstýra nauðungaruppboði á eignunum án þess þó að viðurkenna greiðsluskyldu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1951 hvílir lögveð á umræddum íbúðum fyrir skipulagsgjaldi, og samkvæmt 7. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 4. gr. laga nr. 64/1938 og reglugerð nr. 209/1957, má taka umrætt gjald lögtaki.

Samkvæmt ofanrituðu er aðild stefnenda og kröfugerð nægjanlega réttlætt.

4.2. Eins og rakið hefur verið í 2.2., rituðu stefnendur undir afsal fyrir umræddum íbúðum. Í afsalinu er m. a. tekið fram: „En öll önnur gjöld, sem lögð hafa verið eða lögð kunna að verða á eignina, greiði kaupandi".

Telja verður, að með ofangreindu samningsákvæði hafi stefnendur tekið að sér að greiða gjald það, sem hér um ræðir. Verður hvorki á það fallizt, að loforð þetta sé ógilt eftir ákvæðum laga nr. 7/1936 né samkvæmt öðrum réttarheimildum.

Ber strax af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnenda, án þess að til frekari skoðunar komi, hvernig réttarstöðu aðilja kann að hafa verið háttað í öðru tilliti.

Rétt þykir, að hvor aðili greiði sinn kostnað af málinu.

Málskostnaður stefnenda, sem hafa gjafsókn, ákveðst kr. 25.000.00, og greiðist hann úr ríkissjóði. Er þá höfð hliðsjón af þeim hagsmunum, sem í húfi eru, sbr. 2.1. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 24.000.00 í málflutningslaun.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ragnars Björnssonar, Ríkharðs Árnasonar, Reynis Björnssonar, Jóhanns S. Marteinssonar, Steindórs Úlfarssonar og Sigurvins Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnenda ákveðst kr. 25.000.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 24.000.00.

Mánudaginn 14. febrúar 1972.

Nr. 107/1971. **Ladsbanki Íslands**
(Jóhannes Jóhannsson hdl.)
gegn
Jónasi Ásmundssyni, Friðriki Kristjánssyni, Hjálmari Ágústssyni og Verkalýðsfélaginu Vörn og til réttargæzlu Arnfirðingi h/f
(Jón E. Ragnarsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Úthlutun uppboðsandvirðis lausafjár. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. júlí 1971. Krefst hann þess, að af uppboðsandvirði freðfisksbirgða Arnfirðings h/f, sem seldar voru á nauðungaruppboði 22. júní 1971, verði honum greiddar samtals kr. 1.217.615.00 auk 1% dráttarvaxta af kr. 1.315.981.00 frá 7. júlí 1971 til 3. ágúst sama ár og af kr. 1.215.615.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og kostnaður og innheimtulaun í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Með stefnu 24. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m., stefndi áfrýjandi Arnfirðingi h/f fyrir Hæstarétt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda hafa engar kröfur verið gerðar, og af hans hendi hafa eigi verið gerðar kröfur.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Í hinu opna bréfi frá 11. desember 1869 er vísað til opins bréfs frá 23. júlí 1819, en þar sagði, „að allar þær skuldakröfur, hverjum lög og tilskipanir veita forrétt við skuldasamkröfur fyrir einföldum handskriftakröfum, skuli framvegis forrétt hafa fyrir kröfum, fyrir hverjum veð er sett (pantur) í öðru fé en fasteignum ...“.

Fallast má á þá skoðun héraðsdóms, að ákvæði opna bréfsins frá 11. desember 1869 séu enn í gildi, að því leyti sem yngri lagaákvæði hafa eigi vikið ákvæðum þess til hliðar.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi talið, að stefndu hafi eigi gætt þess að reyna fyrst aðför í óveðsettum eignum Arnfirðings h/f til tryggingar kröfum þeim, sem um er fjallað í málinu. Hafi þeir eigi mátt gera aðför í hinu veðsetta lausafé og fá þannig í því forgangsrétt framar veðkröfum, fyrr en sannað var, að eigi fékkst lúkning krafnanna af verðmæti óveðsettra eigna, sbr. 2. msl. opna bréfsins frá 11. desember 1869.

Áfrýjandi lét sækja þing, er framkvæmd voru fjárnám þau, sem kröfur stefndu Jónasar, Friðriks og Hjálmars byggjast á, og andmælti þá rétti þeirra. Eigi krafðist hann þó úrskurðar fógeta um deiluatriðin, og eigi hefur hann áfrýjað fjárnámum þessum. Koma því fyrrgreindar varnarástæður þegar af þeirri ástæðu eigi til greina, að því er varðar kröfur þessara stefndu.

Áfrýjandi var eigi viðstaddur, er framkvæmt var fjárnám til tryggingar kröfum stefnda Verkalýðsfélagsins Varnar hinn 22. júní 1971. Hins vegar lýsti umboðsmaður hans því yfir á uppboðsþingi sama dag, að áfrýjandi „muni gera upp við Verkalýðsfélagið Vörn, Bíldudal, verði Landsbanki

Íslands uppboðskaupandi að freðfiskbirgðunum". Í rekstri málsins fyrir uppboðsdómi hafði áfrýjandi ekki uppi varnir, byggðar á því, að stefndu hefðu eigi sannað, að þeir gætu eigi fengið tryggingu fyrir kröfum sínum í óveðsettum eignum Arnfirðings h/f, sbr. 2. msl. opna bréfsins frá 11. desember 1869. Þegar þetta er virt, eru ekki, eins og sakir standa, efni til að taka framangreinda varnarástæðu heldur til greina, að því er varðar stefnda Verkalýðsfélagið Vörn.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, en fjárhæðir hafa ekki sætt andmælum né að um vinnulaunakröfur sé að ræða.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 60.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefndu, Jónasi Ásmundssyni, Friðriki Kristjánssyni, Hjálmari Ágústssyni og Verkalýðsfélaginu Vörn, kr. 60.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar prófessors.

Með opnu bréfi 11. desember 1869 voru forréttindi þau, sem opið bréf 23. júlí 1819 veitti nánar tilgreindum kröfum fyrir sjálfsvörzluveði í lausafé, látin ná einnig til þess tilviks, er gerð væri aðför til lúkningar slíkum forgangskröfum, þó eigi væri bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta. Þó er svo kveðið á í 2. msl. opna bréfsins 1869, að ekki megi „með slíkri gerð taka til veðsetts lausafjár, ef og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangskröfunni".

Hið opna bréf frá 11. desember 1869 verður að telja enn

í gildi, enda verður ekki á það fallizt með áfrýjanda, að það sé brott fallið fyrir notkunarleysi. Þó verður nú, ef því skal beita, að leggja til grundvallar fyrirmæli í skiptalögum nr. 3/1878 um forgangskröfur í stað ákvæða opins bréfs 23. júlí 1819, sem til er vísað. Hefur síðastnefnt opið bréf og verið formlega úr gildi fellt með 202. gr. laga nr. 27/1951.

Í máli þessu halda stefndu því fram, að sjálfsvörzluveðréttur áfrýjanda í fiskbirgðum Arnfirðings h/f verði samkvæmt hinu opna bréfi að víkja fyrir kröfum þeirra, er séu rétthærri en sjálfsvörzluveð í lausafé samkvæmt 5. tl. b liðar 83. gr., sbr. 89. gr. skiptalaga, sbr. einnig 8. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18/1887, svo sem henni hefur verið breytt með 2. gr. laga nr. 87/1960.

Áfrýjandi hefur hins vegar haldið því fram fyrir Hæstarétti, auk málsástæðna þeirra, er hann hafði uppi fyrir uppboðsrétti, að jafnvel þótt opna bréfið frá 11. desember 1869 teldist enn í gildi, verði ákvæðum þess þó eigi beitt í þessu máli, þar sem í ljós hafi verið leitt, að Arnfirðingur h/f hafi átt nokkurt óveðbundið lausafé, er stefndu gerðu fjárnám hjá honum. Hafi stefndu eigi gætt skilyrðis 2. msl. opna bréfsins að reyna fyrst fjárnám í þeim verðmætum, áður en þeir gengu að veði áfrýjanda.

Áfrýjandi lét mæta í fógetarétti hinn 17. maí 1971, er gert var fjárnám í hinum veðsettu fiskbirgðum að kröfu stefndu Jónasar, Friðriks og Hjálmars. Við fjárnám það, er gert var 22. júní 1971 til tryggingar kröfum stefnda Verkalýðsfélagsins Varnar, var enginn mættur af hans hálfu, en umboðsmaður hans sótti þing, er nauðungaruppboð fór fram sama dag.

Er áfrýjandi krafðist þess fyrir uppboðsrétti, að veðréttur hans gengi fyrir fjárnámi stefnda, hreyfði hann því eigi sem málsástæðu, að ekki hefði verið gætt fyrrgreinds skilyrðis 2. msl. hins opna bréfs frá 1869. Hins vegar lýsti umboðsmaður hans því yfir, að áfrýjandi „muni gera upp við Verkalýðsfélagið Vörn, Bíldudal, verði Landsbanki Íslands uppboðskaupandi að freðfiskbirgðunum". Við fjárnámið 17. maí 1971 andmælti áfrýjandi að vísu, að fjárnám stefndu

Jónasar, Friðriks og Hjálmars gengju fyrir veðrétti hans, en eigi studdi hann þau andmæli við nefndan 2. msl., að því er séð verður, né heldur hélt hann því fram, að til væri óveðbundið lausafé, er að mætti ganga. Með skírskotun til þessa og eins og hér stendur á, kemur varnarástæða þessi eigi nú til álita.

Eftir málflutningi aðilja verður að leggja til grundvallar, að kröfur allra stefndu séu forgangskröfur samkvæmt 5. tl. b liðar 83. gr. skiptalaga. Ganga þær því fyrir sjálfsvörzluveðrétti áfrýjanda, sbr. 89. gr. skiptalaga, 8. mgr. 4. gr. veðlaga og fyrirmæli margnefnds opins bréfs. Með þessum forsendum erum við samþykkir niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Úrskurður uppboðsdóms Barðastrandarsýslu 13. júlí 1971.

Á nauðungaruppboið, er haldið var á Bíldudal þriðjudaginn 22. júní s.l., voru seldir ýmsir lausafjármunir í eigu Arnfirðings h/f samkvæmt kröfu Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns vegna ýmissa umbjóðenda hans samkvæmt fjárnámum. Auglýsing um uppboðið hafði verið birt í Morgunblaðinu 15. júní 1971, og að auki höfðu auglýsingar verið birtar í kauptúninu, svo sem tíðkanlegt er.

Á dómþingi uppboðsréttarins, er háð var 7. júlí s.l., var tekið fyrir að úthluta kröfuhöfum af uppboðsandvirðinu. Samkomulag varð um úthlutun andvirðis allra lausafjármunanna nema freðfiskbirgða.

Freðfiskbirgðir þessar voru eign Arnfirðings h/f, en út á þær hafði Landsbanki Íslands veitt afurðalán samkvæmt framleiðslulánasamningum. Þá hafði Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður f. h. umbjóðenda sinna, Jónasar Ásmundssonar, Friðriks Kristjánssonar og Hjálmars Ágústssonar, allra á Bíldudal, gert fjárnám í fiskbirgðum þessum þann 17. maí 1971. Lýsti fógeti þá yfir fjárnámi í „fiskbirgðum gerðarþola skv. skýrslu um frystar fiskafurðir pr. 15. maí 1971, skýrsla nr. 10, en hún er til Landsbanka Íslands".

Þá var þann 22. júní 1971 gert fjárnám í sömu fiskbirgðum að kröfu Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns f. h. Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal.

Á söluþinginu 22. júní s.l. voru, svo sem að framan greinir,

seldar fiskbirgðir samkvæmt ofangreindri tilgreiningu. Hæstbjóðandi varð Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður f. h. umbjóðenda sinna, og var honum sleginn fiskurinn á kr. 1.436.000.00. Næst hæstbjóðandi var Stefán Pétursson hæstaréttarlögmaður, og bauð hann kr. 1.435.000.00.

Uppboðskostnaður nam kr. 148.335.00, og koma því til úthlutunar af söluverðinu kr. 1.287.665.00.

Á söluþinginu gerði umboðsmaður Landsbanka Íslands kröfu um, að fiskveð Landsbanka Íslands gengi fyrir öllum fjárnámskröfum. Því var þá þegar mótmælt af umboðsmanni Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, svo og af umboðsmanni uppboðsbeiðanda, sem krafðist þess, að kröfur umbjóðenda sinna kæmu fyrst til greiðslu af uppboðsandvirði.

Er uppboðsrétturinn var háður á skrifstofu setts sýslumanns 7. júlí s.l., var mætt f. h. Jónasar Ásmundssonar, Friðriks Kristjánssonar og Hjálmars Ágústssonar, allra á Bíldudal, af hálfu Landsbanka Íslands og af hálfu Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, en það eru þeir aðiljar, er til greina koma við úthlutun uppboðsandvirðisins.

Lýstu umboðsmenn ofangreindra aðilja því yfir í réttinum, að óhugsandi væri, að samkomulag næðist í réttinum um skiptingu uppboðsandvirðisins, og óskuðu eftir formlegum úrskurði uppboðshaldara um úthlutunina.

Fór þá fram munnlegur málflutningur um ágreiningsefnið.

Ítrekaði umboðsmaður Landsbanka Íslands áður gerðar kröfur sínar um, að af uppboðsandvirðinu yrði fyrst greitt upp í kröfu Landsbanka Íslands, sem nú næmi, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, kr. 1.405.581.00 og tryggð væri með 1. veðrétti í fiskafurðum Arnfirðings h/f samkvæmt framleiðslulánasamningum, dags. 27. maí 1970, 23. febrúar 1971 og 17. marz 1971.

Umboðsmaður Jónasar Ásmundssonar o. fl. mótmælti kröfu Landsbanka Íslands og krafðist þess, að krafa umbjóðenda sinna, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, sem nú næmi samtals kr. 744.152.00, yrði greidd sem forgangskrafa við úthlutun uppboðsandvirðisins. Eftir atvikum kvaðst hann fallast á, að litið yrði á kröfur umbjóðenda sinna og kröfu Verkalýðsfélagsins Varnar sem jafnréttháar, enda nytu þá báðar kröfurnar forgangsréttar umfram kröfu Landsbanka Íslands.

Af hálfu Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, var þess krafizt, að krafa verkalýðsfélagsins gengi fyrir kröfu Landsbanka Íslands, og jafnframt var því lýst yfir af hálfu verkalýðsfélagsins,

að fallizt væri á, að litið yrði á kröfur uppboðsbeiðanda og verkalýðsfélagsins sem jafnréttháar.

Umboðsmaður Landsbanka Íslands reisir kröfur sínar á því, að Landsbanki Íslands eigi samkvæmt framleiðslulánasamningum 1. veðrétt í umræddum fiskbirgðum. Ákvæði 4. gr. veðlaganna nr. 18/1887 eigi einungis við, þegar um sé að ræða skipti, en eigi sé um slíkt að ræða í þessu tilfelli, þar sem Arnfirðingur h/f sé eigi gjaldþrota. Þá taldi umboðsmaður Landsbanka Íslands, að þar sem veðlögin væru yngri, einkum þó þetta ákvæði 4. gr. opins bréfs frá 11. desember 1869, gengju veðlögin fyrir, enda þótt litið yrði svo á, að opna bréfið væri enn í gildi. Þá gildi kröfuröð samkvæmt skiptalögum einungis við skipti, en um kröfuröðun við úthlutun uppboðsandvirðis beri að fara eftir veðlögum nr. 18/1887. Af því leiði hins vegar, að veðréttur Landsbanka Íslands gangi fyrir aðfararveðum uppboðsbeiðanda og verkalýðsfélagsins og skipti eigi máli í því sambandi, að um sé að ræða aðfararveð fyrir vinnulaunakröfum.

Af hálfu uppboðsbeiðanda, Jónasar Ásmundssonar o. fl., var því haldið fram, að krafa þeirra, sem væri krafa vegna vinnulauna, yngri en eins árs, ætti með skýrskotun til 4. gr. veðlaga og opins bréfs frá 11. desember 1869 að njóta forgangs við úthlutun uppboðsandvirðisins. Það væri augljós tilgangur löggjafans að vernda sérstaklega þær kröfur, er greindar væru sérstaklega í 4. gr. veðlaganna, þ. e. þær kröfur, er taldar væru í 3. og 5. tölulið b liðar 83. gr. laga nr. 3/1878. 4. gr. veðlaganna veitti afurðalánum bankastofnana forgangsrétt umfram þær kröfur, er taldar eru í 83. gr. skiptalaganna, að þeim frátöldum, er greinir í 3. og 5. tölulið b liðar þeirrar greinar. Þetta gildi við gjaldþrotaskipti almennt, en opna bréfið frá 11. desember 1869 kveði á um, að þetta gildi einnig um aðfarargerðir, án þess að öllu búi skuldunauts sé skipt sem gjaldþrota.

Af hálfu umboðsmanns Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, var tekið undir rökstuðning umboðsmanns uppboðsbeiðanda og lögð áherzla á, að opna bréfið frá 11. desember 1869 væri enn í fullu gildi og bæri því að veita kröfum verkalýðsfélagsins forgang fram yfir kröfu Landsbanka Íslands, enda væri þar um að ræða vinnulaunakröfur, er yngri væru en eins árs.

Álit réttarins.

Til úthlutunar eru kr. 1.287.665.00. Landsbanki Íslands á kröfu að fjárhæð kr. 1.405.581.00 að meðtöldum kostnaði og vöxtum, sem tryggð var með sjálfsvörzluveði í umræddum fiskbirgðum.

Jónas Ásmundsson á kröfu vegna vinnulaunatímabilsins 1. júlí 1970 til 10. marz 1971, sem nemur að meðtöldum vöxtum og kostnaði kr. 503.651.00. Hjálmar Ágústsson á kröfu vegna vinnulauna fyrir tímabilið frá 1. nóvember 1970 til 31. janúar 1971 að fjárhæð með vöxtum og kostnaði kr. 121.945.00. Friðrik Kristjánsson á kröfu vegna vinnulauna fyrir tímabilið 1. nóvember 1970 til 31. desember 1970 að fjárhæð kr. 118.556.00 að meðtöldum vöxtum og kostnaði.

Ofangreindar kröfur þeirra Jónasar, Hjálmars og Friðriks voru tryggðar með aðfararveði í fiskbirgðum samkvæmt fjárnámum, gerðum 17. maí 1971.

Verkalýðsfélagið Vörn, Bíldudal, á fyrir hönd meðlima sinna kröfu vegna vinnulauna, sem nema að meðtöldum vöxtum og kostnaði kr. 716.791.80. Krafan er tryggð með aðfararveði í fiskbirgðum með fjárnámi, er gert var 22. júní 1971.

Í 4. gr. veðlaganna nr. 18/1887 er m. a. sérstaklega fjallað um réttarstöðu afurðalána bankastofnana. Þar er einungis að finna ákvæði um, að kröfur samkvæmt 3. og 5. tölulið b liðar 83. gr. skiptalaganna gangi fyrir sjálfsvörzluveði í fiskbirgðum. Þetta síðastnefnda ákvæði er sett með lögum nr. 87/1960. Það ákvæði á sér þó eldri sögu og er upphaflega bætt inn í lög nr. 18/1887 með 1. gr. laga nr. 46/1933. Í greinargerð með þeim lögum svo og umræðum, er fóru fram um lögin á Alþingi, er ljóst, að eigi hefur verið rætt um annað en að veita afurðalánum bankastofnana forgang við gjaldþrotaskipti umfram kröfur samkvæmt 83. gr. skiptalaganna að þeim kröfum, er taldar eru í b lið 3. og 5. tölulið frátöldum, og það enda þótt 89. gr. skiptalaganna mælti fyrir um hið gagnstæða.

Löggjafarvaldið hefur ætíð heldur amazt við sjálfsvörzluveði í lausafé, einkum þó er um heildarveðsetningu hefur verið að ræða. Þó hefur verið gerð sú undantekning, að bankastofnunum hefur verið veitt sú aukna vernd, er um getur í 4. gr. veðlaganna, er um gjaldþrotaskipti er að ræða.

Í opnu bréfi frá 11. desember 1869 segir svo:

„Forréttindi þau, sem opið bréf 23. júlímán. 1819 veitir forgangskröfum þeim, sem þar er um rætt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafé, sem fengið er eftir auglýsingu téðs opins bréfs, skulu einnig koma til greina, þegar gerð er aðför eða fjárnám til lúkningar slíkrar forgangskröfu, án þess nauðsynlegt sé til framkvæmdar greindra forréttinda að heimta, að öllu búi skuldunautsins sé skipt sem gjaldþrota ...“.

Á ákvæði þessa opna bréfs verður að líta sem undanfara reglunnar, er felst í 89. gr. skiptalaganna um, að skuldir samkvæmt 83. gr. skiptalaganna gangi fyrir sjálfsvörzluveði í lausafé, er byggist á samningi. Telja verður, að ákvæði opna bréfsins frá 11. desember 1869 séu enn í fullu gildi, að svo miklu leyti sem önnur lög hafa eigi vikið þeim til hliðar.

Í opna bréfinu felst sú regla, að eigi er þörf á að skipta öllu búi uppboðsþola gjaldþrotaskiptum, svo að hægt sé að beita reglunni um forgangsrétt krafna samkvæmt 83. gr. skiptalaganna, sbr. og 89. gr. sömu laga.

4. gr. laga nr. 18/1887 veitir afurðalánum bankastofnana aukinn rétt við gjaldþrotaskipti, þó ekki umfram þær kröfur, er greinir í b lið 3. og 5. tölulið 83. gr. skiptalaganna. Þar sem einungis er átt við gjaldþrotaskipti í nefndu ákvæði 4. gr. veðlaganna, er því þegar ljóst, að réttur slíkra afurðalána, sem hér er um rætt, hefur ekki verið aukinn í öðrum tilvikum, og ber því að fara eftir ákvæðum opins bréfs frá 11. desember 1869 við úthlutun uppboðsandvirðis.

Í samræmi við ofanritað verður uppboðsandvirði úthlutað svo sem hér segir:

Til úthlutunar kr. 1.287.665.00.

Samkvæmt samkomulagi er úthlutað hlutfallslega jafnt upp í kröfur uppboðsbeiðanda og Verkalýðsfélagsins Varnar, sem njóta forgangsréttar samkvæmt ofangreindu umfram kröfu Landsbanka Íslands.

Af forgangskröfum greiðist 88.1392%, og skiptist það þannig:

1) Af kröfu Jónasar Ásmundssonar, að fjárhæð kr. 503.651.00, greiðast kr. 443.915.00.
2) Af kröfu Hjálmars Ágústssonar, að fjárhæð kr. 121.945.00, greiðast kr. 107.481.00.
3) Af kröfu Friðriks Kristjánssonar, að fjárhæð kr. 118.556.00, greiðast kr. 104.494.00.
4) Af kröfu Verkalýðsfélagsins Varnar, að fjárhæð kr. 716.791.80, greiðast kr. 631.775.00.

Upp í kröfu Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 1.405.581.00, sem tryggð var með sjálfsvörzluveði í fiskafurðum Arnfirðings h/f, greiðist ekkert.

Málskostnaðar hefur eigi verið krafizt.

Úrskurð þennan kvað upp Kristján Torfason, settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Úrskurðarorð:

Uppboðsandvirði freðfiskbirgða, er seldar voru á nauðungaruppboði á Bíldudal 22. júní 1971, skal skiptast sem hér segir:

Upp í kröfu Jónasar Ásmundssonar greiðast kr. 443.915.00, upp í kröfu Hjálmars Ágústssonar greiðast kr. 107.481.00, upp í kröfu Friðriks Kristjánssonar greiðast kr. 104.494.00, og upp í kröfu Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, greiðast kr. 631.775.00.

Engin greiðsla kemur upp í kröfur Landsbanka Íslands.

Málskostnaður úrskurðast eigi.

Föstudaginn 18. febrúar 1972.

Nr. 61/1971. **Marý Valdís Jónsdóttir vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Steinunnar Jónsdóttur,**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarfélagi bænda og gagnsök
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Líkamsmeiðsl.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1971. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði gert að greiða honum alls kr. 994.442.00 með 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags, að frádregnum kr. 75.000.00. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur fengið gjaf-

sókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðuneytisins 28. maí 1971.

Aðaláfrýjandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur gert á hendur því.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 15. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. september 1971. Þeir gera þær dómkröfur, að „aðaláfrýjanda verði aðeins dæmdur lítill hluti þeirrar fjárhæðar", sem hann krefur. Þá krefjast þeir þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en aðaláfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjendur eru sameigendur að Hótel Sögu. Þeir hafa viðurkennt skaðabótaskyldu sína vegna slyss þess, sem mál þetta er af risið, þar sem gerð og frágangi hringsviðs í samkvæmissal hótelsins hafi verið ábótavant. Þeir hafa hins vegar krafizt, að sök verði skipt, þar sem Anna Steinunn hafi sjálf sýnt óaðgæzlu. Eigi verður þó á það fallizt, að efni séu til að meta Önnu Steinunni til sakar, að hún varaðist ekki hinn óverjandi umbúnað hringsviðsins, og það því síður sem eftirlit af hendi starfsmanna gagnáfrýjenda og aðvaranir þeirra til samkomugesta virðast hafa verið ófullnægjandi. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um óskoraða skaðabótaábyrgð gagnáfrýjenda.

II.

Bótakröfu sína fyrir Hæstarétti sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

Bætur til Önnu Steinunnar Jónsdóttur:

1.	Örorkutjón	kr. 198.816.00
2.	Bætur vegna þjáninga og óþæginda	— 100.000.00
3.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum og ævarandi lýti	— 600.000.00
		Alls kr. 898.816.00

Bætur til hennar sjálfrar:

1.	Vinnutap í 6½ mánuð	kr. 74.594.00
2.	Bílkostnaður	— 3.904.00
3.	Kostnaður við skókaup eftir slysið	— 4.333.00
4.	Kostnaður við læknisvottorð	— 2.580.00
5.	Greitt vegna örorkumats	— 2.000.00
6.	Greitt Þóri Bergssyni tryggingafræðingi	— 7.000.00
7.	Kostnaður vegna ljósmynda	— 1.215.00
		Alls kr. 95.626.00

Til frádráttar framangreindum fjárhæðum viðurkennir aðaláfrýjandi, að koma eigi greiðsla frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f að fjárhæð kr. 75.000.00.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um bótakröfur vegna Önnu Steinunnar Jónsdóttur.

Um 1. kröfulið. Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 10. desember 1971 reiknað með líkindatölum fjárhagstjón Önnu Steiunnar vegna örorku af völdum slyssins. Er þá gætt kaupgjaldsbreytinga, sem orðið hafa síðan tryggingafræðingurinn gerði sams konar reikning 19. nóvember 1970. Er niðurstaða hins nýja útreiknings, að tjón þetta, miðað við slysdag, nemi kr. 198.816.00, ef miðað er við verzlunarstörf, en kr. 188.228.00, ef miðað er við iðjustörf.

Fyrir héraðsdómi krafðist aðaláfrýjandi kr. 149.054.00 í bætur samkvæmt þessum kröfulið, og verða hærri bætur eigi dæmdar í Hæstarétti. Með hliðsjón af hinum nýja líkindareikningi þykir hins vegar rétt að taka þennan kröfulið til greina með allri þeirri fjárhæð, eins þótt tekið sé tillit til þess, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari.

Um 2. og 3. kröfulið.

Auk tímabundinna þjáninga verður að ætla, að Anna Steinunn hafi nokkur varanleg óþægindi af limlestingu þeirri, er hún varð fyrir. Af henni hefur og hlotizt ævarandi lýti og röskun á stöðu og högum. Þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Um bótakröfur aðaláfrýjanda vegna hennar sjálfrar.

Gagnáfrýjendur hafa viðurkennt, að þeim beri að bæta aðaláfrýjanda tjón hennar, endi leiði hún rétt sinn til bóta af bótarétti Önnu Steinunnar.

Um 1. kröfulið.

Viðurkennt er, að aðaláfrýjandi hafi orðið að hætta starfi í 4 mánuði eftir slysið til að sinna dóttur sinni. Að öðru leyti er þessi kröfuliður eigi studdur fullnægjandi gögnum. Mánaðarlaun aðaláfrýjanda voru kr. 11.476.00, og bætur samkvæmt þessum lið verða því kr. 45.904.00.

Um 2. og 3. kröfulið. Þessum liðum hefur eigi verið tölulega andmælt, og verða þeir teknir til greina.

Um 4.—7. kröfulið. Höfð verður hliðsjón af kröfuliðum þessum við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu ber gagnáfrýjendum að greiða í bætur til Önnu Steinunnar kr. 349.054.00 (kr. 149.054.00 + 200.000.00) og til aðaláfrýjanda kr. 54.141.00 (kr. 45.904.00 + 3.904.00 + 4.333.00). Frá þeim fjárhæðum ber að draga kr. 75.000.00, sem þegar hafa verið greiddar. Er rétt, að sú greiðsla dragizt frá framangreindum fjárhæðum að réttri tiltölu, þannig að frá bótum Önnu Steinunnar dragast kr. 64.929.00 og frá bótum aðaláfrýjanda sjálfrar kr. 10.071.00. Ber gagnáfrýjendum þá að greiða aðaláfrýjanda vegna Önnu Steinunnar kr. 284.125.00 og vegna sjálfrar hennar kr. 44.070.00, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags.

Dæma ber gagnáfrýjendur til að greiða málskostnað í héraði, kr. 70.795.00. Af því renni kr. 59.000.00 í ríkissjóð, en kr. 11.795.00 til aðaláfrýjanda. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði. Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast samtals kr. 90.000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, greiði aðaláfrýjanda, Marý Valdísi Jónsdóttur, sjálfri kr. 44.070.00 og f. h. Steinunnar Jónsdóttur kr. 284.125.00, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði kr. 70.765.00 í málskostnað í héraði, og renni kr. 11.765.00 til aðaláfrýjanda, en kr. 59.000.00 í ríkissjóð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 90.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Marý Valdís Jónsdóttir, Austurbrún 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Steinunnar Jónsdóttur, með stefnu, útgefinni 6. janúar 1969, gegn Hótel Sögu, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 903.813.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 og málskostnaðar að mati réttarins, allt að frádregnum kr. 55.000.00. Þá er og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, stefnt til réttargæzlu í máli þessu sem ábyrgðartryggjanda Hótels Sögu.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi stefnufjárhæð sína með samþykki stefnda, án framhaldsstefnu, í kr. 944.680.00, en hélt að öðru leyti við stefnukröfur í málinu.

Af hálfu hins stefnda, Hótels Sögu, eru þær dómkröfur gerðar, að stefnanda verði einungis dæmdur lítill hluti þeirrar fjárhæðar, sem um er stefnt, en málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, enda engum kröfum að honum beint.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 12. maí 1969.

Málavextir eru þessir:

Þann 3. marz 1968 var haldin skemmtun að Hótel Sögu í Reykjavík af Danskennarasambandi Íslands í svokölluðum Súlnasal, og voru samkomugestir að meginhluta börn og unglingar, dansskólanemendur, og eitthvað af aðstandendum þeirra. Á skemmtun þessari fór m. a. fram danssýning á upphækkuðum hringpalli, sem myndast þannig, að meginhluta dansgólfsins má hækka um 60 cm frá venjulegri gólfhæð. En þegar pallur þessi var alveg uppi, mynduðust á honum á nokkrum stöðum rifur í sömu hæð og gólfflöturinn. Þegar danssýningu þessari var lokið og setja skyldi hringpallinn niður, vildi það slys til, að Anna Steinunn, sem ásamt fjölda annarra barna hafði verið við pallinn til þess að fylgjast með sýningunni, varð með vinstri fót sinn á milli palls og gólfs inni í einni af fyrrgreindum rifum.

Vegna slyss þessa missti Anna Steinunn framan af vinstra fæti stóru tá og næstu tá við. Hún lá á handlækningadeild Landspítalans í 1 viku og var eftir það 1 viku rúmliggjandi á heimili sínu. Að því loknu þurfti hún að fara í skiptingar á sjúkrahúsið fram í miðjan júnímánuð 1968 og fór eftir það í 1 mánuð í Hjálparstöð lamaðra og fatlaðra, en fyrst í maí 1968 var henni leyft að stíga í fótinn. Hún hefur verið úrskurðuð sem 7% varanlegur öryrki. Stefnandi er einhleyp kona og heldur heimili fyrir sig og Önnu Steinunni, sem er einkabarn hennar. Er dóttir hennar kom heim af sjúkrahúsinu, varð hún að hætta föstu starfi við afgreiðslu í verzlun til þess að hugsa um og hjúkra dótturinni. En þegar stefnandi vildi á nýjan leik hefja starf utan heimilisins, var ekkert starf að fá, enda mikið atvinnuleysi í landi. Fyrst frá og með október 1968 gat hún hafið starf og nám sem sjúkraliði á mjög lágu kaupi.

Samdægurs og framangreint slys átti sér stað, var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um það, og hóf hún þá þegar rannsókn í málinu.

Hellert Jóhannesson rannsóknarlögreglumaður skýrir svo frá í skýrslu sinni, sem lögð hefur verið fram í málinu, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að sviðið, sem sé upphækkun frá venjulegri gólfhæð, hafi verið lyft vegna danssýningar á vegum Danskennarafélagsins, en skemmtun á vegum þess félags hafi staðið yfir og verið haldin í svonefndum Súlnasal Hótels Sögu. Hann kveður sviðið eða pallinn, sem skemmtiatriðin hafi farið

fram á, vera um 60 cm á hæð, þegar sviðið sé uppi, en þá niður við gólf komi í ljós göt á pallinum og eitt þeirra það stórt, að það hafi myndazt op, 33½ cm að lengd, en 3.8 cm á hæð hægra megin og 4.8 cm á hæð vinstra megin, er snúið hafi verið að sviðinu, en efri brún hinna gatanna hafi numið gólfhæð. Rannsóknarlögreglumaðurinn kveður þetta gat vera það stórt, að fullorðinn karlmaður hafi getað sett fót sinn í það upp að miðri rist. Hann kveður skemmtiatriðunum hafa verið lokið á sviðinu og átt hafi að setja það niður og hafi þrívegis verið búið að aðvara samkomugestina, sem verið hafi eingöngu börn og unglingar, að fara frá sviðinu, að sögn sjónarvotta, en þegar átt hafi að láta það falla, hafi það staðið á sér, en þó eftir nokkra stund hafi verið reynt við það aftur og hafi það þá fallið um nokkra cm, en þá hafi börn verið allt í kringum það. Stúlka, sem staðið hafi við sviðið andspænis hljómsveitarpallinum, hafi sett fót sinn í gat þetta og þegar pallurinn hafi fallið, hafi hún orðið á milli hans og gólfsins og klemmzt á milli mjög illilega. Stúlka þessi, sem heiti Anna Steinunn Jónsdóttir, Austurbrún 6, Reykjavík, 11 ára, hafi fallið við það að klemmast þarna á milli, en sviðinu hafi verið strax lyft, svo fótur hennar hafi náðst úr því og hafi hún síðan verið flutt með sjúkrabíl á spítala, en hún muni hafa meiðzt mjög illa upp að miðri rist.

Slasaða, Anna Steinunn Jónsdóttir, hefur skýrt svo frá við lögregluranns6kn í málinu, að hún hafi farið að hringpallinum ásamt vinkonu sinni, en börnin hafi engin borð haft, því að þau hafi verið ætluð fullorðna fólkinu. Hún kveðst hafa farið að upphækkuninni, þegar sýningunni hafi verið lokið, og setzt á brún hennar til þess að hvíla sig, því að hún hafi ekki einu sinni haft stól til að sitja á. Slasaða kveðst aldrei hafa heyrt neinn kalla til þeirra barnanna að fara frá hringsviðinu, enda kveðst hún þá munu hafa verið framar í salnum og verið að huga að öðru. Hún kveðst síðan hafa staðið upp og snúið sér að hringsviðinu, er það skyndilega hafi fallið lítils háttar, og um leið kveðst hún hafa orðið vör við það, að hún hafi stungið vinstri fæti inn undir pallinn, en hún kveðst ekki hafa vitað, að þar væri gat á klæðningu hringsviðsins, en um leið og pallurinn hafi fallið, hafi hún kennt mikils sársauka í fætinum. Hún kveðst ekki hafa misst meðvitund þarna, en þó hafi sér sortnað fyrir augum, og hafi strax tveir þjónar komið sér til aðstoðar. Hún kveðst síðan hafa verið flutt í slysavarðstofuna og þaðan á Hvítabandið og síðan á Landspítalann. Slasaða kveðst ekki vita, hvað orðið hafi því

valdandi, að hún hafi farið með fótinn inn í rifu þessa, en það hafi engin þröng verið þarna og ekkert, sem ýtt hafi við sér. Hún segir, að enginn hafi staðið uppi á pallinum til þess að vara börnin við og að enginn hafi gengið með hringsviðinu til þess að fullvissa sig um, að enginn stæði við hringsviðið, er það var að falla.

Slsaða hefur staðfest framanritaðan framburð sinn fyrir dómi og skýrði svo frá þar nánar aðspurð, að hún hafi verið nýkomin að pallinum, þegar slysið varð, og alls ekki hafa séð neinn vera að stjaka frá pallinum eða heyrt nein aðvörunarorð um að fara frá honum. Hún segir, að pallurinn hafi ekki byrjað að falla, fyrr en hún hafi verið staðin upp.

Slasaða skýrði enn fremur svo frá, er hún kom fyrir dóm hinn 26. maí 1970, að hún vaknaði oft með sársauka á nóttunni vegna umrædds slyss. Þá kvaðst hún þreytast við gang og ekki geta gengið langt í einu. Enn fremur kvaðst hún ekki geta notað hvaða skó sem væri og þyrfti hún að velja þá sérstaklega, þannig að þeir nái upp á ristina og séu með góðum sólum, en það sé mjög vont að fá þá, en hingað til hafi hún ekki þurft að láta smíða skó. Slasaða kveðst reyna að ganga ekki hölt, en það sé mjög erfitt, og sumir taki eftir því, að hún sé hölt. Slasaða kveðst eiga erfiðara með að umgangast jafnaldra sína en áður vegna umrædds slyss, og kveðst hún yfirleitt ekki fara í ferðalög eða leiki, og auk þess kveður hún þetta hafa haft áhrif á skaplyndi sitt, hún sé ekki eins glöð og að jafnaði, eins og áður hafi verið, og tekur hún fram, að hún sé pirruð og oftastnær finnist henni allt leiðinlegt. Slasaða lýsir sársaukanum í fætinum þannig, að hún fái oft eins og stingi í fótinn, eða eins og verið sé að stinga hana í fótinn, auk þess sem henni sé oft kalt á fætinum, jafnt á nóttu sem degi.

Við lögreglurannsókn í málinu hefur vitnið Einar Olgeirsson, aðstoðarhótelstjóri á Hótel Sögu, skýrt svo frá, að er umrætt slys hafi átt sér stað, hafi sýningu verið lokið og því hafi hann farið upp á senuna að ósk þeirra, er haldið hafi skemmtunina, til þess að lækka hringsviðið. Vitnið kveður það gert með þeim hætti, að stigið sé á stóran hnapp, sem sé á gólfinu, þar sem hljómsveitin sé staðsett. Við hlið þessa hnapps sé rofi, sem setji vökvakerfið í gang, þannig að pallurinn lyftist. Það sé einhvern veginn þannig útbúið þetta kerfi, að það hafi viljað koma fyrir, að pallurinn sigi ekki strax niður á undirstöður sínar, en þá sé venja að standa um kyrrt á rofanum og eftir nokkurn tíma hafi

þá pallurinn fallið niður. Er vitnið ætlaði að lækka pallinn í umrætt sinn, kveðst það hafa kallað til allra, sem þarna hafi verið á gólfinu, að fara frá pallinum, því að það ætlaði að láta hann síga, en vitnið kveðst ekki hafa þurft að nota kallkerfi hússins, enda hafi allir farið frá pallinum og hafi danskennararnir verið þarna á ferð að stjaka krökkunum frá. Vitnið telur, að liðið hafi á að gizka 3—5 mínútur, frá því það steig á hnappinn og þar til pallurinn hafi fallið. Á meðan kveðst vitnið hafa fylgzt vel með krökkunum og hafi enginn verið við pallinn. Vitnið kveðst þó munu hafa litið af krökkunum smástund, en um leið hafi pallurinn fallið. Vitnið kveðst hafa litið fram í salinn, um leið og það heyrði, að pallurinn fór af stað, en þá hafi það séð þessa stúlku, þar sem hún hafi staðið svo til fyrir miðju pallsins, og kveðst vitnið hafa séð á henni angistarsvip og þá flogið í hug, að eitthvað hafi komið fyrir, og kveðst vitnið strax hafa stigið af hnappnum og fært fótinn yfir á þann hnapp, sem lyfti pallinum. Pallurinn hafi strax byrjað að síga aftur, en það geri hann einkennilega, því að hann sígi ekki jafnt, heldur eins og hluti af honum, þannig að halli myndist á pallborðið á víxl. Vitnið kveðst þá hafa heyrt, að stúlkan gaf frá sér sársaukahljóð, og þá dottið í hug, að ekki væri allt í lagi, en um leið hafi einn ungþjónanna komið og hafi hann tekið við að standa á lyftihnappnum, en vitnið kveðst hafa farið til stúlkunnar. Hafi þá fleiri verið komnir á vettvang henni til aðstoðar.

Vitnið kveðst hafa veitt þessum rifum á klæðningu pallsins athygli áður, en ekki gert sér grein fyrir því, að þetta eina gat væri það stórt, að slíkt gæti skeð, enda sé óhugsandi, að slíkt gæti komið fyrir á hinum stöðunum. Vitnið kveðst margsinnis bæði hafa lyft pallinum og fellt hann, en aldrei hafi neitt slys komið fyrir fyrr.

Vitnið hefur komið fyrir dóm í máli þessu hinn 2. júní 1970 og staðfest þar framanritaðan framburð sinn.

Fyrir dóminum ítrekaði vitnið það, að það hafi kallað til barnanna, sem voru við hringpallinn, áður en það lét hann síga, en það hafi ekki notað kallkerfi hússins og þori því ekki að ábyrgjast, að allir hafi heyrt til sín, en vitnið kveðst fyrst og fremst hafa beint orðum sínum til barnanna, sem næst voru pallinum. Vitnið segir, að þegar það kallaði til barnanna, hafi því virzt þau taka það til greina og færa sig frá pallinum, og kveðst vitnið álíta, að ef pallurinn hefði ekki staðið á sér, þá hefði viðvörun þessi virkað betur. Hins vegar kveðst vitnið alltaf hafa haft

augun með börnunum, meðan það stóð á lyftuhnappnum, og auk þess hafi það séð, að danskennarar voru á gangi meðal barnanna við pallinn og hafi þeir verið að reyna að stjaka þeim frá. Vitnið minnist þess ekki að hafa séð Önnu Steinunni sitja á pallbrúninni eða önnur börn í umrætt sinn, eftir að það hafði gefið viðvörunina.

Vitnið hefur á dskj. nr. 35 gert þá viðbót við framanritaðan framburð sinn, að því hafi láðst að geta þess, að magnarakerfi hafi allt verið í sambandi í það umrætt skipti, enda í notkun bæði undan og eftir slysið, en í það séu tengdir 3 hátalarar. Hins vegar kveðst vitnið hafa svarað því neitandi, er það var spurt um það fyrir dóminum, hvort það hefði notað kallkerfi hússins, af því að það hafi ekki beint aðvörun sinni í neinn sérstakan hátalara.

Vitnið Halldór Sigurður Sigdórsson þjónsnemi hefur skýrt svo frá við lögreglurannsókn í málinu, að það hafi verið að vinna á Hótel Sögu, er umræddur atburður átti sér stað, og hafi verið statt skammt frá hringsviðinu, er bróðir vitnisins vakti athygli þess á því, að telpan var orðin föst undir pallinum. Vitnið kveðst þá hafa rokið upp á senuna, en þar hafi Einar verið og hafi hann verið búinn að stöðva niðurferð pallsins, en vitnið kveðst hafa farið í það að lyfta honum aftur. Vitnið kveðst síðan hafa farið fram á gólfið, eftir að telpan hafi verið orðin laus, og borið hana niður í forstofu, en þangað hafi komið sjúkrabíll og tekið hana. Vitnið kveðst ekki hafa séð, er atvik þetta átti sér stað, en kveðst hins vegar hafa verið búið að heyra Einar kalla viðvörunarorð til barnanna um að fara frá, en það hafði liðið þó nokkur tími, frá því að börnin höfðu verið rekin frá og þar til pallurinn hafi fallið. Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa stjórnað palli þessum og sé það rétt, að það komi fyrir, að ræsihnappurinn standi á sér eða að útbúnaðurinn vinni ekki rétt, og þá þurfi stundum að stíga lengi á hnappinn eða jafnvel tippla á honum.

Framangreint vitni hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi og ítrekað þar, að það hafi heyrt Einar kalla viðvörunarorð til barnanna, áður en hann hafi látið hringsviðið síga, og það oftar en einu sinni. Vitnið kveðst hafa verið að vinna við næsta borð, þegar það heyrði aðvörunarorð Einars. Segir vitnið, að stúlkan, sem slasaðist, hafi verið nær Einari heldur en vitnið var, þegar það heyrði aðvörunarorð hans. Vitnið tekur fram, að sér þyki trúlegt, að kallkerfi hússins hafi verið notað, því að vitnið telur, að allir, sem í salnum hafi verið, hefðu átt að heyra aðvörunar-

orð Einars. Hins vegar kveðst vitnið ekki þora að fullyrða, að kallkerfið hafi verið notað.

Vitnið Böðvar Valtýsson hefur skýrt svo frá við lögregluransókn í málinu, að það hafi verið statt þarna á skemmtuninni ásamt konu sinni og börnum, og kveðst vitnið muna eftir atviki þessu. Vitnið kveðst hafa setið við borð sitt og séð greinilega til telpunnar, þar sem hún stóð við pallinn. Vitnið kveðst hafa veitt því athygli, að þegar verið var að láta pallinn síga, að þá var eins og hann færi ekki jafnt niður, heldur eins og annar hluti pallsins færi fyrst, en svo hafi hinn hlutinn fallið niður með smá rykk. Er slysið skeði, kveðst vitnið hafa stokkið til telpunnar og aðstoðað við að koma henni frá pallinum, en eftir það kveðst vitnið ekki hafa skipt sér af máli þessu. Vitnið kveðst ekki muna til þess að hafa heyrt, að börnin væru beðin um að fara frá pallinum, en vill þó ekkert fullyrða um það. Vitnið kveðst þó þora að fullyrða, að það hafi enginn rekið frá pallinum, er farið var að láta hann síga.

Vitnið Sigríður Guðmundsdóttir, sem kom fyrir dóm í máli þessu 2. júní 1970, hefur staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 8 og ítrekað, að það hafi ekki heyrt, að nein viðvörun væri gefin, þegar hringsviðið var látið síga niður. Vitnið kveðst hafa séð börn sitja á stólum, að því virtist fast upp við sviðið, á meðan skemmtiatriðin hafi farið fram, og þar á meðal Önnu Steinunni Jónsdóttur, og einnig eftir að skemmtiatriðum hafi verið lokið. Sjálft kveðst vitnið hafa setið nálægt sviðinu og séð vel til barnanna, sem sátu upp við það.

Vitnið Jóhanna Andrea Lúðvíksdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 8 og ítrekað, að það hafi ekki orðið þess vart, að nein aðvörun væri gefin, þegar hringsviðið hafi verið látið síga niður í umrætt sinn, og kveðst það þó hafa setið nálægt hringsviðinu. Vitnið segir, að börnin hafi ýmist setið eða staðið fast upp við hringsviðið, á meðan skemmtiatriðin hafi farið fram.

Stefnandinn í málinu, Marý Valdís Jónsdóttir, hefur komið fyrir dóm hinn 26. maí 1970 og skýrt þar svo frá, að hún hafi orðið að hætta vinnu vegna umrædds slyss, er dóttir hennar hafi orðið fyrir, og það hafi liðið 6½ mánuður, frá því að hún hætti af þessum sökum og þar til hún hafi hafið nám sem sjúkraliði á Landakotsspítala. Kveðst stefnandi oft áður hafa verið búin að spyrjast fyrir um vinnu á vinnumiðlunarskrifstofu og hjá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, en það hafi engan árangur borið

og hafi hún þá snúið sér að sjúkraliðanámi sem fyrr segir. Stefnandi kveðst ekki þekkja dóttur sína fyrir sama barn og hún hafi áður verið. Segir stefnandi hana hafa verið glaða og káta, áður en hún varð fyrir umræddu slysi, og lífsmikið barn, en síðan hún hafi orðið fyrir slysi þessu, sé hún aldrei glöð, a. m. k. ekki eðlilega glöð, og virðist vera ákaflega „pedrimeruð", enda segir stefnandi, að hún finni alltaf til meiri og minni sársauka í fætinum og hljóði stundum upp, þegar hún eigi að fara að sofa. Stefnandi tekur fram, að dóttir hennar kvarti oft um, að verkina frá fætinum leggi upp í höfuð. Þá tekur stefnandi fram, að dóttir hennar hafi notað gleraugu við lestur, áður en hún hafi orðið fyrir slysinu, en eftir það hafi nærsýnin aukizt verulega. Kveður stefnandi dóttur sína eiga miklu erfiðara með að einbeita sér að námi, eftir að hún hafi orðið fyrir slysinu, og námsárangur allur versnað til muna. Þá tekur stefnandi fram, að mjög fljótt eftir slysið hafi dóttir hennar haft blæðingar í fyrsta skipti. Stefnandi kveðst hafa átt í mjög miklum erfiðleikum með að fá skó, sem dóttir hennar geti notað, eftir að hún slasaðist, og sér virðist næstum ómögulegt að fá skó, sem sérstaklega séu sniðnir við hennar hæfi.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, sem lögð hefur verið fram í málinu, hefur Konráð Guðmundsson hótelstjóri skýrt svo frá um tildrög slyssins, að slasaða hafi verið áhorfandi að sýningu, er fram hafi farið á pallinum. Pallurinn hafi verið hafður uppi, en er sýningunni hafi verið lokið, hafi átt að hleypa pallinum niður og börn, sem staðið hafi nærri, verið rekin frá, en pallurinn staðið á sér og ekki viljað ganga niður, en við það hafi orðið töf og hafi orðið að setja pallinn upp í fulla hæð, en á meðan hafi börnin flykkzt að aftur. Þegar svo pallinum hafi aftur verið hleypt niður, hafi slasaða staðið fast við pallinn og rekið fótinn inn um rifu, sem myndist, þegar pallurinn sé efst uppi. Rifur þessar myndist vegna úrtekningar úr klæðningu fyrir bita (burðarbita fyrir tjakka og pallinn) í botni.

Umsögn eftirlitsmanns Öryggiseftirlits ríkisins, Hákonar Þorsteinssonar, er á þá leið, að úrtekning á klæðningu pallsins orsakist af burðarbitum í botni rúmsins, er pallurinn falli niður í. Aðalbiti skeri miðju hringsins og sé 2—3 cm hærri en hinir og myndist því stærri rifa þar, sem hann sé, en annars staðar og við það úrtak hafi slysið skeð. Fyrirskipað hafi verið að setja sjálffallandi lokur í úrtök á fjórum stöðum og lagfæra á öðrum. Lokurnar skuli falla það langt, að engin rifa myndist á milli

gólfs og efri brúnar á úrtaki, þegar pallurinn sé í efstu stöðu. Eftirlitsmaðurinn kveðst telja orsök slyssins vera vanbúnað. Lyftubúnaður þessi hafi aldrei verið skoðaður af Öryggiseftirlitinu og hafi aldrei verið viðurkenndur í lagi, eins og hann sé, þá er eftirlitsmaðurinn skoðaði búnaðinn, en skýrsla eftirlitsmannsins er dagsett þann 4. marz 1968, eða daginn eftir að umrætt slys átti sér stað.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að vítaverður frágangur hafi verið á hinum svonefnda hringpalli, þ. e. að myndazt hafi getað rifa sú, er slysi þessu olli, en hættueiginleiki þessarar rifu hafi öllum kunnugum mátt vera augljós, þar sem iðulega hafi verið fjöldi manns í kringum pall þennan og þá einkum á barna- og unglingaskemmtunum. Kveðst stefnandi telja, að stefndi, Hótel Saga, beri ábyrgðina á umræddu slysi þegar af þessari ástæðu, en auk þess verði að telja, að starfsmenn Hótels Sögu hafi sýnt mikinn skort á aðgæzlu með því að aðvara ekki samkomugesti, er pallurinn var látinn síga, og að fylgjast ekki nægilega með því, að enginn væri við pallinn þá. En stefnandi telur, að ekki sé sannað, að slík aðvörun hafi verið gefin, þrátt fyrir fullyrðingar starfsmanna stefnda í þá átt.

Stefndi styður hins vegar kröfur sínar um, að hann verði einungis dæmdur til greiðslu lítils hluta þeirrar fjárhæðar, sem um er stefnt, þeim rökum, að dóttir stefnanda hafi ekki sinnt aðvörunum og staðið uppi við sviðið, en hún hafi verið næstum því 12 ára gömul, er slysið varð, og því hafi hún átt að gera sér grein fyrir aðvörunum og fyrirmælum aðstoðarhótelstjórans og fara frá hringsviðinu. Megi sumpart rekja slysið til þessa, en auðvitað hefði það ekki orðið, ef stúlkan hefði hlýtt.

Eins og áður er fram tekið, hefur farið fram lögreglurannsókn út af umræddu slysi, enda er eigi ágreiningur um það, með hverjum hætti það hafi atvikazt, heldur aðeins um fébótaábyrgðina.

Eins og fram kemur í framburðum starfsmanna stefnda svo og umsögn öryggiseftirlitsmanns ríkisins, sbr. og framlagðar ljósmyndir, hefur búnaði hringsviðs þess, sem slysið varð við, verið mjög ábótavant frá öryggissjónarmiði, bæði að því er varðar lyftubúnað og klæðningu þess. Einnig verður að telja, að starfsmenn stefnda hafi ekki sýnt þá varúð, sem þeim bar gagnvart nærstöddum, er hringsviðið var fellt, með því að standa ekki vörð um það á meðan, þar sem svo mörg börn voru saman komin. Munnleg aðvörun um fellingu sviðsins, sem starfsmenn stefnda

kveðast hafa gefið, verður eigi talin nægjanleg í slíku fjölmenni, sem á staðnum var, enda upplýst með framburði þriggja vitna, að hún hafi ekki borizt öllum nærstöddum.

Ber því að leggja á stefnda óskipta fébótaábyrgð á umræddu slysi, enda þykja eigi liggja rök til þess að leggja hluta sakar á hina slösuðu.

Tryggvi Þorsteinsson læknir, sem tók á móti hinni slösuðu, er komið var með hana á Slysavarðstofu Reykjavíkur samdægurs og hún slasaðist, lýsir meiðslum hennar svo, að stóra tá á vinstra fæti hafi augljóslega verið brotin og úr lagi færð. Önnur tá og þriðja hafi líka verið skakkar og með broteinkennum. Auk þess hafi verið um mikla skemmd á húð og undirhúð að ræða og allt útlit á, að nauðsynlegt mundi reynast að „amputera".

Kristján Sigurðsson, læknir á Landspítalanum, skýrir þannig frá í vottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, að komið hafi verið með hina slösuðu á handlækningadeild Landspítalans hinn 3. marz 1968 og við skoðun hafi komið í ljós, að stóra tá og næsta tá við á vinstra fæti hafi kramizt svo til af og hangi aðeins við á beygisinum og taugaslitrum og standi beinendar út úr sárunum. Tekin hafi verið röntgenmynd af tám og rist vinstri fótar og hafi ekki sézt brot á ristarbeinum, en brot á stórutá og næstu við. Nokkru eftir komu stúlkunnar á handlækningadeild Landspítalans hafi verið gert að meiðslum hennar og hafi orðið að taka burt mestan hluta af stórutá og næstu tá við og hafi húðin verið saumuð yfir sárið. Hafi stúlkunni heilsazt vel eftir aðgerðina og útskrifazt heim 10. marz 1968. Þá segir og í sama vottorði Kristjáns læknis, sem dags. er 25. marz 1968, að sárin séu þá ekki alveg gróin og muni sennilega dragast nokkrar vikur til viðbótar, að stúlkan geti farið að ganga á fótinn með eðlilegum hætti.

Í vottorði Árna Björnssonar læknis, dags. 25. maí 1968, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir svo m. a.: „Sár Önnu voru ekki að fullu gróin, er hún útskrifaðist af sjúkrahúsinu, og þurfti að gera húðflutning á stórutáarstúfinn, og var það gert ambulant. Eftir það greri sárið og er nú, er vottorð þetta er út gefið, alveg gróið. Þá hefur sjúklingi verið leyft að ganga í fótinn. Hún þarf að nota sérstaklega útbúinn skó, til þess að hún geti gengið á eðlilegan hátt.

Niðurstaða:

Um er að ræða afleiðingar af slysi á 11 ára gamalli stúlku, sem lauk svo, að taka þurfti af henni stórutá og aðra tá vinstri

fótar, þannig að enginn stúfur er eftir af þeim. Gera þurfti tvær aðgerðir, hina fyrri á sjúkrahúsinu og hina síðari ambulant, en sár sjúklings eru nú alveg gróin.

Hér er um að ræða varanleg lýti á ungri stúlku, en auk þess bæklun, sem minnkar nokkuð hæfni hennar til gangs og breytir og skerðir möguleika hennar til að velja sér lífsstarf. Ekki kemur til greina að gera neinar frekari aðgerðir á sjúklingi þessum, hins vegar þarf hún, og mun þurfa um alla framtíð, að hafa sérstaklega útbúinn skó á vinstra fæti".

Og í síðara vottorði sama læknis varðandi hina slösuðu, Önnu Steinunni Jónsdóttur, dags. 3. nóvember 1970, segir m. a. svo:

„Hún var lögð inn að nýju á handlækningadeild Landspítalans hinn 31. 5. 1970 vegna þess, að nýmyndun hafði orðið á beini við endann á stóru táar miðfótarbeini, og hafði hún við þetta fengið aukin óþægindi í örið. Þessi nýmyndun var tekin í burtu og örið lagað að nýju, og var gangur eftir þessa aðgerð eðlilegur. Sjúklingur lá á sjúkrahúsinu til 10. 6. 1970. Aðgerð þessi breytir ekki á neinn hátt ástandi fótarins. Stúlkan kvartar um þreytu og verk í fætinum við alla áreynslu, og hún á í allmiklum erfiðleikum með að fá á sig viðeigandi skófatnað. Þreytan kemur aðallega fram að kvöldi dags og er stundum svo slæm, að hún hefur allverulega verki í stúfnum. Við skoðun sést, að sárið á tánni er vel gróið. Örið lítið áberandi, en hér er um að ræða mjög mikil lýti á fæti ungrar stúlku, sem auk þess skerðir möguleika hennar til að velja sér lífsstarf og hæfni hennar til gangs.

Frekari aðgerðir koma ekki til með að breyta endanlegu ástandi á neinn hátt".

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku hinnar slösuðu vegna umræddS slyss, og segir í örorkumati hans, dags. 7. september 1968, m. a. svo:

„Slasaða kom til viðtals hjá undirrituðum 4. 9. 1968. Móðir hennar er í fylgd með henni. Þær skýra frá slysinu, eins og fram kemur hér að framan. Móðir hennar skýrði frá því, að hún hafi misst af skóla, en hafi getað lokið prófum og flutzt í 12 ára bekk, eins og til stóð.

Núverandi óþægindi: Kvartar um verki í tástúfum og kulsækni, kvartar um, að hún geti ekki gengið upp á fótinn eins og áður. Getur ekki tekið þátt í ballett, en hún hefur stundað balettnám undanfarin ár.

Skoðun: Almennt ástand eðlilegt. Göngulag þannig, að hún

gengur áberandi á vinstri jarka án þess að geta spyrnt við ganginn, en öklinn sígur í valgus. Vinstri fótur: Það er aflimun á stórutá og annari tá. Það er vel gróið fyrir stúfana, en húðin er nokkuð bláleit á amputationssvæðinu.

Ályktun: Hér er um að ræða 12 ára gamla telpu, sem slasaðist á skemmtistað fyrir hálfu ári og missti stórutá og aðra tá vinstri fótar. Vegna þessa slyss hefur stúlkan óþægindi, sem stafa beint af aflimuninni, kulsækni og verki í stúfnum, breytingu á göngulagi og erfiðleika við að fá skó, þegar þessa táfyllingu vantar. Af þeim sökum hefur stúlkan hlotið varanlega örorku, sem telst hæfilega metin 7%".

Kröfur stefnanda eru sundurliðaðar í greinargerð og við munnlegan málflutning sem hér segir:

I.

Atvinnutap og útlagður kostnaður stefnanda.

A.	Vinnutap í 6½ mánuð	kr. 74.594.00
B.	Bílkostnaður samkvæmt 47 nótum	— 3.904.00
C.	Kostnaður við skókaup á dóttur eftir slys	— 4.333.50
D.	Kostnaður við læknisvottorð	— 2.580.00
E.	Kostnaður við örorkumat	— 2.000.00
F.	Greitt Þóri Bergssyni	— 7.000.00
G.	Greitt sakadómi	— 1.215.00
	Samtals kr.	95.626.50

II.

Stefnandi gerir svofelldar kröfur f. h. dóttur sinnar:

A.	Í örorkubætur samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar	kr. 149.054.00
B.	Bætur fyrir þjáningar og óþægindi	— 100.000.00
C.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum og ævarandi lýti	— 600.000.00
	Samtals kr.	849.054.00

Frá þessu dragist kr. 55.000.00, sem réttargæzlustefndi hafi þegar greitt til stefnanda, eftir að slysið varð.

Um I. A. Vinnutap.

Stefnandi kveðst hafa orðið að hætta í föstu starfi um miðjan

marz 1968 til þess að sinna og hjúkra dóttur sinni eftir slysið. Kveðst hún hefði getað farið að vinna aftur úti í júlí 1968, en þá hafi hún enga vinnu getað fengið, enda hafi þá verið mikið atvinnuleysi. Fyrst í október 1968 kveðst hún hafa hafið störf á ný. Kveðst hún telja sér bera bætur fyrir allan tímann, sem hún varð að vera heima hjá dóttur sinni vegna slyssins, og einnig sé tekjumissir hennar í ágúst og september 1968 það bein afleiðing af slysi þessu, að stefnda beri að bæta það.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að stefnandi hafi orðið fyrir einhverju atvinnutjóni vegna slyss dóttur hennar, en því hins vegar mótmælt, að það sé svo mikið sem stefnandi vilji vera láta, bæði að lengd og fjárhæð.

Frammi liggur í málinu yfirlýsing verzlunarstjóra verzlunarinnar Fókus, Lækjargötu 6 B hér í borg, þar sem segir, að stefnandi, Marý Valdís Jónsdóttir, Austurbrún 6, hafi verið fastráðin í starfi hjá nefndri verzlun „á s.l. vetri" (en yfirlýsingin er dags. 1. nóvember 1968), en orðið að hætta störfum 15. marz 1968 til þess að vera heimavið yfir dóttur sinni, sem þá nýskeð hafi orðið fyrir slysi. Enn fremur er upplýst í sömu yfirlýsingu, að kaup stefnanda hafi verið kr. 11.476.00 á mánuði. Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er grundvölluð á þessu mánaðarkaupi, þ. e. 11.476.00 krónum á mánuði í 6½ mánuð.

Stefndi hefur ekki rökstutt mótmæli sín gegn þessum kröfulið, en tekjumissir stefnanda í umræddan 6½ mánuð er bein afleiðing af slysi því, er dóttir hennar varð fyrir samkvæmt því, sem áður hefur verið rakið. Ber því að taka þennan kröfulið að fullu til greina.

Um I. B. og C.

Bílkostnaður og skókaup. Þessum liðum hefur ekki verið mótmælt tölulega og verða því teknir til greina óbreyttir.

Um I. D. E. F. og G. Kostnaður við læknisvottorð og fleira.

Kröfuliðum þessum hefur ekki verið mótmælt tölulega að öðru leyti en því, að reikningi Þóris Bergssonar á dskj. nr. 24 vegna endurútreikninga örorkutjóns, kr. 1.000.00, og reikningi á sama dskj. nr. 25 vegna greinargerðar um miskabætur, einnig að fjárhæð kr. 1.000.00, hefur verið mótmælt.

Endurútreikningur á örorkutjóni verður talinn hafa verið nauðsynlegur, eins og á stóð og nánar er rökstutt í endurútreikningnum sjálfum, og ber því að taka til greina kröfu um endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem hann hafði í för með sér. Hins vegar þykir eigi hafa borið nauðsyn til að fá greinargerð tryggingafræðings

um miska, og verður því kostnaður af þeim sökum, kr. 1.000.00, ekki tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verða framangreindir kröfuliðir, D., E., F. og G., teknir til greina að frádregnum kr. 1.000.00, en auk þess þykir rétt að taka afstöðu til reiknings Árna Björnssonar læknis, dags. 3. nóvember 1970, kr. 610.00, og reiknings Þóris Bergssonar, dags. 19. nóvember 1970, kr. 2.000.00, við ákvörðun málskostnaðar.

II. Kröfur stefnanda f. h. dóttur sinnar.

Um A. Örorkubætur, kr. 149.054.00.

Dóttir stefnanda var 11 ára, þegar hún varð fyrir umræddu slysi. Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem slasaða hefur beðið vegna slyssins, og leggur hún útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er m. a. grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Vegna launahækkana og verðbreytinga liggja frammi í málinu þrír örorkutjónsútreikningar, þ. e. frumútreikningur og tveir endurútreikningar. Er sá fyrsti, dags. 26. september 1968, að fjárhæð kr. 105.127.00, annar, dags. 16. nóvember 1968, að fjárhæð kr. 110.697.00, og sá þriðji, dags. 19. nóvember 1970, að fjárhæð kr. 149.054.00.

Í forsendum útreikninga sinna segir tryggingafræðingurinn svo:

„Við útreikning verðmætis vinnutekjutaps hef ég áætlað vinnutekjutapið þannig: Á 14. og 15. aldursári geri ég ráð fyrir þriggja og háls mánaðar vinnu á unglingataxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Frá 1. júní 1971, þegar Anna hefur lokið skyldunámi, nota ég taxta V. R. fyrir afgreiðslustúlkur, eingöngu dagvinnu. Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin, það er 7%“.

Stefndi hefur ekki vefengt örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, en mótmælt reikningsgrundvelli Þóris Bergssonar tryggingafræðings sem röngum og of háum. Kveður stefndi, að við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið beri að meta það hagræði, sem hljótist af eingreiðslu, svo og skattfrelsi og enn fremur beri að meta til lækkunar bætur, sem greiddar kunni að verða af Tryggingastofnun ríkisins. Að öðru leyti hefur stefndi ekki rökstutt mótmæli sín gegn þessum kröfulið.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og

þess m. a. gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón samkvæmt þessum lið kr. 120.000.00.

Um lið II. B. og C. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi og röskun á stöðu og högum og lýti.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuliðum sem allt of háum. Sjúkrasaga hinnar slösuðu hefur verið rakin að nokkru í vottorði Kristjáns Sigurðssonar læknis, Árna Björnssonar læknis svo og örorkumati Páls Sigurðssonar læknis hér að framan.

Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 250.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema samtals kr. 462.016.50 (kr. 92.016.50 + 120.000.00 + 250.000.00). Frá þessari upphæð ber að draga kr. 55.000.00, sem stefnandi hefur fengið greiddar frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f upp í tjón sitt. Ber því stefnda að greiða stefnanda samtals kr. 407.016.50 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. marz 1968 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 59.000.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sveinn Haukur Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 56.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hótel Saga, greiði stefnanda, Marý Valdísi Jónsdóttur vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Steinunnar Jónsdóttur, kr. 407.016.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags og kr. 59.000.00 í málskostnað. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sveinn Haukur Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 56.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 dag frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1972.

Nr. 156/1971. **Umbúðamiðstöðin h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Helga Ólafi Björnssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. og leyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Umbúðamiðstöðin h/f, greiði stefnda, Helga Ólafi Björnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júní 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er höfðað með stefnu, dagsettri 6. júlí 1970.

Stefnandi málsins er Helgi Ólafur Björnsson offsetprentari, Frostaskjóli 13 hér í borg.

Stefndi er Umbúðamiðstöðin h/f hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum vangreidd laun að fjárhæð kr. 4.002.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 1.326.00 frá 20. febrúar 1970 til 20. marz sama árs og af kr. 4.002.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð gerði stefndi þær dómkröfur aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en til vara, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Munnlegur málflutningur fór fram um framkomna frávísunarkröfu stefnda hinn 23. apríl 1971, og með úrskurði, uppkveðnum 30. apríl 1971, var frávísunarkröfunni hrundið.

Dómkröfur stefnda í þessum þætti málsins eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu:

„Málsatvik eru þau, að dagana 9.–11. febrúar 1970 var stefnandi máls þessa, sem vinnur sem offsetprentari hjá hinu stefnda hlutafélagi, óvinnufær vegna sjúkdóms, og dagana 4.—6. marz var hann óvinnufær vegna slyss. Samkvæmt 2. gr. kjarasamnings Offsetprentarafélags Íslands, stéttarfélags stefnanda, og Félags Offsetprentsmiðjueigenda frá 31. ágúst 1969 má eigi draga kaup af starfsmanni, þótt veikur sé allt að 14 dögum á ári. Hið stefnda félag hefur greitt stefnanda laun hans fyrir dagvinnu umrædda daga, en mótmælt kröfu hans um laun fyrir fasta aukavinnu, samtals 18 klst., en laun fyrir hana nema stefnukröfunni".

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. 10. febrúar 1970, 6 klukkustundir á 221.00 ..	kr.	1.326.00
2. 4. marz 1970, 6 klukkustundir á 223.00	—	1.338.00
3. 7. marz 1970, 6 klukkustundir á 223.00	—	1.338.00
Samtals kr.		4.002.00

Ofangreindur kjarasamningur hefur verið lagður fram í málinu, dskj. nr. 4. Í 2. gr. hans segir svo:

„Veikindi: Eigi má draga kaup af starfsmanni, þótt veikur sé

allt að 14 dögum á ári, en skylt er honum að sanna veikindi sín með læknisvottorði. Offsetprentari, sem verið hefur skemur en 1 ár í þjónustu atvinnurekanda, fær veikindadaga í hlutfalli við þann tíma, sem hann hefur unnið.

Frá 1. janúar 1966 skulu ónotaðir veikindadagar greiddir Offsetprentarafélagi Íslands til geymslu um hver áramót.

Um hver áramót skal atvinnuveitandi gefa starfsmanni viðurkenningu fyrir ónotuðum veikindadögum hans".

Í greinargerð af hálfu stefnanda er m. a. skýrt svo frá:

„Krafan í máli þessu er vegna aukavinnulauna, en aukavinna var unnin hjá stefnda reglulega annan hvern dag. Miðað er við daga, sem aukavinna var raunverulega unnin, og fellur því einn dagur á fyrra tímabilið, en tveir á hið síðara, þótt þau væru jafnlöng. Ekki er vitað til, að vefengt sé af stefnda, að stefnandi hefði unnið umrædda aukavinnu, ef hann hefði verið heill heilsu umrædda daga. Stefnandi telur, að skýra beri samningsákvæði í 2. gr. samningsins á dskj. nr. 4 í samræmi við 4. gr. laga nr. 16/1958, enda eigi hann rétt til greiðslunnar samkvæmt lögunum, hvernig sem samningurinn yrði skýrður. Þá er á það bent, að árlegir veikindadagar offsetprentara eru helmingi færri en hjá öllum þorra launþega, og því fráleitt, að sá skilningur fái staðizt, sem fram mun hafa komið hjá stefnda, að offsetprentarar njóti betri kjara að þessu leyti en launþegar almennt".

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 7. maí 1971 skýrt svo frá varðandi yfirvinnu á vinnustaðnum:

„Þannig var, að við vorum fjórir sveinar í offsetprentun, og unnum við þannig, að annan daginn unnu allir til hálf fimm, þá fóru tveir heim, en hinir héldu áfram og unnu til hálf ellefu, þannig að annan hvern dag unnum við sex klukkustundir í yfirvinnu, tveir sveinar. Það hittist svoleiðis á, að þann 10. febrúar 1970 mundi ég hafa átt að vinna yfirvinnu, ef ég hefði ekki verið veikur, og sama er að segja um dagana 4. marz og 6. marz. Nefnda daga var yfirvinna unnin. Mér er um það kunnugt, að einhver hinna þriggja offsetprentara hlupu í skarðið fyrir mig og unnu sex klukkustunda yfirvinnu nefnda þrjá daga. Ég get ekki nú upplýst, hverjir það voru".

Stefnandi, sem kveðst hafa ráðizt til stefnda 1. september 1967 og kveðst vinna þar ennþá, segir, að á árunum 1968 og 1969 hafi verið mjög mikil yfirvinna hjá stefnda og tiltölulega reglubundin. Minnir hann, að yfirvinnan hafi verið stöðug þar til í

maí 1970, en þá hafi lærlingur komið til vinnu úr skóla og hafi yfirvinna þá dreifzt meir. Hann tekur fram, að enn sé unnin allmikil yfirvinna hjá stefnda, enda þótt hún skiptist á fleiri offsetprentara, en þeir offsetprentararnir skipti sjálfir yfirvinnunni á milli sín á þann hátt, að sem mesti jöfnuður sé á með þeim um yfirvinnuna.

Pálmi Viðar Samúelsson, verksmiðjustjóri stefnda, hefur hér fyrir dómi hinn 7. maí 1971 skýrt svo frá, að hann hafi unnið hjá stefnda, frá því að rekstur hófst þar á árinu 1967. Hann segir, að við offsetprentvél þá, sem stefnandi vinni við, vinni alltaf þrír menn í einu og að jafnaði sé hún látin ganga til kl. 1030 á kvöldin. Vélin sé mikið notuð. Ekki sé nægilegt starfslið til þess að hafa fullkomnar tvær vaktir við vélina. Af þessum sökum og til þess að „skaffa" offsetprenturum aukavinnu, hafi jafnan verið hafður sá háttur á, að reglubundin yfirvinna hafi verið hjá offsetprenturum við vél þessa. Offsetprentararnir skipti sjálfir á milli sín yfirvinnunni, sem til falli. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvort stefnandi mundi hafa unnið yfirvinnu þá daga, sem stefnt er fyrir, ef stefnandi hefði ekki verið frá vinnu vegna veikinda, en tekur fram, að það geti vel verið. Hann telur alls ekki ólíklegt, að stefnanda hafi áskotnazt yfirvinna fyrir þá yfirvinnu, sem hann missti við veikindin, eftir að hann kom aftur til vinnunnar eftir veikindin. Hann þekkir engin dæmi þess, að offsetprenturum hafi verið greidd yfirvinna á veikindadögum, enda þótt þeir hafi unnið reglubundna yfirvinnu. Þeim hafi aðeins verið greitt fast dagkaup, á meðan þeir hafi verið frá vinnu vegna veikinda.

Jóhann Guðmundsson offsetprentari hefur hér fyrir dómi hinn 7. maí 1971 skýrt svo frá, að hann hafi verið starfsmaður stefnda frá 13. marz 1968 og vinni þar enn. Hann segir, að tiltölulega reglubundin yfirvinna hafi verið unnin hjá stefnda, allt frá því að vitnið byrjaði að starfa þar, en mismunandi eftir því, hve margir starfsmenn hafi verið við umrædda vél. Ákveðið hafi verið, að vélin væri látin ganga til kl. 1030 á kvöldin. Hafi þeim offsetprenturunum verið gefin heimild til að skipta niður yfirvinnunni, sem inna þurfti af hendi við vélina. Þeir hafi venjulega gert áætlun um hálfs mánaðar tíma fyrirfram, hvernig yfirvinnan skyldi skiptast þeirra á milli. Hafi áætlunin verið skráð á miða, sem festur hafi verið upp hverju sinni. Öll unnin yfirvinna hafi síðan verið skráð í sérstaka yfirvinnubók.

III.

Varnarástæður stefnda eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi þegar fengið greitt fast dagvinnukaup sitt og ekkert sé upplýst í máli þessu, hvort eða hve mikla eftirvinnu stefnandi hefði verið látinn vinna á því tímabili, sem hann var fjarverandi. Í öðru lagi eigi venja sú, sem til er varðandi veikindadaga, almennt ekki við í þessu tilviki, þar sem fyrirkomulag það, sem er á greiðslu veikindadaga til offsetprentara, sé hagkvæmara en það fyrirkomulag, sem almennt gildi. Í því sambandi er lögð áherzla á það af hálfu stefnda, að stefnandi viðurkenni, að ónotaðir veikindadagar séu aðeins greiddir með dagvinnukaupi, sbr. 2. gr. kjarasamningsins.

Ef stefndi yrði með dómi skyldaður til að greiða yfirvinnu í veikindatilfellum, væru brostnar forsendur fyrir því að haga eftirvinnunni með þeim hætti, sem verið hefur, og mundi þá ekki verða hjá því komizt að taka upp vaktavinnu, sem að sumu leyti kynni að verða óhagstæðari vinnutilhögun fyrir stefnanda.

IV.

Dómarinn hefur haft til athugunar yfirvinnubók stefnda, sem nær yfir tímabilið frá 11. nóvember 1969 til 19. júlí 1970. Úrdrættir úr yfirvinnubókinni fyrir mánuðina janúar, febrúar, marz og apríl 1970 liggja frammi í málinu.

Fram kemur, að árið 1970 hefst vinna 5. janúar, og er yfirvinna unnin þann dag og alla síðari daga mánaðarins að undanskyldum dögunum 12., 17., 24. og 25. Í febrúar hefur yfirvinna verið unnin alla daga mánaðarins nema laugardaginn 14. og sunnudaginn 15. Í marz var yfirvinna unnin alla daga mánaðarins nema laugardaginn 7. og sunnudaginn 8., og ekki var yfirvinna unnin frá því á skírdag og fram á annan í páskum, en þeir dagar voru 26.—30. Í apríl var yfirvinna alla daga mánaðarins nema sunnudagana 5. og 12. og laugardaginn 11. Að meginstefnu til er yfirvinnan 6 klst., stundum lengur, en sjaldnar skemur. Hefur yfirvinnan að jafnaði skipzt á milli fjögurra offsetprentara, þannig að annan daginn hefur stefnandi unnið við annan mann, en hinn daginn aðrir tveir. Hinn 10. marz, þ. e. þann dag, sem um ræðir í málinu, vann annar maðurinn aðeins 2 klst. Er því haldið fram af stefnanda, að þar hafi verið um staðgengil hans að ræða og af einhverjum sérstökum ástæðum hafi þessi maður ekki getað verið lengur en 2 klst.

Stefnandi telur samkvæmt þessu sannað, að hann mundi hafa

unnið aukavinnu daga þá, sem stefnt er út af, ef hann hefði ekki verið fjarverandi.

Þegar gögn málsins eru virt, verður að telja, að stefnandi hafi fært líkur að því, að hann mundi hafa unnið 6 klst. yfirvinnu alla hina tilgreindu daga, ef hann hefði ekki verið fjarverandi vegna veikinda sinna.

Verður þá næst vikið að þeirri varnarástæðu stefnda, að fyrirkomulag það, sem er á greiðslu kaups til offsetprentara, þegar þeir forfallast frá vinnu vegna sjúkdóms, sé hagkvæmara en það fyrirkomulag, sem almennt gildir.

Í 6. gr. laga nr. 16/1958 segir: „Ákvæði laga þessara hagga ekki samningum milli samtaka atvinnurekenda og launþega um greiðslur atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra".

Á dómsskjali nr. 11 eru reglur sjúkra- og styrktarsjóðs Offsetprentarafélags Íslands. Í 3. gr. reglnanna kemur fram, að tekjur sjóðsins eru m. a. greiðslur atvinnurekenda til sjóðsins á ónotuðum veikindadögum hvers félagsmanns O. P. Í. samkvæmt kjarasamningi.

Skýra verður ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. áðurgreinds kjarasamnings þann veg, að þar sé um að ræða greiðslur atvinnurekanda á sjúkrapeningum í skilningi 6. gr. laga nr. 16/1958.

Þegar nefnd ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins hafa verið skýrð á þennan hátt, hefur stefndi gegn mótmælum stefnanda ekki sannað, að fyrirkomulag það, sem er á greiðslu launa til offsetprentara, þegar þeir forfallast frá vinnu sökum veikinda, sé hagstæðara en almennt gildir, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1968.

Að svo vöxnu máli og með vísan til 4. gr. laga nr. 16/1958 ber að taka kröfu stefnanda til greina.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 4.002.00 með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 7% ársvexti frá 20. marz 1970 til greiðsludags, en með tilliti til málavaxta allra þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Umbúðamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Helga Ólafi Björnssyni, kr. 4.002.00 með 7% ársvöxtum frá 20. marz 1970 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1972.

Nr. 8/1971. **Ragnar Guðmundsson**
(Skúli J. Pálmason hrl.)
gegn
Sigurði Halldórssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteignakaup. Vanheimild. Skaðabætur. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 60.000.00 með 7% ársvöxtum frá 29. apríl 1967 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi eru sönnur að því leiddar gegn niðurstöðum matsgerða þeirra, er í málinu greinir, að áfrýjandi hafi beðið fjárhagslegt tjón af því, að hann varð eigi einn eigandi að háaloftinu yfir íbúð þeirri, er hann keypti af stefnda.

Ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. f. m., hefur Ragnar Guðmundsson, Kaplaskjólsvegi 61 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Sigurði Halldórsyni, Stigahlíð 45—47 hér í borg, með stefnu, útgefinni hinn 18. marz 1968. Í stefnu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefnda verði gert að afla stefnanda þinglýstrar heimildar að háalofti yfir íbúð stefnanda á 4. hæð t. h. að Kaplaskjólsvegi 61 hér í borg að viðlögðum kr. 1.000.00 dagsektum frá birtingu dóms, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 60.000.00 í skaðabætur auk 7% ársvaxta frá 29. apríl 1967 til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á dómkröfum stefnanda, að fallið var frá aðalkröfu í stefnu, en krafizt dóms í samræmi við varakröfuna.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dagsettum hinn 17. janúar 1967, festi stefnandi kaup á íbúð stefnda á 4. hæð t. h. í húsinu nr. 61 við Kaplaskjólsveg hér í borg. Í kaupsamningnum er hinum selda eignarhluta lýst svo:

„Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til þess að kaupa neðanskráða eign seljanda: 5 herbergja íbúð á 4. hæð t. h. í húsinu nr. 61 við Kaplaskjólsveg í Reykjavík. Íbúðin er nánar tiltekið 2 samliggjandi stofur, 3 svefnherbergi, eldhús og bað, sérherbergi í kjallara og sérgeymsla, hlutdeild í vagnageymslu, þvottahúsi og öðru sameiginlegu, þar með talin lóðarréttindi. Íbúðinni fylgja gluggatjöld og stengur, uppþvottavél og sjálfvirk þvottavél, sem nú eru í íbúðinni. Seljandi lofar að bæta galla vegna raka í svefnherbergi kaupanda að skaðlausu. Eignarhluti þessi telst 13.1% af allri húseigninni Kaplaskjólsvegur 61".

Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins var eignarhlutinn seldur í því ástandi, sem hann var í og kaupandi hafði kynnt sér. Kaupverðið var ákveðið kr. 1.520.000.00, og eru nánari ákvæði um greiðslu þess í kaupsamningnum. Auk þess er í kaupsamn-

ingnum svofellt ákvæði: „Hin selda eign skal öll verða laus til afnota eigi síðar en 1. 5. 1967 n. k. Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur. Afsal skal gefið út við greiðslu framangreindra kr. 520.000.00, er kaupandi hefur fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt framanskráðu. Að öðru leyti en að ofan greinir er eignin seld án kvaða eða veðbanda".

Hinn 29. apríl 1967 gaf stefnandi afsal fyrir hinni seldu eign. Í afsalinu er svofelld lýsing á hinum selda eignarhluta: „5 herbergja íbúð á 4. hæð t. h. í húsinu nr. 61 við Kaplaskjólsveg í Reykjavík.

Íbúðin er nánar tiltekið 2 samliggjandi stofur, 3 svefnherbergi, eldhús, bað, sérherbergi í kjallara og sérgeymsla. Hlutdeild í vagnageymslu, þvottahúsi og öðru sameiginlegu, þar með talin lóðarréttindi. Þessari íbúð fylgir loft (háaloft) það, sem yfir íbúðinni er. Þá fylgir með í kaupunum gluggatjöld og stengur, sem í íbúðinni eru. Uppþvottavél og sjálfvirk þvottavél, sem nú eru í íbúðinni.

Eignarhluti þessi telst vera 13.1% af allri húseigninni Kaplaskjólsvegur 61, og fasteignamat hennar er kr. 92.600.00.

Kaupandi hefur rækilega kynnt sér ástand hins selda og fylgifé þess og sættir sig við allt í einu og öllu".

Stefnandi afhenti nú borgarfógetaembættinu í Reykjavík afsalið til þinglýsingar hinn 11. maí 1967, og var það fært í veðmálaskrá Reykjavíkur sama dag, en með nokkrum athugasemdum þinglýsingardómarans. Sú athugasemd þessara, sem hér skiptir máli, er svohljóðandi: „Í afsali seljanda, dags. 1. 9. 1965, er háalofts yfir íbúðinni ekki getið".

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hann hafi leitað til fasteignasölu þeirrar, sem sá um sölu íbúðarinnar, hafi sér verið bent á umrædda íbúð ásamt öðrum íbúðum. Kvaðst hann hafa skoðað íbúð þessa og aðrar. Hann kveður stefnda sjálfan hafa sýnt sér íbúðina og kveður þá hafa rætt um háaloftið. Kveður stefnandi stefnda hafa sagt, að háaloftið fylgdi íbúðinni. Stefnandi kveðst einnig hafa spurt stefnda að því, hvort teppi á gólfum fylgdu með, og hafi stefndi sagt, að svo væri. Stefnandi kveður ekki stiga upp á háaloftið hafa verið fyrir hendi, er hann skoðaði íbúðina, en hann kveðst hafa litið upp á loftið. Stefnandi kveðst hafa skoðað íbúðina síðar ásamt eiginkonu sinni að stefnda viðstöddum, en ekki kveðst stefnandi muna eftir, að þá hafi sérstaklega verið rætt um teppin eða háaloftið. Stefnandi kveður

Gísla Ólafsson, starfsmann fasteignasölunnar, hafa verið viðstaddan í bæði skiptin, er hann skoðaði íbúðina. Stefnandi kveðst nú hafa skýrt Gísla frá því, er þeir skoðuðu íbúðina í síðara skiptið, að hann hefði hug á að festa kaup á íbúðinni. Kveður hann svo hafa talazt til milli sín og Gísla, að þeir hittust um kvöldið þann sama dag til að ganga frá kaupsamningnum. Mætti kveður Gísla síðar þennan sama dag hafa hringt í sig og tjáð sér, að mistök hefðu orðið hjá fasteignasölunni um verð íbúðarinnar. Mætti kveður, að búið hafi verið að segja sér, að verð íbúðarinnar ætti að vera kr. 1.500.000.00, en Gísli hafi nú tjáð sér, að stefndi vildi fá kr. 1.650.000.00 fyrir íbúðina. Kveðst mætti nú hafa talið, að útséð væri um fyrirhuguð kaup sín á íbúðinni, en Gísli hafi talið, að svo þyrfti ekki að vera, þar sem stefndi mundi geta fallizt á, að verðið yrði kr. 1.500.000.00, ef stefnandi tæki að sér að greiða kr. 20.000.00, sem var afborgun af láni, sem fallið hafði hinn 1. janúar og stefndi var þá nýbúinn að greiða. Kveðst stefnandi hafa tjáð Gísla, að hann mundi samþykkja þetta, ef uppþvottavél í eldhúsi, þvottavél í baði, gluggatjöld með tilheyrandi útbúnaði fyrir gluggum fylgdi með í kaupunum. Stefnandi kveður Gísla síðar hafa tjáð sér, að stefndi mundi ganga að þessum kjörum og gæti stefnandi komið í skrifstofu fasteignasölunnar til þess að ganga frá kaupsamningi. Stefnandi kveðst síðan hafa farið í skrifstofu fasteignasölunnar og hafi þá verið gengið frá kaupsamningi þeim, sem fyrir liggur í málinu. Ekki kveður stefnandi hafa verið rætt sérstaklega um háaloftið eða gólfteppin í íbúðinni, þegar gengið var frá kaupsamningnum, enda hafi hann talið, að hann væri að kaupa íbúðina, eins og hún hefði verið sýnd, og með því, sem sér hafði verið sagt, að henni fylgdi, að viðbættum þeim hlutum, sem fram komu í tilboði hans í símtalinu við starfsmann fasteignasölunnar. Stefnandi kveður það hafa komið fram hjá stefnda í samtali, sem þeir hafi átt á tímabilinu, frá því kaupsamningur var gerður og þar til gengið var frá afsali, að hann ætti í erfiðleikum með greiðslur í sambandi við byggingarframkvæmdir, sem hann stóð í. Kveðst stefnandi hafa tjáð stefnda, að hann hefði handbærar kr. 250.000.00 og sér væri sama, þó að hann greiddi þá fjárhæð þá, en sú fjárhæð hafi ekki átt að greiðast fyrr en við gerð afsals. Stefnandi kveður stefnda hafa þegið þetta og hafi þeir síðan mætt hjá fasteignasalanum til að ganga frá þessari greiðslu. Kveður stefnandi það þá hafa borið á góma milli fasteignasalans og stefnda, hver eignarhlutinn væri, en stefndi hafi ekki vitað

það. Stefndi hafi hins vegar talið sig geta fengið upplýsingar um það fljótlega. Hafi hann síðan brugðið sér frá og komið fljótlega aftur og sagt, að eignarhluti íbúðarinnar væri 13.1% á móti 11.9% hjá hinum. Stefnandi kveður fasteignasalann og stefnda hafa rætt um það sín í milli, í hverju þessi mismunur á eignarhlutföllum íbúða hússins lægi, og hafi þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að það mundi liggja í því, að háaloftið fylgdi með þessari íbúð. Ekki kveður stefnandi rætt hafa verið sérstaklega um háaloftið við undirritun afsalsins. Hann kveður stefnda hafa haft eintak þess í höndunum og kveðst ekki hafa séð annað en að hann kynnti sér það. Stefnandi kveður fasteignasalann ekki hafa bent stefnda sérstaklega á, að í afsalinu væri getið atriðis, sem ekki var nefnt í kaupsamningi. Er gengið skyldi frá afsali, kveður stefnandi Gauk Jörundsson, sem þar var viðstaddur, hafa vakið athygli á því, að gólfteppanna væri ekki getið í afsalinu. Kveður stefnandi Sigurð Sigfússon hafa talið, að það væri óþarfi, þar sem stefnandi væri þegar fluttur í íbúðina, og að honum vitanlega hefði ekki annað komið til umræðu en að þau fylgdu með. Kveður stefnandi báða aðilja hafa lýst sig samþykka þessu fyrirkomulagi. Stefnandi kveður enga gólfdúka vera á gólfum íbúðarinnar, heldur séu gólfin máluð undir teppunum. Stefnandi kveður það hafa verið, er hann fékk afsalið úr þinglýsingu, að hann hafi orðið var við, að vafi kynni að vera um eignarheimild stefnda að risinu samkvæmt áritun borgarfógeta. Kveðst hann þá hafa hringt í stefnda og skýrt honum frá árituninni á afsalinu varðandi háaloftið. Kveður stefnandi stefnda hafa sagt sér, að þessi áritun hlyti að vera á misskilningi byggð, því að hann ætti háaloftið. Stefnandi kveður stefnda nú hafa vísað sér til lögfræðiskrifstofu einnar hér í bæ og talið, að hún gæti gefið upplýsingar um þetta atriði. Stefnandi kveðst nú hafa verið tímabundinn um þetta leyti, þar sem hann hafi verið að fara á sjó. Kveðst hann hafa hringt til lögfræðiskrifstofunnar og spurzt fyrir um þetta atriði og fengið þau svör, að þetta væri ekki á hreinu hjá stefnda, en ekki hafi verið rætt frekar um það. Stefnandi kveðst nú hafa komið af sjónum í kringum 20. september. Kveðst hann þá á ný hafa talað við stefnda um háaloftið og hafi stefndi þá tjáð sér, að þetta væri á misskilningi byggt, hann ætti háaloftið og hefði alltaf talið sig eiga það. Kveður stefnandi stefnda nú hafa vísað sér á ný til lögfræðiskrifstofunnar varðandi þetta mál, en hann kveðst hafa tjáð stefnda, að hann mundi sjálfur ekki aðhafast frekar í málinu, heldur yrði stefndi sjálfur að afla sér eignar-

heimildar að háaloftinu. Stefnandi kveður stefnda hafa síðar komið heim til sín og hafi þar verið rætt um háaloftið. Hafi stefndi þá lesið yfir afsalið og síðan látið þau orð falla, hvort stefnandi héldi, að hann hefði skrifað undir afsalið, ef hann hefði ekki talið eig eiga háaloftið. Stefnandi kveður Stefán Má Stefánsson hafa verið viðstaddan, er þeir áttu þetta tal saman. Stefnandi kveður það svo næst hafa gerzt, að lögmaður einn hér í borg hafi hringt til sín og hafi komið fram hjá honum, hvort ekki væri hægt að ná sáttum í málinu. Stefnandi kveðst nú hafa aflað sér upplýsinga og kveðst að því loknu hafa stungið upp á því við lögmann þennan, að frá kaupverði íbúðarinnar drægjust kr. 40.000.00, sem greiddust á sama tíma og lánið, sem stefnandi hafði fengið hjá stefnda við kaupin. Stefnandi kveður það ekki hafa verið, fyrr en eftir að þeir aðiljarnir höfðu gengið frá afsalinu fyrir íbúðina, að hann hafi fengið að láni afsalið frá Þorsteini Jónssyni, fyrri eiganda íbúðarinnar, til stefnanda. Stefnandi kveður tilboði þessu hafa verið hafnað af hálfu stefnda. Höfðaði síðan stefnandi mál þetta.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að það hafi orðið alger misskilningur við gerð afsalsins, því að háaloftið hafi ekki átt að fylgja með í kaupunum. Kveðst stefndi ekki hafa talið sig eiganda að háaloftinu á annan hátt en þann, að hann mætti nota það sem geymslu, enda hafi aðrir eigendur hússins ekki notað háaloftið og ekki kært sig um það. Stefndi kveður ekki hafa verið rætt um háaloftið við gerð kaupsamningsins eða við gerð afsals, heldur aðeins heima hjá honum, er stefnandi skoðaði íbúðina. Stefndi kveður stefnanda hafa komið og skoðað íbúðina oftar en einu sinni. Kveðst stefndi þá hafa sýnt stefnanda háaloftið, þó þannig, að aðeins hafi verið litið upp á það, þar sem enginn stigi hafi verið fyrir hendi. Kveður stefndi hafa komið fram hjá sér við stefnanda, að háaloftið væri góð geymsla fyrir efstu hæðina, eins og hann kveður fyrri eiganda íbúðarinnar hafa sagt við sig, er hann keypti hana. Stefndi kveður þá eigendur íbúðanna á efstu hæð hússins eina hafa notað háaloftið sem geymslu. Stefndi kveður það ekki hafa komið fram hjá stefnanda, að það skipti hann miklu, hvort háaloftið fylgdi með í kaupunum eða ekki, nema þá fyrir geymslu. Stefndi kveður stefnanda hafa fengið afsal það, sem hann fékk fyrir íbúðinni, sennilega í marzmánuði 1967 eða allavega áður en hann gaf stefnanda afsal fyrir íbúðinni hinn 29. apríl þ. á. Kveðst stefndi svo ekki hafa fengið afsal þetta aftur frá stefnanda fyrr en í septembermánuði, er stefnandi kom

af sjó. Stefndi kveður þá spurningu hafa vaknað í viðræðum á skrifstofu fasteignasala þess, sem sá um söluna, hver eignarhluti íbúða stefnda í öllu húsinu væri. Stefndi kveðst hafa fengið um það upplýsingar í Gjaldheimtunni, að eignarhluti íbúðarinnar væri 13.1%. Á tímabilinu frá því að gengið var frá afsalinu og þar til málssókn þessi hófst, kveður stefndi stefnanda hafa hringt í sig nokkrum sinnum og beðið sig um að athuga það, hvort eigendur neðri hæðar hússins vildu gefa afsal fyrir háaloftinu. Kveðst stefndi hafa rætt um þetta erindi stefnanda við fasteignasala einn hér í borg og beðið hann um að athuga þetta fyrir sig. Stefndi kveðst einnig sjálfur hafa rætt um þetta við tvo af eigendum íbúða í húsinu, en þeir hafi ekki talið ástæðu til að ræða málið. Stefndi kveður það hafa verið um haustið 1967, að þeir aðiljarnir hafi ræðzt við heima hjá stefnanda. Stefndi kveður sig minna, að þá hafi verið rætt um háaloftið og eitthvað fleira út af lóð hússins og hafi verið viðstaddur samtal þetta maður, sem stefnandi ekki þekkti. Stefndi kveðst ekki hafa ætlazt til þess, að gluggatjöld fylgdu með í kaupunum, og kveður sér hafa sézt yfir, að þeirra sé getið í kaupsamningi og afsali. Hins vegar kveður hann stangir fyrir gluggatjöldin hafa átt að fylgja með í kaupunum. Stefndi kveður, að er hann hafi ætlað að fara að taka gluggatjöldin niður, hafi stefnandi sagt, að samkvæmt kaupsamningi og afsali ættu þau að fylgja með í kaupunum. Stefndi kveður það sennilega hafa komið fram hjá sér, að gólfteppin ættu að fylgja með íbúðinni, en hann kveður ekki þar með sagt, að hann hafi ekki ætlað að láta stefnanda borga fyrir það, sem eftir var að borga af verði teppanna, og þá frá 1. maí.

Vitnið Sigurður Sigfússon, starfsmaður fasteignasölunnar, sem hafði með að gera sölu á umræddri íbúð, hefur skýrt svo frá, að það hafi haft milligöngu milli aðilja máls þessa um sölu íbúðarinnar. Kveðst vitnið hafa séð um gerð kaupsamnings og afsals. Vitnið kveðst aldrei hafa skoðað umrædda íbúð sjálft, heldur muni sölumaður fasteignasölunnar hafa skoðað íbúðina og sýnt hana. Ekki kveðst vitnið geta upplýst, hvernig standi á misræmi því milli kaupsamnings og afsals, sem felst í því, að háalofts yfir íbúðinni er getið í afsalinu, en ekki í kaupsamningnum, en vitnið kveðst vera sannfært um það, að þegar einhverju sé breytt í afsali frá því, sem segir í kaupsamningi, þá sé það gert eftir samráði við kaupanda og seljanda. Vitnið kveður það hafa komið fram í samtölum milli aðilja máls þessa, að það hafi legið á hreinu, að loftið tilheyrði íbúðinni, en ekki kveðst vitnið öruggt um,

hvort það hafi verið til afnota eða til eignar. Kveðst vitnið vita dæmi þess, að notarétturinn fylgdi efstu íbúðinni í tilvikum sem þessum. Ekki kveðst vitnið muna eftir því, hvort rætt hafi verið sérstaklega um háaloftið við gerð afsalsins, en það kveðst þó muna eftir því, að sérstakar umræður hafi einhvern tíma orðið um háaloftið, og hafi þá legið á hreinu, að það tilheyrði umræddri íbúð, en ekki kveðst vitnið hafa verið visst um það, hvort það væri til afnota eða til eignar. Ekki kveðst vitnið muna, hvort rætt hafi verið um breytingu á kaupverði íbúðarinnar, frá því að gengið var frá kaupsamningi og þar til afsalið var gert. Við gerð afsalsins til stefnanda kveðst vitnið ekki hafa haft við hendina afsal stefnda fyrir íbúðinni, en það kveðst hafa verið búið að sjá það áður. Ekki kveðst vitnið muna, hvort það og stefndi hafi rætt sérstaklega orðalag afsalsins varðandi háaloftið.

Vitnið Gaukur Jörundsson hefur skýrt svo frá, að afskipti þess af máli þessu hafi verið þau, að það hafi tvisvar mætt með stefnanda hjá Sigurði Sigfússyni og lesið yfir tvö skjöl í sambandi við viðskipti aðiljanna. Kveður vitnið sennilegt, að í fyrra skiptið hafi það verið kaupsamningur, sem það las yfir, en í síðara skiptið kveður vitnið það örugglega hafa verið afsal, sem það las yfir. Ekki kveðst vitnið muna eftir, að talað hafi verið neitt sérstaklega um háaloftið yfir íbúðinni í þessi skipti, þó að það kunni að vera. Vitnið kveður það hafa komið fram hjá stefnanda í samtölum, sem þeir áttu á þessum tíma, að stefnandi hafi gengið út frá því, að háaloftið yfir íbúðinni fylgdi með. Ekki kveðst vitnið muna eftir að hafa veitt því sérstaka athygli, að breytt hafi verið orðalagi í afsali frá því, sem var í kaupsamningi, að því er varðar risið. Vitnið kveðst hafa innt fasteignasalann eftir því, er það mætti með stefnanda, hvort ekki lægi fyrir veðbókarvottorð, en svo hafi ekki verið. Kveðst vitnið hafa látið á sér skiljast, að það væri ótvírætt rétt að hafa veðbókarvottorð til staðar, þegar gengið væri frá afsali, en vitnið kveður þessu hafa verið eytt. Vitnið kveðst muna eftir því, að er það hafði lesið afsalið yfir, þá hafi það haft orð á því, að þar væri ekki minnzt á gólfteppin, en ekki hafi verið frekar gert í því. Ekki kveðst vitnið muna eftir því, að sérstaklega hafi verið rætt um laus teppi í íbúðinni, heldur hafi verið talað um teppi án nánari tilgreiningar. Vitnið kveður sér ekki kunnugt um, hvort stefnandi hafi haft undir höndum afsal Þorsteins Jónssonar til stefnda, áður en gengið var frá afsalinu til stefnanda.

Vitnið Stefán Már Stefánsson, tengdasonur stefnanda, kveðst hafa verið erlendis, er gengið var frá kaupsamningi og afsali milli aðilja máls þessa. Kveður vitnið afskipti sín af máli þessu fyrst hafa hafizt í septembermánuði 1967, eftir að kaupin voru um garð gengin. Kveður vitnið stefnanda hafa sýnt sér afsalið og þá athugasemd, sem á það var rituð við þinglýsingu. Kveður vitnið stefnanda hafa boðað stefnda á sinn fund og beðið það um að vera viðstatt. Á fundi þessum kveðst vitnið hafa bent stefnda á athugasemd þá, sem rituð var á afsalið, og skýrt honum frá því, að athugasemdin benti til þess, að hann hefði ekki átt háaloftið yfir íbúðinni. Kveður vitnið stefnda hafa tjáð þeim, að það væri ekki rétt, þar sem hann hefði keypt háaloftið af viðsemjanda sínum, Þorsteini Jónssyni, sem byggt hefði húsið. Kveðst vitnið þá hafa bent stefnda á, að söluákvæði um háaloftið hlyti þá að vera í afsali eða kaupsamningi til stefnda, og hafi hann talið það líklegt. Vitnið kveður sig nú minna, að þeir hafi nú skoðað kaupsamning þann, sem gerður var við kaup stefnda á íbúðinni, en ekkert slíkt ákvæði hafi verið í samningnum. Vitnið kveður stefnda hins vegar hafa haldið fast við það, að húsbyggjandinn hafi selt sér umrætt háaloft, og kveðst vitnið þá hafa álitið, að það söluloforð hafi verið munnlegt. Vitnið kveðst hafa reynt að leiða stefnda fyrir sjónir, að það væri áríðandi fyrir hann að fá skriflega staðfestingu á því munnlega loforði. Vitnið kveðst hafa reynt að fá stefnda til að fallast á að greiða stefnanda bætur, þar sem allar líkur virtust benda til, að eignarheimild stefnda að háaloftinu hefði ekki verið fyrir hendi. Á hinn bóginn kveðst vitnið hafa tekið fram við stefnda, að hann kynni að eiga hugsanlega framkröfu á hendur húsbyggjandanum, ef stefnda tækist að sanna, að húsbyggjandinn hefði selt honum umrætt háaloft. Vitnið kveður ekki hafa verið minnzt á teppin í íbúðinni í viðræðum þessum.

Með bréfi, dagsettu 18. desember 1967, fór lögmaður stefnanda þess á leit við yfirborgardómarann í Reykjavík, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta til peningaverðs:

„1. Loft (háaloft) yfir íbúð á 4. hæð til hægri í sambýlishúsinu Kaplaskjólsvegi 61 í Reykjavík.

2. Bætur fyrir óþægindi og átroðning, sem stafar af notkun annarra íbúa hússins af téðu lofti, en íbúðir í stigahúsinu eru sjö auk áðurnefndrar íbúðar. Farið er um lúgu upp á umrætt loft, sem staðsett er beint ofan við inngang í framan-

greinda íbúð, þannig að stigi upp á loftið myndi hefta umferð að og frá íbúðinni".

Í matsgerð matsmannanna Einars Sigurðssonar héraðsdómslögmanns og Indriða Níelssonar húsasmíðameistara, sem dagsett er hinn 22. janúar 1968, segir svo:

„Stærð gólffletar innan sperrustóla reyndist 58.8 m^2, en mest hæð í kverk 155 cm, við sperrustólana 90 cm og rúmmál því 76.44 m^3.

Op er upp á loftið úr stigagangi, að stærð 62x53 cm. Enginn stigaumbúnaður var í opinu, en við skoðun var matsmönnum léður laus stigi til þess að komast upp á loftið. Gólfið í háaloftinu var ópússað og þak með 1" borðklæðningu á sperrum, síðan þakpappi og bárujárn. Engin einangrun í þaki, en gólf utan sperrustóla einangrað. Engin upphitun er í húsrými þessu. Ekki virðist gert ráð fyrir því á teikningu hússins, að háaloft þetta sé ætlað til neinna sérstakra afnota.

Um lið I í matsbeiðninni.

Háaloft slík, sem hér um ræðir, eru algeng í sambýlishúsum sem öðrum húsum hér á landi. Þök af þessari gerð eru einungis gerð með vatnshalla á þakinu fyrir augum, en ekki með tilliti til nýtingar þess húsrýmis, sem myndast milli efstu loftplötu og þaks. Um aðgang að háalofti sem þessu er það að segja, að hann er mjög óhægur og lítt fallinn til notkunar á loftinu. Matsmönnum er heldur ekki kunnugt um, að jafnlágt ris sem það, er hér um ræðir, hafi verið nýtt til annars en að geyma þar skíði, ferðatöskur, svefnpoka og aðra smáhluti nýtilega og ónýta, sem til falla á heimilum, og ber þess þó að geta í þessu tilfelli, að þegar búið væri að ganga frá stiga með venjulegum frágangi, verður stigaop svo þröngt, að ekki kæmust stórar ferðatöskur upp á loftið.

Svo sem hér hefur verið rakið, eru afnot þau, sem matsmenn telja hugsanlegt að hafa af húsrými þessu, svo óveruleg, að þeir treysta sér ekki til þess að meta það til peningaverðs.

Um lið II í matsbeiðninni.

Ekki telja matsmenn nein óvenjuleg óþægindi né átröðning stafa af notkun annarra íbúa hússins af téðu lofti, enda miða þeir við venjulegan frágang á rennistiga upp á loftið, en hann kæmi niður í sameiginlegt stigahús án þess að hefta aðgang að dyrum matsbeiðanda. Bætur verða ekki metnar til peningaverðs".

Stefnandi fékk nú dómkvadda þrjá yfirmatsmenn til að framkvæma yfirmat á framangreindum atriðum. Í matsgerð yfirmatsmannanna, þeirra Braga Þorsteinssonar verkfræðings, Kristins

Sigurjónssonar húsasmíðameistara og Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, sem dagsett er hinn 15. desember 1969, segir svo:

„Samkvæmt dómkvaðningu á bæjarþingi Reykjavíkur 20. október 1969 var okkur undirrituðum falið að framkvæma yfirmat á eftirtöldum atriðum, sem þannig eru orðuð í yfirmatsbeiðni, dags. 16. okt. 1969:

„1) Að skoða og meta til peningaverðs háaloft yfir íbúð á 4. hæð til hægri í sambýlishúsinu nr. 61 við Kaplaskjólsveg í Reykjavík.

2) Að meta bætur fyrir óþægindi og átroðning vegna notkunar annarra íbúa hússins að háalofti með hliðsjón af staðsetningu stigaops upp á loftið".

Við höfum haft til afnota skjöl framangreinds bæjarþingsmáls.

Hinn 5. desember s.l. kom yfirmatsnefndin saman í húsinu nr. 61 við Kaplaskjólsveg. Mættir voru þar matsbeiðandi og Guðmundur Pétursson hrl. vegna Sigurðar Halldórssonar. Umboðsmaður matsbeiðanda, Skúli J. Pálmason hrl., var forfallaður, en hafði áður samþykkt, að vettvangsskoðun færi fram að sér fjarstöddum. Matsmenn fóru upp á risloftið og kynntu sér þar aðstæður.

Til viðbótar þeim upplýsingum, sem koma fram í undirmatsgjörð um stærðarmál á risloftinu, skal fram tekið, að rúmmál þess yfir íbúð matsbeiðanda, þegar einnig er tekið með rými utan sperrustóla, þ. e. allur glófflötur risloftsins, reiknast vera 115 rúmm.

Víkur þá að sjálfu matinu. Verður fjallað um hvorn lið matsbeiðninnar fyrir sig, svo sem þeir eru settir fram í yfirmatsbeiðni:

Um 1. Eins og tekið er fram í undirmatsgjörðinni, er risloftið óeinangrað, þegar frá er talið gólf utan sperrustóla. Vart verður húsrýmið á risloftinu nýtt til annars en geymslu. Til þess að slík nýting risloftsins sé möguleg umfram það, sem greinir í undirmatsgjörð, yrði óhjákvæmilega að einangra allt risloftið. Er um tvennt að ræða í því efni. Annars vegar að leggja einangrun ofan á allt gólf risloftsins. Hins vegar að einangra milli sperra og þá klæða neðan á þær. Yrði fyrri kosturinn valinn, myndi lofthæð lækka svo verulega, að frekari geymslunýting loftsins en greinir í undirmatsgjörð kæmi vart til greina. Með því að einangra milli sperra og klæða neðan á þær myndi geymslurými risloftsins lítt skerðast, en kostnaður samfara þeim um-

bótum á risloftinu myndi aftur á móti verða það mikill, að eigi myndi svara til þess aukna notagildis, sem við það ynnist.

Viðhorf íbúðareiganda, þegar um slíkt álitaefni er að tefla, er að sjálfsögðu einstaklingsbundið. Það, sem einn telur sér mikilsvert, lætur annar sér í léttu rúmi liggja. Við teljum, að hér beri að leggja á almennan mælikvarða og að almennt yrði það svo, að íbúðareigandi í sporum matsbeiðanda myndi ekki telja sér hag að því að hafa einkaeignarumráð slíks rislofts með tilliti til þess kostnaðar, sem því yrði samfara að gera að nokkru marki notagildi þess raunhæft. Við teljum því hagsmuni bundna nýtingu risloftsins eigi bótahæfa.

Við teljum rétt að vekja á því athygli, að við útreikning á eignarhlutdeild hvers íbúðareiganda í húsinu mun vera miðað við allt húsrými og þá einnig risloftið. Yrði allt risloftið lagt til einnar íbúðar, myndi eignarhlutdeild hennar í húseigninni stækka, en eignarhlutdeild annarra íbúða minnka að sama skapi.

Um 2. Frágangi stigaops og aðstöðu til uppgangs á risloftið er lýst í undirmatsgjörð. Umbúnaði þeim, er nú nýtur, er verulega áfátt. Eðlilegast er, að lúguhlerinn opnist öfugt því, sem nú er, og að rennistiga verði komið fyrir með venjulegum útbúnaði. Yrði það gert, myndi eigi lengur gæta þeirra óþæginda fyrir matsbeiðanda, er hann nú býr við. Það er óhjákvæmilegt, að uppgangur sé á risloftið; eðlilegt er, að hann sé staðsettur í stigahúsinu, en matsbeiðandi hlýtur að eiga kröfu til þess gagnvart sameigendum sínum að húsinu, að frágangi og umbúnaði við uppgang þenna sé komið í viðunandi horf með þátttöku húseigenda allra í þeim kostnaði. Þenna lið teljum við því eigi heldur bótahæfan. Varðandi hugsanlegan rétt yfirmatsbeiðanda til endurgreiðslu á sínum hluta óhjákvæmilegs kostnaðar við greindar endurbætur úr hendi heimildarmanns síns að íbúðinni teljum við rétt að vekja á því athygli, að ófullnægjandi frágangur við stigaopið dylst engum, sem á annað borð fer upp á risloftið".

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að við samningsgerð aðiljanna hafi verið rætt um háaloftið yfir íbúðinni og hafi stefndi kveðið það vera sína eign og kveðið það fylgja með í kaupunum. Hafi stefnandi þá fyrst tekið endanlega ákvörðun um kaupin, er honum var ljóst, að háaloftið fylgdi með í kaupunum. Þess hafi að vísu ekki verið gætt að taka ákvæði um þetta efni með í kaupsamning aðiljanna, en úr því hafi verið bætt við gerð afsals og hafi það verið gert með fullri vitund og vilja aðilja. Það hafi svo fyrst verið, er afsalið fyrir íbúðinni hafi verið þinglesið

og athugasemd þinglýsingardómara á það skráð, að stefnanda hafi verið kunnugt um heimildarskort stefnda að háaloftinu. Er því haldið fram, að vegna þessara vanefnda stefnda eigi stefnandi rétt á skaðabótum eða afslætti af kaupverði íbúðarinnar. Er því haldið fram, að niðurstöður matsgerða þeirra, sem fyrir liggja í málinu, hafi ekki úrslitaþýðingu um það, hvort bætur verði dæmdar. Mötin miði við almennt verðgildi, en það sé á valdi dómsins að meta til fjár bætur, sem miðist við persónulegt mat stefnanda á því, hverju það varði hann, að hann fái ekki háaloftið til einkaafnota. Að því er varðar gólfteppi í íbúðinni, þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að það sé venja í fasteignakaupum, að föst teppi fylgi með í kaupunum, nema annað sé tekið fram.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að þótt hann hafi látið þau orð falla í viðræðum aðiljanna um fyrirhuguð kaup, að yfir húsinu væri háaloft, sem hagnýta mætti sér sem geymslupláss, eins og gert hafi verið, á meðan hann bjó í húsinu, þá hafi það aldrei verið ætlun stefnda, að háaloftið yfir íbúðinni fylgdi með í kaupunum. Er því haldið fram, að um þetta hafi stefnda verið kunnugt, er kaupsamningur aðiljanna var gerður, enda hafi stefnandi haft til afnota afsal það, sem stefndi hafði fengið fyrir íbúðinni, og haft það undir höndum alllangan tíma, áður en afsal til stefnanda var undirritað. Því hafi stefnandi ekki haft réttmæta ástæðu til að leggja þann skilning í orðalag afsalsins, að háaloftið hefði verið selt með. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að orðalag afsalsins gefi aðeins til kynna, að það sé aðeins afnotaréttur af háaloftinu, sem fylgi með í kaupunum, og þá hlutfallslega við aðrar íbúðir í húsinu. Þá er á það bent af hálfu stefnda, að verð íbúðarinnar hafi ekkert breytzt, frá því að kaupsamningurinn var gerður og þar til afsalið var gert. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, að er stefnandi fékk umráð íbúðarinnar, hafi verið í henni teppi á stofu og gangi íbúðarinnar, sem stefndi hafi keypt hinn 30. október 1964 fyrir kr. 52.364.77, og auk þess teppi á tveim einstalingsherbergjum, sem keypt voru samtímis. Þannig hafi stefnandi fengið með íbúðinni verðmæti að fjárhæð kr. ca. 60.000.00—70.000.00, sem hann, þ. e. stefndi, eigi rétt á að fá greiðslu fyrir, enda hvorki um það getið í afsali né kaupsamningi. Af hálfu stefnda er til ýtrustu vara gerð krafa til skuldajafnaðar á verðmætum muna þessara við kröfum stefnanda, en jafnframt er stefnda áskilinn réttur til að höfða gagnsök í málinu og krefjast greiðslu fyrir teppin.

Í húsinu nr. 61 við Kaplaskjólsveg eru átta íbúðir. Ekki hefur verið gerður sameignarsamningur um húseignina. Verður því að líta svo á, að háaloftið yfir húsinu sé í óskiptri sameign með eigendum íbúða hússins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1959. Það verður að telja ósannað gegn andmælum stefnda, að í viðræðum aðiljanna, sem fram fóru, áður en gengið var frá kaupsamningi um íbúðina, hafi stefndi lofað stefnanda eða gefið honum ástæðu til að ætla, að hann öðlaðist við kaupin einn eignarrétt að háaloftinu yfir íbúðinni eða einkaafnot að því. Þessa er eigi getið í kaupsamningi aðiljanna, og verður því að telja, að kaupsamningurinn feli þetta heldur ekki í sér. Það er ekki fram komið, að frá því að kaupsamningur var gerður og þar til aðiljar undirrituðu afsalið, hafi stefndi lofað stefnanda eða gefið honum ástæðu til að ætla, að hann öðlaðist við kaupin einn eignarrétt að háaloftinu yfir íbúðinni eða einkaafnot að því. Samkvæmt þessu þykir verða að skýra ákvæði afsalsins svo, að það skapi stefnanda ekki grundvöll til kröfu skaðabóta úr hendi stefnda, þótt hann við kaup á greindri íbúð fengi ekki einn eignarrétt að háaloftinu yfir henni eða einkaafnotarétt að því. Það þykir því verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Diðrik Helgasyni múrarameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Halldórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1972.

Nr. 148/1971. **Sigtryggur Flóvent Albertsson**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Halli Jónassyni
(Guðmundur Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. febrúar s. á. Það áfrýjunarmál féll niður vegna átivistar áfrýjanda 1. október 1971. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði hann málinu af nýju með stefnu 8. október 1971. Krefst áfrýjandi aðallega, „að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað í hérað". Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var í héraði höfðað með stefnu 7. febrúar 1969, og var stefnda í héraði, Sigtryggi Flóvent Albertssyni, áfrýjanda málsins, stefnt fyrir bæjarþing Húsavíkur. Málið var síðan rekið fyrir bæjarþinginu frá þingfestingu þess, 12. marz 1969, þar til 13. maí 1970, að það var með samkomulagi aðilja flutt í merkjadóm Húsavíkur, en á dómþingi bæjarþings Húsavíkur 9. janúar 1970 tilnefndi héraðsdómari fjóra meðdómendur í samræmi við 16. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o. fl., og fór þá fram dómruðning samkvæmt ákvæðum þessum.

Hinn 9. maí 1970 gaf stefndi í héraði, Sigtryggur Flóvent Albertsson, út réttargæzlustefnu á hendur bæjarstjóranum á Húsavík, Birni Friðfinnssyni, vegna Húsavíkurbæjar, þar

sem bæjarstjóranum er tilkynnt málssóknin samkvæmt 52. gr. laga nr. 85/1936 og stefnt fyrir merkjadóm Húsavíkur til þess að gæta réttar síns í málinu. Sótti bæjarstjóri síðan óstefndur dómþing í málinu fyrir merkjadómi Húsavíkur hinn 13. maí 1970, en engar kröfur voru gerðar á hendur Húsavíkurkaupstað. Engu að síður dæmir héraðsdómur skyldu á hendur Húsavíkurkaupstað, en í dómsorði héraðsdóms segir:

„Stefnandinn, Hallur Jónasson, á rétt á að fá hjá Húsavíkurkaupstað útmælda og leigða hæfilega stóra húslóð umhverfis hús sitt, Hól í Húsavík, með venjulegum skilmálum og leigukjörum".

Eins og sakarefni máls þessa er háttað, verður það eigi rekið fyrir merkjadómi samkvæmt lögum nr. 41/1919. Þá hefur héraðsdómur farið út fyrir kröfur aðilja máls þessa, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936, og dæmt skyldu á hendur réttargæzlustefnda í héraði, þótt engar kröfur hafi verið gerðar á hendur honum.

Að svo vöxnu máli ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð máls í héraði frá og með tilnefningu meðdómenda á bæjarþingi Húsavíkur 9. janúar 1970 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með tilnefningu meðdómenda á bæjarþingi Húsavíkur 9. janúar 1970 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Húsavíkur 11. júní 1970.

Ár 1970, fimmtudaginn 11. júní, klukkan 1700, var í merkjadómi Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, og meðdómsmönnunum Jóni Ármanni Árnasyni húsgagnasmíðameistara

og Þormóði Jónssyni tryggingafræðingi, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1969: Hallur Jónasson gegn Sigtryggi Flóvent Albertssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. maí s.l., höfðaði Hallur Jónasson sjómaður, Ránargötu 20, Akureyri, upphaflega fyrir bæjarþingi Húsavíkur gegn Sigtryggi Flóvent Albertssyni, Skipasundi 76, Reykjavík.

Undir rekstri málsins varð samkomulag milli aðilja um að flytja málið fyrir merkjadóm sökum ágreinings um lóðarréttindi og stærð og takmörk lóðar, sem fylgja átti í kaupum.

Þá voru kvaddir í dóminn meðdómsmenn á venjulegan hátt og málið síðan rekið fyrir merkjadómi.

Málið er rekið út af kaupum á húseigninni Hóli í Húsavík, sem stefndi seldi stefnandanum með afsali, dagsettu 7. júlí 1966.

Stefnandinn gerir þá kröfu aðallega, að stefndi verði að þola riftingu á sölu eignarinnar og að honum verði gert að greiða kr. 828.224.00 til stefnanda ásamt 7% ársvöxtum af kr. 600.000.00 frá 7. júlí 1966 til stefnubirtingardags og síðan af kr. 828.224.00 til greiðsludags. Jafnframt er krafizt lögveðs í eigninni til tryggingar dæmdum bótum.

Til vara krefst stefnandinn þess, að stefnda verði gert að greiða kr. 208.224.00 ásamt 7% ársvöxtum frá birtingu stefnu til greiðsludags.

Í báðum tilfellum er krafizt málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi.

Riftingarkröfu sína byggir stefnandinn á því, að á hinni seldu eign hafi verið verulegir gallar, sem stefndi hafi ekki vakið athygli hans á og hann gat ekki vitað um. Snjóað hafi inn um norðurhlið hússins og plötur hafi verið sprungnar frá með þeim afleiðingum, að óskaplegur músagangur varð á loftinu, í veggjum og í vaskaskáp. Vatn rann inn með gluggum á norðurhlið, ef á hana rigndi.

Þá telur stefnandinn, að komið hafi í ljós, að engin lóðarréttindi hafi fylgt húsinu, þau hafi runnið út hinn 17. apríl 1948. Stefnda hafi því brostið heimild til að selja þau lóðarréttindi, sem upphaflega hafi fylgt húsinu, og því beri stefndi fébótaábyrgð gagnvart stefnandanum samkvæmt almennum reglum.

Endurgreiðslukrafan samanstendur af eftirgreindum fjárhæðum:

1. Söluverð fasteignarinnar ..... kr. 600.000.00
2. Endurbætur, sem stefnandinn hefur látið gera — 123.144.00
3. Kostnaður við matsgerð ..... — 5.080.00
4. Miskabætur ..... — 100.000.00

Samtals kr. 828.224.00

Varakrafan samanstendur af framangreindum fjárhæðum nr. 2—4, að frádregnum kr. 20.000.00, sem er mismunur á kaupverði og matsverði.

Síðar, við rekstur málsins, lækkaði stefnandinn aðalkröfuna niður í 815.599.31 og varakröfuna jafnt, niður í kr. 195.599.31.

Lækkun þessi varð við leiðréttingu á samlagningarskekkju.

Vegna ágreinings um lóðarréttindi Hóls og aðildar Húsavíkurkaupstaðar að þeim þætti máls þessa stefndi verjandi málsins bæjarstjóranum í Húsavík til réttargæzlu í málinu.

Stefnandinn virðist byggja riftunarkröfu sína fyrst og fremst á því, að í ljós hafi komið, að húseigninni fylgdu ekki þau lóðarréttindi, sem gert var ráð fyrir við kaupin.

Ágreiningur er um stærð leigulóðarinnar. Stefndi telur sig hafa tekið undan við söluna þann hluta af Hólslóðinni, sem liggur austan vegarins að Hvammi austur að girðingunni (garðinum), og vitnar sínu máli til styrktar í það, að í afsalinu sé tekið fram, að Hóll sé seldur ásamt lóðarréttindum og tilheyrandi túni að stærð ca. 2 dagsláttur.

Stefnandinn telur, að honum hafi verið afsalað öllu því leigulandi, sem Hóli hafi fylgt að undanförnu.

Í upphaflega leigusamningnum frá 17. apríl 1900 er landið allt talið vera 2700 ferfaðmar, sem eru 3 vallardagsláttur. Hinn 4. nóvember 1906 er ritað á lóðarleigusamninginn, að lóðarleigjandinn hafi afsalað sér nálægt ½ dagsláttu og teljist tún hans þá 2½ dagslátta.

Hinn 14. maí 1943 er Jónasi Bjarnasyni afsalað Hóli ásamt grunnlóð þeirri, sem húsið stendur á. Sömuleiðis túnlóð, ca. 2.5 dagsláttur, umhverfis húsið með þeim réttindum, er henni fylgja.

Þetta er eins orðað í kaupsamningi frá Jónasi Bjarnasyni frá 7. febrúar 1944 og sömuleiðis í kaupsamningi frá 23. apríl 1947.

Ekkert er upplýst um það, að stefnandanum hafi verið kunnar þessar upplýsingar, er hann keypti Hól. Hann heldur staðfastlega við það, að hann hafi keypt Hól með þeim landsréttindum, sem að undanförnu höfðu fylgt eigninni.

Dómurinn lítur svo á, að ef skerða hefði átt landið í afsalinu til stefnandans, hefði ekki aðeins þurft að geta þess ótvírætt í afsalinu, heldur einnig taka nákvæmlega fram, hvaða lóðarhluti væri undan tekinn. Hvorugt var gert. Verður því að telja, að lóðarhlutinn austan vegarins að Hvammi austur að girðingunni (garðinum) hafi átt að fylgja með í kaupunum.

Þá upplýsir stefnandinn, að komið hafi í ljós, að eignin hafi verið lóðarréttindalaus, er stefndi afsalaði henni til hans. Hinn upphaflegi lóðarleigusamningur hafi fallið úr gildi hinn 17. apríl 1948.

Stefndi kveðst hafa verið í góðri trú um gildi lóðarréttindanna, hann hafi jafnan staðið í skilum með leiguna og engar ábendingar um réttindaleysi hafi borizt frá Húsavíkurbæ. Þvert á móti hafi hann fengið staðfestingu á réttindum sínum hjá bænum í vottorði byggingarfulltrúa bæjarins, dómsskjali nr. 42, en það er svohljóðandi:

„Skrifstofur Húsavíkurkaupstaðar.

Húsavík, 11. júlí 1958.

Það vottast hér með, að bygging íbúðarhúss að Hóli, Húsavík, var byggð með leyfi byggingarnefndar Húsavíkur, fundargerð 20. 4. '57, og að Sigtryggur Fl. Albertsson hefir fullkomin lóðarréttindi á jörðinni.

Virðingarfyllst.

Friðgeir Axfjörð byggingarfulltrúi".

Bæjarstjórinn í Húsavík hefur við flutning málsins mótmælt þessu vottorði sem markleysu í þessu máli.

Engu að síður verður Húsavíkurbær að taka afleiðingum þessa vottorðs starfsmanns síns.

Dómurinn lítur svo á, að stefndi hafi raunverulega verið í góðri trú um lóðarréttindi sín, er hann seldi eignina.

Stefndi heldur því fram, að hinn 17. apríl 1968 hafi fullkomnazt hefðarréttur á landsréttindunum fyrir stefnanda. Hann hafi að minnsta kosti þá öðlazt fullkomlega þau réttindi, sem meint var að veita honum með afsalinu.

Á þetta verður ekki fallizt, því á hefðartímanum fékk hann hjá Húsavíkurbæ vitneskju um, að lóðarleiguréttindin hefðu fallið niður hinn 17. apríl 1948, og það viðurkennir hann rétt vera, en umboðsmaður hans sækir fyrir hann um endurnýjun lóðarréttindanna með bréfi, dagsettu 2. apríl 1968.

Þá verður tekið til athugunar, hvort engin réttindi til lóðar hafi fylgt Hóli við afsalið.

Koma þá til greina þrjú atriði.

Í fyrsta lagi:

Eigendur Hóls nutu lóðarréttindanna athugasemdalaust af hálfu Húsavíkurbæjar næstum fullan hefðartíma, eftir að niður féllu réttindin samkvæmt samningnum frá 17. apríl 1900.

Í öðru lagi:

Byggingarnefnd Húsavíkur leyfir athugasemdalaust, að því er virðist, hinn 20. apríl 1957 byggingu íbúðarhúss að Hóli, þess sem mál þetta er um.

Í þriðja lagi:

Hinn 11. júlí 1958 vottar byggingarfulltrúi Húsavíkur, að Sigtryggur Fl. Albertsson (stefndi í máli þessu) hafi fullkomin lóðarréttindi á jörðinni (þ. e. á Hóli).

Hvergi kemur fram í málinu, að stefndi hafi þekkt ákvæði hins upprunalega lóðarsamnings eða vitað, hvenær hann gekk úr gildi.

Öll framangreind atriði eru til þess fallin að sannfæra stefnda um það, að hann njóti venjulegra lóðarréttinda að Hóli.

Dómurinn lítur svo á, að þau megi að minnsta kosti taka sem loforð um úthlutun venjulegrar húslóðar með þeim kjörum, sem kaupstaðurinn veitir húsbyggjendum almennt.

Næst verður að taka til athugunar meinta leynda galla á hinu selda húsi samkvæmt því, sem áður greinir.

Stefnandinn segir, að í norðanhríð hafi komið stærðar skaflar inn á gólf í litla herberginu að austan og herberginu að vestan. Þetta hljóti að hafa skeð áður, þótt stefndi hefði ekki orð á því, að minnsta kosti í litla herberginu að austan, þar sem plata hékk niður og sem stefndi taldi stafa af raka.

Raki stafar annað hvort af því, að vatn kemst inn eða mikill kuldi, sem þéttir raka í loftinu inni. Líklegust ástæða til hvors tveggja er skortur einangrunar eða stopps. Þessi galli á litla herberginu að austan lá í augum uppi og kom til umtals við kaupin, en var ekki látinn standa í vegi fyrir þeim og ekki krafizt viðgerðar eða afsláttar af kaupverði.

Þessum galla var því ekki leynt.

Hins vegar barst ekki í tal um slíkt í vesturherberginu. Hafi snjóað þar inn áður, virðist hafa verið þagað um það. Verður því að ætla, að stefnandi hafi ekki þurft að gera ráð fyrir þeim galla.

Í aðiljaskýrslu segir stefnandinn, að vatn hafi streymt inn um

gluggana á norðurhliðinni, þegar rigndi. Stefndi kveðst ekki hafa orðið var við það.

Þar sem tiltölulega nýlega hafði verið gengið frá gluggum hússins, telur dómurinn, að stefnandinn hafi mátt gera ráð fyrir, að þeir væru ekki lekir.

Þá kvartar stefnandinn um mikinn músagang í húsinu. Við slíku má jafnan búast öðru hverju í húsum af þessari gerð, ef ekki er höfð góð gát á að koma í veg fyrir það.

Stefndi verður ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni af þeim ágangi.

Þá er komið að því að athuga, hvort dómurinn telur stefnandann hafa rétt til að rifta kaupunum.

Talið er, að húsinu fylgi réttur til að öðlast hæfilega lóð með venjulegum kjörum.

Matsmenn telja túnlóðina þar fyrir utan kr. 2.000.00 virði. Yfirleitt er heimilt að taka ræktunarlóðir af leigjendum, þegar kaupstaðurinn þarf á þeim að halda til annars.

Stefnandinn upplýsir í aðiljaskýrslu, að lóðarverðið hafi ekki komið til umræðu sérstaklega við kaupin og að hann hafi ætlað að nota túnið til heyskapar.

Áætlun um verð landsins í greinargerð umboðsmanns stefnanda, kr. 100.000.00, virðist því vera hrein fjarstæða.

Dómkvaddir matsmenn meta nauðsynlegan viðgerðarkostnað á húsinu, þar innifalin viðgerð á sjáanlegum göllum, sem stefndi telst ekki bera ábyrgð á, kr. 20.000.00.

Það verður því niðurstaða dómsins um aðalkröfu málsins, að ekki hafi komið fram það verulegar vanefndir (skortur lóðarréttinda) eða svo verulegir gallar á hinu selda, að stefnandinn geti rift kaupunum.

Varakrafan verður þá tekin til athugunar.

Þar er þess krafizt, að stefndi greiði stefnandanum allan viðgerðarkostnað á þeim göllum, sem fjallað hefur verið um að framan, og þar að auki margs konar endurbætur, sem stefnandi hefur látið framkvæma á húsinu, þar á meðal má nefna sem dæmi kostnað við að setja gólfteppi á stofu, hol og stiga, kr. 23.500.00, allan málskostnað og kr. 100.000.00 fyrir miska, en að frádregnum kr. 20.000.00, sem er mismunur á matsverði hússins og kaupverði eignarinnar.

Af hinum framlögðu reikningum er ekki auðið að sjá, hvað af kostnaðinum er vegna viðgerða á þeim göllum, sem matsmennirnir tóku til athugunar og áætlunar til viðgerða.

Verður því hér stuðzt við matið samkvæmt sundurliðun á dómsskjali nr. 50.

Dómurinn telur, að stefndi eigi að bera hálfan kostnað við að reisa vinnupalla til viðgerðar vegna snjófoks með þakbrúnum .. .. kr. 3.100.00
og hálfan kostnað við að endurnýja og festa upp plötur í tveim herbergjum í risi og mála þau .. .. .. — 4.730.00
og allan kostnað við að gera við glugga á norðurhlið hússins .. .. — 3.600.00
Enn fremur beri honum að greiða bætur fyrir tún, sem ekki fylgdi .. .. — 2.000.00

Samtals kr. 13.430.00

— þrettán þúsund fjögur hundruð og þrjátíu krónur 00/100 — ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð til greiðsludags.

Annar viðgerðarkostnaður og endurbætur er stefnda óviðkomandi.

Ekki þykir ástæða til að dæma stefnda til að greiða stefnanda miskabætur.

Gera verður ráð fyrir, að vafinn um lóðarréttindin hafi valdið stefnanda miklum áhyggjum og hafi hann óttazt um söluhæfni hússins hans vegna og hafi það ráðið mestu um málssókn þessa. Þykir því málskostnaður eiga að falla niður.

Dráttur á dómsuppsögu stafar fyrst og fremst af því, hve lengi stóð á útskrift málsskjala til afnota fyrir meðdómendur, en það stafaði af annríki á skrifstofu embættisins, enn fremur af annríki dómarans vegna fjarveru fulltrúa.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandinn, Hallur Jónasson, á rétt á að fá hjá Húsavíkurkaupstað útmælda og leigða hæfilega stóra húslóð umhverfis hús sitt, Hól í Húsavík, með venjulegum skilmálum og leigukjörum.

Stefndi, Sigtryggur Flóvent Albertsson, greiði stefnandanum, Halli Jónassyni, kr. 13.430.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Málskostnaður á að falla niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1972.

Nr. 23/1972. **Jón Viðar Gunnlaugsson**
gegn
Axminster.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. febrúar 1972, sem barst Hæstarétti 15. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., c, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þesss, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að háð verði vitnapróf það, er í úrskurðinum greinir, þ. e. að lagðar verði fyrir matsmanninn Sigurð Ólafsson spurningar þær, sem getur í hinum kærða úrskurði. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 8.000.00.

Það athugast, að kæra máls þessa var að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Viðar Gunnlaugsson, greiði varnaraðilja, Axminster, kærumálskostnað, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 17. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Jón Viðar Gunnlaugsson, Efstalandi 6 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur

með stefnu, birtri hinn 5. marz 1971, gegn Kjartani Guðmundssyni, Ásvallagötu 44 hér í borg, f. h. Axminster gólfteppaverksmiðju og verzlunar til riftunar „á kaupum á gólfteppum hjá Axminster í íbúð stefnanda að Efstalandi 6 og endurgreiðslu kaupverðs teppanna, kr. 20.859.30 með 7,5% söluskatti, samlíminga, gúmmís, lista og nagla, kr. 6.638.71 með 7,5% söluskatti, vinnu við lagningu teppanna og akstri, kr. 2.020.00 með 7,5% söluskatti, alls samtals kr. 32.450.23 með 8% vöxtum p. a. frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, kr. 12.500.00 í ýmsan sundurliðaðan útlagðan kostnað og málskostnað að skaðlausu. Til vara er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til þess að veita 60% afslátt vegna ofangreindra kaupa eða annan afslátt að mati dómsins, ásamt óbreyttum ofangreindum kröfum og vexti, útlagðan kostnað og málskostnað".

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Hinn 9. des. 1968 keypti stefnandi gólfteppi á íbúð sína hjá stefnda, sem jafnframt annaðist að leggja teppin og leggja til nauðsynlegt efni til þess arna. Samkvæmt reikningi var greitt fyrir þetta kr. 32.450.23. Stefnandi taldi sig vera að kaupa „venjulegt" og gallalaust gólfteppi, og kom ekkert fram við kaupin af hálfu stefnda, að svo væri ekki eða að gólfteppið væri haldið óvenjulegum eiginleikum. Fljótlega kom þó í ljós, að svo var ekki, heldur komu fram áberandi og ljótir blettir á teppinu víða um íbúðina, og hefur síðar komið í ljós, að „fyrirbrigði þetta er ekki framleiðslugalli, heldur eiginleiki, sem orsakar útlitslýti við notkun og er fylgifiskur vissra gerða eða mynstra gólfteppa. Er þetta misjafnlega áberandi eftir aðstæðum", svo að tekin séu upp niðurlagsorð mats- og skoðunargerðar, sem fram fór af ofangreindu tilefni. Þessir blettir eru óvenju stórir og ljótir á teppi stefnanda. Stefnandi kvartaði fljótlega við stefnda, en fékk ekki úrlausn mála sinna framan af ári 1969. Hinn 10. 7. það ár fékk Rannsóknastofnun iðnaðarins sýni af samskonar teppi til fiturannsóknar, og fleira var gert á því ári, en leiddi jafnan til sömu niðurstöðu, að starfsmenn stefnda héldu sig fast við það, að ekki væri um framleiðslugalla að ræða, og búið með það. Hinn 10. nóvember 1969 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf og krafðist þess, að stefndi léti skipta um teppi hjá stefnanda og leggja gallalaust teppi í staðinn, honum að kostnaðarlausu. Þegar stefndi sinnti þessu engu, þá ritaði lögmaðurinn stefnda enn bréf hinn

9. apríl 1970 og krafði nú enn um hið sama og til vara, að kostnaður stefnanda við teppin yrði endurgreiddur, þ. e. kaupunum yrði rift. Þessu erindi sinnti stefndi ekki að heldur. Hinn 11. júní bað því stefnandi um dómkvaðningu skoðunarmanna, sem luku skoðunargerð hinn 7. ágúst. Á grundvelli framangreindra gagna ritaði lögmaður stefnanda enn bréf til stefnda hinn 25. ágúst 1970 og krafðist nýrra teppa, stefnanda að kostnaðarlausu, en til vara riftunar kaupanna og afsláttar til þrautavara, og var óskað eftir samningum. Nú svaraði lögmaður stefnda snarlega, eða næsta dag, og vísaði öllum kröfum á bug án rökstuðnings".

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Péturs Sigurjónssonar verkfræðings og Sigurðar Ólafssonar verzlunarmanns, er svohljóðandi, dskj. nr. 11.

„Að beiðni Jóns E. Ragnarssonar hrl. vorum við undirritaðir dómkvaddir til þess að athuga og meta meinta galla í gólfteppi af gerð Axminster 3/9 í íbúð Jóns Viðars Gunnlaugssonar, Efstalandi 6, Reykjavík.

Viðstaddir matsgerðina, sem fór fram fimmtudaginn 6. ágúst 1970, kl. 21.00, voru Jón E. Ragnarsson hrl., Jón Viðar Gunnlaugsson ásamt eiginkonu, Gunnar Finnbogason frá Axminster og undirritaðir. Við athugun á teppinu kom í ljós, að um tæknilega framleiðslugalla var ekki að ræða.

Á teppinu eru ljósir og dökkir sveipir, sem breyta um útlit eftir því, frá hvaða hlið teppið er skoðað.

Umræddir sveipir eða flekkir orsakast af því, að flosið, sem er úr sprengdu bandi, leggst á ýmsa vegu við notkun, og þá oft kerfisbundið eftir umgangsvenjum í íbúðunum.

Þegar horft er á teppið frá hlið, þá er það ýmist hlið flosþráðarins eða afskorinn endinn, sem mest áhrif hefur á ljósið, og sýnist því teppið ljósara eða dekkra eftir ástæðum og þá í flekkjum.

Fyrirbrigði þetta er ekki framleiðslugalli, heldur eiginleiki, sem orsakar útlitslýti við notkun og er fylgifiskur vissra gerða eða mynstra gólfteppa. Er þetta misjafnlega áberandi eftir aðstæðum".

Í málinu er fram komið bréf Dansk textil institut, dags. 9. apríl 1968, til Rannsóknastofnunar iðnaðarins í svohljóðandi þýðingu Péturs Sigurjónssonar, forstjóra Rannsóknastofnunar iðnaðarins, en hann er annar hinna fyrrgreindu dómkvöddu matsmanna, dskj. nr. 9:

„Með tilvísun til samkomulags 13. 3. höfum við móttekið og

rannsakað afklippu af græn/orange gólfteppi, þar sem fram höfðu komið ljósir og dökkir flekkir.

Við rannsókn á teppinu fundum við, að þessi fyrrnefndu flekkóttu svæði voru ýmist ljósari eða dekkri en teppisefnið umhverfis, allt eftir því, hvernig flosið sneri við ljósi, og eftir því, hvaðan á þau var horft. Sé flosið burstað á stóru svæði, þannig að það leggist allt í sömu átt, sýnist svæðið einlitt og flekkjalaust.

Fyrirbrigði þetta, þ. e. að liturinn er háður því, hvernig flosið liggur, og að þar af leiðandi koma fram ljós og dökk flekkótt svæði vegna notkunaráhrifa (gangbrautir og svæði, þar sem flosið leggst fljótlega í sömu átt vegna átroðnings), nefnist „shading" og er ekki óalgengt á flosteppum. Einkum er þetta áberandi á einlitum, ómynstruðum teppum, því að litur flosþráðanna ræður mestu um, hversu greinilegur litarmismunurinn virðist vera.

Kvartanir, sem fram kunna að koma varðandi þetta atriði, verður því að telja óréttmætar.

Einnig spurðust þér fyrir um, hvort hægt væri á nokkurn hátt að minnka þessa tilhneigingu til „shading", eins og t. d. með því að „fixera" flosið. Þetta virðist varla mögulegt. Þó er ekki útilokað að gera megi þessa „shading", sem seinna kann að koma fram, minna áberandi með yfirborðshreinsun með teppahreinsiefni (shampoo), þar sem reynt er að láta flosið leggjast niður og í stefnu samhliða þeim veggflötum, sem gluggar eru á".

Er Pétur staðfesti matsgerð sína fyrir dómi, skýrði hann svo frá, að þetta bréf Dansk textil institut hefði hann sent stefnda og öðrum teppaframleiðendum.

Matsmaðurinn Sigurður Ólafsson kom fyrir dóminn til að staðfesta matsgerðina. Er framburður hans í því þinghaldi svofelldur:

„Matsgerðin á dskj. nr. 11 var lesin fyrir vitninu og sýnd því. Segir vitnið aðspurt, að matsgerðin hafi að geyma sína skoðun á þessu efni, og staðfestir undirskrift sína undir matsgerðinni.

Vitninu er sýnt dskj. nr. 9 með viðfestri þýðingu. Aðspurt kveðst vitnið ekki geta sagt um það, hvort það hafi séð bréfið á dskj. nr. 9 áður eða þýðingu þess skjals. Tekur vitnið fram, að það hafi séð mörg gögn varðandi gólfteppi í sambandi við starf sitt. Aðspurt kveðst vitnið vera verkstjóri hjá Álafossi h/f og sjá um snið og lagnir á teppum, og einnig kveðst vitnið fylgjast með vefnaði á gólfteppum hjá fyrirtækinu. Vitnið kveðst ekki hafa sérstaka menntun í sambandi við vefnað á gólfteppum og kveðst hafa þá þekkingu, sem það hafi á þessum hlutum, vegna

starfs síns við þetta undanfarin átta ár. Nánar aðspurt segir vitnið, að matsgerðin sé byggð á skoðun á umræddu gólfteppi, þar sem það lá á gólfi íbúðarinnar. Segir vitnið, að matsmennirnir hafi ekki skoðað botninn á teppinu, þar sem þeir hafi ekki talið þess þörf. Tekur vitnið jafnframt fram, að matsgerðin sé byggð á reynslu þeirri, sem það hafi öðlazt í starfi sínu. Kveðst vitnið telja þetta þekkt fyrirbæri í einlitum gólfteppum, en þó mismunandi áberandi. Segir vitnið, að það hafi ekki aðeins séð þetta fyrirbæri í íslenzkum teppum, heldur einnig í erlendum teppum og nefnir dösk teppi og amerísk. ...

Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvaða sjálfstæðar rannsóknir matsmennirnir hafi framkvæmt á þessu umræddu gólfteppi í tilefni þessa matsmáls. Vitnið segir, að ekki hafi verið tekið sýnishorn af gólfteppinu til rannsóknar á rannsóknarstofu, svo það viti til. Vitnið segir, að matsmennirnir hafi strokið teppið með höndunum og þuklað það og einnig hafi þeir virt teppið fyrir sér frá mismunandi stöðum. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort efni dskj. nr. 9 hafi verið lagt til grundvallar matsgerð þeirra matsmannanna. Vitnið kveðst nú telja það víst, að það hafi séð þýðingu dskj. nr. 9, áður en matið var framkvæmt, og muni það hafa borizt fyrirtæki því, sem vitnið starfar hjá, frá Pétri Sigurjónssyni, en vitnið segir, að oft sé leitað ráða hjá Pétri í sambandi við gólfteppi. Vitnið kveðst ekki geta svarað því frekar en það hafi gert hér að framan, hvort þýðing dskj. nr. 9 hafi verið lögð til grundvallar mati matsmannanna. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort sveipir þeir, sem matsmennirnir lýsa í mati sínu, séu að áliti matsmannsins miklir eða litlir. Vitnið segir, að sveipir þessir hafi verið talsvert áberandi. Vitninu var nú sýnt dskj. nr. 15. Spurt af lögmanni stefnanda kveðst vitnið vera sá Sigurður Ólafsson, sem í skjali þessu getur. Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Á hverju er niðurstaðan á dskj. nr. 15 byggð". Lögmaður stefnda mótmælir því, að spurningin verði lögð fyrir vitnið á sama hátt og framlagningu þessa skjals var mótmælt á sínum tíma sem málinu óviðkomandi. Formaður dómsins spyr vitnið að því, hvort því sé kunnugt um, hvort Rannsóknastofnun iðnaðarins hafi framkvæmt rannsókn á sveipafyrirbærum í íslenzkum gólfteppum. Vitnið kveðst ekki vita betur en að rannsóknastofnunin hafi fengið það verkefni til úrlausnar. Vitnið er spurt að því, hvort því sé kunnugt um niðurstöðu slíkra rannsókna. Vitnið kveðst nú ekki muna eftir því að vitna til ákveðinna rannsóknarskýrslna, en kveður sér hafa skil-

izt, að þarna væri um að ræða eiginleika, sem kæmu fram við notkun teppanna, og þarna væri ekki um framleiðslugalla að ræða. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort það sé eigin niðurstaða matsmannsins, að sveipir þeir, sem fram hafa komið í teppi því, sem matið tekur til, eigi ekki rætur sínar að rekja til tæknilegra framleiðslugalla. Vitnið kveður það sína skoðun, að þetta fyrirbæri verði ekki rakið til tæknilegra framleiðslugalla. Kveðst vitnið þá ganga út frá því, að vélarnar, sem vefa teppið, séu í lagi, og hráefni það, sem unnið er úr, sé fyrsta flokks. Vitnið tekur fram, að Axminster kaupi hráefni til teppaframleiðslu sinnar m. a. hjá Álafossi h/f, og kveður vitnið það hráefni undir eftirliti og hafi verksmiðjan eigin rannsóknarstofu. Vitnið segir, að í sambandi við matið hafi það ekki skoðað vefstól þann hjá stefnda, sem umrætt teppi er ofið í. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvers vegna og af hvaða tilefni sé lagt mat á orsakir sveipamyndana í gólfteppinu, þó ekki hafi verið um það beðið í skoðunargerðarbeiðni. Spurt af dómaranum segir vitnið, að það telji, að þeir matsmennirnir hafi ekki farið út fyrir efni þess, sem þeir hafi verið beðnir um að framkvæma samkvæmt skoðunargerðarbeiðni. Kveðst vitnið því ekki sjá grundvöll til að svara þessari spurningu lögmannsins frekar. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort það telji, að þeir matsmennirnir hafi verið beðnir að láta í ljós álit sitt á því, hvort teppið væri gallað eða ekki. Vitnið segir, að það hafi framkvæmt matið og undirritað matsgerðina eftir beztu samvizku og þekkingu. Spurt af lögmanni stefnanda kveðst vitnið ekki áður hafa verið dómkvatt til matsgerðar á gólfteppi, en vitnið kveðst nú um nokkurn tíma hafa starfað í matsnefnd Neytendasamtakanna og framleiðenda um gólfteppi og hafa framkvæmt margar skoðanir og matsgerðir í sambandi við það. Vitnið tekur fram, að það taki ekki þátt í matsgerðum, sem beinist að Álafossi h/f. Vitnið kveðst starfa í matsnefnd þessari sem fulltrúi framleiðenda. Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Við starf sitt sem matsmaður byggir vitnið þá á sjálfstæðum athugunum sínum eða álitsgerðum, sem aðrir hafa fengið því í hendur?“ Lögmaður stefnda mótmælir spurningunni sem ótilhlýðilegri og veiðandi. „Vitnið hefur þegar svarað spurningunni, að því er varðar matsgerð þá, er hér liggur fyrir, en að því er varðar matsnefnd Neytendasamtakanna mótmæli ég spurningunni sem málinu óviðkomandi“.

Lögmaður stefnanda óskar bókað: „Með tilvísun til fyrri fram-

burðar vitnisins svo og dskj. nr. 9, nr. 10, nr. 11 og nr. 15 svo og framburðar hins matsmannsins í matsmálinu tel ég mjög nauðsynlegt, að vitnið svari ofangreindum spurningum, sem mótmælt hefur verið, enda tel ég fram komið, að fyllilega sé réttmætt af minni hálfu að efast um, að matsmennirnir í matsmálinu nr. 58/1970 séu óvilhallir og hlutlausir og hafi framkvæmt matsgjörðina eins og segir í matskvaðningu. Ég bendi sérstaklega á það, að matsmennirnir hafa að mínum dómi brotið mjög gegn þeirri skyldu sinni að svara greiðlega spurningum mínum um svonefnda matsgjörð og jafnvel svarað út úr, svo vítavert sé, og tel ég af þessum ástæðum, að dómnum beri að leyfa mér að spyrja mjög ítarlega um ofangreint efni".

Lögmaður stefnanda krafðist úrskurðar dómsins um það, hvort framangreindar spurningar verði lagðar fyrir vitnið.

Lögmaður stefnda óskar vitnið spurt að því: „Myndi að dómi matsmannsins það hafa sést við þess háttar skoðun, er það framkvæmdi á teppi því, sem mál þetta varðar, ef framleiðslugallar væru á því, sem stöfuðu af gölluðu hráefni, ellegar því, að gölluð tæki hefðu verið notuð við framleiðslu?" Vitnið svarar: „Já, það hefði sézt".

Lögmaður stefnda spyr vitnið: „Voru sveipir eða flekkir í teppinu mismunandi miklir eða var það um allt teppið?" Lögmaðurinn afturkallaði spurningu sína.

Með vísan til síðasta svars vitnisins óskar lögmaður stefnanda vitnið spurt að eftirfarandi: „Á hverju hefði það sézt, hvort um tæknilega framleiðslugalla væri að ræða eða ekki og sérstaklega við hvers konar skoðun?" Vitnið svarar: „Þegar efnið kemur úr stólnum, sjáum við, hvort endakantar eru misháir. Ef svo er, þá er stóllinn ekki í lagi. Þegar teppi eru límd saman, kemur það fram, hvort endakantarnir eru misháir. Í hverjum vefstól er mynzturkort, og geta verið frá einu og upp í fimm, hjá Álafossi eru það flest fimm. Ef mynzturkort eru sett skakkt í stólinn eða þau bila, þá kemur ekki rétt mynztur fram í teppinu og þar af leiðandi ekki hægt að mynztra gólfteppið rétt. Þetta sjáum við. Þá getur stóllinn sleppt úr. Þá ber frágangsdeild verksmiðjunnar að laga það, og hefur hún tæki til þess, en það getur verið, að henni yfirsjáist og gæti komið fram galli í teppi, sem hefði verið sett í hús. Þá vantar í flosið, og maður sér ofan í botninn. Þetta er hægt að laga með sérstökum nálum. Þegar ofið er, eru settar spólur í stólinn. Þegar búið er af spólunni, á að hnýta þeirri næstu við. Þá á frágangsdeildin að passa að klippa þessa toppa,

sem þannig myndast. Þetta er það helzta". Vitnið segir enn fremur, að þessi fyrirbæri hafi ekki komið fram í teppi því, sem matið beindist að. Segir vitnið, að matsmennirnir hafi þekkt það fyrirbæri, sem sveipir nefnist.

Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Er gólfteppið að Efstalandi 6 mynztrað?" Vitnið segir, að teppið sé úr sprengdu bandi, og segir vitnið, að það verði að vera mynzturkort í vefstólnum, til þess að hægt sé að vefa gólfteppi, hvort sem ofið er úr einlitu, sprengdu eða marglitu garni. Vitnið segir, að í umræddu gólfteppi sé ekki myndmynztur. Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Hafði vitnið ákveðna skoðun á því fyrirbæri, sem nefnt er hér sveipir, áður en það skoðaði gólfteppið, sem matsgerðin á dskj. nr. 11 fjallar um?" Vitnið svarar og vísar til þess, sem það hefur áður sagt, að það hafi séð dönsk og amerísk teppi með svona sveipum. Vitnið kveðst einnig hafa séð íslenzk teppi með svona sveipum. Kveðst vitnið hafa séð þetta, áður en það framkvæmdi mat sitt. Kveður vitnið skoðun sína á þessum sveipafyrirbærum hafa verið þá, að þetta væri ekki framleiðslugalli, og hafi þetta verið skoðun sín, áður en það framkvæmdi matið á Efstalandi 6.

Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því: „Byggir vitnið skoðun sína um það, að svonefndir sveipir séu ekki framleiðslugalli, á eigin athugunum eða því, sem einhver annar hefur sagt vitninu?" Vitnið svarar: „Ég hef bæði lesið um þetta og prófað mig um þetta sjálfur".

Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Eiga dæmi þau, sem vitnið hefur nefnt hér að framan um verksmiðjugalla, eingöngu við um flosteppi?" Vitnið segir, að þessi dæmi eigi við um öll gólfteppi, sem framleidd eru.

Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því með vísan til niðurlags dskj. nr. 11, hvað það eigi við með því, að sveipamyndanir séu fylgifiskar vissra gerða og mynztra. Vitnið segir, að flosteppi séu teppi, þar sem skorið sé upp úr öllu teppinu. Segir vitnið, að slíkum teppum sé hættara við sveipum. Vitnið segir, að í teppum, þar sem skorið sé upp úr annarri hverri lykkju, þá hverfi sveipahættan".

Í málinu er fram kominn úrskurður matsnefndar Neytendasamtakanna og teppaframleiðenda, dags. 26. janúar 1971, svohljóðandi:

„Matsnefnd Neytendasamtakanna og framleiðenda hefur farið í Ásgarð 75 og skoðað teppi Kristjáns Kristjánssonar.

Niðurstaða hennar eftir skoðun er þessi: Það, sem að teppinu

er, flokkast undir fyrirbærið „sveipir". Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur komizt að eftirfarandi niðurstöðu í sams konar tilfelli.

„Fyrirbrigði þetta er ekki framleiðslugalli, heldur eiginleika, sem orsakar útlitslýti við notkun og er fylgifiskur vissra gerða eða mynstra gólfteppa".

Guðrún Jónsdóttir
Sigurður Ólafsson.

Sérálit fulltrúa neytenda:

Varla fer hjá því, að framleiðanda hafi verið kunnugt um þessi útlitslýti teppisins, og þess vegna hæpið að sleppa því út á markað sem ógallaðri vöru.

Guðrún Jónsdóttir".

Svo sem fram kemur, þegar rakinn er framburður Sigurðar Ólafssonar hér að framan, eru spurningar þær, sem ágreiningur reis um í þinghaldi hinn 13. desember s.l., hvort lagðar skyldu fyrir matsmanninn, þessar:

„Á hverju er niðurstaðan á dskj. nr. 15 byggð" og „Við starf sitt sem matsmaður byggir vitnið þá á sjálfstæðum athugunum sínum eða álitsgerðum, sem aðrir hafa fengið því í hendur?"

Með framburði sínum hér fyrir dóminum hefur matsmaðurinn Sigurður Ólafsson gert grein fyrir hæfni sinni til starfs síns sem matsmaður í máli þessu. Þykir Sigurður hafa gert þá grein fyrir því, á hverju mat hans á gólfteppi því, sem fjallað er um í máli þessu, er byggt, að ekki séu efni til að leggja síðari spurningu lögmannsins fyrir matsmanninn. Þótt lögð hafi verið fram matsgerð matsnefndar Neytendasamtakanna og teppaframleiðenda, dskj. nr. 15, sem matsmaðurinn Sigurður Ólafsson hefur framkvæmt, þá þykir hún ekki vera í slíkum tengslum við málsefni það, sem hér er til úrlausnar, að að efni séu til að leggja spurninguna varðandi hana fyrir matsmanninn. Samkvæmt þessu verða framangreindar spurningar ekki lagðar fyrir matsmanninn Sigurð Ólafsson.

Af hálfu hvors aðilja hefur verið krafizt málskostnaðar í þessum þætti málsins. Rétt þykir, að afstaða til málskostnaðar í þessum þætti málsins bíði, þar til efnisdómur gengur.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt samdómendunum dr. Stefáni Aðalsteinssyni búfjárfræðingi og Stefáni Snæbjörnssyni húsgagnaarkitekt.

Úrskurðarorð:

Framangreindar spurningar verða ekki lagðar fyrir matsmanninn Sigurð Ólafsson.

Föstudaginn 25. febrúar 1972.

Nr. 34/1971. **Gunnþór Björnsson**
(Jóhann Níelsson hdl.)
gegn
Bóksalafélagi Íslands
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ábyrgð. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz 1971. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að löghaldsgerð fógetadóms Seyðisfjarðar 4. maí 1968 verði felld úr gildi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétti hafði áfrýjandi uppi þá málsástæðu, að ábyrgðarskuldbinding hans, ef gild yrði metin, tæki eigi til annarra viðskipta Kaupfélags Austfjarða og stefnda en þeirra, er fram fóru, eftir að hann undirritaði ábyrgðarskuldbindinguna. Ekki verður séð, að þessari málsástæðu hafi verið hreyft í héraði. Kemur hún því eigi til álita hér fyrir dómi, sbr. 45. gr. laga nr. 57/1962.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnþór Björnsson, greiði stefnda, Bóksalafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1970.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hefur Bóksalafélag Íslands höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. maí 1968, á hendur Gunnþóri Björnssyni, Firði 4, Seyðisfirði.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 531.916.65 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. marz 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins, þar með talinn kostnaður við löghald. Jafnframt er þess krafizt af stefnanda, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór á Seyðisfirði 4. maí 1968 í eignarhluta stefnda í fasteigninni Firði 4, Seyðisfirði, til tryggingar á kr. 512.672.55 af framangreindri dómkröfu stefnanda.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að ofangreindri löghaldsgerð verði aflétt. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

II.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld stafa frá umboðssölu Kaupfélags Austfjarða á bókum félagsmanna Bóksalafélags Íslands, en kaupfélagið hafi haft þessa bóksölu með höndum frá árinu 1964. Sé skuldin, sem hér um ræðir, fyrir sölu á bókum á árinu 1967 og 1968 fram til þess dags, er bókaverzluninni var lokað. Sé stefndi í sjálfsskuldarábyrgð fyrir skuldinni. Bú Kaupfélags Austfjarða hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Sé stefndi því sem sjálfsskuldarábyrgðarmaður skuldarinnar krafinn um greiðslu.

Í greinargerð hefur lögmaður stefnanda m. a. lýst málavöxtum á þessa leið:

„Á miðju ári 1967 fór undirritaður til Seyðisfjarðar til þess að ganga frá samningum um vanskilaskuldir Kf. Austfjarða við félagsmenn B. Í. Skuldir þessar námu rúmlega 300.000.00 krón-

um, og hafði ekki verið unnt að fá þær greiddar á réttum gjalddaga, þ. e. 1. marz 1967, né heldur eftir það þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, þar til undirritaður fór á staðinn, svo sem að framan greinir, og gekk frá endanlegum samningum um greiðslur. Við þá samninga var staðið nokkurn veginn.

Á hinn bóginn var ljóst, að fjárhagur kaupfélagsins var mjög bágborinn, og hafði gengið mjög illa að fá forráðamenn Kf. til þess að ganga frá venjulegum viðskiptasamningi við félagsmenn B. Í. svo og að setja venjulegar tryggingar fyrir greiðslu.

Forráðamönnum félagsins var því gert ljóst, að því aðeins mundi Kf. Austfjarða halda áfram leyfi til bóksölu, að samningum þessum og tryggingum yrði komið í viðunandi horf.

Á aðalfundi kaupfélagsins árið 1967 voru ræddar breytingar á rekstri félagsins og þ. á m. að leggja niður bóksölu. Umræðum þessum og tillögum var vísað til meðferðar stjórnar kaupfélagsins. Á stjórnarfundi 29. ágúst 1967 var síðan ákveðið að halda bóksölu áfram, a. m. k. þannig að kaupfélagið hefði alla bóksölu það ár.

Í framhaldi af þessu, þ. e. með haustinu, kallaði stjórn B. Í. eftir viðskiptasamningi svo og tryggingum frá kaupfélaginu, en án árangurs, þar til ákveðið var að senda einn stjórnarmanna félagsins til Seyðisfjarðar til þess að ganga endanlega frá samningum.

Var kaupfélagsstjóra gert viðvart um komu stjórnarmannsins og lögð á það áherzla, að afgreiðslu málsins yrði hraðað, þ. e. að kaupfélagsstjórinn yrði viðstaddur til þess að undirrita samninginn fyrir hönd kaupfélagsins, svo og að fengin yrði sjálfsskuldaábyrgð sem flestra stjórnarmanna kaupfélagsins.

Þegar téður stjórnarmaður B. Í., Hilmar Sigurðsson, kom til Seyðisfjarðar, var honum sagt af kaupfélagsstjóra, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að gengið yrði frá samningum þegar í stað og að fengnir yrðu tveir stjórnarmenn kaupfélagsins til þess að gangast undir sjálfsskuldarábyrgð. Taldi Hilmar sig geta gengið frá samningum þannig.

Laugardaginn 4. nóv. 1967 undirritaði síðan kaupfélagsstjórinn f. h. Kaupfélags Austfjarða viðskiptasamning við Bóksalafélag Íslands, sbr. rskj. nr. 4, og þann dag fór kaupfélagsstjórinn til formanns stjórnar kaupfélagsins, þ. e. stefnda, og undirritaði hann sjálfsskuldarábyrgðina, sbr. ofannefnt rskj. Síðan mun kaupfélagsstjórinn hafa reynt að ná til annars stjórnarmanns, þ. e. Ólafs Ólafssonar, útgerðarmanns, en hann hafði fallizt á

að undirrita sjálfsskuldarábyrgðina. Í ljós kom, að téður Ólafur hafði þá nokkru áður farið frá Seyðisfirði til Egilsstaða til þess að taka flugvél til Reykjavíkur.

Það varð því að samkomulagi með kaupfélagsstjóranum og Hilmari Sigurðssyni, að Hilmar aflaði sjálfur undirskriftar Ólafs á Egilsstöðum, enda var Hilmar einnig á förum til Reykjavíkur þann sama dag.

Afhenti kaupfélagsstjórinn Hilmari annað eintak samningsins með sjálfsskuldarábyrgð stefnda án nokkurs fyrirvara, en hét því jafnframt að afla a. m. k. eins sjálfsskuldarábyrgðarmanns úr stjórninni til viðbótar við stefnda, ef Hilmar og téður Ólafur færust á mis og Hilmar fengi ekki undirskriftina.

Var þá gert ráð fyrir því, að kaupfélagsstjórinn sendi sitt eintak af samningnum suður með viðbótarsjálfsskuldarábyrgðarmanni úr stjórn Kf. og fengi þá endursent eintak B. Í.

Á Egilsstöðum hitti Hilmar Sigurðsson Ólaf Ólafsson, er var þá nokkuð hreifur af víni, og óskaði hann eftir því, að gengið yrði frá sjálfsskuldarábyrgðinni mánudaginn þann næsta á eftir, þ. e. 6. nóv., í Reykjavík, og féllst Hilmar á þau tilmæli.

Síðastnefndan dag hafði Hilmar síðan samband við Ólaf í Reykjavík, en þá færðist hann undan að gangast undir sjálfsskuldarábyrgðina.

Þar sem stjórnarformaður kaupfélagsins hafði gengizt undir fyrirvaralausa sjálfsskuldarábyrgð og jafnframt þar sem stjórn B. Í. vænti þess, að kaupfélagsstjórinn mundi afla fleiri sjálfsskuldarábyrgðarmanna til þess að tryggja full skil v/umræddra viðskipta, var ekkert talið því til fyrirstöðu, að félagsmenn B. Í. efndu sinn hluta samningsins.

Hins vegar dróst það á langinn, að kaupfélagsstjórinn aflaði frekari sjálfsskuldarábyrgðarmanna, en í desembermánuði óskaði hann hins vegar eftir því að fá endursendan viðskiptasamninginn og tjáði þá formanni B. Í. svo og undirrituðum, að hann gæti ekki aflað frekari ábyrgða og jafnframt að stjórnarformaður kaupfélagsins teldi ábyrgð sína ekki bindandi. Þessum tilmælum var hafnað og upplýsingunum mótmælt.

Á þessum tíma var ljóst, að kaupfélagið rambaði á barmi gjaldþrots, enda mun það hafa verið ástæða þess, að formaður stjórnar kaupfélagsins reyndi að fá sig leystan undan margnefndri sjálfsskuldarábyrgð.

En um þetta leyti mun hafa farið fram meginsalan á bókum, og enda þótt bæði kaupfélagsstjóra svo og stjórnarformanni hljóti

að hafa verið ljóst, að umrædd sala á bókum var umboðssala, svo og hin gífurlegu yfirvofandi greiðsluþrot kaupfélagsins, þá gerðu þeir ekkert til þess að halda bóksölufé aðgreindu eða tryggja greiðslu á andvirði seldra bóka á annan hátt".

Svo sem hér hefur verið lýst, telur stefnandi ábyrgðaryfirlýsingu stefnda í fullu gildi, og hefur hann höfðað mál þetta á grundvelli hennar. Stefndi hefur mótmælt gildi yfirlýsingarinnar, og snýst málið um ágreiningsefni þetta.

III.

Í áðurgreindum viðskiptasamningi stefnanda og Kaupfélags Austfjarða, sem kaupfélagsstjórinn undirritaði 4. nóvember 1967, en Oliver Steinn, formaður stefnanda, hafði undirritað 2. nóvember 1967, segir m. a.:

„Ég undirritaður, Oliver Steinn, f. h. meðlima Bóksalafélags Íslands (í samningi þessum nefndur Bóksalafélagið) og Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði (í samningi þessum nefndur bóksali), gerum með okkur eftirfarandi viðskiptasamning:

1. gr. Bóksalafélagið veitir nefndum bóksala leyfi til þess að selja í umboðssölu bækur félagsmanna svo og þeirra útgefenda, er hafa samvinnu við Bóksalafélagið samkvæmt ákvæðum 4. gr. samþykkta þess.

2. gr. Bóksali skal afhenda Bóksalafélaginu sjálfsskuldarábyrgð tveggja manna eða setja aðra þá tryggingu, er félagið tekur gilda, fyrir skilvísri greiðslu á skuldum þeim, er bóksalinn kann að komast í við þá útgefendur, er samningur þessi tekur til, svo og fyrir bókaleifum þeim, sem hjá bóksalanum eru á hverjum tíma. Hann skal og tilkynna félaginu, ef trygging sú, sem hann hefur sett því, rýrnar, t. d. ef ábyrgðarmaður hans deyr, verður gjaldþrota, flytur burt úr héraðinu o. s. frv.

3. gr. Bóksali fær sölulaun samkvæmt samþykktum Bóksalafélagsins. . . .

12. gr. Í öllum málum, sem rísa kunna út af samningi þessum milli meðlima Bóksalafélagsins og bóksala, sækir félagið málið sem aðili á hendur bóksala, hvort sem málið snertir einn eða fleiri meðlimi þess.

Bóksalinn skuldbindur sig til að hlíta varnarþingi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, hvar sem hann er búsettur á landinu, og er ekki skylt að leita sátta fyrir sáttanefnd.

13. gr. Samningi þessum getur hvor aðili sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal bundin við áramót.

14. gr. Með viðskiptasamningi þessum falla úr gildi öll eldri viðskiptaskilyrði milli meðlima Bóksalafélagsins og bóksala ...".

Ofangreindur viðskiptasamningur er gerður á prentað eyðublað. Á þriðju síðu eyðublaðsins er einnig prentað sérstakt form fyrir sjálfsskuldarábyrgð þá, sem stefndi undirritaði, en yfirlýsingin er í heild svohljóðandi:

„Sjálfsskuldarábyrgð.

Við undirritaðir skuldbindum okkur hérmeð til að ábyrgjast Bóksalafélagi Íslands sem sjálfsskuldarábyrgðarmenn, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, einn fyrir alla og allir fyrir einn, full skil á bókum þeim og andvirði seldra bóka, er Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði, fær hjá félaginu til sölu, svo og á vöxtum og málskostnaði, ef til málssóknar kemur.

Við höfum kynnt okkur viðskiptasamning Bóksalafélags við umboðsmenn, og nær þessi ábyrgð til hverskonar vanefnda á þeim samningi.

Rísi málssókn útaf framangreindri skuldbindingu okkar, ber okkur að hlíta varnarþingi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og er ekki skylt að leita sátta fyrir sáttanefnd.

Þessu til staðfestu ritum við nöfn okkar í votta viðurvist.
Gunnþór Björnsson.
Vitundarvottar: ".

IV.

Hilmar Sigurðsson hefur hér fyrir dómi hinn 6. maí 1968 skýrt svo frá, að hann hafi verið í stjórn stefnanda frá því á árinu 1967. Hann kveðst hinn 3. nóvember 1967 hafa farið til Seyðisfjarðar á vegum stefnanda gagngert til þess að afla sjálfsskuldarábyrgða til tryggingar viðskiptasamningi stefnanda við Kaupfélag Austfjarða, en ella hafði hann fyrirmæli um það að taka bóksöluleyfi stefnanda af kaupfélaginu. Hann segir, að enginn skriflegur samningur hafi verið á milli stefnanda og Kaupfélags Austfjarða fyrir 3. nóvember 1967, en tekur fram, að stefnandi, hafi, hvenær sem var, getað fengið bókaútgefendur til þess að innkalla bækur sínar hjá Kaupfélagi Austfjarða og stöðva sendingar bóka til þess. Hilmar kveðst hafa hitt kaupfélagsstjórann, Birgi Hallvarðsson, þann 4. nóvember 1967 og hafi kaupfélagsstjórinn þá undirritað viðskiptasamninginn. Hafi kaupfélagsstjórinn jafnframt skýrt svo frá, að fullur vilji væri fyrir hendi hjá stjórn kaupfélagsins að halda bókasölu áfram. Hafi kaupfélagsstjórinn jafnframt lýst sig fúsan til að afla sjálfsskuldarábyrgða til tryggingar á efndum samningsins. Hafi kaup-

félagsstjórinn farið morguninn 4. nóvember 1967 til formanns stjórnarinnar, stefnda Gunnþórs Björnssonar, og hafi stefndi undirritað sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingu um morguninn. Kaupfélagsstjórinn hafði áður sagt honum, að stjórnarmenn kaupfélagsins væru fimm. Væru þrír þeirra búsettir utan kaupstaðarins, að því er honum skildist, en unnt ætti að vera að ná til tveggja, sem mundu vera fúsir til að undirrita ábyrgðaryfirlýsinguna. Er kaupfélagsstjórinn hafði útvegað undirskrift stefnda, hafi hann sagt, að hinn stjórnarmaðurinn, Ólafur M. Ólafsson, væri á förum eða á leið til Egilsstaða. Hafi kaupfélagsstjórinn sagt, að Ólafur væri fús til þess að skrifa undir ábyrgðaryfirlýsinguna og að hann (Hilmar) gæti hitt Ólaf á Egilsstöðum. Kaupfélagsstjórinn hafi hins vegar ekki minnzt á það, að undirskrift stefnda undir sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna væri skilyrt. Sama dag kveðst Hilmar hafa hitt Ólaf M. Ólafsson á Egilsstöðum. Hafi Ólafur þá verið nokkuð hreifur af víni og óskað eftir því, að gengið yrði frá sjálfsskuldarábyrgðinni mánudaginn næsta á eftir, þ. e. 6. nóvember, í Reykjavík. Kveðst Hilmar hafa fallizt á þau tilmæli. Hilmar kveðst hafa haft símasamband við Ólaf í Reykjavík, en þá hafi Ólafur neitað að undirrita yfirlýsinguna. Hilmar segir, að þrátt fyrir það, að Ólafur skrifaði ekki undir sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna, hafi verið ákveðið að stöðva ekki bókasöluna hjá Kaupfélagi Austfjarða með tilliti til þess, að kaupfélagsstjórinn hafði undirritað viðskiptasamning og stefndi sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingu. Hilmar kveðst hafa skilið annað eintakið af viðskiptasamningnum með viðfestri sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingu stefnda eftir hjá kaupfélagsstjóranum á Seyðisfirði, en tekið hitt með sér. Hafi kaupfélagsstjórinn ætlað að afla fleiri undirskrifta innan stjórnarinnar og endursenda síðan stefnanda það eintak með viðbótarundirskriftunum. Af því hafi þó aldrei orðið. Lögmaður stefnda spurði Hilmar, hvers vegna hann hefði lagt svo mikla áherzlu á að afla undirskriftar Ólafs M. Ólafssonar, fyrst kaupfélagsstjórinn hafi ætlað að afla fleiri undirskrifta á það eintak sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingarinnar, sem kaupfélagsstjórinn hafði í höndum. Hilmar kvaðst helzt hafa viljað fá undirskrift allra stjórnarmanna kaupfélagsins, og kvaðst hann hafa reynt að afla eins margra undirskrifta og unnt var. Hilmar kveðst ekki minnast þess, að hann og kaupfélagsstjórinn hafi rætt sérstaklega um takmörkun á ábyrgð sjálfsskuldarábyrgðarmanna, enda hafi kaupfélagsstjórinn jafnan látið í veðri vaka, að það væri fullur vilji stjórnar kaupfélagsins að undirrita

samning við stefnanda og tryggja samninginn, en hitt sé alveg rétt hjá kaupfélagsstjóranum, að hann (Hilmar) hafi jafnan lagt áherzlu á að fá a. m. k. tvo ábyrgðarmenn, en að sjálfsögðu helzt alla stjórnarmennina. Eftir að Hilmar fékk neitun Ólafs M. Ólafssonar um að undirrita ábyrgðaryfirlýsinguna, kveðst hann hafa haft samband símleiðis við kaupfélagsstjórann og skýrt honum frá neitun Ólafs. Kveðst Hilmar jafnframt hafa beðið kaupfélagsstjórann að afla annarra undirskrifta undir ábyrgðaryfirlýsinguna, eins og hann hefði lofað, og hafi kaupfélagsstjórinn lýst því yfir, að hann skyldi vinna að því áfram, en af því hafi ekkert orðið.

Hilmar Ólafur Sigurðsson var samprófaður hér fyrir dómi hinn 14. desember 1970 við Birgi Hallvarðsson. Skýrði Hilmar þá svo frá, að hann hefði aðeins fengið annað eintakið af samningnum, en hitt hefði orðið eftir hjá Birgi kaupfélagsstjóra. Þá kvað hann alls ekki hafa verið um það rætt, að hann endursendi það eintak samningsins, sem hann fór með til Reykjavíkur, ef Ólafur neitaði að árita það. Hann taldi vafalaust, að hann hefði skýrt kaupfélagsstjóranum frá því, hverju það varðaði, ef sjálfsskuldarábyrgð eða trygging á viðskiptasamningnum fengist ekki. Hilmar og Birgir voru á einu máli um það, að Hilmar hefði ekki tilkynnt fyrir fram um komu sína til Seyðisfjarðar. Kveðst Hilmar hafa komið seint um kvöld til Seyðisfjarðar. Minnir hann fastlega, að hann hafi átt símtal við kaupfélagsstjórann um kvöldið og hafi þeir mælt sér mót í skrifstofu kaupfélagsstjórans morguninn eftir. Eru þeir sammála um það, að þeir hafi daginn eftir komu Hilmars til Seyðisfjarðar rætt tvívegis saman um málið. Hilmar kveðst ekki hafa tilkynnt stefnda um það, að stefnandi teldi stefnda vera í sjálfsskuldarábyrgð samkvæmt yfirlýsingunni, sem fest er við viðskiptasamninginn. Hilmar kveðst hafa lokið fullnaðarprófi frá Verzlunarskóla Íslands.

Stefnandi kærði forráðamenn Kaupfélags Austfjarða vegna meints misferlis með umboðsvörzlufé félagsmanna stefnanda. Fór rannsókn fram í sakadómi Seyðisfjarðar.

Ólafur M. Ólafsson, stjórnarmaður Kaupfélags Austfjarða, gaf skýrslu fyrir sakadómi hinn 18. maí 1968. Skýrði hann svo frá, að hann hefði hitt fulltrúa stefnanda, Hilmar Sigurðsson, á Egilsstaðaflugvelli, er hann (Ólafur) var á leið til Reykjavíkur, sennilega 5. nóvember 1967. Hafi fulltrúi stefnanda sýnt þar sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingu varðandi viðskipti stefnanda og Kaupfélags Austfjarða. Ólafur kveðst hafa neitað að undirrita þessa

ábyrgðaryfirlýsingu og jafnframt lýst því yfir, að hann væri í nægum sjálfsskuldarábyrgðum fyrir. Síðan kveðst Ólafur ekkert um þetta mál hafa vitað, fyrr en lögmaður stefnanda fór að rekast í máli þessu á árinu 1968. Ólafur kveðst hafa séð og vitað, að nafn stefnda var ritað á sjálfsskuldarábyrgðina. Hann kveðst ekki geta upplýst neitt um það atriði, hvort stefndi væri einn í ábyrgðinni, þótt aðrir neituðu að taka hana á sig með honum. Hann kveðst sjálfur hafa neitað að gangast í þessa ábyrgð, en kveðst ekki hafa hugleitt, hvort það verkaði á ábyrgð annarra.

Stefndi hefur í sakadómi Seyðisfjarðar hinn 3. maí 1968 kannazt við að hafa ritað nafn sitt undir sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna, sem um ræðir í málinu. Stefndi kveðst ekki sjálfur hafa talað við Hilmar Sigurðsson, en Hilmar var á Seyðisfirði í nóvember 1967. Kveðst stefndi ekki hafa hitt Hilmar þá, en kaupfélagsstjórinn hafi komið með skjalið til undirskriftar. Kveðst stefndi hafa sett það sem skilyrði við kaupfélagsstjórann, að fleiri stjórnarmenn undirrituðu skjalið jafnframt og tækju þar með á sig sjálfsskuldarábyrgðina með sér. Ef það yrði ekki gert, þá skyldi skjalið ekki afhent til stefnanda eða umboðsmanns stefnanda, „sem sé, að það yrði fullfrágengið með undirskrift a. m. k. tveggja stjórnarmanna Kaupfélags Austfjarða og þá vottfest, en ella ekki notað". Stefndi kveðst hafa talið, að skjalið væri geymt í vörzlum Kaupfélags Austfjarða á Seyðisfirði. Þegar hann komst að því um áramótin 1967—1968, að skjalið var í vörzlu stefnanda, kveðst hann hafa gert ráðstafanir til þess, að Tómas Árnason hæstaréttarlögmaður heimti skjalið úr vörzlu stefnanda, en stefnandi hafi þá neitað að afhenda skjalið.

Stefndi gaf skýrslu hér fyrir dómi 14. desember 1970. Lýsti hann skýrslu sína fyrir sakadómi Seyðisfjarðar rétta. Hann kveðst hafa tekið það skýrt fram við Birgi kaupfélagsstjóra, að skjalið yrði ekki afhent nema meiri hluti stjórnarinnar og helzt öll stjórnin undirritaði ábyrgðaryfirlýsinguna. Kveðst hann ekki hafa fengið vitneskju um, að Birgir afhenti Hilmari skjalið, fyrr en síðar. Minnir hann, að hann hafi undirritað tvær yfirlýsingar. Kveðst hann hafa staðið í þeirri trú, að bæði eintök ábyrgðaryfirlýsingarinnar væru geymd í skjalaskáp kaupfélagsins, enda kveðst hann fljótlega hafa fregnað hjá öðrum stjórnarmönnum kaupfélagsins, að þeir mundu ekki undirrita sjálfsskuldarábrygðaryfirlýsinguna. Þegar hann frétti, að skjalið með ábyrgðaryfirlýsingunni var komið í vörzlur Bóksalafélags Íslands, kveðst hann hafa gefið Birgi fyrirskipun um að innkalla skjalið. Birgir

hafi síðar sagt, að í viðtali hans við fyrirsvarsmenn stefnanda hafi komið fram tregða af hálfu þeirra eða jafnvel neitun um að afhenda skjalið. Þá kveðst stefndi strax hafa snúið sér til Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmanns. Spurningunni: „Gerði mætti nokkrar ráðstafanir til þess, að stjórn Bóksalafélags Íslands yrði tilkynnt, að stjórnarmenn kaupfélagsins vildu ekki undirrita sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna vegna viðskiptasamings félags Bóksalafélags Íslands?“ svaraði stefndi þannig: „Nei, ég gerði engar sérstakar ráðstafanir“.

Birgir Hallvarðsson kaupfélagsstjóri kom fyrir sakadóm Seyðisfjarðar hinn 3. maí 1968. Hann skýrir svo frá, að í ársbyrjun 1966, þegar hann tók við kaupfélagsstjórastarfinu, hafi skuld kaupfélagsins við stefnanda og aðra útgefendur numið um kr. 700.000.00, en þegar hann lét af starfi 31. desember 1967 hafi skuldin á sama reikningi verið um kr. 712.000.00. Hann kveðst hinn 4. nóvember 1967 hafa undirritað samkvæmt stöðuumboði sínu sem kaupfélagsstjóri margnefndan viðskiptasamning. Þá skýrir hann svo frá, að stefndi hafi undirritað sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna að kvöldi 4. nóvember 1967 eða næsta morgun. Kveðst hann hafa verið viðstaddur, þegar stefndi undirritaði. Hafi þetta gerzt í skemmu Síldarútvegsnefndar á Borgartanga. Umboðsmaður stefnanda, Hilmar Sigurðsson, var ekki viðstaddur þessa undirskrift. Stefndi hafi þá sagt, að hann undirritaði þetta í trausti þess, að það yrði ekki afhent, nema fleiri stjórnarmenn kaupfélagsins undirrituðu það einnig. Hann segir, að atvik að þessu hafi að öðru leyti verið þau, að Hilmar Sigurðsson hafi verið á mjög hraðri ferð í umrætt skipti. Hann kveðst ekki hafa náð sambandi við stefnda, fyrr en skömmu áður en Hilmar fór í veg fyrir flugvél á Egilsstöðum. Hafði hann ekki getað náð í neinn annan stjórnarmann, en vissi, að Ólafur M. Ólafsson ætlaði með sömu ferð suður, og „taldi víst, að hann kæmi á afgreiðslu flugfélagsins, sem var hjá kaupfélaginu, og gæti hann þá fengið undirskrift hans og afhent Hilmari skjalið“. Nú frétti hann, að Ólafur færi beint í Egilsstaði, en kæmi ekki við í kaupfélagsskrifstofunni. Hilmar hafi þá beðið um að fá skjalið, og ætlaði Hilmar að fá undirskrift Ólafs undir það, en ella endursenda það, því að hann (Birgir) taldi, að skjalið væri ógilt, nema a. m. k. tveir aðiljar undirrituðu það. Hafi hann þá sennilega tjáð Hilmari, að undirskrift stefnda væri bundin því skilyrði, að a. m. k. tveir undirrituðu skjalið, þó man hann þetta ekki með vissu, en telur, að ætíð hafi af hálfu Hilmars verið gert

ráð fyrir a. m. k. tveim sjálfsskuldarábyrgðarmönnum í umræðum um samninginn. Hann var spurður, hvað Hilmari og honum hafi farið á milli um það, hvað gera ætti við skjalið, ef það yrði endursent. Svar hans var, að samkomulag hafi verið milli þeirra Hilmars, að hann mundi þá fá aðra menn í ábyrgðina og gengi þar með frá henni og sendi síðan aftur yfirlýsinguna til stefnanda, en hann kveðst ekki hafa talið ábyrgðaryfirlýsinguna fullfrágengna nema fleiri en einn undirrituðu hana. Hann ítrekar, að það hafi verið krafa stefnanda, að a. m. k. tveir menn væru í ábyrgðinni, og að hann teldi, að Hilmar hafi álitið eins og hann, að ella væri hún ógild, en hann kveðst ekki muna, hvort þeir ræddu þetta sérstaklega.

Birgir Hallvarðsson var samprófaður við Hilmar Sigurðsson hér fyrir dómi hinn 14. desember 1970. Kveður Birgir skýrslu sína fyrir sakadómi Seyðisfjarðar rétta. Skýrir Birgir svo frá, að hann muni ekki betur en Hilmar hafi tekið bæði eintök samningsins. Hann segir, að það hafi alls ekki verið neitt öruggt mál, þegar Hilmar fékk skjalið afhent til þess að fá Ólaf M. Ólafsson til þess að skrifa undir það, að Ólafur mundi gera það, enda hafi Hilmar lofað að endursenda skjalið, ef Ólafur fengist ekki til þess að skrifa undir það. Birgir kveðst ekki hafa verið búinn að ræða um skjalið við Ólaf, áður en Ólafur fór frá Seyðisfirði. Hann kveðst ekki þora að fullyrða, að hann hafi sagt Hilmari frá skilyrði stefnda, en hann staðhæfir, að stefndi hafi sett það skilyrði, að skjalið ætti ekki að afhendast, nema fleiri stjórnarmenn kaupfélagsins undirrituðu það einnig. Hann tekur fram, að hann hafi ætlað að kalla saman stjórnarfund í kaupfélaginu, ef Ólafur fengist ekki til að undirskrifa skjalið, enda kveðst hann hafa gengið út frá því, að stjórnarmenn mundu skrifa upp á ábyrgðina, þar sem ekki hafði verið tekin ákvörðun um að segja upp bókasölunni. Hann kveðst ekki minnast þess, að Hilmar hafi gefið yfirlýsingu í þá átt, að stefnandi mundi svipta kaupfélagið leyfi til sölu bóka félagsmanna stefnanda. Hann tekur fram, að hann hafi ekki talið skjalið fullfrágengið, fyrr en a. m. k. tveir hefðu undirritað sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna. Hann kveðst ekki hafa verið búinn að sjá viðskiptasamninginn með hinni viðfestu sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingu, þegar Hilmar sýndi honum skjalið, morguninn eftir að Hilmar kom til Seyðisfjarðar. Hann kveðst hafa staðið í þeirri trú, áður en Hilmar kom austur, að Kaupfélag Austfjarða væri á einhvern hátt samningsbundið stefnanda um bókasöluna. Kveðst hann einhvern tíma á

árinu 1967 hafa átt símtal við Oliver Stein, formann stjórnar stefnanda, til þess að grennslast um það, hvernig uppsagnarfresti þess samnings, sem hann taldi, að kaupfélagið hefði einhvern tíma gert, væri. Minnir hann, að Oliver Steinn hafi ekki gefið neitt ákveðið svar um þetta. Í þessu sambandi tekur hann fram, að Knútur Bruun héraðsdómslögmaður hafi á miðju ári 1967 komið austur á Seyðisfjörð til þess að gera upp vanskilaskuldir kaupfélagsins við félagsmenn stefnanda. Hafi þeir þá, að því er hann bezt man, báðir staðið í þeirri meiningu, að um viðskiptasamning væri að ræða á milli kaupfélagsins og stefnanda, enda kveðst hann hafa samþykkt víxla, þrjá eða fjóra, sem Knútur hafi tekið við fyrir hönd stefnanda til greiðslu á viðskiptaskuld kaupfélagsins við einstaka bókaútgefendur. Hann var spurður að því, hvort honum væri kunnugt um einhverjar aðgerðir af hálfu kaupfélagsins eða stefnda í þá átt að afturkalla sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna, eftir að Ólafur M. Ólafsson neitaði að skrifa undir hana. Hann svaraði: „Ég hefi sennilega fengið vitneskju um neitun Ólafs, þegar Ólafur kom aftur til Seyðisfjarðar. Ég hætti störfum sem framkvæmdastjóri hjá kaupfélaginu um áramótin 1967—1968. Ég man ekki eftir ráðstöfunum í þá átt að afturkalla sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna". Hann kveðst hafa lokið fullnaðarprófi frá Samvinnuskólanum.

Steinn Jósúa Stefánsson skólastjóri, einn af stjórnarmönnum Kaupfélags Austfjarða, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar hinn 3. maí 1968. Aðspurður um, hvenær honum hafi verið kunnugt um, að erfiðleikar hafi verið á viðskiptum milli stefnanda og Kaupfélags Austfjarða, svaraði hann, að hann teldi það hafa verið á stjórnarfundi síðla árs 1967, þegar kaupfélagsstjórinn fór fram á ábyrgð stjórnarmanna á samningi félagsins við stefnanda. Hafi kaupfélagsstjórinn tekið fram, að ef ábyrgðin fengist ekki, væri hætta á, að kaupfélagið fengi ekki bækur í jólasöluna. Kvaðst Steinn þá hafa sagt, að félagið yrði þá heldur að vera af jólasölunni. Hann tekur fram, að með synjun hinna stjórnarmannanna hafi hann talið, að þá hafi stefndi einnig verið laus undan ábyrgðinni. Hann minnir, að hann hafi við þetta tækifæri séð skjal með nafni stefnda undir, sem hann taldi vera ábyrgðarskjalið.

Páll Sigtryggur Björnsson bóndi, einn af stjórnarmönnum kaupfélagsins og bróðir stefnda, gaf skýrslu fyrir sakadómi Seyðisfjarðar 3. maí 1968. Hann hefur skýrt svo frá, að á stjórnarfundi seint um haustið 1967 hafi verið sýndur viðskiptasamningur við

stefnanda og sjálfsskuldarábyrgð með, sem þá hafði verið undirrituð af stefnda. Allir aðrir stjórnarmenn neituðu að undirrita sjálfsskuldarábyrgðina. Telur hann, að stjórnarmennirnir hafi álitið, að ábyrgð stefnda tæki ekki gildi, nema fleiri tækju á sig ábyrgðina með honum, enda hafi þeir alls ekki gert ráð fyrir, að skjalið yrði sent stefnanda, nema fleiri undirrituðu það, og alls ekki eftir að stjórnarmenn höfðu neitað því á þessum fundi, sem hann telur, að haldinn hafi verið í desember 1967.

Jón Sigurðsson, bóndi á Hánefsstöðum, einn af stjórnarmönnum Kaupfélags Austfjarða, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar hinn 4. maí 1968. Hann segir, að til umræðu hafi komið á stjórnarfundi síðla árs 1967, að stjórnarmennirnir allir undirrituðu sjálfsskuldarábyrgð á viðskiptasamningi félagsins við stefnanda. Hafi málaleitan kaupfélagsstjórans um þetta verið synjað. Hann minnir, að sér hafi verið sagt, að stefndi hefði þegar undirritað ábyrgðina. Aðspurður telur hann það hafa verið sína meiningu, að stefndi væri ekki bundinn af undirskrift sinni, þar sem stjórnarmennirnir hefðu hafnað að taka á sig ábyrgðina. Það væri mál kaupfélagsstjórans og stefnda sem stjórnarformanns að taka þetta til athugunar. Hann man ekki til þess, að þetta atriði, ábyrgð stefnda eins, hafi verið rætt sérstaklega á þessum stjórnarfundi.

V.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að margnefnd undirskrift stefnda undir sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsinguna sé í fullu gildi, enda hafi stefndi viðurkennt undirskrift sína. Orðalagið í yfirlýsingunni sé að vísu í fleirtölu, en það skipti engu máli. Ekkert sé fram komið í málinu um það, að stjórn stefnanda hafi verið í slæmri trú um undirskrift stefnda. Hafi stefnandi því sent bækur til Kaupfélags Austfjarða fyrir jólin 1967 í trausti þess, að yfirlýsing stefnda væri í lagi. Er á það bent af hálfu stefnanda, að skilyrði það, sem stefndi beri fyrir sig, hafi ekki komið til vitundar starfsmanna stefnanda fyrr en í byrjun árs 1968. Ef stefndi hafi ekki viljað standa við undiskrift sína eða talið hana skilyrta, hafi honum borið að hefjast handa um að fá skjalið afhent sér miklu fyrr en raun varð á. Telur stefnandi því, að stefndi verði sem sjálfsskuldarábyrgðarmaður að greiða hina umstefndu skuld samkvæmt almennum reglum um sjálfsskuldarábyrgð.

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af lögmanni stefnanda, að krafan á hendur stefnda í þessu máli væri ein-

göngu byggð á sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingu stefnda, sem frammi liggur í málinu, en ekki á bótasjónarmiðum, en lögmaðurinn kvaðst áskilja sér rétt að hafa uppi kröfu á hendur stefnda á öðrum grundvelli í sjálfstæðu máli eða í sakamáli.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

Ísafoldarprentsmiðja h/f	kr.	33.612.00
Bókaútgáfa Æskunnar	—	11.401.00
Guðm. Jakobsson (Ægisútgáfan)	—	54.892.00
Bókaútgáfan Fífill	—	14.988.00
— Forni	—	12.892.40
— Skuggsjá	—	65.791.20
— Suðri	—	7.019.20
— Iðunn	—	46.969.80
— Björk	—	2.755.20
Myndabókaútgáfan	—	2.785.60
Prentsmiðjan Leiftur	—	57.274.22
Gísli Ólafsson	—	1.205.25
Prentsmiðjan Grágás	—	12.820.00
Mál og menning	—	10.995.40
Bókaverzlun Snæbjarnar Jónssonar	—	4.541.60
Hörpuútgáfan	—	10.538.80
Bókaútgáfan Örn og Örlygur h/f	—	4.345.00
— Snæfell	—	5.382.50
— Hildur	—	41.627.00
— Helgafell	—	10.899.20
— Setberg	—	37.130.40
Bókfellsútgáfan	—	14.104.78
Bókaútgáfan Logi	—	7.389.60
— Fjölnir-Vörðufell	—	1.100.00
— Geðbót	—	1.856.00
Kvöldvökuútgáfan	—	13.440.00
Bókaútgáfan Fróði	—	4.995.20
Steindórsprent	—	750.00
Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar	—	4.445.00
Ugluútgáfan og prentsm. Jóns Helgasonar	—	33.960.00

Samtals kr. 531.916.65

Stefndi hefur ekki mótmælt kröfu stefnanda tölulega.

Stefndi styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að þegar hann undirritaði skjalið í viðurvist kaupfélagsstjórans, hafi

hann sett það skilyrði, að fleiri stjórnarmenn undirrituðu skjalið jafnframt og tækju þar með á sig sjálfsskuldarábyrgðina ásamt honum. Ef það yrði ekki gert, mætti ekki afhenda skjalið til stefnanda eða umboðsmanns hans. Sé þetta sannað með vætti kaupfélagsstjórans. Kaupfélagsstjórinn hafi því afhent skjalið í heimildarleysi. Sé hann því ekki bundinn af ábyrgðaryfirlýsingunni. Jafnframt bendir stefndi á, að stefnandi hafi gert kröfu til þess að fá a. m. k. sjálfsskuldarábyrgð tveggja manna sem tryggingu fyrir viðskiptum stefnanda og Kaupfélags Austfjarða. Sé á það að líta, að ábyrgðarskjalið, sem lagt er til grundvallar í málinu, sé ódagsett. Engir vitundarvottar hafi heldur vottað undirskriftina. Skjal þetta sé því alls ekki fullfrágengið. Þá bendir hann á, að allir stjórnarmenn kaupfélagsins hafi litið svo á síðla árs 1967, að undirskrift hans á sjálfsskuldarábyrgðarskjalinu væri ógild, nema a. m. k. tveir undirrituðu yfirlýsinguna. Hafi þeir gert ráð fyrir, að skjalið yrði alls ekki sent stefnanda, nema fleiri undirrituðu það. Leggur stefndi á það áherzlu, að honum hafi verið ókunnugt um, að skjalið var afhent Hilmari, eins og það var úr garði gert, þegar hann afhenti kaupfélagsstjóranum það.

VI.

Form og efni ábyrgðaryfirlýsingar þeirrar, sem í málinu greinir og stefndi undirritaði, bar með sér, að stefnandi ætti við henni að taka. Stefndi afhenti yfirlýsinguna trúnaðarmanni aðalskuldara þeirrar kröfu, sem yfirlýsingin tók til, Kaupfélags Austfirðinga, en stefndi var stjórnarformaður kaupfélags þessa. Þar sem svo var ástatt, varð stefndi að bera áhættuna af því, að yfirlýsingin var afhent fyrirsvarsmanni stefnanda. Er stefndi því af henni bundinn án tillits til þess, hver atvik lágu til afhendingarinnar að öðru leyti, enda er ósannað, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi þá verið gert ljóst, að undirritun stefnda væri fortakslaust því skilyrði bundin, að fleiri stjórnarmenn aðalskuldara undirrituðu yfirlýsinguna. Á hinn bóginn var jafnan gert ráð fyrir því í viðræðum fyrirsvarsmanna stefnanda og aðalskuldara, að auk stefnda tæki a. m. k. einn stjórnarmanna aðalskuldara til viðbótar á sig sjálfsskuldarábyrgð gagnvart stefnanda. Stefnandi, sem ekki kynnti sér nánar afstöðu stefnda, mátti að óreyndu gera ráð fyrir því, að stefndi miðaði við, að sjálfsskuldarábyrgð gagnvart stefnanda yrði með þessum hætti. Af þeim sökum verður að telja, að ábyrgð stefnda gagnvart stefnanda nái eigi til þess

hluta aðalskuldar, er stefndi hefði getað krafið samábyrgðarmann sinn um, helming aðalskuldar, sem nemur alls kr. 531.916.65. Samkvæmt því ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 265.958.33 með ársvöxtum, sem ákveðast 7% frá 1. marz 1968 til greiðsludags.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Staðfesta ber ofangreinda löghaldsgerð til tryggingar tildæmdum kröfum.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gauki Jörundssyni prófessor og Þorvarði Jóni Júlíussyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnþór Björnsson, greiði stefnanda, Bóksalafélagi Íslands, kr. 265.958.33 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1968 til greiðsludags, en málskostnaður fellur niður. Löghaldsgerðin frá 4. maí 1968 staðfestist til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetadóms Seyðisfjarðar 4. maí 1968.

Ár 1968, laugardaginn 4. maí, klukkan 1140, var fógetaréttur Seyðisfjarðar settur að skrifstofu bæjarfógetans á Seyðisfirði og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Axel V. Tulinius, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið Stjórn Bóksalafélags Íslands gegn Gunnþóri Björnssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 viðskiptasamning og sjálfsskuldarábyrgð í ljósriti, nr. 3 veðbókarvottorð, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Knútur Bruun héraðsdómslögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 512.672.55 með vöxtum og kostnaði, þ. á m. málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, Bóksalafélags Íslands. Gerðarþoli fellst á, að staðfestingarmálið verði rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur svo og önnur mál, sem út af þessu kunna að rísa, og felur Tómasi Árnasyni hæstaréttarlögmanni, Reykjavík, fullt umboð sitt í þessu skyni.

Gerðarþoli býr hér að Firði 4 og er mættur. Hann samþykkir,

að löghaldið fari fram hér. Áminntur um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt og mótmæla greiðsluskyldu sinni. Að kröfu fógeta setti umboðsmaður gerðarbeiðanda kr. 100.000.00 í tryggingu með víxli, samþykktum af Bóksalafélagi Íslands, útgefnum af Gunnari Einarssyni, áböktum af honum og Oliver Steini og Arnbirni Kristinssyni.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni Firði 4 í Seyðisfirði að geymdum betra rétti þriðja manns. Gerðarþoli upplýsir, að auk þinglýstra skulda hafi hann gefið út tryggingarbréf til Útvegsbanka Íslands fyrir yfirdrætti á hlaupareikningi fyrir allt að kr. 100.000.00 með 2. veðrétti í eigninni. Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir forgangsrétti þessarar veðsetningar.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 25. febrúar 1972.

Nr. 27/1970. **Guðmundur Kr. Björnsson**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Garðari Guðmundssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 9. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. janúar 1970. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara lækkunar á

kröfum hans. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Í vottorði Þórðar Möllers yfirlæknis, sérfræðings í geðlækningum, rekur hann geðrannsókn, sem hann framkvæmdi á áfrýjanda um haustið 1964. Þar segir svo m. a.: „Álit mitt á Guðmundi Kristni Björnssyni er því: Hann er hvorki fáviti né geðveill, heldur heyrnarlaus maður eða svo nálægt því, að fullkomið heyrnarleysi má telja, sem einangrast svo frá umhverfinu, að hann fær ranghugmyndir um, að hann sé undir stöðugri eftirgrennslan og forvitni fjölda manna. Er um augljóslega sjúklegt fyrirbrigði að ræða og maðurinn því á engan hátt sakhæfur.

Þess konar truflun er miklu algengari hjá heyrnarlausum en öðrum og er talin geðtruflun af sálrænum orsökum.

Það tiltæki Guðmundar að grípa til byssunnar tel ég hiklaust, að hafi verið afleiðing af áfengisneyzlu hans kvöldið áður. Undir áfengisáhrifum hefur hann áður sýnt af sér ofsaleg viðbrögð, en er annars ljúfur og góður, a. m. k. með öllu óáreitinn.

Frá sjónarmiði læknis þarf fyrst og fremst að stefna að því með öllum ráðum að rjúfa einangrun þessa manns, en ekki auka hana á nokkurn hátt“.

Með úrskurði Hæstaréttar 26. marz 1971 var mál þetta lagt fyrir Læknaráð. Var þar óskað álits ráðsins á því, hvort „orsakasamband sé milli sjúkdóms Garðars Guðmundssonar, sem talinn er valda örorku, og atburðar þess, er um ræðir í málinu“. Í ályktun Læknaráðs 25. júní 1971 segir svo: „Nei, læknaráð telur, að ekki sé óhjákvæmilegt orsakasamband milli sjúkdóms Garðars Guðmundssonar og atburðar þess, er ræðir í málinu“. Að kröfu stefnda var málið lagt af nýju fyrir Læknaráð, og segir svo í ályktun þess 30. desember 1971:

„Læknaráð hefur látið í ljós það álit, að ekki sé óhjákvæmilegt orsakasamband milli sjúkdóms Garðars Guð-

mundssonar og atburðar þess, er um ræðir í málinu. Þó er hugsanlegt, að atvik, eins og í málinu greinir, geti valdið manni heilsutjóni, sérstaklega ef persónuleika hans eða geðheilsu er þannig farið, að hann sé viðkvæmur fyrir geðrænum áverkum".

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, skaut áfrýjandi úr riffli sínum í átt að stefnda og samstarfsmönnum hans, er þeir voru við vinnu sína að Austurbrún 6 í umrætt sinn. Verður að leggja á áfrýjanda fébótaábyrgð á tjóni því, er af þessu hlauzt, en samkvæmt grunnreglum 8. kapítula Mannhelgisbálks Jónsbókar leysir það hann eigi undan ábyrgð, þótt hann hefði verið ósakhæfur.

Leggja verður til grundvallar þá niðurstöðu Gríms Magnússonar læknis, sem í héraðsdómi er rakin, og álit hinna sérfróðu samdómenda, sem samrýmist ályktun Læknaráðs frá 30. desember 1971, að veikindi stefnda eftir atburðinn séu sennilega afleiðing af fyrrgreindu fébótaskyldu atferli áfrýjanda. Á stefndi því rétt á að fá tjón sitt bætt úr hendi hans. Kröfur sínar sundurliðar stefndi þannig:

1. Tekjumissir	kr.	78.000.00
2. Útlagt fé	—	18.000.00
3. Þjáninga- og miskabætur	—	50.000.00
	Kr.	146.000.00

Um 1 og 2. Kröfuliðir þessir hafa ekki sætt tölulegum andmælum, og verða þeir því teknir til greina af fullu.

Um 3. Eftir atvikum þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 40.000.00.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 136.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. apríl 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur K. Björnsson, greiði stefnda, Garðari Guðmundssyni, kr. 136.000.00 með 7% ársvöxtum frá 20. apríl 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Garðar Guðmundsson, Stórageröi 12, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. maí 1966, gegn Guðmundi Kr. Björnssyni, Austurbrún 4, Reykjavík, til greiðslu á skaðabótum, samtals að fjárhæð kr. 146.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 20. apríl 1964 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins. Jafnframt er krafizt staðfestingar á löghaldsgerð til tryggingar stefnukröfunni, sem fram fór hinn 30. apríl 1966, í íbúð stefnda á 4. hæð í húsinu nr. 4 við Austurbrún í Reykjavík og greiðslu alls kostnaðar í sambandi við þá gerð.

Þá er og áskilinn réttur til að stefna á síðara stigi málsins lögreglustjóranum í Reykjavík til solidariskrar ábyrgðar á hinu umstefnda tjóni í máli þessu, ef það upplýstist, að veiting byssuleyfis til handa stefnda hafi ekki verið í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

Í þinghaldi í málinu hinn 23. maí 1969 kvaðst lögmaður stefnanda falla frá kröfu um staðfestingu löghalds, þar sem lagður hefði verið fram tryggingarvíxill fyrir væntanlega dæmdri fjárhæð, sbr. dskj. nr. 16.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í málinu, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnda gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til þrautavara, að stefnukrafan verði lækkuð, og loks krefst lögmaður stefnda málskostnaðar að mati dómsins.

Hina breyttu kröfugerð kvað lögmaður stefnda vera reista á því, að ekki hafi verið sinnt ýmsum ábendingum sínum við gagnaöflun eða undirbúning málsins.

Við síðari munnlegan flutning málsins, er það hafði verið endurupptekið til frekari rannsóknar, féll lögmaður stefnda frá frávísunarkröfu sinni, en gerir þá sem aðalkröfu, að stefndi verði algerlega sýknaður, og varakröfu, að stefnukrafan verði lækkuð, og einnig gerði hann kröfu um, að stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir málavöxtum, að hinn 20. apríl 1964 hafi hann orðið fyrir skotárás, er hann var að vinna á vélkrana í Austurbrún 6, Reykjavík. Hann kveður 1 skot hafa farið í gegnum vélkranahúsið án þess þó að hæfa stefnanda. Stefnandi segir, að sá er skaut, stefndi í máli þessu, hafi verið staddur á svölum 4. hæðar hússins nr. 4 við Austurbrún. Afleiðingar þessarar skotárásar hafi orðið þær fyrir stefnanda, að hann hafi orðið óvinnufær lengi á eftir og orðið fyrir alvarlegu taugaáfalli, og kveður hann mál þetta höfðað til að krefja um bætur vegna tekjumissis og miska. Kveður stefnandi löghaldið hafa verið nauðsynlegt, þar eð hætta væri á, að fasteign stefnda yrði seld og þeirri eign breytt í peningaeign, sem örðugt yrði að fá aðgang að, en stefndi sé ósakhæfur. Og þar sem engar vonir séu um sættir, hafi verið óhjákvæmilegt að höfða mál þetta.

Rannsókn út af atburði þessum hefur rannsóknarlögreglan í Reykjavík framkvæmt, og liggur skýrsla hennar frammi sem dskj. nr. 5 í máli þessu.

Stefnandinn, Garðar Ágúst Guðmundsson, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá um nefndan atburð, að hann hafi stjórnað stórum krana og verið að vinna við að lyfta með honum steinsteypu í nýbyggingu að Austurbrún 6 hér í borg mánudaginn 20. apríl 1964. Nálægt kl. 1415 hafi það skeð, að riffilkúla hafi komið í gegnum hliðarrúðu í stýrishúsi kranans og hafi kúlan farið í gegnum stýrishúsið rétt framan við hendur stefnanda, sem hann hafði á stjórntækjum kranans. Stefnandi kveður kúluna svo hafa lent í hlið stýrishússins gegnt rúðunni, sem hún hafi farið inn um, og hafi hún stefnt nokkuð niður á við, svo að hún hafi lent neðan við rúðuna í hliðinni, sem hún stöðvaðist í. Stefnandi kveður kúluna hafa farið þar inn í rifu eða samsetningu í húshliðinni og hafi hún klesstst þar, en auðvelt hafi verið að ná henni þaðan út og hafi verið búið að ná henni út, áður en lög-

reglumenn hafi komið á staðinn, en þeim hafi svo verið afhent kúlan.

Stefnandi kveðst hafa verið að vinna með krananum, þegar umrædd kúla hafi komið þarna í kranahúsið hjá sér, en skothvell kveðst hann ekki hafa heyrt þá, enda mikill hávaði í krananum. Áður en þetta hafi skeð, telur stefnandi sig hins vegar hafa heyrt að minnsta kosti einn skothvell og hafi það verið, nokkru áður en þetta gerðist. Stefnandi kveðst strax hafa stöðvað kranann, eftir að skotið hafi komið í stýrishús hans, og hlaupið út úr honum, en þá rétt á eftir kveðst stefnandi enn hafa heyrt einn skothvell, og hafi sér þá orðið litið til hússins Austurbrúnar 4, sem sé 12 hæða hús, og kveðst stefnandi þá hafa séð, hvar maður stóð á svölum við íbúð á 4. hæð hússins, eða á 3. svölum neðan frá. Maðurinn hafi staðið þarna á svölunum og horft yfir til manna þeirra, sem verið hafi að vinna við umrædda byggingu á Austurbrún 6, en ekki kveðst stefnandi geta sagt, að hann sæi neitt athugavert við manninn, og ekki kveðst hann hafa séð, að hann væri með riffil. Hins vegar kveður stefnandi Sveinbjörn Sigurðsson húsasmíðameistara, sem stjórnað hafi umræddu verki við húsbygginguna að Austurbrún 6, sem þarna hafi verið staddur, hafa séð hann á svölum hússins Austurbrúnar 4 með riffil í höndum, um það leyti sem umræddum skotum hafi verið skotið þarna í áttina til þeirra. Við athugun, sem gerð hafi verið, eftir að skotið var á kranahúsið, sem stefnandi kveðst hafa verið í, hafi komið í ljós, að kúla hafi farið í gegnum tvær gagnstæðar rúður í vinnuskúr þeirra, sem, eins og á stóð, hafi verið á milli húsbyggingarinnar og kranans, sem stefnandi var í. Hins vegar kveðst stefnandi ekki vita til, að nein kúla hafi farið sérlega nærri neinum af mönnunum, sem þarna voru, nema kúlan, sem lent hafi í kranahúsinu hjá sér.

Vitnið Sigurður Ragnar Halldórsson byggingaeftirlitsmaður hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá um atburð þennan, að hann hafi haft á hendi eftirlit með byggingum fyrir Reykjavíkurborg. Hafi hann verið við það starf við húsið Austurbrún 6 nefndan dag, 20. apríl 1964, þegar umræddir atburðir gerðust þar. Umræddan dag hafi verið unnið við að steypa sökkla hússins og það hafi verið eitthvað um 10 menn, sem unnið hafi við þetta. Krani hafi verið í gangi við verkið og allmikill hávaði, þegar þetta hafi gerzt, en hann kveðst telja sig örugglega hafa heyrt tvo skothvelli með mjög stuttu millibili, og enn fremur segir hann sig hafa heyrt að minnsta kosti einn eða tvo aðra skothvelli, en

um það leyti sem hann hafi heyrt skothvellina, hafi hann ekki gert sér grein fyrir, hvaðan þeir hafi komið. Einhver af starfsmönnunum þarna, gott ef það hafi ekki verið einmitt Sveinbjörn Sigurðsson húsasmíðameistari, sem sjái um bygginguna, hafi kallað upp og sagt, að það væri verið að skjóta á þá. Einhver hafi þá bent um leið að háhúsinu Austurbrún 4, og kveðst vitnið þá hafa séð á eftir manni, sem verið hafi að fara inn um dyr af svölum við íbúð á 4. hæð þess húss. Ekki kveðst vitnið hafa séð annað til þessa manns, nema hvað það hafi séð hann svo á gangi innan við glugga á stofu til hliðar við umræddar svalir. Ekki kveðst vitnið halda, að neinn af starfsmönnunum við bygginguna, sem þeir voru að vinna við, hafi séð umræddan mann á svölum hússins Austurbrúnar 4 skjóta af riffli, og kveðst vitnið ekki halda, að neinn hafi heldur séð manninn þar með riffil nema Sveinbjörn, en hann hafi talið sig hafa séð manninn með riffil. Við athuganir, eftir að þetta hafi gerzt, hafi hins vegar komið greinilega í ljós, að stefna á kúlu, sem hafði farið í gegnum tvö gler í gluggum á vinnuskúr við bygginguna, hafi verið mjög nálægt því að vera frá umræddum svölum á húsinu Austurbrún 4 og hafi hún getað verið þaðan. Vitnið segir, að strax hafi verið hringt til lögregluvarðstofunnar og þetta tilkynnt þangað, eftir að þeir starfsmennirnir höfðu orðið varir við, að um riffilskot var að ræða, en í fyrstu, þegar það hafi heyrt skothvellina, kveðst það alls ekki hafa gert sér grein fyrir því, að þetta væru hvellir frá riffilskotum. Vitnið segir, að þegar lögreglumennirnir hafi komið, hafi það vísað þeim á umræddar svalir hússins Austurbrúnar 4, og síðan kveðst það hafa farið með þeim upp í íbúðina við þær svalir. À svölunum kveðst vitnið þá hafa fundið eitt tómt skothylki (riffilskot), en inni í íbúðinni hafi aðeins verið einn maður, sem sér hafi virzt vera eitthvað ölvaður eða þá af einhverjum öðrum ástæðum einkennilegur, enda hafi hann verið grátandi og virzt vera bæði heyrnarlaus og mállaus. Vitnið segir, að þegar lögreglumennirnir hafi verið farnir með umræddan mann á brott, þá hafi sér orðið gengið að húsinu Austurbrún 4 aftur til þess að athuga, hvort það fyndi nokkur skothylki hjá því niður undan umræddum svölum, en þá kveðst vitnið hafa fundið ásamt öðrum manni eitt skothylki þar rétt hjá húsinu, og einmitt niður undan umræddum svölum. Lögreglumennirnir hafi svo komið þarna aftur, og þá kveðst vitnið hafa afhent þeim skothylkið.

Vitnið Sveinbjörn Sigurðsson húsasmíðameistari hefur skýrt

rannsóknarlögreglunni svo frá út af umræddum atburði, að það stjórni verki við húsbygginguna Austurbrún 6 og hafi verið þar við starf sitt þann dag, sem umræddur atburður gerðist, og þegar hann gerðist, hafi maður skotið af riffli í áttina að þeim starfsmönnunum við bygginguna. Vitnið kveðst hafa orðið þess fyrst vart með því, að það hafi heyrt einhverja skothvelli, sem líkzt hafi byssuskotum, og einnig kveðst vitnið hafa heyrt einhvers konar hvin, sem vel hafi getað verið frá riffilkúlum, sem fóru nálægt sér. Ekki kveðst vitnið þó eiginlega hafa gert sér grein fyrir, að hér væri um riffilskot og riffilkúlu að ræða, fyrr en það hafi beinlínis orðið þess vart, að ein kúlan hafi skollið á rúðu í húsi á krananum, sem unnið hafi verið með við bygginguna. Þá fyrst segir vitnið, að sér hafi verulega orðið ljóst, að hér væri um riffilskot að ræða. Vitnið segir, að sér hafi þá einnig orðið litið í áttina að húsinu Austurbrún 4 og séð þá mann úti á svölum við íbúð á 4. hæð hússins, og segir vitnið, að sér hafi fundizt maðurinn strax eitthvað einkennilegur. Vitnið kveðst því strax hafa hrópað til mannsins og spurt hann, hvort hann hafi verið að skjóta. Hann hafi svarað því engu, en vitnið kveðst hafa steytt að honum hnefann og maðurinn hafi hlotið að sjá, að hann væri að kalla til hans. Vitnið segir, að maðurinn hafi horft á sig dálítinn tíma, farið svo inn, og þá kveðst vitnið hafa séð, um leið og hann fór inn um dyrnar, á riffilskefti, sem hann hafi haldið niður með hlið sér, eins og hann væri að fara í felur með það. Vitnið kveðst þá ekki hafa verið í neinum vafa, að þetta væri maðurinn, sem skotið hefði umræddum riffilskotum í áttina til þeirra. En vitnið kveðst halda, að það hafi verið alls fjórir skothvellir, sem það hafi verið búið að heyra. Þegar svo lögreglumenn hafi komið á vettvang, eftir að hringt hafi verið til lögregluvarðstofunnar og þetta tilkynnt þangað, þá kveðst vitnið hafa vísað lögreglumönnunum, sem komu, strax á umrædda íbúð í húsinu Austurbrún 4, því að vitnið kveðst hafa verið alveg visst um, að skotin hefðu komið frá manni þeim, er það sá þar á svölunum.

Stefndi í máli þessu, Guðmundur Kristinn Björnsson, Austurbrún 4, mætti til yfirheyrslu í máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 21. apríl 1964. Tekið er fram í skýrslu rannsóknarlögreglunnar, að stefndi hafi mjög daufa heyrn og sé þar af leiðandi mjög örðugt um mál, en geti þó ekki talizt alveg mállaus, því að hann geti sagt og látið skilja stuttar setningar. Eftir að stefnda hafði verið gert kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, kann-

aðist hann við, að hann hefði daginn áður farið út á svalir við íbúð sína að Austurbrún 4 og skotið þremur skotum úr riffli sínum. Rannsóknarlögreglan kveður helzt vera svo að skilja, að stefndi geri helzt þá grein fyrir þessum verknaði, að honum hafi fundizt mennirnir við húsbygginguna Austurbrún 6 vera að horfa á sig og hann ekki þolað það, en annars kveðst stefndi hafa verið nokkuð ölvaður síðastliðið sunnudagskvöld og svo ekkert getað sofið neitt í fyrrinótt, aðfaranótt mánudagsins. En einnig kemur fram í skýrslu rannsóknarlögreglunnar, að stefndi tali um, að fólk í bænum horfi svo mikið á sig, og sé á honum að skilja, að þetta fari svo mjög í taugar hans. Kveður rannsóknarlögreglan stefnda ekki hafa virzt geta gert nánari grein fyrri þessu, en tekur fram, að stefndi geti bæði lesið og skrifað og hann hafi nú lesið þetta, sem eftir honum hér að framan hafi verið bókað, og staðfesti hann það.

Bræður stefnda, þeir Sveinn Björnsson og Bjarni Björnsson, voru viðstaddir yfirheyrslu rannsóknarlögreglunnar á stefnda, og skýrðu þeir rannsóknarlögreglunni svo frá, að stefndi hefði að undanförnu búið einn í eigin íbúð í húsinu Austurbrún 4 og hafi hann farið þar mjög einförum og lokað sig þar inni í þeim tilgangi að forðast það, að fólk gæti horft á hann. En hann hafi virzt mjög haldinn óeðlilegum ótta við það, að fólk horfði svo mikið á hann. Þá er og tekið fram í skýrslu rannsóknarlögreglunnar, að sérstaklega aðspurður hafi Guðmundur neitað því, að það hafi verið ætlun sín að skjóta nokkurn af mönnum þeim, er hann skaut í áttina til við húsbygginguna Austurbrún 6, en helzt hafi verið á honum að skilja, að hann hefði skotið af rifflinum í þeim tilgangi að hræða mennina frá að horfa á sig.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að umrædd skotárás í apríl 1964 hafi valdið honum feiknalegu andlegu áfalli, sem aftur valdi honum skertri starfsheilsu og útgjöldum. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eitt af því, sem einna ríkulegast hljóti réttarverndar samkvæmt grundvallarreglum íslenzkra laga, sé starfsheilsa eða aflahæfi einstaklingsins. Það skipti minnstu máli, með hverjum hætti aflahæfi sé skert, t. d. hvort skotið sé í hönd á manni eða taugakerfi hans sé lagt í rúst. Stefnandi kveður aðaltjón sitt vera fólgið í því, að hann geti enn ekki, er mál þetta var höfðað í maí 1966, unnið á vélskóflum eða vélkrönum, sem hann hafi áður haft að aðalstarfi og náð góðri starfsreynslu í. Nú sé hann aðeins hlutgengur til almennrar verkamannavinnu, en kaupmismunur sé sá, að tímakaup í al-

mennri vinnu sé kr. 43.83, en kr. 56.03 í vélavinnu. Stefnandi kveður tjónbætur sínar vera þannig reiknaðar út, að fyrstu 3 mánuði eftir umræddda skotárás sé hann alveg frá verki, eða 100% tekjumissir, þ. e. hluti af apríl, allur maí og allur júní 1964. Hann kveðst hafa unnið inn kr. 16.000.00 á mánuði, þegar skotárásin hafi verið gerð, síðan segir hann, að sé reiknað með minnkandi tekjumissi næstu 9 mánuði, eða 25%, og krafa gerð fyrir atvinnutjóni í 1 ár. Nú kveður stefnandi tjón sitt vera meira, en kröfugerðinni sé stillt í hóf. Meðalakostnaður sinn sé mjög mikill, um það bil 4.000.00 kr. á ári, og læknisvitjanir kosti sig kr. 100.00 í hvert sinn og þær hafi verið 70 á s.l. 2 árum.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína nánar sem hér segir:

A. Tekjumissir:		
a) Apríl, maí og júní 1964, ...	kr. 42.000.00	
b) Júlí 1964 til apríl 1965, ...	— 36.000.00	
		kr. 78.000.00
B. Útlagður kostnaður:		
a) Bankakostnaður	kr. 1.150.00	
b) Löghaldskostnaður	— 850.00	
c) Læknisvottorð	— 1.000.00	
d) Meðalakostnaður í 2 ár	— 8.000.00	
e) Læknisvitjanir	— 7.000.00	
		— 18.000.00
C. Þjáninga- og miskabætur		— 50.000.00
		Samtals kr. 146.000.00

Við munnlegan flutning málsins sundurliðaði stefnandi kröfu sína sem hér segir:

A. Vinnulaunatjón:

1) Alger tekjumissir fyrstu 3 mánuði eftir slysið (100%). Miðað er við 16.000 króna mánaðarlaun, sem stefnandi hafði hjá Þungavinnuvélum = 3x16.000.00 . . . . kr. 48.000.00

2) Launaskerðing næstu 9 mánuði, sem nemur ca. 25%, en vélavinna er 27% betur borguð en almenn verkamannavinna: miðað við 16.000.00 króna mánaðarlaun = tímabilið hefði gefið 9x

16.000.00, kr. 144.000.00 í véla-
vinnu = ca. 20% af kr. 144.000.00 kr. 30.000.00

kr. 78.000.00

B. Útlagður kostnaður:

1) Bankakostnaður samkvæmt nótu kr. 1.150.00
2) Löghaldskostnaður .. .. — 850.00
3) Læknisvottorð samkvæmt nótu .. — 1.000.00
4) Meðalakostnaður í 2 ár: 4.000.00
á ári .. .. — 8.000.00
5) Læknisvitjanir í 2 ár: 35 sinnum
á ári, 100.00 kr. í hvert sinn .. .. — 7.000.00

— 18.000.00

C. Þjáninga- og miskabætur .. .. — 50.000.00

Samtals kr. 146.000.00

Af hálfu stefnda er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að stefndi hafi ekki beint skotinu að stefnanda og hafi því ekki verið um árás af hans hálfu að ræða. Að vísu hafi skotið lent í krana þeim, sem stefnandi hafi stjórnað, en þó ekki mjög nærri honum. Sérstök athygli er af lögmanni stefnda vakin á vottorði Gríms Magnússonar læknis, en þar komi fram, að stefnandi hafi ekki verið heilbrigður, hann hafi nokkrum árum áður fengið þunglyndisköst og hafi verið undir læknishendi af þeim sökum. Hann muni hafa dvalizt á sjúkrahúsi áður vegna geðtruflana, og kveðst lögmaður stefnda staðhæfa, að framkoma stefnda hafi á engan hátt verið þess valdandi, að stefnandi hafi ekki getað stundað vinnu sína. Heilsuleysi stefnanda sé þannig ekki afleiðing af hegðun stefnda, heldur verði það rakið til eldri orsaka. Þá kveðst lögmaður stefnda eindregið mótmæla, að stefnandi sé svo veikur sem hann vilji vera láta og aflahæfi hans sé svo skert af þessum sökum sem hann staðhæfi. Grímur Magnússon geti þess í vottorði sínu, að ofnotkun áfengis sé einn þáttur í depression, sem þjái stefnanda. Þá bendir lögmaður stefnda á það, að mikill vafi leiki á því, hvort stefndi verði á annað borð gerður skaðabótaskyldur. Að áliti Þórðar Möllers yfirlæknis sé hann ekki sakhæfur og af þeim sökum hafi verið frestað málshöfðun í sakadómi, sbr. dskj. nr. 8. Stefndi sé þannig ósjálfráður gerða sinna og verði því eigi gerður skaðabótaskyldur, jafnvel þó að talið verði, að stefnandi hafi beðið áfall við þetta tækifæri og eigi bótarétt.

Er þá fyrst á það að líta, hvort beint orsakasamband verði talið vera á milli umræddrar skotárásar stefnda og eftirfarandi heilsubilunar og þar af leiðandi skerts aflahæfis eða minnkaðrar starfsgetu stefnanda.

Um þetta segir Grímur Magnússon geðlæknir svo í vottorði, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 10 í málinu:

„Garðar Guðmundsson, f. 15. 3. 1933, Stóragerði 12, Reykjavík, varð, að hann telur, fyrir skotárás í apríl 1964, þar sem hann vann á krana. Þann dag hélt hann þó áfram vinnu sinni og til hádegis næsta dag, en fékk þá grátkast, hræðslutitring og varð að hætta vinnu. Eftir þetta verður hann kvíðinn, eirðarlaus, einnig sækir að honum svefnleysi, vonleysi, honum finnst allt ómögulegt, verður uppstökkur og æstur, ef eitthvað bjátar á, þolir hvorki konu né börn og er mjög geðvondur heima fyrir og hefur sig ekki að neinu verki, þ. e. a. s. öll einkenni þunglyndisveikinda. Garðar var fyrst til lækninga hjá Jakobi Jónassyni, lækni, en vitjaði mín fyrst 6. júlí 1964 með þeim sjúkdómseinkennum, sem að ofan er lýst. Síðan hefur heilsufar hans verið mjög óstöðugt, stundum hafa komið sæmilega góðir kaflar, en á milli nokkuð erfiðar depressionir, stundum með ofnautn áfengis, sem telja má einn þátt í depressioninni (afleiðingu depressionarinnar). Nú síðasta mánuð hefur Garðar verið nokkuð hress til heilsu og farið batnandi, svo að vonir standa til, að þessi veikindi séu nú á enda. Þess skal getið, að Garðar hefur fyrir nokkrum árum fengið þunglyndiskast (depressio mentis endogenes), og læknaðist hann þá á fáum vikum og var hraustur, þar til hann varð fyrir áðurnefndri skotárás.

Fullyrða má, að Garðar hafi tilhneigingu til depressionar og sé því berskjaldaðri fyrir sálrænum áföllum en þeir, sem ekki hafa slíkar veilur. Algengt er, að depression fylgi í kjölfar slíkra áfalla, og líkur benda eindregið til, að þetta depressionskast sjúklings hafi framkallazt af áðurnefndri skotárás.

Reykjavík, 26/4 1965

Grímur Magnússon".

Þá liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 9 annað vottorð Gríms Magnússonar læknis, svohljóðandi:

„Garðar Guðmundsson, f. 15. 3. 1933, Stóragerði 12, hefur verið sjúklingur frá apríl s.l. og oft óvinnufær á þessum tíma. Hann er ennþá sjúklingur með minnkaða starfsgetu.

Reykjavík, 24/11 1964

Grímur Magnússon, læknir".

Við endurupptöku málsins, eins og áður er greint frá, kom Grímur Magnússon geðlæknir fyrir dóm og staðfesti þar vottorð sitt á dskj. nr. 10, sem lesið var fyrir honum. Sérstaklega aðspurður ítrekaði hann þá það álit sitt, að orsakir breytinga á almennri geðheilsu stefnanda megi rekja til skotárásar þeirrar, sem um getur í málinu. Einnig tók læknirinn fram, er hann mætti fyrir dóminum, að honum sé kunnugt um, að stefnandi hafi nokkurn tíma eftir umrædda skotárás neitað að vinna á vélum, þar sem hann hafi ekki treyst sér til þess. Kveðst læknirinn telja, að það hafi að minnsta kosti liðið á annað ár, þar til stefnandi hafi treyst sér til að vinna með vélum aftur, en þó ekki á krönum, þ. e. að hann hafi ekki treyst sér til að vinna með krana eftir þetta. Þá segir læknirinn enn fremur, að stefnandi hafi verið stundunarsjúklingur hjá honum allt fram á þetta ár, þannig að hann hafi ekki treyst sér til að vera óstuddur, og hafi stefnandi allan þennan tíma verið á lyfjameðferð. Aðspurður um sjúkdómsgreiningu kvaðst læknirinn álíta stefnanda vera með manio depressiva psychosis með psychopathiskum blæ.

Það er álit hinna sérfróðu dómenda, að orsakir umræddra breytinga á almennri geðheilsu stefnanda og þar af leiðandi minnkandi starfsgetu megi rekja til skotárásar þeirrar, sem um getur í málinu.

Samkvæmt íslenzkum rétti mun almennt vera litið svo á, að maður, sem veldur öðrum augaáfalli (shocki) með beinni árás eða verknaði, sem beint er að honum, sé skaðabótaskyldur, en í máli þessu er einmitt um slíkt tilvik að ræða.

Kemur þá til álita, hvort það eigi að valda brotfalli skaðabótaskyldunnar í þessu tilviki, að stefndi hafði verið úrskurðaður ósakhæfur, svo sem fram kemur í málinu.

Dómendur líta svo á, að þrátt fyrir ósakhæfi stefnda, er hann framdi skotárás þá, sem um ræðir í málinu, beri hann eigi að síður fébótaábyrgð á því tjóni, sem af henni hefur leitt, sbr. grundvallarregluna í 8. kapítula Jónsbókar.

Skulu þá hinir einstöku kröfuliðir athugaðir nánar.

A. Vinnulaunatjón.

1. Þessum lið, sem nemur kr. 48.000.00, hefur ekki verið mótmælt sem tölulega of háum. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

2. Þessum tölulið kröfunnar hefur verið mótmælt sem tölulega of háum. Upphæðin samkvæmt þessum lið er þannig fundin út, að reiknaður er út mismunurinn á almennri verkamannavinnu

og vélavinnu, sem talinn er nema 27%, og miðast þessi útreikningur við 9 mánaða tíma.

Samkvæmt því, sem fram kemur í málinu, hefur stefnandi ekki getað um alllangt skeið, eða að minnsta kosti á annað ár, unnið með vélum, eftir að hann varð fyrir umræddri skotárás, og jafnvel ekki enn með krönum.

Fram hefur verið lagt í málinu sem dskj. nr. 17 bréf Þungavinnuvéla h/f, þar sem meðal annars segir, að ef Garðar, þ. e. stefnandi, hefði getað unnið á krana eða vélskóflu eftir áfallið, hefði hann að sjálfsögðu getað verið áfram í vinnu hjá nefndu fyrirtæki.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki annað séð, en að allrar sanngirni hafi verið gætt, að því er þennan kröfulið varðar, og þykir því mega taka hann til greina óbreyttan.

B. Útlagður kostnaður.

Undir þessum lið hefur aðeins 4. og 5. tölulið sérstaklega verið mótmælt sem of háum. Ekki liggja frammi í málinu neinir reikningar yfir kostnað samkvæmt þessum tölulíðum, en með tilliti til þess, að stefnandi hefur verið stundunarsjúklingur hjá geðlækni allt fram á þetta ár, og einnig, að hann hefur allan þennan tíma verið á lyfjameðferð, er það álit hinna sérfróðu dómenda, að báðir þessir tölulíðir, þ. e. 4. og 5. tölulíður undir B lið, geti staðizt tölulega, og þykir því mega taka þá til greina óbreytta og þar með útlagðan kostnað í heild með kr. 18.000.00.

C. Þjáninga- og miskabætur.

Þessum lið kröfunnar hefur verið mótmælt af hálfu stefnda sem allt of háum. Hinir sérfróðu dómendur telja hins vegar, að með tilliti til hinna ólýsanlegu þjáninga, sem umræddur sjúkdómur stefnanda hafi í för með sér, þá sé þessum lið í hóf stillt. Þykir því einnig mega taka hann til greina óbreyttan. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefnukrafan verður í heild tekin til greina óbreytt ásamt vöxtum, eins og krafizt var við munnlegan flutning málsins.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 24.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Lárusi Helgasyni og Ragnari Karlssyni geðlæknum.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Kr. Björnsson, greiði stefnanda, Garðari Guðmundssyni, kr. 146.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. apríl 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 24.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúar 1972.

Nr. 233/1970. **Eftirlaunasjóður starfsmanna Ladsbanka Íslands**

gegn

Jóhanni Jóhannessyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um, að dómendur Hæstaréttar víki sæti.

Úrskurður Hæstaréttar.

Lögmaður stefnda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hefur gert þá kröfu, að allir hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar víki sæti í máli þessu.

Gerir hann þannig grein fyrir kröfu sinni: „Mál þetta var munnlega flutt 26. jan. 1972. En 9. febr. þ. á. vorum við, háttvirtur sækjandi og ég, kvaddir á fund dómsins. Var þá lagt fram af dómsins hálfu bréf til Hæstaréttar frá fjármálaráðuneytinu, dags. 4. þ. m., þar sem gefið er „að beiðni“ vottorð, er talið er varða þetta mál.

Þetta táknar, að Hæstiréttur er tekinn að afla gagna í málinu og það á bak við lögmennina, þ. e. a. s. dómararnir afla gagna og hafa síðan í hyggju að dæma um þau gögn, er þeir hafa sjálfir aflað“.

Lögmaður áfrýjanda, Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður, andmælti greindri kröfu lögmanns stefnda.

Að tilhlutan Hæstaréttar hefur fjármálaráðuneytið lýst því í bréfi, dags. 4. þ. m., hvernig framkvæmd eru ákvæði laga um ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Lögmönnum aðilja var veittur kostur á að sjá bréf þetta, en eigi hefur það verið lagt fram í Hæstarétti.

Hér hafa dómendur verið að kynna sér réttarframkvæmd stjórnsýsluaðilja um tiltekið efni. Er þeim af þeim sökum hvorki rétt né skylt að víkja úr dómarasæti í málinu.

Ályktarorð:

Framangreind krafa lögmanns stefnda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, er eigi tekin til greina.

Mánudaginn 28. febrúar 1972.

Nr. 150/1971. **Jarlinn h/f**
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Rafni Kolssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Uppsagnarfrestur. Sjóveðréttur. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1971. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 14. maí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Útivistardómur gekk í því máli hinn 1. október 1971. Áfrýjandi gerir þær dómkröf-

ur, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 38.550.99 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði, sem sé miðaður við þessa fjárhæð. Hann samþykkir, að stefndi eigi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE, og staðfest verði löghald, er fram fór hinn 27. október 1966, hvort tveggja til tryggingar þessum fjárhæðum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis gögn, þ. á m. skýrslur vitna, stefnda og framkvæmdastjóra áfrýjanda fyrir dómi.

Ekki var gerður skriflegur samningur við stefnda um ráðningarkjör hans, eins og fyrir er lagt í 1. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Eigi er sannað, að stefndi hafi upphaflega verið ráðinn til tiltekins tíma. Efni eru ekki til að taka til greina þær málsástæður áfrýjanda, sem reistar eru á 5. og 6. gr. greindra laga. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdoms, að stefndi hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests og eigi því rétt á bótum, sbr. 2. og 3. gr. nefndra sjómannalaga. Samkvæmt áritun lögskráningarstjórans í Reykjavík á skipshafnarskrá m/s Jarlsins var stefndi afskráður hinn 1. ágúst 1966. Þessu efni hins opinbera skjals hefur ekki verið hnekkt. Eins og öllum atvikum í máli þessu er háttað, sbr. og 5. og 14. gr. laga nr. 67/1961, þykir rétt að miða upphaf uppsagnarfrests stefnda við þennan dag, 1. ágúst 1966, enda verður að telja, að stjórn hans á skipinu frá Kópavogi til Reykjavíkur hinn 20. ágúst 1966 hafi einungis verið tímabundið starf.

Aðiljar eru sammála um, að skuld áfrýjanda við stefnda hafi hinn 20. ágúst 1966 numið kr. 38.550.99, miðað við launagreiðslur til stefnda til þess tíma, en ekki er tölulega vefengt, að laun stefnda frá þeim degi til 1. nóvember 1966 hafi átt að nema kr. 77.789.06 (67.836.04 + 9.953.02).

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 38.550.99 + 77.789.06, samtals kr. 116.340.10,

með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

Samkvæmt 2. tölulið 216. gr. laga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinum, TFEE), til tryggingar þessum fjárhæðum.

Þá ber og að staðfesta löghald, sem framkvæmt var hinn 27. október 1966 í greindu skipi, til tryggingar þessum fjárhæðum, kostnaði við löghaldið og eftirfarandi innheimtuaðgerðum.

Löghald það, sem framkvæmt var hinn 26. janúar 1967, er fellt úr gildi.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Áfrýjandi, Jarlinn h/f, greiði stefnda, Rafni Kolssyni, kr. 116.340.10 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinum, TFEE), til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. febrúar 1971

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Rafn Kolsson, Kleppsvegi 68, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1966, gegn Jarlinum h/f, Grindavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 139.807.34 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, þ. á m. alls kostnaðar vegna löghalds. Þá krefst stefnandi og staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur hinn 27. október 1966, til tryggingar skuldinni, en hann kveður löghald hafa verið gert í m/s Jarlinum, TFEE, sem sé eign stefnda. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir skuldinni í m/s Jarlinum, TFEE, sem muni vera skráður á Flateyri.

Með framhaldsstefnu, dags. 23. nóvember 1966, gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum til viðbótar þeim fjárhæðum, sem krafizt sé í stefnu á dskj. nr. 1, kr. 118.268.30 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað í framhaldssök að mati dómsins. Einnig krefst stefnandi dómsviðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Jarlinum, TFEE, eign stefnda, fyrir skuldinni.

Með annarri framhaldsstefnu á dskj. nr. 7, dags. 1. febrúar 1967, gerir stefnandi sömu dómkröfur og í fyrri framhaldsstefnu á dskj. nr. 6 að því viðbættu, að í hinni síðari framhaldsstefnu krefst hann staðfestingar á löghaldi, sem lagt hafi verið á m/s Jarlinn, TFEE, í fógetarétti Reykjavíkur hinn 26. janúar 1967 til tryggingar skuldinni.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnanda gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 243.174.69, eða kr. 124.906.39 í aðalsök og kr. 118.268.30 í framhaldssök. Þá krefst stefnandi og 1% mánaðarvaxta af kr. 124.906.39 frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags svo og sömu vaxta af kr. 118.268.30 frá 5. nóvember 1966 til greiðsludags. Enn fremur staðfestingar á löghaldi frá 27. október 1966 og 26. janúar 1967 svo og viðurkenningar á sjóveðrétti í aðalsök og framhaldssök í m/s Suðra, áður m/s Jarlinum. Loks er af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning krafizt málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, þ. á m. alls kostnaðar vegna löghalds.

Af hálfu stefnda voru við munnlegan málflutning gerðar þær dómkröfur í aðalsök, að stefnukrafan verði lækkuð í kr. 31.738.66 og að vextir verði dæmdir 7% ársvextir frá þeim degi, sem krafizt er í stefnu, til greiðsludags og viðurkenndur verði sjóveðréttur og staðfesting á löghaldi fyrir framangreindri upphæð og dæmdur málskostnaður við hana miðaður. Í framhaldssök var af hálfu stefnda við munnlegan málflutning krafizt algerrar sýknu og niðurfellingar á löghaldi í m/s Jarlinum, nú m/s Suðra.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn skipstjóri á m/s Jarlinn 27. október 1965 og var með skipið í förum þar til seint í ágúst 1966. En frá þeim tíma til 5. nóvember 1966 var það í Reykjavíkurhöfn til viðgerðar.

Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda, og var hann ráðinn til óákveðins tíma, að því er hann telur, og hafi því borið að segja sér upp starfinu með 3ja mánaða fyrirvara. Hinn 5. nóvember 1966 tók annar skipstjóri við skipinu og fór með það til Færeyja, en daginn áður hafði hinn nýi skipstjóri krafið stefnanda um að afhenda sér lykla að skipinu, sem stefnandi gerði, og kveðst hann hafa skoðað þetta sem uppsögn, enda staðfesti hinn nýi skipstjóri skriflega, að svo væri. Stefnandi kveður skipstjóra eiga rétt á bótum fyrir fyrirvaralausa og ástæðulausa brottvikningu úr starfi samkvæmt 3. gr., 2. mgr., laga nr. 67/1963. Kveður stefnandi stefnukröfuna, eins og hann hefur breytt henni í kr. 124.906.39, vera þá fjárhæð, sem hann eigi inni hjá stefnda vegna vangreiddra launa fyrir tímabilið 27. október 1965 til 21. október 1966, en framhaldsstefnukrafan, kr. 118.268.30, miðist við þau laun, sem honum hefði borið sem skipstjóra á m/s Jarlinum frá 22. október 1966 til 4. febrúar 1967, eða þar til 3 mánuðum eftir að m/s Jarlinn lét úr höfn hinn 5. nóvember 1966.

Stefnandi, sem komið hefur fyrir dóm í málinu, hefur skýrt svo frá, að frá því að skipinu hafi verið lagt í ágústmánuði 1966 í höfn í Reykjavík til viðgerðar og þar til það hafi siglt í nóvember s. á. til Færeyja, hafi hann aldrei verið beðinn af útgerð skipsins að afhenda lykla eða skipspappíra. Hins vegar hafi Skipa- og vélaeftirlitið fengið afhenta skipspappíra þá, sem getið sé á dskj. nr. 12, hinn 26. september 1966 vegna viðgerðar skipsins og eins og dskj. nr. 11 ber með sér, hafi hann afhent Guðna Jóhannssyni lykla skipsins hinn 4. nóvember 1966, eins og áður greinir. Stefnandi segir, að sér hafi aldrei, hvorki munnlega né skriflega, verið sagt upp starfi sem skipstjóra á umræddu skipi á áðurgreindu tímabili, þ. e. frá í ágúst til 4. nóvember 1966. Þá kveðst stefnandi hafa haft daglegt eftirlit með m/s Jarlinum frá 19. ágúst 1966 til 4. nóvember s. á., en eftirlitið hafi ekki verið í því fólgið, að hann stæði vaktir. Kveður stefnandi skipið hafa verið í slipp framangreindan tíma að undanskildum 3—4 dögum, sem það hafi legið við bryggju. Stefnandi kveðst ekki hafa verið beðinn að annast þetta eftirlit af neinum, en kveðst hafa talið það skyldu sína sem skipstjóra, enda kveðst hann hafa talið sig vera skipstjóra á þessum tíma, þar sem hann hafi aldrei neina uppsögn fengið.

Jón Franklín útgerðarmaður, sem komið hefur fyrir dóm í málinu, hefur skýrt svo frá, að hann hafi engan þátt átt í því að ráða stefnanda til þessa eftirlits, sem hann kveðst hafa haft

með skipinu, á meðan það hafi verið í slipp í Reykjavík. Kveðst nefndi Jón Franklín telja, að afskipti Útvegsbankans af skipinu hafi byrjað, þegar það hafi komið úr Skerjafirði eftir strandið og farið í slipp. Jón kveðst ekki muna, hvort hann hafi beðið um afskráningu á skipshöfninni, á meðan skipið lá í Skerjafirði. Kveður hann aðeins koma til greina, að Gunnar Halldórson, Rafn Kolsson eða hann sjálfur hafi gert það. Jón kveðst hafa komið í slippinn annað slagið, á meðan skipið hafi verið í viðgerð, og kveður hann vel geta verið, að Rafn Kolsson, þ. e. stefnandi, hafi komið þar eitthvað einnig, en hann kveðst ekki muna það vel. Hann segir, að Guðni Jóhannsson hafi farið með m/s Jarlinn til Færeyja til endanlegrar viðgerðar, en Guðni sé starfsmaður Útvegsbankans. Sömuleiðis mun Guðni hafa beðið um slipppláss fyrir skipið hér í Reykjavík.

Eins og áður er fram komið, reisir stefnandi kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að hann eigi inni kaup hjá stefnda frá þeim tíma, sem hann var í þjónustu hans, og í öðru lagi á því, að honum beri kaup til viðbótar í þrjá mánuði vegna fyrirvaralausrar og ástæðulausrar brottvikingar úr starfi, samkvæmt 3. gr., 2. mgr., laga nr. 67/1963.

Stefndi styður hins vegar kröfur sínar þeim rökum, að stefnandi hafi ekki verið í þjónustu hans lengur en til 20. ágúst 1966, og skuldi hann stefnanda aðeins vangoldið kaup til þess tíma, kr. 31.738.66. Stefnandi hafi verið ráðinn til einnar ferðar í einu, en ekki til óákveðins tíma, og eigi hann því ekki rétt á uppsagnarfresti. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum í málinu en framangreindri upphæð.

Aðiljar málsins eru sammála um, að stefndi skuldi stefnanda vangoldin laun frá árinu 1965 að upphæð kr. 13.332.85. Fyrir tímabilið frá 1. janúar 1966 til 20. ágúst 1966 telur stefnandi stefnda skulda sér vangoldin laun að upphæð kr. 43.737.50, en stefndi hefur aðeins viðurkennt skuld fyrir nefnt tímabil að upphæð kr. 18.405.81, eða alls frá árunum 1965 og 1966 kr. 31.738.66. Það, sem á milli ber, eru kr. 25.331.69, sem er krafin greiðsla fyrir 12 daga vegna almennrar styttingar vinnuvikunar í 44 klst. samkvæmt 3. gr. kjarasamningsins, er um getur hér á eftir, kr. 18.519.36, og mismunur á gjaldeyrisúttekt, er færð hefur verið stefnanda til skuldar á viðskiptareikningi hans, kr. 47.223.91, og úttektar þeirrar, sem stefnandi hefur viðurkennt, kr. 40.411.58, eða kr. 6.812.33.

Stefnandi hefur lagt fram samning milli H/f Eimskipafélags

Íslands, Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, Jökla h/f, Hafskips h/f, Sambands ísl. samvinnufélaga, skipadeildar, annars vegar og Skipstjórafélags Íslands hins vegar og byggir rétt sinn á honum.

Kveður stefnandi útreikninga á kaupi hans til loka ágústmánaðar 1966 gerða af Bergi Þorleifssyni að tilhlutan stefnda, og hefur Bergur staðfest það og kveður útreikningana gerða samkvæmt greindum samningi, en hefur tekið fram, að útgerðarstjórar stefnda hafi verið tveir og upplýsingar þeirra hafi verið mjög mismunandi um, hvað gera ætti í hverju tilfelli í launaútreikningum.

Stefndi hefur út af fyrir sig ekki mótmælt því, að kaup stefnanda beri að miða við þennan samning. Þykir því mega leggja hann til grundvallar útreikningi kaupsins.

Þann 20. ágúst 1966 hafði stefnandi ekki starfað 1 ár hjá stefnda. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. nefnds kjarasamnings verður stefnda því eigi talið skylt að greiða stefnanda framangreindar kr. 18.519.36 vegna almennrar styttingar vinnuvikunnar.

Stefndi hefur ekki þrátt fyrir áskoranir þar um lagt fram kvittanir eða önnur gögn fyrir gjaldeyrisúttekt þeirri, kr. 47.223.91, sem hann hefur skuldfært stefnanda fyrir. Gegn mótmælum stefnanda þykir því ekki sannað, að gjaldeyrisúttekt hans hafi numið meiru en kr. 40.411.58. Samkvæmt þessu hefur skuld stefnda við stefnanda, miðað við 20. ágúst 1966, numið kr. 38.550.99.

Þá krefur stefnandi í aðalsök um laun sem hér segir:

Frá 21. ágúst til 31. ágúst 1966	kr. 12.014.28
Fyrir septembermánuð 1966	— 31.788.77
Fyrir tímabilið 1. október til 21. október 1966	— 24.032.99
Samtals	kr. 67.836.04

Eins og áður greinir, er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki verið í þjónustu hans eftir 20. ágúst 1966, og eigi hann því engan rétt til launa frá stefnda eftir þann tíma.

Stefndi hefur látið hjá líða að gera við stefnanda skriflegan ráðningarsamning, er hann réðst skipstjóri á skip hans, Jarlinn, eins og honum var þó skylt samkvæmt 1. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Eigi er sannað gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi hafi verið ráðinn til tiltekins tíma.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af því, að fyrir liggur í

málinu útreikningur á launum stefnanda til loka ágústmánaðar 1966, gerður að tilhlutan stefnda, þykir verða að líta svo á, að ráðning hans hafi gilt, þar til viðurkennd uppsögn átti sér stað hinn 4. nóvember 1966. Af þessu leiðir, að stefnandi á og rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests samkvæmt 3. gr. laga nr. 67/1963, þannig að stefnda ber að greiða honum laun til 4. febrúar 1967.

Í málinu liggja fyrir útreikningar á kaupi stefnanda, og samkvæmt þeim nam kaup hans frá 21. ágúst—21. október kr. 67.836.04. Útreikningum þessum hefur ekki verið tölulega mótmælt af hálfu stefnda. Þykir því mega leggja þá til grundvallar, og verður því kröfuliður þessi tekinn til greina óbreyttur.

Enn fremur liggur fyrir kaupútreikningur stefnanda frá 22. október 1966 til 4. febrúar 1967, kr. 118.268.30, og hefur þeim útreikningi ekki heldur verið mótmælt tölulega. Þykir því einnig mega leggja hann til grundvallar, og verða þessir kröfuliðir einnig teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 224.655.33 ásamt vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir af kr. 106.387.03 frá 1. nóvember 1966 til 4. febrúar 1967 og af kr. 224.655.33 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 41.000.00. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinum, TFEE), til tryggingar kröfum þessum. Staðfest er löghald í m/s Jarlinum, TFEE (nú m/s Suðra, TFEE), sem gert var 27. október 1966 og 26. janúar 1967.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Halldóri Ingimarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Framangreindar löghaldsgerðir eru staðfestar. Stefndi, Jarlinn h/f, greiði stefnanda, Rafni Kolssyni, kr. 224.655.33, með 7% ársvöxtum af kr. 106.387.03 frá 1. nóvember 1966 til 4. febrúar 1967 og af kr. 224.655.33 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 41.000.00 í málskostnað.

Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Suðra, TFEE (áður m/s Jarlinn, TFEE), til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetadóms Reykjavíkur 27. október 1966.

Ár 1966, fimmtudaginn 27. október, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C 95/1966: Rafn Kolsson gegn Jarlinum h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 bréf með greinargerð, svohljóðandi:

Þorsteinn Júlíusson héraðsdómslögmaður mætir fyrir gerðarbeiðanda og krefst löghalds fyrir kr. 139.807.34 með vöxtum og kostnaði við löghaldið og eftirfarandi innheimtuaðgerðir.

Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður mætir fyrir gerðarþola. Hann kveðst ekki greiða skuldina, en samþykkir að gerðin fari hér fram, en um leið telur hann kröfur gerðarbeiðanda rangar og áskilur allan rétt til varna og mótmæla í staðfestingarmáli.

Hann bendir á til löghalds m/s Jarlinn, TFEE, sem liggur hér í höfninni, og fellur frá löghaldstryggingu, enda er ekki krafizt farbanns.

Fógeti lýsti yfir löghaldi í m/s Jarlinum, TFEE, og er Áka Jakobssyni hæsaréttarlögmanni kunn þýðing þess.

Löghaldsgerð fógetadóms Reykjavíkur 26. janúar 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 26. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C 1/1967: Rafn Kolsson gegn Jarlinum h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 yfirlýsingu gerðarbeiðanda, svohljóðandi:

Þorsteinn Júlíusson héraðsdómslögmaður mætir fyrir gerðarbeiðanda.

Hann krefst löghalds fyrir kr. 118.268.30 auk kostnaðar við löghaldið og eftirfarandi innheimtuaðgerðir.

Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður mætir fyrir gerðarþola. Hann mótmælir því, að krafa þessi sé rétt, en samþykkir, að löghald fari fram hér á skrifstofunni. Kveðst hann falla frá tryggingu, enda verði ekki lagt farbann á m/s Jarlinn, TFEE, sem hann vísar á til löghalds.

Fógeti lýsti yfir löghaldi í m/s Jarlinum, TFEE. Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni er kunn þýðing löghaldsins.

Þriðjudaginn 29. febrúar 1972.

Nr. 223/1970. **Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóhanni Jóhannessyi
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. desember 1970 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal álitsgerð K. Guðmundar Guðmundssonar tryggingafræðings og endurrit af samþykkt bankaráðs Landsbanka Íslands frá 25. febrúar 1972, en í samþykkt þessari segir svo:

„Bankaráðið hefur áður fjallað um þetta mál og er eins og áður á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé að fá úr þessu skorið af dómstólum þrátt fyrir reglugerðarákvæði um heimild bakaráðsins til úrskurðar í málinu.

Bankaráð vill taka fram, að það er fyllilega sammála álitsgerð Guðmundar Kr. Guðmundssonar, tryggingarfræðings, er fram kemur í bréfi hans til hrl. Einars B. Guðmundssonar, dags. 21. apríl s.l.“.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er stefndi fæddur 14. ágúst 1898. Hann hóf störf hjá Landsbanka Íslands 4. janúar 1928. Eigi hætti hann störfum, er hann varð sjötugur, 14. ágúst 1968, heldur hélt starfi sínu til ársloka það ár. Stefndi var fullgildur félagi í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka

Íslands. Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um eftirlaun frá 14. ágúst 1968 til ársloka, en áfrýjandi telur, að honum beri einungis eftirlaun frá 1. janúar 1969.

Í reglugerð fyrir Efitrlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands (Seðlabankans og Viðskiptabankans), sem staðfest er af stjórn Seðlabankans 29. júní 1960 og bankaráði Landsbankans 21. október 1960, segir svo í 20. gr.: „Rísi ágreiningur milli sjóðfélaga og sjóðstjórnar um það, hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, skal málið lagt fyrir bankaráð til úrskurðar".

Eftirlaunasjóður þessi var stofnaður samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 10/1928, og reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. laga nr. 63/1957, er komu í stað þeirra laga. Samsvarandi ákvæði eru ekki í gildandi lögum um Landsbanka Íslands nr. 11/1961, en í 2. mgr. 13. gr. þeirra laga segir m. a.: „Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs". Samkvæmt ákvæðum c liðar 44. gr. reglugerðar nr. 30/1962 um Landsbanka Íslands er það eitt af verkefnum bankaráðsins að setja reglugerð um eftirlaunasjóð starfsmanna bankans. Samkvæmt þessu verður að telja fyrrgreind ákvæði 20. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands, sem byggjast á lagaheimild, vera bindandi fyrir aðilja málsins. Framangreindri samþykkt bankaráðs Landsbanka Íslands frá 25. febrúar 1972 verður ekki jafnað til úrskurðar samkvæmt ákvæðum 20. gr. reglugerðarinnar. Þá bar að fá úrskurð bankaráðsins, áður en málið var lagt fyrir dómstólana. Þar sem þessa var ekki gætt, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Einars Arnalds og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Stjórn Seðlabankans og bankaráð Landsbankans hafa sett áfrýjanda starfsreglur með reglugerð, samþykktri 29. júní og 21. október 1960, sbr. áður heimild í 45. gr. laga nr. 63/1957, en nú í 13. gr. laga nr. 11/1961, sbr. c lið 44. gr. reglugerðar nr. 30/1962 og e lið 65. gr. reglugerðar nr. 52/1962. Í starfsreglum þessum segir svo í 20. gr.:

„Rísi ágreiningur milli sjóðfélaga og sjóðstjórnar um það, hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, skal málið lagt fyrir bankaráð til úrskurðar".

Stefndi fór að vísu ekki fram eftir þessu ákvæði, er áfrýjandi synjaði kröfu hans um ellilífeyri til viðbótar starfslaunum, en bar kröfu sína beint undir dómstóla. Stjórn áfrýjanda, sem m. a. er skipuð fulltrúa bankaráðs Landsbankans, var þó samþykk þessari málsmeðferð, og virðist bankaráðið hafa fylgzt með henni. Bankaráðið hefur og með samþykkt sinni 25. febrúar 1972, sem rakin er í atkvæði meiri hluta dómenda, látið uppi álit sitt um úrslit ágreinings aðilja og fært fram röksemdir fyrir niðurstöðu sinni með því að fallast á álitsgerð K. Guðmundar Guðmundssonar, þá, sem vísað er til í samþykktinni og lögð hefur verið fram í Hæstarétti. Samkvæmt þessu þykir fyrrgreind 20. gr. í reglugerð áfrýjanda ekki vera því til fyrirstöðu, að mál þetta verði nú dæmt að efni til í Hæstarétti, enda er sakarefnið ekki undanþegið lögsögu dómstóla. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, er ekki efni til, að við leggjum efnisdóm á málið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. október s.l., hefur Jóhann Jóhannesson bankamaður, Melhaga 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. maí 1969, gegn Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands til greiðslu á skuld

að fjárhæð kr. 89.050.00 með 12% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði jafnframt dæmdur til hæfilegrar málskostnaðargreiðslu samkvæmt mati réttarins.

Málavextir eru þeir samkvæmt því, sem fram kemur í gögnum málsins, að stefnandi, sem talinn er fæddur 14. ágúst 1898, hóf fast starf í Landsbanka Íslands 4. janúar 1928 og starfaði þar óslitið til þess dags, er hann varð 70 ára að aldri, eða til 14. ágúst 1968. Samkvæmt eigin ósk var honum leyft að halda starfi sínu í bankanum til ársloka 1968 á fullum launum. Frá áramótum 1968—1969, er stefnandi hafði að fullu hætt störfum hjá Landsbanka Íslands, fékk hann síðan greidd eftirlaun úr eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands.

Stefnandi kveðst hins vegar telja, að þrátt fyrir það, að hann hafi haldið starfi sínu í bankanum lítið eitt fram yfir 70 ára aldur, beri honum eigi að síður eftirlaun frá þeim tíma, sem hann varð 70 ára, og tekur fram í því sambandi, að sér skiljist, að samkvæmt 6. gr. reglugerðar fyrir áðurgreindan eftirlaunasjóð, dags. 21. október 1960, eigi eftirlaun að greiðast eftir 70 ára aldur, ef skilyrði séu fyrir hendi, án nokkurs tillits til annarra starfa, sem viðkomandi kunni að hafa á hendi.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að það sé sjálfsögð og viðtekin venja, að enginn starfsmaður taki eftirlaun, fyrr en hann ljúki störfum. Þessi venjuhelgaða regla gildi hjá öllum eftirlaunasjóðum og lífeyrissjóðum og gildi einu, hvort starfsmaður inni af hendi framlög til sjóðsins eða ekki. Þessi regla hafi hlotið staðfestingu í reglugerðinni á dskj. nr. 8. Sérstök athygli sé vakin á upphafsákvæði 7. gr. reglugerðarinnar, en þar sé það fortakslausa skilyrði sett fyrir greiðslu eftirlauna, að sjóðfélagi hafi látið af störfum. Þetta ákvæði gildi hvort sem starfsmaður láti af störfum fyrir eða eftir 70 ára aldur. Þá tekur og stefndi fram, að svo sem bréf á dskj. nr. 12 beri með sér, hafi Landsbanki Íslands greitt stefnanda full laun til ársloka 1968, er hann hafi látið af störfum. Hafi því eftirlaunaréttur stefnanda ekki getað hafizt fyrr en 1. janúar 1969. Þá megi hér bæta tvennu við:

1. Stefnandi hafi sjálfur óskað eftir að fá að starfa við fyrri störf sín, eftir að hann hafi náð 70 ára aldri.
2. Hann hafi aldrei borið fram neina kröfu eða tilmæli um greiðslu eftirlauna, fyrr en eftir að hann hafi látið af störfum.

Framanritaður rökstuðningur er m. a. reistur á álitsgerð K. Guðmundssonar tryggingafræðings, en stefndi leitaði umsagnar hans um ágreiningsatriði það, sem mál þetta er risið af, og hefur álitsgerð tryggingafræðingsins verið lögð fram sem dskj. nr. 11 í málinu, en í álitsgerðinni segir m. a. svo:

„Tilgangur eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands og annarra hliðstæðra eftirlaunasjóða er m. a. sá, að sjá sjóðfélögunum fyrir eftirlaunum, þegar þeir láta af störfum. Það er algild regla, að sjóðfélagar fái ekki eftirlaun, meðan þeir halda starfi því, sem veitti þeim aðgang að sjóðnum, og óskertum launum fyrir það. Þetta kemur einnig ljóslega fram á fleiri en einum stað í reglugerð eftirlaunasjóðs starfsmanna L. Í. Vil ég sérstaklega benda á upphaf 7. gr. Þar segir: „Hver sjóðfélagi, sem lætur af starfi og greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn 65 ára að aldri, á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum".

Í upphafi 6. gr., sem J. J. vísar til, er einnig talað um heimild til að láta af störfum með rétti til eftirlaua.

Það fer því ekki á milli mála, að enginn sjóðfélagi á rétt á eftirlaunum, fyrr en hann hefur raunverulega látið af störfum. Það getur engu breytt í þessu efni, þó að sjóðfélaginn sé kominn yfir 70 ára aldur, ef hann heldur stöðu sinni og fullum launum".

Í bréfi stefnda til lögmanns síns á dskj. nr. 12, dags. 23. júlí 1969, segir m. a. á þessa leið: „Hér með leyfum vér oss að gefa eftirfarandi upplýsingar varðandi mál Jóhanns Jóhannessonar gegn eftirlaunasjóðnum.

Með bréfi, dags. 5. febrúar, mælist Jóhann til fullra eftirlauna fyrir tímabilið 14. ágúst til 31. desember 1968, eða tímann frá því hann var 70 ára og þar til hann lét af störfum og eftirlaunagreiðslur frá sjóðnum hófust.

Á fundi eftirlaunasjóðsins föstudaginn 14. febrúar þ. á. var erindi Jóhanns rætt. Samþykkti stjórnin að leita álits tryggingafræðings um málið, áður en ákvörðun yrði tekin. Svar tryggingafræðingsins, herra K. Guðm. Guðmundssonar, forstjóra, barst í bréfi hans, dags. 17. febrúar þ. á., og var á þá leið, að ekki bæri að greiða starfsmanni eftirlaun, fyrr en hann hefði látið af störfum. Umsögn tryggingafræðingsins var síðan rædd á fundi stjórnar sjóðsins þriðjudaginn 18. marz, og var samþykkt að synja um umrædda greiðslu eftirlauna, þar eð umsögn tryggingafræðingsins styður þann skilning stjórnarinnar, að eftirlaunagreiðslur eigi ekki að hefjast, fyrr en viðkomandi starfsmaður lætur af starfi.

Þessi málalok voru tilkynnt Jóhanni með bréfi, dags. 28. marz 1969, og tilgreind lokaorð álitsgerðar tryggingafræðingsins.

Er fulltrúi starfsmanna í sjóðstjórninni kom úr leyfi um miðjan apríl, lá fyrir honum bréf Magnúsar Thorlacius, hrl., dags. 28. marz 1969, þar sem hann tilkynnir, að honum hafi verið falin innheimta á kröfu Jóhanns, að fjárhæð kr. 89.050.00, og mælist hann til viðtals fyrir 3. apríl.

Til frekari upplýsinga um málið og viðhorf stjórnarinnar skal eftirfarandi tekið fram með skírskotun til bréfs yðar 18. júní s.l.:

1. Jóhann Jóhannesson er talinn fæddur 14. ágúst 1898, og var því 70 ára 14. ágúst 1968.
2. Jóhann starfaði alla tíð við póstafgreiðslu Landsbankans, unz hann hætti störfum 31. desember 1968.
3. Jóhann lét í ljós við starfsmannastjóra ósk um að fá að starfa áfram um óákveðinn tíma eftir 70 ára aldur. Starfsmannastjóri, Einvarður Hallvarðsson, kveðst hafa skýrt Jóhanni frá því, að honum væri heimilt að halda starfi sínu til áramóta, árið sem hann yrði 70 ára, eins og nokkrir aðrir starfsmenn höfðu fengið, en þó ekki lengur. Ekki kveðst starfsmannastjóri hafa gert ráð fyrir, að eftirlaunagreiðslur hæfust, fyrr en eftir að Jóhann hefði látið af störfum, né gefið nein fyrirheit í þá átt.
4. Algent mun vera, að opinberir starfsmenn, sjóðfélagar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisstofnana vinni út almanaksárið, sem þeir verða 70 ára. Halda þeir óskertum launum, en taka ekki eftirlaun, fyrr en þeir hætta störfum. Sama regla gildir hjá eftirlaunasjóðum Útvegsbankans, Búnaðarbankans og Landsbankans.
5. Eina dæmi þess, að starfsmaður hafi unnið hjá bankanum eftir lok þess almanaksárs, er hann varð 70 ára, er það, að Þ. I., fæddur 22. júlí 1896, hélt stöðu sinni til 31. desember 1966 og fékk eftirlaun frá 1. janúar 1967. Bankastjórn Landsbankans gerði þá sérstakan samning við Þ. I. um tveggja til þriggja stunda vinnu á dag við sérstök verkefni gegn ákveðinni greiðslu.

Samkvæmt framansögðu mótmælir stjórn eftirlaunasjóðsins kröfu Jóhanns til eftirlauna fyrir umrætt tímabil á grundvelli 7. gr. reglugerðar sjóðsins og álitsgerðar tryggingafræðingsins.

Jóhann Jóhannesson fékk greidd full laun út árið 1968, svo sem hér segir:

1. Fyrir september .. .. kr. 21.205.00
2. Fyrir október .. .. — 21.205.00
3. Fyrir nóvember .. .. — 21.205.00
4. Fyrir desember .. .. — 43.180.00

Samtals kr. 106.695.00“

Í 6. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands (Seðlabankans og Viðskiptabankans) segir:

„Heimilt er starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, en getur þó, skv. 13. gr. laga frá 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, verið áfram við störf, njóti hann nægilegrar starfsorku að dómi tryggingayfirlæknis, þó eigi lengur en þar til hann er fullra 70 ára að aldri o. s. frv.“.

Í 13. gr. laga frá 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir:

„Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri ...“.

Samkvæmt hinum tilgreindu reglugerðar- og lagaákvæðum virðist því ótvírætt, að maður geti ekki gegnt opinberu starfi sem skipaður eða ráðinn venjulegri ráðningu lengur en þar til hann nær 70 ára aldri og gegni hann starfi sínu eitthvað lengur, ber að líta á hann sem lausráðinn þann tíma, sem hann gegnir því fram yfir 70 ára aldur.

Maður, sem unnið hefur sér rétt til eftirlauna, á að sjálfsögðu rétt til að vinna áfram, eftir því sem hann hefur aðstöðu og getu til og taka laun fyrir þá vinnu sína án alls tillits til eftirlauna, og verður ekki séð, að það skipti máli í þessu sambandi, hver vinnuveitandinn er, enda er eftirlaunasjóðurinn sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda eftirlaun þegar frá þeim degi, er hann varð 70 ára að aldri, eða frá 14. ágúst 1968.

Upplýst er við munnlegan málflutning, að eftirlaunin nema 82.5% af föstu launanum. Samkvæmt launaseðlum á dskj. nr. 13—17 fyrir mánuðina ágúst til desember 1968 ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 79.625.00 sem vangoldin eftirlaun ásamt vöxtum, sem rétt þykir að ákveða 7% ársvexti frá 30. desember 1968 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða

stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.
Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands, greiði stefnanda, Jóhanni Jóhannessyni, kr. 79.625.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 30. desember 1968 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. marz 1972.

Nr. 58/1971. **Söfnunarsjóður Íslands**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur V. Jósepsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Söfnunarsjóður Íslands. Lífeyris- og slysatryggingagjöld og launaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1971. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjada til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Söfnunarsjóður Íslands, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 16. marz 1971.

Í máli þessu gerir umboðsmaður gerðarbeiðanda þær réttarkröfur, að fógeti heimili lögtak hjá gerðarþola, Söfnunarsjóði Íslands, til tryggingar vangoldnum opinberum gjöldum, lögðum á gerðarþola árið 1970, samtals kr. 2.439.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi máls þessa, hinn 30. október s.l., til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins. Hin vangreiddu opinberu gjöld eru þessi: lífeyristryggingagjald, kr. 1.200.00, slysatryggingagjald, kr. 75.00, og launaskattur, kr. 1.164.00. Umboðsmaður gerðarþola mótmælir framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og krefst jafnframt málskostnaðar fyrir fógetaréttinum eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaðurinn verði látinn falla niður.

Mál þetta var þingfest hinn 30. október s.l., og munnlegur málflutningur fór fram hinn 3. desember. Vegna veikinda fógeta varð úrskurður ekki uppkveðinn innan tilskilins tíma. Munnlegur málflutningur fór fram að nýju hinn 10. þ. m.

Í greinargerð sinni og munnlegum málflutningi kveður umboðsmaður gerðarbeiðanda mál þetta risið vegna þess, að umboðsmaður gerðarþola hafi mótmælt álagningu áðurnefndra gjalda og hafi verið synjað um greiðslu þeirra án undangengis úrskurðar. Hann telur gjöld þessi rétt á lögð, enda hafi fógetaréttur áður staðfest það, að því er varðar lífeyris- og slysatryggingagjöld, með úrskurði, dags. 20. desember 1965, og hafi þeim úrskurði ekki verið áfrýjað. Þá bendir hann á, að allir bankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir greiði ofannefnd, umdeild gjöld, enn fremur stjórnmálaflokkar, íþróttafélög, líknar- og trúfélög og yfirleitt allir þeir aðiljar, er hafi launþega í þjónustu sinni. Álagning ofangreindra gjalda brjóta því á engan hátt í bága við skattfríð-

indi þau, er löggjafinn og stjórnvöld hafi á sínum tíma ætlað sjóðnum.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni og málflutningi lagt höfuðáherzlu á eftirfarandi til stuðnings kröfu sinni um synjun á framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar:

Söfnunarsjóðurinn sé sjálfseignarstofnun og lög um sjóðinn í eðli sínu stofnskrá (skipulagsskrá), sem ríkisvaldið hafi staðfest. Í stofnskrá þessari sé sjóðnum tilskilið algert skattfrelsi, enn fremur megi aldrei blanda fé því, sem í sjóðnum stendur, saman við fé ríkissjóðs. Með staðfestingu laganna hafi ríkisvaldið undirgengizt að halda þessa skilmála og geti ekki einhliða rofið þá. Þá mótmælir hann því sérstaklega, að úrskurður fógetaréttar frá 20. desember 1965 hafi nokkra þýðingu í sambandi við mál þetta.

Fógeti reyndi sættir í málinu, en án árangurs.

Í bréfi skattstofu Reykjavíkur, dags. 19. ágúst 1970, til gjaldheimtustjórans í Reykjavík, rskj. nr. 2, segir m. a. svo:

„Söfnunarsjóður Íslands hefur ekki um mörg undanfarin ár tilgreint á launamiðum vinnutíma starfsfólks. Launaupphæð hefir því jafnan verið lögð til grundvallar við ákvörðun um fjölda tryggingavikna skv. 28. gr. og 40. gr. laga um almannatryggingar, og hefir oss eigi borizt kæra yfir álagningu vorri. Árið 1969 nema greidd laun skv. launaframtali samtals kr. 116.400.00, og er launaskattur samkvæmt því kr. 1.164.00. Tryggingaskyldar vikur hafa verið ákvarðaðar 35, en svo hefir verið um mörg undanfarin ár. Þar sem launagreiðslur stofnunarinnar hafa ekki hækkað í sama hlutfalli og hjá öðrum launagreiðendum, þykir oss ástæða til að lækka fjölda tryggingaskyldra vinnuvikna í 25, og fylgir hjálagt breytingaseðill í samræmi við þá ákvörðun".

Við athugun á gögnum málsins og við munnlegan málflutning þess kemur fram, að ekki er deilt um upphæðir hinna álögðu gjalda, heldur um réttmæti álagningarinnar sem slíkrar. Þá verður ekki séð,að hin álögðu gjöld hafi nokkru sinni verið kærð til réttra skattayfirvalda.

Í 23. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar segir svo: „Önnur útgjöld lífeyristrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera d) Atvinnurekendur 14%". Í 28. gr. sömu laga segir: „Framlagi atvinnurekenda samkvæmt 23. gr. d. skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega ..." og í 40. gr. sömu laga segir: „Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum ...".

Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur frá 20. desember 1965

var litið svo á, að gerðarþoli sé gjaldskyldur sem atvinnurekandi og launagreiðandi, hvað snertir greiðslu lífeyristrygginga- og slysatryggingagjalda. Af hálfu gerðarþola var úrskurði þessum ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Í lögum nr. 14 frá 1965 um launaskatt segir svo í 1. gr.: „Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum". Í 2. gr. sömu laga segir svo: „Skattskyldir samkv. lögum þessum eru allir launagreiðendur ...".

Með 6. gr. laga nr. 2 frá 1888 um Söfnunarsjóð Íslands er gerðarþoli undanþeginn tekjuskatti og útsvari, en ekki verður séð, að hann sé með þeim lögum né nokkrum lögum öðrum undanþeginn þeim umkröfðu opinberu gjöldum, sem um er deilt í máli þessu. Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli verði að teljast launagreiðandi og atvinnurekandi og því skyldur til greiðslu hinna umdeildu gjalda.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir vangoldnum opinberum gjöldum að upphæð kr. 2.439.00 með 12% ársvöxtum frá 30. október 1970 til greiðsludags, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 2.439.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 30. október 1970 til greiðsludags, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. marz 1972.

Nr. 30/1972. **Neisti h/f**

gegn

Rafveitu Ísafjarðar
Sveitarsjóði Eyrarhrepps
Kvenfélaginu Hvöt
Verkalýðsfélagi Hnífsdælinga
Íþróttafélaginu Reyni
Slysavarnardeildinni í Hnífsdal og
Pólnum h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 9. janúar 1972, sem barst Hæstarétti 24. febrúar 1972, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málsreifun sóknaraðilja er óskýr, og m. a. verður ekki af henni ráðið, að honum sé heimilt að sækja varnaraðilja saman í máli þessu, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Neisti h/f, greiði varnaraðiljum, Rafveitu

Ísafjarðar, sveitarsjóði Eyrarhrepps, Kvenfélaginu Hvöt, Verkalýðsfélagi Hnífsdælinga, Íþróttafélaginu Reyni, Slysavarnardeildinni í Hnífsdal og Pólnum h/f, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 29. desember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 25. nóvember 1971, hefur Júlíus Helgason rafvirkjameistari, Engjavegi 19, Ísafirði, f. h. Neista h/f, Hafnarhúsinu á Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ísafjarðar samkvæmt heimild í 83. gr. laga nr. 85/1936 á hendur Rafveitu Ísafjarðar, sveitarsjóði Eyrarhrepps og Pólnum h/f, Ísafirði, til greiðslu skaðabóta in solidum, samtals að fjárhæð kr. 750.000.00 auk 7% ársvaxta af fjárhæðinni frá 1. júní 1971 til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndu hafa krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands vegna þessa þáttar málsins.

Við munnlegan flutning málsins um frávísunarkröfuna, sem fram fór 25. nóvember s.l., krafðist stefnandi þess, að framkominni frávísunarkröfu yrði hrundið og við ákvörðun málskostnaðar við endanlegan dóm málsins yrði tekið tillit til þessa þáttar málsins.

Málavextir.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 1. júní 1971 var Júlíus Helgason rafverktaki vegna Neista h/f, Ísafirði, sviptur raflagnarleyfi vegna húsveitu nr. 1063, Félagsheimilisins í Hnífsdal, en samkvæmt afsals- og veðmálabókum Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar er það eign Eyrarhrepps, Kvenfélagsins Hvatar, Verkalýðsfélags Hnífsdælinga, Íþróttafélagsins Reynis og Slysavarnadeildarinnar í Hnífsdal.

Að sögn stefnanda var hann af þar til hæfum mönnum beðinn um, að hann tæki að sér að leggja raflagnir í fyrirhugaða byggingu félagsheimilisins, og kom sú beiðni fram um mánaðamótin ágúst—september 1959. Skyldi hann vinna verkið í áföngum, og féllst hann á að taka verkið að sér. Í framhaldi af því sótti hann um raflagnarleyfi til Rafveitu Ísafjarðar og fékk það í júlí 1962, nr. 1063.

Vann stefnandi síðan að raflögnum í félagsheimilið, unz hann

var sviptur því, eins og áður greinir, af Rafveitu Ísafjarðar, rafmagnseftirliti hennar.

Er hefja skyldi lokaframkvæmdir raflagnarinnar, segir stefnandi, að oddviti Eyrarhrepps hafi rift framangreindum samningi fyrirvaralaust og gert kröfu til þess, að stefnandi afsalaði sér öllum frekari rétti til raflagna í félagsheimilið. Kveðst stefnandi ekki hafa getað fallizt á það, á meðan ekki væri fullnægt þeim reglum um rafverktakaskipti, sem settar höfðu verið af Rafveitu Ísafjarðar í október 1970.

Skömmu eftir að raflagnaleyfið var afturkallað, hafði stefnandi spurnir af því, að stefndi Póllinn h/f, Ísafirði, hefði þegar í maímánuði s.l. tekið að sér raflagnir í félagsheimilið.

Þrátt fyrir tilraunir til þess að ná sáttum í málinu, hefur það reynzt árangurslaust, og þess vegna kveðst stefnandi hafa neyðzt til að höfða mál þetta, og telur hann alla stefndu, þ. e. eigendur Félagsheimilisins í Hnífsdal, Rafveitu Ísafjarðar og Pólinn h/f, bera solidariska ábyrgð á því tjóni, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmætra aðgerða þeirra, svo og fyrir þann álitshnekk og óþægindi, sem hann hefur orðið fyrir vegna aðgerða stefndu.

Stefndu hafa ekki tjáð sig um sjálfa málavexti á þessu stigi málsins.

Rökstuðningur.

A. Eins og áður greinir, rökstyður stefnandi bótakröfu sína á þann hátt, að hver hinna stefndu aðilja og þeir allir sameiginlega hafi með ólögmætu atferli sínu valdið honum fjárhagslegu tjóni, sem þeir hver fyrir sig og sameiginlega beri bótaábyrgð á, og enn fremur á sama hátt komið í veg fyrir, að hann gæti neytt réttar síns til verks, sem um hafði verið samið, að hann ynni.

1. Samkvæmt upplýsingum Ólafs Gíslasonar áætlar hann, að verk það, sem hér um ræðir, muni nema í vinnu og efni um 800 þúsund krónum og muni um ⅓ hluti verksins vera efniskostnaður, en ⅔ hlutar vinna.

Álagning á selt efni muni samkvæmt upplýsingum F. L. R. í Reykjavík nema um 30%, en á vinnu um 35%, og sé því fjárhagstjón stefnanda vegna þess, að hann varð af verkinu, um kr. 250.000.00.

2. Þá hafi stefndu bakað stefnanda mikil óþægindi fyrir utan þann álitshnekk, sem hann hafi orðið fyrir, þegar það fréttist, að opinberir aðiljar hefðu hrakið hann frá verki af tilefnislausu og

gefið í skyn, að fullar ástæður væri fyrir því, án þess að aðiljar hafi reynt að renna stoðum undir þær aðdróttanir.

Með hliðsjón af þeim álitshnekki og þeirri röskun, sem orðið hafi á stöðu stefnanda til áframhaldandi rafverktakaframkvæmda í umdæmi Rafveitu Ísafjarðar, eigi hann auk bóta fyrir framangreint fjártjón kröfu á um 500 þúsund króna bótum með hliðsjón af 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda ófyrirsjáanlegar þær afleiðingar, sem meingerð stefndu hefur átt upptök að.

Stefnandi telur kröfur sínar nægilega rökstuddar til efnisdóms.

B. 1. Stefndu byggja kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að öllum þeim aðiljum, sem hlut eiga að máli, hafi ekki verið stefnt. Aðeins sveitarsjóði Eyrarhrepps hafi verið stefnt f. h. Félagsheimilisins í Hnífsdal, en hann sé aðeins einn af 5 aðiljum, sem eiga það.

Niðurstaða málsins geti skipt alla þessa eigendur máli og sé þessi málsmeðferð brot á 46. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og beri að vísa málinu frá af þeim sökum.

2. Í öðru lagi reisa stefndu frávísunarkröfu sína á því, að málatilbúnaður sé svo óskýr og ófullnægjandi, að eigi sé gerlegt að taka til varna um efnishlið málsins. Stefnandi staðhæfi, að hann hafi orðið fyrir tjóni „vegna ólögmætra aðgerða" stefndu, en það komi ekki fram, hvorki í stefnu né greinargerð (dskj. nr. 2), á hvern hátt ólögmætið sé eða á hvern hátt hver um sig hafi brotið lög á honum. Á meðan það liggi ekki ljóst fyrir, sé ekki hægt að halda uppi vörnum í málinu.

Enn fremur sé stefnufjárhæðin, kr. 750.000.00, ágizkuð og órökstudd.

Niðurstaða.

Um A 1. Engin gögn hafa verið lögð fram um útreikning dómkröfunnar, aðeins byggt á munnlegum óákveðnum upplýsingum einhvers Ólafs Gíslasonar og F. L. R. í Reykjavík. Samkvæmt þessum lið reiknar stefnandi sér bætur um kr. 250.000.00, en ætti að vera samkvæmt ofangreindum upplýsingum um kr. 266.666.55, svo að ekki virðist einu sinni vera byggt á þessum órökstuddu upplýsingum. Stefnandi hefur því á engan hátt gert þennan hluta kröfu sinnar sennilegan, eins og nú horfir.

Um A 2. Þessi krafa vegna tjóns, sem stefndu eiga að hafa bakað stefnanda með röskun á högum hans og áliti, er á engan hátt rökstudd.

Bæði í stefnu og greinargerð á dskj. nr. 2 skortir reifun á þessum veigamestu atriðum málsins, kröfuliðunum.

Um B 1. Þetta frávísunaratriði kemur ekki til greina, þar sem stefnandi hefur bætt úr þessum galla með því að stefna inn í málið meðeigendum sveitarsjóðs Eyrarhrepps með stefnu, útgefinni 25. október 1971, sbr. dskj. nr. 31, enda hafa stefndu ekki haldið þessari frávísunarkröfu fram, eftir að stefna þessi var þingfest.

Um B 2. Í stefnu er stefnukrafa ósundurliðuð og á engan hátt sýnt fram á, hvernig hún er byggð upp, en samkvæmt 88. gr. laga nr. 85/1936 skal greina í stefnu kröfur þær, sem gerðar eru, svo skýrt sem unnt er. Krafan er greind sem greiðsla á skaðabótum in solidum, samtals að fjárhæð kr. 750.000.00 án sundurliðunar.

Í greinargerð á dskj. nr. 2 er krafan sundurliðuð í kr. 250.000.00 og kr. 500.000.00 og gerð tilraun til rökstuðnings, m. a. með því að vísa til framlagðra skjala nr. 1—28, án þess þó að nokkuð hafi verið úr þeim gögnum unnið eða þau skýrð þar.

Við munnlegan málflutning lagði stefnandi fram nr. 32 aðra greinargerð, sem umboðsmaður stefndu mótmælti, og verður hún af þeim orsökum ekki tekin til greina að svo stöddu, þar sem hún er of seint fram komin.

Málavöxtum er ekki nægilega lýst, hvorki í stefnu né greinargerð (dskj. nr. 2).

Eins og lýst hefur verið hér að framan, hefur mál þetta verið rekið af hálfu stefnanda með þeim hætti, sem mjög brýtur í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan málflutning.

Af þessum sökum ber að vísa málinu frá dóminum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu kr. 15.000.00 í málskostnað.

Einar Gunnar Einarsson, fulltrúi bæjarfógeta á Ísafirði, kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð vegna anna við önnur embættisstörf.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Neisti h/f, greiði stefndu, Rafveitu Ísafjarðar, sveitarsjóði Eyrarhrepps, Kvenfélaginu Hvöt, Verkalýðsfélagi Hnífsdælinga, Íþróttafélaginu Reyni, Slysavarnadeildinni í Hnífsdal og Pólnum h/f, kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. marz 1972.

Nr. 77/1971. **Sverrir Sædal Kristjánsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Hákon Árnason hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1971.

Krefst hann þess, „að viðurkennt verði ..., að vátryggingarsamningur sá um líf- og örorkutryggingu, að fjárhæð kr. 400.000.00 fyrir hvern hinna þriggja skipverja, sem fórust með m/b Dagnýju, SF 61, sem Erlingur Viggósson gerði fyrir hönd áfrýjenda laugardaginn 8. marz 1969 við umboðsmann Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f í Stykkishólmi, Benedikt Lárusson, skuli metinn gildur og skuldbindandi fyrir félagið gagnvart þeim vátryggingaratburði, er báturinn fórst á leið sinni frá Höfn í Hornafirði til Stykkishólms".

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. maí 1971.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Eigi verður á það fallizt með áfrýjanda, að 16. gr., 17. gr., sbr. 2. tl. 2. gr., eða önnur ákvæði laga nr. 43/1947 leiði til þess beint eða fyrir lögjöfnun, að kröfur hans á hendur stefnda verði teknar til greina, og ekki hefur kröfugerð hans

heldur stoð í 6. tl. 7. gr. laga nr. 63/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962.

Áfrýjanda var ljóst, þegar tryggingarinnar var beiðzt hjá umboðsmanni stefnda í Stykkishólmi, að bátsins var saknað og leit hafin. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda með vísun til 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 20/1954.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði. Þóknun lögmanns áfrýjanda ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. marz 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 14. nóvember 1969. Málið var munnlega flutt 1. marz s.l. og dómtekið að því loknu.

Stefnandi málsins er Sverrir Sædal Kristjánsson sjómaður, til heimilis að Skúlagötu 7, Stykkishólmi.

Stefndi er Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, Reykjavík.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur í málinu:

„Að viðurkennt verði með dómi, að vátryggingarsamningur sá um líf- og örorkutryggingu, að fjárhæð kr. 400.000.00 fyrir hvern hinnt þriggja skipverja, sem fórust með m/b Dagnýju, SF 61, sem Erlingur Viggósson, Stykkishólmi, gerði f. h. stefnanda laugardaginn 8. marz 1969 við Benedikt Lárusson, umboðsmann félagsins í Stykkishólmi, skuli með þeim gildur og skuldbindandi fyrir félagið gagnvart þeim vátryggingaratburði, er báturinn fórst á leið sinni frá Höfn í Hornafirði til Stykkishólms.

Jafnframt er þess krafizt, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L. M. F. Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál".

Stefndi hefur krafizt þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 6. október 1969, var stefnanda veitt gjafsókn hér fyrir dómi til að höfða mál þetta.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í febrúarmánuði 1969 festi stefnandi kaup á vélbátnum m/b Dagnýju, SF 61. Nokkrum dögum áður en stefnandi keypti bátinn, hafði farið fram aðalskoðun á búnaði hans og vél. Vitnaframburður og önnur gögn benda til þess, að hvort tveggja hafi verið í fullnægjandi ástandi.

Báturinn var afhentur í Höfn í Hornafirði. Stefnandi hafði ráðgert í félagi við þá Hrein Pétursson skipstjóra og Jón Sigurðsson vélstjóra, báða úr Stykkishólmi, að sækja bátinn austur og flytja hann þaðan til Stykkishólms, en þeir félagar höfðu áður ráðgert að gera bátinn þaðan út í félagi.

Ekki kom þó til þess, að stefnandi færi sjálfur austur í Hornafjörð til þess að sækja bátinn, enda kvaðst hann sjálfur hafa þurft að annast ýmsar útréttingar í Reykjavík vegna útgerðar bátsins. Hins vegar fékk stefnandi Gunnar Þórðarson, skipstjóra úr Reykjavík, til þess að fara með þeim Hreini og Jóni austur í Hornafjörð.

Upplýst er, að þann 4. marz 1969, milli kl. 1200 og 1300, óskaði Hreinn Pétursson eftir því, að hann sjálfur ásamt þeim Jóni Sigurðssyni og Gunnari Þórðarsyni yrðu lögskráðir á m/b Dagnýju. Hreppstjóri Hafnarhrepps, Gunnar Snjólfsson, kveðst í framhaldi af því hafa fært nöfn þessara manna í skipshafnarskrána, en þeir hafi aldrei komið til þess að undirrita hana. Gunnar kvaðst ekki muna, hvort hann hefði innt skipstjórann eftir því, hvort hin samningsbundna slysatrygging væri í lagi, en ekki kveðst hann hafa krafizt þess, að sér væri sýnd skilríki fyrir því. Hann kvaðst hins vegar hafa talið víst, að búið væri að kaupa þá tryggingu. Þann sama dag, kl. 1230, sendi hreppstjórinn símskeyti til sýslumannsins í Stykkishólmi, þar sem tilkynnt er, að áðurgreindir þrír menn hafi verið skrásettir á m/b Dagnýju til einnar viku.

Skipið var af öðru leyti í tryggingu hjá Skipatryggingu Austfjarða.

Gögn málsins benda til þess, að m/b Dagný hafi látið úr Höfn um hádegisbilið fimmtudaginn 6. marz 1969. Sennilega um kl. 1900 þann 7. marz 1969 fékk stefnandi símskeyti frá skipstjóra m/b Dagnýjar, og hljóðaði það svo: „Vorum staddir við Garðskaga kl. 18.00. Getum orðið í Reykjavík 21.00 til 22.00. Allt gengur vel".

Stefnandi kveðst því ekki hafa óttazt neitt um skipið og talið allt í lagi, en þegar liðið hafi á kvöldið minnti stefnanda, að hann hafi haft samband við Slysavarnafélagið. M/b Dagný hafi verið kölluð upp um kl. 2300, en ekkert svar hafi borizt. Í samráði við Slysavarnafélagið hafi ekkert frekar verið gert þar til kl. 0100 þann 8. marz, að send hafi verið út leitarbeiðni. Á sama tíma stóð yfir leit að öðru skipi, v/s Fagranesi, en leit að því hafði verið hafin þá fyrr um kvöldið.

Í útdrætti úr dagbók Reykjavíkur radíó 8. marz má sjá m. a. eftirfarandi:

„Kl. 00.05 kallaður út viðskiptalisti á öllum vinnutíðnum á tali. Viðskipti fyrirliggjandi við: ... Dagný, SF 61, ... Kl. 01.50 send út tilkynning frá S. V. F. Í. vegna Dagnýjar, SF 61 ...".

Þessi síðastnefnda tilkynning var síðan endurtekin öðru hverju um nóttina.

Í vitnaframburði Hannesar Þ. Hafsteins forstjóra kemur fram, að fyrstu viðbrögð S. V. F. Í. hafi verið að biðja Reykjavíkur radíó um að halda áfram að kalla í bátinn, sem þeir hafi stöðugt gert, og jafnframt hafi allir hafnarverðir í verstöðvum við Faxaflóa og á Suðurnesjum verið beðnir um að svipast um eftir bátnum þar í höfnunum. Þetta hafi engan árangur borið, og hafi þá verið kallað út til allra leitarflokka, sem þá þegar hafi verið farnir að svipast um eftir v/s Fagranesi, og þeim tilkynnt, að óttast væri um Dagnýju. Fleiri björgunarsveitir hafi verið kallaðar á vettvang til fjöruleitar. Þá hafi einnig verið kallað til allra báta við Garðskaga og í Faxaflóa og þeir beðnir um að hefja skipulagða leit. Strax í birtingu næsta morgun hafi verið hafin leit úr flugvélum.

Tvö skip voru á svipuðum slóðum og m/b Dagný að kvöldi 7. marz 1969, m/b Valur, RE 7, og Kári Sölmundarson, RE 2.

Ingólfur Kristjánsson, skipstjóri á m/b Val, RE 7, hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið að koma úr róðri á báti sínum að kvöldi 7. marz 1969. Á leiðinni frá Stafnesi og út á

móts við Sandgerði hafi m/b Þórarinn Ólafsson verið 200—300 m á undan honum, en þeir fylgdust að. Á móts við Sandgerðissund kveðst hann hafa séð til báts rétt á eftir, bakborðsmegin, og þekkti, að þar var Dagný á ferð. Fylgdist hann með Dagnýju, sem var rétt á eftir honum, þar til hann fór að beygja út af Skaga til austurs, og telur, að hann hafi farið fyrir Skaga í um 2ja sjómílna fjarlægð frá vitanum. Strax og komið hafi verið fyrir Skagann, hafi ísing tekið að hlaðast á bátinn og hafi verið mikil ísing á leiðinni til Reykjavíkur. Eftir að komið var fyrir Garðskaga, hafi hann farið út á brúarvænginn og litið aftur fyrir skipið, en þá aðeins séð einn bát, m/b Þórarinn Ólafsson, en skipstjórinn sagðist ekki hafa séð til Dagnýjar og taldi, að hún hefði snúið við og haldið til Sandgerðis. Skipstjórinn kvaðst síðast hafa séð til Dagnýjar, er hún hafi verið rétt sunnan við Röstina. Straumhnúta kvaðst hann hafa séð, þegar hann fór fyrir Skagann, en kvaðst þó telja, að sæmilegt ferðaveður hafi verið fyrir sinn bát. Hann kvaðst halda, að allt að 8 vindstig hafi verið.

Skipstjórinn á Kára Sölmundarsyni, RE 2, Óli Guðmundsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi þann 7. marz 1969 verið staddur 25—30 sjómílur vestur af norðri frá Garðskaga. Um hádegið hafi skollið á aust-norðaustan hvassviðri, eins og hendi væri veifað, og hafi síðan fljótlega gert svartan byl. Vitnið kveðst hafa gert sjóklárt og haldið til lands um kl. 1930. Veðrið hafi jafnað sig nokkuð eftir því sem á daginn leið og muni hafa verið um 7 vindstig, er þeir héldu til lands. Mjög vont sjólag hafi verið, frá því að hvessti um hádegið. Lítið frost hafi þó verið framan af deginum, en það hafi harðnað eftir því sem á daginn leið og verið komið í ÷ 5—6 stig seinni part dagsins þarna úti. Vitnið kvaðst hafa haldið sleitulaust til lands með um 7 mílna ferð og hafi þeir verið komnir upp undir Skaga um kl. 1100 um kvöldið. Hafði verið heldur verra fyrir Skagann, eins og venjulegt sé, en þó ekki slæmt. Þegar komið hafi verið inn fyrir Skagann, hafi sjólag og veður verið betra, en um 10—12 sjómílur út af Gróttu hafi veðrið aftur versnað og hafi frost einnig aukizt. Vitnið sagðist hafa komið í höfn um kl. 0230 og hafi báturinn verið mjög mikið ísaður. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við bátana Dagnýju og Fagranes.

M/b Dagný kom aldrei fram. Þann 20. marz 1969 fannst planki rekinn á Eyrarbakkafjörur, sem talinn er geta hafa verið úr m/b Dagnýju. Nokkru síðar fannst gúmbjörgunarbátur á Kjalarnesi, sem sagður var úr m/b Dagnýju.

2.2. Síðari hluta föstudags 7. marz, milli kl. 1500 og 1600, kveðst stefnandi, sem þá var staddur í Reykjavík, af tilviljun hafa átt símtal við formann verkalýðsfélagsins í Stykkishólmi, Erling Viggósson, út af öðru tilefni. Hafi Erlingur í símtali þessu innt stefnanda eftir því, hvort hann hefði tryggt áhöfn bátsins. Stefnandi kveðst hafa svarað því til, að svo væri ekki, og beðið Erling um að sjá um tryggingu áhafnarinnar, en sjálfur kvaðst stefnandi hafa haft í öðru að snúast. Kvaðst stefnandi ekki hafa vitað um skyldu sína til þess að tryggja áhöfnina og því ekki áður gert reka að því að tryggja áhöfnina sjálfur.

Erlingur Viggósson kvað stefnanda í nefndu símtali hafa beðið sig um að snúa sér til umboðsmanns stefnda í Stykkishólmi, Benedikts Lárussonar. Kveðst hann hafa þá þegar reynt að ná í umboðsmanninn, en ekki tekizt. Á milli kl. 0900 og 1000 á laugardagsmorguninn 8. marz 1969 kveðst Erlingur hafa hitt umboðsmanninn á skrifstofu hans í Stykkishólmi, óskað eftir nefndri tryggingu og gefið umboðsmanninum upp nöfn mannanna á bátnum. Ekki kveðst Erlingur minnast þess að hafa talað um, að tryggingin ætti að gilda frá því, að skipið lagði af stað frá Höfn í Hornafirði, en þó mætti það vera. Benedikt hafi ekki getið þess, að neitt væri því til fyrirstöðu, að félagið tæki að sér tygginguna. Kveðst hann hafa hitt umboðsmanninn síðar þennan sama dag og hafi þá umboðsmaðurinn staðfest við sig að hafa þá fyrr um daginn tilkynnt tygginguna til aðalskrifstofunnar í Reykjavík.

Ekki kvaðst Erlingur hafa vitað, að skipsins væri saknað, þegar hann bað um tygginguna, og ekkert um það heyrt fyrr en um miðjan dag á laugardag, þegar óstaðfestar sögur hafi tekið að berast um það.

Í vitnaframburði Benedikts Lárussonar segir, að Erlingur Viggósson hafi komið til sín á laugardagsmorguninn 8. marz 1969 milli kl. 0900 og 1000 til þess að biðja um umrædda tygginguna. Erlingur hafi beðið um, að tryggingin gilti frá þeim tíma, sem m/b Dagný lét úr höfn í Hornafirði, a. m. k. kvaðst vitnið hafa gengið út frá því, og kvaðst vitnið ekki hafa gert neinar athugasemdir við það. Það kvaðst hafa tekið á móti tryggingarbeiðninni munnlega, en þó ritað niður nafn skipsins og einkennisstafi. Kvaðst það ekki hafa náð í aðalskrifstofuna fyrir hádegi á laugardaginn, en hins vegar náð í Guðna Guðmundsson, fulltrúa Sjóvátryggingarfélagsins, á heimili hans í hádeginu. Benedikt kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að skipsins væri

saknað, þegar Erlingur bað um tryggínguna, en milli kl. 1100 og 1200 sama dag kveðst hann hafa frétt þetta og því vitað það, er hann átti samtalið við Guðna.

Benedikt kvaðst hafa tilkynnt Guðna um tryggingarbeiðnina og hafi hann lofað að koma henni áleiðis. Þó kvaðst vitnið muna, að Guðni hafi spurt sig, hvort eitthvað hafi komið fyrir skipið, en vitnið kveðst hafa svarað: „Ekki svo ég viti".

Vitnið kvaðst hafa gefið Guðna upp nafn skipsins, einkennisstafi og ef til vill nöfn skipverja og minnti sig fastlega að hafa einnig sagt Guðna, frá hvaða tíma tryggingin ætti að gilda.

Um kvöldið hafi Axel Kaaber, skrifstofustjóri stefnda, hringt í sig og spurt sig um tryggingarbeiðnina. Hann hafi frétt, að bátsins væri saknað, og beðið sig um að hafa samband við stefnanda og tilkynna honum að koma til sín á skrifstofuna á mánudagsmorguninn. Vitnið bar ekki á móti því, að Axal hafi í samtali þessu þvertekið fyrir það að taka umrædda tryggingu. Vitnið kvaðst hafa haft samband við þá báða, stefnanda og Erling, og sagt þeim, að Axel vildi hafa samband við þá, en einnig kvaðst vitnið minna að hafa sagt þeim frá undirtektum Axels.

Vitnið upplýsti enn fremur, að það teldi sig ekki hafa heimild til þess að gera slíka tryggingarsamninga á eigin spýtur án þess að fá til þess leyfi aðalskrifstofunnar. Það kvaðst telja sig þurfa að hringja ávallt suður til þess að fá staðfestingu, þegar um meiri háttar tryggingar væri að ræða. Það kvað útibúið í Stykkishólmi ekki auglýsa sérstaklega tryggingarstarfsemi, og vitnið kvaðst vera eini starfsmaður útibúsins.

Vitnið kvaðst ekki muna glögglega, hvort umrædd tryggingarbeiðni væri sú fyrsta sinnar tegundar, sem komið hefði til sinna kasta. Ekki kvaðst vitnið hafa gert á eigin ábyrgð tryggingarsamning um bifreiðartryggingu, sem verkað hafi átt aftur í tímann.

Vitnið Guðni Þorlákssón Guðmundsson kvaðst vera innheimtustjóri hjá hinu stefnda fyrirtæki og af þeim sökum hafa talsverð viðskipti við umboðsmenn félagsins úti á landi. Það kvaðst ekki hafa umboð til þess að samþykkja tryggingarbeiðnir, en kvaðst flytja slík skilaboð áfram. Það kvað Benedikt hafa hringt í sig í hádeginu þann 8. marz 1969 og spurt sig að því, hvort vitnið vildi taka á móti tryggingu fyrir áhöfn á báti. Vitnið kvað eitthvað hafa legið í loftinu um það, að verið væri að leita að báti, og því spurt Benedikt, hvort í lagi væri með skipið. Benedikt hafi svarað, að hann vissi ekki annað en að í lagi væri með skipið og

að það hefði lagt af stað í gær eða fyrradag að austan. Kveðst vitnið þá hafa svarað því til, að þá yrði tryggingin tekin frá þessari stundu. Sagði vitnið, að Benedikt hefði gefið sér upp fjölda þeirra skipverja, sem tryggingarbeiðnin skyldi taka til, enda væri í tryggingarskírteinum aðeins getið um fjölda yfirmanna og undirmanna, án þess að vikið væri að nöfnum. Skömmu síðar um daginn kveðst vitnið hafa haft samband við Axel Kaaber skrifstofustjóra og tilkynnt honum um framangreinda tryggingarbeiðni. Í því samtali hafi komið fram, að Axel hafi vitað, að verið væri að leita að skipum, og hafi Axel sagzt mundu hringja í Benedikt til þess að tala betur við hann út af tryggingarbeiðninni.

Vitnið Axel Kaaber, skirfstofustjóri stefnda, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að það hafi þá strax um laugardagsmorguninn 8. marz 1969 orðið vart við, að verið var að leita að m/b Dagnýju. Kvaðst það þá þegar um morguninn um kaffileytið hafa spurt starfsfélaga sína að því, hvort umboðsmenn Dagnýjar væru með nokkra tryggingu hjá stefnda, og hafi sér verið svarað, að svo væri ekki.

Eftir hádegi hafi Guðni Guðmundsson tjáð sér, að umboðsmaður Sjóvá í Stykkishólmi hafi beðið um tryggingu fyrir áhöfn Dagnýjar. Vitnið kvaðst strax hafa tekið fram við Guðna, að ekki kæmi til mála að taka þessa tryggingu. Kvaðst Axel hafa náð sambandi við umboðsmann Sjóvá í Stykkishólmi skömmu fyrir kvöldmat og sagt honum, að ekki kæmi til mála að taka þessa tryggingu, þar sem um hana hafi verið beðið, eftir að báturinn hefði farizt.

Kvaðst hann hafa falið umboðsmanninum að tilkynna eigendum og umboðsmönnum Dagnýjar þessa niðurstöðu og jafnframt að þeir gætu haft samband við starfsmenn aðalskrifstofunnar, hvenær sem væri eftir helgina. Skrifstofustjórinn skýrði frá því, að yfirleitt samþykkti stefndi engar beiðnir um tímabilstryggingar, sem látnar væru gilda aftur fyrir sig. Hann kvaðst sjálfur aðeins muna eftir einu tilviki á 35 ára starfstíma, þar sem slíkt hafi komið fyrir, en þar hefði verið um að ræða viðskiptamann, sem hefði haft 20—30 ára samfelld viðskipti við félagið. Hann kvað það ekki venju að tilkynna umboðsmanni eða tryggingartaka sérstaklega, hvort tryggingarbeiðnin hefði verið samþykkt, en væri tryggingarbeiðni ekki samþykkt, þá sé slík niðurstaða tilkynnt. Ef tryggingarbeiðnin sé samþykkt, þá sé það oftast gert þegar í stað munnlega og miðast við þann tíma, er hún barst um-

boðsmanni félagsins. Hann sagði, að umboðsmenn félagsins úti á landi hefðu alls enga heimild til þess að samþykkja slíkar tryggingar og hér væri um deilt. Ekki kvaðst hann heldur muna eftir því, að nokkrum umboðsmanni hefði verið gefin sérstök heimild til slíks, jafnvel ekki stærstu umboðunum. Vitnið Axel Kaaber kveðst hafa spurt stefnanda að því eftir slysið í viðtali við hann, hvers vegna hann hafi ekki hringt í aðalskrifstofuna í Reykjavík, úr því hann hafi verið staddur í borginni á venjulegum skrifstofutíma. Stefnandi hafi svarað því til, að með þessari aðferð hafi hann ætlað að fá aukagjaldfrest á iðgjaldinu. Sagði Axel, að iðgjaldsins væri ekki krafizt, fyrr en tryggingarskírteini lægi tilbúið hjá umboðsmanni, og væri þannig unnt að vinna nokkurn aukagjaldfrest. Stefnandi hefur ekki mótmælt þessu og tekið fram, að bæði hafi hann verið fjárvana og þurft nokkurn gjaldfrest, en auk þess hafi tími sinn verið naumur.

Í aðiljaskýrslu stefnanda segir, að hann hafi fengið skilaboð frá áðurnefndum Benedikt á laugardagskvöldið 8. marz um að hafa samband við Axel Kaaber n. k. mánudag (11. marz 1969). Benedikt hafi ekki minnzt á nein vandræði að öðru leyti. Stefnandi kveðst hafa farið á aðalskrifstofuna í samræmi við þessi skilaboð og í för með honum hafi verið Sigurður Ágústsson alþingismaður. Er þangað var komið, hafi þeim verið sagt, að Axel væri erlendis. Í samráði við starfsmann stefnda kveðst stefnandi hafa komið aftur á mánudeginum þeim næsta, einnig ásamt Sigurði Ágústssyni, og hafi þeir þá hitt fyrir Axel Kaaber. Á þessum fundi kveðst stefnandi fyrst hafa fengið vitneskju um það, að stefndi ætlaði ekki að greiða bætur.

Í málinu hefur verið lagður fram umboðssamningur á milli stefnda og umboðsmanns hans í Stykkishólmi. Í honum er m. a. að finna þessi ákvæði:

„1. gr. Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f. felur yður hér með umboð til þess samkvæmt ákvæðum í samningi þessum að taka við vátryggingum og útvega tryggingar með þeim skilyrðum, sem felast í prentuðum eyðublöðum vátryggingarskírteina félagsins. Starfsemi umboðsmanns er fyrst og fremst fólgin í því að afla félaginu góðra trygginga, gæta hagsmuna þess, er skaða ber að höndum, og annast það annað, er snertir umboðsstörfin samkvæmt því.

Verði yður boðin trygging á öðru en því, sem felst í ofannefndri málsgrein, ber yður að leita samþykkis aðalskrifstofunnar, áður en endanlega er gengið frá slíkri tryggingu.

8. gr. Skipatryggingar.

Leita þarf samþykkis aðalskrifstofunnar, áður en skipatrygging er tekin. Skip og þær tryggingar, er beinlínis fylgja skipum, svo sem trygging afla, veiðarfæra og farangurs skipverja, slysatryggingar skipshafna og slíkar tryggingar skulu alltaf bornar undir aðalskrifstofuna, áður en þær eru samþykktar".

3.0.

3.1. Stefnandi heldur því fram, að rök mæli með því að líta svo á, að hér sé um skyldutryggingu að tefla. Því til stuðnings vísar hann til laga nr. 2/1969, þar sem boðið sé að taka slíka tryggingu, lög nr. 63/1961, þar sem skráningarstjóra sé skylt að ganga úr skugga um, að líf- og slysatryggingar skipverja séu í gildi og í samræmi við gildandi kjarasamninga, og loks í lög nr. 43/1947, aðallega 2. gr. og 16. og 17. gr., sem hann telur, að hér eigi við. Verði eigi á þetta fallizt, telur stefnandi engu að síður, að bindandi vátryggingarsamningur hafi komizt á. Hann telur, að með tryggingarbeiðni Erlings Viggóssonar, sem hann hafi gert laugardagsmorguninn 8. marz 1969 milli kl. 0900 til 1000 á skrifstofu umboðsmanns Sjóvá í Stykkishólmi, Benedikts Lárussonar, hafi stofnazt bindandi samningur á milli aðilja máls þessa. Engum athugasemdum hafi verið hreyft við tryggingarbeiðninni og vátryggingarsamningurinn staðfestur af umboðsmanni Sjóvá síðar þennan sama dag. Stefnandi telur, að Benedikt Lárusson hafi haft umboð til þess að gera umræddan vátryggingarsamning. Því til stuðnings hefur hann m. a. vísað til 2. gr. laga nr. 62/1913.

Stefnandi telur vátryggingarsamninginn hafa tekið gildi frá þeim tíma, er skipið lagði af stað frá Höfn í Hornafirði. Við gerð vátryggingarsamningsins þann 8. marz 1969 hafi þess verið óskað, að vátryggingin gilti frá þeim tíma, sem skipið lagði af stað. Umboðsmanni Sjóvá hafi verið fullkunnugt um, að skipið var lagt af stað í þá ferð, þegar vátryggingin hafi verið tekin, og engri athugasemd verið hreyft við því efnisákvæði samningsins né hafi fyrirvari verið gerður af hálfu félagsins.

Stefnandi heldur því fram, að Erlingur Viggósson hafi verið í góðri trú um, að þær upplýsingar, sem hann gaf umboðsmanni Sjóvá, væru réttar, þegar hann gerði vátryggingarsamninginn við hann laugardaginn 8. marz 1969. Með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. laga nr. 20/1954 sé því stefndi skuldbundinn til þess að standa við vátryggingarsamninginn.

Enn telur stefnandi, að með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 20/1954

sé tilkynning sú, að félagið teldi sig ekki bundið af samningnum, allt of seint fram komin, en sú tilkynning hafi fyrst komið fram í viðtali við Axel Kaaber 24. marz 1969.

3.2. Stefndi mótmælir fullyrðingum stefnanda um, að greiðsluskylda félagsins leiði að lögum. Vanræksla á að kaupa ýmsar tegundir trygginga, sem útgerðarmönnum sé skylt samkvæmt kjarasamningum að kaupa, geti aðeins leitt til persónulegrar ábyrgðar fyrir útgerðarmann.

Undir rekstri málsins hefur stefndi alfarið mótmælt því, að vátryggingarsamningur hafi komizt á. Áðurnefndur Benedikt Lárusson hafi aðeins tekið á móti vátryggingarbeiðni Erlings Viggóssonar og komið henni á framfæri við aðalskrifstofuna í Reykjavík. Allir vitnaframburðirnir hnigi að þessu. Aðalskrifstofan í Reykjavík hafi hins vegar ekki samþykkt vátryggingarbeiðnina og hafi stefnanda strax verið gerð ljós sú niðurstaða.

Jafnvel þó svo yrði litið á, að vátryggingarsamningur hefði komizt á, þá mótmælir stefndi því, að sá samningur geti verið afturvirkur. Hann telur ljóst, að vátrygging geti ekki náð til þeirra atvika, er þegar hafi gerzt, þegar um hana sé beðið. Vitneskja aðilja skipti þá engu máli, um sé að ræða svo veigamikið atriði, að engum dytti í hug að biðja um vátryggingu, eftir að vátryggingaratburðurinn hefði gerzt, hvað þá að nokkurt vátryggingarfélag tæki að sér vátrygginguna. Því er alfarið mótmælt, að vátryggingarsamningurinn hafi átt að gilda aftur fyrir sig, þótt svo yrði litið á, að hann hefði komizt á.

Enn bendir stefndi á, að jafnvel þótt litið yrði svo á, að vátryggingarsamningur hefði komizt á og samið hefði verið um, að hann ætti að gilda aftur fyrir sig, þá sé slíkur samningur samt ógildur samkvæmt 32. gr. samningalaganna. Þannig hafi stefnandi sjálfur vitað, er beiðni um vátrygginguna var fram borin við umboðsmann stefnda, að skip hans var týnt, og það sé sú vitneskja, sem hér skipti máli.

4.0.

4.1. Stefnandi var eigandi og útgerðarmaður m/b Dagnýjar í umræddri ferð. Samkvæmt heildarkjarasamningi, sbr. lög nr. 2/1969, var honum skylt að kaupa vátryggingu þá, sem hér er um deilt. Réttur stefnanda til höfðunar máls þessa verður því ekki vefengdur, enda hefur honum ekki verið mótmælt.

Eigi verður talið, að hinu stefnda félagi hafi verið skylt samkvæmt lögum nr. 63/1961, lögum nr. 43/1947 eða öðrum réttarheimildum að vátryggja umræddan bát, án þess að beiðni um

slíka vátryggingu kæmi fram. Málssóknin verður því ekki á slíkum rökum reist.

Stefnanda máls þessa var strax um kvöldið þann 7. marz 1969 kunnugt um, að óttast mætti um afdrif m/b Dagnýjar. Ekki kvaðst hann halda, að hann hefði tilkynnt um hvarf bátsins til Stykkishólms fyrr en undir morgun á laugardaginn 8. marz 1969, en taldi þó, að eitthvað hefði verið farið að kvisast um afdrif bátsins þá áður um nóttina.

Í 2.1. var vikið að tilkynningum og leit í tilefni af hvarfi m/b Dagnýjar.

Stefnandi heldur því fram, að með tryggingarbeiðni, sem sett var fram á laugardagsmorguninn 8. marz 1969 milli kl. 0900 og 1000 á skrifstofu umboðsmanns stefnda í Stykkishólmi, hafi komizt á bindandi vátryggingarsamningur milli aðilja máls þessa.

Jafnvel þótt svo yrði litið á, verður að telja stefnda lausan allra mála, þegar miðað er við vitneskju stefnanda um áhættuna, þegar tryggingarbeiðnin kom fram, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 20/1954, enda er ljóst, að stefndi hefði ekki tekið á sig vátrygginguna, ef hann hefði vitað um málavöxtu. Stefnanda var tilkynnt um hina neikvæðu afstöðu stefnda á fundi þann 23. marz 1969. Þá tilkynningu verður að telja nægjanlega, eins og hér stóð á.

Af þessum ástæðum ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður til stefnanda ákveðst kr. 126.340.00 og greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 113.000.00 í málflutningslaun.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Gauki Jörundssyni prófessor og Emil Ágústssyni borgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sverris Sædals Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málskostnaður stefnanda, kr. 126.340.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður, Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 113.000.00 í málflutningslaun.

Þriðjudaginn 14. marz 1972.

Nr. 135/1971. **Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins**
Sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar
(Sigurður Gizurarson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason, prófessor Ármann Snævarr og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1971. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bæði í héraði og hér fyrir dómi byggir stefndi kröfur sínar fyrst og fremst á þeirri málsástæðu, að þau ákvæði laga nr. 72/1969, sem á er reist gjaldtaka úr hans hendi í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, brjóti í bága við ákvæði 40. gr., sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og séu því ógild. Slíka málsástæðu bar héraðsdómendum að taka sérstaklega til rökstuddrar úrlausnar samkvæmt 193. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem héraðsdómendur gættu þessa eigi, verður ekki hjá því komizt, eins og á stendur, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. september 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 23. júní 1970 hér fyrir dómi. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 22. júní 1971, og var málið þá dómtekið. Málið var endurupptekið og flutt að nýju 16. september s.l. og dómtekið að því loknu.

Stefnandi máls þessa er Niðursuðu- og hraðfrystihús Langeyrar, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Stefndi er stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, þeir Davíð Ólafsson, Hörgshlíð 26, Reykjavík, Jón Sigurðsson, Kvisthaga 1, Reykjavík, Kristján Ragnarsson, Goðheimum 12, Reykjavík, Jón Arnalds, Hraunbæ 58, Reykjavík, Bjarni Bragi Jónsson, Lindarhvammi 9, Kópavogi, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Aðalstræti 6, Reykjavík, og Árni Benediktsson, Stórageröi 4, Reykjavík, en þessum mönnum er öllum stefnt fyrir hönd sjóðsins. Jafnframt var málið höfðað á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra, báðum in solidum fyrir hönd ríkissjóðs.

Stefnandi gerði upphaflega svofelldar dómkröfur: „Krafizt er, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verði dæmdur til að greiða Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar kr. 1.100.950.50, sem innheimtar hafi verið í sjóðinn af útfluttri rækju, ásamt 7% dráttarvöxtum frá þeim degi, er fé þetta kom í sjóðinn, til endurgreiðsludags".

Jafnframt var krafizt málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í þinghaldi hér fyrir dómi þann 22. júní 1971 urðu aðiljar sammála um það að skipta sakarefninu samkvæmt 5. málsgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að nú yrði aðeins fjallað um skyldu stefnda til að endurgreiða stefnanda fjárhæð þá, sem tekin hefur verið í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins af frystri rækju miðað við veiðitímabilið 1. janúar 1970 til 31. ágúst sama ár.

Hefur dómarinn fallizt á þessa málsmeðferð.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfunum og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að þann 16. maí 1969 samþykkti Alþingi lög nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Lög þessi voru staðfest 28. maí 1969 og skyldu þegar öðlast gildi, en útgáfudagur laganna var 10. júní 1969.

Hlutverk sjóðsins „er að draga úr áhrifum verðsveiflna, sem verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins". Sjávarútvegsmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Eru þrír menn skipaðir í stjórn án tilnefningar, einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Tveir menn eru skipaðir eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, „þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni".

Eftir ákvæðum laganna skal Verðjöfnunarsjóði skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku laganna skyldi setja á stofn deild fyrir „frystar fiskafurðir", en heimilt var að fjölga deildunum síðar, og skyldi ráðherra ákveða stofnun nýrra deilda með reglugerð.

Samkvæmt lögunum var sjóðstjórninni gert að ákveða verðlagsgrundvöll við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra, en við þennan verðlagsgrundvöll skyldi miða verðhækkun á afurðum. Við ákvörðun verðlagsgrundvallar skyldi hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára svo og niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið yrði tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra breytinga.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skyldu vera allt að helmingur af verðhækkun, sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lögin ná til, miðað við framangreindan verðlagsgrundvöll. Áttu tekjur þessar að renna til viðkomandi deilda sjóðsins.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðal-

verð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem lögin ná til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils. Verðbætur mega aldrei nema meiru en helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

Í B deild Stjórnartíðinda, útgáfudagur 20. júlí 1971, birtist reglugerð um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar skiptist Verðjöfnunarsjóður eftir tegundum afurða í eftirtaldar deildir, sem hafa aðskilinn fjárhag:

1. Deild fyrir frystar fiskafurðir, þar með taldar frystar sjávarafurðir, skeldýra og krabbadýra.
2. Deild fyrir saltfiskafurðir.
3. Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Samkvæmt flutningi hér fyrir dómi höfðu þó deildir þær, sem nefndar eru í 2 og 3 hér að ofan, verið settar á stofn og starfræktar fyrir útgáfu reglugerðarinnar með sérstakri staðfestingu ráðherra. Deild fyrir frystar fiskafurðir skyldi sett á stofn þegar við gildistöku laganna, eins og áður er vikið að.

2.2. Þann 3. febrúar 1970 hélt stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deild fyrir frystar fiskafurðir, fund. Var þá m. a. þetta bókað:

„Formaður gerði grein fyrir tilefni fundarins, þ. e. verðjöfnun á rækjuafurðum. Skýrði hann frá því eftir oddamanni yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins við ákvörðun á verði ferskrar, skelflettrar rækju fyrir tímabilið 1. september 1969 til 31. ágúst 1970, að við umræður í yfirnefnd hafi komið fram samdóma álit nefndarmanna, að æskilegt væri, að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins tæki til rækjuafurða, sérstaklega frystrar rækju, en þar hafa orðið miklar verðsveiflur á undanförnum árum. Nefndarmönnum kom ennfremur saman um, að æskilegt væri, að stjórn Verðjöfnunarsjóðsins gerði ákveðnar tillögur um fyrirkomulag verðjöfnunar og viðmiðunarverð fyrir rækjuafurðir, svo skjótt sem kostur væri, eftir að hún hefði verið skipuð. Fram kom, að viðmiðunarverð oddamanns við verðákvörðun hefðu verið þannig:

a) Vélskelflett fryst rækja: 8/4—8/5 d. pr. lbs. CIF.

b) Handskelflett rækja í saltlegi: 9/6 d. pr. lbs. CIF.

Rætt var um yfirborganir á hráefnisverð rækju, væntanlegt nýtt verð á ferskri óskelflettri rækju og ákvörðun verðgrundvallar fyrir frystar rækjuafurðir.

Menn voru sammála um, að verðjöfnun á frystum rækjuafurðum frá s.l. áramótum væri heimil samkvæmt verðjöfnunarsjóðslögum.

Ákveðið var, að Efnahagsstofnunin léti gera athuganir á útflutningsverði rækjuafurða, sem seldar hafa verið síðan 1. september s.l., til samanburðar við viðmiðunarverð oddamanns við verðákvörðun á s.l. hausti".

Á fundi í sömu stjórn þann 17. sama mánaðar var samþykkt að leggja til við ráðuneytið, að verðjöfnun á frystri rækju skyldi koma til framkvæmda fyrir framleiðslu frá og með áramótum 1970. Hafði stjórn Verðjöfnunarsjóðsins, deild fyrir frystar fiskafurðir, komið sér saman um að ákveða grundvallarverð á rækju sem hér segir:

Handskelflett rækja	10.2	sh. pr.	lb.
Vélskelflett rækja	8.7	— —	lb.
Handskelflett rækja í saltlegi	9.7	— —	lb.

Miðað var við c. i. f. verð án frádráttar á sölulaunum. Ekki skyldi koma til greiðslu í sjóðinn eða úr honum, nema verðbreytingar á handskelflettri og vélskelflettri rækju, hverri tegund fyrir sig, næmi meiru en 1.5% á verðgrundvelli og á handskelflettri rækju í saltlegi næmi meiru en 2.5% frá verðgrundvelli.

Samþykkt þessi var send til sjávarútvegsráðuneytisins, sem samþykkti hana með bréfi til stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, dags. 17. apríl 1970. Var verðgrundvöllurinn staðfestur fyrir frysta rækju, framleidda frá og með 1. janúar til 31. ágúst 1970.

Með bréfi Verðjöfnunarsjóðs til Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, dags. 29. apríl 1970, var tilkynnt, að sjóðurinn hefði samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og staðfestingu sjávarútvegsráðherra ákveðið verðlagsgrundvöll fyrir frysta rækju, framleidda frá 1. janúar til 31. ágúst 1970.

Eins og sjá má af ofansögðu, var fryst rækja tekin í deild með frystum fiskafurðum, en sú deild var stofnuð þegar við gildistöku laganna. Af hálfu fiskframleiðenda hafa tveir menn tekið sæti í þeirri deild eftir sameiginlegri tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Samkvæmt skjölum málsins telur stefndi, að þessir menn fari með hagsmuni framleiðenda frystrar rækju í stjórn Verðjöfnunarsjóðs, deildar fyrir frystar fiskafurðir.

Rækjuframleiðendum var gert að greiða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og hafa greiðslur átt sér stað frá 5. maí 1970. Greiðslur hafa a. m. k. ekki enn verið innheimtar frá fyrsta mánuði ársins 1970, en ljóst er af skjölum málsins, að Verðjöfnunarsjóðurinn telur stefnanda skulda kr. 4.170.977.00 frá því tímabili.

Þær greiðslur, sem rækjuframleiðendur greiddu í sjóðinn, fóru í upphafi á hlaupareikning nr. 3021 (skipt eftir útflytjendum), en eigandi þess hlaupareiknings er Verðjöfnunarsjóðurinn. Rækja var þá á sama reikningi og frystar fiskafurðir, en reikningslega aðskilin. Þann 25. júní 1971 var hins vegar opnaður hlaupareikningur nr. 3025, og þann 30. sama mánaðar var rækjan flutt yfir á hinn nýja reikning, en á honum er útflytjendum einnig haldið sundurgreindum.

2.3. Af skjölum málsins er ljóst, að ýmsir framleiðendur rækju, þar á meðal stefnandi máls þessa, mótmæltu samþykkt stjórnar Verðjöfnunarsjóðs og ákvörðun ráðherra, að fryst rækja skyldi sæta meðferð Verðjöfnunarsjóðs. Voru mótmælin af margvíslegum toga spunnin. Í bréfi samtaka rækjuvinnslustöðvanna til sjávarútvegsráðherra, dags. 20. febrúar 1970, segir m. a. svo um þetta efni:

„Á fundi með yður í gær afhentuð þér okkur ljósrit af bréfum frá herra seðlabankastjóra Davíð Ólafssyni og forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, herra Bjarna B. Jónssyni, en við viljum hér á eftir einkum gera nokkrar athugasemdir við efni bréfs seðlabankastjórans.

Í bréfinu segir, að S. H. og S. Í. S. tilnefni fulltrúa framleiðenda í stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og augljóst sé, að smáir framleiðendur, sem utan þessara samtaka standa, geti ekki komið til greina að eiga fulltrúa í stjórninni.

Það er skoðun rækjuframleiðenda, að þeir eigi ekki samleið með þessum stóru samtökum og þau geti á engan hátt komið fram sem þeirra fulltrúar, enda kemur þetta sjónarmið skírt fram í lögunum um Verðjöfnunarsjóð, þar sem segir, að hver grein fiskiðnaðarins skuli tilnefna sína fulltrúa, þegar fjallað er um mál hennar, eins og við vitnuðum til í fyrra bréfi okkar.

Einnig kemur fram í bréfi seðlabankastjórans, að tilnefning fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðs lúti sömu reglum og í Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hér er farið með rangt mál, því að um Verðlagsráð gilda lögin nr. 87 frá 18/12 1961, þar sem talin eru upp þau samtök, er tilnefna skulu fulltrúa, en í lögunum um

Verðjöfnunarsjóð eru ákvæðin um skipun fulltrúa önnur, eins og áður er greint.

Í bréfinu segir, að sjóðstjórnin hafi í byrjun þessa mánaðar tekið ákvörðun um, að Verðjöfnunarsjóðurinn skyldi taka til frystrar rækjuafurða, ennfremur að 17. þ. m. hafi stjórnin samþykkt tillögu til ráðherra um viðmiðunarverð.

Í 7. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins frá 16. maí 1969 segir, að við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skuli sjóðstjórn ákveða viðmiðunarverð. Sá tími, er valinn var til þessara ákvarðana núna varðandi frysta rækju, er hvorki upphaf ára né veiðitímabils. Núverandi rækjuvertíð hófst í byrjun september 1969 í Arnarfirði og 1. okt. 1969 í Ísafjarðardjúpi, með hléi í des. og jan., eins og vanalega, til 6. janúar í Arnarfirði og 20. jan. í Ísafjarðardjúpi. Er því hér um greinilegt lagabrot að ræða.

Eins og við skýrðum frá á fundinum með yður í gær, hefur almennt samband okkar við fulltrúa framleiðenda í Verðlagsráði verið lítið, og þeir hafa alls ekki túlkað skoðanir okkar á hverjum staðnum, Verðlagsráði eða Verðjöfnunarsjóði, sérstaklega núna. Okkur hefur ekki verið kunnugt um, að til stæði að taka frysta rækju inn í Verðjöfnunarsjóð frá s.l. áramótum þar til nú alveg nýlega, og snerum við okkur þá til yðar.

Við höfum ekki heyrt um umræður í Verðlagsráði á s.l. hausti um aðild okkar að Verðjöfnunarsjóði. Í bréfi seðlabankastjórans er skýrt frá ákveðnum viðmiðunarverðum, en við teljum þau ekki vera byggð á neinum rökum, enda væri nú ekki unnt að reka neina vinnslustöð með þeim söluverðum.

Þá stendur ennfremur í bréfinu, að sumir framleiðendur hafi eftir verðlagningu Verðlagsráðs á s.l. hausti tekið upp á því að greiða yfirverð, kr. 1.— pr. kg. Okkur er fullkunnugt um, að aðeins einn framleiðandi gerði þetta, og alls ekki fyrr en í lok janúar s.l., hinsvegar hefur Verðlagsráð nú löggilt yfirverð þessa eina framleiðanda og þannig neytt aðra til að greiða það.

Seðlabankastjórinn segir, að þær tölur, sem nefndar voru í bréfi okkar, séu fjarri öllu lagi. Það skal viðurkennt, að okkur var ekki kunnugt um verðbilið, 1.5% og 2.5%, og ekki ætti að taka verðjöfnunargjald á því bili, þó verðið hækkaði meira. Seðlabankastjórinn kemur með útreikninga á þessu atriði, og er niðurstaðan, að greiðsla af hverju tonni af vélpillaðri rækju verði um kr. 6.600.00. Hann miðar þá við söluverð 9.4 sh. pr. lb., sem sagt er byggt á fyrirfram sölum. Í þessum útreikningi er því ekki reiknað með, að aðild Íslands að EFTA hafi nein tafar-

laus áhrif, en við höfum knúið fram hærri verð, einnig á fyrirfram sölum, frá s.l. áramótum, og jafnvel áður en EFTA aðild kemur til framkvæmda, þar sem allir kostnaðarliðir hafa stórlega hækkað, og að öðrum kosti var fyrirsjáanleg stöðvun rækjuvinnslunnar. Sú staðhæfing okkar, að verðjöfnunargjaldið af vélpillaðri rækju verður nálægt kr. 25.000.— pr. tonn, stendur því óhögguð, hún verður staðreynd, ef ákvörðun sjóðstjórnarinnar kemur til framkvæmda og ef framleiðslan héldi áfram. Þessi staðreynd, sem nú hefur svo berlega komið í ljós, að sjóðstjórnin hefur reiknað með þessu áætlaða söluverði, 9.4, varpar skýru ljósi á, hvað lítið samband hefur verið haft við framleiðendur og raunveruleikann.

Í bréfi herra Bjarna B. Jónssonar kemur þetta enn í ljós. Hann segir, að mótmæli okkar og rök hefðu átt að koma fram fyrir afgreiðslu málsins í sjóðstjórninni, en hvernig átti það að vera, áður en okkur var kunnugt um málið? Hans eina andsvar er svo, að ekki eigi að láta undan okkur.

Það hefur hingað til verið talið til dyggða að selja íslenzkar afurðir á sem hæstu verði til útlanda, en nú virðist það ekki lengur vera með framkvæmdum Verðjöfnunarsjóðs.

Undanfarin ár hefur afkoma rækjuvinnslustöðvanna verið léleg, ekki síður en annarrar fiskvinnslu, en núna, þegar von er til, að einhver ljósgeisli læðist inn í þennan rekstur, a. m. k. um stuttan tíma, en þetta hefur aðeins náðst með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði, þá eru opinberir aðilar reiðubúnir að slökkva hann strax í fæðingu og koma okkur á sama grundvöll aftur. Okkur er fullkunnugt um þær staðreyndir, sem við okkur blasa, þann skuldahala, sem við drögumst með og vantar fé til að höggva í.

Við viljum einnig benda á þær stórauknu kröfur um hreinlæti við framleiðsluna og aukin gæði vörunnar, sem markaðirnir gera í sívaxandi mæli, og enn eru framundan stórátök á þessu sviði, sem framleiðendur verða að gera í nánustu framtíð, eins og kunnugt er. Allt hefur þetta haft og mun hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér".

Stjórn sjóðsins og sjávarútvegsráðuneytið töldu hins vegar, að mótmæli þessi væru eigi nægum rökum studd. Um þetta efni segir m. a. svo á minnisblaði Gunnlaugs Briems ráðuneytisstjóra, sem lagt hefur verið fram í málinu.

„Formhlið málsins.

a. Í 2. gr. laga nr. 72/1969, þar sem kveðið er á um skipun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, segir: „að við hverja ákvörðun um

verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni". Þar sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga eru stærstir aðiljar í frystiiðnaðinum, tilnefndu þeir fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðsins fyrir rækjuverksmiðjurnar eins og aðrar greinar frystiiðnaðarins. Þessir sömu aðiljar, S. H. og S. Í. S., tilnefna fulltrúa í Verðlagsráð sjávarútvegsins fyrir allar greinar frystiiðnaðarins, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1961. Eigendur rækjuvinnslustöðvanna hafa ekki stofnað formleg samtök til að gæta hagsmuna sinna. Það var því eðli málsins samkvæmt, að S. H. og S. Í. S. tilnefndu fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðs, þegar fjallað var um málefni rækjuiðnaðarins, enda höfðu eigendur stöðvanna ekki borið fram óskir um að tilnefna umrædda fulltrúa. Að sjálfsögðu gátu eigendur stöðvanna skýrt sjónarmið sín gagnvart Verðjöfnunarsjóði fyrir milligöngu téðra fulltrúa.

Á fundi hjá viðskiptaráðherra 19. febrúar s.l., þar sem rætt var um rækjumálið, tilkynnti ráðherra, að ef eigendur rækjuvinnslustöðva mynduðu samtök, sem stæðu opin öllum rækjuvinnslustöðvum, þá gætu samtök þessi tilnefnt fulltrúa til að taka sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðs, þegar rætt væri um mál rækjuiðnaðarins. Þessi samtök hafa ekki verið stofnuð ennþá.

Mótmæli eigenda rækjuvinnslustöðvanna vegna skorts á fyrirsvari í stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafa samkv. framansögðu ekki við rök að styðjast.

b. Í 7. gr. laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins er svo ákveðið: „Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil".

Þann 23. september 1969 ákvað yfirnefnd Verðlagsráðs lágmarksverð á ferskri rækju fyrir tímabilið 1. september 1969 til 31. ágúst 1970.

Með lögum nr. 4/1970 var svo ákveðið, að Verðlagsráð skuli „endurskoða lágmarksverð, sem gilti á árinu 1969 með gildistíma fram á 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970". Lögin eru staðfest af forseta Íslands 3. febrúar 1970.

Í samræmi við þetta lagaboð tók Verðlagsráð til meðferðar lágmarksverð á rækju, og náðist samkomulag um verðið á fundi ráðsins 14. febrúar s.l.

Það var samdóma álit Verðlagsráðs og yfirnefndar ráðsins, að æskilegt væri, að Verðjöfnunarsjóður tæki til rækjuafurða, sér-

staklega frystrar rækju, þar sem miklar verðsveiflur hefðu orðið á undanförnum árum. Munu fulltrúar fiskiðnaðarins hafa haft samráð við stjórn Verðjöfnunarsjóðs í því efni svo og um væntanleg viðmiðunarverð sjóðstjórnarinnar, enda bókar Verðlagsráðið í sambandi við samkomulagið 14. febrúar s.l. eftirfarandi:

„Samkomulag varð um, að lágmarksverð á rækju frá 1. janúar til 31. ágúst 1970 skuli vera kr. 11.30 hvert kg. Verð þetta miðast við, að viðmiðunarverð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sé 8.7 shillingar fyrir vélpillaða frysta rækju, 9.7 shillingar fyrir rækju í saltlegi og 10.2 fyrir handpillaða frysta rækju".

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins skal sjóðstjórnin við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkanir og verðlækkanir fiskafurðanna.

Eins og að framan segir, dróst ákvörðun Verðlagsráðs um rækjuverðið til 14. febrúar s.l. Þá fyrst gat stjórn Verðjöfnunarsjóðs gert tillögur til ráðherra um verðgrundvöllinn, og var það gert á fundi stjórnarinnar þann 17. febrúar s.l.

Mótmæli eigenda rækjuvinnslustöðvanna gegn ákvörðun grundvallarverðsins sem broti á téðum ákvæðum 7. gr. laga nr. 72/1969 hafa ekki við rök að styðjast, þar sem drátturinn er bein afleiðing af ákvæðum laga nr. 4/1970, sem öðluðust gildi 3. febrúar 1970. ...

Eigendur rækjuvinnslustöðvanna hafa mótmælt því, að fryst rækja verði tekin til verðjöfnunar í Verðjöfnunarsjóði nú og aðild þeirra frestað til næstu vertíðar næsta haust. Mótmæli sín byggja þeir á rangri málsmeðferð, eins og að framan er lýst í I. Þá skýra eigendurnir frá því, að undanfarin ár hafi afkoma stöðvanna verið léleg, svo að ekki hafi verið unnt að framkvæma nauðsynlegasta viðhald eða endurnýjun. Ekki hafi verið unnt að lækka skuldir. Vinnulaun og annar rekstrarkostnaður hafi hækkað og fari stöðugt hækkandi. Þá er sagt, að stórauknar kröfur hafi verið gerðar um hreinlæti við framleiðsluna og aukin gæði vörunnar, sem markaðirnir gera í sívaxandi mæli, og enn séu framundan stórátök á þessu sviði, sem framleiðendur verða að gera í nánustu framtíð. Allt hafi þetta haft og muni hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér.

Loks lýsa eigendurnir því yfir í bréfi sínu, dags. 17. febrúar s.l., „að ef áðurnefndar aðgerðir koma til framkvæmda, liggur

ekkert annað fyrir rækjuvinnslustöðvunum en að hætta rekstri strax".

Gögn til stuðnings þessum fullyrðingum hafa eigendurnir ekki lagt fram.

Á framangreindum fundi hjá viðskiptaráðherra 19. f. m. var forráðamönnum vinnslustöðvanna boðað og að þeim lagt að ræða við Efnahagsstofnunina og kanna þau gögn og áætlanir, sem lögð hafa verið til grundvallar lágmarksverði Verðlagsráðs á ferskri rækju og grundvallarverði Verðjöfnunarsjóðs.

Næsta dag var fundur haldinn í Efnahagsstofnuninni með téðum aðiljum, og er frásögn Jóns Sigurðssonar skrifstofustjóra af fundi þessum svohljóðandi:

„Samkvæmt samkomulagi, er gert var á fundi sjávarútvegsráðherra, sem þá var Gylfi Þ. Gíslason, með rækjuframleiðendum hinn 19. febrúar s.l., komu fulltrúar nýstofnaðra samtaka rækjuvinnslustöðva til fundar í Efnahagsstofnuninni hinn 20. febrúar s.l. Fundinn sátu eftirtaldir menn:

Frá rækjuframleiðendum:

Böðvar Sveinbjarnarson
Kári Einarsson
og Richard Björgvinsson.

Frá Efnahagsstofnuninni:

Bjarni Bragi Jónsson
og Jón Sigurðsson.

Tilgangur fundarins var að kynna rækjuframleiðendum rekstrarkostnaðaráætlanir þær fyrir rækjuveiðar og rækjuvinnslu, sem fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar og oddamaður í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins hafði lagt fram og miðað við verðákvörðun rækju haustið 1969, auk þess sem framleiðendum gæfist kostur á að koma sjónarmiðum sínum um rekstrargrundvöll rækjuvinnslunnar á framfæri. Á fundinum voru ofangreindar áætlanir oddamanns lagðar fram og ræddar í smáatriðum. Ekki kom fram á fundinum — eða síðar — nein rökstudd gagnrýni á áætlanir þessar af hálfu rækjuframleiðenda, og ekki voru lögð fram nein gögn af þeirra hálfu um afkomuhorfur rækjuvinnslustöðva á yfirstandandi vertíð"."

Loks er rétt að rekja meginefni bréfs sjávarútvegsráðherra til rækjuframleiðenda á Vestfjörðum, dags. 9. október 1970, en bréf þetta lýsir að nokkru þeim sáttatilraunum, sem fylgdu í kjölfarið.

„Svo sem kunnugt er, urðu miklar deilur á síðastliðnum vetri

um samþykkt, er gerð var af stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir frystar fiskafurðir, um verðgrundvöll fyrir frystar rækjuafurðir fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1970. Vegna þess m. a. stöðvaðist vinnsla rækju í nokkurn tíma. Til þess að stuðla að því, að framleiðendur hæfu vinnslu á ný, hét sjávarútvegsráðherra því að fela óhlutdrægum mönnum að athuga þau gögn, er rækjuframleiðendur vildu láta ráðuneytinu í té um deiluefnið, í því skyni, að rannsakað yrði, hvort staðhæfingar aðila í sambandi við deilu þessa hefðu við rök að styðjast. Ef sú athugun sýndi, að hallað væri á hlut framleiðenda, hét ráðherra, að hann skyldi fyrir sitt leyti stuðla að því, að hlutur þeirra yrði réttur. Í framhaldi af þessu fól ráðuneytið þeim Jóni Sigurðssyni, hagrannsóknarstjóra, og Hjalta Einarssyni, fiskiðnaðarfulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, að kanna gögn þau, er framleiðendur rækju afhentu ráðuneytinu síðari hluta apríl mánaðar s.l.

Skýrsla þessara síðastnefndu manna, dags. 5. þ. m., hefur nú loks borizt ráðuneytinu, og fylgir hún hjálagt með bréfi þessu. Skýrslan hefur að geyma athugun á framleiðslukostnaði og afkomu rækjuvinnslu árin 1969 og 1970. Áður hafði rækjuframleiðendum verið afhent memorandum um verðjöfnun á andvirði frystrar rækju, samið af Gunnlaugi E. Briem, ráðuneytisstjóra.

Með tilvísun til framanritaðs tekur ráðuneytið fram, að það telur skýrsluna ekki gefa tilefni til frekari aðgerða af þess hálfu".

Í bréfi Félags íslenzkra niðursuðuverksmiðja, dags. 4. janúar 1971, til sjávarútvegsráðuneytisins, segir, „að s.l. haust var lögum félags okkar breytt þannig, að allar rækjuvinnslustöðvar geta orðið meðlimir, þó fyrirtæki þessi hafi hvorki niðurlagningu né niðursuðu.

Samkvæmt þessu eru flestar rækjuvinnslustöðvar nú meðlimir í félagi okkar. Viljum við því eindregið fara þess á leit, að okkur verði gefið tækifæri til að koma fram fyrir hönd rækjuvinnslustöðva, bæði við verðlagningu á rækju og í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, þegar málefni þeirra eru rædd ...".

Þessu erindi synjaði sjávarútvegsráðuneytið með bréfi, dags. 12. marz 1971.

3.0.

3.1. Málsástæður sækjanda eru þessar:

1. Stefnandi heldur því fram, að lög nr. 72/1969 feli í sér álögur, sem jafna megi til skatta, en skattamálin verði að skipa

með lögum samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi geti því ekki framselt stjórn Verðjöfnunarsjóðs vald til þess að leggja á skatt eða gjöld, sem eru borgurunum jafnþungbær og skattar. Lög nr. 72/1969 fullnægi því ekki ákvæðum 40. gr. stjórnarskrárinnar í eftigreindum atriðum:

a. Þau tilgreini ekki nákvæmlega þær tegundir fiskafurða, sem verðjöfnunargjaldið skuli lagt á.

b. Í þeim sé enginn verðgrundvöllur tilgreindur, heldur sé sjóðstjórninni falið að ákveða hann á þann hátt.

c. Sérstakur skattstigi sé ekki greindur í lögum nr. 72/1969, heldur geti stjórn Verðjöfnunarsjóðs ákveðið, að hann skuli vera allt að helmingi af verðhækkunum.

d. Með álagningu sérstaks verðjöfnunargjalds á rækjuframleiðendur segir stefnandi farið út fyrir þau takmörk, sem setja verði skattlagningarvaldi löggjafa, þ. e. að skattar séu lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu.

2. Til vara teflir stefnandi fram þeim málsástæðum, að við framkvæmd laga nr. 72/1969 hafi þau verið þverbrotin með undirbúningi og álagningu verðjöfnunargjaldsins á rækjuframleiðendur.

a. Stefnandi telur, að 2. gr. laga nr. 72/1969 hafi verið brotin, þar sem fulltrúar rækjuframleiðenda hafi ekki verið skipaðir í stjórnina eftir tilnefningu þeirra, þegar ákvörðun hafi verið tekin um að leggja verðjöfnunargjald á rækjuafurðir. Stjórn sjóðsins hafi því verið vanhæf til að taka ákvörðun um álagningu verðjöfnunargjaldsins á rækjuafurðir. Í þessu sambandi mótmælir stefnandi því, að fulltrúar S. H. og S. Í. S. hafi verið fulltrúar rækjuframleiðenda.

b. Stefnandi bendir á, að stjórn sjóðsins hafi ekki gert tillögu til sjávarútvegsráðherra um verðgrundvöll fyrr en 17. febrúar 1970. Ráðherra hafi staðfest tillöguna eftir miðjan apríl, en það sé ekki fyrr en 29. apríl sem Verðjöfnunarsjóðurinn tilkynni, að verðgrundvöllur hafi verið ákveðinn. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 72/1969 eigi hins vegar að ákveða verðgrundvöllinn „við upphaf árs eða framleiðslutímabils". Þetta ákvæði sé sett til að tryggja hagsmuni þeirra, sem verðjöfnunargjald skuli greiða. Þeir eigi í tæka tíð að geta lagt mat á þann aukna rekstrarkostnað, sem af gjaldinu leiðir.

c. Stefnandi heldur því fram, að í samtali sjávarútvegsráðherra og Björgvins Bjarnasonar 5. marz 1970 hafi ráðherra spurt, hvort rækjuframleiðendur vildu hefja vinnslu að nýju næsta dag, ef hann léti óhlutdræga menn rannsaka gögn frá rækjuframleið-

endum, en áður höfðu nokkrir rækjuframleiðendur stöðvað vinnslu á rækju vegna máls þess. Segir í stefnunni, að ráðherra hafi tekið skýrt fram, að þessir menn skyldu ekki vera aðiljar að stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Hafi þetta orðið að samkomulagi á milli vinnslustöðvanna og ráðherra. Hafi rækjuframleiðendur lagt fram greinargerð í málinu þann 15. apríl 1970. Greinargerðin hafi verið send Efnahagsstofnuninni, en forstjóri hennar sé Bjarni Bragi Jónsson, sem eigi sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Þá hafi ráðherra úrskurðað nokkrum dögum síðar, að fryst rækja skyldi tekin í Verðjöfnunarsjóð þrátt fyrir loforð sitt um álit hlutlausra manna.

d. Stefnandi telur, að ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs þann 17. febrúar 1970 hafi verið reist á röngum forsendum og orðið þyngri skattur en ætlun sjóðstjórnar hafi verið. Hafi stjórnin talið sig vera að leggja á verðjöfnunargjald, sem næmi kr. 6.600.00 á hvert tonn af vélskelflettri rækju. Vegna EFTA aðildar Íslands o. fl. hafi verðjöfnunargjaldið numið nálægt kr. 25.000.00 á hvert tonn. Telur stefnandi, að hér hafi verið um mistök að ræða. Með tilkomu hinna réttu upplýsinga verði að telja, að brostnar séu forsendur fyrir ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs.

e. Loks bendir stefnandi á, að ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs 17. febrúar 1970 hafi verið gerð að samkomulagsatriði í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Verði að telja þá málsmeðferð ólögmæta, því að samkvæmt 7. gr. laga nr. 72/1969 beri stjórn Verðjöfnunarsjóðs að leggja hlutlægt mat á þau atriði, sem í greininni séu nefnd.

3.2. Málsástæður stefnda eru í stuttu máli þessar:

a. Stefndi kveður ljóst, að lög nr. 72/1969 fjalli á engan hátt um eignarnám, sem bætur skulu fyrir koma samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi og aðrir rækjuframleiðendur njóti ekki eingöngu þess fjár, sem þeir leggja í sjóðinn, heldur einnig framlags hins opinbera, sem skipti milljónum króna. Auk þess geti rækjuframleiðendur í sumum tilfellum fengið hærri verðbætur úr sjóðnum en framlögum þeirra nemur. Stefndi telur, að umrædd lög tilgreini nægjanlega þær tegundir fiskafurða, sem verðjöfnunargjaldið skuli lagt á. Samkvæmt 1. gr. laganna sé það hlutverk þeirra að draga úr áhrifum verðsveiflna, sem verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Séu hér engar tegundir fiskafurða undanskildar. Ekki sé vafi á því, að útflutt rækja falli undir hið almenna hugtak laganna um afurðir fiskiðnaðarins til útflutnings, og vísar stefndi í 3. gr. laga nr. 97/1961 um Verð-

lagsráð sjávarútvegsins til samanburðar. Telur stefndi, að gjaldtakan hafi því stoð í 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 72/1969.

Stefndi mótmælir því, að verðgrundvöllur, eins og hann er ákveðinn í 7. gr. laga nr. 72/1969, brjóti í bága við ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar. Hann bendir á, að eins og lögum nr. 72/1969 sé háttað, hljóti verðgrundvöllurinn að vera mismunandi fyrir einstakar tegundir fiskiðnaðarins og breytilegur frá einu framleiðslutímabili til annars. Í 7. gr. sé lýst sjónarmiðum þeim, sem fara skuli eftir við ákvörðun verðgrundvallar, og sé slíkt algengt í skattalögum. Er bent á, að ákvörðun gjaldstofna af þessu tagi hafi aldrei verið talin fara í bága við 40. gr. stjórnarskrárinnar eða samsvarandi ákvæði í eldri stjórnarskrám. Svipað telur stefndi vera að segja um ákvörðun um tekjur í Verðjöfnunarsjóðinn samkvæmt 5. gr. laga nr. 72/1969. Telur stefndi, að finna megi í löggjöfinni fjölda hliðstæðna eða lög, sem gangi jafnvel lengra en þetta. Telur stefndi fjarstætt, að hér sé um brot á 40. gr. stjórnarskrárinnar að ræða.

Þá telur stefndi, að sú málsástæða stefnanda hafi ekki við neitt að styðjast, að með lögum nr. 72/1969 hafi verið farið út fyrir þau takmörk, sem setja verði skattlagningarvaldi löggjafans. Hér sé um að ræða gjald, sem sé lagt almennt á tiltekna atvinnugrein og á málefnalegum grundvelli, þ. e. til að draga úr áhrifum verðsveiflna.

b. Stefndi andmælir því, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi verið vanhæf, þegar tekin var ákvörðun um álagningu verðjöfnunargjalds á rækjuafurðir. Hann bendir á, að eigendur rækjuvinnslustöðvanna hafi ekki myndað með sér nein formleg samtök, sem fær væru um að gæta hagsmuna þeirra. Hafi því ekki verið til aðili, sem gæti tilnefnt sérstakan fulltrúa af hendi rækjuframleiðenda til að taka sæti á fundum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs. Í þessu sambandi bendir stefndi einnig á það, að fulltrúar S. H. og S. Í. S. hafi átt sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðsins sem fulltrúar framleiðenda frystra fiskafurða. Gjaldið hafi verið lagt á frysta rækju, sem telja verði frysta fiskafurð. Við það bætist, að fulltrúar frá S. H. og S. Í. S. hafi einnig átt sæti í Verðlagsráði sjávarútvegsins, þegar ákveðið var verðlag á rækju. Augljóst sé því, að stjórn Verðjöfnunarsjóðsins hafi verið löglega skipuð, þegar ákvörðun hafi verið tekin um álagningu verðjöfnunargjaldsins.

c. Stefndi bendir á, að samkvæmt skjölum málsins hafi sjóðstjórnin þegar í byrjun febrúar 1970 tekið fullnaðarákvörðun

um að leggja til, að verðjöfnun skyldi taka til frystrar rækju, en veiðar muni hafa hafizt um 20. janúar. Þetta hafi ekki verið unnt að gera, fyrr en lokið hafi verið ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins um lágmarksverð. Stefndi telur, að af skjölum málsins megi sjá, að eigendur rækjuvinnslustöðva hafi þá verið kunnugt um og raunar löngu áður, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefði ákveðið að gera tillögu um verðjöfnunargjald af rækju. Vegna lagaákvæða hafi orðið að ákveða nýtt verð á rækju frá og með byrjun veiðanna á árinu 1970. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi ekki talið annað fært en að bíða með sínar ákvarðanir, þar til séð yrði, hvað yrði um verðlagninguna í Verðlagsráði sjávarútvegsins, þar sem þetta tvennt sé hvort tveggja óaðskiljanlegt. Dráttur sá, sem orðið hafi á ákvörðun á verðgrundvellinum, hafi því verið óhjákvæmilegur. Að öðru leyti telur stefndi það ekki skipta máli um úrslit máls þessa, þótt eigi hafi verið farið eftir fyrirmælum 7. gr. laganna, þar sem sú regla sé aðeins verklagsregla fyrir stjórnina, en geti ekki valdið því, að ákvarðanir, sem teknar séu á öðrum tímum, eigi að vera ógildar. Stefndi mótmælir því, að sjávarútvegsráðherra hafi gefið stefnanda eða öðrum rækjuframleiðendum nokkurt loforð um, að úrskurður hlutlausra manna skyldi ganga um málið, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um verðjöfnunargjaldið. Eina loforðið, sem sjávarútvegsráðherra hafi gefið rækjuframleiðendum, sé rakið í bréfi sjávarútvegsráðuneytisins til þeirra, sbr. 2.3. Því loforði hafi ráðherrann fullnægt að öllu leyti og hafi rækjuframleiðendur fengið skýrslu þeirra Jóns Sigurðssonar hagrannsóknarstjóra og Hjalta Einarssonar iðnaðarfulltrúa.

4.0

4.1. Í 1. gr. laga nr. 72/1969 segir m. a.:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins".

Í 5. gr. sömu laga er sagt, að „tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins, sem lög þessi ná til".

Í bráðabirgðaákvæði laganna er kveðið þannig að orði: „Á árinu 1968 skal vera í gildi verðtrygging fyrir frystar fiskafurðir, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og fyrir frysta rækju".

Við skýringu á orðunum „útflutningsafurðum fiskiðnaðarins" verður ótvíræður tilgangur laganna og tilætlun löggjafans látinn

ráða úrslitum. Samkvæmt því ber að líta svo á, að rækja falli undir ákvæði þeirra, þó að orðalag sé ekki nákvæmt.

Í 3. gr. laga nr. 72/1969 er sagt: „Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku laga þessara skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en heimilt er síðar að fjölga deildum". Skyldi það gert með reglugerð samkvæmt 10. gr. laganna.

Eins og vikið var að í 2.2., var fryst rækja tekin í deild með frystum fiskafurðum. Eigi verður talið, að orðin „frystar fiskafurðir" í nefndri 3. gr. taki til frystrar rækju samkvæmt réttri orðskýringu, enda er fryst rækja nefnd sérstaklega í tilvitnuðu bráðabirgðaákvæði við hlið frystra fiskafurða.

Efnisrök styðja og slíka niðurstöðu, þar sem í umræddu ákvæði 3. gr. um deildarskiptingu verður talin felast nokkur trygging fyrir þá framleiðendur afurða, sem verðjöfnunargjald er lagt á. Þannig taka sæti í stjórninni samkvæmt 2. gr. laganna tveir fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni, og samkvæmt 6. gr. geta verðbætur ekki farið umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu kemur.

Enn fremur er að líta á það, að rækja hefur sérkenni, er varða m. a. framleiðendur, verkun og kaupendur afurða. Hefur eigi verið sýnt fram á, að rækjuvinnslu svipi frekar til freðfiskframleiðslu heldur en til vinnslu ýmissa annarra sjávarafurða.

Loks er að benda á, að í raun hefur rækja sætt sérstakri meðferð. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi hefur verðjöfnunargjaldi af frystri rækju verið haldið reikningslega aðskildu í freðfiskdeildinni, og andvirðið er nú á sérstökum hlaupareikningi, svo sem lýst hefur verið. Enn fremur var ákvörðun um verðjöfnunarmeðferð á frystri rækju ekki tekin fyrr en í apríl 1970 (og þá gjaldskylda miðuð við 1. janúar s. á.), enda þótt lögskylt hafi verið að starfrækja deild fyrir frystar fiskafurðir frá gildistöku laganna.

Að ofanrituðu athuguðu ber að líta svo á, að lögmæt ákvörðun um verðjöfnunarmeðferð á frystri rækju hafi ekki verið tekin, þegar af þeirri ástæðu, að ekki var fylgt 3. gr. laganna.

Stefndi, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, er því skyldur til endurgreiðslu. Ber að dæma sjóðinn skyldan til að endurgreiða það gjald, sem tekið hefur verið af stefnanda í sjóðinn af andvirði frystrar rækju, sem veidd var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1970.

Í stefnu segir, að mál þetta sé höfðað á hendur stjórn Verð-

jöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins f. h. sjóðsins, en jafnframt á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra, báðum in solidum f. h. ríkissjóðs. Um sjóðinn gilda sérstök lög, þar sem m. a. er mælt fyrir um stjórn sjóðsins, sérstaklega tekjuöflun, vörzlu og meðferð sjóðsins. Verður því að telja, að stjórn sjóðsins svari fyrir hann í máli þessu. Þykir eiga að líta svo á, að ráðherrunum sé stefnt til vara. Kemur kröfugerð á hendur þeim ekki til frekari álita, þar sem krafan á hendur Verðjöfnunarsjóði er tekin til greina.

Dæma ber stefnda, Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 85.000.00 í þessum þætti málsins.

Dómari í máli þessu var Stefán M. Stefánsson borgardómari og meðdómsmennirnir Árni Vilhjálmsson prófessor og Þór Vilhjálmsson prófessor.

Dómsorð:

Stefnda, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, ber að endurgreiða stefnanda, Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar, það gjald, sem tekið hefur verið af stefnanda í Verðjöfnunarsjóðinn af andvirði frystrar rækju, sem veidd var á tímabilinu 1. janúar 1970 til 31. ágúst s. á.

Stefndi, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, greiði stefnanda, Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar, kr. 85.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. marz 1972.

Nr. 157/1970. **Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda m/s Irene Frijs, Knud I. Larsen persónulega og f. h. Frahla Rederi I/S, Roskilde,**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Erni Clausen f. h. Ditta Luciano Sanni, Messina, (Brandur Brynjólfsson hrl.)
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga,
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og
Örn Clausen f. h. Ditta Luciano Sanni, Messina,

gegn

Sveinbirni Jónssyni f. h. Knud I. Larsen persónulega og f. h. Frahla Rederi I/S, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar og Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Farmflutningar. Gagnfær farmskírteini.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1970. Dómkröfur hans eru aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi gagnáfrýjanda og stefndu.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleysi 23. s. m. Krefst hann aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara gerir hann þessar dómkröfur:

Aðallega, að stefndi Samband Íslenzkra samvinnufélaga verði dæmdur til að greiða ítalskar lírur 1.838.312.00 með 8% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara, að stefndi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar verði dæmdur til að greiða greinda stefnufjárhæð ásamt vöxtum, eins og að framan greinir, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til þrautavara, að stefndi Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda verði dæmdur til að greiða stefnukröfuna ásamt vöxtum, svo sem getið var, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allir stefndu krefjast hver fyrir sig sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra.

Málsatvik eru í megindráttum rakin í héraðsdómi. Eftir uppsögu hans hafa farið fram framhaldspróf og mörg ný skjöl verið lögð fyrir Hæstarétt.

Aðaláfrýjandi byggir frávísunarkröfu sína á því, að honum sé óskylt að svara til málssóknar fyrir íslenzkum dómstóli. Í 2. tl. flutningsskilmála allra farmskírteinanna, sem út eru gefin 15. marz 1966 af stefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar f. h. skipstjóra m/s Irene Frijs, segir svo: „Jurisdiction. Any dispute arising under this Bill of Lading to be decided in Iceland according to Icelandic law". Aðaláfrýjandi verður samkvæmt þessu ákvæði að sæta íslenzkri lögsögu, og verður frávísunarkrafa hans ekki tekin til greina.

Gagnáfrýjandi reisir málssókn sína á hendur aðaláfrýjanda á farmskírteinum þeim, sem að framan greinir, en skírteini þessi framseldi stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga

gagnáfrýjanda með eyðuframsali. Samkvæmt farmskírteinunum var afhendingarstaður skreiðarinnar í Messina með umhleðslu í Napólí.

Svo sem áður greinir, gaf umboðsmaður útgerðar m/s Irene Frijs út gangfær farmskírteini um skreið þá, sem skipið tók og ætluð var gagnáfrýjanda. Farmskírteini þessi voru gefin út af umboðsmanninum fyrir hönd skipstjóra, og voru þau síðar framseld gagnáfrýjanda af seljanda skreiðarinnar, stefnda Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Farmskírteini þessi eru grundvöllur réttarstöðu aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda sín á milli, sbr. 141. og 148. gr. siglingalaga nr. 66/1963, og breytir það engu hér um, þótt stefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar kunni að hafa verið óheimilt gagnvart aðaláfrýjanda að gefa út skírteinin með þeirri tilgreiningu á ákvörðunarstað skreiðarinnar, sem raun varð á. Hefur og eigi verið sýnt fram á grandsemi gagnáfrýjanda um nokkur þau atriði, er máli skipta um rétt hans samkvæmt greindum ákvæðum siglingalaga. Ber aðaláfrýjanda samkvæmt þessu að bæta gagnáfrýjanda það tjón, sem hann hefur beðið af því, að aðaláfrýjandi hlutaðist ekki til um framflutning varningsins frá Napólí til Messina, en ekki verður fallizt á þá málsástæðu aðaláfrýjanda, að krafan sé niður fallin fyrir fyrningu samkvæmt 3. tl. 233. gr. siglingalaganna.

Gagnáfrýjandi hefur lagt fram reikninga yfir geymslu- og flutningskostnað skreiðarinnar frá Napólí til Messina og annan kostnað, er samtals nema stefnufjárhæðinni. Reikningum þessum hefur ekki verið hnekkt. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar aðaláfrýjanda, að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7% á ári.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00.

Þar sem kröfur gagnáfrýjanda gegn aðaláfrýjanda eru samkvæmt framansögðu teknar til greina, en kröfur hans gegn stefndu eru einungis hafðar uppi til vara, ber að sýkna þá af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Ekki er til úrlausnar

í máli þessu, hvort aðaláfrýjandi eigi framkröfur á hendur stefndu, einum eða fleirum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður í þætti stefndu hér fyrir dómi fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7% á ári.

Aðaláfrýjandi, Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda m/s Irene Frijs, Knud I. Larsen persónulega og f. h. Frahla Rederi, greiði gagnáfrýjanda, Erni Clausen f. h. Ditta Luciano Sanni, Messina, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00.

Málskostnaður í þætti stefndu, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda og Skipamiðlunar Gunnars Guðjónssonar, fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. maí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. þ. m., hefur Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 26. apríl 1967, á hendur Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Reykjavík, aðallega, en til vara Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, Hafnarstræti 5, Reykjavík, og til þrautavara Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, Aðalstræti 6, Reykjavík, til greiðslu á ítölskum lírum 1.828.312.00 með 8% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Þessir stefndu hafa allir gert þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Með sakaukastefnu, birtri 13. marz 1970, höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur eiganda skipsins „Irene Frijs", Knud I. Larsen, Skt. Annœ Plads 20, DK-1250, København, Danmörku,

sjálfum og f. h. Frahla Rederi I/S, Roskilde, Danmörku, sem hinum skráða eiganda skipsins samkvæmt skipaskrá Lloyds til greiðslu á framangreindri stefnufjárhæð auk 8% ársvaxta frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Sakaukamálið var þingfest hinn 17. apríl s.l. Af hálfu sakaukastefnda var þá ekki sótt þing né heldur síðar í málinu, og frá honum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dags. 25. febrúar 1966, fékk stefndi Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda (S. Í. F.) m/s „Irene Frijs" til saltfiskflutninga til Ítalíu og Grikklands. Stefndi Skipamiðlunarskrifstofa Gunnars Guðjónssonar sá um að útvega skip til þessara flutninga. Skipið lestaði saltfisk til einnar hafnar á Ítalíu og síðan til áframhaldandi ferðar til Grikklands, svo sem samningurinn ber með sér. Nokkru áður en skipið fór frá Íslandi, spurðist útflutningsdeild stefnda Sambands íslenzkra samvinnufélaga (S. Í. S.) fyrir um það, hvort unnt væri að fá rúm í skipinu fyrir skreiðarsendingu til Ítalíu, allt að 65 tonnum. Með því að skipið hafði nægilegt lestarrými, varð það að samkomulagi milli S. Í. F. og útflutningsdeildar S. Í. S., að skipið tæki umrædda skreiðarsendingu til affermingar í Napólí. Var hér um að ræða 951 balla af skreið, sem stefnandi hafði keypt c. i. f. Messina hjá stefnda S. Í. S., sbr. vörureikninga um sölu þessa, sem dagsettir eru 15. marz 1966. Stefndi S. Í. S. samdi nú við varastefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar f. h. skipstjóra skipsins m/s „Irene Frijs", eign Knud I. Larsens, Kaupmannahöfn, um flutning skreiðarinnar til Messina á Ítalíu „With transshipment at Napoli". Þrjú farmskírteini voru gefin út yfir vöru þessa, og eru þau dagsett 15. marz 1966. Frumrit þessara farmskírteina voru öll undirrituð af varastefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar f. h. skipstjórans („For the Master"). Í farmskírteinum þessum er tekið fram, að ákvörðunarstaður, „Port of destination", sé Messina, en vöruna eigi að umskipa, „With transshipment at" Napólí. Skreiðarmagn það, sem stefnanda var þannig sent með skipinu m/s „Irene Frijs" frá stefnda S. Í. S., nam að magni samtals 59.175 kg.

Er m/s „Irene Frijs" kom til Papólí, var framangreindri skreiðarsendingu skipað þar upp og komið fyrir í frystigeymslu, en eigi séð um að senda hana áfram til Messina. Stefnandi kveðst

hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá aðalstefnda, S. Í. S., til að uppfylla samning aðiljanna og sjá um að koma skreiðinni til Messina, en án árangurs. Hafi aðalstefndi, S. Í. S., vísað á stefndu Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar og S. Í. F., en þeir hafi aftur vísað á aðalstefnda, S. Í. S. Hafi þessir stefndu sagt, að aðalstefndi, S. Í. S., hafi aldrei samið um flutning lengra fyrir skreiðina heldur en til Napólí, enda aðeins verið krafinn um farmgjald þangað. Þegar útséð var um, að stefnandi fengi leiðréttingu mála sinna, ákvað hann samkvæmt ráðum lögfræðings síns hér á landi að leysa út vöruna í banka á Ítalíu og greiða þann kostnað af geymslu o. fl., sem á hana var fallin í Napólí, svo og flutningsgjald til Messina, allt til að koma í veg fyrir frekara tjón, er hlyti að lenda á einhverjum hinna stefndu í máli þessu. Þetta allt kveðst stefnandi hafa gert í ágústmánuði 1966 og hinn 16. þ. m. hafi síðasta bankakrafan verið innleyst. Nemi kostnaður þessi alls 1.838.312 lírum, sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Vitnið Birgir Halldórsson, fulltrúi í sjávarafurðadeild aðalstefnda, S. Í. S., hefur komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að upphaf þessa máls sé það, að aðalstefndi, S. Í. S., hafi tekizt á hendur gagnvart stefnanda máls þessa að selja honum og senda 950 balla af skreið c. i. f. til Messina. Vitnið kvaðst hafa vitað um það, að á þessu tímabili hafi skipið m/s „Irene Frijs" verið í flutningum á vegum stefnda S. Í. F. Vitnið kvað umboðsmann fyrir skipið hafa verið stefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, og kvað vitnið sér hafa verið kunnugt um það á þessu tímabili, að skip þetta hafi aðeins átt að fara til Napólí. Kveðst vitnið hafa rætt það við Magnús Ármann, starfsmann hjá Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, hvort þeir gætu tekið að sér að flytja skreiðina til Messina, enda þótt skipið hafi aðeins átt að fara til Napólí. Kvað vitnið nefndan Magnús hafa sagt, að engir annmarkar væru á slíku, og látið orð falla í því sambandi, að þeir mundu hafa samband við umboðsmenn sína eða umboðsmenn skipafélagsins þar úti um að sjá um framhaldsflutning skreiðarinnar frá Napólí til Messina. Vitnið kvaðst síðan hafa komið með farmskírteinin til nefnds Magnúsar og hafi hann gefið þau út í nafni Gunnars Guðjónssonar fyrir skipstjórann. Í farmskírteini þessu komi glögglega fram, að útgefandi farmskírteinisins taki að sér að sjá um flutning vörunnar til Messina.

Vitnið Birgir Halldórsson sagði nánar aðspurt, að aðalstefndi, S. Í. S., hafi eigi átt neina samninga við stefnda S. Í. F., hins vegar hafi aðalstefndi, S. Í. S., haft samband við stefnda S. Í. F.

og fengið þær upplýsingar, að rúm væri laust í skipinu fyrir skreið þá, er í máli þessu greinir. Önnur samskipti hafi þessir aðiljar ekki haft, nema að því leyti sem stefndi S. Í. F. hafi innheimt fraktina frá Reykjavík til Napólí.

Vitnið Magnús Ármann, skrifstofumaður hjá stefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, hefur komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að stefndi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar hafi leigt stefnda S. Í. F. skipið m/s „Irene Frijs" eina ferð til Ítalíu. Stefndi S. Í. F. hafi greitt fyrir ferðina ákveðna fjárhæð og hafi þessi stefndi þar af leiðandi mátt fylla skipið af farmi að eigin vild. Vitnið kvað það rétt, að Birgir Halldórsson hafi átt tal við sig, og kveðst vitnið hafa sagt Birgi í því sambandi, að engir annmarkar mundu vera á því að sjá um framhaldsflutning skreiðarinnar frá Napólí til Messina. Kvaðst vitnið hafa gefið út farmskírteinin þrjú yfir skreiðina. Á hinn bóginn sagði vitnið, að afrit af skjölum þessum hafi verið send til útlendra umboðsmanna stefndu S. Í. S. og S. Í. F., Hugo Trumpi að nafni. Vitnið þorði þó ekki að fullyrða, að umboðsmaður þessi hafi einnig verið umboðsmaður aðalstefnda, S. Í. S., en allavega stefnda S. Í. F. Kvaðst vitnið hafa litið svo á, að þessi umboðsmaður mundi sjá um framsendingu skreiðarinnar til Messina. Eftir að skreiðarsendingin hafi verið send með þessum hætti til Napólí, kveðst vitnið ekkert hafa vitað meira um málið, fyrr en það hafi fengið símskeyti frá áðurnefndum Birgi, þar sem spurzt hafi verið fyrir um það, hvað drættinum hafi valdið. Kvaðst vitnið þá hafa haft samband við eigendur m/s „Irene Frijs" í Kaupmannahöfn, bæði vegna þess að eigendurnir voru samningsaðiljar við S. Í. F. og einnig til að hraða málinu. Vitnið kveðst hafa fengið símskeyti frá eigendum skipsins, þar sem tekið hafi verið fram, að umboðsmaður eigenda skipsins í Napólí, Volpe að nafni, hafi fengið fyrirmæli um það frá eigendunum að sjá um framflutning.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að aðalstefndi, Sambands ísl. samvinnufélaga, beri fyrst og fremst ábyrgð á þeim kostnaði, sem krafið er um í máli þessu, þar sem aðalstefndi, S. Í. S., hafi átt að sjá um að afhenda stefnanda framangreinda vörusendingu c. i. f. Messina. Varan hafi hins vegar ekki farið lengra en til Napólí, þar sem henni hafi verið skipað upp og hún sett í frystigeymslu. Þaðan hafi stefnandi þurft að sækja hana sjálfur, og hafi hann bæði haft kostnað af geymslu vörunnar í Napólí og einnig flutningskostnað þaðan til Messina.

Stefnandi kveðst hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá

aðalstefnda, S. Í. S., til að fullnægja samningnum af sinni hálfu og m. a. gert sér ferð til Íslands í því skyni. Hafi aðalstefndi vísað á meðstefndu í máli þessu, sem aftur hafi vísað á aðalstefnda, S. Í. S., og héldu því ákveðið fram við stefnanda, að aðalstefndi, S. Í. S., hefði aldrei samið um né greitt fyrir sendinguna lengra en til Napólí. Af þessum sökum taldi stefnandi rétt að stefna S. Í. F. og Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar inn í málið, ef svo skyldi fara, að aðalstefndi, S. Í. S., sýndi fram á það, að hann hefði samið við meðstefndu um og greitt fyrir flutning alla leið til Messína, enda gæti þá komið til álita, að aðalstefndi, S. Í. S., yrði sýknaður með tilliti til 10. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, en í því tilviki hlytu meðstefndu að bera ábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi hefur stefnt Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar sem umboðsmanni skipseiganda, enda hafi nefnd skipamiðlun séð um útgáfu þeirra farmskírteina, sem gefin voru út um flutning skreiðarinnar, en þar er tekið fram, að varan skuli flutt til Messina um Napólí. Af þessum sökum taldi stefnandi rétt að stefna umboðsmanninum sjálfum, ef svo yrði litið á af dóminum, að hann hefði á einhvern hátt farið út fyrir umboð sitt og yrði því talinn ábyrgur persónulega, enda telur stefnandi sumt benda til þess, að svo kunni að vera.

Þá hefur stefnandi stefnt Sambandi íslenzkra fiskframleiðenda sem samningsaðilja við skipseiganda, enda hafi S. Í. F. haft skipið á leigu, þegar farmflutningurinn átti sér stað.

Þar sem sá möguleiki kunni að vera fyrir hendi, að allir hinir íslenzku aðiljar, sem stefnt hefur verið í máli þessu, verði sýknaðir, taldi stefnandi nauðsynlegt að stefna einnig hinum danska eiganda skipsins, enda lítur stefnandi á hann sem hinn eiginlega farmflytjanda. Í farmskírteinum þeim, sem gefin voru út um skreiðarflutninginn af umboðsmanni skipseiganda, stefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, samkvæmt sérstöku umboði frá skipstjóra skipsins, er skráð var á farmskrána, er í 2. tl. hinna prentuðu skilmála á farmskírteininu svofellt ákvæði: „Juris diction. Any dispute arising under this Bill of Lading to be decided in Iceland according to Icelandic law". Með þessu ákvæði í farmskírteini telur stefnandi sakaukastefnda, skipseigandann Knud I. Larsen, persónulega og f. h. Frahla Rederi hafa samið sig undir íslenzka lögsögu og varnarþing á Íslandi. Því er honum stefnt inn í málið með framangreindri sakaukastefnu, enda hafi hann neitað að taka þátt í málarekstrinum hér á landi þrátt fyrir

áskoranir um að gerast meðalgönguaðili í málinu eða mæta óstefndur. Lítur stefnandi svo á, að svo framarlega sem stefndi skipseigandinn sýni eigi fram á það í máli þessu, að umboðsmaður hans, stefndi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, hafi farið út fyrir umboð sitt, er hann gaf út farmskírteinin, eða sýni fram á það á annan hátt, að aðrir stefndu beri ábyrgð á tjóni stefnanda, þá hljóti hann, þ. e. skipseigandinn, að bera ábyrgðina á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir af því, að skreiðarfarmurinn fór eigi lengra en til Napólí, enda hafi skipseigandanum þá borið skylda til að annast um áframhaldandi flutning á farminum til Messina.

Aðalstefndi, S. Í. S., rökstyður dómkröfur sínar með því, að hann hafi selt stefnanda vöruna c. i. f. Messina, svo sem fyrr segir. Hafi hann því orðið laus allra mála, þegar hann afhenti vöruna um borð í m/s „Irene Frijs". Varan sé þar með komin í áhættu kaupanda, sem hins vegar verði að snúa sér að skipi eða umboðsmönnum þess um meint brot á farmsamningi. Áritunin á farmskírteinunum beri það með sér, að vörurnar hafi verið í fullkomnu lagi við lestun. Hitt sé svo annað mál, að varastefndi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar hafi aldrei krafið aðalstefnda um flutningsgjald fyrir vöruna frá Napólí til Messina. Þá upphæð beri aðalstefnda að greiða varastefnda, en sú fjárhæð sé önnur og miklu lægri en stefnukrafa þessa máls. Geymslugjöld og ýmis aukaútgjöld í Napólí, er stafi af einhverjum mistökum varastefnda, skipseigenda eða afgreiðslumanna þeirra í Napólí, séu að sjálfsögðu óviðkomandi aðalstefnda.

Varastefndi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi útvegað Sölusambandi ísl. fiskframleiðanda sem starfandi skipamiðlari skipið m/s „Irene Frijs" til flutninga til Miðjarðarhafshafna, þ. e. til Ítalíu og Grikklands. Í samningnum, sem dagsettur er 25. febrúar 1966, sé það tekið fram, að skipið skuli hafa viðkomu í einni höfn á Ítalíu, þ. e. Napólí. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hafi tekið skipið á leigu og hafi varastefndi ekkert haft með samninga að gera milli S. Í. F. og aðalstefnda, S. Í. S. Stefndi S. Í. S. hafi greitt skipsleiguna, sem að sjálfsögðu hafi gengið í gegnum skrifstofu varastefnda. Það sé því óhugsandi, að varastefndi geti borið nokkra ábyrgð á deilumáli, sem risið hefur milli aðalstefnda, S. Í. S., og stefnanda, enda samningar milli þessara fyrirtækja honum algerlega óviðkomandi, og vísar varastefndi þessu til áréttingar í skipsleigusamninginn.

Stefndi Samband ísl. fiskframleiðenda rökstyður sýknukröfu sína með því, að með skipsleigusamningi, dags. 25. febrúar 1966, hafi hann tekið á leigu m/s „Irene Frijs" til saltfiskflutninga til Ítalíu og Grikklands. Hafi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar séð um að útvega skipið til þessara flutninga. Skipið hafi lestað saltfisk til einnar hafnar á Ítalíu og síðan til áframhaldandi ferðar til Grikklands. Nokkru áður en skipið hafi farið frá Íslandi, hafi útflutningsdeild aðalstefnda, S. Í. S., spurzt fyrir um það, hvort hægt væri að fá rúm í skipinu fyrir skreiðarsendingu til Ítalíu, allt að 65 tonnum. Þar sem skipið hafi haft nægilegt lestarrými, hafi það orðið að samkomulagi milli S. Í. F. og S. Í. S., að skipið tæki umrædda skreiðarsendingu til affermingar í Napólí. Hafi það þá strax skýrt verið tekið fram, að skipið færi aðeins á þessa einu höfn, og samkvæmt farmskrá skipsins komi það fram, að affermingarhöfn skyldi vera Napólí. Framhaldsflutningar frá Napólí til annarra hafna á Ítalíu séu S. Í. F. algerlega óviðkomandi og samningar aðalstefnda, S. Í. S., við móttakanda vörunnar séu honum að sama skapi óviðkomandi. Stefndi S. Í. F. hafi gert aðalstefnda, S. Í. S., reikning fyrir flutningi og komi þar greinilega fram, að aðalstefndi, S. Í. S., sé aðeins krafinn um flutningsgjald frá Reykjavík til Napólí. Þann reikning hafi útflutningsdeild S. Í. S. þegar greitt að fullu. Það liggi þannig fyrir, að aðalstefndi, S. Í. S., hafi beðið um og fengið lestarrými í framangreindu leiguskipi stefnda S. Í. F. fyrir skreiðarsendingu til Napólí. Aðalstefnda, S. Í. S., hafi verið kunnugt um, að stefndi S. Í. F. leigði skipið með viðkomuhöfn á einum stað á Ítalíu, þ. e. Napólí. Farmskráin beri það með sér, að ákvörðunarstaður fyrir skreiðarsendinguna hafi verið Napólí. Þar sem stefnda S. Í. F. séu algerlega óviðkomandi samningar milli vörusendanda og vörumóttakanda, geti hann á engan hátt borið kostnað við framhaldsflutning sendingarinnar og beri því að sýkna hann í þessu máli.

Svo sem áður er að vikið, hefur sakaukastefndi, Knud I. Larsen, persónulega og f. h. Frahla Rederi eigi sótt þing í máli þessu, og frá sakaukastefnda hefur heldur engin greinargerð borizt. Er því málið dæmt gagnvart sakaukastefnda eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt 118. gr. laga frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefnandi keypti margnefnda skreið af aðalstefnda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, c. i. f. Messina. Aðalstefndi samdi um flutning á skreið þessari til Messina við varastefnda Skipamiðlun

Gunnars Guðjónssonar f. h. eigenda skipsins m/s „Irene Frijs“ og í umboði skipstjóra. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup hafði aðalstefndi skilað varningi þessum, er hann var kominn á skipsfjöl. Var hann þá jafnframt kominn á ábyrgð stefnanda, sbr. 2. mgr. 63. gr. og 1. mgr. 64. gr. nefndra laga. Ber aðalstefndi því enga ábyrgð á þeim vanefndum, er síðar urðu á flutningi skreiðarinnar frá Napólí til Messina, enda hefur eigi annað komið fram en að aðalstefndi hafi farið forsvaranlega að við gerð flutningssamnings. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Sama máli gegnir um stefnda Sambands íslenzkra fiskframleiðenda, þar sem sá stefndi lét einungis í té skiprúm fyrir skreiðina til Napólí í skipi því, er hann samdi um, m/s „Irene Frijs“, en tókst eigi á herðar neinar skuldbindingar um að annast framhaldsflutning á farmi þessum frá Napólí til Messina.

Varastefndi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar gaf út hinn 15. marz 1966 þrjú farmskírteini f. h. eigenda skipsins m/s „Irene Frijs“ og í umboði skipstjórans Mackholdts um flutning á margnefndum skreiðarfarmi frá höfnum á Íslandi til Messina með umskipun í Napólí, svo sem skjöl málsins bera með sér. Samkvæmt þessu kom varastefndi Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar fram sem umboðsmaður eigenda m/s „Irene Frijs“, og kemur ekki annað fram í gögnum málsins en að hann hafi haft umboð til að skuldbinda eigendurna til að annast skreiðarflutninga þá, er mál þetta snýst um. Ber því að sýkna varastefnda Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, er einungis kom fram sem umboðsmaður í þessu máli f. h. eigenda m/s „Irene Frijs“. Hins vegar verður að telja, að nefnd útgerð beri sem farmflytjandi ábyrgð á því tjóni, er stefnandi varð fyrir vegna vanrækslu á framhaldsflutningi skreiðarinnar frá Napólí til Messina, sem sakaukastefndi var skuldbundinn til að sjá um samkvæmt framangreindum farmskírteinum. Verður sakaukastefndi, Knud I. Larsen persónulega og f. h. Frahla Rederi, dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið, auk málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00.

Að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gauki Jörundssyni prófessor og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Sakaukastefndi, Knud I. Larsen persónulega og f. h. Frahla Rederi, á að greiða stefnanda, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni f. h. firmans Ditta Luciano Sanni, ítalskar lírur 1.838.312.00 með 8% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 40.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, eiga að vera sýknir í máli þessu. Málskostnaður fellur niður gagnvart þessum stefndu.

Miðvikudaginn 15. marz 1972.

Nr. 198/1972. **J. P. Guðjónsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Guðjóni Styrkárssyni hæstaréttarlökmanni f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Ómerking. Frávísun. Fjárnámsgerð. Vörzlusviptingargerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1971. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð, er fram fór 16. desember 1971 í bifreiðinni R 5245, og að vörzlusvipting-

argerð á nefndri bifreið, sem framkvæmd var 22. desember 1971, verði úr gildi felldar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefnda og lögmanns hans, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, greindrar fjárnámsgerðar og vörzlusviptingar. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál um sama sakarefni milli sömu aðilja var höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu 4. apríl 1970. Mál það var þingfest 8. maí 1970, og var þá sótt þing af hálfu stefnda í því máli, áfrýjanda í þessu máli. Greinargerð var lögð fram af hálfu stefnda í því máli hinn 18. júní 1970. Var málinu í því þinghaldi frestað um óákveðinn tíma, og er því máli enn ólokið.

Að svo vöxnu ber samkvæmt 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936 að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu frá héraðsdómi. Ber og að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð og vörzlusviptingargerð.

Eins og málsatvikum öllum er háttað og samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 177. gr., sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Ekki eru næg efni til að dæma lögmann stefnda til greiðslu málskostnaðar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð og vörzlusviptingargerð eru úr gildi felldar.

Stefndi, Guðjón Styrkársson f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation, greiði áfrýjanda, J. P. Guðjónssyni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. september 1971, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. september s.l., af Guðjóni

Styrkárssyni hæstaréttarlögmanni, Austurstræti 6, Reykjavík, f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation, Church-Street Station, New York, gegn J. P. Guðjónssyni h/f, Skúlagötu 26, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð $ 2.484.59 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. apríl 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kr. 25.000.00.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt tveim reikningum stefnanda yfir einangrunargler, er stefndi hafi keypt hjá stefnanda. Annar reikningurinn sé að fjárhæð $ 1.484.17 og sé dagsettur 13. marz 1968 og hafi þær vörur verið sendar með skipi hinn 10. sama mánaðar. Hinn reikningurinn sé dagsettur 22. marz 1968, en þær vörur hafi verið sendar 19. sama mánaðar, og sé fjárhæð þess reiknings $ 1.000.42. Samtals nemi fjárhæðir þessar hinni umstefndu upphæð. Hafi skuld þessi ekki fengizt greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og sé málshöfðun því nauðsynleg.

Af ofangreindum reikningum, sem lagðir hafa verið fram á dskj. nr. 3 og 4, má sjá, að gjalddagi reiknings að upphæð $ 1.000.42 hefur verið 22. apríl 1968, en gjalddagi hins reikningsins, að upphæð $ 1.484.17, hefur verið 10. júlí 1968.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að krafa stefnanda um dráttarvexti verður tekin til greina með hliðsjón af ofangreindum gjalddögum reikninganna.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000.00.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Stefndi, J. P. Guðjónsson h/f, greiði stefnanda, Guðjóni Styrkárssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation, $ 2.484.59 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af $ 1.000.42 frá 22. apríl 1968 til greiðsludags og af $ 1.484.17 frá 10. júlí 1968 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. desember 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 16. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skúlagötu 26 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2545/1971: Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation gegn J. P. Guðjónssyni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 3073/1971, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón E. Jakobsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir $ 1.577.52 með 1% mánaðarvöxtum af $ 1.000.42 frá 22. apríl 1968 til greiðsludags og af $ 1.484.17 frá 10. júlí 1968 til greiðsludags, kr. 170.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 500.00 í ritun fjárnámsbeiðni, kr. 25.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Júlíus Guðjónsson forstjóri, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt. Fógeti leiðbeindi mætta, að hann væri ekki skyldur til að benda á neðanskráða bifreið til fjárnáms, sem er eign hans sjálfs.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign mætta, bifreiðinni R 5245 (Bronco, árgerð 1966). Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Vörzlusviptingargerð fógetadóms Reykjavíkur 22. desember 1971.

Ár 1971, miðvikudaginn 22. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skúlagötu 26 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2545/1971: Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation gegn J. P. Guðjónssyni h/f.

Fógeti leggur fram nr 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit fjárnámsgerðar A 2545/1971 frá 16. desember s.l. og nr. 3 dómsgerðir málsins, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður og krefst vörzlusviptingar á bifreiðinni samkvæmt fjárnámsgerðinni, er fram fór 16. desember s.l., sbr. dskj. nr. 2. Gerð-

arþoli tekur fram, að í bílnum sé BIMINE talstöð, Blaupunkt útvarp og 4 ný Bridgeston dekk.

Fyrir gerðarþola mætir Júlíus Guðjónsson forstjóri, sem starfar hér. Áminntur um sansögli kveðst hann ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda ákvað fógeti vörzlusviptingu á bifreiðinni R 5245 (Bronco, árgerð 1966), og var bifreiðin tekin úr vörzlu mætta, sem er eigandi hinnar fjárnumdu bifreiðar, sbr. dskj. nr. 2.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 22. marz 1972.

Nr. 11/1971. **Gylfi Gunnarsson**
(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.)
gegn
Stefáni G. Ásmundssyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kaupgjaldsmál. Ráðningarslit. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1971. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi krafizt þess, að til frádráttar kröfum stefnda komi kr. 4.742.00, er sé úttekt stefnda hjá Sigfúsi Johnsen í Vestmannaeyjum, og kr. 4.875.00, er sé andvirði víxils, er hann hafi orðið að leysa inn fyrir stefnda.

Ekki verður séð, að áfrýjandi hafi í héraði reist kröfur á þessum grundvelli, og koma þær því eigi til álita hér fyrir dómi.

Ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7% á ári.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gylfi Gunnarsson, greiði stefnda, Stefáni G. Ásmundssyni, kr. 54.544.50 með 7% ársvöxtum frá 27. marz 1968 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 16. janúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að loknum munnlegum málflutningi, er af stefnanda, Stefáni G. Ásmundssyni, Naustahvammi 12, Neskaupstað, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar á hendur Gylfa Gunnarssyni, Strandgötu 62, Neskaupstað, með stefnu, útgefinni 27. marz 1968, til greiðslu launa og kauptryggingar, ferðakostnaðar og orlofs kr. 93.007.80 auk 1% vanskilavaxta á mánuði og hluta úr mánuði frá 9. marz 1968 til greiðsludags, málskostnaðar samkvæmt reikningi og alls kostnaðar við fullnustu dóms.

Krafizt er sjóveðs í v/b Glað, VE 270, til tryggingar dæmdum kröfum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

I.

Eftir gagnaöflun og munnlegan flutning málsins, sem fram fór hinn 10. janúar 1969, var í málinu kveðinn upp dómur, og eru dómsorð hans svohljóðandi:

„Stefndi, Gylfi Gunnarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns G. Ásmundssonar, um bætur vegna uppsagnar á skipstjórn 9. marz 1968.

Stefndi, Gylfi Gunnarsson, greiði stefnanda, Stefáni G. Ásmundssyni, kr. 28.292.00 auk 8% ársvaxta frá 9. marz 1968 til greiðsludags.

Stefnandi, Stefán G. Ásmundsson, á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, til tryggingar kröfu sinni.

Málskostnaður falli niður".

Dóminn kvað upp Sigurður Egilsson, þáverandi bæjarfógeti í Neskaupstað, ásamt meðdómsmönnunum Sveinbirni Á. Sveinssyni og Guðjóni Marteinssyni skipstjórum.

Stefnandi málsins áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi.

Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 30. apríl 1970, segir m. a. svo: „. . . . Í héraðsdómi eru málsatvik lítt rakin og eigi getið þar nema að nokkru málsástæðna aðilja. Í dóminum koma eigi skýrt fram þeir liðir í viðskiptum aðilja, sem um er deilt, og úrslit, að því er varðar einstaka kröfuliði, eru lítið rökstudd. Er gerð héraðsdómsins því andstæð ákvæðum 193. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður".

Málið var síðan að nýju tekið fyrir í sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar 29. maí 1970, og var munnlega flutt hinn 17. júlí 1970.

Formaður dómsins, Sigurður Egilsson, þáverandi bæjarfógeti á Neskaupstað, fékk lausn frá störfum sem bæjarfógeti, án þess að dómur væri uppkveðinn, í desember s.l.

Málið var svo að nýju tekið til munnlegs flutnings 14. þ. m. og dómtekið þá.

Málið var svo að nýju endurupptekið í dag til framlagningar á rskj. 43, en umboðsmaður stefnda óskaði eftir því við munnlegan flutning málsins 14. þ. m., að hann fengi að leggja skjalið fram. Skjalið varð þá eigi fram lagt.

Umboðsmaður stefnanda samþykkti að skjalið yrði fram lagt. Var skjalið fram lagt. Umboðsmaður stefnanda mótmælti eigi skjalinu.

Málið var svo að nýju tekið til munnlegs flutnings í dag og dómtekið.

II.

Stefnandi telur málsatvik vera þau, að hann hafi verið skipstjóri á m/b Glað, VE 270, sem stefndi er eigandi og útgerðarmaður að, en þann 9. marz 1968 hafi sér verið sagt upp starfi fyrirvaralaust og hafi sér ekki tekizt að fá innstæðu sína greidda og sé hann því neyddur til að höfða mál þetta.

Verður nú frekar fjallað um málsatvik og þau rakin samkvæmt gögnum málsins.

Stefnandi hættir störfum sem skipstjóri á bátnum hinn 9. marz 1968, eftir að hann hafði sama dag fengið símskeyti frá stefnda, svohljóðandi:

„SEGI ÞER UPP STARFI SEM SKIPSTJORI A MB GLAÐ NU ÞEGAR = GYLFI GUNNARSSON — UNDIRSKRIFT STAÐFESTIR AXEL S OSKARSSON SIMRITARI ——— OOL VE 270".

Upplýst er, að stefnandi hafði með símskeyti til stefnda, dags. 17. janúar 1968, sagt upp starfi sínu sem skipstjóri á m/b Glað, VE 270, frá og með 20. apríl 1968.

Ástæðuna fyrir uppsögninni 9. marz 1968 telur stefndi vera, eins og segir í greinargerð hans „... að skipstjóri hafi með óhlýðni, kæruleysi, ódugnaði og drykkjuskap margsinnis verðskuldað, að honum væri vikið frá starfi fyrirvara- og bótalaust ...".

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og lýst því yfir, að hann telji uppsögnina hafa verið ástæðulausa, og verður vikið að framburði hans nánar síðar.

Stefndi hefur eigi komið fyrir dóminn til skýrslugjafar, en í greinargerð hans segir m. a., að stefnandi hafi neitað að fara á

línuveiðar frá Hornafirði í byrjun vertíðar, en þar hafi stefndi fengið aðstöðu til slíkrar útgerðar með mjög góðum kjörum. Hafi stefnandi viljað fara á botnvörpuveiðar frá Vestmannaeyjum og ekki aðrar veiðar. Stefndi hafi ekki séð sér annað fært en að láta stefnanda ráða þessu.

Stefndi telur, að með þessu hafi stefnandi valdið sér stórfelldu tjóni, þar sem hann hafi nær ekkert fiskað í trollið á sama tíma og afli Hornafjarðarbáta á línu var góður.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi neitað að nota veiðarfæri, hlera, sem fylgt höfðu bátnum og voru í lagi og höfðu verið notaðir af fyrri eiganda með sæmilegum árangri. Stefnandi hafi svo útvegað nýja hlera, sem svo hafi reynzt ónothæfir, er til kom. Stefnandi hafi svo haldið til Vestmannaeyja og hafi látið breyta hlerunum án samráðs við stefnda. Stefndi hafi, er hann frétti þetta, fundið að þessu og hafi talið, að nota ætti gömlu hlerana, sem hafi verið um borð. Stefnandi hafi brugðizt hinn versti við og hafi sagt upp stöðu sinni frá 20. apríl 1968, sbr. það, sem fyrr er greint.

Stefndi hefur og haldið því fram, að stefnandi hafi rekið vélstjóra í land sökum drykkjuskapar á móti ráðum stefnda og hafi stefndi sjálfur þurft að fara í stað vélstjóra, svo báturinn kæmist á veiðar.

Þá heldur stefndi því fram, að fljótlega hafi komið í ljós, að vél var ekki í lagi. Hafi verið haldið til Vestmannaeyja. Vélin yfirfarin þar og hafi það tekið nokkra daga. Stefnandi hafi þá verið áberandi ölvaður og hafi lítið látið sjá sig um borð og hafi ekki sinnt störfum. Loks þegar báturinn hafi verið tilbúinn til veiða, hafi stefnandi reynzt svo ölvaður, að skipshöfn hafi öll neitað sem einn maður að fara út með honum í því ástandi, sem hann hafi þá verið í, og hafi báturinn því orðið af róðri.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi kveðið dýptarmæli bilaðan og hafi því haldið til hafnar. Er bátnum hafi verið lagt, hafi stefnandi farið á fyllirí og hafi hvatt skipverja til að gera hið sama. Við athugun hafi komið í ljós, að ekkert hafi verið að dýptarmæli eða bátnum.

Hafi ekki verið farið til veiða í þrjá daga, þó hafi veður verið gott og Eyjabátar almennt á sjó.

Stefnda hafi borizt fréttir af slarki stefnanda. Hafi hann rætt við hann og heimtað, að farið yrði á veiðar, en stefnandi, sem stefndi heldur fram, að hafi verið heyranlega nokkuð ölvaður,

hafi svarað því til, að skipshöfn væri svo drukkin, að ekki væri hægt að fara út.

Síðari hluta sama dags hafi svo stefnandi átt tal við tvo af skipverjum og hafi þeir sagzt vera reiðubúnir að fara þá þegar á veiðar, en þeir hafi ekki verið kallaðir til skips. Stefndi hafi því næst útvegað annan skipstjóra og hafi jafnframt sagt stefnanda upp starfi.

Hinn nýi skipstjóri hafi svo farið til veiða um kvöldið og hafi það sýnt sig, að ekkert hafi verið til fyrirstöðu af hálfu skipverja að fara út.

Stefnandi hefur í dóminum 19. apríl 1968 sagt m. a.: „... þessi bið, sem við urðum fyrir í Vestmannaeyjum, áður en báturinn átti að fara austur, stafaði af bilun á dýptarmæli og að ráða varð einn háseta á bátinn. Ég réð mann á bátinn rétt fyrir hádegi þann dag, sem mér var sagt upp, en síðar sama dag fékk ég skeyti frá Gylfa Gunnarssyni þess efnis, að mér sé sagt upp starfi nú þegar. Eftir það hreyfði ég ekki bátinn og sá, sem ég var búinn að ráða, fór út frá Vestmannaeyjum, og flaug ég frá Vestmannaeyjum til R.víkur, og varð ég svo að bíða í R.vík eftir flugferð til Neskaupstaðar, sem varð 20. marz s.l. ...".

Þá segir í sama réttarhaldi m. a.: „... Að gefnu tilefni frá umb. m. stefnds skýrir stefnandi, Stefán G. Ásmundsson, frá því, að sá maður, sem tók við skipinu af stefnanda í Vestmannaeyjahöfn, hafi komið með einn mann með sér á bátinn ...".

Stefndi hefur lagt fram hinn 19. apríl 1968 á rskj. 16 svohljóðandi:

„Yfirlýsing.

Hinn 7.—9. marz s.l. lá vélbáturinn Glaður, VE-270, í Vestmannaeyjahöfn í góðu veðri, og voru bátar þar þá almennt á sjó.

Við undirritaðir skipverjar á bátnum vorum ekki kvaddir til starfa né til skips þessa daga. Enda hafði skipstjóri þau orð, er bátnum hafði verið lagt á fimmtudaginn, að nú væri ekki annað að gera en fara í land og fá sér í staupinu, hvað hann og gerði. Að kvöldi hins 9. marz vorum við svo kallaðir til skips af Guðjóni Aanes, sem þá hafði tekið við stjórn bátsins. Fórum við þá um borð, og síðan hélt báturinn af stað um kvöldið áleiðis til Neskaupstaðar. Við getum einnig vottað það, að fáum dögum eftir að Glaður kom til Vestmannaeyja í þetta skipti að austan, var skipstjóri svo drukkinn, er fara átti í róður, að skipshöfnin neitaði að fara út með honum. Var eigandi bátsins með okkur í því. Varð báturinn af róðri í það sinn vegna ölvunar skipstjórans.

Við neitum algjörlega að hafa átt nokkra sök á því, að báturinn gat ekki stundað sjó með eðlilegum hætti.

Stýrimaður
Rafn Einarsson.

Vélstjóri
Bjarni Anton Jónsson.

Matsveinn
Hákon Björnsson".

Þessu skjali mótmælti stefnandi sem ódagsettu, óstaðfestu, röngu og þýðingarlausu.

Þeir, sem undirrituðu skjalið, hafa allir komið fyrir dóm, og þykir rétt að rekja nokkuð framburðina, sem allir eru staðfestir með eiði.

Hinn 10. júní 1968 kom fyrir dóminn Hákon Björnsson.

Aðspurt sagði vitnið, að allt, sem í skjalinu stendur, sé satt og rétt. Yfirlýsingin sé undirrituð, eftir að m/b Glaður, VE 270, kom til Neskaupstaðar á vetrarvertíð síðastliðinni.

Þá segir orðrétt: „... Varðandi setninguna: „Varð báturinn af róðri í þetta skipti vegna ölvunar skipstjórans" tekur vitnið fram, að í það skipti hafi veðurspáin verið slæm og það hafi einnig verið orsök þess, að ekki var farið í róður á bátnum ...".

Síðar í framburðinum segir svo: „... Aðspurt tekur vitnið fram, að stýrimaður bátsins, Rafn Einarsson, hafi verið undir áfengisáhrifum hinn 9. marz s.l. ...".

Þá segir og í framburðinum: „... Gylfi Gunnarsson bað vitnið að gefa umrædda yfirlýsingu um borð í m.b. Glað ...".

Svo segir og: „... Ég var ekki við vín hinn 9. marz s.l., en ég var við vín kvöldið áður ...".

Þá segir að lokum: „... Sá vitnið vín á skipstjóranum hinn 9. marz síðastliðinn? Svar: Ad. nr. 1: Vitnið svarar: „Ég sá ekki vín á skipstjóranum"...".

Rafn Einarsson stýrimaður kom fyrir dóminn 14. júní 1968. Vitnið mundi ekki eftir, hvaða dag eða í hvaða mánuði það undirritaði skjalið, en staðfestir efni skjalsins satt og rétt í öllum atriðum.

Bjarni Anton Jónsson kom fyrir sjó- og verzlunardóm Vestmannaeyja 15. apríl 1970.

Segir svo m. a. í framburði vitnisins:

„... Mættur kveðst hafa undirritað yfirlýsingu eins og yfirlýsinguna á dskj. nr. 16 og kveðst hafa gert það í athugunarleysi.

Aðspurður af lögmanni stefnda, hvað mættur eigi við með at-

hugunarleysi, kveðst mættur ekki hafa kynnt sér, hvað var að ske.

Aðspurður af sama, hvort mættur hafi verið í einhverju annarlegu ástandi, er hann ritaði undir yfirlýsinguna, kveðst mættur hafa verið „þunnur", hann hafi hlustað með öðru eyranu á yfirlýsinguna lesna yfir sér, og kvaðst mættur ekki hafa vitað, að skjalið yrði notað í dómsmáli . . .".

Þá kemur fram í framburði vitnisins, að það hafi ekki heyrt stefnanda viðhafa þau orð, „að væri ekki annað að gera en fara í land og fá sér í staupinu". Þá segir og í framburðinum, að mætti hafi ekki vitað til þess, að stefnandi hafi farið á „fylleri" þessa daga, og ekki hafi mætti orðið var við stefnanda drukkinn dagan 7.—9. marz.

Þá upplýsti vitnið, að það sjálft hefði bragðað vín að kvöldi hins 9. marz, en annars hefði það ekki bragðað vín þessa daga.

Þá kveðst vitnið ekki vita til þess, að skipið hafi orðið af róðri vegna ölvunar stefnanda.

Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að skipverjar hafi átt sök á því, að ekki var róið dagana 7.—9. marz. Hafi í þessu „stoppi" annað hvort dýptarmælir eða radar verið bilaður, en ekki vissi það, hvort viðgerðarmenn komu um borð í bátinn þessa daga.

Vitnið upplýsti, að 8. marz hafi Rafn Einarsson stýrimaður verið mjög ölvaður og hafi skipstjóri tjáð vitninu, að útilokað væri að fara á sjó með stýrimann vegna ölvunar, og um morguninn 9. marz hafi stýrimaður sagt við vitnið, að hann færi ekki á sjó, nema hann fengi vín og hafi hann haft með sér flösku um borð þá um kvöldið, og vitnið kvaðst vita það, að stýrimaður neitaði að fara á sjó hinn 9. marz, nema hann fengi flösku. Hafi stýrimaður beðið stefnanda um vín, en hafi fengið synjun.

Vitnið upplýsti, að stefndi hefði beðið það að undirrita yfirlýsinguna ekki löngu eftir 9. marz og hafi vitnið verið enn á bátnum og hafi báturinn verið á Norðfirði.

Stefnandi hefur lagt fram dagbókarútdrátt m/b Glaðs, VE 270, svo og vottorð Veðurstofunnar um veður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum kl. 0800 og 1700 nokkra daga í febrúar og marz 1968.

Frumrit dagbókar hefur ekki verið sýnt í dóminum, en ekki hefur útdrættinum verið mótmælt sérstaklega.

Í útdrættinum kemur fram, að legið er í Vestmannaeyjum dagana 25. febrúar til og með 1. marz.

Í vottorði Veðurstofunnar kemur fram, að þessa daga er sjór

ýmist allmikill, mikill, stórsjór og talsverður sjór.

Þá segir í dagbókarútdrættinum:

„... 7. marz. Verið við veiðar til kl. 0830. Dýptarmælir ekki í góðu lagi. Haldið til Vestmannaeyja, komið þangað kl. 1145. Baldvin Baldvinsson hættir eftir þennan túr. Beðið eftir viðgerð á dýptarmæli.

8. marz. Beðið eftir háseta og viðgerð á dýptarmæli.

9. marz. Reynt að fara út, en stýrimaður tæplega fær um það og illfáanlegur til þess. Ræð Guðjón Aanes eftir hádegið til að fara út með mér, en fæ skeyti frá Gylfa Gunnarssyni um, að mér sé sagt upp nú þegar. Hreyfi ekkert bátinn eftir það, en hann fer út um kvöldið með Guðjón Aanes sem skipstjóra ...".

Fyrr í dagbókarútdrættinum sést, að dagana 3.—5. febrúar er legið í Vestmannaeyjum vegna viðgerðar á vél.

Hinn 11. febrúar sést, að trollið, hlerar og bóman eru sett í land og trollið og bóman tekin um borð 12. febrúar, og fer þá stefndi í land.

Stefnandi fór svo til Reykjavíkur 13. marz og til Neskaupstaðar 20. marz, sbr. rskj. 20, reikningsnótu frá Flugsýn h/f.

III.

Verður nú fjallað um lögmæti uppsagnarinnar 9. marz 1968.

Stefndi heldur því fram, svo sem að framan hefur verið greint í II hér að framan, að stefnandi hafi valdið honum stórfelldu tjóni með því að vilja ekki stunda línuveiðar frá Hornafirði og stunda í þess stað botnvörpuveiðar frá Vestmannaeyjum.

Viðurkennt er af stefnda, að hann hafi samþykkt, að skipið færi á botnvörpuveiðar frá Vestmannaeyjum. Verður því eigi fallizt á, að hér sé um uppsagnarástæðu að ræða.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi neitað að nota hlera, sem fylgt höfðu bátnum. Hafi stefnandi útvegað nýja hlera, sem hafi svo reynzt ónothæfir. Hafi stefnandi því næst haldið til Vestmannaeyja og látið breyta þeim. Stefndi hafi fundið að þessu við hann, en stefnandi hafi brugðizt hinn versti við og hafi sagt upp stöðu sinni.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að þessar staðhæfingar hafi við rök að styðjast og enda í starfssviði skipstjóra að meta gildi veiðarfæra. Eigi verður því hér talið, að um uppsagnarástæðu hafi verið að ræða. Þá hefur stefndi talið enn eina ástæðu uppsagnar, að stefnandi hafi rekið vélstjóra á móti ráðum stefnda og hafi stefndi þurft að koma í stað hins burtrekna vélstjóra. Sam-

kvæmt útdrætti úr dagbók á rskj. 17 var vélstjóri látinn fara 30. janúar 1968 sökum drykkjuskapar.

Ekki hefur stefndi sýnt fram á, að þessi ráðstöfun stefnanda hafi verið ástæðulaus.

Eigi verður því þetta atriði talið grundvöllur uppsagnar.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi hafi verið óhæfur í starfi sökum drykkjuskapar. Hefur stefndi lagt fram yfirlýsingu þriggja skipverja um drykkjuskap stefnanda, svo sem greint er hér að framan undir II.

Framburðir vitnanna þriggja hafa verið ítarlega raktir, og þykir dóminum ekki fram komnar sannanir fyrir drykkjuskaparóreglu stefnanda.

Verður því talið með vísun til framanritaðs, að hin fyrirvaralausa uppsögn 9. marz 1968 hafi ekki við lög að styðjast.

IV.

Dómkröfur aðilja eru sem hér segir:

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 93.007.80 sem aðalkröfu, kr. 15.200.00 í málskostnað og að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir þessum kröfum í m/b Glað, VE 270, svo og fyrir vaxtakröfu, 1% af dæmdri fjárhæð á mánuði eða hluta úr mánuði frá stefnudegi til greiðsludags, að stefnda verði gert að greiða stefnanda viðbótarmálskostnað samkvæmt mati dómsins, þar eð málskostnaðarreikningur stefnanda hafi verið miðaður við venjulegan málflutning, en málflutningur í þessu máli hafi orðið óvenjulega langur og kostnaðarsamur og vísar í 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá gerði stefnandi grein fyrir því, að aðalkrafa hans með leiðréttingum væri að fjárhæð kr. 62.970.50 auk vaxta og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

Eftirstöðvar frá árinu 1967	kr. 12.175.71
Aflahlutur, vanreiknaður	— 11.598.15
7% orlof af kr. 11.598.15	— 811.87
Vantalið orlof af mánaðarkaupi	— 105.70
Vantalið orlof af kauptryggingu í 1 mánuð	— 559.81
	Kr. 25.251.24

Fastakaup (trygging) með orlofi 13. janúar—20. marz 1968	kr.	42.031.80
Trygging ásamt fastakaupi og orlofi 20. marz—20. apríl 1968	—	18.681.00
Vinna við bát og veiðarfæri	—	2.000.00
Fargjald frá uppsagnarstað til heimahafnar	—	2.075.00
Fæði 9. marz—20. marz 1968 (komudagur í heimahöfn, Neskaupstað, var hinn 20. marz 1968)	—	1.244.32
	Kr.	91.283.36

Frá þessu dregur stefnandi:

Fæði í 56 daga á 113.12	kr.	6.351.06	
Greiðslur sem hér segir:			
14. janúar 1968	—	5.000.00	
26. janúar 1968	—	2.000.00	
8. janúar 1968	—	10.000.00	
3. febrúar 1968	—	1.000.00	
12. febrúar 1968	—	1.000.00	
17. febrúar 1968	—	3.000.00	
14. janúar 1968	—	6.200.00	
5. marz 1968	—	1.000.00	
5. marz 1968	—	1.046.00	
	Kr.	36.597.06	
Frá þessum lið dregur stefnandi svo úttekt skipverja, sbr. framlagðar nótur	—	8.284.20	
		kr.	28.312.86
	Kr.		62.970.50
Þá viðurkenndi stefnandi greiðslu á þinggjaldi	kr.	6.690.00	
og reikning frá Hafnarbúðum	—	536.00	
		—	7.226.00
	Kr.		55.744.50

Stefnukrafan með endanlegri leiðréttingu er því framangreind fjárhæð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á, að uppsögnin hafi verið lögleg, og leggur til grundvallar kröfu sinni viðskiptareikning á rskj. 22.

Viðskiptareikningurinn er sem hér segir:

„Reikningur
Til hr. Stefáns G. Ásmundssonar
Frá Gylfa Gunnarssyni (Glaður VE-270)
1968: Aflaverðmæti 13. 1.—9. 3. kr. 88.172.70

		Úttekið	Innlagt
1.1.	Pr. Innstæða		12.175.71
18.1.	— Vinna við útbúnað báts		2.000.00
14.1.	An. Ávísun nr. 23956 Sp. Nfj.	5.000.00	
26.1.	— Ávísun nr. 23977 Sp. Nfj.	2.000.00	
14.1.	— Peningar 1—30	6.200.00	
8.1.	— Símsent til VE reikn 2963, kostn	10.085.00	
3.2.	— Ávís. nr. 23992 Sp. Nfj.	1.000.00	
5.2.	— Peningar gr. af G. G.	1.200.00	
12.2.	— Ávís. nr. 430256 Útv.b. Ve.	1.000.00	
17.2.	— Ávís nr. 430275 Útv.b. Ve.	3.000.00	
5.3.	— Pen. hl. úr ávís. nr. 430283	1.000.00	
5.3.	— Gr. nóta 43 A. Halld.	1.046.00	
5.3.	— Gr. skuld yðar við Reykdal	2.287.00	
15.3.	— Gr. reikn. Hafnarbúðir 7.—9/3.	536.00	
15.3.	— Útt. í Ve., uppgefið í síma	1.800.00	
	— Fæðisk. í 56 daga, 113/12	6.351.06	
15.3.	Pr. Kauptr., orlof 13/1.—9/3		34.225.96
15.3.	— Fastakaup með orlofi 13.1—9.3.		1.268.59
15.3.	An. Til bæjarsjóðs, haldið e. ek.	3.750.00	
15.3.	— Haldið eftir þinggj. e.k.	6.690.00	
15.3.	Pr. Fargjald heim e. reikn.		2.075.00
15.3.	— Uppihald í 2 daga, ca.		1.200.00
		Kr. 52.945.06	52.945.06

S.E. & O.
Nesk. 15.5.
Eyþór Þórðarson".

V.

Verða nú dómkröfur stefnanda teknar fyrir lið fyrir lið og jafnframt höfð hliðsjón af fyrrnefndum viðskiptareikningi stefnda og öðrum gögnum málsins.

Stefndi hefur tekið fram, að eigi sé ágreiningur um útreikning kaups, heldur um dagafjölda:

Eftirstöðvar frá 1967 ..... kr. 12.175.71
Þessi liður er viðurkenndur og því tekinn til greina.

Vanreiknaðar eftirstöðvar frá 1967, sbr. rskj. 11. — 11.598.15
Í fylgiskjali á rskj. 11 er greind fjárhæðin kr. 46.392.72 sem 10 hluti af aflaprósentu, er til skipta eigi að koma. Heildarskiptagrundvöllur er því kr. 463.927.20. Stefnandi telur, að þeirri fjárhæð hafi átt að skipta í 8 staði. Viðurkennt er af stefnda, að á þessum tíma hafi verið samkomulag um, að 4 menn væru á bátnum sjálfum, en 10 menn alls við hann, og með vísun til þess og vottorðs Verkalýðsfélags Norðfirðinga á rskj. 38 um 8 staða skiptingu er þessi liður tekinn til greina.

Krafa um orlof samkvæmt rskj. 11 ..... — 811.87
Hér er um að ræða 7% orlof á vanreiknaðan aflahlut, kr. 11.598.15. Með vísan til framanritaðs er þessi liður tekinn til greina.

Krafa um vanreiknað orlof af mánaðarkaupi, kr. 1.510.00, sbr. rskj. 11, fskj., 7%. Tekin til greina, þar sem greinilega hefur fallið niður að reikna orlof á fjárhæðina ..... — 105.70

Krafa um vanreiknað orlof af kauptryggingu í 1 — 559.81
mánuð. Samkvæmt rskj. 7 er kauptrygging skipstjóra á þessum tíma kr. 16.835.00. Sé því greinilegt, að ekki hafi verið reiknað með orlofi. Stefnandi tilgreinir kaupið kr. 16.283.00, reiknar á þá fjárhæð 7% orlof, kr. 1.139.00, kr. 17.422.81 áður tilgreindar kr. 16.836.00. Tekið til greina samkvæmt framangreindu.

Fastakaup með orlofi 13. janúar—20. marz 1968, þ. e. 68 daga ..... — 42.031.80
Stefnandi skiptir hér kaupkröfunni frá 13. janúar—20. apríl 1968 í tvennt, og er þetta fyrri hluti, reiknaður til 20. marz 1968. Með vísun til rskj. nr. 7 reiknar stefnandi lið þennan þannig:

Mánaðarkaupstrygging ..	kr.	16.835.00
Fastakaup	—	624.00
7% orlof	—	1.222.00
	Kr.	18.681.00

Stefnandi reiknar dagkaup (30 daga í mánuði) á kr. 618.10, en það ætti að vera kr. 622.70. Útreikningur stefnanda gerir lægri fjárhæð en í raun ætti að vera. Þessi liður er því tekinn til greina með vísun til hinnar ólöglegu uppsagnar.

Trygging ásamt fastakaupi og orlofi 20. marz 1968 til 20. apríl 1968, sem er dagur sá, er uppsögn stefnanda hefði tekið gildi, sbr. hans eigin uppsögn frá 17. janúar 1968. Þessi liður er tekinn til greina með vísun til þess, sem greint er um í næsta lið hér að framan. kr. 18.681.00

Vinna við bát og veiðarfæri .. .. — 2.000.00

Viðurkennt, sbr. rskj. 27, og tekið til greina.

Fargjald frá uppsagnarstað til heimahafnar, sbr. rskj. 22. Viðurkennt og tekið til greina. — 2.075.55

Fæði 9. marz—20. marz 1968 .. .. — 1.244.32

Stefnandi reiknar með kr. 113.12 á dag, sem er viðurkennd fjárhæð, sbr. rskj. 22. Stefnandi reiknar með fæðispeningum til heimkomudags 20. marz 1968 með hliðsjón af vertíðarsamningi, 14. og 15. gr., á rskj. 17. Tekið til greina.

Kr. 91.283.36

Stefnandi hefur viðurkennt frádráttarliði, sbr. sundurliðun á stefnukröfu hér að framan, kr. 36.597.06

en dregur þar frá greiðslur úr sinni hendi til skipverja, sbr. rskj. 19 .. .. — 8.284.20 — 28.312.86

Kr. 62.970.50

Stefndi hefur haldið því fram í munnlegum málflutningi, að stefnandi hafi greitt af fjárhæðinni kr. 3.800.00 hinn 8. janúar 1968 til Árna Eðvaldssonar, en hann hafi eigi verið á bátnum. Stefndi hefur ekki rennt stoðum undir þessa staðhæfingu og mótmælir ekki greiðslu til sama manns hinn 18. janúar 1968 að fjárhæð kr. 1.292.10. Með vísun til rskj. 19 er liður þessi því tekinn til greina sem frádráttarliður fyrir stefnanda.

Þá viðurkenndi stefnandi tvo reikninga:

Þinggjald, sbr. rskj. 31, nr. 7, kr. 6.690.00
svo og reikning vegna Hafnarbúða,
rskj. 30 .. .. — 536.00
kr. 7.226.00

Kr. 55.744.50

og frá þeirri fjárhæð verður svo dregið, sbr. viðurkenningu stefnanda á rskj. 43 .. .. — 1.200.00

Kr. 54.544.50

sem verður tekið til greina samkvæmt framansögðu.

Stefndi hefur viðurkennt, að eigi verði reiknað stefnanda til skuldar fjárhæð samkvæmt rskj. 29, greiðsla til Verkstæðis Reykdals, kr. 2.287.00. Stefndi hefur viðurkennt, að kr. 3.750.00, haldið eftir til bæjarsjóðs, sbr. rskj. 22, hafi ekki verið greiddar.

Stefnandi þykir því hafa fært fram fullar sannanir fyrir framangreindri skuld stefnda við hann.

Stefndi hefur krafizt sjóveðréttar í m/b Glað, VE 270, fyrir tildæmdum kröfum.

Sjóveðréttur er tekinn til greina.

Ber samkvæmt framansögðu að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 54.544.50 auk 1% vanskilavaxta á mánuði eða hluta úr mánuði frá stefnudegi, 27. marz 1968, til greiðsludags og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, til tryggingar fjárhæðum þessum, sbr. 2. tölulið 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dóm þennan kvað upp Gísli Einarsson fulltrúi ásamt meðdómsmönnunum Guðjóni Marteinssyni og Sveinbirni Á. Sveinssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Gylfi Gunnarsson, Strandgötu 62, Neskaupstað, greiði stefnanda, Stefáni G. Ásmundssyni skipstjóra, Naustahvammi 12, Neskaupstað, kr. 54.544.50 auk 1% vanskilavaxta á mánuði eða hluta úr mánuði frá 27. marz 1968 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Glað, VE 270, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. marz 1972.

Nr. 39/1972. **Valdstjórnin**

gegn

Óskari Magnússyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. marz 1972, sem barst Hæstarétti 14. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. marz 1972.

Ár 1972, föstudaginn 10. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 25. febrúar s.l. var Sigurður Lindberg Pálsson, Vesturgötu 69 hér í borg, handtekinn í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, þar sem hann var að reyna að selja tékka nr. A 13422 að upphæð kr. 15.000.00. Við nánari athugun reyndist tékki þessi vera falsaður, en eigandi hans er Jón Friðrik Sigurðsson frá Svartagili í Þingvallasveit.

Sigurður Lindberg kveðst hafa fengið tékka þennan hjá Elí Bæring Einarssyni, Mýrarhúsum, Seltjarnarnesi, og ætlað að selja hann fyrir Elí Bæring.

Við yfirheyrslu kveðst Elí Bæring hafa fengið tilnefndan tékka hjá Snorra Jónssyni, sem nú starfar í matvöruverzlun í Keflavík.

Í símtali staðfesti Snorri frásögn Elí Bærings, en skýrði jafnframt frá því, að tékkann hefði hann fengið hjá Óskari Magnússyni, Kirkjustræti 3 hér í borg, en Óskar hefur neitað allri vitneskju um mál þetta.

Þess skal getið, að Óskar Magnússon strauk úr vörzlu lögreglunnar 7. marz s.l., er hann var hér til yfirheyrslu, og náðist ekki aftur fyrr en í gærdag.

Óskar Magnússon er grunaður um brot á 155. gr. almennra hegningarlaga, sem varðað gæti hann fangelsisrefsingu, ef sannaðist.

Skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru því fyrir hendi til beitingar gæzluvarðhaldi, sem rétt þykir að beita með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum.

Ályktarorð:

Kærði Óskar Magnússon skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 84/1971. **Ákæruvaldið** (Hallvarður Einvarðsson, settur saksóknari ríkisins)

gegn

Arinbirni Hjálmarssyni
Arngrími Geirssyni
Arnljóti Sigurðssyni
Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni
Árna Gíslasyni
Árna Arngarði Halldórssyni
Áskeli Jónassyni
Ásmundi Kristjáni Jónssyni
Baldvin Kristni Baldvinssyni
Bóasi Gunnarssyni
Brynjólfi Steingrímssyni
Böðvari Jónssyni
Dagbjarti Sigurðssyni
Einari Gunnari Þórhallssyni
Eysteini Arnari Sigurðssyni
Finnu Kristjánsdóttur
Friðgeiri Jónssyni
Friðriki Gylfa Traustasyni
Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur
Guðmundi Jónssyni
Halldóri Árnasyni
Hauki Hreggviðssyni
Héðni Sverrissyni
Hildi Hermóðsdóttur
Hreiðari Arnórssyni
Ingólfi Ísfeld Jónassyni
Ingveldi Ólafíu Björnsdóttur
Jóhönnu Álfheiði Steingrímsdóttur
Jóni Aðalsteinssyni
Jóni Benediktssyni
Jóni Kristjánssyni
Jóni Péturssyni
Jóni Árna Sigfússyni
Jóni Sigtryggssyni
Jóni Stefánssyni
Jónasi Sigurgeirssyni

Katli Þórissyni
Kristjáni Elfari Yngvasyni
Matthíasi Kristjánssyni
Óla Kristjánssyni
Páli Dagbjartssyni
Pétri Gauta Péturssyni
Pétri Steingrímssyni
Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur
Sigurði Jónssyni
Sigurði Karlssyni
Sigurði Trausta Kristjánssyni
Sigurgeiri Jónassyni
Sigurgeiri Péturssyni
Stefáni Axelssyni
Stefáni Vigni Skaftasyni
Stefáni Þórarni Þórarinssyni
Stefaníu Þorgrímsdóttur
Steingrími Kristjánssyni
Svanhildi Björk Jónasdóttur
Sveini Helgasyni
Völundi Þorsteini Hermóðssyni
Yngva Kristjánssyni
Þorgrími Starra Björgvinssyni
Þóru Sigurðardóttur
Þórhalli Bragasyni
Þóroddi Friðriki Þóroddssyni
Ævari Kjartanssyni
Örlygi Arnljótssyni og
Erni Arnari Haukssyni
(Sigurður Gizurarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum öllum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ákærðu tóku öll þátt í að rjúfa stíflumannvirki þau í Miðkvísl, sem í málinu greinir, en mannvirki þessi voru eign Laxárvirkjunar. Ákærðu unnu verk þetta saman, og var

sprengiefni (dynamit) notað við framkvæmd þess. Hvorki er fram komið í málinu, hver eða hverjir hafi átt frumkvæði að verkinu eða hafi haft forustu um framkvæmd þess og verkstjórn. Þá er heldur eigi í ljós leitt, hver aflaði sprengiefnis þess, sem notað var við stíflurofið.

Verknaður ákærðu, er hér um ræðir, varðar við ákvæði 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákvæði 165. gr. og 176. gr. almennra hegningarlaga eigi hér ekki við.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga, að samkvæmt gögnum máls þess, sem hér er til úrlausnar, voru umrædd mannvirki reist þrátt fyrir andstöðu ýmissa manna, sem af því tilefni höfðu lögvarinna hagsmuna að gæta, og án þess að aflað væri nægilegra heimilda til mannvirkjagerðarinnar. Það gat hins vegar ekki réttlætt atferli ákærðu.

Sakavottorð ákærðu voru lögð fram í héraði. Er ekki ástæða til að rekja efni þeirra. Mörg hinna ákærðu hafa hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr. Refsingar annarra, sem eru sektir nema í einu tilviki, eru ekki þess efnis, að þær hafi áhrif á refsimat í máli þessu.

Samkvæmt sakargögnum verður ekki greint milli hinna einstöku ákærðu við ákvörðun refsingar. Þykir refsing hvers þeirra fyrir sig hæfilega ákveðin kr. 15.000.00 sekt, er renni í ríkissjóð. Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykir rétt að fresta framkvæmd refsingar, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Rjúfi einhver hinna ákærðu nefnt skilorð, sæti hann 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Fébótakröfur hafa eigi verið hafðar uppi í málinu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arinbjörn Hjálmarsson, Arngrímur Geirsson, Arnljótur Sigurðsson, Arnþór Haukur Aðalgeirsson, Árni Gíslason, Árni Arngarður Halldórsson, Áskell Jónasson, Ásmundur Kristján Jónsson, Baldvin Kristinn Baldvinsson, Bóas Gunnarsson, Brynjólfur Steingrímsson, Böðvar Jónsson, Dagbjartur Sigurðsson, Einar Gunnar Þórhallsson, Eysteinn Arnar Sigurðsson, Finna Kristjánsdóttir, Friðgeir Jónsson, Friðrik Gylfi Traustason, Guðmundur Jónsson, Guðfinna Kristín Sigfúsdóttir, Halldór Árnason, Haukur Hreggviðsson, Héðinn Sverrisson, Hildur Hermóðsdóttir, Hreiðar Arnórsson, Ingólfur Ísfeld Jónasson, Ingveldur Ólafía Björnsdóttir, Jóhanna Álfheiður Steingrímsdóttir, Jón Aðalsteinsson, Jón Benediktsson, Jón Kristjánsson, Jón Pétursson, Jón Árni Sigfússon, Jón Sigtryggsson, Jón Stefánsson, Jónas Sigurgeirsson, Ketill Þórisson, Kristján Elfar Ingvarsson, Matthías Kristjánsson, Óli Kristjánsson, Páll Dagbjartsson, Pétur Gauti Pétursson, Pétur Steingrímsson, Sigríður Ragnhildur Hermóðsdóttir, Sigurður Jónsson, Sigurður Karlsson, Sigurður Trausti Kristjánsson, Sigurgeir Jónasson, Sigurgeir Pétursson, Stefán Axelsson, Stefán Vignir Skaftason, Stefán Þórarinn Þórarinsson, Stefanía Þorgrímsdóttir, Steingrímur Kristjánsson, Svanhildur Björk Jónasdóttir, Sveinn Helgason, Völundur Þorsteinn Hermóðsson, Yngvi Kristjánsson, Þorgrímur Starri Björgvinsson, Þóra Sigurðardóttir, Þórhallur Bragason, Þóroddur Friðrik Þóroddsson, Ævar Kjartansson, Örlygur Arnljótsson og Örn Arnar Hauksson, greiði hver um sig kr. 15.000.00 sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingu þeirra og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Rjúfi einhver hinna ákærðu nefnt skilorð, sæti hann 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu 7. júní 1971.

Ár 1971, mánudaginn 7. júní, var í sakadómi Þingeyjarsýslu, sem haldinn var í dómsal sakadóms Reykjavíkur í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni, dómara samkvæmt umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Arinbirni Hjálmarssyni, Arngrími Geirssyni, Arnljóti Sigurðssyni, Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni, Árna Gíslasyni, Árna Arngarði Halldórssyni, Áskeli Jónassyni, Ásmundi Kristjáni Jónssyni, Baldvin Kristni Baldvinssyni, Bóasi Gunnarssyni, Brynjólfi Steingrímssyni, Böðvari Jónssyni, Dagbjarti Sigurðssyni, Einari Gunnari Þórhallssyni, Eysteini Arnari Sigurðssyni, Finnu Kristjánsdóttur, Friðgeiri Jónssyni, Friðriki Gylfa Traustasyni, Guðmundi Jónssyni, Halldóri Árnasyni, Hauki Hreggviðssyni, Héðni Sverrissyni, Hildi Hermóðsdóttur, Hreiðari Arnórssyni, Ingólfi Ísfeld Jónassyni, Ingveldi Ólafíu Björnsdóttur, Jóhönnu Álfheiði Steingrímsdóttur, Jóni Aðalsteinssyni, Jóni Benediktssyni, Jóni Kristjánssyni, Jóni Péturssyni, Jóni Árna Sigfússyni, Jóni Sigtryggssyni, Jóni Stefánssyni, Jónasi Sigurgeirssyni, Katli Þórissyni, Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur, Kristjáni Elfari Yngvasyni, Matthíasi Kristjánssyni, Óla Kristjánssyni, Páli Dagbjartssyni, Pétri Gauta Péturssyni, Pétri Steingrímssyni, Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur, Sigurði Jónssyni, Sigurði Karlssyni, Sigurði Trausta Kristjánssyni, Sigurgeiri Jónassyni, Sigurgeiri Péturssyni, Stefáni Axelssyni, Stefáni Vigni Skaftasyni, Stefáni Þórarni Þórarinssyni, Stefaníu Þorgrímsdóttur, Steingrími Kristjánssyni, Svanhildi Björk Jónasdóttur, Sveini Helgasyni, Völundi Þorsteini Hermóðssyni, Yngva Kristjánssyni, Þorgrími Starra Björgvinssyni, Þóru Sigurðardóttur, Þórhalli Bragasyni, Þóroddi Friðriki Þóroddssyni, Ævari Kjartanssyni, Örlygi Arnljótssyni og Erni Arnari Haukssyni, en mál þetta var tekið til dóms 25. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 4. desember 1970, gegn eftirtöldum mönnum:

1. Arinbirni Hjálmarssyni bónda, Vagnbrekku í Skútustaðahreppi, fæddum 20. september 1919 að Sveinsströnd,

2. Arngrími Geirssyni kennara, Laugum, Reykdælahreppi, fæddum 29. maí 1937 að Álftagerði,

3. Arnljóti Sigurðssyni bónda, Arnarvatni (III), Skútustaðahreppi, fæddum þar 23. júní 1912,

4. Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni, Grímsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum 13. september 1926 á Akureyri,

5. Árna Gíslasyni bónda, Laxárbakka, Skútustaðahreppi, fæddum 11. maí 1924 á Helluvaði,

6. Árna Arngarði Halldórssyni bónda, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 25. febrúar 1934,

7. Áskeli Jónassyni, Þverá, Laxárdal, Reykdælahreppi, fæddum þar 17. febrúar 1938,

8. Ásmundi Kristjáni Jónssyni bónda, Hofsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum 19. apríl 1936 á Arnarvatni,

9. Baldvin Kristni Baldvinssyni, Rangá, Ljósavatnshreppi, fæddum þar 23. febrúar 1950,

10. Bóasi Gunnarssyni, Stuðlum, Skútustaðahreppi, fæddum 15. desember 1932 að Bakkagerði í Reyðarfirði,

11. Brynjólfi Steingrímssyni húsasmíðanema, Grímsstöðum (IV), Skútustaðahreppi, fæddum 13. maí 1947 á Húsavík,

12. Böðvari Jónssyni bónda á Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 1. júlí 1925,

13. Dagbjarti Sigurðssyni, Álftagerði (II), Skútustaðahreppi, fæddum 28. september 1909 í Sandvík,

14. Einari Gunnari Þórhallssyni, Vogum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 2. október 1918,

15. Eysteini Arnari Sigurðssyni bónda, Arnarvatni, Skútustaðahreppi, fæddum þar 6. október 1931,

16. Finnu Kristjánsdóttur, Litluströnd, Skútustaðahreppi, fæddri 6. maí 1916 á Skútustöðum,

17. Friðgeiri Jónssyni bónda, Yztafelli í Ljósavatnshreppi, fæddum þar 28. janúar 1907,

18. Friðriki Gylfa Traustasyni, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddum 1. marz 1949 á Ólafsfirði,

19. Guðmundi Jónssyni bónda, Hofsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 31. október 1937,

20. Halldóri Árnasyni bónda, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 12. júlí 1898,

21. Hauki Hreggviðssyni, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum 9. maí 1948 á Vopnafirði,

22. Héðni Sverrissyni húsasmiði, Víðihlíð, Skútustaðahreppi, fæddum 20. september 1949 á Akureyri,

23. Hildi Hermóðsdóttur, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddri þar 25. júlí 1950,

24. Hreiðari Arnórssyni, Árbót, Aðaldælahreppi, fæddum þar 17. nóvember 1933,

25. Ingólfi Ísfeld Jónassyni, Helluvaði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 3. apríl 1948,

26. Ingveldi Ólafíu Björnsdóttur húsfreyju, Skútustöðum, fæddri 10. febrúar 1919 á Ósi í Skilmannahreppi,

27. Jóhönnu Álfheiði Steingrímsdóttur húsfreyju, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddri 20. ágúst 1920 að Nesi,

28. Jóni Aðalsteinssyni bónda, Vindbelg, Skútustaðahreppi, fæddum 27. marz 1926 að Arnarvatni,

29. Jóni Benediktssyni, Auðnum í Reykdælahreppi, fæddum 17. marz 1946 á Birningsstöðum,

30. Jóni Kristjánssyni bónda, Skútustöðum, fæddum 10. desember 1910 í Haganesi,

31. Jóni Péturssyni, Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 16. ágúst 1919,

32. Jóni Árna Sigfússyni, Víkurnesi, Skútustaðahreppi, fæddum 23. október 1929 í Vogum,

33. Jóni Sigtryggssyni bónda, Syðri-Neslöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 17. júlí 1903,

34. Jóni Stefánssyni bónda, Nónbjargi, Skútustaðahreppi, fæddum 19. september 1923 að Geirastöðum,

35. Jónasi Sigurgeirssyni bónda, Helluvaði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 4. desember 1901,

36. Katli Þórissyni bónda, Baldursheimi, Skútustaðahreppi, fæddum þar 9. desember 1920,

37. Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur, Stuðlum, Skútustaðahreppi, fæddri 6. desember 1933 að Öndólfsstöðum,

38. Kristjáni Elfari Yngvasyni, Skútustöðum, fæddum 8. febrúar 1947 á Akranesi,

39. Matthíasi Kristjánssyni bónda, Litlurströnd, Skútustaðahreppi, fæddum 14. júlí 1924 í Dýjakoti,

40. Óla Kristjánssyni bónda, Skútustöðum, fæddum 16. apríl 1920 í Haganesi,

41. Páli Dagbjartssyni íþróttakennara, Álftagerði, Skútustaðahreppi, fæddum 31. ágúst 1948 á Akureyri,

42. Pétri Gauta Péturssyni, bónda á Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 6. september 1914,

43. Pétri Steingrímssyni, Nesi í Aðaldælahreppi, fæddum þar 14. desember 1929,

44. Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddri þar 10. desember 1942,

45. Sigurði Jónssyni, Arnarvatni (I), Skútustaðahreppi, fæddum þar 30. apríl 1949,

46. Sigurði Karlssyni bónda, Núpum í Aðaldælahreppi, fæddum 31. maí 1924 á Knútsstöðum,

47. Sigurði Trausta Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Stöng, Skútustaðahreppi, fæddum þar 2. júlí 1941,

48. Sigurgeiri Jónassyni, Helluvaði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 22. október 1946,

49. Sigurgeiri Péturssyni, bónda á Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 9. september 1926,

50. Stefáni Axelssyni bónda, Ytri-Neslöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 28. febrúar 1923,

51. Stefáni Vigni Skaftasyni, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddum 7. júní 1940 í Reykjavík,

52. Stefáni Þórarni Þórarinssyni bónda, Borg, Skútustaðahreppi, fæddum 12. janúar 1927 á Ytri-Neslöndum.

53. Stefaníu Þorgrímsdóttur, Garði, Skútustaðahreppi, fæddri 11. apríl 1950 á Húsavík,

54. Steingrími Kristjánssyni bónda, Litluströnd, Skútustaðahreppi, fæddum 27. nóvember 1917 að Breiðumýri,

55. Svanhildi Björk Jónasdóttur, Vogum (II), Skútustaðahreppi, fæddri 4. júní 1947 á Húsavík,

56. Sveini Helgasyni verkamanni, Grænavatni, Skútustaðahreppi, fæddum þar 5. febrúar 1929,

57. Völundi Þorsteini Hermóðssyni, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddum þar 8. nóvember 1940,

58. Yngva Kristjánssyni bónda, Skútustöðum, fæddum 17. marz 1916 í Haganesi,

59. Þorgrími Starra Björgvinssyni bónda, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 2. desember 1919,

60. Þóru Sigurðardóttur, Arnarvatni, Skútustaðahreppi, fæddri þar 16. febrúar 1920,

61. Þórhalli Bragasyni, Landamótsseli, Ljósavatnshreppi, fæddum þar 20. ágúst 1948,

62. Þóroddi Friðriki Þóroddssyni, Eskihlíð 5, Reykjavík, fæddum 28. janúar 1950 í Reykjavík,

63. Ævari Kjartanssyni, Grímstungu, Fjallahreppi, fæddum 26. ágúst 1950 í Reykjavík,

64. Örlygi Arnljótssyni, Arnarvatni, Skútustaðahreppi, fæddum 20. desember 1950 á Húsavík,

65. Erni Arnari Haukssyni, Grímsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum 17. apríl 1946 í Reykjavík.

Sakarefni og dómkröfum er lýst þannig í ákæru:

„Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa valdið miklum spjöllum á vatnsmiðlunarmannvirkjum Laxárvirkjunar við Mývatnsósa að kvöldi þriðjudagsins 25. ágúst 1970 með því að hafa þá í félagi rutt úr vegi stíflu Laxárvirkjunar í Miðkvísl í Laxá og beitt til þess verknaðar, auk handafls og handverkfæra, sprengiefni (dynamiti) og tveimur dráttarvélum með skóflubúnaði. Hafa þegar hlotizt af þessu truflanir á rekstri Laxárvirkjunar, og hætta er talin á verulegum truflunum af þessum sökum.

Þykja ákærðu með fyrrgreindu atferli öll hafa gerzt brotleg samkvæmt 165. gr., 176. gr. og 257. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að hin ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

I. Inngangur.

Laxá í Þingeyjarsýslu fellur úr Mývatni suðvestanverðu. Liggur straumur úr vatninu fyrir Rif (Rifseyri) út að Rifshöfða í Haganeslandi inn á Breiðu, sem svo er nefnd. Vestur úr henni fellur nyrzt kvísl fram hjá býlunum Geirastöðum og Nónbjargi, og er hún kölluð Geirastaðakvísl eða Yztakvísl. Sunnar liggur straumur af Breiðunni gegnum Mjósund og greinist síðan í tvær kvíslar. Önnur þeirra fellur til vesturs, og er hún nefnd Hólskvísl eða Miðkvísl. Í gögnum máls þessa er hún yfirleitt nefnd Miðkvísl, og verður því nafni haldið í dómi þessum, þótt hitt kunni að vera upprunalegra. Miðkvísl sameinast Geirastaðakvísl nokkru vestar, og er eyja sú, sem mydast milli kvíslanna, nefnd Helgey og er í landi Geirastaða. Önnur kvísl fellur fyrst suðaustur frá Mjósundi, en sveigir síðan vestur á við og sameinast hinum kvíslunum skammt frá bæjum að Arnarvatni. Milli hennar og Miðkvíslar er Geldingaey, og er hún í landareign Arnarvatns, þannig að Miðkvísl skilur lönd Geirastaða og Arnarvatns. Eftir

að Laxá hefur myndað einn farveg, rennur hún fyrst til vesturs, en sveigir síðan í norðurátt og fellur norður um Laxárdal og úr honum niður Laxárgljúfur og síðan um Aðaldal út í Skjálfanda. Orkuver hefur verið reist við Brúar í Aðaldal til vinnslu á raforku úr Laxá, en Brúar eru neðan við Laxárgljúfur. Tók það fyrst til starfa árið 1939 og var rekið af Akureyrarbæ sem sjálfstætt fyrirtæki samkvæmt lögum nr. 43/1937. Afköst stöðvarinnar voru aukin 1944, er ný vél var sett niður. Samkvæmt lögum nr. 54/1949, er síðan var breytt með lögum nr. 54/1950, var ríkissjóði heimilað að gerast meðeigandi að Laxárvirkjun. Þá var í undirbúningi aukning virkjunarinnar, er tók til starfa árið 1953. Með lögum um Laxárvirkjun nr. 60/1965 er svo fyrir mælt, að Laxárvirkjun skuli vera sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar og rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi og eiga heimili og varnarþing á Akureyri. Með lögum þessum var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver við Brúar. Stjórn virkjunarinnar lét síðan gera áætlun um gerð nýrra raforkuvera í Laxá. Í áætlun þessari, sem kölluð hefur verið Gljúfurversáætlun, er gert ráð fyrir fjórum áföngum:

1. Sett skyldi niður ein vélasamstæða, er gerð væri fyrir 24 MW við 84 m fall, en orka sú, sem hún gæfi, yrði þó í þessum áfanga einungis 7 MW, þar sem ekki er gert ráð fyrir hækkun vatnsborðs. Vatnsgöng, sem gerð yrðu, skyldu þó miðuð við, að þau gætu síðan tekið við vatni að báðum vélum, ef Suðurá yrði síðar veitt í Laxá. Einnig skyldi sprengt í bergið fyrir fullri stærð vélasalar.

2. Gerð skyldi stífla, er hækkaði vatnsborð Laxár um 21 m, eða upp í 59.5 m, en þá ætti vélasamstæðan að gefa af sér 14.7 MW.

3. Stífla skyldi hækkuð, svo að fallhæð yrði alls 84 m, og mundi vélasamstæðan þá láta í té 24 MW.

4. Sett skyldi niður önnur vélasamstæða, er yki orkuna í samtals 54.6 MW.

Þá var í áætlun þessari að því vikið, að síðar kynni Suðurá, sem nú rennur í Skjálfandafljót, að verða veitt í Kráká, sem fellur í syðstu útfallskvísl Laxár úr Mývatni. Framkvæmd þessi var annars ekki fólgin í áætluninni, en svo sem áður var sagt, skyldi við gerð vatnsgangna haft í huga, að til slíkra veitumannvirkja kynni að koma síðar.

Atvinnumálaráðuneytið veitti stjórn Laxárvirkjunar leyfi til

framkvæmda samkvæmt fyrsta áfanga áætlunar þessarar, enda var hún innan marka þeirra, er sett voru í lög nr. 60/1965. Í bréfi ráðuneytis segir auk þess:

„Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefur ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir".

Af þeim ráðagerðum um aukningu orkuvinnslu úr Laxá, sem nú hefur verið lýst, hafa risið úfar með stjórn Laxárvirkjunar og annarra stjórnvalda annars vegar og landeigenda á Laxár- og Mývatnssvæðinu hins vegar. Í deilum þessum hefur náttúruverndarsjónarmiðum mjög verið haldið á loft af hálfu landeigenda, en þeir telja mikla hættu á því, að lífríki Laxár og Mývatns mundi stefnt í bráða hættu, ef úr Gljúfurversvirkjun yrði, og þá einkum, ef vatnsborð Laxár yrði hækkað og Laxárdalur neðanverður lagður undir vatn og ef aukið yrði vatnsmagn Laxár með því að veita í hana Suðurá. Er það alkunna, að deilur þessar hafa valdið mikilli ólgu víða um land og þó einkum í Suður-Þingeyjarsýslu. Í máli þessu hefur komið fram, að sú ólga hefur átt nokkurn þátt í því, að til tíðinda þeirra dró, sem mál þetta er risið af. Af þeim sökum hefur þótt nauðsynlegt að geta hér um deilur þær, sem Gljúfurversáætlun hefur valdið, þótt ekki sé ástæða til að rekja þær nánar.

Vegna rennslistruflana, sem fram höfðu komið í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni og truflað höfðu rekstur orkuveranna, hafði stjórn Laxárvirkjunar látið gera stíflur í öllum kvíslunum þremur, fyrst 1946 í Syðstukvísl, síðan á árunum 1953—1960 í Geirastaðakvísl og loks 1960—1961 í Miðkvísl, og var hin síðarnefnda jarðvegsstífla með steinsteyptum þéttikjarna og silungsstiga í miðju.

Að kvöldi þriðjudagsins 25. ágúst 1970 bar það til tíðinda, að mikill fjöldi manns kom saman við stíflu þá, sem stjórn Laxárvirkjunar hafði látið gera í Miðkvísl. Hófust menn handa um að rjúfa stífluna og beittu við það handverkfærum, járnkörlum, hökum og skóflum, en auk þess voru notaðar við verkið tvær dráttarvélar með skóflum. Steinveggurinn inni í jarðvegsstíflunni var sprengdur með dynamiti. Lauk svo, að hliðarveggjum stíflunnar var báðum rutt gersamlega úr vegi, svo að eftir stendur

einungis fiskistiginn í miðri kvíslinni. Verkið virðist hafa hafizt um eða nokkru fyrir kl. 2000 og verið að fullu lokið um miðnætti, a. m. k. voru allir þátttakendur horfnir af vettvangi, er lögreglumenn frá Húsavík komu þangað um kl. 0100 um nóttina.

Stjórn Laxárvirkjunar óskaði þess næsta dag, að saksóknari ríkisins efni til rannsóknar út af atburðum þessum, og krafðist saksóknari þess með símskeyti til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu hinn 26. ágúst, að dómsrannsókn yrði hafin án tafar. Hinn 27. ágúst var Steingrímur Gautur Kristjánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, skipaður til að fara með rannsókn þessa sem umboðsdómari. Rannsóknardómarinn hóf þegar rannsókn sína, og hinn 31. ágúst var fyrst haldið dómþing í málinu. Fóru síðan fram þinghöld fram í miðjan september. Eftir það aflaði rannsóknardómarinn margvíslegra gagna, sem skipt gátu máli við úrlausn málsins, og lauk síðan rannsókninni í þinghaldi 17. október. Rannsóknin var síðan send saksóknara ríkisins, og á grundvelli hennar hefur mál þetta verið höfðað.

Efni dóms þessa þykir rétt að skipa með þessum hætti: Fyrst verður lýst gögnum um það, hvernig stíflunni í Miðkvísl var rutt úr vegi, og þá fyrst og fremst framburðum ákærðu sjálfra (II). Þá er nauðsynlegt að rekja gögn um það, hvernig til stíflugerðarinnar kom á sínum tíma, og um samskipti stjórnar Laxárvirkjunar við landeigendur og aðgerðir stjórnvalda í þessu sambandi (III). Í málinu hefur mjög verið um það rætt, að stíflan hafi hindrað fiskigengd milli Laxár og Mývatns, og verður um það rætt í IV. þætti. Þá verður, einkum vegna ákærunnar um brot gegn 176. gr. almennra hegningarlaga, að víkja að því, hvort brottnám stíflunnar hafi valdið truflunum á rekstri Laxárvirkjunar (V). Frá matsgerð um tjón það, sem varð af stíflurofinu, er skýrt í VI. kafla.

Að lokum verða síðan dregnar ályktanir af því, sem fram hefur komið í málinu, og afstaða tekin til krafna ákæruvaldsins á hendur ákærðu (VII).

II. Rof Miðkvíslarstíflu 25. ágúst.

Í upphafi rannsóknar sinnar bárust rannsóknardómaranum fimm samhljóða yfirlýsingar, svohljóðandi:

„Við undirrituð lýsum því hér með yfir, að við vorum stödd við miðkvísl Laxár, þar sem hún rennur úr Mývatni, síðdegis hinn 25. ágúst 1970. Við höfum fregnað, að saksóknari hafi fyrirskipað opinbera réttarrannsókn á atburði þeim, sem þar gerðist. Við vorum þarna stödd í fullu leyfi og samþykki ábúenda land-

svæðis þessa. Stíflumannvirki á þessum stað voru reist án leyfis eigenda og ábúenda landsins. Laxárvirkjunarstjórn hefur aldrei skeytt í neinu mótmælum umráðamanna landsins né heldur boðið fram skaðabætur fyrir átroðslu, landskemmdir né tjón á silungsgöngu. Allt er þetta framferði Laxárvirkjunarstjórnar skýlaust brot gegn friðhelgi eignarréttarins, ákvæðum vatnalaga og ákvæðum um lax- og silungsveiði, sem gerir beitingu neyðarréttar óumflýjanlega. Teljum við undirrituð því fráleitt að fyrirskipa opinbera sakamálarannsókn í máli þessu, en vísum því í þess stað til skipaðra sáttasemjara í deilunni milli Laxárvirkjunarstjórnar og Þingeyinga".

Undir þessar yfirlýsingar höfðu ritað nöfn sín samtals 88 manns, karlar og konur, meðal þeirra öll þau, sem sótt eru til saka í máli þessu.

Enn fremur bárust rannsóknardómaranum sex samhljóða yfirlýsingar, er hljóða svo:

„Við undirrituð studdum að framkvæmd þess verks, er unnið var við Miðkvísl síðdegis hinn 25. ágúst 1970, og veittum því liðsinni í orði og verki".

Hafa 113 manns undirritað yfirlýsingar þessar, en enginn þeirra er meðal sakborninga í máli þessu.

Um atburðina við Miðkvísl liggur fyrir í fyrsta lagi framburður hinna ákærðu, sem öll kannast við, að þau hafi verið á vettvangi og tekið þátt í að ryðja stíflunni úr vegi. Verður framburður ákærðu rakinn í aðalatriðum hér á eftir. Þá voru einnig teknar skýrslur af mörgum öðrum, er lögðu lið við niðurbrot stíflunnar, en eigi hafa verið ákærðir. Þá eru til margar myndir, sem séra Örn Friðriksson, sóknarprestur að Skútustöðum, tók, meðan verið var að rjúfa stífluna.

Ekkert hefur komið fram um það, hver átt hafi frumkvæði að verkinu, og halda ákærðu því fram, að það hafi enginn átt öðrum fremur. Ekki er heldur vitað um neinn sérstakan, er annazt hafi verkstjórn. Dráttarvélar þær, sem notaðar voru við verkið, voru frá Hofstöðum og Gautlöndum, en ekki hefur komið fram, hverjir stjórnuðu þeim.

Af ummerkjum á staðnum mátti sjá, að sprengiefni hafði verið notað til að sprengja burt þéttikjarnann í stíflunni, og fundust leifar af sprengiþráðum. Flestir hinna ákærðu hafa einnig sagt, að þeir hafi vitað til þess, að sprengt hafi verið, en enginn þykist þó hafa komið þar nærri sjálfur.

Rannsókn málsins var mjög beint að því, hvaðan stíflubrjót-

arnir hefðu getað fengið sprengiefnið. Sprengiefni virðist víða hafa verið tiltækt á þessum slóðum. Í Helgey fundust tveir hellar, þar sem sprengiefni hafði verið geymt. Rannsóknardómarinn fór 31. ágúst út í Helgey til þess að kanna geymslur þessar, og um þá för hefur hann bókað í þinghaldi á þessa leið:

„Þegar komið var í hellinn, kom í ljós, að dyraumbúnaður hafði verið settur í hellismunnann og hlaðið upp í opið meðfram dyrunum. Hurð var í dyrunum, læst með hengilás. Meðfram dyrastafnum virtist hleðsla hafa verið rofin. Fór dómarinn inn í hellinn gegnum opið ásamt lögreglumönnunum.

Í hellinum fannst burðarkassi, sem virtist hafa verið smíðaður til að geyma í honum og bera hvellhettur til dynamitsprenginga. Kassinn virtist ekki vera smíðaður sem umbúðir utan um hvellhettur eða sprengiefni. Ól er á kassanum til að bera hann framan á sér með ólina um hálsinn. Í kassanum voru 10 hólf. Í 5 hólfum voru hvellhettur með sprengiþráðum og skúm eða hégómi yfir. Í einu hólfi var pakki með hvellhettum og skúm eða hégómi yfir. Í sjöunda hólfinu er ein hvellhetta með sprengiþræði rauðum og hvítum, en hvorki er í því hólfi skúm eða hégómi að marki, svo séð verði. Þrjú hólf eru tóm. Auk þess voru í hellinum 3 tómir, opnir málmkassar undan hvellhettum svo og lítið eitt af asbesti.

Alla þessa muni tók dómarinn í vörzlur sínar.

Í öðrum helli skammt frá fundust leifar af kassa utan af sprengiefni og umbúðapappír utan af sprengiefni, ennfremur dálitlar leifar af efni, sem virtist vera dynamit. Þetta allt tók dómarinn í vörzlur sínar.

Umbúnaður um hellinn var þannig, að dyraumbúnaður var í hellismunna og hlaðið í opið meðfram. Hurð var í dyrunum, læst með hengilás. Tvö op voru á hellinum, og mátti komast inn í hann um þau".

Einnig komst rannsóknardómarinn á snoðir um það, að sprengiefni mundi vera varðveitt í Geldingaey, og fór hann þangað 5. september. Í skúta skammt frá þeim stað, þar sem stíflan hafði verið, fundust 16 túbur af dynamiti og 10 hvellhettur með hvítum rafþræði. Dynamitið lá á tveimur stöðum í skútanum, og var pappi undir. Það, sem utar lá, virtist hafa legið lengi á þessum stað, þar sem pappinn hafði lagað sig eftir grjótinu, sem undir lá. Um það, sem innar lá, varð ekki ráðið af vegsummerkjum, hve lengi það hafði legið þar. Dynamitið virtist gamalt, og höfðu túburnar rýrnað mjög. Hvellhetturnar voru lítið tærðar,

en spanskgræna var á endum rafþráðanna. Sumt af pappanum var nokkuð fúið, en síður það, sem innar lá.

Í hellisskúta skammt frá kláfferju við Helluvað fundust leifar af fjórum dynamithleðslum og vaxpappír svo og ryðgaður rafþráður vafinn með tauþræði.

Þá kom einnig í ljós, að sprengiefni hafði verið geymt í klakhúsi við Brúar. Sigurður Hallmarsson, lögregluþjónn á Húsavík, fór þangað 31. ágúst. Í ólæstri kompu í klakhúsinu fann hann 16 kassa með dynamiti, hver 25 kg. að þyngd. Að minnsta kosti einn kassinn var upptekinn, og lágu túbur á víð og dreif. Þegar rannsóknardómarinn kom í klakhúsið 2. september, var búið að flytja sprengiefnið brott í sprengiefnisgeymslu, sem Norðurverk h/f, sem annast framkvæmdir við Laxárvirkjun, hefur að Reynistað í Aðaldal. Ekki er vitað til þess, að horfið hafi sprengiefni af birgðum Norðurverks.

Verður svo látið útrætt um sprengiefnið, og er niðurstaðan sú, að ekki er vitað, hvaðan sprengiefni það kom, sem notað var við stífluna í Miðkvísl, né hverjir framkvæmdu þar sprengingar.

Nú verður greint frá framburði hinna ákærðu.

Ákærði Arinbjörn Hjálmarsson kveðst hafa komið á staðinn um kl. 2000 og starfað þar að ýmsu. Hann kveður lengi hafa staðið til að vinna þetta verk, en engir hafi verið sérstakir hvatamenn að verkinu né stjórnað því. Um hvatir sínar til verksins hefur þessi sakborningur vísað til yfirlýsingar þeirrar, sem áður var lýst og hann hefur undirritað.

Ákærði Arngrímur Geirsson kveðst hafa komið á vettvang laust eftir kl. 1930 og hann hafi unnið að því að færa grjót úr stíflunni og beitt járnkarli og oddskóflu. Hann hafi verið að verki fram yfir miðnætti og síðast unnið að því að flytja steinvegg úr farveginum. Hann kveðst ekki hafa haft sprengiefni um hönd og telur sig ekki hafa séð, hverjir það gerðu, né heldur kveðst hann vita hverjir stjórnað hafi dráttarvélunum. Hann kveðst ekki vita til, að verkið hafi verið undirbúið, og ekki hafi neinn fremur en annar haft forgöngu að verkinu né stjórnað því.

Ákærði Arnljótur Sigurðsson telur ekki, að um neinn sérstakan undirbúning undir verk þetta hafi verið að ræða. Menn, sem hitzt hafi við jarðarför hinn 25. ágúst, hafi rætt um að hefjast handa þá um kvöldið, en lengi hafi staðið til að ryðja stíflunni úr vegi. Hafi það, að hafnar voru framkvæmdir við viðbótarvirkjun við Brúar, orðið til þess, að ráðizt var í verkið nú. Arn-

ljótur kveðst hafa tínt nokkra steina úr stíflunni, en ekki unnið að verkinu að öðru leyti. Arnljótur kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og að hún hafi spillt fiskigengd í Miðkvísl, enda hafi silungastiginn reynzt gagnslaus.

Ákærði Arnþór Haukur Aðalgeirsson kveðst hafa komizt að því 25. ágúst, að stíflan í Miðkvísl mundi verða rofin þá um kvöldið. Hafi hann komið á staðinn um kl. 2000 um kvöldið og verið þar þar til milli kl. 2300 og 2330 og hafi hann flutt grjót og mokað möl úr stíflunni. Hann kveðst hafa heyrt tvær sprengingar. Um ástæður til þátttöku sinnar í verkinu vísar hann til yfirlýsingar sinnar.

Ákærði Árni Gíslason segir lengi hafa verið um það rætt, að nema þyrfti stífluna brott, þar sem hún hindraði silungsgengd milli ár og vatns. Hann kveðst hafa frétt 25. ágúst, að uppi væru ráðagerðir um að rjúfa stífluna, og hafi hann þá ákveðið að taka þátt í verkinu og farið að Miðkvísl milli kl. 2330 og 2400 um kvöldið. Ekki kveðst hann þó hafa komizt að verkinu sjálfu, þar sem margir menn hafi verið að verki. Árni kveðst hafa heyrt eina sprengingu, en ekki telur hann sig fremur en aðrir vita, hver unnið hafi að sprengingunni. Árni telur, að stíflan hafi verið reist án leyfis landeigenda, þar á meðal hans sjálfs, og það hafi komið æ betur í ljós eftir því sem lengra leið, að stíflan hafi valdið tjóni.

Ákærði Árni Arngarður Halldórsson kveðst ekki hafa átt þátt í að undirbúa verkið, en frétt um, hvað til stæði, degi fyrr eða svo, og komið á vettvang um kl. 2000 og unnið við að færa grjót úr stíflunni. Hann hafi farið brott um kl. 2330. Hann kveðst hafa séð trékassa með sprengiefni í og heyrt sprengingar, en ekki kveðst hann vita, hvernig sprengiefninu var komið fyrir. Um ástæður til þátttöku sinnar vísar hann til yfirlýsingar þeirrar, sem lýst hefur verið.

Ákærði Áskell Jónasson kveðst hafa komið á vettvang um kl. 2000 og unnið við að tína grjót, en annan þátt hafi hann ekki átt í rofi stíflunnar. Hann kveðst hafa heyrt sprengingar. Áskell kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og að hún spillti veiði.

Ákærði Ásmundur Kristján Jónsson kveðst hafa komið á staðinn um kl. 1900 á dráttarvél sinni. Hann kannast við, að hann hafi tekið þátt í verkinu, en hefur ekki lýst því nánar, með hverjum hætti hann gerði það. Hann hefur neitað að svara því, hver stjórnað hafi dráttarvélinni, en „kveður ekki leyna sér, að notaðar hafi verið dráttarvélar við verkið". Ásmundur Kristján kveðst ekki hafa haft hönd á sprengiefni. Hann telur engan undirbúning

hafa verið að verki þessu og enginn sérstakur hafi stjórnað því, en þó segir hann, að verkið hafi lengi staðið til.

Ákærði Baldvin Kristinn Baldvinsson kveðst hafa frétt á skotspónum hinn 24. ágúst, að ætlunin væri að eyðileggja stíflunа, og hann hafi komið að Miðkvísl um kl. 2200 hinn 25. ágúst og unnið lítið eitt að því að moka jarðvegi úr stíflunni. Hann kveðst hafa heyrt sprengingar, en ekki séð sprengiefni. Hann kveður þær hvatir hafa legið bak við þátttöku hans í verki þessu, að hann hafi viljað styrkja landeigendur gegn Laxárvirkjun.

Ákærði Bóas Gunnarsson kveðst hafa frétt það, er hann kom frá vinnu sinni 25. ágúst, að fyrirhugað væri að rjúfa Miðkvíslarstíflu þá um kvöldið. Hann kveðst hafa komið að stíflunni um kl. 2000 og fært nokkra steina, en farið burt laust eftir kl. 2200. Hann kveðst ekki hafa heyrt sprengingar né séð sprengiefni. Hann kveðst einkum hafa komið á staðinn fyrir forvitni sakir og hann hafi ekki hagsmuna að gæta í sambandi við miðlunarmannvirkin.

Ákærði Brynjólfur Steingrímsson kveðst hafa frétt um, að ákveðið væri að rjúfa stífluna um kl. 1930 hinn 25. ágúst og þá haldið strax á vettvang og unnið við að fjarlægja grjót og möl úr stíflunni. Hann kveður einhverjar sprengingar hafa átt sér stað, áður en hann hélt á braut.

Ákærði Böðvar Jónsson kveðst hafa komizt á snoðir um það við erfisdrykkju í Skjólbrekku 25. ágúst, að í ráði væri að eyðileggja stífluna um kvöldið, og hafi ekki verið farið leynt með það. Ekki getur hann sagt, að neinn hafi haft á hendi forustu að verki þessu né stjórnað því. Hann kveðst hafa haldið á vettvang búinn haka og skóflu og hafi hann mokað möl úr stíflunni og tínt steina. Hann telur, að menn hafi ekki áttað sig á, að steyptur veggur væri í jarðvegsstíflunni, og hafi það komið á óvart og þá fyrst hafi það komið til að nota sprengiefni. Hann segir, að það hafi verið á margra vitorði, að sprengiefni hafi verið geymt í Helgey, og hafi það verið sótt og notað.

Böðvar telur, að Miðkvíslarstífla hafi verið gerð í heimildarleysi og að óþörfu, þar sem ekki hefði átt að gera hana, fyrr en sýnt væri um áhrif stíflunnar í Yztukvísl, þar sem vatnslokur eru. Þá hefur Böðvar haldið því fram, að Miðkvíslarstífla hafi slitið allt lífrænt samband milli Mývatns og Laxár og vatnasvæðis hennar. Sjálfum hafi honum orðið mannvirki þetta til þess tjóns, að það búsílag, sem hann hafi áður haft af veiði göngusilungs úr Mývatni í Gautlandalæk, hafi horfið. Þá hafi hann

viljað sýna í verki andstöðu við taumlausum yfirgangi stjórnar Laxárvirkjunar í samkiptum hennar við landeigendur á þessu vatnasvæði, og einnig kveðst hann líta á þátttöku sína í verkinu sem mótmæli gegn Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Dagbjartur Sigurðsson kveðst hafa heyrt útundan sér hinn 25. ágúst, að ráðgert væri að vinna á Miðkvíslarstíflu þá um kvöldið, og hafi hann haldið á vettvang milli kl. 2000 og 2030. Hann hafi þar starfað við að taka burt grjóthleðslur, sem hafi verið neðan við stífluna og til þess gerðar að beina vatnsrennsli til norðurs. Hann hafi einnig hjálpað lítið eitt til við aðalstífluna. Hann kveðst ekki vilja greina frá því, hverjir stýrt hafi dráttarvélum þeim, sem notaðar hafi verið við verkið. Ákærði kveðst ekki vita, hverjir farið hafi með sprengiefnið. Hann hafi séð, er nyrðri garðurinn var sprengdur, en ekki séð, hvernig sprengiefninu var komið fyrir. Ákærði kveðst síðan hafa brugðið sér heim til sín til mjalta, en er hann hafi komið aftur, hafi verið búið að rjúfa garðinn sunnan silungastigans. Um hvatir sínar til verksins vísar ákærði til yfirlýsingar sinnar, en hann hefur einnig getið þess, að hann sé formaður Veiðifélags Mývatns, og leggur hann áherzlu á það tjón, sem veiðieigendur við Mývatn hafi orðið fyrir, en stíflan í Miðkvísl hindri göngu milli Laxár og vatnsins.

Ákærði Einar Gunnar Þórhallsson kveðst hafa ákveðið að leggja liðsemd, er hann spurði það 25. ágúst, að rjúfa ætti Miðkvíslarstíflu um kvöldið. Hafi hann komið á staðinn á 21. tímanum, en færri hafi komizt að en vildu, og kveðst hann því lítið hafa gert, „máske tekið stein". Hann kveðst hafa heyrt einhverjar sprengingar. Hann segir, að lengi hafi verið þörf á einhverjum úrræðum vegna þess, að með stíflunum í Mývatnsósum hafi vatnið verið gert að uppistöðupolli. Hafi vatnsborð hækkað svo, að valdið hafi átuskorti fyrir fugl og fisk. Hann kveður landspjöll hafa orðið af vatnsborðshækkuninni á túnum og hólmum. Þegar hátt sé í vatninu, eins og verið hafi á vetrum, eftir að stíflurnar voru gerðar, reki ís upp í land Voga og valdi spjöllum. Hafi orðið spjöll á túni heima hjá honum í Vogum.

Einar Gunnar segir, að þegar áin streymdi fram, hafi honum fundizt sem kallað væri til hans og annarra viðstaddra, að áin væri frjáls og Mývatn.

Ákærði Eysteinn Arnar Sigurðsson segir, að alla tíð hafi verið um það rætt að rjúfa stífluna í Hólskvísl og í erfisdrykkju að Skjólbrekku 25. ágúst hafi verið ákveðið að gera það þá um kvöldið. Eysteinn kveðst hafa komið á vettvang um kl. 2000 og

tekið þátt í verkinu. Fyrst hafi jarðvegur verið fjarlægður úr stíflunni með skóflum og dráttarvélum og hafi þá steinveggurinn komið í ljós, en um hann hafi hann ekki vitað áður. Eysteinn telur, að sprengiefnið hafi verið tekið úr helli í Helgey. Sprengiefninu hafi verið komið fyrir ofan við steinvegginn, og telur hann, að vasaljósarafhlöður hafi verið notaðar til þess að koma af stað sprengingu.

Ákærða Finna Kristjánsdóttir kveðst hafa frétt það við jarðarför hinn 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna þá um kvöldið, og kveðst hún hafa komið á vettvang um kl. 2200 og starfað þar, helzt við mokstur. Hún kveðst ekki hafa séð sprengiefni. Hún segist hafa haldið heim um miðnætti.

Ákærða kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögmæt, og hún hafi viljað leggja áherzlu á andstöðu sína við nýhafnar virkjunaraðgerðir Laxárvirkjunar við Brúar.

Ákærði Friðgeir Jónsson kveðst hafa hitt ákærða Baldvin Kristin Baldvinsson, er hann hafi verið á leið að Miðkvísl, og slegizt í för með honum. Hafi þeir komið á vettvang um kl. 2100. Hann hafi unnið þar við að moka frá stíflunni og horfið af staðnum um miðnætti. Um kl. 2300 kveðst hann hafa heyrt þrjár sprengingar, en hann hafi ekki séð sprengiefni.

Ákærði skýrir háttsemi sína sem mótmæli gegn framferði Laxárvirkjunarstjórnar í virkjunarmálum.

Ákærði Friðrik Gylfi Traustason kveðst hafa heyrt orðróm um það hinn 25. ágúst, að til stæði að nema brott stífluna í Miðkvísl um kvöldið, og kveðst hann hafa komið á vettvang um kl. 2000. Hafi hann þar starfað að ýmsu, m. a. mokað burt jarðvegi. Hann kveðst ekki hafa tekið þátt í að ná í sprengiefnið og vill eigi tjá sig um það, hvort hann hafi unnið að sprengingunum. Hann kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og truflað bæði fuglalíf og fiskigengd.

Ákærði Guðmundur Jónsson kveðst hafa frétt 25. ágúst um fyrirætlanir um að rjúfa Miðkvíslarstíflu og hafi hann haldið á vettvang til þess að taka þátt í verkinu. Hafi hann unnið við það að rjúfa stíflu neðan við Miðkvísl vinstra megin. Hann hafi borið grjót, unz hann hafi fengið verk í bakið og orðið að hætta. Hann kveðst ekki hafa fylgzt náið með aðgerðum við aðalstífluna.

Ákærði segir, að hann og Ásmundur bróðir hans hafi átt aðra dráttarvélina, sem notuð var við brottnám stíflunnar.

Guðmundur segist hafa talið, að stíflan hafi verið sér og öðrum til tjóns.

Ákærði Halldór Árnason kveðst hafa heyrt skraf um það 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna við Miðkvísl, og hafi hann farið á staðinn á níunda tímanum um kvöldið og rekið járnkarl í yfirborð stíflunnar til þess að sýna samstöðu sína að verki þessu. Hann telur, að yfirborð Mývatns hafi verið raskað af völdum rafveitunnar, og hafi það valdið landbroti á jörð hans og þar hafi eyðilagzt klakstöðvar, hinar mestu í Mývatni. Hann telur, að fuglalíf og fiskigengd hafa spillzt, og rekur orsök þess til miðlunarmannvirkjanna.

Ákærði Haukur Hreggviðsson kveðst hafa komið að stíflunni um kl. 2030 til 2100, en hann hafi heyrt á skotspónum um það bil tveimur dögum fyrr, að opna ætti kvíslina. Kveðst hann hafa rifið upp grjót og mokað möl. Hann skýrir aðgerðir sínar með því, að stíflan hafi verið gerð í óleyfi og að hún hafi valdið tjóni á silungsveiði og fuglalífi.

Ákærði Héðinn Sverrisson kveðst hafa verið staddur í Árnesi í Aðaldal, er hann frétti, að vinna ætti á stíflunni, og hafi hann haldið þangað og komið á vettvang kl. 2000 til 2030. Hann kveðst hafa unnið við að rífa girðingu úr farveginum og að ryðja burt moldarstíflum og færa jarðveg úr aðalstíflunni. Þáttöku sína í verkinu skýrir hann með því, að hann hafi talið stífluna ólögmæta og að hún hefði spillt fuglalífi og fiskigengd.

Ákærða Hildur Hermóðsdóttir kveðst hafa komið á vettvang milli kl. 1900 og 2000 og verið þar fram yfir miðnætti. Hún hafi unnið við að bera grjót og moka möl. Um hvatir sínar til þátttöku sinnar í verkinu hefur hún vísað til yfirlýsingar sinnar, er áður var lýst.

Ákærði Hreiðar Arnórsson kveðst hafa haldið að Miðkvísl um kl. 2000 og verið þar til milli kl. 2300 og 2400 og unnið að því að nema á brott grjót og möl.

Hreiðar hefur gefið þessa skýringu á þátttöku sinni í verkinu: Hann hafi unnið við miðlunarvirkin við Mývatnsósa á sumrinu 1959. Hafi sér virzt horf forráðamanna Laxárvirkjunar til héraðsmanna svipað afstöðu hvítra manna í Suður-Afríku til svertingja. Hann kveðst líta svo á, að stíflan hafi verið gerð án samþykkis landeigenda með vafasamri heimild í ráðherrabréfi.

Ákærði Ingólfur Ísfeld Jónasson kveðst hafa ákveðið það, er hann spurði það 25. ágúst, að Miðkvíslarstífla yrði numin brott, að taka þátt í því verki og hafi hann farið á vettvang um kl. 2000 og unnið með járnkarli og skóflu að því að nema brott möl og grjót úr stíflunni, unz verki lauk.

Ingólfur kveðst telja, að Miðkvísl hafi verið stífluð ólöglega, honum og öðrum landeigendum til tjóns. Hafi lengi verið um það rætt að ryðja henni úr vegi.

Ákærða Ingveldur Ólafía Björnsdóttir kveðst hafa unnið að því að moka möl og bera brott grjót. Hefur hún lýst yfir því, að hún telji, að engum eigi að leyfast að spilla gróðri landsins og náttúrufegurð, og að öðru leyti skírskotað til yfirlýsingar sinnar, er lýst hefur verið.

Ákærða Jóhanna Álfheiður Steingrímsdóttir kveðst hafa farið á vettvang um kvöldið og verið þar fram yfir miðnætti og hjálpað við að bera grjót úr stíflunni. Hefur hún um ástæður til þátttöku sinnar skírskotað til yfirlýsingar sinnar.

Ákærði Jón Aðalsteinsson kveðst hafa farið að stíflunni um kl. 2000, eftir að hann hafði heyrt orðróm um, að unnið yrði á henni. Kveðst hann hafa losað grjót með járnkarli. Hann vísar til yfirlýsingar sinnar um hvatir sínar til verksins.

Ákærði Jón Benediktsson kveðst hafa heyrt orðróm um, að stíflan mundi verða rofin, og haldið á vettvang og komið þangað laust fyrir kl. 2000. Hann kveðst hafa rifið upp grjót og mokað möl. Hann kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og valdið miklu tjóni á silungi og fugli.

Ákærði Jón Kristjánsson segir, að mjög hafi verið um það rætt, að opna skyldi Miðkvísl, og í erfisdrykkju hinn 25. ágúst hafi það verið ákveðið. Kveðst Jón hafa komið að stíflunni um kl. 2100 og borið grjót úr henni. Hann hafi komið heim til sín laust fyrir kl. 2330. Um ástæður til þess, að hann tók þátt í verkinu, hefur hann vísað til yfirlýsingar sinnar. Hann hefur getið þess, að svæðið frá Rifi og niður að stíflum hafi verið helzta næringarforðabúr álftar og húsandar á vetrum og hafi vatnið sjaldan lagt áður á þessu svæði nema stuttan tíma í senn, en eftir að Syðstakvísl og Miðkvísl voru stíflaðar, hafi þetta svæði verið meira og minna ísi lagt á vetrum. Hafi mikið af fugli horfallið á vetrum, einkum álftir.

Ákærði Jón Pétursson kveðst hafa átt aðra dráttarvélina, sem notuð var, í félagi við bræður sína. Hann kveðst hafa tekið þátt í brottnámi stíflunnar, mokað möl með skóflu. Ástæður til þess hafi hann greint í yfirlýsingu sinni, en auk þess lætur hann getið, að þegar Geirastaðastíflan hafi verið gerð, hafi verið fallizt á að fresta um a. m. k. eitt ár að stífla Hólskvísl, en það loforð hafi ekki verið haldið. Jón telur, að nægilegt hafi átt að vera að loka kvíslinni 4—5 mánuði á vetri hverjum, en halda eðlilegu

vatnsrennsli þann tíma, er fiskur gengur milli Laxár og Mývatns.

Ákærði Jón Árni Sigfússon kveðst hafa frétt af fyrirætlunum um, að rjúfa ætti Miðkvíslarstíflu, einum eða tveimur dögum áður en verkið var unnið, en lengi hafi þetta staðið til. Jón Árni kveðst hafa farið á vettvang og tínt grjót úr stíflunni. Hann hafi síðan farið frá nokkra stund. Á meðan hafi verið sprengt einu sinni. Eftir að hann kom á staðinn aftur, kveðst hann hafa heyrt tvær sprengingar. Jón Árni kveðst hafa litið lokun fiskvegarins alvarlegum augum. Hrygningarstöðvar urriðans hafi verið að mestu leyti við Voga, en Víkurnes, þar sem ákærði býr, er í landi Voga. Segir Jón Árni, að urriðaveiði hafi verið þar geysimikil, en hafi horfið að mestu, og klakstöðvarnar séu innan við 10% af því, sem verið hafi, áður en stíflur voru gerðar í Laxá.

Ákærði Jón Sigtryggsson kveðst hafa frétt um það 25. ágúst, að áformað væri að rjúfa stífluna í Miðkvísl. Hann kveðst hafa verið við stífluna frá því um kl. 2030 og fram undir miðnætti og hafi hann tínt nokkra steina úr stíflunni. Hann lýsir verkinu svo, að fyrst hafi verið numin burt steinhleðsla báðum megin stíflunnar og því næst hafi jarðvegi verið mokað úr stíflunni með dráttarvélarskóflu og loks hafi steinveggur verið sprengdur brott með dynamiti. Ekki kveðst Jón geta fremur en aðrir þátttakendur borið um það, hverjir unnu að sprengingunum, og getur þess, að hann hafi einungis sjón á öðru auga og myrkur hafi verið.

Jón kveðst hafa tekið þátt í mótmælaför til Akureyrar vorið 1970 til að mótmæla Gljúfurversvirkjun. Eftir það hafi því verið lýst yfir, að fallið væri frá Suðurárveitu. Þrátt fyrir það hafi sprengingar verið hafnar við jarðgöng við Gljúfurversvirkjun 24. ágúst.

Ákærði Jón Stefánsson, býr á Nónbjargi, nýbýli úr landi Geirastaða. Jón segir, að hann hafi bú sitt á Geirastaðalandi og sé allt landið óskipt í ábúð sinni, foreldra hans og systkina.

Jón kveðst hafa komið að Miðkvísl að kvöldi 25. ágúst. Hann hafi ekki unnið við brottnám aðalstíflunnar, heldur garða, sem verið hafi við hólma þar fyrir neðan. Hann kveðst ekki hafa unnið að sprengingum, en þegar hann hafi komið neðan frá görðunum, hafi hann séð, að sprenging hafi verið undirbúin, og þá tekið að hóa fólki frá. Ekki telur Jón sig vita, hverjir hafi unnið að sprengingunum.

Jón kveðst hafa talið sjálfsagt að taka þátt í brottnámi stíflunnar, enda hafi hann haft þar beinna hagsmuna að gæta.

Ákærði Jónas Sigurgeirsson kveðst hafa haldið að Miðkvísl til þess að taka þátt í að rjúfa stífluna í henni, en að hann hafði frétt það við jarðarför, að áformað væri að gera það. Hann kveðst vera fatlaður, en þó hafi hann tekið sér skóflu í hönd og mokað möl. Hann kveðst hafa komið heim til sín um kl. 2300. Jónas kveðst hafa talið mannvirki þetta gagnstætt hagsmunum sínum sem landeiganda við Laxá og hafi það verið reist án heimildar landeigenda og annarra, er hagsmuna höfðu að gæta.

Ákærði Ketill Þórisson kveðst hafa frétt um það 25. ágúst, að það væri í ráði að brjóta niður stífluna við Miðkvísl, og hafi hann komið á staðinn klukkan að ganga tíu um kvöldið. Hann hafi mokað möl úr stíflunni. Hann kveðst ekki hafa séð til þess, er undirbúningur var hafinn að sprengingum, og hafi þá verið orðið myrkt af nóttu.

Með þátttöku sinni kveðst Ketill hafa viljað lýsa vanþóknun sinni á framferði stjórnar Laxárvirkjunar, frá því framkvæmdir hófust við Mývatnsósa.

Ákærða Guðfinna Kristín Sigfúsdóttir kveðst hafa verið við stífluna frá því um kl. 2000 og þar til kl. um 2200 og hafi hún tínt nokkra steina úr stíflunni. Kveðst hún hafa litið svo á, að stífla þessi væri ólögmæt.

Ákærði Kristján Elfar Yngvason kveðst hafa verið við stífluna frá því laust eftir kl. 2000 og fram til miðnættis. Hann hafi átt þátt í því að eyða stíflunni með því að færa úr henni grjót og möl. Um ástæður sínar til þess vísar hann til yfirlýsingar sinnar.

Ákærði Matthías Kristjánsson kveðst hafa litið svo á, að stíflan í Miðkvísl hafi verið reist í heimildarleysi og að hún hafi verið til óþurftar. Hann kveðst hafa frétt 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna, og haldið þá á staðinn og unnið að því að moka jarðvegi úr stíflunni með skóflu. Hann kveðst hafa verið við stífluna á að gizka frá því kl. 2130 og þar til laust eftir miðnætti.

Ákærði Óli Kristjánsson kveðst hafa komið að stíflunni laust eftir kl. 2100 og haldið á brott upp úr miðnætti. Hann kveðst hafa lagt hönd að verki og mokað möl úr stíflunni. Um hvatir sínar til þátttöku sinnar vísar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Páll Dagbjartsson kveðst hafa heyrt af orðspori 24. ágúst, að brjóta ætti niður stífluna, og þá þegar hafi hann ákveðið að eiga hlut að því verki. Kveðst hann hafa mokað möl úr stíflunni og numið brott steina. Hann kveðst ekki hafa unnið að sprengingunum og muni hann eigi svara því, hverjir það hafi

gert. Um ástæður sínar til þátttöku sinnar í verkinu vísar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna og kveðst auk þess hafa vænzt þess, að aðgerðirnar hefðu áhrif í þá átt að koma í veg fyrir Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Pétur Gauti Pétursson skýrir svo frá, að hann hafi í júlí 1960 verið í rúningsgöngum ásamt fleiri Mývetningum, er frétzt hafi, að framkvæmdir væru að hefjast við stíflun Miðkvíslar. Hafi verið rætt um að snúa við og hindra stíflugerðina, en ekki hafi náðst eining um það og því ekki orðið af.

Hinn 25. ágúst f. á. kveðst Pétur Gauti hafa frétt það í erfisdrykkju, að þá um kvöldið mundi eiga að rjúfa stífluna. Hann kveðst hafa haldið á vettvang í bifreið með ákærða Böðvari Jónssyni og Jóni bróður sínum og komið að stíflunni um kl. 2100. Hann kveðst hafa mokað jarðvegi á brott úr stíflunni með skóflu, einnig losað steina með járnkarli og klippt steypustyrktarjárn. Pétur Gauti kveðst ævinlega hafa verið andvígur þessu mannvirki og segir, að Laxárvirkjunarstjórn hafi ekki viljað ganga samningaleiðina og reynt svo á þolinmæði manna, að þetta úrræði hafi verið talið vænlegast.

Ákærði Pétur Steingrímsson kveðst hafa komið að Miðkvísl um kl. 2100, en hann hafi þá um daginn frétt, að brjóta ætti stífluna. Hann kveðst hafa borið grjót, stungið jarðveg og mokað möl. Hann kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og hindrað allan eðlilegan samgang milli Mývatns og Laxár.

Ákærða Sigríður Ragnhildur Hermóðsdóttir kveðst hafa verið á vettvangi frá því um kl. 2000 og fram til miðnættis og hafi hún mokað möl og borið grjót. Um hvatir sínar til verksins vísar hún til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Sigurður Jónsson segir, að lengi hafi staðið til að nema brott Miðkvíslarstíflu. Hinn 24. ágúst hafi hann frétt um, að ráðið væri að vinna verkið næsta dag. Hann hafi komið á vettvang á tíunda tímanum og tekið þátt í verkinu með því að moka möl með skóflu. Kveðst Sigurður telja, að leyfi til stíflugerðarinnar hafi verið veitt á ólögmætum forsendum.

Ákærði Sigurður Karlsson kveðst hafa frétt það undir kvöld 25. ágúst, að atlaga yrði gerð að stíflunni í Miðkvísl þá um kvöldið, og kveðst hann hafa komið að stíflunni og mokað lítils háttar af möl. Hann kveðst hafa farið af vettvangi um miðnætti. Um hvatir sínar til verksins vísar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Sigurður Trausti Kristjánsson kveðst hafa komið að

Miðkvísl um kl. 2000 og verið þar um þrjár klukkustundir. Hann hafi unnið með handverkfærum að því að færa burt grjót og möl. Um skýringu á þátttöku sinni vísar Sigurður Trausti til yfirlýsingar þeirrar, sem hann hefur undirritað ásamt öðrum sakborningum.

Ákærði Sigurgeir Jónasson kveðst hafa spurt það síðari hluta dags 25. ágúst, að aðför að stíflunni í Miðkvísl væri ráðin. Hann kveðst hafa haldið á staðinn, að vísu ekki í því skyni að taka þátt í verki þessu, en hann hafi þó, er til kom, strax byrjað þáttöku í aðgerðum. Kveðst hann hafa tínt grjót úr stíflunni og mokað möl. Hann kannast ekki við það fremur en aðrir af hinum ákærðu, að hann hafi unnið að því að sprengja steinveggina. Hann kveðst hafa gengið nokkuð frá, meðan sprengt var, og hafi hann því ekki séð, hvernig að því var farið. Hann hefur enn fremur skýrt svo frá, að ekki hafi verið borað í vegginn. Borvél hafi verið fyrir hendi og ráðgert hafi verið að nota hana, en hætt við það. Hann telur, að um 15 túbur af dynamiti hafi verið notaðar við sprenginguna.

Sigurgeir kveðst ekki vita, hvað honum hafi gengið til verksins.

Hann kveðst hafa talið, að stíflumannvirkin ættu ekki rétt á sér að lögum.

Ákærði Sigurgeir Pétursson kveðst hafa orðið þess áskynja 25. ágúst, að opna ætti Miðkvísl, en það hafi lengi staðið til. Hann kveðst hafa ekið dráttarvél sinni á vettvang um kl. 2030. Ekki vill ákærði greina frá því, hver stjórnað hafi dráttarvél hans við verkið. Sigurgeir kveðst hafa tínt grjót og mokað möl. Um ástæður sínar til þátttökunnar í verkinu segir Sigurgeir, að þær hafi bæði verið af hagsmunaástæðum og tilfinningalegum toga, og hefur hann að öðru leyti vísað til yfirlýsingar sinnar og annarra hinna ákærðu.

Sigurgeir kveðst hafa dvalizt við ána fram eftir nóttu til að fylgjast með rennsli hennar.

Ákærði Stefán Axelsson kveðst hafa tekið þátt í rofi Miðkvíslarstíflu, en hann hafi frétt sama dag um kl. 1900, að til stæði að vinna það verk. Kveðst Stefán hafa losað og tínt grjót úr stíflunni. Um ástæður til verksins skírskotar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Stefán Vignir Skaftason kveðst hafa komið að stíflunni í Miðkvísl milli kl. 1900 og 2000 umrætt kvöld og tekið þátt í að eyðileggja hana. Hann kveðst hafa haft hitt og þetta fyrir stafni. Hann kveðst hafa séð, er menn komu með dynamit-

kassa, en liðið sé sér úr minni, hverjir það voru. Stefán Vignir kveðst ekki hafa unnið við sprengingarnar, en hann hafi mokað möl og tínt grjót. Stefán Vignir segir, að með hlut sínum að þessu verki hafi hann viljað mótmæla ofbeldi og einstefnu, er hann telur stjórn Laxárvirkjunar hafa sýnt í héraðinu. Enn fremur mótmælir hann yfirgangi og lagabrotum Akureyrarbæjar og Húsavíkurbæjar og ríkisvaldsins gegn bændum í héraðinu.

Ákærði Stefán Þórarinn Þórarinsson kveðst hafa lagt lið við verkið á þann hátt, að hann hafi unnið að því að flytja grjót úr stíflunni og að ryðja burt görðum milli hólma neðan við stífluna. Hann kveðst ekki hafa unnið að sprengingunum og vilji hann ekki skýra frá því, hverjir það hafi gert. Hann segir, að jafnan hafi verið talið, að stífla þessi hafi verið reist í heimildarleysi.

Ákærða Stefanía Þorgrímsdóttir kveðst hafa komið á vettvang ásamt manni sínum (ákærða Hauki Hreggviðssyni) milli kl. 1930 og 2000, en hún hafi frétt þennan dag, að ráðið væri að nema stífluna brott. Kveðst hún hafa unnið að því, borið grjót, stungið hnausa, mokað möl og beitt járnkarli. Hún hafi með þessu viljað mótmæla yfirgangi forráðamanna Laxárvirkjunar við héraðsmenn. Hún kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg.

Ákærði Steingrímur Kristjánsson kveðst hafa heyrt það við jarðarförina 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna þá um kvöldið. Hann kveðst hafa komið þangað um kl. 2130 og verið þar til miðnættis. Kveðst hann hafa haft með sér skóflu og mokað jarðveg frá stíflunni. Steingrímur kveðst telja, að stíflan hafi verið gerð í óleyfi og hún hafi haft óhagstæð áhrif á silungsgengd.

Ákærða Svanhildur Björk Jónasdóttir kveðst hafa frétt það á leið frá vinnu 25. ágúst, að ryðja ætti Miðkvíslarstíflu úr vegi. Hún kveðst hafa verið við stífluna um kvöldið frá því um kl. 2000 til 2200 og aftur frá kl. 2300 fram yfir miðnætti. Hún kveðst hafa tekið nokkra steina úr stíflunni. Um viðhorf sitt til verknaðarins vísar Svanhildur Björk til yfirlýsingar sinnar og annarra hinna ákærðu.

Ákærði Sveinn Helgason segist hafa farið að Miðkvísl um kl. 2000 umrætt kvöld og verið þar þangað til laust fyrir kl. 2300. Hann kveðst hafa borið grjót og mokað möl. Hann kveðst hafa verið andvígur framferði stjórnar Laxárvirkjunar hér við Laxá og einnig Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Völundur Þorsteinn Hermóðsson kveðst hafa haldið að Miðkvísl að loknum kvöldverði 25. ágúst og tekið þátt í að rjúfa stífluna með því að fjarlægja möl úr henni. Hann kveðst

hafa heyrt sprengingar, en ekki séð sprengiefni. Um hvatir sínar til verksins vísar hann til yfirlýsingarinnar.

Ákærði Yngvi Kristjánsson, sem vísað hefur til yfirlýsingar sinnar um verk þetta, kveðst hafa komið að stíflunni á níunda tímanum og unnið við að moka möl úr stíflunni og tína burt grjót. Hann kveðst hafa heyrt tvær sprengingar, áður en hann fór, en ekki séð sprengiefni.

Ákærði Þorgrímur Starri Björgvinsson kveður lengi hafa staðið til að rjúfa stífluna. Kveðst hann hafa komið á vettvang, er það verk var nýhafið. Hann kveðst hafa unnið með járnkarli og skóflu að því að nema grjót og möl úr stíflunni, en síðan hafi hann farið burt af staðnum og haldið að Reynihlíð til að senda frétt um verkið til Reykjavíkur. Hann kveðst hafa talið stífluna ólöglega og hættulega, þar sem hún truflaði rennsli Laxár og lokaði fyrir samgang silungs milli árinnar og vatnsins. Þorgrímur kveðst eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í þessu sambandi, en annars konar hagsmunir séu einnig í húfi, svo sem náttúruverndarsjónarmið.

Ákærða Þóra Sigurðardóttir býr að Arnarvatni, sem á, eins og fyrr segir, land að Miðkvísl. Hún kveðst hafa farið á vettvang og hjálpað nokkuð til við verkið, einkum til þess að sýna samstöðu sína. Hún kveðst líta svo á, að stíflumannvirkið hafi verið ólöglega gert í öndverðu, og oft hafi verið um það rætt að nema stífluna brott. Nú hafi mönnum fundizt kominn tími til þess.

Ákærði Þórhallur Bragason kveðst hafa verið að Álftagerði við Mývatn 25. ágúst, er hann frétti um áform um að eyða stíflunni í Miðkvísl. Kveðst hann hafa verið á vettvangi frá kl. um það bil 1930 til 2000 og fram til miðnættis. Hann hafi tekið þátt í verkinu, mokað möl og fært til grjót. Hann kveðst hafa séð dynamittúbur í kassa, en ekkert telur hann sig vita um það, hverjir unnið hafi að sprengingum. Um hvatir sínar segir Þórhallur, að hann telji stífluna hafa verið ólöglega reista, en einnig hafi hann viljað mótmæla fyrirætlunum um Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Þóroddur Friðrik Þóroddsson kveðst hafa dvalizt þetta sumar á Grænavatni hjá afa sínum. Hann kveðst hafa verið að vinnu í Reynihlíð 25. ágúst og frétt þá, að nú mundi stíflan í Miðkvísl numin brott. Hann kveðst hafa komið að stíflunni um kl. 2000 og verið þar fram til milli kl. 2300 og 2400. Hann kveðst hafa mokað möl og borið grjót. Hann kveðst hafa talið verk þetta réttmætt og nauðsynlegt hefði verið að opna leið fyrir silung.

Ákærði Ævar Kjartansson kveðst hafa verið við Miðkvísl frá

því laust fyrir kl. 2000 og þar til laust eftir miðnætti. Hann kveðst hafa unnið við að losa jarðveg. Um viðhorf sitt til þessara aðgerða hefur hann vísað til yfirlýsingar sinnar, sem áður hefur verið lýst.

Ákærði Örlygur Arnljótsson segir, að oft hafi verið um það rætt, að rétt væri að rjúfa stífluna í Miðkvísl, og mánudaginn 24. ágúst kveðst hann hafa frétt, að afráðið væri að vinna það verk. Kveðst Örlygur hafa komið að stíflunni laust eftir kl. 2000 og hafi aðgerðir þá verið nýhafnar. Hann kveðst hafa mokað möl og borið burt grjót. Enn fremur hafi hann klippt steypustyrktarjárn úr veggnum, eftir að hann var sprengdur. Ekki telur Örlygur sig vita frekar en aðrir, hver komið hafi með sprengiefnið. Hann kveðst telja, að sprengt hafi verið með þeim hætti, að sprengiefni hafi verið komið fyrir niður með stíflunni vatnsmegin og sprengingu komið af stað með rafstraum.

Örlygur kveðst hafa haft óbeit á stíflunni og talið hana ólöglega og hafi hún verið reist, án þess að um það hafi verið leitað samninga.

Ákærði Örn Arnar Hauksson kveðst hafa frétt það, er hann kom heim frá vinnu sinni 25. ágúst, að ákveðið væri að eyðileggja stífluna þá um kvöldið. Kveðst hann hafa haldið þangað laust eftir kl. 2000 og mokað möl úr stíflunni. Hann kveðst engar sprengingar hafa heyrt og hann hafi farið brott um kl. 2230. Um hvatir sínar til verksins vísar hann til yfirlýsingar sinnar.

Auk ákærðu hafa þeir, sem nú verða taldir, skýrt svo frá, að þeir hafi unnið við að rjúfa stífluna, en ekki þykir þörf að rekja framburði þeirra nánar:

Garðar Eggertsson, Laxárdal, Þistilfirði, fæddur 26. maí 1951.
Gísli Árnason, Laxárbakka, fæddur 24. ágúst 1951.
Hilmar Hermóðsson, Árnesi, fæddur 30. ágúst 1953.
Hólmfríður Jónsdóttir, Arnarvatni, fædd 24. nóvember 1951.
Hulda Finnlaugsdóttir, Arnarstöðum, Hraungerðishreppi, fædd 4. apríl 1953.
Ingi Þór Yngvason, Skútustöðum, fæddur 8. apríl 1952.
Margrét Bóasdóttir, Stuðlum, fædd 28. nóvember 1952.
Pétur Vignir Yngvason, Skútustöðum, fæddur 8. apríl 1952.
Sigríður Árnadóttir, Víkurnesi, fædd 16. ágúst 1954.
Unnur Björnsdóttir, Kópavogi, fædd 23. ágúst 1953.

Vitnið Örn Friðriksson, prestur að Skútustöðum, kveðst hafa hitt mann í Skjólbrekku skömmu fyrir kvöldmat og hafi hann sagt honum, að vera kynni, að hann gæti tekið athyglisverðar

myndir við Miðkvísl þá um kvöldið. Kveðst Örn hafa farið að Miðkvísl og tekið þar um þrjátíu myndir, en farið heim, er dimmt var orðið. Hann segir, að auðséð hafi verið, að þeir, sem voru á staðnum, hafi ekki litið svo á, að þeir væru að fremja lögbrot, og enginn hafi haft á móti myndatökunni. Örn kveðst ekki hafa fylgzt náið með athöfnum manna og ekki hafi hann séð, að ákveðnir menn hefðu stjórn á verkinu. Hann kveðst ekki hafa orðið var við sprengiefni.

Vitnið Ívar Haukur Stefánsson, bóndi í Haganesi, kveðst hafa farið á staðinn um kl. 2230 til þess að sjá, hvað um væri að vera. Hann kveðst vera gæzlumaður Laxárvirkjunar við stíflu hjá Haganesi og hafi hann ekki viljað taka þátt í verkinu, þótt hann hafi verið samþykkur því. Kveðst hann hafa setið í bifreið sinni í nokkurri fjarlægð frá stíflunni. Hann kveðst hafa heyrt kallað, að það ætti að fara að sprengja, og síðan hafi hann heyrt hvelli.

Skýrslur voru teknar af nokkrum mönnum öðrum, sem komu á staðinn án þess að taka þátt í verkinu, en ekki þykir ástæða til að rekja hér framburð þeirra, enda varpar hann ekki ljósi á atburðina umfram það, sem fram kemur af framburði ákærðu sjálfra.

III. Aðdragandi að stíflun Miðkvíslar.

Eftir að orkuverið við Brúar tók til starfa árið 1939, kom fljótt í ljós, að oftlega urðu truflanir á rennsli Laxár á vetrum, en fullkomnar rannsóknir á rennsli Laxár virðast ekki hafa farið fram, áður en virkjun þessi tók til starfa. Eftir að vél II hafði verið sett niður á árinu 1944, fór að bera á vatnsskorti. Var reynt að sjá við honum með því að sprengja fram klakastíflur, sem hætti til að myndazt í ánni. Til þess að koma í veg fyrir truflanir á útrennsli árinnar úr Mývatni var árið 1946 gerð stífla með plankalokum í Syðstukvísl, þ. e. meginál hennar, en kvísl þessi greinist mjög í ála af hólmum, sem í henni eru. Átti að opna lokurnar, þegar rennsli tæki að minnka, og bæta þannig úr vatnsskortinum. Þessar ráðstafanir virðast ekki hafa komið að haldi, og næsta úrræði var það, að stífla skyldi Geirastaðakvísl með lokustíflu og beina vatnsflaumnum að henni með dýpkun á aðrennsli að henni. Aðgerðir í þessa átt hófust 1953.

Svo sem fyrr segir, fellur Geirastaðakvísl um land Geirastaða. Samkvæmt fundargerð Laxárvirkjunarstjórnar 29. júní 1953 kom þar fram orðsending frá Stefáni Sigurðssyni, eiganda Geirastaða, þar sem hann setur skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda Laxár-

virkjunarstjórnar í landi hans. Á fundi, sem haldinn var á Geirastöðum næsta dag, var rætt um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir og samþykkt að biðja um dómkvaðningu matsmanna, er meti tjón, sem jörðin Geirastaðir verði fyrir af hinum fyrirhuguðu aðgerðum, og ákveði bætur fyrir það og sömuleiðis tjón, sem aðrir en Geirastaðabóndi kunni að verða fyrir. Hinn 17. júlí 1953 sótti stjórn Laxárvirkjunar um það til atvinnumálaráðuneytisins, að það veitti leyfi til þess, að Geirastaðakvísl yrði dýpkuð og í hana sett stífla með lokum og ef ráðstöfun þessi reyndist ekki nægileg, yrði Breiðan fyrir ofan kvíslina dýpkuð. Í framhaldi af þessu bréfi sendi stjórnin ráðuneytinu annað bréf 29. júlí, þar sem einnig er sótt um leyfi til dýpkunar eða hreinsunar við Rifið. Leyfi til þessara framkvæmda veitti ráðuneytið 10. ágúst 1953. Framkvæmdir hófust sama sumar og stöðvuðust síðan um hríð, en 1956 var tekið til við þær að nýju, en ekki virðist verkinu hafa verið lokið fyrr en 1960. Geirastaðastíflan er steinsteypt og með lokuútbúnaði, þannig að auka má eða minnka vatnsrennsli um hana.

Að því er stjórn Laxárvirkjunar telur, reyndust aðgerðir þessar eigi að heldur fullnægjandi, og á árinu 1960 tók hún að vinna að því að láta stífla Miðkvísl til þess að ná fyllra valdi á útrennsli úr Mývatni. Fór svo að lokum, að reist var stífla sú, er ákærðu og fleiri rufu 25. ágúst 1970. Af hálfu ákærðu er því eindregið haldið fram, að Laxárvirkjunarstjórn hafi reist stíflu þessa í heimildarleysi og hafi það verið lögmæt athöfn að ryðja henni úr vegi. Er nauðsynlegt að rekja allt það, sem fram hefur komið í málinu um skipti landeigenda við stjórn Laxárvirkjunar svo og stjórnarinnar við atvinnumálaráðuneytið, að því er tekur til vatnsvirkis þessa.

Hinn 12. júní 1960 var haldinn fundur við Mývatnsósa efri, og hafði Laxárvirkjunarstjórn boðað landeigendur við ofanverða Laxá á fund þennan, en auk þess komu á hann nokkrir ábúendur jarða, er liggja að Mývatni. Fundarstjóri á fundi þessum var Pétur Jónsson í Reynihlíð, en fundarritarar Halldór Ísfeldsson, Kálfaströnd, og ákærði Eysteinn Sigurðsson, Arnarvatni. Þar las formaður stjórnarinnar upp bréf, er hann hafði sent ábúendum við ofanverða Laxá, en í því hafði verið farið fram á, að stífla mætti „mið- og syðstu kvíslar Laxár yfir vetrarmánuðina", eftir því sem bókað er í fundargerð. Um það, sem síðan gerðist á fundinum, þykir rétt að taka upp orðrétt úr fundargerðinni:

„... Sigurður Thoroddsen verkfræðingur tók til máls og skýrði

fyrirhugaðar framkvæmdir, sem nú væru hér á dagskrá. Þá tóku til máls nokkrir ábúendur við Laxá og skýrðu sín sjónarmið, og kom það fram í máli þeirra, að ekki mundu allir hér um slóðir hugsa gott til þeirra framkvæmda, og Eysteinn Sigurðsson á Arnarvatni lýsti því yfir, að ekki yrði gengið hér til neinna samninga af hálfu landeigenda um væntanlegar framkvæmdir, fyrr en gerður hefði verið samningur um þær framkvæmdir, sem þegar væri búið að gera hér á þessum slóðum.

Síðan tók til máls Þorgrímur Starri í Garði. Ræddi hann bæði um væntanlegar framkvæmdir og rafmagnsmál Mývetninga og lauk svo máli sínu með því að leggja fram svohljóðandi tillögu: „Landeigendur við Mývatn og Laxá, sem mættir eru á fundi með Rafveitunefnd Akureyrar við Mývatnsósa 12. júní 1960, samþykkja, að ekki skuli gengið til neinna samninga um nein vatnsréttindi við Laxá og Mývatn, fyrr en fyrir liggi ákveðið svar og loforð frá ábyrgum aðilum, sem treysta megi, að staðið verði við, um það, hvenær Mývetningar og Laxdælingar fái rafmagn frá Laxárvirkjun og með hvaða kjörum það rafmagn fáist. Ennfremur líta þeir svo á, að hér sé við fleiri að semja en þá, sem fundarboð þessa fundar var stílað til, og af þeim sökum geti þessi fundur enga samninga gert".

Indriði Helgason sagði, að sér virtist, að umræður hér ætluðu að snúast helzt til fjarri því málefni, sem hér lægi í raun og veru fyrir, en það væru fyrst og fremst stífla Miðkvíslar Laxár. Sagði hann ennfremur, að stjórn Laxárvirkjunar hefði boðizt til að gera silungastiga, svo að framkvæmdir hefðu ekki eyðandi áhrif á fiskiauðlegð árinnar, en taldi, að óttinn um fuglalífið væri fjarstæða ein.

Jón Þorláksson tók til máls og gerði meðal annars fyrirspurn um öryggi þess stíflubúnaðar, sem þegar væri hér búið að gera.

Halldór Ísfeldsson las upp úr fundargerðarbók Skútustaðahrepps ályktun, sem almennur sveitarfundur í Mývatnssveit hafði gert 4. júlí árið 1953.

Þá tók til máls Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, og svaraði hann ýmsum fyrirspurnum, sem fram höfðu komið, og gerði athugasemdir og leiðréttingar við ýmislegt, sem fram hafði komið hjá ræðumönnum.

Stefán í Haganesi taldi framkvæmdir hér við ósana hefðu alltaf verið mjög fálmkenndar og sagðist álíta, að fyrirhuguð stífla Miðkvíslar væri mjög vafasöm til ávinnings fyrir virkjunina.

Pétur Jónsson vakti athygli á því, að hann hefði ekki fyrr

heyrt talað um silungastiga, og sumir ræðumenn létu í ljós vantrú á því, að auðveldlega gengi að kenna silungi að nota stiga.

Þráinn Þórisson gerði fyrirspurn um það, hvers vegna ekki hefði verið byrjað á því að leggja raflínuna hingað frá Laxárvirkjun, þegar framkvæmdir væru hér hafnar.

Indriði Helgason svaraði því, að stjórn Laxárvirkjunar hefði aldrei haft efni á slíku, en viðurkenndi hins vegar, að slíkt væri til stórtjóns fyrir framkvæmdirnar í heild.

Sigurður Thorroddsen kom enn með ýmsar skýringar og leiðréttingar og lagði síðan fram eftirfarandi fundarályktun:

„Fundur, haldinn að Geirastöðum 12/6 1960, með landeigendum að Laxá og Laxárvirkjunarstjórn samþykkir að leyfa Laxárvirkjunarstjórn að gera stíflu í Miðkvísl, enda sjái Laxárvirkjunarstjórn um, að stíflunni fylgi umbúnaður, er veiðimálastjóri samþykki, í því skyni, að silungsgengd milli Laxár og Mývatns truflist ekki".

Bergsteinn Gunnarsson ræddi um þau áhrif, sem sprengingar við Laxárósa hefðu í neðanverðum Laxárdal, og sagði, að það væri sannfæring þeirra, sem þar byggju, að oft væri að þeim verulegt tjón, þótt erfitt mundi reynast að sanna, að slíkt væri af manna völdum, en ekki náttúruhamfara.

Sigurður Thoroddsen talaði og sagði, að sér væri ekki ljóst, hvað fyrir landeigendum hér við Laxá hefði vakað, þegar þeir hvöttu til þess, að fundur væri haldinn um þessi málefni, og nærri lægi að ályktа, að þar hefði verið um gabb eitt að ræða, svo að hann sæi sér ekki annað fært en að draga tillögu sína til baka.

En fundarstjóri sagði, að eins og til fundar þessa væri boðað, sæi hann sér ekki fært að taka tillögu Þorgríms Starra hér til afgreiðslu.

Eysteinn Sigurðsson mótmælti þeim ummælum, að hér hefði verið um gabb að ræða, og taldi, að málefnin hefðu hér mikið skýrzt og þess hefði verið fullkomin þörf, en það hefði verið furðuleg bjartsýni að láta sér til hugar koma, að málum yrði til lykta ráðið á einum skyndifundi".

Þessum fundi lauk því þannig, að ekkert samkomulag náðist við landeigendur um leyfi til stíflugerðarinnar.

Samkvæmt skýrslu stjórnar Laxárvirkjunar skrifuðu ábúendur Arnarvatns henni 21. júní 1960 og fóru fram á, að endurbyggðar yrðu gamlar brýr yfir í Geldingaey, og skyldu það teljast bætur

fyrir tjón og óþægindi, sem þeir hafi orðið fyrir af völdum Laxárvirkjunar á undanförnum 14 árum.

Hinn 26. júní 1960 ritaði stjórn Laxárvirkjunar bréf til atvinnumálaráðuneytisins með beiðni um leyfi til þess að ljúka við framkvæmdir við Mývatnsósa, „sem nánar tiltekið ná til þessa auk þeirra hluta, sem áður hafa verið leyfðir af hinu háa ráðuneyti:

1) Stífla í Miðkvísl með silungastiga.
2) Stíflur í tvo hliðarfarvegi Syðstukvíslar.
3) Lagfæring árfarvegs móts við Geldingaey.
4) Lagfæring farvegar Laxár gegnt Arnarvatni og Helluvaði".

Umsókn þessa hefur ráðuneytið sent raforkumálastjóra til umsagnar 30. júní, og í svarbréfi, sem dagsett er sama dag, 30. júní, en hefur bersýnilega verið sent síðar, þar sem í því er vitnað til greinargerðar Sigurðar Thoroddsens verkfræðings, dags. 2. júlí, segir á þessa leið:

„... Stíflur þær, sem óskað er leyfis að gera, og lagfæring árfarvegs móti Geldingaey eru allt saman í rauninni hluti af þeirri ráðstöfun til varnar gegn truflunum á rennsli Laxár, sem leyfð var með bréfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953. Fyrir því er full grein gerð í áætlunum og greinargerðum innlends og erlends ráðunauts Laxárvirkjunarinnar og í útboðslýsingu um verkið frá apríl 1951.

Nú er komið að því að byrja vinnu við þessar stíflur. En þegar vinna átti að hefjast, mótmæltu bændur framkvæmd verksins og töldu, að Laxárvirkjunin hefði ekki fengið tilskilin leyfi til mannvirkjagerðarinnar.

Þetta er að því leyti rétt, að í umsóknum Laxárvirkjunarstjórnar frá 17. og 29. júlí 1953 hefur láðst að geta þessara þriggja smástíflna og lagfæringar árfarvegsins móti Geldingaey sérstaklega, og þær eru því heldur ekki nefndar í leyfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953. Má því til sanns vegar færa, að formlegt leyfi vanti til framkvæmdar þessa hluta virkjunarmannvirkjanna.

Ég hefi óskað eftir og fengið frá ráðunaut Laxárvirkjunarinnar, Sigurði Thoroddsen, verkfr., teikningu af umræddum þrem stíflum og viðbótargreinargerð varðandi rennslisjöfnunarmannvirkin við Mývatnsósa (dags. 2. júlí 1960). Teikning þessi og greinargerð fylgja hjálagt.

Ég vil nú leyfa mér að leggja til, að hið háa ráðuneyti veiti leyfið til þess, að gerð verði þessi mannvirki Laxárvirkjunarinnar við Mývatn:

1. stíflu í Miðkvísl með silungastiga,

2. stíflur í tvo hliðarfarvegi Syðstukvíslar, og

3. lagfæringu árfarvegs móts við Geldingaey sem hluta þeirra ráðstafana til rennslisjöfnunar í Laxá, sem leyft var að hefjast handa um í bréfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953. Verkið sé gert samkvæmt umsókn Laxárvirkjunarstjórnar, dags. 26. júní 1960, bréfi Sigurðar Thoroddsen til raforkumálastjóra, dags. 2. júlí 1960, og teikningu af stíflum á uppdrætti nr. A. 696.

En jafnframt sé við mannvirki þessi gerðar þær ráðstafanir til tryggingar eðlilegri fiskigöngu, sem veiðimálastjóri dæmi fullnægjandi.

Hvað við kemur fjórða atriðinu í umsókn Laxárvirkjunarinnar frá 26. júní þ. á.: „Lagfæring farvegar Laxár gegnt Arnarvatni og Helluvaði", þá tel ég, að æskja beri ítarlegri greinargerðar og uppdrátta af þeim mannvirkjum, áður en leyfi fyrir þeim er gefið út".

Umsögn Sigurðar Thoroddsens, sem vitnað er til í bréfi raforkumálastjóra, hefur komið fram í máli þessu. Lýsir Sigurður þar þeim rökum, er hann telur liggja að því, að Miðkvísl verði stífluð. Í umsögninni kemur fram, að bændur úr Mývatnssveit, er komið hafi á fund með honum, hafi talið stífluna óþarfa, og gerir Sigurður athugasemd við þá skoðun.

Atvinnumálaráðuneytið veitti Laxárvirkjunarstjórn leyfi til framkvæmda með bréfi, sem dagsett er 5. júlí 1960, og hljóðar svo:

„Með skírskotun til bréfs raforkumálastjóra, dags. 30. f. m., og bréfs stjórnar Laxárvirkjunar, dags. 26. s. m., vill ráðuneytið taka fram, að það samþykkir, að gerð verði samkvæmt heimild í VI. kafla vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923, eftirfarandi mannvirki, sem hluti þeirra ráðstafana til rennslisjöfnunar í Laxá, sem samþykktar voru með bréfi ráðuneytisins til Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 10. ágúst 1953:

1. stífla í Miðkvísl með silungastiga,

2. stíflur í tvo hliðarfarvegi Syðstukvíslar, og

3. lagfæring árfarvegs móts við Geldingaey.

Við mannvirki þessi verði gerðar þær ráðstafanir til tryggingar eðlilegri fiskigöngu, sem veiðimálastjóri telur fullnægjandi.

Hvað viðvíkur lagfæringu farvegar Laxár gegnt Arnarvatni og Helluvaði, þá telur ráðuneytið æskilegt, að því berist ítarlegri

greinargerð og uppdrættir af þeim mannvirkjum, áður en leyfi fyrir þeim yrði gefið út.

Ingólfur Jónsson.
/Gunnl. E. Briem".

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, er haldinn var á Gautlöndum 15. júlí 1960, var samþykkt, að oddviti skyldi næsta dag senda stjórn Laxárvirkjunar svohljóðandi símskeyti:

„Í umboði landeigenda og annarra veiðiréttareigenda í Mývatn og Laxá í Skútustaðahreppi kalla ég yður hér með til ábyrgðar á hverskonar afleiðingum fyrr og síðar, sem stafa kunna af gerðum og fyrirhuguðum framkvæmdum í Laxá og kvíslum hennar".

Skeyti þetta sendi oddviti, og var það lagt fram á fundi stjórnar Laxárvirkjunar 18. júlí 1960. Á fundinum var gerð þessi samþykkt:

„Stjórnin heimilar framkvæmdastjóra að semja við Arnarvatnsbændur á þeim grundvelli, að gengið verði að kröfum þeirra um endurbyggingu brúnna á Syðstukvísl, og um **bætur vegna tjóns** á klaki, hvorttveggja með því skilyrði, að landeigendur torveldi á engan hátt fyrirhugaðar framkvæmdir og að hugsanlegt tjón þeirra vegna fari eftir mati eftirá".

Föstudaginn 22. júlí 1960 hélt stjórn Laxárvirkjunar fund með landeigendum við Mývatnsósa og hreppsnefnd Skútustaðahrepps, og fór hann fram í vinnuskóla við Geirastaði. Þar gerði Eysteinn Sigurðsson þá kröfu, að lokið yrði áðurnefndri brúarsmíði, áður en samið yrði um framhald aðgerða við Miðkvísl eða þær gerðar. Af hálfu stjórnar Laxárvirkjunar var lýst yfir því, að ekki yrði frekar aðhafzt við stíflun Miðkvíslar, áður en brýrnar hefðu verið gerðar og unnt væri að hleypa vatni á Geirastaðakvísl. Þá var samið um, að lögskipaðir matsmenn yrðu til staðar, áður en að því kæmi, að Miðkvísl yrði stífluð.

Jón Gauti Pétursson oddviti, Gautlöndum, lýsti á fundi þessum þeirri skoðun hreppsnefndar, að ekki hefði verið farið að réttum lögum um útvegun leyfis frá raforkumálaráðherra, þar sem samningar hefðu verið strandaðir og ekki hefði verið leitað umsagnar viðkomandi aðilja, áður en leyfi var veitt. Þá gerði hann grein fyrir kröfum hreppsnefndar við gerð hugsanlegs samkomulags um áframhaldandi framkvæmdir við Mývatnsósa, og voru þær þessar:

1) Að Laxá yrði ekki rótað neðan við Kleifarhólma.
2) Að hliðarvegir Syðstukvíslar yrðu ekki stíflaðir nema

með sérstöku samkomulagi og ekki yrði dregið úr eðlilegu vatnsmagni þar til silungsgengdar.

3) Að stjórn Laxárvirkjunar skyldi hlíta sameiginlegum ákvörðunum hreppsbúa um hámarks- og lágmarksvatnsborð í Mývatni og hámarksrennsli yrði ákveðið af landeigendum við Laxá og Laxárvirkjunarstjórn í samráði við vatnsmælingamann ríkisins.

4) Fyrir hönd eigenda Arnarvatns var sú krafa gerð, að tjón þeirra vegna framkvæmdanna yrði bætt með 50 ára KW raforku, og fyrir hönd Geirastaða var krafizt, að tjón þeirra yrði bætt með ákveðnu árgjaldi eftir mati.

5) Að afstýrt verði með girðingum á kostnað Laxárvirkjunarstjórnar millirennsli búfjár yfir farvegi, sem tæmast, og einnig ef uppistöður verða á vetrum, svo búfé stafaði hætta af.

6) Að bætur vegna almenns tjóns Mývetninga vegna truflana á silungsgengd, landspjalla o. fl. yrðu þær, að Laxárvirkjun greiddi niður verð á raforku til Mývetninga í það verð, sem gildir á Akureyri á hverjum tíma.

7) Að Laxárvirkjunarstjórn beitti sér fyrir því, að raforkulína yrði lögð sem fyrst um Mývatnssveit.

Stjórn Laxárvirkjunar lýsti yfir því, að hún tæki kröfur þessar til athugunar, en frestaði að taka afstöðu til þeirra.

Laxárvirkjun lét smíða brýr þær á Syðstukvísl, sem um hefur verið rætt. Hefur því verið haldið fram af hálfu stjórnar virkjunarinnar, að landeigendur virðist hafa gengið að þeim skilyrðum, sem sett hafi verið á fundi 18. júlí (þ. e. að landeigendur torvelduðu ekki framkvæmdir o. s. frv.). Ákærði Eysteinn Sigurðsson hefur mótmælt þessari skoðun. Smíði brúnna hafi af hálfu Arnarvatnsbænda verið skilyrði þess, að til samninga gæti komið um framkvæmdir þær, sem virkjunin leitaði samþykkis til. Brýrnar hafi að vísu verið smíðaðar, en eftir það hafi ekkert verið reynt til þess að ná samningum við landeigendur.

Samkvæmt skýrslu Laxárvirkjunar var samþykkt á stjórnarfundi 30. ágúst að hafna kröfum þeim, sem settar höfðu verið fram á fundi 22. júlí, en um einstaka liði kröfugerðarinnar er þetta þó tekið fram:

Liður 1: Ráðuneytið hafði frestað að veita leyfi í þessa átt, svo að ekki kom til þessara framkvæmda.

Liður 2: Ákveðið var að fresta framkvæmdum að þessu leyti að sinni, og var önnur hliðarkvísl Syðstuhvíslar stífluð 1961, en hin hefur enn ekki verið stífluð.

Liður 3: Stjórn Laxárvirkjunar kveðst ævinlega hafa viljað

haga vatnshæð í Mývatni í samræmi við óskir Mývetninga, en erfitt hafi verið að gera svo öllum líki, þar sem þeir hafi haft mjög svo ólíkar skoðanir á þessu efni.

Liður 4: Um hann segir orðrétt í skýrslu stjórnar Laxárvirkjunar: „Stjórn Laxárvirkjunar hafði þá þegar orðið við kröfum Arnarvatnsbænda um bætur, og einnig hafði Stefán Sigurðsson, Geirastöðum, fengið sínum kröfum framgengt, eins og áður segir. Stjórn Laxárvirkjunar var þeirrar skoðunar, að tjónbætur umfram það, sem þegar hafði verið samið um vegna framkvæmda við Mývatn, verði ákvarðaðar af dómkvöddum mönnum".

Liður 5: Stjórnin kveðst hafa orðið við þessari kröfu.

Liður 6: Þessum lið var hafnað, fyrst og fremst vegna þess, að svo lítið var vitað þá um annars vegar tjónið og hins vegar bótaupphæðina.

Liður 7: Stjórnin kveðst hafa beitt áhrifum sínum í þá átt að uppfylla þennan lið.

Í skýrslu stjórnar Laxárvirkjunar segir, að ljóst sé, „að fullar heimildir hafi verið fyrir þessum framkvæmdum og þær framkvæmdir í samráði við og með samþykki landeigenda". Þá er tekið fram, að aldrei hafi verið farið fram á, að umrædd mannvirki yrðu fjarlægð, né heldur að rætt yrði um, að fundin yrði lausn á þeim erfiðleikum á göngu urriða milli vatns og ár, sem bændur telji, að skapazt hafi vegna framkvæmdanna.

Hinn 3. september 1960 var haldinn fundur í skrifstofu framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar. Auk stjórnarmanna, er þar voru staddir, kom þangað Sigurður Thorroddsen verkfræðingur og úr Mývatnssveit þeir Eysteinn Sigurðsson, Halldór Ísfeldsson og Pétur Jónsson. Í fundargerð kemur fram, að stjórnin hafði tveim dögum áður fallizt á að fresta framkvæmdum við Miðkvísl, þar til Sigurður Thoroddsen hefði látið í ljós álit sitt á málinu. Á fundinum bar Eysteinn Sigurðsson fram þá tillögu fyrir hönd Mývetninga, að lokið yrði framkvæmdum við dýpkun Yztukvíslar fyrir vestan Geldingaey, en Miðkvísl yrði látin opin um veturinn, enda teldu Mývetningar hana óþarfa og jafnvel til hins verra með tilliti til kraparennslis.

Sigurður Thoroddsen lýsti yfir því, að hann teldi, að halda bæri áfram framkvæmdum við Miðkvísl, eins og áformað hefði verið, enda mundi að öðrum kosti kastað á glæ verðmætum þeim, sem lögð hefðu verið í mannvirkið. Samþykkti stjórnin síðan að halda áfram framkvæmdum, eins og ekkert hefði í skorizt.

Ekki verður séð, að til neins samkomulags hafi komið milli Laxárvirkjunarstjórnar og landeigenda um kröfur hinna síðarnefndu né að neinar samkomulagsumleitanir hafi farið fram eftir þetta.

Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsens annaðist verkfræðilegan undirbúning umræddra framkvæmda, eins og áður er komið fram. Hinn 28. ágúst 1960 leitaði Sigurður umsagnar veiðimálastjóra um uppdrætti að stíflunni og silungastiganum í Miðkvísl. Með bréfi til veiðimálastjóra 31. janúar 1961 áréttaði Sigurðuur beiðni sína um umsögn um Miðkvíslarstífluna og leitaði jafnframt umsagnar um uppdrátt að stíflum í hliðarálmum Syðstukvíslar. Með bréfi 9. maí 1961 tilkynnti veiðimálastjóri, að hann hefði fyrir sitt leyti gefið leyfi til fiskvegargerðar í Miðkvísl, enda yrði fylgt teikningu Sigurðar, og hefði Knut Otterstedt, rafveitustjóra á Akureyri, verið tilkynnt símleiðis þessi ákvörðun 24. september 1960.

Svo sem fyrr var greint, var gerð stíflunnar í Miðkvísl lokið 1961.

Til þess að meta bætur fyrir tjón af framkvæmdum Laxárvirkjunar við Mývatnsósa höfðu verið dómkvaddir þeir Árni Jónsson, tilraunastjóri á Akureyri, og Bjartmar Guðmundsson alþingismaður. Með bréfum til bænda við Mývatnsósa, dags. 3. október 1962, skoraði Árni Jónsson á hlutaðeigendur að leggja fram skaðabótakröfur sínar fyrir 1. janúar 1963. Þessu bréfi svaraði Eysteinn Sigurðsson hinn 11. janúar 1963, og segir í bréfinu m. a. á þessa leið:

„... Ég leitaði álits veiðimálastjóra um þessi mál. Hann telur ekki tímabært að framkvæma fullnaðarmat á þessum spjöllum enn, þar sem ekki er séð, hvaða áhrif þessar framkvæmdir hafa á veiði í ánni, og mun það taka nokkur ár. Hins vegar teljum við, að þegar megi meta landspjöll og þau veiðisvæði, er algjörlega hafa verið eyðilögð, svo sem Miðkvísl. Bótakröfur þar að lútandi munum við leggja fram, svo fljótt sem kostur er, en tel mig enn ekki hafa fengið nægar upplýsingar til þess".

Verður ekki séð, að mati þessu hafi verið þokað áleiðis á næstu árum. Með bréfi, dags. 26. apríl 1969, tilkynnti ákærði Dagbjartur Sigurðsson Knúti Otterstedt rafveitustjóra, að stofnað hefði verið Veiðifélag Mývatns og væru félagsmenn í því allir, sem land ættu að Mývatni. Yrði félag þetta sameiginlegur málsvari landseigenda við Mývatn. Í bréfinu er síðan rætt um vatnsborðshæð í Mývatni og kvartað yfir of lágri vatnsstöðu á nýliðn-

um vetri. Ekki er í bréfi þessu vikið að bótagreiðslum vegna vatnsvirkjanna í Mývatnsósum.

Hinn 3. maí 1970 var stofnað að Breiðumýri Veiðifélag Laxár og Krákár, og í bréfi, sem ákærði Eysteinn Sigurðsson ritar stjórn Laxárvirkjunar fyrir hönd félagsins sem formaður hinn 18. maí 1970, setti hann fram kröfur á hendur Laxárvirkjun um gerð fiskvegar upp fyrir stíflur virkjunarinnar í Laxárgljúfrum. Í lok bréfs þessa segir enn fremur, að félagið telji Laxárvirkjun skylt að bæta tjón vegna mannvirkjagerðar við Mývatnsósa. Stjórn Laxárvirkjunar svaraði þessu bréfi 11. júní, en ekki er þar vikið sérstaklega að kröfum vegna aðgerðanna við Mývatnsósa.

Í júlí bárust stjórn Laxárvirkjunar bréf frá eigendum Geirastaða, Haganess og Arnarvatns, þar sem hafðar eru uppi kröfur á hendur stjórninni vegna framkvæmda Laxárvirkjunar við Mývatnsósa. Eru kröfur þessar fjölþættar og skipta milljónum króna af hálfu hvers aðilja. Ekki er þörf að lýsa nánar kröfum þessum, en til samkomulags hefur ekki dregið.

IV. Áhrif á fiskigengd.

Frá upphafi hefur það verið ljóst, að við gerð stíflu í Miðkvísl yrði að gæta þess, að eigi yrði lokað fyrir, að fiskur gæti gengið um kvíslina, en talið er, að urriði hafi gengið um útfallskvíslarnar milli Laxár og Mývatns. Í umsókn sinni til atvinnumálaráðuneytisins 26. júní 1960 um leyfi til vatnsvirkis þessa, en bréfs þessa var getið undir III hér að framan, segir m. a. svo: „Áhrif virkjanna á þær jarðir telur stjórnin muni verða óveruleg, þar sem virkin munu þannig gerð, að þau hindri ekki hugsanlega göngu silungs um Miðkvísl; verður þar komið fyrir silungastiga, og verður um gerð hans höfð samvinna við veiðimálastjóra". Í umsögn raforkumálastjóra er mælt með leyfi að því tilskyldu, að ráðstafanir verði gerðar til tryggingar eðlilegri fiskigöngu. Það skilyrði er einnig sett í leyfi ráðuneytisins 5. júlí 1960. Í máli þessu hafa ákærðu og aðrir, sem með þeim unnu að niðurbroti Miðkvíslarstíflu, haldið því eindregið fram, að stíflan hafi komið í veg fyrir fiskigengd um kvíslina. Vatn það, sem um stigann fór og einungis hafi verið lítið brot af vatnsmagni því, sem áður fór um kvíslina, hafi verið svo lítið, er það var komið í hvíslarfarveginn neðan stíflunnar, að silungur hafi naumast gengið þar upp. Silungur, sem farið hafi upp Yztukvíslina, hafi haldið áfram móti aðalflaumnum upp að stíflunni hjá Geirastöðum og stöðvazt þar í stað þess að fara upp Miðkvísl eins og áður, meðan um hana fór ca. þriðjungur af vatnsmagninu, sem myndar Laxá.

Farvegur Miðkvíslar neðan stíflu greinist nokkuð af smáhólmum, og var nokkuð aðhafzt í þá átt að beina vatni því, sem um silungastigann fór, í einn ál. Eysteinn Sigurðsson heldur því þó fram, að ráðstafanir þessar hafi verið ófullnægjandi. Farvegurinn hafi upphaflega verið þrengdur efst, en aldrei hafi orðið úr því, að það væri gert neðar, þar sem vatnsmagnið dreifðist mest. Eysteinn kveðst raunar telja, að það mundi ekki heldur hafa komið að haldi, vatnsmagnið hafi verið svo lítið, að fiskur mundi alltaf heldur hafa leitað móti aðalflaumnum upp Geirastaðakvísl.

Hinn 4. september óskaði Sigurður Thoroddsen umsagnar veiðimálastjóra um fyrirhugað vatnsvirki í Syðstukvísl, en jafnframt umsagnar um mannvirkin í Miðkvísl.

Í framhaldi af bréfi þessu framsendi Sigurður veiðimálastjóra 3. nóvember 1961 bréf Jóns Gauta Péturssonar, Gautlöndum, sem þá var oddviti Skútustaðahrepps. Verður hér tekinn upp kafli úr bréfi Sigurðar:

„... Ég sé ekki ástæðu til skýringar með bréfi oddvitans, nema að því er varðar umsögn hans um Miðkvísl, þar sem hann segir: „Engin silungsbranda komst um kvíslina með þessu vatnsmagni" o. s. frv., þó að hún snerti ekki beint þau atriði, er umsókn Laxárvirkjunarstjórnar nú nær til.

Ekki er að efa, að Miðkvíslarstiginn sjálfur, sem gerður er „lege artis" og flytur að vísu mjög mismunandi vatnsmagn, háð vatnsstöðunni fyrir ofan hann, er undir öllum kringumstæðum silungsgengur, þegar vatn rennur um hann, enda er það atriði ekki dregið í efa af oddvita.

Neðan við stigann var farvegurinn lagfærður, settar í hann stíflur og hann þrengdur í því skyni að gera hann gengan fyrir silung. Að vísu hef ég ekki haft aðstöðu til að athuga farveginn, eftir að vatn var sett í stigann, og get því ekki dæmt um þetta atriði.

En aldrei hefur verið nein tregða hjá Laxárvirkjunarstjórn til þess að gera allt, sem verða mætti til þess, að stiginn og farvegurinn næði þeim tilgangi sínum að vera fær silungi. Og má ganga út frá því sem vísu, að Laxárvirkjunarstjórn muni lagfæra það, sem ábótavant er að dómi yðar ...".

Umsögn sína sendi veiðimálastjóri Sigurði hinn 31. marz 1962. Sá þáttur hennar, sem lýtur að stíflunni í Miðkvísl, er svohljóðandi:

„Svo sem kunnugt er, hefur Miðkvísl verið stífluð og fiskstigi

byggður í kvíslina. Gerð fiskstigans var samþykkt af undirrituðum. Var hr. Knut Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunarinnar, tilkynnt um það í símtali 24. sept. 1960 og staðfest í bréfi til Sigurðar Thoroddsens, verkfræðings, dags. 9. maí 1961. Fiskstiginn er gerður á þeim hlutföllum, að silungur ætti að geta gengið upp hann. Í þverveggjum stigans eru bæði göt við botn, sem silungur getur gengið um, og einnig eru yfirföll af hagkvæmri gerð. Fiskvegurinn ætti að koma að tilætluðum notum, ef um hann rennur nægjanlegt vatn, þegar silungur er á göngu um ána. Áðurnefnt samþykki gildir að sjálfsögðu um fiskstigann sjálfan, en ekki um önnur mannvirki í Miðkvísl. Er ég skoðaði nefndan stiga hinn 2. sept. 1961 ásamt Otterstedt, rafveitustjóra, og Sigurði Troroddsen, verkfræðingi, leit ég einnig á garða, sem komið hafði verið fyrir í farvegi Miðkvíslar í þeim tilgangi, að halda uppi vatnsborði neðan við stigann. Þar sem vatn var þá ekki í farvegi kvíslarinnar, var ókleift að sjá, að hve miklu gagni garðarnir kæmu".

Veiðimálastjóri tjáir sig því næst um ráðgerðar framkvæmdir:

„Rétt þykir í þessu sambandi að taka fram, að af breytingum á rennsli geta leitt truflanir, sem hafa áhrif á líf silungs í Laxá. Ekki er tímabært að ræða um hugsanlegar truflanir af nefndu tagi, þar sem nauðsynlegar athuganir og rannsóknir á aðstæðum hafa ekki farið fram. Tel ég brýna þörf á að gera slíkar athuganir og rannsóknir, en því miður er vinnukraftur og starfsfé mitt af svo skornum skammti, að ég get ekki tekið að mér að framkvæma þær að gagni, án þess að fjárhagslegur stuðningur komi þar til. Má telja líklegt, að kostnaður verði ekki ýkja mikill. Er líklegt, að hann fari ekki fram úr 25 þúsund krónum.

Á gundvelli niðurstaðna af slíkum ahugunum og rannsóknum má svo gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja truflanir af áðurnefndu tagi. Í bréfi til mín, dags. 3. nóvember 1961, telur Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, að stjórn Laxárvirkjunarinnar muni reiðubúin til að lagfæra misfellur, sem leiddu af mannvirkjagerð hennar í Laxá".

Rannsóknardómarinn leitaði álits veiðimálastjóra í máli þessu með bréfi, dags. 7. september, og í svari sínu, dags. 25. september, segir veiðimálastjóri á þessa leið:

„Í bréfi yðar, dags. að Skútustöðum 7. þ. m., spyrjið þér tveggja spurninga varðandi silungsgöngur í sambandi við rannsókn yðar í svo nefndu Miðkvíslarmáli.

Fyrri spurningin er um, hvort miðlunarvirkjun Laxárvirkjunar

við Mývatnsósa hafi hindrað fiskgöngur milli Laxár og Mývatns. Það er alkunna meðal Mývetninga, að urriðagöngur hafi átt sér stað úr Laxá upp í Mývatn, áður en stíflur voru gerðar í kvíslar Laxár úr Mývatni, og hafi urriði hrygnt í Vogalandi. Slíkar göngur um ár og vötn til hrygninga er vel kunnugt fyrirbæri. Með ófiskgengum stíflum eins og þeim, er gerðar hafa verið í Syðstukvísl 1946 og í Geirastaðakvísl, sem lokið var við 1960, er silungur hindraður í að ganga upp nefndar kvíslar upp í Mývatn, eins og hann gerði áður. Silungsgengt er þó upp Syðstukvísl um Urðarfoss, eins og ég sá hann 24. júlí 1962, og um Haganeskvísl, en líklegt er, að minnsta kosti hluti af silungi, sem synda upp undir stíflurnar í Syðstukvísl við Dragsey, tefjist á göngunni og aðrir haldi ekki lengra en að stíflunni og hörfi síðan aftur niður kvíslina, ef þeir finna ekki leiðirnar um Urriðafoss og Haganeskvísl. Silungur á leið upp Geirastaðakvísl hefur orðið fyrir algjörri hindrun. Sumir þeirra hafa vafalaust hörfað undan og leitað fyrir sér annars staðar og komizt upp Miðkvísl, þegar hún var með náttúrlegu rennsli, og aðrir hafa sennilega gengið í Sortulæg̀ð, sem fellur í Geirastaðakvísl, enda jókst veiði þar fyrst eftir stíflugerðina í Geirastaðakvísl að sögn manna nyrðra.

Síðari spurning yðar er, hvort silungastiginn í stíflunni í Miðkvísl hafi komið að gagni, þar sem of lítið vatnsmagn hafi verið í farveginum neðan við stíflurna. Við byggingu stíflna í kvíslar Laxár við Mývatnsósa hefur orðið breyting á vatnsmagni, sem runnið hefur um einstakar kvíslar, enda var það tilgangurinn með stíflugerðunum. Í Miðkvísl rann fyrir stíflugerðina 13 tenm. á sek. af vatni, en silungastiginn var gerður til að flytja allt að 2 tenm. á sek., og rann allt vatn, sem um Miðkvísl hefur farið, meðan stíflan var þar, um silungastigann. Við mjög minnkað vatnsmagn hefur verulegur hluti árfarvegarins neðan við fiskveginn þornað á þeim svæðum, sem liggja hærra en Geirastaðakvíslin, sem Miðkvísl rennur í, eða verið með grunnum vöðlum að verulegu leyti. Hefur þetta væntanlega haft veruleg áhrif á gönguskilyrðin í Miðkvísl, þó að ekki verði fullyrt um það, þar sem ég skoðaði kvíslina einu sinni, eftir að vatn fór að renna um silungastigann.

Ef skera á úr um þessi atriði á ótvíræðan hátt, er nauðsynlegt að merkja silung neðan við stíflurnar og sjá, hvort hann kemur fram ofan við þær. Sumarið 1962 voru merktir 171 urriði neðan við stíflur, og komu 11 þeirra fram samsumars neðan við þær og einn síðar. Benda þessar merkingar til, að urriði hafi ekki

gengið upp fyrir stíflurnar, þar sem enginn merktur urriði veiddist ofan við þær, svo vitað sé. Taka verður fram, að nefnd merking getur ekki talizt gefa tæmandi svar um málið".

Enn fremur ritaði veiðimálastjóri rannsóknardómaranum hinn 6. nóvember 1970 á þessa leið:

„Í bréfi til yðar, dags. 25. sept. s.l., er skýrt frá merkingum urriða í Laxá neðan við stíflur skammt neðan við Mývatn, sem framkvæmdar voru í þeim tilgangi að fá vitneskju um, hvort urriðinn gengi úr Laxá upp fyrir stíflurnar og upp í Mývatn. Við nánari athugun og eftirgrennslan varðandi endurheimtur á merktum urriðum hefur komið fram, að 164 urriðar voru merktir í Laxá neðan við stíflurnar, sem Laxárvirkjun hefur látið gera þar, og hafa 17 merktir urriðar endurveiðst, flestir samsumars, þar sem veiddust 16 neðan við stíflurnar og einn rétt ofan við stíflurna í Geirastaðakvísl, en flóðgáttir stíflunnar höfðu verið opnar um tíma, áður en urriðinn veiddist. Í Mývatni voru merktir sjö urriðar fyrir Vogalandi, og veiddist einn þeirra þar nokkrum dögum eftir merkingu. Breyta þessar nýju upplýsingar ekki niðurstöðunum af merkingunum, sem getur um í nefndu bréfi".

V. Truflanir á rekstri Laxárvirkjunar.

Steingrímur Gautur Kristjánsson rannsóknardómari leitaði sérfræðilegrar álitsgerðar orkumálastjóra um nauðsyn og mikilvægi stíflunnar í Miðkvísl og um það, hver hætta mundi stafa af því fyrir raforkuvinnslu Laxárvirkjunar, að stíflan hefði verið rofin.

Þessu svarar Jakob Gíslason orkumálastjóri á þessa leið í bréfi til rannsóknardómarans, dags. 15. september 1970:

„Umrædd stífla var gerð samkvæmt leyfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 5. júlí 1960. Hún var af raforkumálastjórninni talin vera hluti af þeirri ráðstöfun til varnar gegn truflunum á rennsli Laxár, sem leyfð hafði verið með bréfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953, en meginþáttur þeirrar ráðstöfunar var, sem kunnugt er, dýpkun Geirastaðakvíslar og gerð lokunarmannvirkja í henni. Tilgangur þeirra mannvirkja var, að með notkun þeirra yrði unnt að ráða vatnsrennsli úr Mývatni í Laxá á öllum tímum árs og í hvaða veðráttu sem væri og hindra þannig hinar tíðu istruflanir við útrennsli vatnsins. Fullt vald var þó ekki talið, að fengist á rennslinu úr vatninu, nema loka einnig hinum óskvíslum Laxár úr Mývatni með stíflumannvirkjum, þannig að beina mætti rennslinu öllu í Geirastaðakvíslina. Þótt í þessu sambandi væri rætt um að beina rennslinu öllu til Geirastaðamannvirkjanna, var af öllum hafður sá fyrirvari á að undan-

skilja nægilegt vatn fyrir fiskvegi, sem haldið yrði opnum í hinum kvíslunum.

Það er óumdeilt, að sú mannvirkjagerð, er að framan segir frá, hefur svarað tilgangi sínum og dregið svo úr ístruflunum við útrennsli Mývatns sem almennt var vænzt. Munar í því efni að sjálfsögðu mestu um mannvirki Geirastaðakvíslarinnar. En ég tel það ekki orka tvímælis, að með stíflun Miðkvíslar og smákvíslanna fékkst fullkomnara vald á útrennsli úr Mývatni en unnt var að fá með Geirastaðamannvirkjum einum saman og um leið öruggari varnir gegn ístruflunum.

Ég hef ekki þau gögn milli handa, er geri mér kleift að upplýsa, hversu mikill hlutur Miðkvíslarstíflunnar er í vörnum gegn ístruflunum á rennsli Laxár, enda liggur í hlutarins eðli, að nákvæmum mælingum eða útreikningi á því hlutfalli er erfitt að koma við. Víst er þó, að þessi stífla hefur, eins og að framan er vikið að, ákveðnu hlutverki að gegna í að tryggja sem öruggastan rekstur Laxárvirkjunarinnar og hættan, sem stafar af því fyrir raforkuvinnslu Laxárvirkjunarinnar, að stíflan hefur verið rofin, er sú, að við erfiðustu veðurskilyrði að vetri til nægi stjórn lokumannvirkja í Geirastaðakvísl ekki til að tryggja ótruflað rennsli úr Mývatni að þörf Laxárvirkjunar. Stjórnandinn hefur þá ekki vald yfir þeim hluta vatns, sem um Miðkvísl rennur. Hann hefur minni möguleika á að ráða vatnsborðshæð í Mývatni og getur síður en ella haft áhrif á ísmyndun við útrennslið.

Skaðlegar afleiðingar af þessu geta þá fyrst og fremst orðið þær, að við verstu skilyrði dragi svo úr vatnsmagni árinnar, að vinnslugeta orkuversins rýrni tilfinnanlega, meðan truflunin stendur yfir, grípa þurfi til dísilvélareksturs til að vinna það, sem á vantar, og í allra versta tilfelli taka upp skömmtun rafmagns, ef afl dísilvélanna dugir ekki til. Svo sem ég áður vék að, treystist ég ekki til að gera án ítarlegri gagna en fyrir hendi eru nánari grein fyrir líkum þess, að slíkar truflanir af völdum rofs stíflunnar muni eiga sér stað né að áætla útgjöld og tjón, sem af því kunna að hljótast".

Í bréfi stjórnar Laxárvirkjunar til saksóknara, undirrituðu af Knúti Otterstedt framkvæmdastjóra og dagsettu 11. nóvember 1970, segir m. a. á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar í bréfi, dags. 4. nóv. 1970, vill stjórn Laxárvirkjunar taka fram eftirfarandi:

1. Rekstur Laxárvirkjunar hefir enn ekki orðið fyrir verulegum truflunum vegna skemmdanna á Miðkvíslarstíflu, en þó

skeði það, að mánudaginn 19. okt. s.l. gerði stutt og tiltölulega meinlítið vetrarhret með þeim afleiðingum, að Miðkvíslin stíflaðist algjörlega seint það sama kvöld, og við það féll aflgeta stöðvanna við Laxá úr 12 MW niður í um 8 MW, og gekk erfiðlega að anna aflþörf svæðisins um hádegisbilið daginn eftir. Strax morguninn eftir var rennslið aukið í Geirastaðakvísl, en vatnið er um 8—12 klst. niður til virkjananna (fer eftir veðri), þannig að þess var ekki farið að gæta fyrr en um kvöldið. Auk þess kom í ljós við athugun um hádegisbilið þriðjudaginn 20. okt., að minniháttar truflanir höfðu orðið í Syðstukvísl, en nú hafa landeigendur og stjórnir veiðifélaga á svæðinu bannað að loka henni, eins og gert hefir verið undanfarinn áratug.

Af þessu má ljóst vera, að þarna geta orðið mjög alvarlegar vatnsrennslistruflanir í hörðum vetrarveðrum, eins og reynsla fyrri ára reyndar hefir leitt í ljós, og búast má því við miklum erfiðleikum og mikilli umframnotkun dísilstöðvanna á svæðinu nú í vetur. Auk þessa hefir komið í ljós í kuldunum, sem hér hafa verið, að áin er nú miklu viðkvæmari fyrir frostum, og hefir rennslið af þeim sökum verið breytilegra en ella.

2. Erfitt er að fá fram upplýsingar um upprunalegan kostnað við Miðkvíslarstíflu, þar sem kostnaður hennar var ekki aðgreindur frá öðrum þáttum þessara framkvæmda, en hjálagt fylgir matsgjörð þeirra Karls Ómars Jónssonar, verkfræðings, og Ingólfs Helgasonar, byggingameistara, er kvaddir voru til þess að meta umrætt tjón á stíflunni.

3. Stjórn Laxárvirkjunar er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að fyrirbyggja, ef þess er nokkur kostur, að verknaðir slíkir sem eyðilegging Miðkvíslarstíflu endurtaki sig. Stjórnin er hins vegar ekki í þeirri aðstöðu að gera kröfur um refsingu þeirra, sem að þessum verknaði stóðu, þar sem ákæruvaldið á sókn þessa máls, en hún mun gera kröfu um fullar bætur fyrir það tjón, sem Laxárvirkjun hefir orðið fyrir eða kann að verða fyrir í framtíðinni".

Um truflanir þær á vatnsrennsli, sem urðu í október, segir á þessa leið í skýrslu Jóns Þ. Haraldssonar stöðvarstjóra:

„Sunnudaginn 18. okt. versnaði veður. Um miðnætti, þ. e. kl. 00, var frostlaust. Kl. 04 var frost –1° C. Kl. 20 –1° C og kl. 24 –2° C. Ríkjandi veður NA-kaldi og éljagangur.

Þann 19. okt. er veður kl. 04 NA-kaldi og snjókoma, frost –3° C, kl. 12 NA-kaldi, –1°C, kl. 20 NA-kaldi, –2° C og kl. 24 NA-kaldi, –1° C.

Þann 19. okt. er veður kl. 04 NA-kaldi og sjókoma, frost –3° C, Kl. 12 gola, –3° C og kl. 20 hægviðri, +3° C.

Aðfaranótt þess 19. okt. upp úr miðnætti fer að gæta minnkunar í ánni, og krap fór að koma fram við rafstöð. Vex það jafnt og þétt, og er orðið mjög mikið um hádegi. Afköst véla höfðu þá rýrnað um 0.5 MW. Um kl. 20 höfðu afköst rýrnað um 2.4 MW, og þannig hélzt ástandið með litlum breytingum fram til kl. 04 þann 20. Afköst fara síðan enn minnkandi og komast niður í ca. 3 MW um kl. 11 á vél III (Rýrnun þá um 5 MW). Úr því fer vatn að vaxa á ný, hægt fyrstu klukkutímana, en síðan hraðar, og full afköst eru komin á vélar um kl. 21. Vegna þess, hve áin var bólgin af krapi, var mjög erfitt að gizka rétt á vatnsmagnið, en samkvæmt framleiðslugetu vélar III, ca. 3 MW, þá var notað vatn um 17.4 kl/sek og vatnshæð stíflu 68.95 m og framhjárennsli því sáralítið.

Þann 20. okt. fór ég ásamt Árna Gíslasyni, Laxárbakka, og Sigurði Stefánssyni, Geirastöðum, upp að Miðkvísl, og vorum við komnir þangað upp úr hádegi, en þá var rétt að byrja að renna fram um íshrönglið, og fór það ört vaxandi, þar sem orðið var frostlaust og hægviðri. Ég athugaði vandlega ísstíflurnar og lagnaðarís í botni farvegarins neðan silungastigans, en sá lagnaðarís bar þess vott, að ekki hefði runnið vatn um kvíslina í nokkra klukkutíma. Það, sem gerði truflunina þó versta, var, að það rann svo lítið vatn um Geirastaðaskurðinn, meðan krapamyndunin fór fram, að erfitt reyndist að auka rennslið þar, þegar til þurfti að taka. Krapið var búið að mynda farveg með ákveðinni flutingsgetu um skurðinn og upp á Breiðuna".

Ákærði Eysteinn Sigurðsson heldur því fram, að rennslistruflanir þær, sem urðu í október 1970, hafi á engan hátt átt rót sína að rekja til þess, að stíflan í Miðkvísl var rofin. Hann segir, að í desember hafi orðið minni háttar truflanir. Í janúar hafi orðið truflanir, sem hafi stafað af því, að áin hafi stíflazt í Laxárdal, en ekki af því, að truflun hafi orðið á útrennsli úr Mývatni.

VI. Tjón af rofi Miðkvíslarstíflu.

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu dómkvaddi 1. október 1970 þá Karl Ómar Jónsson byggingaverkfræðing og Ingólf Helgason byggingameistara til þess að meta tjón það, sem varð, þegar stíflan í Miðkvísl var rofin.

Matsgerð þeirra er á þessa leið:

„Skv. dómkvaðningu sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 1. okt. 1970, vorum við undirritaðir, Karl Ómar Jónsson bygginga-

verkfræðingur, Reykjavík, og Ingólfur Helgason byggingameistari, Húsavík, kvaddir til að meta tjón það, er varð, þegar stíflan í Miðkvísl í Laxá við Mývatn var eyðilögð.

Þar sem ekki var ljóst, hverjir væru þeir aðilar, er tilkynna bæri vettvangsgöngu matsmanna, aðrir en fulltrúar Laxárvirkjunarstjórnar, var ákveðið í samráði við sýslumann að tilkynna forystumönnum Skútustaðahrepps, hvenær hún færi fram. Var hreppstjóra og oddvita sent símskeyti þar um og haft samband við Jón Haraldsson, stöðvarstjóra Laxárvirkjunar, vegna fjarveru Knúts Otterstedt framkvæmdastjóra.

Þriðjudaginn 6. október fóru matsmenn að Miðkvísl Laxár við Mývatn. Mættir voru sem fulltrúar Laxárvirkjunarstjórnar Jón Haraldsson stöðvarstjóri og Hjálmar Þórðarson verkfræðingur, Reykjavík. Oddviti Skútustaðahrepps, Sigurður Þórisson, var einnig mættur, en tók fram, að hann væri ekki mættur sem aðili. Greiddi hann götu matsmanna, svo sem þeir óskuðu eftir, en var annars hlutlaus áhorfandi, meðan skoðun fór fram.

Matsmenn framkvæmdu svo skoðun skemmdanna, gerðu athuganir og mælingar og báru saman við teikningar af mannvirkjunum, og kom í ljós, að saman bar teikningum og stíflugerð allri.

Stífla þessi er 20 metra löng og er þrískipt, þannig að í miðju er fiskivegur 2.70 m á breidd, en sitt hvorum megin eru jarðvegsstíflur með steyptum þéttikjarna. Straummegin við þéttikjarnann var grjóthleðsla, en hinum megin fylling úr hraungjalli og grjóthleðsla á fláa hlémegin. Mest af grjótinu hafði verið fjarlægt og gjallfyllingin öll farin og stór skörð í steinveggi báðum megin. Endi á fiskvegi var líka með sprungum. Nokkuð grjót er á bökkum kvíslarinnar, og meiri hluti þess mun vera á staðnum, en gjallfylling er horfin, og þarf að flytja hana að. Hreinsa þarf burtu leifar af steypuveggnum nema smábita við landið. Steypa þarf garðinn að nýju og gera síðan grjóthleðslu og gjallfyllingar.

Til að framkvæma verk þetta, þarf að setja bráðabirgðastíflu úr timbri nokkru ofar en stíflustæðið er. Stífla þessi verður röskir 12 m á lengd. Þó er ekki gert ráð fyrir, að þessi stífla verði þétt, en lekavatni verði veitt í fiskveg með smájarðvegsstíflum.

Við matið hefur verið tekið tillit til þess, að miðlunarmannvirkin í Geirastaðakvísl hindra, að hægt sé að koma við vörubílum til efnisflutninga, og einnig hindra þau notkun stærri tækja. Þá hefur einnig verið gert ráð fyrir aðkeyptu vinnuafli til framkvæmdanna, svo að fæðis- og annar uppihaldskostnaður

er tekinn með. Með tilvísun til ofanritaðs teljum við tjónið hæfilega metið þannig:

Bráðabirgðastífla	kr. 380.000.00
Jarðvegsstífla með þéttivegg	— 215.000.00
	Kr. 595.000.00“

Stjórn Laxárvirkjunar var gefinn kostur á að koma að fjárkröfu í máli þessu. Stjórnin hefur með yfirlýsingu og bréfi, er hún sendi dóminum 31. marz s.l., lýst yfir því, að hún muni ekki krefjast bóta í máli þessu, en áskilji sér allan rétt til þess að krefjast í einkamáli, þegar tímabært sé, bóta fyrir spjöll, sem unnin voru á mannvirkjunum, og tjón af rekstrartruflunum þeim, sem hafa orðið eða verða, meðan óbreytt ástand varir.

VII. Niðurstöður.

Við úrlausn máls þessa skiptir meginmáli, hversu háttað var heimild Laxárvirkjunar til þess að stífla Miðkvísl.

Miðkvísl skilur lönd Arnarvatns og Geirastaða. Þurfti Laxárvirkjunarstjórn í fyrsta lagi að afla sér heimildar gagnvart eigendum þessara jarða, annað hvort með samningum við þá, en að öðrum kosti með eignarnámsheimild.

Laxárvirkjunarstjórn gerði tilraun til þess að ná samkomulagi við landeigendur um leyfi til stíflugerðarinnar, sbr. fund þann, sem haldinn var 12. júní 1960, en á þeim fundi náðist ekkert samkomulag, og stóð enn við það, er stjórnin sótti hinn 26. júní um leyfi ráðherra til framkvæmda.

Eftir að leyfi var veitt, 5. júlí, mótmæltu Mývetningar leyfisveitingunni með skeytinu 16. júlí. Samkomulagsumræðum var þó ekki lokið, og kröfur þær, sem Jón Gauti Pétursson gerði grein fyrir á fundi 22. júlí, voru bornar fram vegna „hugsanlegs samkomulags um áframhaldandi framkvæmdir við Mývatnsósa“. Stjórn Laxárvirkjunar hafnaði hins vegar kröfum þessum í veigamiklum atriðum 30. ágúst, og á fundinum 3. september hafnaði stjórnin tilmælum Eysteins Sigurðssonar um að fresta framkvæmdum. Eftir það sést ekki, að neinar samkomulagsumleitanir hafi farið fram. Verður því ekki fallizt á þá skoðun Laxárvirkjunarstjórnar, að allar aðgerðir við Mývatnsósa hafi farið fram „í samráði við og með samþykki landeigenda“. Þetta kann að vera rétt, að því er varðar vatnsvirkin í Geirastaðakvísl og

Syðstukvísl, en um stíflun Miðkvíslar sést ekki, að neitt samkomulag hafi verið gert við þá landeigendur, sem hagsmuna áttu að gæta. Rétt er að geta þess sérstaklega, að Laxárvirkjun hefur ekki með brúun Syðstukvíslar aflað sér samþykkis Arnarvatnsbænda til stíflugerðarinnar, þar sem ljóslega kemur fram, að af hálfu þeirra var brúarsmíðarinnar krafizt til bóta á tjóni, sem þeir töldu, að þegar væri orðið, og þeir litu á hana sem skilyrði fyrir áframhaldandi samningum varðandi Miðkvísl.

Miðkvíslarstíflu var ætlað að draga úr rennslistruflunum í Laxá og auka þannig öryggi í rekstri orkuvera Laxárvirkjunar. Í vatnalögum nr. 15/1923 eru mjög víðtækar heimildir til eignarnáms í sambandi við vinnslu raforku úr fallvatni, sbr. í fyrsta lagi V. kafla laganna, og samkvæmt VI. kafla, sem fjallar um vatnsmiðlun, getur ráðherra heimilað eignarnám, sem skyldar landeigendur til þess að þola miðlunarvirki á löndum sínum (2. tl. 68. gr., sbr. 55. gr.). Samkvæmt 70. gr. teljast miðlunarfyrirtæki liður í orkuveri, en þó þarf sérstakt leyfi til miðlunar í tilvikum, sem talin eru í greininni og bersýnilega koma til greina við stíflun Miðkvíslar, þ. e. þegar fyrirtæki getur haft í för með sér skaðleg áhrif á veiði (a liður) eða þegar forræðis eða afnota þarf af landi annarra eða réttindum, enda verði ekki allir rétthafar sáttir á framkvæmd verksins (d liður).

Enda þótt vafasamt kunni að vera, hvort hlutverk stíflunnar hafi verið vatnsmiðlun, eins og það orð er skýrt á vatnalögum („geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns"), var þó, hvað sem því leið, rétt að beita um umrætt vatnsvirki ákvæðum vatnalaga um miðlunarvirki.

Samkvæmt þessu voru lagaskilyrði fyrir hendi til þess að heimila eignarnám, sem veitti Laxárvirkjun aðstöðu til þess að stífla Miðkvísl, enda var fullnægt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar um almenningsþörf. Leyfi atvinnumálaráðuneytisins til stíflugerðarinnar, útgefið 5. júlí 1960, var slík eignarnámsheimild, veitt með vísan til VI. kafla vatnalaga.

Áður en ráðuneytið veitti leyfið, bar því samkvæmt c lið 144. gr. vatnalaga að leita álits þeirra manna, er ákvörðunin kunni að varða hag þeirra. Gátu þeir verið mjög margir, enda kom frá upphafi til greina, að mannvirki þetta gæti haft áhrif á fiskigengd. Hefði því verið rétt að birta auglýsingu í Lögbirtingablaði samkvæmt reglum 144. gr. Ráðuneytið gerði það ekki, né heldur virðist það hafa borið málefni þetta undir neinn þeirra landeigenda, er hagsmuna áttu að gæta. Að vísu sást af umsögn

raforkumálastjóra, að landeigendur höfðu ekki samþykkt framkvæmdina, en í umsókn Laxárvirkjunar um leyfið er ekki minnzt á afstöðu landeigenda til verksins. Landeigendur áttu þess þannig ekki kost að gæta réttar síns gagnvart ráðuneytinu, áður en það veitti leyfið, og skýra röksemdir sínar gegn stíflugerðinni eða kröfur í því sambandi, en hugsanlegt er, að þær hefðu haft áhrif á afstöðu ráðuneytisins til umsóknarinnar. Vegna þessara miklu ágalla á undirbúningi eignarnámsákvörðunarinnar, þ. e. leyfisins til stíflugerðarinnar, hefðu eigendur hagsmuna þeirra, sem eignarnámið varðaði, væntanlega getað fengið lögbann lagt við framkvæmdum við stífluna. Ekki aðhöfðust þeir neitt í þá átt, og hefur komið fram (í framburði Eysteins Sigurðssonar), að menn hafi talið hyggilegra að láta reisa mannvirkið ólöglega en reyna að hindra framkvæmd þess, þar sem það mundi hafa leitt til öflunar gildrar eignarnámsheimildar. Þeir virðast heldur ekki síðar nokkru sinni hafa farið fram á það við Laxárvirkjun, að stíflan yrði numin brott.

Skilyrði fyrir leyfinu til stíflugerðarinnar var það, að ráðstafanir yrðu gerðar til tryggingar eðlilegri fiskigengd. Sterkar líkur hafa verið færðar að því, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru, hafi reynzt ónógar. Fullnægjandi rannsóknir hafa þó ekki farið fram um þetta atriði, og er ekki hægt um vik að gera þær nú, eftir að stíflunni hefur verið rutt úr vegi. Ekki sést, að landeigendur hafi nokkurn tíma gert kröfu til þess í dómsmáli eða á annan hátt, að stíflunni yrði breytt af þessum sökum, svo sem á þann veg, að yfirfall yrði gert á henni eða lokur settar í hana, til þess að vatnsmagn yrði aukið í kvíslinni neðan stíflunnar.

Verjandi ákærðu hefur haldið því fram, að leyfi ráðuneytisins hafi verið ógilt, m. a. af því, að eigi hafi verið gætt ákvæða 2. gr. laga nr. 48/1956 um náttúruvernd, en þar er svo fyrir mælt, að leitað skuli álits náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast við mannvirkjagerð eða jarðrask, sem valdi hættu á því, að „sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminjum sé spillt". Ekki verður talið, að það hafi áhrif á gildi þeirrar stjórnvaldsákvörðunar, sem hér er til umræðu, þótt eigi væri leitað álits náttúruverndarráðs, þar sem þau skilyrði, sem í greininni eru talin, voru naumast fyrir hendi í umræddu tilviki.

Þrátt fyrir áðurnefnda ágalla á undirbúningi leyfis til stíflugerðarinnar og hugsanlega einnig á framkvæmd hennar, sem hefðu getað verið grundvöllur að lögsókn af hálfu þeirra, sem

hlut áttu að máli, höfðu þeir eigi heimild til þess að rjúfa stíflu-
una með valdi. Telja verður sannað, að ákærðu hafi allir átt þátt
í niðurbroti stíflunnar. Þegar litið er til verðmætis mannvirkisins,
þykja ákærðu hafa bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 2. ml. 257.
gr. almennra hegningarlaga.

Verknaður ákærðu er í ákæru einnig talinn varða við 165. gr.
almennra hegningarlaga. Kemur þá til greina, hvort skilja beri
ákvæði þetta þannig, að það leggi aukna refsingu við eignaspell-
um, sem unnin séu með sérstaklega hættulegu móti. Ef svo væri,
mundi 165. gr. tæma sök að þessu leyti, þannig að 257. gr. yrði
ekki beitt jafnframt henni. Dómurinn telur hins vegar, að 165.
gr. eigi að skilja þannig, að þar sé lögð refsing við athæfi, þar
sem óákveðnum hagsmunum margra og venjulega einnig ótil-
tekinna manna er stofnað í hættu, sbr. fyrirsögn XVIII. kafla
laganna og greinargerð fyrir frumvarpi að lögunum. Með spreng-
ingunum við Miðkvíslarstíflu voru spell unnin á stíflunni, eins
og til var ætlazt, en ekki verður séð, að önnur hætta hafi stafað
af þeim, nema þá hugsanlega fyrir ákærðu sjálf og fylgdarlið
þeirra. Samkvæmt þessu þykir 165. gr. ekki verða beitt um atferli
ákærðu.

Sönnur hafa ekki verið færðar á það, að verulegar truflanir
hafi orðið á rekstri Laxárvirkjunar, er raktar verði til niðurbrots
stíflunnar. Verður ákærðu því ekki dæmd refsing samkvæmt 176.
gr. almennra hegningarlaga.

Af þeim ástæðum, sem raktar voru af framan, höfðu ákærðu
nokkra ástæðu til þess að ætla, að það varðaði þá ekki refsiábyrgð,
þótt þeir næmu brott stífluna í Miðkvísl. Með hliðsjón af 3. tl.
74. gr. almennra hegningarlaga og að öðru leyti með skírskotun
til allra málsatvika, eins og þeim hefur verið lýst, þykir rétt, að
refsing á hendur ákærðu verði látin niður falla.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti Hallvarður Einvarðsson, aðal-
fulltrúi saksóknara, mál þetta í fyrstu, en Jónatan Sveinsson full-
trúi tók síðan við málinu vegna utanfarar Hallvarðs og annaðist
lokaflutning málsins. Verjandi allra hinna ákærðu var Sigurður
Gizurarson héraðsdómslögmaður. Við rannsókn málsins var hann
einnig skipaður réttargæzlumaður allra hinna ákærðu nema níu
(Árna Gíslasonar, Bóasar Gunnarssonar, Friðriks Gylfa Traustа-
sonar, Guðmundar Jónssonar, Ingólfs Jónassonar, Jónasar Sigur-
geirssonar, Sigurgeirs Jónassonar, Þorgríms Starra Björgvinsson-
ar og Þórhalls Bragasonar) svo og 19 annarra, sem eigi hafa verið

saksótt. Fyrir réttargæzluna úrskurðaði rannsóknardómarinn honum þóknun, kr. 40.000.00.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961 ber að dæma öll hin ákærðu in solidum til greiðslu sakarkostnaðar í málinu, og teljast til hans saksóknarlaun, kr. 80.000.00, er renni til ríkissjóðs, og málsvarnarlaun og réttargæzluþóknun skipaðs verjanda ákærðu, sem rétt þykir að nemi samtals kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arinbirni Hjálmarssyni, Arngrími Geirssyni, Arnljóti Sigurðssyni, Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni, Árna Gíslasyni, Árna Arngarði Halldórssyni, Áskeli Jónassyni, Ásmundi Kristjáni Jónssyni, Baldvin Kristni Baldvinssyni, Bóasi Gunnarssyni, Brynjólfi Steingrímssyni, Böðvari Jónssyni, Dagbjarti Sigurðssyni, Einari Gunnari Þórhallssyni, Eysteini Arnari Sigurðssyni, Finnu Kristjánsdóttur, Friðgeiri Jónssyni, Friðriki Gylfa Traustasyni, Guðmundi Jónssyni, Halldóri Árnasyni, Hauki Hreggviðssyni, Héðni Sverrissyni, Hildi Hermóðsdóttur, Hreiðari Arnórssyni, Ingólfi Ísfeld Jónassyni, Ingveldi Ólafíu Björnsdóttur, Jóhönnu Álfheiði Steingrímsdóttur, Jóni Aðalsteinssyni, Jóni Benediktssyni, Jóni Kristjánssyni, Jóni Péturssyni, Jóni Árna Sigfússyni, Jóni Sigtryggssyni, Jóni Stefánssyni, Jónasi Sigurgeirssyni, Katli Þórissyni, Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur, Kristjáni Elfari Yngvasyni, Matthíasi Kristjánssyni, Óla Kristjánssyni, Páli Dagbjartssyni, Pétri Gauta Péturssyni, Pétri Steingrímssyni, Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur, Sigurði Jónssyni, Sigurði Karlssyni, Sigurði Trausta Kristjánssyni, Sigurgeiri Jónassyni, Sigurgeiri Péturssyni, Stefáni Axelssyni, Stefáni Vigni Skaftasyni, Stefáni Þórarni Þórarinssyni, Stefaníu Þorgrímsdóttur, Steingrími Kristjánssyni, Svanhildi Björk Jónasdóttur, Sveini Helgasyni, Völundi Þorsteini Hermóðssyni, Yngva Kristjánssyni, Þorgrími Starra Björgvinssyni, Þóru Sigurðardóttur, Þórhalli Bragasyni, Þóroddi Friðriki Þóroddssyni, Ævari Kjartanssyni, Örlygi Arnljótssyni og Erni Arnari Haukssyni, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, og réttargæzluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sig-

urðar Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 100.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 165/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Brot gegn lögum nr. 77/1970. Ákæra. Lögjöfnun. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ekki verður mark tekið á hinum breytta framburði ákærða fyrir sakadómi 21. maí 1971 um, að efni það, sem mál þetta er af risið, hafi að hans skoðun ekki verið LSD og hann hafi sjálfur ekki haft efni þetta meðferðis hingað til lands.

Prófessor Þorkell Jóhannesson telur í álitsgerð sinni frá 13. janúar 1971, að ekki sé unnt „að skera úr því með fullkominni vissu, hvort lýsergíð hefur verið í sýninu eða ekki, en rannsóknirnar eru þó í fullu samræmi við þá ályktun, að svo hafi verið". Þá ber hann fyrir sakadómi 26. maí 1971, „að mjög sterkar líkur leiði til þeirrar niðurstöðu, að um LSD hafi verið að ræða, þó að ekki hafi verið unnt að skera úr því með fullkominni vissu".

Þegar þetta er virt, þykir varhugavert að telja alveg fullnægjandi sönnun fram komna fyrir því, að lýsergíð hafi verið í efni því, sem mál þetta fjallar um. Á hinn bóginn taldi ákærði svo vera, er hann hafði efnið með sér hingað til lands, bauð það til sölu og seldi.

Varðar háttsemi ákærða við 1. gr. og 5. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 4. gr. laganna og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með lögjöfnun, en telja ber ákæru í máli þessu taka til 1. gr. laga nr. 77/1970 og tilraunaverknaðar samkvæmt I. og II. tl. ákæru, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961. Var málið reifað fyrir Hæstarétti með hliðsjón af þessum lagaákvæðum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970 og með vísun til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. þeirra, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuðir, en eftir atvikum þykir rétt, að fresta megi fullnustu varðhaldsrefsingar og hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Þá greiði ákærði kr. 10.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1970 og 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga ber að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði efnis þess, sem ákærði seldi, kr. 3.000.00.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00, saksóknarlaun hér fyrir dómi, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð, og svo laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, sæti varðhaldi 4 mánuði, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu

dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði greiði kr. 10.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint söluandvirði, kr. 3.000.00, skal vera upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð, og svo laun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. ágúst 1971.

Ár 1971, miðvikudaginn 11. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í húsakynnum dómsins að Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 329/1971: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 5. febrúar s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni, Háaleitisbraut 43 hér í borg, „fyrir brot samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, með því að hafa smyglað til landsins hinn 17. eða 18. desember 1970 5 og ¾ lýsergíð (LSD)-töflum og síðan selt af töflum þessum í Reykjavík í sama mánuði sem hér segir:

I. Laugardagskvöldið 19. desember selt 2 unglingum á dansleik í Tjarnarbúð 2 töflur og töflubrot (¾) fyrir kr. 800.00.

II. Á annan í jólum selt ungum manni 1 töflu á kr. 2.200.00 á dansleik í Glaumbæ.

III. Sunnudaginn 27. desember reynt að selja manni einum (Halla) töflu fyrir kr. 2.000.00, er þeir hittust á knattborðsstofu við Klapparstíg, en er ganga skyldi frá kaupum þessum á Hressingarskálanum sama kvöld, var ákærði handtekinn.

Varðar þessi sölutilraun ákærða við fyrrgreind ákvæði laga nr. 77/1970, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærði sæti upptöku á fjárhæð, er svari til söluverðs fyrrgreindra lýsergíð (LSD)-taflna, samtals kr. 3.000.00, samkvæmt niðurlagi nefndrar 5. gr. laga nr. 77/1970 og 69. gr., 1. mgr. 3. töl., hegningarlaganna".

Ákærði er fæddur 20. nóvember 1951 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Kl. 2120 sunnudaginn 27. desember f. á. hringdi karlmaður á lögreglustöðina í Pósthússtræti hér í borg og skýrði frá því, að fyrr um daginn hefði hann verið staddur í knattborðsstofunni við Klapparstíg og séð þar þá ungan mann, Ásgeir Heiðar að nafni, vera að selja tveimur mönnum sitt hvora LSD töfluna í sitt hvort skiptið á kr. 2.000.00 stykkið. Hallgrímur Jónsson lögregluvarðstjóri, Hrísateigi 36 hér í borg, svaraði í símann og spurði manninn um nafn, en hann vildi ekki gefa það upp, og er ekki vitað, hver hann hefur verið. Maðurinn skýrði Hallgrími einnig frá því, að Ásgeir Heiðar ætlaði að koma eftir stutta stund, eða um kl. 2130 þá um kvöldið, í Hressingarskálann við Austurstræti og selja þar LSD. Jafnframt gaf maðurinn Hallgrími nokkra lýsingu á Ásgeiri Heiðari og klæðnaði hans.

Þrír óeinkennisklæddir lögreglumenn voru nú sendir í Hressingarskálann. Kom þar þá inn ungur maður, sem lýsing fyrrgreinds karlmanns gat átt við, og gekk hann rakleitt í átt til snyrtiherbergis karla og þar inn. Lögreglumennirnir spurðu hann að nafni, og kvaðst hann heita Heiðar Ásgeirsson. Að fengnu samþykki hans leituðu þeir í fötum hans og fundu í eldspýtustokk í vasa hans eitthvert efni, sem var pakkað inn í glæran pappír og síðan vafið inn í álpappír. Þeir fóru með Heiðar, ákærða í máli þessu, á lögreglustöðina.

Þar yfirheyrði fyrrgreindur lögregluvarðstjóri ákærða, og síðan var hann yfirheyrður af rannsóknarlögreglumanni. Ákærði viðurkenndi að hafa haft með sér í desember f. á. 5 og ¾ LSD töflur frá Kanaríeyjum hingað til lands. Hann hefði selt 3 og ¾ töflu, neytt einnar sjálfur og ætlað að selja seinustu töfluna, sem

fannst í vasa hans, þarna um kvöldið. Eftir yfirheyrslurnar framkvæmdu lögreglumenn að fengnu samþykki ákærða leit í herbergi hans á Háaleitisbraut 43, en fundu ekkert grunsamlegt. Hann var síðan látinn laus, en hald var lagt á fyrrgreindan eldspýtustokk og efni það, sem var í honum, svo og á kr. 2.300.00, sem hann hafði í fórum sínum.

Hinn 27. janúar s.l. var ákærði yfirheyrður í sakadómi Reykjavíkur um málið, og var þá framburður hans þessi:

Þegar hann var tveggja til þriggja mánaða gamall varð hann kjörbarn þeirra hjóna Ásgeirs Guðmundssonar prentara og Guðríðar Kristjánsdóttur hér í borg, og ólst hann upp hjá þeim. Að loknu barnaskólanámi fór hann í verzlunardeild Austurbæjarskólans, og vorið 1969 lauk hann landsprófi með fyrstu einkunn. Hann vann síðan hjá Skógrækt ríkisins í um hálft ár, eða fram á árið 1970. Í apríl það ár fór hann utan til ensku eyjarinnar Jersey í Ermarsundi og vann þar á hóteli við móttöku gesta. Í byrjun október hélt hann af ævintýralöngun suður á bóginn, suður Frakkland og áfram suður Spán til borgarinnar Cadiz. Þar fór hann um borð í spánskt skip og komst með því sem laumufarþegi til borgarinnar Las Palmas á Kanaríeyjum. Var þá komið fram í byrjun nóvember.

Ákærði hafði haft nokkra peninga með sér frá Jersey, en þeir þrutu brátt. Honum var kunnugt um, að hann gat ekki fengið atvinnuleyfi á Kanaríeyjum, og fór hann þá að afla sér fjár á þann hátt, að hann keypti sér leður og bjó úr því ýmsan varning, svo sem sandala, belti, armbönd og hálsfestar, og seldi síðan á tilteknu götuhorni í Las Palmas. Þar voru ýmsir listamenn, sem seldu verk sín, og voru þeir flestir frá Bandaríkjunum. Ákærði komst fljótt í félagsskap þeirra og fór að búa með þeim. Þetta voru bæði karlar og konur og flest ungt fólk. Það bjó í litlum húsum og tjöldum í þorpi einu skammt fyrir utan Las Palmas. Samvera þessa fólks var þannig, að þegar einn úr hópnum hafði unnið sér inn einhvern pening, nutu aðrir góðs af því, að þá var matur keyptur fyrir allan hópinn, sem voru nokkrir tugir. Fólk þetta notaði svonefnd fíknilyf, og þegar einn úr hópnum átti slíkt efni, sem var mjög oft, var því dreift meðal alls hópsins. Þannig fór ákærði að neyta fíknilyfja í félagsskap þessum, og gerði hann það oft á viku mest allan tímann, sem hann dvaldi þarna, sem voru tæpar 6 vikur, en áður hafði hann aldrei neytt slíkra efna. Fíknilyfin voru margra tegunda, og nefnir ákærði þessar: Tyrklands hash, sem blandað er með ópíum, Nepal hash,

Afghanistan hash, Lebanon hash, Durban poison, Congo Leoves svo og Kif, bæði pressað og laust. Reykti ákærði allar þessar tegundir í hópi fyrrgreinds fólks.

Skömmu fyrir miðjan desember fékk ákærði áhuga á því að komast fyrir jól til Íslands. Hélt hann til London og þaðan til Luxembourg og kom til Keflavíkur með flugvél Loftleiða h/f 17. eða 18. desember.

Skömmu eftir að ákærði kom til Kanaraíeyja, hafði hann keypt 9 töflur og ¾ af LSD á 180 peseta töfluna af manni einum, sem gerði í því að selja fíknilyf, en ákærði þekkti þá ekki áhrif LSD. Hann neytti nokkurra taflna, en líkaði ekki áhrif þeirra. Hann dreifði þó töflunum ekki meðal fólks þess, sem hann umgekkst, enda var það með nóg af fíknilyfjum. Hann átti eftir 5 töflur og ¾ af þeirri sjöttu, þegar hann fór frá Kanaríeyjum, og hafði hann þær með sér hingað til lands. Töflurnar voru í þeim sama silfurpappír, sem hann hafði keypt þær í, og hafði hann þær á leiðinni í veski sínu, sem var í jakkavasa hans. Hann flutti töflunar ekki hingað til lands í þeim tilgangi að selja þær hér, heldur ætlaði hann sér að neyta þeirra sjálfur.

Laugardagskvöldið 19. desember fór ákærði á dansleik í Tjarnarbúð. Hafði hann þá með sér LSD töflurnar 5 og ¾, og hafði hann sett þær í eldspýtustokk, sem hann hafði keypt á Kanaríeyjum. Hann varð peningalaus á dansleiknum og datt þá í hug að afla sér fjár með því að selja nokkrar af töflunum. Gekk hann á milli nokkurra unglinga þar og spurði þá að því, hvort þeir vildu kaupa LSD töflu. Varð úr, að hann seldi einum unglingi eina töflu á kr. 300.00 og öðrum eina töflu á því verði og einnig töflubrotið (¾) á kr. 200.00. Ákærði keypti áfengi fyrir andvirðið. Hann veit engin deili á kaupendunum, en gizkar á, að þeir hafi verið á aldrinum frá 18 til 21 árs.

Á Þorláksmessu neytti ákærði einnar LSD töflu einn síns liðs hér í miðborginni og hélt síðan heim til sín.

Á annan í jólum fór ákærði á dansleik í Glaumbæ og hafði þá með sér LSD töflurnar tvær, sem eftir voru. Vatt sér þá að honum ungur maður á að gizka 20 til 23 ára, sem hann veit engin deili á, og spurði hann að því, hvort hann væri sá hinn sami maður, sem hefði látið menn fá LSD töflur í Tjarnarbúð fyrir viku. Ákærði kvað svo vera. Maðurinn vildi þá kaupa eina töflu, og vegna áhuga hans hækkaði ákærði verð hennar, og keypti maðurinn eina töflu á kr. 2.200.00. Ákærði keypti áfengi fyrir hluta upphæðarinnar.

Daginn eftir, 27. desember, fór ákærði inn í knattborðsstofuna við Klapparstíg. Þar hitti hann man á að gizka 26 til 27 ára, sem kallaður er Halli, en ákærði veit ekki önnur deili á honum. Halli spurði hann að því, hvort hann gæti selt honum LSD töflu, og bauð kr. 2.000.00 fyrir hana, en kvaðst þó eigi hafa þá upphæð á sér. Varð úr, að þeir mæltu sér mót í Hressingarskálanum um kl. 2130 þá um kvöldið. Ákærði mætti þar á tilteknum tíma og var með LSD töfluna í eldspýtustokknum í vasa sínum. Allt í einu komu óeinkennisklæddir menn að honum, handtóku hann og fluttu á lögreglustöðina. Hafði hann þá eigi komið auga á Halla. Ákærði var með kr. 2.300.00 á sér, og voru kr. 1.100.00 af upphæðinni afgangur af andvirði töflunnar, sem hann seldi kvöldið áður í Glaumbæ.

Hinn 26. marz s.l. var ákæra í málinu birt ákærða í dómi, og vísaði hann þá um ákæruefnið til framangreinds framburðar síns.

Hinn 21. maí s.l. var ákærði enn mættur í dómi, og kvaðst hann þá vilja breyta framburði sínum frá 27. janúar s.l. í þremur atriðum. Í fyrsta lagi hafi efnið, sem ræðir um í ákæru málsins, ekki verið, að því er hann hélt, LSD og ekki verið töflur, heldur klístur á pappír og hafi hann engin áhrif fundið af neyzlu þess. Efnið hafi verið selt honum sem „trip". Í öðru lagi sé það ekki rétt, að hann hafi flutt efnið hingað til lands. Hann hafi skilið það eftir ásamt drasli í bifreið einni, sem hann var oft í, áður en hann hélt frá Las Palmas. Einum til tveimur dögum eftir að hann kom hingað til lands, hafi honum borizt efnið í póstbréfi og hafi amerískur maður, sem kallaður er Joe, sent honum það án beiðni eða vitundar hans. Hann hafi kynnzt þessum Joe suður á Kanaríeyjum. Joe hafi verið „hippi" og að því er hann heldur 24 ára gamall. Í þriðja lagi kveðst ákærði ekki hafa spurt unglinga á dansleiknum í Tjarnarbúð að því, hvort þeir vildu kaupa LSD töflu, heldur „trip".

Samkvæmt upplýsingum Loftleiða h/f ferðaðist ákærði á vegum félagsins 18. desember f. á. Fór hann frá Brussel kl. 0259 og kom til Keflavíkur kl. 0554. Ákærði kveður, að það geti verið rétt.

Það hefur eigi tekizt að hafa upp á mönnum þeim, sem ákærði kveðst hafa átt viðskipti við í Tjarnarbúð og í Glaumbæ né manni þeim (Halla), sem ákærði kveðst hafa hitt í knattborðsstofunni við Klapparstíg.

II.

Með bréfi dómsins, dags. 6. janúar s.l., óskaði hann eftir því, að prófessor Þorkell Jóhannesson, forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði, léti dóminum í té álitsgerð um efnið lýsergíð (LSD), efnasamsetningu þess, verkanir á neytendur svo og afleiðingar af neyzlu þess.

Í svarbréfi prófessorsins, dags. 5. febrúar s.l., til dómsins segir meðal annars svo:

„Mjög erfitt er að svara fyrirspurn sem þessari í stuttu máli. Í þessu sambandi skal þó eftirfarandi tekið fram:

1. Lýsergíð er að gerð náskylt efnum, sem finnast í korndrjóla (secale cornutum), svo sem ergótamíni (notað við mígreni) og ergómetríni (notað til þess að herpa saman leg).

2. Efnið verkar yfirleitt örvandi á neytendur. Eftir litla skammta breytist sjónar- og heyrnarskyn þannig, að menn skynja tóna og liti dýpra en áður. Þá eru alls kyns torskynjanir (illúsiónir), þ. e. a. s. sjá annað augað uppi á enni, en hitt niðri á kinn o. s. frv., algengar, og einnig þekkjast víxlskynjanir (þ. e. a. s. sjá tóna og heyra liti). Ef stórir skammtar eru teknir, koma fyrir alls kyns örskynjanir (hallúcínatíónir, þ. e. a. s. sjá hluti, sem alls ekki eru til í veruleikanum), og slíkt ástand getur leitt til vitfirringar, er líkist ofsóknarbrjálæði.

3. Neytandinn getur orðið háður efninu og þannig fengið í það ávana og ef til vill fíkn. Þá er geðveiki, sbr. að framan, og þekkt fyrirbæri eftir töku lýsergíðs".

Efni það, sem tekið var úr vörzlum ákærða í Hressingarskálanum 27. desember f. á., var sent í Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði, og í bréfi, dags. 6. janúar s.l., óskaði dómurinn eftir því, að prófessor Þorkell Jóhannesson rannsakaði, hvort lýsergíð væri í efninu, og léti dóminum í té skriflega álitsgerð um rannsóknina.

Í svarbréfi prófessorsins, dags. 13. janúar s.l., til dómsins segir svo:

„Sýnið var þerriblaðssnepill með leirgráum kringlóttum bletti, ca. 10 mm í þvermál.

Innihald blettsins var þvegið með 3 ml. af metanóli, sem síðan var látið gufa upp að mestu. Það, sem eftir var vökvans, var notað til blettagreiningar á þynnu. Til samanburðar var sett á þynnuna þekkt magn af lýsergíði (10 míkróg) og ergótamín (10 míkróg), en ergótamín getur gefið svipað rásgildi við blettagreiningu og lýsergíð.

Við skoðun í útfjólublárri ljósi (254 nm) sáust skærir fjólublárir blettir, allir með sama rásgildi, er svöruðu til sýnisins og hinna þekktu efna. Í rás sýnisins sáust auk þess fjórir greinilegir bleikir og rauðgulir blettir, sem á að gizka höfðu rásgildin 0.30, 0.58, 0.74 og 0.87.

Við litun með dímetýlamíníbenzaldehýðlausn komu fram rauðfjólublárir blettir svarandi til lýsergíðs, sýnisins og ergótamíns, er höfðu rásgildin 0.71, 0.71 og 0.72. Blettur sá, sem svaraði til sýnisins, var mun stærri en sá blettur, sem svaraði til 10 míkróg af þekktu lýsergíði.

Af þessum rannsóknum má þannig ráða, að sýnið hefur ekki verið hreint eða óblandað efni. Þá er á grundvelli rannsókna þessara ekki unnt að skera úr því með fullkominni vissu, hvort lýsergíð hefur verið í sýninu eða ekki, en rannsóknirnar eru þó í fullu samræmi við þá ályktun, að svo hafi verið.

Þess skal að lokum getið, að sýnið var ekki meira en svo, að ekki var unnt að gera frekari rannsóknir á því".

Hinn 26. maí s.l. staðfesti prófessor Þorkell fyrir dómi framangreinda álitsgerð og matsgerð að öllu leyti. Í tilefni af matsgerðinni, dags. 13. janúar s.l., segir hann, að því miður hafi efnið, sem þurfti að rannsaka, verið aðeins einn snepill. Efnið hafi ekki verið hreint, en engu að síður leiði mjög sterkar líkur til þeirrar niðurstöðu, að um LSD hafi verið að ræða, þó að ekki hafi verið unnt að skera úr því með fullkominni vissu.

Í sama þinghaldi lagði verjandi ákærða nokkrar spurningar fyrir prófessorinn, og eru svör hans meðal annars þessi:

Hann kveður, að við rannsókn umræddra sýnis hafi verið beitt almennt viðurkenndri aðferð til greiningar á lýsergíði svo og á ýmsum öðrum ávana- og fíkniefnum. Aðrar aðferðir komi þó til greina í vissum tilvikum, en þær krefjast enn meira efnismagns, til þess að rannsóknirnar gefi tilætlaðan árangur.

Hann segir, að eins og fram komi í matsgerðinni frá 13. janúar s.l., hafi þekkt lýsergíð, þekkt ergótamín svo og umrætt sýni um það bil sama rásgildi. Samkvæmt því sé ekki hægt að greina á milli ergótamíns, sem sé náskylt lýsergíði að gerð, og lýsergíðs sjálfs. Ergótamín sé hins vegar einungis notað sem lyf og þá í viðurkenndum lyfjaformum og aldrei sem vímugjafi. Af þessum sökum verði að telja mjög ósennilegt, að ergótamín hafi verið í þerriblaðssnepli. Til þess að greina frekar á milli lýsergíðs og ergótamíns hefði því þurft að gera frekari rannsóknir, sem á hinn bóginn hefðu krafizt meira efnismagns en lá fyrir. Honum

vitanlega hafi ergótamín aldrei verið notað í formi þerriblaðs. Hins vegar sé mjög vel þekkt, að lýsergíð hefur verið notað í formi þerriblaðs, t. d. til að leysast upp í kaffi til nota í vímuskyni. Samkvæmt þessu sé ekki unnt að útiloka þann möguleika, að ergótamín hafi verið í sýninu.

Hann kveður, að orðið „lýsergíð" sé viðurkennt samheiti á Norðurlöndum og víðar og sé „LSD" mjög þekkt skammstöfun fyrir efni þetta, en honum vitanlega hafi hún eigi verið staðfest af nokkurri stofnun eða opinberum aðilja.

III.

Hinn breytti framburður ákærða 21. maí s.l. um, að hann hafi ekki flutt umrætt efni hingað til lands, heldur að það hafi borizt honum í póstbréfi án beiðni eða vitundar hans, einum eða tveimur dögum eftir að hann kom hingað, er eigi í neinu styrktur af gögnum málsins, og verður að telja nægilega sannað með fyrri játningu ákærða bæði fyrir lögreglumönnum og síðan ítrekaðri í sakadómi svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, að ákærði hafi haft efnið sjálfur meðferðis, þegar hann kom frá útlöndum hingað til lands með fyrrgreindri flugvél í desember s.l. Á hinn bóginn verður með skírskotun til þeirrar niðurstöðu prófessors Þorkels Jóhannessonar, að eigi sé unnt að skera úr því með fullkominni vissu, hvort lýsergíð hafi verið í sýni því, sem hann fékk til rannsóknar, svo og með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, að telja, að eigi sé fram komin lögfull sönnun fyrir því, að lýsergíð hafi verið í efninu. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af þeirri ákæru ákæruvaldsins að hafa smyglað lýsergíð (LSD) töflum til landsins hinn 17. eða 18. desember s.l. og að hafa selt eða reynt að selja slíkar töflur á tilgreindum dögum síðar í sama mánuði svo og að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar er lagður á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í málinu, Jóns Edwalds Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00.

Uppkvaðning dóms í málinu hefur frestazt nokkuð sökum sjúkrahúsdvalar dómarans frá 28. f. m. til 6. þ. m.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, á að vera sýkn af ákæru og kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal máls-

varnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Edwalds Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 27/1972. **Ákæruvaldið** (Hallvarður Einvarðsson, settur saksóknari ríkisins)

gegn

Hans Elíasen

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn, þ. á m. bréf saksóknara ríkisins, dags. 8. þ. m., til prófessors Jóns Steffensens og svarbréf prófessorsins, dags. 13. s. m. Í bréfi saksóknara ríkisins segir m. a. um blóðsýni það, er í málinu getur, „... er þess farið á leit, að þér látið þessu embætti í té upplýsingar — ef tiltækar eru — um umbúnað sýnishorns þessa, þ. e. a. s. hvort nokkuð hafi verið athugavert við hann eða sýnishornið yfirleitt, og ennfremur hvaða áhrif það kynni að hafa haft á áfengismagn í sýnishorninu, ef glasið hefði verið látið standa opið í 2—3 klukkustundir". Bréf prófessors Jóns Steffensens er svohljóðandi: „Viðvíkjandi bréfi yðar, dags. 8. marz 1972 (VS/SJ M. 1488/70), vil ég taka eftirfarandi fram: Með bréfi, dags. Ólafsvík 22. júní

1970 og undirrituðu af Guðfinni S. Sigurðssyni, var beiðzt rannsóknar á þrem meðfylgjandi blóðsýnum merktum nr. 11/1970, nr. 12/1970 og nr. 13/1970.

Við ekkert þessara sýna hefur verið gerð athugasemd í rannsóknarplöggum rannsóknarstofunnar, en það er regla að gera, sé eitthvað athugavert við frágang blóðsýna, útlit blóðsins eða ef annarleg lykt er af því.

Það, að blóðsýni standi opið 2—3 klukkustundir, myndi hafa þau áhrif að minnka magn reducerandi efna í blóðinu".

Í skýrslu Guðfinns Sigurðar Sigurðssonar lögregluvarðstjóra, sem gerð var skömmu eftir handtöku ákærða, segir m. a. um öndunarsýni: „Öndunarsýni sýndi þriðja stig".

Valtýr Júlíusson lögreglumaður, er kom að bifreið ákærða, þegar hann var handtekinn, ber, að ákærði hafi þá verið sjáanlega með áhrifum áfengis.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 8.000.00.

Það athugast, að ekkert af vitnum þeim, er fyrir dóm komu, voru látin staðfesta vætti sín með eiði eða drengskaparheiti. Þá var vitnið Lúther Salómonsson lögreglumaður ekki kvatt til vitnisburðar í málinu, og vitnið Guðfinnur Sigurður Sigurðsson lögregluvarðstjóri var ekki spurt um sakarefni máls þessa, er það kom fyrir sakadóm. Óhæfilegur dráttur var á að senda blóðsýnið úr ákærða til rannsóknar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hans Elíasen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

19. október 1971.

Árið 1971, þriðjudaginn 19. október, var í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háður var að Kjalvegi á Hellissandi af Benedikt Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 14/1970: Ákæruvaldið gegn Hans Elíasen.

Mál þetta var af ákæruvaldinu höfðað á hendur Hans Elíasen vélvirkja, Ytri-Hraundal í Hraunhreppi, dveljandi að Kjalvegi á Hellissandi, fæddum 25. janúar 1910 í Danmörku, fyrir að aka mánudagsnóttina 8. júní 1970 undir áhrifum áfengis bifreiðinni M 944 frá Hjarðartúni 7 í Ólafsvík áleiðis heim til sín að Kjalvegi, unz lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Hjarðartúns og Kirkjutúns.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Hans Elíasen, fæddur 25. janúar 1910, Jótlandi, Danmörku, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Atvik málsins eru þessi samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum:

Laugardaginn 6. júní 1970 var ákærði að drykkju með kunningjum sínum fram eftir nóttu og drakk þá talsvert magn áfengis. Daginn eftir var ákærði sæmilega fyrirkallaður, enda hafði hann sofið nokkuð um nóttina.

Þann dag neytti ákærði einskis áfengis, en fór akandi á bifreið sinni, M 944, til Ólafsvíkur og fór þar á dansleik um kvöldið. Eftir dansleikinn kvaðst ákærði hafa farið heim til Sigurgeirs Bjarnasonar, Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og þegið þar nokkrum sinnum áfengi út í kaffi. Segir hann það verið hafa vodka og hafi hann fundið á sér breytingu, en ekki þó svo, að varhugavert væri við akstur.

Skömmu síðar kveðst ákærði hafa lagt af stað áleiðis til Hellissands í bifreið sinni, M 944, en hafði skammt farið, er lögreglan stöðvaði akstur hans.

Var þar á ferð Björn Jónsson, lögreglumaður í Ólafsvík, ásamt lögreglumönnunum Guðfinni S. Sigurðssyni, Lúther Salómons-

syni, Valtý Júlíussyni og Hilmari Júlíussyni, og gefur hann þá lýsingu á málavöxtum, að hann hafi verið á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni P 607 ásamt fyrrnefndum lögreglumönnum og hafi Guðfinnur Sigurðsson ekið. Þegar þeir sáu bifreið ákærða í akstri á mótum Kirkjutúns og Hjarðartúns, sagði Guðfinnur Birni að hafa tal af ökumanni og athuga, hvort ekki væri allt með felldu. Ákærði stöðvaði bifreið sína strax, þegar lögreglubifreiðin birtist. Björn kveðst hafa farið og talað við ákærða gegnum glugga bifreiðarinnar og taldi sig merkja áfengisáhrif á ákærða. Var því farið með ákærða í lögreglustöðina í Ólafsvík, og tók Guðfinnur þar af honum varðstjóraskýrslu, en síðar var farið til héraðsdæknis í blóðtöku. Með í förinni var annar ölvaður maður, Þráinn Gústafsson, og var honum einnig tekið blóð. Segir Björn, að gengið hafi verið vel frá báðum blóðsýnunum og þau merkt og fengin Guðfinni, sem skyldi sjá um sendingu þeirra til rannsóknar í Reykjavík.

Björn segir, að ákærði hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis. Í skýrslu Guðfinns fyrir dómi kemur og fram, að ákærði hafi verið sjáanlega undir áhrifum áfengis.

Vörn kom fram í máli þessu, og er því þar haldið fram, að blóðsýnið hafi verið opnað af Guðfinni og það látið standa opið og sé því ekkert sönnunargagn í málinu. Segir verjandi þessar upplýsingar komnar frá Valtý Júlíussyni lögreglumanni. Hefur Valtýr borið þetta fyrir dómara í skýrslu, sem hann gaf þann 20. apríl 1971, og segist hafa þetta eftir Guðfinni sjálfum. Þessum ásökunum hefur Guðfinnur eindregið neitað fyrir lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, sem tók af honum skýrslu í þessu sambandi að beiðni embættisins hér.

Blóðsýnishorn það, sem tekið var úr ákærða umrætt sinn, hafði að geyma reducerandi efni, sem samsvara 1.40‰ af alkóhóli.

Þegar litið er á þá punkta, sem dregnir hafa verið fram, þykir fullsannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur játað að hafa neytt áfengis aðfaranótt mánudagsins 8. júní 1970 og ekið síðar sömu nótt bifreið sinni heim á leið. Verjandi ákærða heldur því að vísu fram, að Guðfinnur hafi misfarið með blóðsýnið og látið það standa opið.

Ekki þykir ástæða til að láta staðhæfingu þessa hafa áhrif á dóminn, enda hefði sú athöfn Guðfinns að láta blóðsýnið standa opið aðeins verið ákærða til hagsbóta, því að þá hefði hin redu-

cerandi efni rokið burt að nokkru leyti og blóðsýnið því gefið lægra alkóhólhlutfall við rannsókn en raunverulega var í blóði ákærða umrædda nótt.

Einnig þykir fullsannað með vætti vitna, að ákærði hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis.

Að þessu athuguðu þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga samkvæmt 3. mgr. 80. gr., sbr. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr 45. gr. áfengislaga. Ákærði skal einnig samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá uppkvaðningu (sic) dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hans Elíasen, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Sigurðssonar lögfræðings, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 38/1972. **Björn Pálmason**
gegn
Guðrúnu Kristjánsdóttur og
Bæjarfógetanum í Kópavogi.

Dómendur:
hæstarqttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. marz 1972, er barst dóminum 14. s. m. Með tilvísun

til 30. gr. laga nr. 57/1962 var sóknaraðilja veittur kostur á að bæta úr ágöllum á kærunni. Hefur hann í greinargerð til Hæstaréttar, dags. 23. þ. m., lýst kæruefninu og kröfum sínum svo:

„Hið kærða:

1. Synjun fógeta með bókun í þinghaldi hinn 25. febrúar um það, að fógetarétturinn, að kröfu gerðarþola, vísaði málsatvikinu varðandi hæfi gerðarbeiðanda sem móður til umsagnar barnaverndarstjórnvalda, sérstaklega með hliðsjón af því, að gerðarþola er síðar meinað um að afla slíkrar umsagnar með bersýnilega of skömmum fresti, svo og tregðu barnaverndarstjórnvalda til afskipta af málsatvikinu í trássi við fógetaréttinn.
2. Synjun fógeta á því að verða við beiðni um dómkvaðningu matsmanna um hæfi gerðarbeiðanda sem móður, með aðgerðarleysi, þ. e. ekki orðið við beiðninni né henni synjað með úrskurði.
3. Vanræksla fógeta á því að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur í málinu, en ætla að taka málið til úrskurðar (sic), þ. e. hefur ákveðið munnlegan flutning málsins strax án þess að tryggja nauðsynlegar álitsgerðir kunnáttumanna, sbr. 1. og 2. hér að ofan.
4. Vanræksla og synjun fógeta á því að kveða upp úrskurð um frest í þinghaldi hinn 9. marz s.l.
5. Ítrekaðar yfirlýsingar fógeta um efnisatriði málsins svo og þýðingarmikil réttarfarsatriði, sem úrskurða þurfti um undir rekstri málsins.

Kröfugerð:

Þess er krafizt, að hinn virðulegi Hæstiréttur leggi fyrir fógetann, að aflað skuli umsagnar barnaverndarstjórnvalda um hið umdeilda hæfi gerðarbeiðanda sem móður eða veiti gerðarþola frest til þess að afla slíkrar umsagnar, sem sé ekki skemmri en 10 dagar, eða leggi fyrir fógeta að dómkveðja matsmenn um ofangreint hæfi eða leggi fyrir fógeta að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur.

Þá er þess krafizt, að vanræksla og synjun fógeta á uppkvaðningu formlegra úrskurða um réttarfarsatriði, þ. e.

synjun á slíkri meðferð varðandi dómkvaðningu matsmanna, svo og varðandi frest í þinghaldi hinn 9. febrúar (sic) verði látin sæta ámælum og lagt sé fyrir fógeta að kveða upp úrskurð um þessi atriði, eins og lög standa til.

Þá er þess krafizt, að opinská afstaða fógeta til efnisatriða í úrskurði frá 29. febrúar verði látin sæta ámælum svo og afstaða hans til fresta í málinu, sem fram kemur á dskj. 27. Þess er krafizt, að ofangreind atriði skuli, með eða án nýrra gagna og málsástæðna, varða heimvísun málsins til löglegrar meðferðar, en að gerðarbeiðanda sé gert að greiða gerðarþola og kæranda málskostnað að mati hins virðulega réttar".

Varnaraðili Guðrún Kristjánsdóttir hefur aðallega krafizt þess, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að „staðfestar verði þær málsmeðferðarákvarðanir, sem fógeti hefur tekið í málinu og kærðar eru". Þá er og krafizt kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, þar með talinn málskostnaður vegna kæru sóknaraðilja 3. marz 1972, er afturkölluð var 8. marz 1972.

Frá varnaraðilja bæjarfógetanum í Kópavogi hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili hefur ekki gert ákveðnar og afdráttarlausar kröfur í máli þessu, og er kæra hans því ekki svo úr garði gerð, sem skylt er samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1962. Ber af þeim sökum að vísa kærumálinu frá Hæstarétti með vísan til 30. gr. nefndra laga.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Guðrúnu Kristjánsdóttur kærumálskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Björn Pálmason, greiði varnaraðilja Guðrúnu Kristjánsdóttur kr. 10.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. apríl 1972.

Nr. 41/1972. **Jón Edwald Ragnarsson**
gegn
Lögreglustjóranum í Reykjavík og Yfirborgarfógetanum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Edwald Ragnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 12. apríl 1972.

Nr. 92/1971. **M** (Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
K (Jóhann Steinason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Krefst hann þess aðallega, að héraðsdómurinn verði ómerktur. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi 16. febrúar 1972.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að sátta hafi verið leitað með aðiljum, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1936, og komu þau þó bæði sjálf fyrir dóm til samprófunar á aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 14. janúar 1971. Auk þess er rannsókn málsins í héraði ekki svo ítarleg sem skyldi. Nauðsyn ber til að yfirheyra stjúpföður stefnda um, hvort hann minnist þess að hafa leitað hennar að kvöldi til eða um miðnætti í septembermánuði 1968, er hún hafði ekki komið heim til sín að aflokinni sjónvarpsdagskrá, eins og stefndi hefur borið, svo og annað heimilisfólk hennar.

Þá ber að afla og leggja fram endurrit úr dagbók m/b Íslendings, SH 90, sem áfrýjandi var skipverji á, um komu bátsins til Ólafsvíkur eða Grundarfjarðar og viðdvöl hans þar í septembermánuði 1968 og svo önnur gögn um, hvenær í þessum mánuði báturinn lagði upp afla sinn.

Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar um greind atriði og önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa efni til, og til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar hér fyrir dómi, kr. 10.000.00.

Það athugast, að í ljósmóðurvottorði um fæðingu barns stefnda er áfrýjandi sagður faðir þess, og samkvæmt gögnum málsins er hann skráður faðir barnsins í prestsþjónustubók, hvort tveggja eftir einhliða skýrslu stefnda og að áfrýjanda fornspurðum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til framhaldsrannsóknar um framan-

greind atriði og löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Jóhanns Steinasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 25. febrúar 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 25. febrúar, var í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háð var í hreppsskrifstofunni, Grundarfirði, af Eggerti Óskarssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 3/1970: K gegn M, sem tekið var til dóms þann 23. febrúar 1971.

Sóknaraðili máls þessa, K, til heimilis að ..., Grundarfirði, fædd 24. september 1953, ól þann 14. júní 1969 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið B. Föður að barni þessu hefur hún lýst M sjómann, ..., Grundarfirði, fæddan 7. september 1950, en hann hefur ekki viljað við faðernið kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað mál gegn honum.

Hún hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara hefur hún krafizt fyllingareiðs. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði sýknaður af kröfu sóknaraðilja, en til vara krefst hann synjunareiðs. Einnig krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá, að hún hafi þekkt varnaraðilja, frá því hún var lítil, og léku þau sér saman sem börn. Kvaðst hún hafa haft samfarir við varnaraðilja í eitt skipti og hafi það átt sér stað í byrjun september 1968.

Um aðdragandann skýrði hún svo frá, að hún hafi verið vön að fara heim til varnaraðilja og fengið að horfa á sjónvarp, en

varnaraðili eigi heima rétt hjá sér og móðir hans systir stjúpa hennar.

Sóknaraðili kvaðst hafa verið kvöld eitt í byrjun september 1968, þann 5. eða 6. að því er hún telur, á heimili varnaraðilja og horft þar á sjónvarp og hafi varnaraðili þá verið heima. Þegar sjónvarpsdagskránni var lokið, um kl. 2300, kvaðst sóknaraðili hafa farið út, og kom varnaraðili með henni. Kvaðst hún hafa ætlað beint heim, en varnaraðili hafi beðið sig að koma með sér niður í hlöðu, sem þar var skammt frá. Hún kvaðst ekki hafa viljað það í fyrstu, en látið tilleiðast og hafi farið með honum í hlöðuna, þar sem þau hafi haft samfarir saman. Voru ekki við samfarirnar gerðar tilraunir til að hindra getnað. Sóknaraðili kveður barn sitt getið við samfarir þessar, þetta sé í eina skiptið, sem hún hafi haft samfarir við varnaraðilja, og hún staðhæfir, að hún hafi ekki haft samfarir við neina aðra karlmenn á árinu 1968. Sóknaraðili kvaðst síðast hafa haft á klæðum, áður en hún varð ófrísk, um mánaðamótin ágúst—september 1968. Hún kvaðst hafa haft reglulegar tíðir.

Varnaraðili kvað það rétt vera, að sóknaraðili og hann hafi þekkzt, frá því að þau voru börn, og oft leikið sér saman. Varnaraðili hefur eindregið neitað því, að hann geti verið faðir að barni sóknaraðilja. Kveðst hann aldrei hafa haft samfarir við hana og staðhæfir, að það séu ósannindi, að þau hafi haft samfarir í hlöðu í Grundarfirði, eins og sóknaraðili hefur haldið fram. Varnaraðili hefur ekki mótmælt því, að sóknaraðili hafi stundum komið á heimili sitt til að horfa á sjónvarp, en hefur hins vegar þvertekið fyrir það að hafa beðið hana að koma með sér í fyrrnefnda hlöðu eða hafa haft við hana samfarir þar.

Varnaraðili hefur skýrt frá því, að í september 1968 hafi hann verið á m/b Íslendingi, SH 90, og þann 6. september þ. á. kvaðst hann hafa komið úr tveggja og hálfs sólarhrings róðri. Hann kvaðst hafa verið í landi til 8. september og hafi hann ekki hitt sóknaraðilja á þeim tíma. Varnaraðili benti á tvo menn, sem hann hafi heyrt orðróm um, að gætu komið til greina sem feður að barni sóknaraðilja.

Menn þessir komu fyrir dóm og neituðu því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við sóknaraðilja, og sjálf hefur hún haldið því fram, að hún hafi ekki haft kynmök við þá.

Blóðflokkarannsókn var framkvæmd á málsaðiljum, barninu og mönnum þeim, sem varnaraðili tilnefndi, og eru niðurstöður sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
Sóknaraðili	A_2	Mss	+	+	÷	÷	+
Barnið	A_2	MS	+	+	÷	÷	+
Varnaraðili	O	MS	+	+	÷	÷	+
D	O	Nss	+	+	÷	+	+
E	O	Mss	+	+	+	+	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki unnt að útiloka varnaraðilja frá faðerninu, en D og E geta hvorugur verið faðir að barni sóknaraðilja, þar eð eiginleikinn S, sem finnst í blóði barnsins, er hvorki fyrir hendi í blóði móður þess né þessara manna.

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 3.900 gr. að þyngd og 50 cm að lengd.

Leitað var umsagnar héraðslæknisins í Stykkishólmi um það, hvenær barnið geti verið komið undir. Segir svo í umsögn hans:

„Umrætt barn fæddist á St. Franciskus-spítalanum í Stykkishólmi þ. 14. júní 1969. Fæðingarþyngd þess var 3900 grömm og lengd við fæðingu 50 cm. Í bókun spítalans er barnið talið fullburða, enda bendi lengd þess og þyngd til þess. Ekki er heldur talin nein einkenni þess, að það sé fætt eftir eðlilegan tíma.

Hugsanleg takmörk meðgöngutíma fullburða barns post conceptionem eru talin stytzt 229 dagar og lengst 323 dagar, en venjulegust lengd meðgöngutíma því sem næst 280 dagar. Samkvæmt því ætti mögulegur getnaðartími að vera á tímabilinu frá 9. júlí til 27. október 1968. Líklegasti getnaðartími samkvæmt venjulegum útreikningi á meðgöngutíma ætti hins vegar að vera frá 14. sept. til 28. sept. s. á. Þyngd barnsins, sem er rífleg meðalþyngd, bendir frekar á langan meðgöngutíma".

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hefur varnaraðili neitað því að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hefur því eigi fengizt lögfull sönnun fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af málavöxtum verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa á löglegu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá og með 9. júlí 1968 til og með 28. október 1968 einungis haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól þann 14. júní 1969 og skírt var B, enda greiði hann þá með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16

ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða allan málskostnað.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á löglegu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá og með 9. júlí 1968 til 17. október 1968 einungis haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól þann 14. júní 1969 og skírt var B, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili kr. 6.620.00 í málskostnað til ríkissjóðs. Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. apríl 1972.

Nr. 114/1970. **Baldur Helgason** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Hannesi Þorsteinssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Lausafjárkaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1970.

Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 25.553.66 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. júlí 1967 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málsúrslit verði látin velta á aðildareiði hans og framangreindar kröfur hans verði teknar til greina, ef hann vinni eið að því, að honum hafi verið seldur krossviður sá, er í málinu greinir, sem „vatnslímdur" krossviður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Nokkur ný málsgögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki leitt sönnur að því, að honum hafi verið heitið því sérstaklega, að krossviður sá, er hann keypti af stefnda, væri límdur með rakaþolnu límí og nothæfur í húsþök. Þá verður ekki talið, að eins og hér stóð á, hafi áfrýjandi mátt treysta því vegna framkomu Árna Örnólfssonar afgreiðslumanns eða af öðrum ástæðum, að krossviðurinn hefði þessa eiginleika, enda veitti vitneskja áfrýjanda um hærra verð á „vatnslímdum" krossviði hjá öðrum timbursölum en var á krossviði stefnda honum sérstakt tilefni til að leita skýrra svara hjá nefndum Árna um nothæfni krossviðarins til þakklæðningar. Og þar sem því er ekki haldið fram, að krossviðurinn hafi verið að öðru leyti gallaður, ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda, en eftir atvikum verður málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, Hannes Þorsteinsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Baldurs Helgasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. desember 1969.

Mál þetta var dómtekið 8. desember s.l. Það er höfðað með stefnu, birtri 11. janúar 1969.

Stefnandi málsins er Baldur Helgason, Vogatungu 22, Kópavogi.

Stefndi er Hannes Þorsteinsson stórkaupmaður, Shellvegi 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 25.553.66 með 7% ársvöxtum frá 20. júlí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins þann 8. desember s.l. gerði stefnandi þá varakröfu, að honum yrði heimilaður aðildareiður samkvæmt 160. gr. laga nr. 85/1936 um, að hann hefði keypt krossvið þann, sem nánar verður lýst hér á eftir, sem vatnslímdan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, án þess að sú viðleitni hafi borið árangur.

I.

Málavextir verða hér á eftir raktir samkvæmt aðilja- og vitnaskýrslum, sem teknar voru á bæjarþingi Reykjavíkur þann 22. september, 14. október, 10. nóvember og 8. desember 1969, og öðrum framlögðum gögnum málsins.

Baldur Helgason er rafmagnstæknifræðingur að mennt.

Hann hefur skýrt svo frá, að á þeim tíma, sem neðanritaðir atburðir gerðust, hafi hann verið að byggja húsið við Vogatungu 22 í Kópavogi. Hann kveðst hafa fengið leiðbeiningar hjá arkitekt hússins um það, hvaða við væri unnt að nota í þak hússins. Kveður stefnandi, að arkitektinn hafi m. a. bent sér á vatnslímdan krossvið, sem að lokum hafi orðið fyrir valinu. Kveðst stefnandi hafa vitað um nokkra staði, þar sem slíkur vatnslímdur krossviður væri á boðstólum, og hafi niðurstaðan orðið sú, að hann hafi keypt við þennan í september og október 1966 í heildverzlun Hannesar Þorsteinssonar, sem hann segir einkafyrirtæki stefnda og verzli með byggingarvörur.

Stefnandi kveðst hafa átt tal við sölumann í heildverzlun Hannesar Þorsteinssonar og innt hann eftir krossvið, sem væri vatnslímdur og nota mætti í þak. Kvaðst hann hafa tekið það sérstaklega fram við sölumanninn, að krossviður þessi yrði að vera vatnslímdur og að hann ætti að nota í þak. Sölumaðurinn hafi kynnt sér krossviðinn, og kveðst stefnandi hafa spurt sölumanninn að því, hvort virkilega væri í lagi að nota krossvið þennan í þak á hús, og kveðst stefnandi hafa fengið þau svör, að það væri í lagi og að heildverzlunin hefði selt þennan krossvið í mörg hús.

Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa komið til þess að kaupa

viðinn. Átti hann þá tal við verkstjórann á lager í heildsölufyrirtæki stefnda, Árna Örnólfsson að nafni, og segir stefnandi, að nefndur Árni hafi við það tækifæri sagt honum þá sögu um krossvið þennan, að hann hafi verið notaður í steypumót með góðum árangri.

Vitnið Árni Örnólfsson hefur hins vegar skýrt svo frá fyrir dómi, að hann sé persónulega kunnugur stefnanda og hafi því átt viðræður við stefnanda í þessu sambandi. Kvaðst vitnið muna eftir því, að stefnandi hafi tjáð sér, að hann hafi ætlað að nota umræddan krossvið í þak. Kvaðst vitnið ekki hafa gert neinar athugasemdir við þetta og frekari viðræður milli þeirra hafi eigi farið fram um þetta atriði. Tók og vitnið fram, að það hefði ekkert vit á krossvið, enda kvaðst vitnið vera rafvirki að mennt. Ekki mundi vitnið eftir því að hafa minnzt á það við stefnanda, að nota mætti umræddan krossvið í steypumót með góðum árangri. Vitni þetta kvaðst þó hafa starfað hjá stefnda í 6 ár.

Stefnandi kvaðst eigi hafa veitt því athygli, hvort krossviður sá, sem hann keypti, hefði verið merktur sérstaklega.

Eftir að kaupin voru gerð, var krossviðurinn fljótlega settur á þakið og lakkborinn. Heldur stefnandi því fram, að skömmu síðar hafi krossviðurinn flagnað á tveim eða þrem stöðum. Kveðst stefnandi þá hafa átt símtal við stefnda síðari hluta októbermánaðar 1966 og kvartað út af krossviðnum. Segir stefnandi, að stefndi hafi tjáð sér, að umræddur krossviður hefði að vísu verið pantaður sem vatnslímdur, en stefndi hafi bannað sölumönnum sínum að selja krossvið þennan sem vatnslímdan. Samtal þeirra hafi ekki verið lengra, þar sem stefndi hafi verið stuttur í spuna og tjáð sér, að þetta væri útrætt mál af sinni hálfu.

Stefndi hefur þó hér fyrir dómi kveðið sig alls ekki muna eftir því að hafa átt símtal þetta við stefnanda.

Stefnandi lýsir því, að hann hafi látið gera við þá smágalla á krossviðnum, sem að ofan getur, en síðan hafi krossviðurinn verið pappalagður.

Í janúar og febrúar 1967 kveðst stefnandi hafa orðið var við, að um meiri háttar galla hafi verið að ræða í krossviðnum á þakinu, og kveðst stefnandi hafa fengið byggingarfulltrúann í Kópavogi til þess að skoða þak hússins.

Vottorð byggingarfulltrúans er dags. 3. maí 1967 og hljóðar svo:

„Að beiðni húseiganda að húsinu Vogatungu nr. 22 hef ég skoðað þak hússins.

Þakið er klætt ofan á sperrur með ca. 12 mm krossviði, ofan á krossviðinn er lagður þakpappi (icopalpappi).

Stór hluti krossviðarins er bilaður á límingu þannig, að skipta verður um hann á að minnsta kosti helmingi þaksins, ef til vill stærri hluta, sem kemur í ljós, er þakpappi hefur verið fjarlægður".

Vottorði þessu hefur eigi verið mótmælt.

Af gögnum málsins verður ráðið, að stefnandi hefur látið skrifa stefnda bréf, dags. 9. maí 1967 og 31. júlí 1967, þar sem krafizt er, að gallarnir verði bættir.

Stefndi svaraði þessum skrifum með bréfum, dags. 18. maí 1967 og 3. ágúst s. á., þar sem bótakröfum stefnanda er hafnað.

Stefnandi hefur lagt fram reikninga í málinu um kaupin á krossviðnum hjá stefnda og um kostnað þann, sem hann telur sig hafa orðið fyrir til þess að bæta úr göllunum. Reikningar þessir gefa þó eigi tilefni til þess, að efni þeirra sé rakið nánar.

Stefndi hefur í skýrslu sinni hér fyrir dómi lagt á það áherzlu, að hann hafi ekki selt stefnanda umræddan krossvið sem vatnslímda vöru. Hinn umræddi krossviður hafi verið tékkneskur, ekki vatnslímdur, og þar af leiðandi ekki ætlaður til nota í þök. Tók stefndi fram, að aldrei hafi komið til álita að selja slíkan krossvið til nota í þök. Stefndi lýsti því, að vatnslímdur krossviður væri ávallt merktur með áletrunum WBP, og kvað hann, að tæknifróðum mönnum ætti að vera kunnugt um þetta. Loks benti stefndi á, að krossviður sá, sem stefnandi hafi keypt, hafi aðeins kostað brot á við það, sem vatnslímdur krossviður hefði kostað.

Vitnið Guðmundur S. Guðmundsson, sem er tæknifræðingur, starfaði við fyrirtæki stefnda frá 1. ágúst 1966 til 31. maí 1967 sem sölumaður á skrifstofu. Hann skýrði frá því, að fyrirtæki stefnda hafi ekki haft á boðstólum vatnslímdan furukrossvið á þessu tímabili.

Hann kvaðst alls ekki muna eftir kaupum stefnanda á krossvið hjá fyrirtæki stefnda og kvaðst ekki hafa átt tal við stefnanda út af krossvið í hús stefnanda.

Vitnið Sæmundur Steinar Bjarnason starfaði í fyrirtæki stefnda á tímabilinu júní 1964 til desember 1968 sem gjaldkeri og að nokkru sem sölumaður. Hann kvaðst hvorki kannast við stefnanda né á nokkurn hátt muna eftir viðskiptum stefnanda við hið stefnda fyrirtæki.

Vitnið kvaðst muna eftir því, að kvartanir hafi borizt til stefnda út af tékkneskum vatnslímdum krossvið, sem notaður hafi verið í þök, en vitnið kvaðst þó aðeins hafa heyrt umtal út af þessu. Gerði vitnið ráð fyrir, að um 3—4 tilfelli hafi verið að ræða.

II.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hið stefnda fyrirtæki hafi selt honum krossvið umrætt sinn, sem hefði þann eiginleika að vera vatnslímdur, þannig að líming hans þyldi raka. Af hálfu stefnanda er og fullyrt, að stefndi hafi vitað, til hverra nota stefnandi hugðist nota krossviðinn.

Með framburði stefnanda sjálfs, Sæmundar Steinars Bjarnasonar og Árna Örnólfssonar kveður stefnandi þetta nægjanlega sannað. Stefnandi telur, að í ljós hafi komið, að krossviðurinn hafi ekki verið hæfur til þeirrar notkunar, sem hann hafi verið seldur til, og telur hann því stefnda af þessum sökum bótaábyrgan. Stefnandi hefur einnig vikið að því, að hann hafi kvartað nógu snemma bæði í framangreindu símtali við stefnda og bréfum þeim, sem hann kveðst hafa sent honum 9. maí og 31. júlí 1967, eins og að framan er rakið.

Varakrafa stefnanda er á því reist, að stefnandi hafi alla vega veitt nokkrar líkur fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að krossviðurinn hafi verið seldur sem vatnslímdur. Er og því haldið fram, að varakrafa þessi sé ekki of seint fram komin, þar sem gagnasöfnun í málinu hafi ekki lokið fyrr en við dómtöku málsins 8. desember 1969.

Varnir stefnda eru á því reistar, að stefnanda hafi aldrei verið seldur umræddur krossviður sem vatnslímdur. Á það er bent, að hvorki beri sölunótan þetta með sér né hafi stefndi vitað, til hverra nota stefnandi hugðist nota umræddan krossvið.

Þá er því haldið fram, að allur krossviður, sem sé vatnslímdur, sé stimplaður með stöfunum WBP. Krossviður sá, sem stefnandi hafi keypt, hafi hins vegar ekki borið þá áletrun og hafi því stefnanda, sem sé tæknimenntaður, átt að vera ljóst, að hér væri um venjulegan krossvið að ræða.

Varakröfu stefnanda hefur stefndi mótmælt sem of seint fram kominni, en að öðru leyti bent á það, að krafan sé þýðingarlaus, þar sem stefnanda hafi ekki tekizt að veita neinar líkur fyrir fullyrðingum sínum.

III.

Málsútlistanir og málsástæður aðilja eru við það miðaðar, að hinn umræddi krossviður hafi ekki verið vatnslímdur. Hefur stefnandi ekki haldið því fram, að krossviðurinn hafi verið gallaður sem slíkur að öðru leyti, enda hefur gagnasöfnun í málinu á engan hátt beinzt að slíkum atriðum.

Dóm í málinu verður því alfarið að reisa á þeim málsástæðum, sem aðiljar hafa borið fyrir sig til sóknar og varnar í máli þessu.

Með framangreindum gögnum málsins hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að hann hafi keypt krossvið þann, sem mál þetta snýst um, sem vatnslímdan eða að aðrir þeir eiginleikar hans hafi verið áskildir, sem hefðu gert krossviðinn hæfan til þeirra nota, sem stefnandi hugðist nota hann til.

Þá hefur og ekki verið sannað, að fyrirsvarsmenn fyrirtækis stefnda hafi vitað, þá er kaupin fóru fram, í hvaða skyni stefnandi keypti umræddan krossvið.

Bótaábyrgð á hendur stefnda verður því heldur ekki reist á þeirri ástæðu, að skort hafi á um leiðbeiningar um gæði krossviðarins. Að vísu er fram komið í málinu, að verkstjóri á lager í heildverzlun stefnda, Árni Örnólfsson, hafi í samtali við stefnanda, þegar sá síðarnefndi sótti krossviðinn í heildverzlunina, fengið vitneskju um framangreindan tilgang stefnanda. Eins og samtalinu var háttað og með hliðsjón af starfsstöðu nefnds Árna, verður þó eigi talið, að starfsmaður þessi hafi sviksamlega leynt staðreyndum.

Loks verður ekki talið, að fyrirtæki stefnda hafi borið skylda til að inna stefnanda eftir því, til hverra nota hann ætlaði krossviðinn, og leiðbeina honum í samræmi við það.

Með hliðsjón af málavöxtum og dómvenjum þykja heldur eigi efni til þess að verða við varakröfu stefnanda.

Samkvæmt framanrituðu eru því dómkröfur stefnanda ekki á rökum reistar, og ber því að sýkna stefnda að fullu.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.500.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Hannes Þorsteinsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Baldurs Helgasonar, í máli þessu.

Stefnandi, Baldur Helgason, greiði stefnda, Hannesi Þorsteinssyni, kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Hannesar Davíðssonar arkitekts.

Ég er sammála forsendum og niðurstöðu dómsins, þó svo, að ekki verður fallizt á þá fullyrðingu stefnda, að allur vatnslímdur furukrossviður sé merktur með áletrunum WBP.

Mánudaginn 17. apríl 1972.

Nr. 177/1971. **Hallgrímur Bogason**
(Jón Skaftason hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Vinnuslys. Umferðarlög. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 515.909.00 með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1962 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. marz 1971.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Er áfrýjandi slasaðist, var bifreiðin R 5417 kyrrstæð inni í vöruskemmu stefnda, án þess að aflvél hennar eða annar hreyfibúnaður væri í gangi, en unnið var að affermingu hennar með handafli og sérstökum vörulyftara. Þótt lagt sé til grundvallar, að áfrýjanda hafi skrikað fótur á bifreiðarpallinum, má fallast á þá úrlausn héraðsdómara, að slys hans hafi ekki hlotizt af vélknúnu ökutæki í notkun í merkingu 67. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú 67. gr. laga nr. 40/1968, þannig að stefndi beri á því ábyrgð sem skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt 1. mgr. 69. gr. nefndra laga. Þá er eigi í ljós leitt, að slysið hafi orðið vegna mistaka eða handvammar verkstjóra eða annarra starfsmanna stefnda, þannig að á hann falli fébótaábyrgð af þeim sökum.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda, Jóns Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1970.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. f. m., hefur Hallgrímur Bogason, Suðurgötu 26 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. febrúar 1970, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.

Stefnandi gerir nú þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 515.909.00 með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. nóvember 1969.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi hefur stefnt Samvinnutryggingum g/t hér í borg til að gæta réttar síns í málinu.

Af hálfu réttargæzlustefnda, Samvinnutrygginga g/t, eru engar kröfur gerðar, enda hefur engum kröfum verið beint að honum.

II.

Málavextir eru þeir, að síðdegis hinn 8. nóvember 1962 var unnið að affermingu vörubifreiðarinnar R 5417 í vörugeymslu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins að Borgartúni 7, Reykjavík, hér á eftir skammstafað Á. T. V. R. Bifreið þessi var eign Á. T. V. R., en skylduvátryggð hjá réttargæzlustefnda. Bifreiðin var nýkomin frá Keflavík. Hafði rignt á leiðinni. Var bílpallurinn blautur, óhreinn og því sleipari en ella. Bifreiðinni ók starfsmaður Á. T. V. R., Úlfar Kristinn Þorsteinsson, en með honum í bifreiðinni var sem hjálparmaður stefnandi máls þessa, Hallgrímur Bogason. Er bifreiðin hafði verið stöðvuð til affermingar inni í vörugeymslunni, fór stefnandi upp á bílpallinn. Sigurður Hjálmsson, verkstjóri í vörugeymslunni, ók í sama mund vörulyftara að bílpallinum, en á göfflum lyftarans var trébretti (grind), sem Sigurður lyfti upp á bílpallinn. Á bifreiðinni voru trékassar, sem vindlar voru í, og virðast kassarnir hafa verið um 75—80 kg að þyngd hver. Var ætlunin að raða kössunum, sem á bílpallinum voru, upp á trébrettið nokkrum í einu, en lyfta síðan brettinu niður af pallinum með lyftaranum. Er Sigurður hafði lyft flutningsbrettinu upp á bílpallinn, lét hann lyftarann standa við hlið bílpallsins, þannig að gafflarnir stóðu í brettinu, sem lá að öllu leyti á bílpallinum. Mun ½—1 m bil hafa verið frá pallbrúninni að aftanverðu að brettinu. Um það leyti sem fyrsti kassinn var kominn upp á grindina, féll stefnandi niður af bílpallinum og mun hafa komið á höfuðið niður á steingólfið. Hlaut hann af fallinu alvarleg meiðsli. Hefur hann höfðað mál þetta til greiðslu á því tjóni, sem hann kveðst hafa orðið fyrir við slysið.

III.

Stefnandi missti meðvitund við slysið. Hinn 10. janúar 1963 fór rannsóknarlögreglumaður á heimili stefnanda og tók þar af honum skýrslu. Þar segir svo:

„Ég man alls ekkert eftir, er slys þetta varð, og man ekki einu sinni, hvar ég var eða við hvað ég var að vinna. Get ég því ekkert sagt um, hvernig slysið bar að höndum eða af hvaða völdum ég hef fallið. Ég rankaði við mér á Landakotsspítala. Ég lá á Landakotsspítalanum til 18. desember og er mest í rúminu heima og er oftast með mikinn verk í höfði og allur máttlítill. Ég mun ekki komast hjá því að gera skaðabótakröfur vegna slyss þessa".

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 17. nóvember 1970. Var þá bókað: „Mætti er spurður að því, hvort hann muni nú atvikin að því, þegar hann féll af bílpallinum í umrætt sinn. Kveðst hann ekkert um það muna og hafi þau atvik ekkert rifjast upp, eftir að hann gaf skýrsluna fyrir rannsóknarlögreglunni. Mætti er spurður að því, hvort hann hafi átt vanda til þess fyrir slysið að falla í yfirlið. Mætti svarar: „Ég man ekki eftir því að hafa átt vanda til að falla í yfirlið fyrir slysið, þó að ég geti engan veginn forsvarað það, að slíkt kunni að hafa komið fyrir". Mætti kveðst hafa verið búsettur í Fljótum í Skagafirði frá fæðingu og til ársins 1960, er mætti flutti hingað til Reykjavíkur. Mætti byrjaði þá að vinna hjá Á. T. V. R. Minnir mætta, að hann hafi byrjað að vinna í júlí það ár hjá Á. T. V. R. Kveðst mætti hafa verið fremur heilsugóður fram að þeim tíma, er slysið varð. Mætti kveðst ekki muna, í hvernig skóm hann var, er slysið átti sér stað. Mætti man heldur ekki, hvort nokkur var uppi á bílpallinum í nefnt sinn. Mætti kveðst fyrir slysið m. a. hafa unnið við að keyra út vörur frá Á. T. V. R. til viðskiptavina fyrirtækisins. Hann kveðst ekki sjálfur hafa ekið bifreiðum Á. T. V. R., heldur verið aðstoðarmaður við að ferma og afferma bifreiðar. Hann segir, að nokkuð mikið hafi verið um flutninga á vörum milli varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á þeim tíma, sem slysið varð, og hafi vörubifreiðin, sem um ræðir í málinu, verið notuð við þá flutninga. Fór þá jafnan einn maður með bifreiðarstjóranum. Kveðst mætti hafa farið nokkrar ferðir þangað suður. Mætti kveðst ekki geta sagt um, hve kassarnir, sem hann vann við, voru þungir. Mætti kveðst enn fá svimaköst".

Þrír lögregluþjónar og tveir rannsóknarlögregluþjónar komu á vettvang. Í skýrslu eins lögregluþjónsins segir m. a.:

„Á staðnum var Sigurður Hjálmsson ..., sem er verkstjóri á staðnum, og ók hann jafnframt lyftaranum. Einnig var á staðnum Úlfar Þorsteinsson. ... Er slysið skeði, var hann á hlið við bifreiðina á leið upp á pall hennar til að aðstoða Hallgrím.

Pallur vörubifreiðarinnar var blautur og nokkuð háll.

Rannsóknarlögregluþjónar mynduðu vettvang og tóku málið í sínar hendur".

Úlfar Kristinn Þorsteinsson bifreiðarstjóri gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni 9. nóvember 1962. Þar segir m. a. svo: „Rétt fyrir kl. 17.00 í gær ók ég bíl mínum, R 5417, inn í vöruskemmu Tóbakseinkasölu ríkisins að Borgartúni 7. Á pallinum voru allstórir kassar fullir af vindlum og allþungir. Með mér í bílnum sem hjálparmaður var Hallgrímur Bogason, og fórum við báðir upp á pall bílsins. Sigurður Hjálmsson, verkstjóri í vörugeymslunni, kom strax að með lyftarann, og var grind á göfflum hans. Lyfti hann grindinni upp á pall bílsins og lét síðan lyftarann standa kyrran og hafði gafflana á grindinni. Hlutverk okkar Hallgríms, og þá fyrst og fremst Hallgríms, var að koma kössum á palli bílsins upp á umrædda grind. Ég aðstoðaði hann við að velta fyrsta kassanum að grindinni og upp á hana. Ég stóð á palli bílsins framanvert við grindina, en Hallgrímur til hliðar við hana og aftast á palli bílsins. Bil frá grindinni að afturenda pallsins var eitthvað, ég held örugglega yfir hálfan metra. Ég leit af kassanum og Hallgrími, en ekki man ég sérstaklega, hvers vegna það var. Ég leit svo að Hallgrími aftur og sá, að hann var horfinn af palli bílsins og lá á steingólfinu aftan við bílinn. Hann lá á bakinu og þó aðeins til vinstri, og sneri höfuð hans frá bílnum, en fætur að honum. Hann lá alveg hreyfingarlaus og sýnilega meðvitundarlaus. Ég veit ekkert um það, hvað olli því, að Hallgrímur datt. Eftir var að reisa kassa þann upp á endann, sem kominn var á grindina, og ég varð ekki var við, að Hallgrímur væri að taka á honum, þó að ég fullyrði það ekki. Við áttum eftir að setja þrjá kassa á grindina samkvæmt venju, áður en lyftarinn færi frá, og hafði lyftarinn ekkert hreyfzt. Farið var samstundis og kallað á sjúkrabíl, sem kom von bráðar og flutti hinn slasaða af slysstað. Einnig kom götulögreglan á staðinn og rannsóknarlögreglan. Ég var fyrir stuttu kominn úr Keflavík í rigningu og blautum vegi, og var pallurinn því blautur og óhreinn aftast og því sleipari en annars. Ég sá ekki annað en að Hallgrímur væri hress og að öllu leyti eðlilega á sig kominn fyrir slys þetta. Ég sá, að nokkuð blæddi út úr eyra, mig minnir

vinstra eyra Hallgríms, meðan beðið var sjúkrabíls. Hann var látinn liggja óhreyfður, meðan beðið var sjúkraliðsins. Ég man ekki fyrir víst skóbúnað Hallgríms í umrætt skipti, hann er venjulega á kuldaskóm með gúmmíbotni".

Úlfar Kristinn Þorsteinsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 17. nóvember 1970. Þá var fært til bókar: „Skýrsla vitnisins fyrir lögreglunni á dskj. nr. 3 er lesin upp í réttinum. Kveðst vitnið engu hafa við þá skýrslu að bæta og staðfestir efni hennar. Eftirfarandi setning, bls. 1 og 2, úr lögregluskýrslunni, dskj. nr. 3, var lesin upp í réttinum: „Er slysið skeði, var hann á hlið við bifreiðina á leið upp á pall hennar til að aðstoða Hallgrím". Er vatnið að því spurt, hvort setning þessi sé höfð eftir vitninu. Vitnið svarar: „Ég man ekki eftir því að hafa gefið þessa yfirlýsingu, en þó má það vera. Ég man þetta nú alls ekki, en tel mig hafa gefið skýrslu mína fyrir rannsóknarlögreglunni eftir beztu samvizku og með það eitt í huga að skýra rétt frá málsatvikum. Ég var mjög miður mín, eftir að ég hafði séð aðstæður, eins og þær voru eftir slysið". Vitnið kveðst hafa verið nýkomið frá Keflavík, en Hallgrímur hafði ekki farið með til Keflavíkur með vitninu, heldur var hann sendur af verkstjóranum í Nýborg, Inga Jónssyni, til þess að hjálpa til við fermingu og affermingu bifreiðarinnar. Vitnið tók stefnanda við Nýborg. Þaðan óku þeir í vörugeymslu hjá Eimskip. Var bifreiðin þá tóm. Þar fermdu þeir bifreiðina. Að því loknu óku þeir inn í Borgartún 7, og var verið að afferma farm þennan, þegar slysið varð. Varð bílpallurinn, sem var byggður úr tré, með járnvinklum á köntum, forugur eftir ferðina til Keflavíkur, sem vitnið var nýkomið úr. Vitnið segir, að það og stefnandi hafi báðir raðað kössunum á bílpallinn í vörugeymslu Eimskipafélagsins. Vitnið minnir, að ekki hafi þurft að hreyfa bílinn til þess að komast með sjúkrakörfuna til hins lasaða, en kveðst nú ekki geta fullyrt neitt um þetta. Eigandi vörubifreiðarinnar var Á. T. V. R. Vitnið segir, að áliðið hafi verið, þegar það kom frá Keflavík aftur til Reykjavíkur. Kveðst það því hafa haft nokkuð hraðann á við að fara í þessa síðustu ferð dagsins. Vitnið er spurt að því, hvort það mundi hafa hreinsað bílpallinn, áður en það setti vörurnar á bifreiðina í vörugeymslu Eimskipafélagsins, ef það hefði haft nægan tíma til umráða. Vitnið svarar: „Ég tel, að ég mundi hafa hreinsað bílinn, ef ég hefði verið að byrja vinnu, en tíminn var orðinn naumur, og það þurfti að ljúka ferðinni samkvæmt ósk verkstjóra, og var því farið í þessa ferð og bíllinn fermdur sem

áður getur". Vitnið minnir, að það hafi verið regnúði í Reykjavík og götur því blautar. Umrædd vörugeymsla var þar, sem nú er nýja Tollstöðin. Vitnið er spurt að því, hvort ætla megi, miðað við aðstæður allar, að vörupallurinn mundi hafa óhreinkazt, ef hann hefði verið hreinn, frá vöruhúsi Eimskips á leið sinni að Borgartúni 7. Vitnið svarar: „Ég tel, að hann hefði getað verið blautur og þar af leiðandi háll, þó að hin óhreinindin hefðu ekki verið til staðar".

Sigurður Hjálmsson verkstjóri gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 9. nóvember 1962. Þar segir m. a.:

„Laust fyrir kl. 17.00 í gær ók Úlfar bíl sínum, R 5417, aftur á bak inn í vöruskemmu tóbaksdeildar Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Borgartúni 7. Er bíllinn stöðvaðist, kom Úlfar út svo og Hallgrímur Bogason, og fóru þeir báðir upp á bílpallinn. Ég ók lyftara að pallinum, og var grind á göfflunum. Lyfti ég grindinni upp á pall bílsins, og lét ég síðan lyftarann standa við hlið bílpallsins hreyfingarlausan, og stóðu gafflarnir í grindinni. Grindin lá að öllu leyti á bílpallinum. Báðir mennirnir unnu að því að koma fyrsta kassanum á grindina. Ég sá, að kassinn kom upp á grindina, en alveg í sömu andrá varð ég var við, að Hallgrímur var að falla aftur af pallinum, og sá ég það, rétt áður en hann skall í steingólfið. Ekki get ég sagt um það, hvort Hallgrímur hafi misst takið á kassanum, skrikað fótur, stigið út af palli eða jafnvel fengið aðsvif. Ekki heyrðist neitt hljóð frá honum eða stuna í fallinu. Mér sýndist hann falla sem dauður hlutur á hnakka og bak, og lá hann endilangur á bakinu eftir slysið. Sneru fætur þá að bílnum, en höfuð frá honum. Hann lá alveg hreyfingarlaus og sýnilega meðvitundarlaus, þar til sjúkrabíll kom á staðinn, og setti ég undir höfuð hans. Hallgrímur virtist alveg eins og hann átti að sér fyrir slys þetta, hress og glaður, og heilsuðumst við eins og venjulega. Kassar þeir, sem verið var að afferma, eru nokkuð misþungir og misstórir, en ég gæti trúað, að þeir væru iðulega 75—80 kg. Lyftarinn stóð við vinstri hlið pallsins á bílnum, og mun ca. hálfur til einn metri hafa verið frá öftustu pallbrún að grindinni. Lyftarinn var algerlega hreyfingarlaus. Ég sá, að pallur bílsins var blautur og leðja á honum, og virtist því allsleipur. Ég man ekki eftir skóbúnaði Hallgríms. Gálgi sá á lyftaranum, sem gafflarnir ganga í upp og niður, skyggði dálítið á vinnu á pallinum frá mér séð svo og kassi sá, sem verið var að láta á, og sá ég því ekki eins greinilega og annars tildrög að slysi þessu".

Sigurður Hjálmsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 17. nóvember 1970. Var þá fært til bókar: „Skýrsla vitnisins á dskj. nr. 3 er lesin upp í réttinum. Kveður vitnið þar rétt frá greint. Í upphafi lögregluskýrslunnar hefur lögregluþjónninn bókað: „Er slysið skeði, var hann á hlið við bifreiðina á leið upp á pall hennar til að aðstoða Hallgrím". Er vitnið um það spurt, hvort þessi setning sé eftir vitninu höfð. Kveðst vitnið ekki muna þetta lengur. Þegar vitnið rifjar atburð þennan upp, þá kveðst það helzt vera þeirrar skoðunar, að stefnandi hafi fengið aðsvif og þess vegna fallið af bílpallinum, enda kveðst vitnið ekki betur hafa séð en að stefnandi hafi fallið eins og dauður hlutur, en sér hafi virzt, að hann viðhefði engar hreyfingar í fallinu, og á vitnið þá við ósjálfráðar hreyfingar, sem menn viðhafa, þegar þeir falla. Vitnið var verkstjóri í tóbaksdeild Á. T. V. R., en stefnandi vann í áfengisdeildinni, sem hafði starfsstöð í Nýborg, en stundum kom stefnandi með bílstjórum Á. T. V. R. með vörur í tóbaksvörugeymsluna að Borgartúni 7. Hafði vitnið því ekki mikil kynni af stefnanda. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt nein hljóð í stefnanda í fallinu. Þegar vitnið kom að stefnanda, þar sem hann lá á gólfinu, heyrði það mikið korr í honum. Vitnið minnir, að vörubifreiðin hafi verið færð til til þess að rýma fyrir sjúkrabifreiðinni. Vitnið minnir, að pallur vörubifreiðarinnar hafi verið stálsleginn, en kveðst ekkert geta staðhæft um þetta. Vitnið kveðst ekki núna geta sagt neitt frekar um þyngd á kössunum en í skýrslu vitnisins fyrir lögreglunni greinir, en tekur fram, að kassarnir hafi verið misþungir, enda misstórir. Vitnið kveðst ekki hafa tilkynnt Öryggiseftirlitinu slys þetta. Vitnið taldi ekki vera ástæðu til þess að gera sérstakar ráðstafanir, þó að pallur bifreiðarinnar væri sleipur vegna leðju og bleytu, enda komi það oft fyrir, að pallar séu sleipir. Vitnið kynnir sér myndirnar á dskj. nr. 17. Segir vitnið, að grindin, sem var á göfflum lyftarans, hafi verið af sömu gerð og þær, sem sjást á mynd A á dskj. nr. 17. Vitnið segir, að stefnandi hafi staðið aftast á bílpallinum og snúið fram og var eitthvað að bisa við kassann og var einn við það. Telur vitnið, að Úlfar hafi ekki verið farinn að snerta á kassanum, þegar stefnandi féll. Vitnið lætur sér detta í hug, að stefnandi kunni að hafa reynt of mikið á sig við kassann með þeim afleiðingum, að hann hafi fengið aðsvif".

Kristján Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður gaf skýrslu hinn 9. nóvember 1962 í sambandi við rannsókn málsins. Þar segir m. a.:

„Bíllinn R 5417 hafði verið færður, er hinn slasaði var tekinn í sjúkrakörfu, en ekið sem næst á sama stað og hann hafði staðið. Blóðpollur á gólfinu var allstór miðað við blæðingu úr eyra. Sjá mátti aftast á brún vörubifreiðarinnar, að manni hafði skrikað fótur þar, en pallurinn var blautur og moldarkennd óhreinindi á honum, og var pallurinn sýnilega sleipur. Virðist sennilegt, að hinum slasaða hefði skrikað fótur aftast á palli og þá misst jafnvægið eða jafnvel eftir að hann missti jafnvægið og ef til vill síður getað stjórnað falli sínu þess vegna. Engir menn voru í vinnusalnum, er slysið varð, aðrir en þeir menn, sem gefið hafa skýrslur sínar hér að framan, og hinn slasaði maður. Grindarstafli var rétt við þann stað, sem maðurinn féll á gólfið, en ekki var séð á neinu á staðnum, að Hallgrímur hefði komið við staflann í fallinu".

IV.

Af hálfu stefnanda eru kröfur hans studdar þeim rökum í fyrsta lagi, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, samkvæmt reglum um bótaábyrgð vinnuveitanda, þar sem verkstjóri stefnda hafi ekki séð um að láta hreinsa bílpallinn, áður en afferming hófst. Mjög auðvelt hafi verið að hreinsa bílpallinn og verði stefndi því að bera ábyrgð á þessum mistökum verkstjóra síns. Við hinn munnlega málflutning var á það bent af hálfu stefnanda, að kassarnir, sem stefnandi vann við, hafi verið nokkuð þungir, bílpallurinn hafi verið mjög sleipur og rými það, sem stefnandi hafði til athafna, hafi verið mjög lítið, eða um ½ metri. Þegar þetta sé haft í huga og tekið tillit til þess, að stefnandi var 64 ára gamall, þá hafi ekki verið forsvaranlegt af verkstjóra stefnda að láta stefnanda vinna einan við að koma kassanum upp á brettið, en þar sem stefnandi hafi verið einn við þetta, sé líklegt, að hann hafi þurft að taka meira á og því runnið til og sé þetta sennilegasta skýringin á því, að stefnandi féll niður af pallinum. Stefnandi hafi því heldur ekki haft næga aðstoð við framkvæmd verksins. Í því sambandi er á það bent af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi alls engu ráðið um framkvæmd verksins. Verkstjóri stefnanda í Nýborg, Ingi Jónsson, hafi sent stefnanda í umrædda ferð til aðstoðar bílstjóranum Úlfari við affermingu bifreiðarinnar, en stefnandi hafi engu ráðið um framkvæmd verksins. Þessi verkstjóri hafi hins vegar ekki séð til þess, að vinnuskilyrði á bílpallinum væru nægjanlega örugg. Er bifreiðin kom í vörugeymslu tóbaksdeildar stefnda að Borgar-

túni 7, hafi verkstjórinn Sigurður Hjálmsson tekið við verkstjórn. Báðir þessir verkstjórar hafi sýnt hirðuleysi um framkvæmd verksins. Ingi með því að senda bifreiðina foruga, nýkomna úr langferð, til fermingar og Sigurður með því að sjá ekki um forsvaranlega vinnuaðstöðu fyrir stefnanda á affermingarstað.

Stefnandi leggur áherzlu á, að slysið hafi ekki verið tilkynnt Öryggiseftirlitinu strax, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952.

Eins og málflutningi af hálfu stefnda er háttað, verður að líta svo á, að krafa stefnanda sé einnig studd þeim rökum, að umrætt slys hafi hlotizt af nefndri bifreið í notkun í skilningi umferðarlaga, enda verði að líta svo á, að afferming vörubíls verði að teljast eðlileg notkun vörubifreiðar. Umrætt slys hafi því hlotizt af nefndri bifreið í notkun og beri stefndi sem eigandi bifreiðarinnar því bótaábyrgð á slysinu samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna nr. 26/1958.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Örorkutjón	kr. 411.409.00
2.	Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum	— 100.000.00
3.	Útlagður kostnaður	— 4.500.00
		Kr. 515.909.00

Í málinu liggur frammi örorkumat, sem Páll Sigurðsson læknir framkvæmdi. Í matsgerðinni, sem dagsett er 31. maí 1965, segir m. a.:

„Slasaði var fluttur á Landakotsspítala, og við rannsókn þar kom í ljós, að um var að ræða heilamar og blæðingu milli heila og heilabasts. Gerð var aðgerð og blæðingin stöðvuð og tæmd út blóðstorka. Slasaði dvaldist á Landakoti til 18. desember.

Bæði á Landakotsspítala og eftir að hann útskrifaðist var slasaði til eftirlits hjá Gunnari Guðmundssyni, sérfr. í taugasjúkdómum, og Gunnar skýrir frá ástandi slasaða í vottorði 15/4 1965, og það vottorð er svohljóðandi:

„Hr. Hallgrímur Bogason, f. 17. 8. '98, til heimilis Suðurg. 26, Rvk., hefir verið hjá mér nokkrum sinnum til rannsóknar vegna höfuðáverka, er hann hlaut við vinnu hinn 8. 11. '62, auk þess rannsakaði ég Hallgrím, skömmu eftir að komið var með hann

meðvitundarlausan í Landakotsspítala eftir áðurnefnt slys. Við slysið hlaut hann fract. cranii og contusio cerebri auk haemorrhagia subduralis. Skömmu eftir komu í spítalann var gerð bilat. carotis angiografi, og gerði síðan dr. Bjarni Jónsson craniotomi og evacuatio haematomatis. Sjúkl. lá í Landakotsspítala 8. 11.—18. 12. 1962, og var hann meðvitundarlaus fyrsta hálfa mánuðinn. Við neurologiska skoðun 7. 12. '62 var sjúkl. með greinileg org. mental einkenni svo og facialis paresu vinstra megin af perifer typu, aukinn tonus og reflexa í hægri extremiteum. Er hann útskrifaðist, hafði hann enn nokkur organisk mental einkenni. Hallgrímur byrjaði að vinna hálfan daginn í maí 1963 og hefir gert það síðan flesta daga, að sögn. Síðan hann slasaðist, hefir hann haft töluverðan, nánast stöðugan, höfuðverk, sem einkum versnar við alla þreytu, það hefir borið á svimaköstum, hann þreytist, að sögn, óeðlilega fljótt, borið hefir á miklu eirðarleysi, og hann er ekki eins áræðinn og fyrir slysið. Hann er, síðan hann slasaðist, óeðlilega viðkvæmur, fær grátköst upp úr þurru, þolir ekki að lesa neitt, sem er sorglegt, og eftir upplýsingum eiginkonu, þá er minnið mjög lélegt, einkum nærminnið, og man hann t. d. eftir lestur sjaldan, hvað hann hefir verið að lesa. Hann hefir ekki nokkra eirð í sér til að hlusta á útvarp. Þessi einkenni minnkuðu að e-u leyti fyrstu mánuðina eftir slysið, en hafa verið alveg óbreytt síðan.

Skoðun: Við skoðun er sjúklingur greinilega deprimeraður að sjá og tala við. Hann virðist vera óeðlilega meir. Það eru engin einkenni um dysfasi eða dysarthri. Hann er fremur seinn til svars og segir lítið spontant. Nn. kranialis: E. t. v. aðeins slappara vinstra munnvik, a. ö. l. eðlil.

Motorik: Greinileg hyperreflexi á hægri extremitetum.

Babinski negat bilat: Grófir kraftar nokkuð eðlil.

Sensibilitet: Eðlil.

Koordination: Hreyfingar nokkuð hægar, en engin einkenni um ataxi.

Sfinkterfunktion: Eðlileg að sögn.

Heilarit (10. 9. '64): „Mjög eðlilegt". Blóðþr. 130/90.

Corotis eðlil.

Álit: Sjúklingur hefir fengið verulegar heilaskemmdir, contusio cerebri et haemorrhagia subd., og var gerð höfuðaðgerð vegna þess. Áður nefnd einkenni, svo sem skemmdir á pyramidalbrautum svo og áberandi psykiskar breytingar, verða að teljast afleiðingar slyssins. Hann lagaðist töluvert fyrstu mánuðina eftir

slysið, en nú um lengri tíma hafa einkennin verið óbreytt, og er sennilegast, að um varanlegt ástand sér að ræða".

Ályktun: Hér er um að ræða 66 ára gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir einu og hálfu ári, hlaut þá mikið höfuðhögg og heilablæðingu, svo að gera þurfti aðgerð til að tæma út blóðstorku. Slasaði var alveg óvinnufær um ½ árs bil eftir slysið, en hefur síðan unnið hálfan dag við sama starf og áður. Hann hefur mjög mikil einkenni frá taugakerfi, og telur sérfræðingur í taugasjúkdómum, að hann hafi verulegar heilaskemmdir og að ástand hans nú verði algjörlega að rekja til slyssins.

Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið varanlega örorku vegna slyssins, og telst sú örorka hæfilega metin 60%".

Hinn 24. janúar 1970 reiknaði Þórir Bergsson, cand. act., út tjón stefnanda á grundvelli ofangreinds örorkumats.

Í álitsgerð þessari segir m. a.:

„Hallgrímur er sagður fæddur 17. ágúst 1898 og hefur því verið 64 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Hallgríms árin 1961—1963 hafa vinnutekjur hans ½ árið 1960 og árin 1961—1962 verið:

Árið 1960	kr. 27.988.78 (½ ár)
— 1961	— 60.028.00
— 1962	— 72.841.45

Hann hóf vinnu hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins 1. júlí 1960. Fékk hann þá laun samkvæmt 12. taxta ríkisstarfsmanna með fjögurra ára starfsferil. Eftir breytinguna 1. júní 1963 fékk hann laun samkvæmt 5. taxta ríkisstarfsmanna. Ég hef því umreiknað ofangreindar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á þessum töxtum. . . .

Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi kr. 391.964.00.

Frádráttur.

1. Hallgrími var úrskurðaður 70% örorkulífeyrir frá 1. júní 1963, þar til ellilífeyrisgreiðslur hæfust. Hann hefur því fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins

1. árið eftir slysið .. .. kr. 6.025.00
2. — — — .. .. — 17.690.00
3. — — — .. .. — 15.840.00

Verðmæti þessara greiðslna á slysdegi reiknast mér nema kr. 34.004.00, sem ekki hefur verið dregið frá.

2. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Hinn 16. nóvember 1970 reiknaði Þórir Bergsson örorkutjón stefnanda að nýju. Samkvæmt þeim útreikningi hækkar áætlað vinnutekjutap stefnanda vegna hækkana á launum opinberra starfsmanna úr kr. 391.964.00 í kr. 411.409.00, en það er einmitt síðastgreinda fjárhæðin, sem stefnandi leggur til grundvallar 1. kröfuliðar.

Stefnandi virðist hafa haldið fullum launum hjá Á. T. V. R. eftir slysið, enda mun hann hafa unnið létt störf þar, eftir að hann hafði jafnað sig nokkuð eftir slysið.

Samkvæmt vottorði frá Á. T. V. R. tók stefnandi laun þar svo sem hér segir: Árið 1963 kr. 77.264.00, 1964 kr. 91.284.00, 1965 kr. 98.842.00, 1966 kr. 122.005.00, 1967 kr. 123.969.00 og 1968 kr. 127.766.00.

V.

Stefndi bendir á sýknukröfu sinni til stuðnings, að vörubifreiðin hafi staðið kyrr, er slysið varð, og vél hennar hafi ekki verið í gangi né í notkun nokkur annar tæknilegur útbúnaður bifreiðarinnar. Afferming bifreiðarinnar hafi verið eins og önnur pakkhúsvinna. Það sé því eigi unnt að telja, að bifreiðin hafi verið hér í notkun sem vélknúið ökutæki, svo sem 1. mgr. 67. gr. umferðarlaganna áskilji, til þess að ábyrgðarregla hennar eigi við. Hér hafi í engri grein reynt á hættueiginleika bifreiðarinnar sem slíkrar, en þeir séu grundvöllur að hinni ríku ábyrgð bifreiðareigandans og tryggingarskyldunni, sem sé að baki þeirri ábyrgð. Ávallt megi búast við því, að pallar vörubifreiða verði hálir, þegar rignt hefur á þá. Megi sjá fyrir nokkra hættu samfara því fyrir þá, sem þurfa að athafna sig uppi á bílpöllum við slíkar aðstæður. Þessi aðstaða sé ekki á nokkurn hátt sérstök fyrir vörubifreiðar. Hennar gæti í meira og minna mæli í fjöl-

mörgum öðrum tilvikum. Megi í því sambandi t. d. nefna trébryggjur, vinnupalla ýmiss konar, að ekki sé minnzt á þilför báta og skipa. Starfsmönnum, sem vinni á slíkum vinnustöðum, sé ljós hættan, sem þeim kunni að vera búin. Þeir eigi yfirleitt ekki kröfu til þess, að slíkri hættu sé byggt út, enda yfirleitt ýmis vandkvæðiá slíkum varnaraðgerðum. Það sé ætlazt til þess, að starfsmenn varist slíka hættu með aðgæzlu, en beri einir af því hallann, ef út af bregði í því efni og slys verður. Stefnanda hafi mátt vera ljóst bæði af dómgreind sinni og fenginni reynslu í starfi, að vörupallur R 5417 kynni að vera að einhverju marki háll umrætt sinn og hætta á því, að honum skrikaði fótur á pallinum. Honum hafi borið að vera vel á verði gagnvart slíkri hættu. Það sé hugsanlegt, að stefnandi hafi runnið til á pallinum og fallið niður af honum fyrir þá sök, en með öllu sé ósannað, að sú hafi verið orsök slyssins. Ýmsum öðrum orsökum geti verið til að dreifa jafnlíklegum. Megi í því efni nefna, að stefnandi gæti hafa fengið aðsvif og fallið af þeirri ástæðu eða einfaldlega stigið með annan fótinn út af pallinum. Hver sem skýringin sé, verði slysið eigi rakið til annars en óhappatilviljunar eða gáleysis stefnanda sjálfs. Við engan annan sé um slysið að sakast. Slysið varði því eigi heldur stefnda fébótaábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Að svo vöxnu máli sé hér eigi fullnægt skilyrðum til bótagreiðslu úr ábyrgðartryggingu R 5417, sbr. 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Til varúðar hefur stefndi mótmælt einstökum kröfuliðum stefnanda sem allt of háum, enda sé af gögnum málsins ljóst, að stefnandi hafi orðið fyrir litlu fjárhagstjóni.

VI.

Stefnanda var ásamt bifreiðarstjóra vörubifreiðarinnar R 5417 falið að ferma nefnda bifreið í vöruskemmu H/f Eimskipafélags Íslands við Tryggvagötu. Við fermingu hlaut stefnandi að verða þess áskynja, að pallur bifreiðarinnar var óhreinn eftir ferð hennar til Keflavíkurflugvallar. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að afturhluti bílpallsins hafi atazt auri á leið bifreiðarinnar úr nefndri vöruskemmu H/f Eimskipafélags Íslands að vöruskemmu stefnda að Borgartúni 7. Þegar þangað kom, má af gögnum málsins ráða, að stefnandi hafi fyrstur farið upp á pall bifreiðarinnar. Virðist hann strax hafa hafizt handa um affermingu hennar. Stefnandi, sem hafði þann starfa m. a.

með höndum að aðstoða bifreiðarstjóra stefnda við flutning á vörum stofnunarinnar, átti samkvæmt reynslu sinni og aðstæðum öllum að gjalda varhuga við hálku á bílpallinum. Bifreiðin var kyrrstæð, og vélarafli hennar var ekki beitt. Verður því ekki talið, að slysið hafi hlotizt af bifreiðinni í notkun, sbr. 67. og 68. gr. laga nr. 26/1958. Að þessu athuguðu þykja eigi vera efni til að leggja á stefnda ábyrgð á slysi stefnanda, og ber því að dæma stefnda sýknu í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, kr. 35.840.00, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Jón Skaftason hæstaréttarlögmaður, kr. 30.000.00 í talsmannslaun, en kr. 5.840.00 er útlagður kostnaður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hallgríms Bogasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, kr. 35.840.00, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Jón Skaftason hæstaréttarlögmaður, kr. 30.000.00 í talsmannslaun.

Þriðjudaginn 18. apríl 1972.

Nr. 82/1969. **Stefán Friðbjarnarson**
(Jón Oddsson hdl.)
gegn
Guðbjörgu Albertsdóttur og
Guðmundi Albertssyni
(Þorsteinn Geirsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Um beitarítak í eignarnumdu landi. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra.

Stefndu, sem höfðu gjafsókn í héraði og hafa fengið gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt lögum nr. 20 frá 1941 ákvað samgöngumálaráðuneytið með bréfi 27. apríl 1944 að taka m. a. eignarnámi hluta jarðanna Nesja og Melabergs í Miðneshreppi, en land þetta var í óskiptri sameign eigenda þessara jarða. Voru 119.3 hektarar teknir fullkomnu eignarnámi, en hinn hlutinn tekinn eignarnámi þannig, að beitarafnot skyldu vera eignarnámsþolendum heimil. Yfirmati á eignarnámsbótum lauk 12. janúar 1948. Samkvæmt yfirvirðingargerðinni var stærð þessa lands talin 454 hektarar að flatarmáli. Veittu eignarnámsþolendur eignarnámsbótum viðtöku og gáfu út hinn 16. september 1948 afsal til handa ríkissjóði fyrir öllu hinu eignarnumda landi. Í afsalinu er ekki minnzt á beitarítakið.

Með makaskiptasamningi hinn 4. maí 1946 afsalaði Albert Guðmundsson, þáverandi eigandi jarðarinnar Nesja og faðir

stefndu í máli þessu, Ingva Guðmundi Frímanni Guðmundssyni nefndri eignarjörð sinni með „öllum gögnum og gæðum og öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber". Stefndu reisa kröfur sínar á 5. gr. þessa samnings, en þar segir svo:

„Undanþegið sölu þessari er það land jarðarinnar Nesja, sem tekið hefur verið eða tekið kann að verða undir Keflavíkurflugvöllinn, svo og allar bótakröfur af því efni, bæði fyrir landnám og leigu af landi, sem herinn hefur notað. Heldur Albert Guðmundsson öllum slíkum kröfum, og eru þær og það land, sem greint er í þessari grein, óviðkomandi Ingva Guðmundssyni og hérgreindum makaskiptum".

Makaskiptagerningur þessi var þinglýstur hinn 21. maí 1946. Nefndur Ingvi gerði síðan kaupsamning við áfrýjanda hinn 4. október 1947 um jörðina. Er þar tekið fram, að undanskilið sé „það land, sem Keflavíkurflugvöllur hefur til umráða". Afsal til áfrýjanda gaf Ingvi síðan út hinn 15. maí 1948, sem var þinglýst 31. s. m.

Með samningi 25. nóvember 1955 milli eigenda og umráðamanna nokkurra jarða, þ. á m. Nesja og Melabergs, var svo um samið, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins tæki við beitarafnotum jarða þessara frá 1. ágúst 1951 að telja gegn árlegu gjaldi, er gerðardómur ákvæði.

Í máli þessu er deilt um það, hvort beitarréttur á því landi Nesja, sem ekki var tekinn fullkomnu eignarnámi, hafi fylgt jörðinni eftir gerð makaskiptasamningsins frá 4. maí 1946 eða verið áfram í eigu seljanda. Á þeim tíma var eigi fullráðið, hversu víðtækt eignarnámið skyldi vera, og virðist orðalag 5. gr. samningsins markast af þeirri óvissu. Hins vegar hafði þá ekki komið til tals, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins tæki við beitarafnotum þessara lendna. Kaupandinn, Ingvi Guðmundur Frímann Guðmundsson, hagnýtti sér beitarafnotin og síðar áfrýjandi til 1. ágúst 1951 án nokkurra mótmæla af hendi föður stefndu eða kröfu um gjald fyrir afnotin. Það samrýmist vel orðalagi áðurgreindra afsala, að hlutdeild Nesja í hinu sameiginlega beitarítaki á eignarnumda landinu felist í orðunum „öllum gögnum og gæðum". Mátti kaupandi við það miða, að beitarítakið fylgdi jörð-

inni áfram við jarðakaupin, þar sem ekki hafði verið á annað minnzt, enda var óeðlilegt, að ítakið væri slitið frá jörðinni og væri áfram eign seljandans, Alberts Guðmundssonar, sem hætt hafði búskap og flutzt til Reykjavíkur, og síðan erfingja hans, stefndu í máli þessu. Verður því að telja, að kaupandinn og síðan áfrýjandinn hafi orðið réttmætir eigendur beitarítaksins. Á áfrýjandi því rétt til bóta þeirra, sem í hlut Nesja koma fyrir missi beitarnotanna. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað stefndu í héraði. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra, sem ákveðast kr. 35.000.00.

Ekkert var aðhafzt í málinu frá 19. nóvember 1964 til 17. marz 1969. Ber að átelja þennan óhæfilega drátt.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Stefán Friðbjarnarson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Guðbjargar Albertsdóttur og Guðmundar Albertssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað stefndu er staðfest.

Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra, Þorsteins Geirssonar héraðsdómslögmanns, kr. 35.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Guðbjargar Albertsdóttur og Guðmundar Albertssonar, Eilífsdal í Kjósarhreppi, ólögráða barna Alberts Guðmundssonar, Nesjum í Miðneshreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Vilhjálmi Jónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Stefáns Friðbjarnarsonar bónda að Nesjum í Miðneshreppi til greiðslu á kr. 67.799.11 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1963

til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnendur hafa fengið gjafsókn í héraði í máli þessu samkvæmt leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. júní 1963, sbr. dskj. nr. 19.

Af hálfu stefnda Vilhjálms Jónssonar f. h. Stefáns Friðbjarnarsonar eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að skaðlausu.

Stefnt hefur verið til réttargæzlu í máli þessu þeim Ingva Guðmundssyni, Kleppsvegi 54 í Reykjavík, Guðbrandi Benediktssyni, Suðurlandsbraut 69, Reykjavík, Hirti B. Helgasyni kaupfélagsstjóra, Uppsalavegi 5 í Sandgerði, og Valtý Kristjánssyni verkstjóra, Melabergi í Miðneshreppi. Á hendur hinum réttargæzlustefndu hafa eigi verið gerðar neinar kröfur í málinu, og af þeirra hálfu hafa eigi verið gerðar aðrar kröfur en þær, að krafizt er af hálfu Guðbrands Benediktssonar og Valtýs Kristjánssonar hæfilegs málskostnaðar vegna fyrirhafnar, sem þessi þátttaka í málinu bakar þeim.

Stefnendur í málinu, þau Guðbjörg Albertsdóttir og Guðmundur Albertsson, sem voru ólögráða, þegar mál þetta var höfðað, eru nú bæði orðin lögráða.

Samkomulag varð um það með lögmönnum málsaðilja og dómara við flutning málsins að skipta sakarefni samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 þannig, að mál þetta skyldi nú flutt og dæmt um það aðeins, hvorum málsaðilja beri bætur fyrir beitarréttindi þau, sem um ræðir í málinu og tilheyra Nesjum, en eigi kveðið á um bótafjárhæð. Samkvæmt þessu voru af hálfu stefnenda við munnlegan flutning málsins aðeins gerðar þær dómkröfur, að viðurkenndur verði réttur þeirra til framangreindra bóta svo og að þeim verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Á sama hátt voru af hálfu stefnda gerðar þær dómkröfur við munnlegan flutning málsins, að framangreindar bætur verði tildæmdar honum auk þess sem honum verður dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 27. apríl 1944 ritaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og fór þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir menn til þess að meta til verðs lönd á Reykjanesi, er taka átti eignarnámi til flugvallargerðar samkvæmt lögum nr. 20 28. maí 1941, svo og

til að meta bætur til eigenda téðra landa fyrir skerðingu á afnotarétti þeirra frá þeim tíma, er ameríska setuliðið tók lönd þeirra til afnota.

Hinn 3. maí 1944 voru tveir menn dómkvaddir til að meta bætur fyrir hin eignarnumdu landsvæði, og luku þeir matinu 20. febrúar 1946. Hvorki matsbeiðandi né matsþolar vildu una mati þessu, og var matinu því skotið til yfirmats og yfirmatsmenn dómkvaddir 19. marz 1946. Kváðu þeir upp yfirvirðingargerð hinn 12. janúar 1948.

Meðal jarða þeirra, sem land var tekið af með umræddu eignarnámi, voru Nesjar og Melaberg í Miðneshreppi. Var þar um að ræða óskipt land þessara jarða. Samkvæmt yfirvirðingargerðinni var hið eignarnumda land þessara jarða talið 454 hektarar að flatarmáli. Þar af voru 119.3 hektarar algert bannsvæði, en landeigendur héldu beitarafnotum á rúmum 300 hekturum.

Með makaskiptasamningi, dagsettum 4. maí 1946, afsalaði þáverandi eigandi jarðarinnar Nesja, Albert Guðmundsson, faðir stefnenda í máli þessu, Ingva Guðmundi Frímanni Guðmundssyni eignarjörð sinni, Nesjum í Miðneshreppi. Endurrit af makaskiptasamningi þessum hefur verið lagt fram í málinu, og segir þar meðal annars svo í 1. gr.:

„Albert Guðmundsson selur hér með og afsalar til handa Ingva Guðmundssyni eignarjörð sinni, Nesjum í Miðneshreppi, með húsum, girðingum og öðrum mannvirkjum, matjurtagörðum og öllum gögnum og gæðum og öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, og með þeim landamerkjum, sem Ingvi Guðmundsson þekkir, enda er eignin afsöluð í því ástandi, sem hún nú er í og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við".

Í 5. gr. sama makaskiptasamnings segir svo:

„Undanþegið sölu þessari er það land jarðarinnar Nesja, sem tekið hefur verið eða tekið kann að verða undir Keflavíkurflugvöllinn, svo og allar bótakröfur af því efni, bæði fyrir landnám og leigu af landi, sem herinn hefur notað. Heldur Albert Guðmundsson öllum slíkum kröfum, og eru þær og það land, sem greint er í þessari grein, óviðkomandi Ingva Guðmundssyni og hér greindum makaskiptum".

Með kaupsamningi, dagsettum 4. október 1947, þar sem Ingvi Guðmundsson lofar að selja Stefáni Friðbjarnarsyni, þ. e. stefnda í máli þessu, jörðina Nesjar í Miðneshreppi, segir meðal annars svo: „Seljandi skuldbindur sig til að selja kaupanda jörðina Nesjar í Miðneshreppi, 9.300 að fasteignamati, með öllum húsum

og öllum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgir og fylgja ber. Þó skal undanskilið það land, sem Keflavíkurflugvöllur hefur til umráða".

Í afsali, dagsettu 15. maí 1948, sem lagt hefur verið fram í máli þessu, þar sem Ingvi Guðmundsson afsalar stefnda Stefáni Friðbjarnarsyni Nesjum í Miðneshreppi, segir meðal annars svo:

„Ég undirritaður, Ingvi Guðmundsson, Nesjum, Miðneshreppi, geri kunnugt, að ég hér með afsala herra Stefáni Friðbjarnarsyni, Miðhúsum, Sandgerði, eignarjörð minni, Nesjum, Miðneshreppi, með húsum og mannvirkjum og öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber, samkvæmt ákvæðum samnings, dagsettum 4. október 1947, sem þinglesin hefur verið á eigninni".

Beitarréttindi á áðurgreindum hluta hins eignarnumda lands héldust þar til 1. ágúst 1951, en þá voru jarðeigendum meinuð afnot landsins vegna framkvæmda varnarliðsins á Reykjaneskaganum. Með samningi, dagsettum 25. nóvember 1955, milli eigenda og umráðamanna jarða þeirra, sem land hafði verið tekið af með eignarnámi, annars vegar og varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins hins vegar var svo um samið, að ríkissjóður skyldi greiða árlegt gjald fyrir missi beitarafnotanna, sem ákveðið yrði af gerðardómi. Skyldi gjald það, er gerðardómurinn ákvæði í upphafi, haldast til ársloka 1957 og síðan óbreytt næstu fimm ár, ef ekki væri óskað endurmats. Var gerðardómur síðan skipaður, og lauk hann gerð sinni 26. maí 1957. Samkvæmt gerðinni voru bætur til eigenda Nesja og Melabergslanda ákveðnar kr. 17.500.00 á ári, eða kr. 112.291.67 fyrir ofangreint tímabil, frá 1. ágúst 1951 til ársloka 1957. Var lögmanni landeigenda greitt fé þetta auk áfallinna vaxta, kr. 4.912.76, eða samtals kr. 117.204.43. Enn fremur veitti lögmaður landeigenda viðtöku leigugjaldi vegna jarða þessara 22. marz 1958 að upphæð kr. 15.890.46.

Fyrir árin 1959—1962 tók þáverandi lögmaður stefnda, Vilhjálmur Jónsson hæstaréttarlögmaður, við leigugjaldi fyrir jarðir þær, sem um ræðir í máli þessu, samtals kr. 70.000.00, sem hann kveðst varðveita í sérstakri sparisjóðsbók vegna eigenda jarðanna. Stefnukrafan í máli þessu er miðuð við hluta Nesja af ofangreindu fé ásamt sparisjóðsvöxtum til 1. janúar 1962.

Stefnendur reisa dómkröfur sínar einkum á 5. gr. makaskiptasamnings á dskj. nr. 6, en sú grein hefur áður verið tilfærð hér að framan. Telja stefnendur, að með þessu samningsákvæði, þ. e. 5. greininni, hafi seljandinn Albert Guðmundsson skýlaust tekið

undan sölunni allar þær kröfur, er falla kynnu til Nesja vegna lands, sem með einhverjum hætti yrði tekið undir flugvöllinn eða nota í sambandi við hann, enda falli undir það leiguupphæðir samkvæmt gerðinni frá 26. maí 1957. Makaskiptagerningur þeirra Alberts Guðmundssonar og Ingva Guðmundssonar hafi verið innritaður til þinglýsingar í skrifstofu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. maí 1946 og síðan þinglesinn á manntalsþingi á venjulegan hátt. Hljóti því skjalið að teljast öllum kunnugt og ákvæði þess.

Svipaðan fyrirvara kveða stefnendur vera gerðan í kaupsamningi þeirra Ingva Guðmundssonar og Stefáns Friðbjarnarsonar frá 4. október 1947, en þar sé meðal annars undanskilið það land, sem Keflavíkurflugvöllur hafi til umráða.

Stefndi Vilhjálmur Jónsson f. h. Stefáns Friðbjarnarsonar styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að stefndi Stefán Friðbjarnarson sé réttur og löglegur eigandi beitarréttarins, þar sem hann hafi með kaupsamningi, dagsettum 4. október 1947, keypt jörðina með öllum „gögnum og gæðum", sem jörðinni fylgir og fylgja ber, og óumdeilanlega sé beitarréttur gögn og gæði jarðarinnar. Þessu til staðfestu kveðst stefndi enn fremur vilja benda á vottorð hreppstjóra Miðneshrepps, dagsett 14. nóvember 1953, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 18 í málinu. Kveður stefndi hann hafa ritað kaupsamninginn 4. október 1947 og því vitað gerla, hvað aðiljum hafi farið á milli, er samningurinn var gerður. Samkvæmt því hafi verið ætlun aðiljanna, að beitarrétturinn fylgdi jörðinni, svo sem eðlilegt og sjálfsagt hafi verið. Þá kveðst stefndi vilja benda á, að hann hafi hagnýtt sér beitarréttinn allt frá afsalsdegi þar til 1. ágúst 1951, að honum hafi verið meinuð afnotin. Ekki hafi stefnendur gert kröfu til leigu eftir réttindi þessi. Þá er af hálfu stefnda bent á, að Albert Guðmundsson hafi flutt til Reykjavíkur, eftir að hann hafi selt Nesjar. Kveðst stefndi ekki fá séð, að erfingjar manns í Reykjavík geti átt sjálfstæðan beitarrétt, nema að slíkt fylgi jörð. Stefndi bendir og á, að samkvæmt gerðardóminum á dskj. nr. 5 þá sé leigan samkvæmt honum miðuð við tjón jarðareigenda. Allur grundvöllur væri fallinn undan leigugreiðslu, ef beitarrétturinn væri sérstök eign tómthúsmanna. Stefnendur hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þegar stefnda hafi verið meinuð afnot beitarréttarins 1. ágúst 1951. Að lokum kveðst stefndi vilja benda á lög nr. 113/1952, en samkvæmt þeim virðist Albert hafa átt að lýsa ítaki þessu til þess að halda því, ef hann hefði talið sig eiganda

þess. Af öllu þessu kveður stefndi sér virðast augljóst, að hann sé rétt kominn að því fé, sem um ræðir í máli þessu.

Þegar athuguð er 5. gr. makaskiptasamningsins á dskj. nr. 6, sem stefnendur reisa kröfur sínar á, þykir orðalag nefndrar greinar vera svo víðtækt og skýlaust, að ekki leiki á því neinn vafi, að bótaréttur sá, sem um er deilt í máli þessu, þ. e. réttur til bóta fyrir beitarréttindi, hafi verið undanskilinn við umrædda sölu og sé því eign stefnenda. Enda er hér um að ræða réttindi tilheyrandi landi, sem óumdeilanlega var búið að taka af jörðinni, er sala fór fram samkvæmt makaskiptasamningi á dskj. nr. 6. Eigi geta heldur síðari eigendur jarðarinnar hafa öðlazt meiri rétt en viðsemjendur þeirra áttu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Málskostnaður til handa stefnendum ákveðst kr. 39.480.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum málflutningsmanni stefnenda, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 36.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnenda til bóta fyrir hlut Nesja í framangreindum beitarréttindum.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður til handa stefnendum, kr. 39.480.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 36.000.00 í talsmannslaun.

Miðvikudaginn 19. apríl 1972.

Nr. 46/1972. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Antoni Stefánssyni og
Stefáni Gylfa Valdimarssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Jónatan Þórmundsson.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. marz s.l., sem barst Hæstarétti 6. þ. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar og krafizt þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð greinargerð saksóknara ríkisins, dags. 7. þ. m., en af hálfu hinna ákærðu hefur engin greinargerð borizt.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:
Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. marz 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 29. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 147—148/1972: Ákæruvaldið gegn Jóni Antoni Stefánssyni og Stefáni Gylfa Valdimarssyni, sem tekið var til dóms eða úrskurðar sama dag.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 17. marz f. á., var höfðað „opinbert mál á hendur prentmyndasmiðum Jóni Antoni Stefánssyni, Faxatúni 28, Garðahreppi, fæddum 11. apríl 1925 í Bessatungu, Saurbæ, Dalasýslu, og Stefáni Gylfa Valdimarssyni, Háa-

leitisbraut 41, Reykjavík, fæddum 19. febrúar 1938 í Reykjavík, fyrir brot gegn 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með útgáfu og dreifingu klámritsins „Kynblendingsstúlkan" til almennrar sölu á innlendum markaði sumarið 1970 eftir að hafa fengið bók þessa þýdda úr dönsku, en bókin er samkvæmt titilblaði sögð gefin út af bókaútgáfu „Fórum" í Reykjavík 1970.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafizt, að ákærðu sæti upptöku á öllu því upplagi af bók þessari, sem hald var lagt á við lögreglurannsókn máls þessa, samkvæmt 69. gr., 1. töl., hegningarlaganna".

Hinn 13. þ. m. lagði skipaður verjandi ákærðu, Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, fram skriflega vörn í málinu. Þar segir meðal annars:

„Í ákæruskjali er hvergi neitt að finna, hvaða atriði í bókinni ákæruvaldið telur, að heimfæra megi undir brot á 210. gr. alm. hegningarlaga. Það bar skilyrðislaust að gera og ætti því að vísa máli þessu frá dómi".

Á dómþingi 16. þ. m. ítrekaði verjandinn þessi orð sín og krafðist þess, að sakadómurinn vísaði málinu frá vegna fyrrgreindra annmarka á formlið málsins.

Samkvæmt 124. gr., 2. mgr., laga nr. 82/1961 sendi sakadómurinn með bréfi, dags. 17. þ. m., saksóknara ríkisins málið til umsagnar.

Í umsögn saksóknara, dags. 22. þ. m., segir meðal annars:

„Af hálfu ákæruvaldsins er litið svo á, að allt meginefni umgetinnar bókar einkennist svo af klámi, að útgáfa og dreifing þess háttar lesefnis í bók falli undir ákvæði 210. gr. hegningarlaganna. Nægir því að vísa svo til bókar þessarar í ákæruskjali sem gert er, sbr. dskj. nr. 1. Af hálfu ákæruvaldsins er fyrrgreindri frávísunarkröfu í máli þessu því mótmælt og þess krafizt, að henni verði hafnað".

Bókin „Kynblendingsstúlkan" er 91 bls. og hver síða tölusett. Í henni er ein saga í 7 köflum á 87 bls.

Í ákæru saksóknara er bókin nefnd „klámrit" og í fyrrgreindri umsögn hans segir, „að allt meginefni" bókarinnar „einkennist svo af klámi ...".

Í ákærunni er eigi vitnað til einstaks eða einstakra kafla, blaðsíðna, málsgreina, setninga né orða í bókinni til að renna stoðum undir það, að hún sé klámrit, og verður að fallast á þá skoðun verjanda ákærða, að ákæru sé áfátt að þessu leyti.

Þessir annmarkar á ákærunni þykja vera til þess fallnir að torvelda verjanda ákærðu varnir í málinu svo og dómara úrlausn sakarefnis. Fullnægir ákæran þannig ekki ákvæðum 115. gr., 2. mgr., 2. tl., laga nr. 82/1961 um glögga skilgreiningu á sakarefni.

Vegna þessara ágalla þykir ákæran eigi verða lögð til grundvallar dómi um efni máls.

Ber því að vísa málinu frá sakadómi.

Sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákæru í málinu er vísað frá sakadómi.

Sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Fimmtudaginn 27. apríl 1972.

Nr. 168/1971. **Guðlaugur Stefánsson**
Gunnar Stefánsson
Stefán Stefánsson
Þórhildur Stefánsdóttir
Ragna Vilhjálmsdóttir
Guðjón Tómasson og
Auðbjörg Guðlaugsdóttir
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h.
Vestmannaeyjakaupstaðar og gagnsök
(Kristinn Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Synjað um lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hauksson, setufógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 3. nóvember 1971 og krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að leggja „lögbann við sölu og ráðstöfun“ gagnáfrýjanda á byggingalóðum úr landi jarðarinnar Stóra-Gerðis, „þegar ekki liggur fyrir samþykki“ aðaláfrýjanda „sem rétthafa jarðarinnar og eigenda að ræktun og mannvirkjum á jörðinni“. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. nóvember 1971. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og aðaláfrýjendum dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Með byggingarbréfi 21. júní 1888 byggði umboðsmaður þjóðjarða í Vestmannaeyjum Guðlaugi Jónssyni hálfa jörðina Stóra-Gerði. Samkvæmt 12. gr. byggingarbréfsins var jörðin byggð Guðlaugi til lífstíðar og „ekkju hans eptir hans dag, meðan hún er ógipt". Í 10. gr. segir, að ábúandi megi ekki „taka húsmenn eða lausamenn á jörðina, ekki heldur leigja eða ljá nokkuð af túni, beitilandi eða fuglatekju, nema umboðsmaður leyfi ...".

Guðlaugur Jónsson bjó síðan á jörðinni, þar til hann andaðist 25. apríl 1948, en eiginkona hans var þá látin. Erfingjar Guðlaugs heitins voru þau Stefán Guðlaugsson og aðaláfrýjendurnir Auðbjörg Guðlaugsdóttir og Guðjón Tómasson. Var búi Guðlaugs heitins skipt einkaskiptum af erfingjum 2. nóvember 1951. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi féllu hús og önnur mannvirki á jörðinni, eign Guðlaugs heitins, að jöfnu til fyrrgreindra erfingja, þannig að hver erfði ⅓ hluta.

Stefán Guðlaugsson hóf þá búskap á jörðinni og bjó þar um nokkurt skeið. Eigi fékk hann byggingarbréf fyrir jörðinni, en óumdeilt er, að hann hafi greitt landsleigu, sem landeigandi hafi tekið við án athugasemda. Stefán andaðist 13. febrúar 1965. Ekkja hans, Sigurfinna Þórðardóttir, andaðist 13. nóvember 1968. Eringjar þeirra Stefáns og Sigurfinnu, aðaláfrýjendurnir Guðlaugur, Gunnar, Stefán, Þórhildur og Ragna, skiptu búi þeirra einkaskiptum, og lauk skiptum 10. janúar 1969. Ekki hefur komið fram í málinu, hvernig háttað er eignarhlutdeild þessara aðilja að eignum þeim, sem búið átti að Stóra-Gerði. Enginn þeirra situr jörðina sem bóndi, og íbúðarhús á henni er talið hafa brunnið fyrir nokkrum árum og hefur ekki verið endurreist. Umræddir aðaláfrýjendur eða einhverjir þeirra munu nytja tún jarðarinnar. Jarðarafgjald virðist hafa verið greitt til ársins 1970, en það ár neitaði gagnáfrýjandi, sem nú er eigandi jarðarinnar, að veita afgjaldinu viðtöku.

Hinn 22. desember 1970 ritaði gagnáfrýjandi bréf til „Db. Stefáns Guðlaugssonar c/o Guðlaugur Stefánsson", þar sem sagt var upp ábúð jarðarinnar „frá og með næstu fardögum að telja, með því að Vestmannaeyjakaupstaður þarf á

landi jarðarinnar að halda og skilmálar byggingarbréfsins hafa verið rofnir af yðar hálfu sem ábúanda, og ennfremur af þeim sökum, að forsendur leigumálans eru að öðru leyti brostnar". Var útbyggingin birt fyrir aðaláfrýjandanum Guðlaugi Stefánssyni sama dag. Hinn 16. júní 1971 framkvæmdu úttektarmenn Vestmannaeyja úttekt á jörðinni.

Nokkur hluti jarðarinnar og túns hennar hafði verið skipulagt sem lóðir til byggingar íbúðarhúsa.

Hinn 26. janúar 1967 veitti Sigurfinna heitin Þórðardóttir f. h. dánarbús Stefáns Guðlaugssonar lögmanni einum umboð „til að selja lóðarréttindi búsins í landi" jarðarinnar „... samkvæmt skipulagsuppdrætti samþykktum af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skipulagsstjóra". Lögmaður þessi afsalaði síðan á því ári nokkrum aðiljum „afnotarétti" að lóðum í landi jarðarinnar gegn gjaldi, sem eigi er fram komið, hvert hafi verið. Virðast bæjaryfirvöld ekki hafa hreyft athugasemdum við þessu.

Á árinu 1971 afsalaði „dánarbú Stefáns Guðlaugssonar" nokkrum aðiljum „afnotarétti" að lóðum í Stóra-Gerðislandi. Byggingarnefnd Vestmannaeyja vefengdi rétt dánarbúsins til sölu réttindanna og taldi gagnáfrýjanda kvaðalausan eiganda lóðanna.

Í máli þessu krefjast aðaláfrýjendur þess, að lagt verði lögbann við tilteknum löggerningum gagnáfrýjanda. Af hálfu aðaláfrýjenda hefur ekki verið leitt í ljós, að yfirvofandi séu af hendi gagnáfrýjanda ráðstafanir, sem á ólögmætan hátt mundu raska rétti þeirra, enda eiga aðiljar þess kost að bera ágreining sinn um afnotarétt að jörðinni og eign aðaláfrýjanda að ræktun hennar og mannvirkjum undir bæra dómstóla. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Þá þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 2. nóvember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 29. f. m., hafa erfingjar Stefáns Guðlaugssonar frá Gerði, þeir Guðlaugur Stefánsson, Stefán Stefánsson, Gunnar Stefánsson, Þórhildur Stefánsdóttir og Ragna Vilhjálmsdóttir, höfðað fyrir fógetaréttinum með lögbannsbeiðni til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dagsettri 6. október s.l. Þá stýður lögbannsbeiðnina Guðjón Tómasson sem eigandi hagsmuna í sambandi við mál þetta.

Af hálfu gerðarbeiðenda er þess krafizt, að lagt verði lögbann við sölu og ráðstöfun byggingarnefndar Vestmannaeyja og bæjarstjórnar Vestmannaeyja f. h. Vestmannaeyjakaupstaðar á byggingalóðum úr landi jarðarinnar Stóra-Gerðis, þar sem ekki liggi fyrir samþykki þeirra sem rétthafa jarðarinnar og eigenda að ræktun og mannvirkjum á jörðinni.

Auk þeirrar kröfu, að lögbann nái fram að ganga, hafa gerðarbeiðendur krafizt hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er þess krafizt, að gerð þessi nái ekki fram að ganga og gerðarþola úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðenda. Nái lögbann fram að ganga, er krafizt tryggingar eftir mati réttarins.

Með úrskurði, uppkveðnum 11. október s.l., vék hinn reglulegi fógeti, Freymóður Þorsteinsson, sæti í máli þessu.

Hinn 21. október s.l. var Jón Hauksson bæjarfógetafulltrúi skipaður af dómsmálaráðuneytinu til þess að fara með og dæma mál þetta sem setudómari í Vestmannaeyjum.

Málavextir eru þessir:

Með byggingarbréfi, dagsettu 21. júní 1888, er Guðlaugi Jónssyni byggður jarðarparturinn hálft Stóra-Gerði. Nytjaði hann jörðina til ársins 1948, er hann andaðist. Tók þá við jörðinni sonur hans Stefán, er andaðist árið 1965. Þá tók við jörðinni ekkja Stefáns, Sigurfinna Þórðardóttir, er andaðist á árinu 1968. Síðan þá virðast erfingjar þeirra Stefáns og Sigurfinnu hafa haft nytjar jarðarinnar, en eigi hefur verið gefið út byggingarbréf fyrir jörðinni síðan 1888. Gerðarbeiðendur greiddu jarðarleigu fyrir árið 1968 og 1969, en fyrir árið 1970 var synjað um viðtöku jarðarleigu af hálfu bæjarsjóðs.

Þann 22. desember 1970 var dánarbúi Stefáns Guðlaugssonar birt útbygging af jörðinni Gerði af stefnuvottum á heimili Guðlaugs Stefánssonar hér í bæ, og þann 16. júní 1971 var framkvæmd úttekt á jörðinni af tveim úttektarmönnum, en bæði fyrir

þann tíma og aðallega síðar hafa farið fram bréfaskipti milli umboðsmanna aðilja, þar sem deilt hefur verið um, í hverju réttur dánarbúsins væri fólginn og um hugsanlegar bætur í því sambandi, en eigi þykir ástæða til að fjalla nánar um það atriði hér.

Þá liggur fyrir í máli þessu, að húslóðir hafa verið útmældar úr landi jarðarinnar, og hefur dánarbúið selt afnotaréttindi ýmsum aðiljum, að því er virðist, allt frá árinu 1967. Fram til þess tíma er útbygging var birt, virðist byggingarnefnd Vestmannaeyja hafa samþykkt að gefa út lóðarleigusamninga til þeirra aðilja, er slík réttindi hafa keypt, en frá 4. maí 1971 hefur verið bókað af nefndinni, að hún vefengi rétt dánarbús Stefáns Guðlaugssonar til sölu á lóðarréttindum og áskilur sér rétt til lóðarréttindagjalds. Eftir að úttekt fór fram, hefur svo verið bókað við úthlutun lóða hjá byggingarnefnd, að hún telji kaupstaðinn kvaðalausan eiganda jarðarinnar Gerðis, og hefur húslóðum verið úthlutað til samræmis við það og lóðarréttindagjald áskilið frá umsækjendum.

Í vottorði byggingarfulltrúa Vestmannaeyjakaupstaðar, sem lagt hefur verið fram í máli þessu, segir, að úthlutað hafi verið á vegum bæjarins og samþykkt af byggingarnefnd samtals 15 húslóðum, en samkvæmt upplýsingum frá Jóni Hjaltasyni hæstaréttarlögmanni hafi verið afsalað fyrir hönd dánarbús Stefáns Guðlaugssonar samtals 15 húslóðum, en byggingarnefnd hafi afgreitt 7 umsóknir, sem borizt hafi, og þá með þeim fyrirvara, sem að ofan greinir.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu gerðarbeiðenda er því haldið fram, að nytjaréttur þeirra að Gerðisjörðinni sé skýr, þótt byggingarbréf sé ekki til staðar frekar en um aðrar jarðir í Vestmannaeyjum. Ekki hafi tíðkazt að gefa út byggingarbréf fyrir jörðum eftir aldamót í Vestmannaeyjum, en jarðirnar jafnan nytjaðar af niðjum þeirra, er áður höfðu nytjað, eftir nánara samkomulagi erfingjanna og jarðarleigur greiddar af þeim, sem notin höfðu, til ríkissjóðs, meðan hann var landeigandi, en síðan til Vestmannaeyjakaupstaðar, eftir að hann varð eigandi landsins.

Þá benda gerðarbeiðendur á 2. gr. laga nr. 22/1960, en yfirtaka slík, sem hér um ræðir, sé andstæð þeim lögum. Hér sé um að ræða rétthafa að jörðinni, sem ekki hafi verið samið við, og sé hér verið að leggja undir sig eignir jarðarbænda án greiðslu, en slíkt sé andstætt 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er útbyggingunni frá 22. desember 1970 mótmælt sem ólög-

mætri. Útbygging hafi aðeins verið birt einum manni, en erfingjar séu fimm talsins og hefði þurft að birta þeim öllum. Þá hafi engar sakir verið, sem réttlætt hafi útbyggingu. Þá er því mótmælt, að úttekt hafi farið fram á jörðinni, aðeins hafi farið fram uppskrift.

Þá er tekið fram af hálfu gerðarbeiðenda, að þeir hafi ekki viljað standa fyrir eðlilegu skipulagi kaupstaðarins og hafi því látið af höndum afnotarétt til lóða úr landi Gerðisjarðar gegn vægu gjaldi, þegar gjald hafi verið reiknað, en hér sé um að ræða greiðslu fyrir ræktun og mannvirki. Hafi þessar sölur verið í fullri samvinnu við byggingaryfirvöld hverju sinni og engum athugasemdum um þær hreyft fyrr en í bréfi lögfræðings Vestmannaeyjakaupstaðar, dags. 13. júlí 1971, til lögmanns gerðarbeiðenda.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að eigi hafi stofnazt ábúðarréttur á umræddri jörð til handa neinum einstökum aðilja eftir andlát Sigurfinnu Þórðardóttur árið 1968. Efni ábúðarlaga byggist á því, að leiguliði sé einstaklingur og geti dánarbú sem slíkt eigi talizt ábúandi, og er í því sambandi bent á 8. gr. laga nr. 8/1951.

Þá er á það bent af hálfu gerðarþola, að þótt dánarbúið teldist hafa ábúðarrétt, þá hafi það brotið svo af sér gagnvart landeiganda, að uppsögn hafi verið réttmæt. Er í því sambandi bent á 10. gr. byggingarbréfsins frá 1888, en þar er leiguliða bannað að leigja eða ljá nokkuð af túni, beitilandi eða fuglatekju, nema umboðsmaður leyfi. Er og bent á 26. gr. laga nr. 36/1961, sbr. 31. gr. sömu laga, í þessu sambandi. Þá er bent á 4. gr. byggingarbréfsins, en þar segir m. a., að leiguliði skuli vandlega yrkja og rækta tún jarðarinnar. Þetta hafi dánarbúið ekki gert, heldur selt öðrum aðiljum túnið á leigu.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að uppsögnin frá 22. desember s.l. sé í alla staði lögmæt, og þar sem úttekt hafi nú farið fram, sé Vestmannaeyjakaupstaður nú orðinn kvaðalaus eigandi jarðarinnar.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að móttaka jarðarleigu fyrir árið 1969 hafi verið mistök starfsstúlku hjá kaupstaðnum, enda hafi þegar árið eftir verið hafnað móttöku frekari jarðarleigu.

Þá er á það bent af hálfu gerðarþola í sambandi við mótmæli gegn sölu dánarbúsins á landi jarðarinnar, að byggingarnefnd hafi bókað frá því í desember 1970 vefengingu á rétti dánarbúsins til sölu á lóðarréttindum, ætíð er sótt hafi verið um lóðasamn-

inga á grundvelli afsala frá dánarbúinu, og fráleitt talið, að fyrirsvarsmönnum dánarbúsins hafi verið ókunnugt um þetta.

Í sambandi við byggingarbréf að jörðum í Vestmannaeyjum er á það bent af hálfu gerðarþola, að a. m. k. sex eða sjö jarðir séu enn í lögmætri ábúð samkvæmt gildandi byggingarbréfum.

Þá bendir gerðarþoli á, að úthlutun á byggingalóðum úr landi Stóra-Gerðis sé ekki réttarbrot gagnvart gerðarbeiðendum og eigi sé líklegt, að rétti gerðarbeiðenda sé spillt í neinu, því rétt til sölu á þeim fimm lóðum, sem þarna sé eftir að úthluta, hafi dánarbúið vafalaust ekki.

Loks bendir gerðarþoli á, að hvernig svo sem rétti gerðarbeiðenda til ábúðar eða afnota hafi verið varið, sé hann nú fallinn niður fyrir uppsögn og með því að úttekt hafi farið fram, geti gerðarbeiðendur ekki talizt rétthafar að jörðinni. Með því að kaupstaðurinn eigi þannig betri rétt en gerðarbeiðendur, séu eigi efni til að leggja á lögbann þetta.

Niðurstaða réttarins.

Réttur sá, er gerðarbeiðendur byggja á í máli þessu, er byggður á byggingarbréfi frá 1888, en þegar það var útgefið, voru í gildi ábúðarlög nr. 1/1884. Bæði byggingarbréfið og ábúðarlög gera ráð fyrir, að til uppsagnar geti komið á ábúð að vissum skilyrðum fullnægðum.

Í þessu máli hefur það gerzt, að Vestmannaeyjakaupstaður sem jarðareigandi hefur látið birta útbyggingu og framkvæma úttekt á jörðinni Stóra-Gerði í framhaldi af því. Réttur gerðarbeiðenda til nytja jarðarinnar er því fallinn niður fyrir uppsögn, og er á það að líta í því sambandi, að þar sem dánarbúið hefur yfirleitt komið fram sem ein heild í sambandi við jarðarafnotin, eru eigi efni til að vefengja uppsögnina á þeim grundvelli, að útbygging var aðeins birt einum fyrirsvarsmanni dánarbúsins.

Þá er á það að líta í þessu máli, að töluverður hluti jarðeignar þeirrar, sem hér um ræðir, hefur verið hlutaður niður og úthlutað undir húslóðir. Hluta af landinu hafa gerðarbeiðendur selt og lóðunum síðan úthlutað til kaupenda af bæjarfélaginu, en undanfarið hefur bæjarfélagið úthlutað beint til húsbyggjenda.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á, að frekari ráðstöfun landeiganda á jörðinni sé eigi slíkt réttarbrot gagnvart gerðarbeiðendum í skilningi 26. gr. laga nr. 18/1949, að lögbanni geti varðað, enda sést ekki, að eins og málum er nú háttað, sé réttur gerðarbeiðenda til ráðstöfunar

landsins ríkari en gerðarþola, en gerðarbeiðendum aðrar réttarfarsleiðir opnar til að ná fram rétti sínum.

Ber því að hafna því, að umbeðin lögbannsgerð nái fram að ganga, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Umbeðið lögbann skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. apríl 1972.

Nr. 88/1971. **Herbert J. Stiefel**
(Hörður Ólafsson hrl.)
gegn
Álafossi h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason, Þórður Björnsson yfirsakadómari og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Umboðslaun. Þóknun. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 13. apríl 1971. Útivist varð í því máli 2. júní 1971. Með stefnu 30. júní 1971 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum „5% umboðslaun af sölu" hans „til fyrirtækisins Reynolds Yarns Inc. á árinu 1968, eða $ 2.267.59 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags". Til vara krefst áfrýjandi „lægri umboðslauna en 5% úr hendi stefnda og til þrautavara „þóknunar" úr hendi stefnda. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi máls-

kostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafa áfrýjandi og fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, Ásbjörn Sigurjónsson, þekkzt um nokkurt skeið og átt saman viðskipti. Á árunum 1967 og 1968 vann stefndi að því að afla sér viðskiptasambanda í Bandaríkjum Norður-Ameríku og koma framleiðsluvörum sínum þar á markað. Í septembermánuði 1967 var áfrýjandi staddur hér á landi og ræddi þá við framkvæmdastjóra stefnda. Afhenti framkvæmdastjórinn þá áfrýjanda nokkur sýnishorn af framleiðsluvörum sínum. Í bréfi stefnda til áfrýjanda, undirrituðu af framkvæmdastjóranum, dagsettu 4. september 1967, segir svo m. a. í þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „Þegar ég var í stuttri heimsókn í bankanum í morgun, spurðu þeir mig, hvað um Bandaríkin? Ég sagði þeim, að þú ætlaðir að hjálpa okkur að finna réttu viðskiptasamböndin. ... Ég veit í rauninni ekki, hvað til bragðs á að taka, en þú hefur sýnishornin með þér og getur athugað, hvað unnt er að gera ...“. Áfrýjandi hafði síðar samband við fyrirtækið Reynolds Yarns Inc. og sýndi fyrirsvarsmönnum þess fyrirtækis umrædd sýnishorn. Hinn 18. september 1967 ritaði fyrirtæki þetta framkvæmdastjóra stefnda bréf, þar sem segir svo:

„Herra Herbert Stiefel hjá Stiefel-Raymond Co. hefur beðið mig um að skrifa yður viðvíkjandi Álafoss-garni yðar, sem ég hef mjög mikinn áhuga á.

Við skoðuðum pakkana, sem þið hafið, og við teljum, að þeir hafi mikla möguleika hér í Bandaríkjunum, sömuleiðis sala á garninu sjálfu.

Við mundum auðvitað sjálfir þurfa að annast listræn atriði og láta pakka vöruna með okkar eigin merkjum. Herra Stiefel stakk upp á, að það mundi verða miklu betra, að þér kæmuð hingað og ræddduð þetta við mig sjálfir fremur en í gegnum milligöngumann.

Með von um svar frá yður fljótlega er ég ...“.

Ekki kemur fram, hvort bréfi þessu hafi verið svarað, og

áfrýjandi virðist ekki hafa haft frekara samband við Reynolds Yarns Inc. um mál þessi.

Að tilhlutan stefnda höfðu aðrir aðiljar í Bandaríkjum Norður-Ameríku samband við Reynolds Yarns Inc. í því skyni að stofna til viðskiptasambands milli þess fyrirtækis og stefnda. Lauk þeim samningum þannig á árinu 1968, að Reynolds Yarns Inc. hóf kaup á verulegu magni af framleiðsluvörum stefnda.

Ósannað er, að stefndi hafi lofað áfrýjanda umboðslaunum af verði þeirra vara, er áfrýjanda tækist að afla markaðar fyrir. Hins vegar er ljóst, að aðiljar urðu ásáttir um, að áfrýjandi leitaði eftir viðskiptasamböndum í Bandaríkjunum, og gat stefndi eigi vænzt þess, að áfrýjandi inni að þessu án þóknunar. Áfrýjandi vann nokkuð að sölumálum þessum, m. a. ræddi við fyrirsvarsmenn Reynolds Yarns Inc. og sýndi þeim framleiðsluvörur stefnda. Samkvæmt bréfi þess fyrirtækis frá 18. september 1967, sem að framan er rakið, hefur þessi kynning vakið áhuga fyrirtækisins á viðskiptum við stefnda, þótt eigi yrði af frekari samningum fyrir atbeina áfrýjanda. Þegar til þessa er litið, þykir áfrýjandi eiga rétt á nokkurri þóknun úr hendi stefnda fyrir starfa sinn og fyrirhöfn í þessu sambandi. Þykir sú þóknun hæfilega ákveðin kr. 40.000.00, sem stefnda ber að greiða með 7% ársvöxtum frá stefnudegi 5. júní 1969 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Álafoss h/f, greiði áfrýjanda, Herbert J. Stiefel, kr. 40.000.00 með 7% ársvöxtum frá 5. júní 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. febrúar s.l., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Austurstræti 14, Reykjavík, höfð-

að fyrir Herbert J. Stiefel, 370 Lexington Avenue, New York, fyrir sjó- og verzlunardóminum með óbirtri stefnu, dags. 5. júní 1969, gegn Pétri Péturssyni, Stigahlíð 57, Reykjavík, framkvæmdastjóra Álafoss h/f, Reykjavík, fyrir hönd Álafoss h/f til greiðslu á umboðslaunum að fjárhæð $ 2.500.00 með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Mál þetta var þar þingfest 20. júní 1969, og sótti þá þing lögmaður stefnda og fékk frest til þess að skila greinargerð.

Hinn 19. september 1969 var skilað greinargerð af hálfu stefnda, og var þar krafizt frávísunar og sú krafa rökstudd með því, að mál þetta hafi borið að höfða á varnarþingi stefnda, sem sé Mosfellssveit í Gullbringusýslu, sbr. dskj. nr. 8, en það er vottorð úr hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Hinn 23. desember 1969 var í sjó- og verzlunardóminum kveðinn upp úrskurður, þar sem hin framkomna frávísunarkrafa var ekki tekin til greina.

Hinn 27. febrúar 1970 var málið tekið fyrir að nýju, og var þá lögð fram greinargerð af hálfu stefnda um efnishlið málsins svo og 13 fylgiskjöl. Síðan hafa lögmenn aðilja tekið sameiginlega fresti til gagnaöflunar til 18. desember s.l., en þá lýstu þeir yfir, að gagnaöflun væri lokið. Tvær yfirheyrslur höfðu þá farið fram í málinu. 27. maí 1970 var Ásbjörn Sigurjónsson, sölustjóri hins stefnda fyrirtækis, yfirheyrður, og 18. desember 1970 var Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri stefnda, yfirheyrður. Er málið var tekið fyrir 15. janúar s.l., kom að tilhlutan dómsins fyrir dóm að nýju til yfirheyrslu Ásbjörn Sigurjónsson. Þá lögðu lögmenn aðilja fram tvö skjöl og lýstu að nýju yfir að gagnaöflun væri lokið, og fór síðan fram munnlegur flutningur málsins. Hafði þá verið leitað um sættir í málinu, en án árangurs.

Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður stefnanda kröfum sínum á þá leið, að hann krafðist þess, að stefnda verði dæmt til þess að greiða $ 2.267.59 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins. Krafa þessi er 5% af $ 45.351.80, sbr. dskj. nr. 54. Lögmaður stefnanda gerði þá varakröfu, fari svo, að aðalkrafan verði ekki tekin til greina, að stefnda verði dæmt til að greiða

stefnanda þóknun eftir mati réttarins og málskostnað að mati réttarins.

Hinn 5. febrúar s.l. var málið endurupptekið samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess að gefa lögmanni stefnda kost á því að leggja fram samning á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda.

Var málinu frestað í því skyni til 12. febrúar 1971. Þá er málið var tekið fyrir þann dag, upplýsti lögmaður stefnda, að ekki væri til neinn heildarsamningur á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda, en lögmaðurinn lagði fram dskj. nr. 57—73, en það eru ýmiss konar bréfaviðskipti vegna viðskipta Reynolds Yarns Inc. og stefnda.

Fór síðan fram málflutningur að nýju, og gerðu lögmenn aðilja sömu kröfur og í málflutningi 15. janúar s.l., og var málið dómtekið að nýju.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi, sem er ameríkur kaupmaður, og Ásbjörn Sigurjónsson, núverandi sölustjóri hins stefnda fyrirtækis og fyrrverandi forstjóri, hafi verið kunnugir um nokkurra ára bil. Á árinu 1967 hafi stefnandi fengið lopapakkningar hjá stefnda eða Ásbirni Sigurjónssyni, sem hann síðar hafi greitt. Þessar vörur hafi stefnandi flutt með sér til Bandaríkjanna.

Í september 1967 hafi stefnandi haft samband við Reynolds Yarns Inc. og kynnt fyrirsvarsmanni þess fyrirtækis, Thomas Reynolds, vörurnar, og Reynolds virðist hafa haft áhuga á vörunum, sbr. dskj. nr. 5, sem er bréf, dags. 18. september 1967, frá Reynolds Yarns Inc. til stefnda.

Í nóvember 1967, sbr. dskj. nr. 15, er Harry Sooker, starfsmaður Icelandic Arts and Crafts Inc., en það er fyrirtæki, sem nokkur íslenzk iðnfyrirtæki, þar á meðal stefndi, stofnuðu í Bandaríkjunum til þess að annast sölu á framleiðsluvörum sínum, að reyna að hafa samband við Thomas Reynolds vegna Álafosslopans, og áttu þeir síðan mörg símtöl og eitthvað í bréfaskriftum, og einnig hittust þeir, sbr. dskj. nr. 12. Á árinu 1968 tókust síðan samningar á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda um sölu á lopa til Bandaríkjanna, og hefur sú sala samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda numið $ 45.351.80 á árinu 1968, sbr. dskj. nr. 54.

Lögmaður stefnda sagði við munnlegan flutning málsins, að þessi sala hefði margfaldast á árinu 1969 og svo enn á árinu 1970. Forstjóri stefnda hefur haldið því fram fyrir dómi 18. desember

s.l., að Reynolds Yarns Inc. fái engin umboðslaun af vörum þeim, sem þeir flytja til Bandaríkjanna, heldur kaupi þeir vörurnar á ákveðnu verði og á eigin ábyrgð. Harry Sooker, starfsmaður Icelandic Arts and Crafts Inc., mun hafa fengið $ 1.500.00 fyrir aðstoð sína við að koma á samningum á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda, sbr. dskj. nr. 23.

Ágreiningur þeirra málsaðiljanna er um það, hvort stefnandi hafi verið umboðsmaður stefnda í Bandaríkjunum eða ekki, hvort samið hafi verið um 5% umboðslaun til handa stefnanda af vörusölu stefnda í Bandaríkjunum eða ekki.

Um leið er ágreiningur með málsaðiljum um það sem hvað stefnandi hafi fengið sýnishorn af lopapakkningum og sem hvað stefnandi hafi komið fram í Bandaríkjunum, þá er hann hafði samband við Reynolds Yarns Inc., og þá jafnframt, hvort stefnandi hafi átt þátt í því, að viðskipti tókust á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Ásbjörn Sigurjónsson hafi leitað til stefnanda, er hann hafi verið staddur hér haustið 1967, og beðið hann um að annast um sölu fyrir sig á bandarískum markaði á framleiðsluvörum stefnda, þá aðallega öskjum með prjónagarni. Stefnandi hafi áskilið sér í umboðslaun fimm af hundraði af verði vörunnar f.o.b. Reykjavík og hafi honum verið afhent sýnishorn. Hafi hann þegar tekið að vinna að þessum málum, þegar heim hafi verið komið, og hafi honum tekizt að vekja áhuga firmans Reynolds Yarns Inc. á kaupum á þessum vörum, er von bráðar hafi leitt til viðskipta milli umræddra firma og stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi mjög óskað eftir því að fá að vera umboðsmaður stefnda í Bandaríkjunum, en því hafi alltaf verið neitað af hálfu stefnda. Þá er Ásbjörn Sigurjónsson kom fyrir dóm 15. janúar s.l., sagðist hann aldrei hafa leitað aðstoðar stefnanda við markaðsöflun, en sagði, að stefnandi hafi leitað mikið eftir því að fá að selja vörur frá Álafossi í Bandaríkjunum. Ábjörn sagði, að þær pakkningar, sem stefnandi hafi fengið, hafi hann keypt sem einstaklingur, ekki sem umboðsmaður, og hafi ekkert verið samið um umboðslaun. Síðar í sama réttarhaldi sagði Ásbjörn Sigurjónsson, að hann hafi gjarnan viljað, að stefnandi seldi eitthvað af þessum lopapakkningum í ákveðinni verzlun í hverfinu, sem stefnandi býr í. Þetta sagðist Ásbjörn Sigurjónsson hafa viljað til þess að sjá, hvort vörurnar seldust í búð.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi fengið þessar lopapakkningar sem umboðsmaður stefnda, en það, að stefnandi greiddi lopapakkningarnar, hafi verið vegna mikilla fjárhagsörðugleika stefnda, sbr. dskj. nr. 41.

Ekki hafa af hálfu stefnanda verið lögð fram nein gögn, sem styðji þá fullyrðingu hans, að samið hafi verið um umboðslaun. Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 29 bréf frá stefnanda, dags. 30. ágúst 1968, til Péturs Péturssonar, framkvæmdastjóra stefnda, en þar segir m. a. í íslenzkri þýðingu: „Mér mundi þykja mjög vænt um að fá frá þér nokkur orð með uppástungu um lausn á þessu máli. Ég mundi verða algjörlega ásáttur um þess konar fyrirkomulag, að ég fengi teppi á heimilið, ef þú heldur ekki, að umboðslaun eigi rétt á sér". Þessi uppástunga stefnanda þykir veikja mjög fullyrðingu hans um, að samið hafi verið um ákveðin umboðslaun.

Þá er núverandi framkvæmdastjóri stefnda, Pétur Pétursson, kom fyrir dóm, sagði hann, að skömmu eftir að hann byrjaði störf sín hjá stefnda, en það hafi verið 1. júlí 1968, hafi stefnandi átt tal við framkvæmdastjórann og sagt honum, að stefnandi hafi kynnt vörur stefnda í Bandaríkjunum, og þar á meðal fyrir Reynolds, og hafi stefnandi sagzt telja, að hann ætti rétt til einhverrar þóknunar, og hafi stefnandi minnzt á teppi í því sambandi. Um það bil 2 mánuðum síðar hafi stefnandi haft samband við framkvæmdastjórann og þá upplýst, hve mikið magn af teppum hann vildi fá. Ekki mundi framkvæmdastjórinn, hve mikið það var, en sagði, að það hafi verið það mikið, að sér hafi ekki þótt vera hægt að verða við kröfum stefnanda. Sagðist framkvæmdastjórinn halda, að það, sem stefnandi hafi farið fram á, hafi verið teppi fyrir eitt til tvö hundruð þúsund krónur. Framkvæmdastjórinn sagði, að þá er stefnandi fyrst fór fram á teppi sem þóknun, þá hafi hann ekki tekið afstöðu til óska stefnanda, en sagðist þó hafa frekar verið jákvæður gagnvart þeirri hugmynd, að stefnandi fengi smáteppi svona til að leysa málið.

Undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram, er sanni þá fullyrðingu stefnanda, að samið hafi verið um umboðslaun. Þegar litið er til þess, að stefnandi hefur sjálfur stungið upp á því að fá teppi á heimilið, ef umboðslaun ættu ekki rétt á sér, sbr. dskj. nr. 29, þá er ekki unnt gegn neitun stefnda að taka kröfu stefnanda um umboðslaun til greina.

Þá er að líta á varakröfu stefnanda um þóknun fyrir þau störf,

sem hann hafi látið í té í sambandi við markaðsöflun fyrir stefnda í Bandaríkjunum.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi ekki átt nokkurn þátt í því, að Reynolds Yarns Inc. hafi hafið viðskipti við stefnda.

Í málinu hafa verið lögð fram m. a.: bréf frá Reynolds Yarns Inc. til stefnda, dags. 18. september, dskj. nr. 5, bréf frá sama aðilja til stefnda, dags. 23. maí 1969, dskj. nr. 22, og skýrsla Harry Sooker um viðskipti hans við Reynolds Yarns Inc. Skýrslan er dags. 12. janúar 1968 og er dskj. nr. 19. Af þessum skjölum virðist sem stefnandi hafi fyrstur kynnt vörur stefnda fyrir Reynolds Yarns Inc. Þá er Ásbjörn Sigurjónsson kom fyrir dóm 27. maí s.l., sagði hann, að stefndi hafi gefið Harry Sooker upp „adressu" Reynolds Yarns Inc. Ekki kvaðst Ásbjörn vita nákvæmlega, hvenær stefndi tilkynnti Icecraft um þessar „adressur". Ekki upplýsti Ásbjörn, hvaðan hann hefði fengið þessar „adressur".

Eins og áður er rakið, hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi hafi ekki viljað hafa stefnanda sem umboðsmann. Dskj. nr. 21, sem er bréf frá stefnda, undirritað af Ásbirni, til stefnanda, dags. 4. september 1967, þykir benda til þess, að stefnandi hafi komið fram með vitund og vilja stefnda. Í þessu bréfi segir m. a.: „I told them you were going to help us to find the right business contacts". Síðar í sama bréfi segir svo: „I really don't know what to do, but you have the samples with you and you can see what you can find out, but don't let this spoil our friendship if this can not be of any business". Dskj. nr. 21 hefur verið borið undir Ásbjörn Sigurjónsson, þá er hann hefur komið fyrir dóm til yfirheyrslu. Í vitnaleiðslu 27. maí 1970 var Ásbjörn beðinn um að útskýra, hvað hann hefði meint, þá er hann skrifaði bréfið, og voru útskýringar hans fremur óljósar, en hann sagði, að bankastjórarnir, sem hann minnist á í bréfinu, hafi verið tveir menn í framkvæmdasjóði og hafi þeir sagt, að ekki kæmi til mála, að Herbert Stiefel yrði umboðsmaður, og hafi þeir þar verið sammála honum. Þá er Ásbjörn Sigurjónsson kom fyrir dóm 15. janúar s.l., var honum bent á 1. mgr. í bréfi á dskj. nr. 21, og sagðist hann hafa sagt bankastjórunum, að stefnandi vildi vinna að markaðsöflun fyrir stefnda, en bankastjórarnir hafi verið á móti því, að verið væri að breyta um mann, þar sem Harry Sooker hafi verið að vinna að þessum málum.

Þegar á það er litið, sem að framan hefur verið rakið, þykir

allt benda til, að stefndi hafi heimilað stefnanda að gera tilraun til að koma á markað í Bandaríkjunum þeim framleiðsluvörum stefnda, sem í málinu greinir. Á hinn bóginn hefur ekki verið leitt í ljós, að leitað hafi verið til stefnanda af hálfu stefnda, og ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að atvik hafi verið með þeim hætti, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að honum einum væri falinn þessi starfi af stefnda. Einnig er með öllu ósannað, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi lofað stefnanda þóknun fyrir þau störf, sem hann kynni að leysa af hendi í þágu stefnda. Kemur þá aðeins til athugunar, hvort starf stefnanda hafi að öðru leyti verið þannig vaxið, að honum beri þóknun fyrir það.

Skýrt kemur fram af gögnum málsins, að ná hefur þurft samkomulagi um fjölmörg atriði varðandi umræddar framleiðsluvörur stefnda, áður en viðskipti gátu hafizt milli stefnda og bandarísk a fyrirtækisins Reynolds Yarns Inc. á árinu 1968. Á það bæði við gæði, verð og umbúnað vörunnar. Var það og í alla staði eðlilegt, þar sem um var að ræða vöru, sem var ekki þekkt á markaði í Bandaríkjunum og hafði af þeim sökum t. d. ekki neitt ákveðið markaðsverð þar. Milligöngu í þessu tilliti hafði fyrrgreindur starfsmaður fyrirtækisins Icelandic Arts and Crafts Inc., sem stefndi átti hlut í, og hafði það hlutverk að afla markaðar fyrir íslenzkar vörur í Bandaríkjunum. Hafði fyrirtæki þessu verið falið að leita eftir markaði fyrir umrædda vöru stefnda sumarið 1967. Milliganga þessi hefur verið umfangsmikið starf, sem nefndur maður mun hafa verið farinn að annast á eigin spýtur, áður en lauk.

Eins og áður hefur verið vikið að, kynnti stefnandi fyrirsvarsmanni Reynolds Yarns Inc. umrædda vöru, en fyrirtæki þetta mun þá hafa verið búið að verzla um árabil með skyldar vörur í Bandaríkjunum. Þá liggur fyrir í málinu, að í framhaldi af þessari kynningu stefnanda ritaði nefnt fyrirtæki stefnda bréf og lýsti áhuga sínum á viðskiptum. Virðist stefndi ekki hafa svarað bréfi þessu, þótt til þess væri mælzt af hálfu stefnanda. Þegar fyrrgreindur aðdragandi að viðskiptum stefnda og hins bandaríska fyrirtækis er virtur, verður þrátt fyrir síðastgreint atvik ekki talið, að stefnandi hafi sýnt nægilega fram á, að hans starf hafi leitt til þess, að greind viðskipti komust á. Verður stefnandi því ekki talinn eiga rétt til þóknunar fyrir starf sitt. Eins og á stendur, þykir það eigi geta haggað þessari niðurstöðu, að fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda hefur viðurkennt að hafa einhvern tíma fært bandaríska fyrirtækið í tal við mann

þann, sem samkvæmt framansögðu hafði milligönguna með höndum.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, verða því úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, formaður dómsins, Gaukur Jörundsson prófessor og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, Álafoss h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Herberts J. Stiefels, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 9. maí 1972.

Nr. 74/1971. **Margrét J. Hallsdóttir vegna sín og ófjárráða dætra sinna, Ásdísar Eddu, Hafdísar Höllu og Jóhönnu Báru Ásgeirsdætra,**
(Hörður Einarsson hdl.)
gegn
Hagtryggigu h/f, Haraldi Ólafssyni,
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs (Benedikt Blöndal hrl.)
og
Hagtrygging h/f og Haraldur Ólafsson
gegn
Margréti J. Hallsdóttur vegna sín og ófjárráða dætra sinna, Ásdísar Eddu, Hafdísar Höllu og Jóhönnu Báru Ásgeirsdætra.

Dómendur:
hæstarqttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Einar Ingimundarson sýslumaður.

Bifreiðar. Dánarbætur. Skaðabótamál. Húsbóndaábyrgð. Lögveðréttur í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 1. júní 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefjast þær þess, að gagnáfrýjendum og stefnda verði dæmt að greiða þeim óskipt skaðabætur, Margréti J. Hallsdóttur persónulega kr. 2.011.437.00, vegna Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur kr. 272.013.00, vegna Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur kr. 352.465.00 og vegna Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur kr. 370.334.00, allar fjárhæðirnar með 7% ársvöxtum frá 2. október 1967 til greiðsludags. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en þær höfðu gjafsókn í héraði, og með bréfi dómsmálaráðuneytisins 23. febrúar 1972 fengu þær gjafsókn fyrir

Hæstarétti. Enn krefjast aðaláfrýjendur viðurkenningar á lögveðrétti í bifreiðinni Ö 767 (áður R 7244) til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjendur, Hagtrygging h/f og Haraldur Ólafsson, hafa áfrýjað málinu með stefnu 15. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar óskipt úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendum dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Fram er komið, að nyrðri akbraut Miklubrautar var ekki skipt með varúðarlínum í merktar akreinar, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 61/1959. Það var óvarlegt af ökumanni bifreiðarinnar R 7244 að stöðva bifreiðina svo, að hún væri að hluta inni á hinni fjölförnu akbraut, þar sem leyfður var 60 km hámarkshraði, án þess að sett væri upp aðvörunarmerki um vegavinnu, sbr. lið A 9 í 3. gr. reglugerðar nr. 61/1959, en ökumanninum bar að gæta þess, að slíkt væri gert. Ber því eigandi bifreiðarinnar, gagnáfrýjandinn Haraldur Ólafsson, samkvæmt 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968, ábyrgð á tjóni því, er varð vegna árekstrar bifreiðanna. Gagnáfrýjandinn Hagtrygging h/f, sem selt hafði vátryggingu vegna bifreiðarinnar, er einnig fébótaskyldur samkvæmt 2. mgr. 74. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú 2. mgr. 74. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 40/1968.

Bifreiðin R 7244 var í umrætt sinn í þjónustu stefnda við gatnahreinsun. Verkstjórnendum stefnda bar að sjá til þess, að sett væru upp aðvörunarmerki um vegavinnu, hæfilega langt fyrir aftan bifreiðina. Þar sem þessa var eigi gætt, ber stefndi einnig fébótaábyrgð á slysi þessu.

Ökumaður G 2918, Ásgeir heitinn Sigurgeirsson, ók í umrætt sinn á móti rísandi sól, og þykir mega við það miða, að sólbirta hafi hindrað útsýn hans. Þegar þessa er gætt og

litið er til árekstrarins og afleiðinga hans, er ljóst, að aksturshraði Ásgeirs heitins í umrætt sinn hefur verið óhæfilegur, sbr. 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaganna. Telja verður, að þetta hafi verið meginorsök árekstrarins, og þykir hæfilegt að telja Ásgeir heitinn hafa átt ⅗ hluta sakar. Samkvæmt þessu ber gagnáfrýjendum og stefnda að bæta aðaláfrýjendum ⅖ hluta tjóns þeirra.

Kröfur sínar sundurliða aðaláfrýjendur þannig:

A. Kröfur Margrétar J. Hallsdóttur:
1. Bætur fyrir missi framfæranda .. .. kr. 1.811.437.00
2. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum .. .. — 200.000.00

Samtals kr. 2.011.437.00

B. Kröfur Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur:
1. Bætur fyrir missi framfæranda .. .. kr. 72.013.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum — 200.000.00

Samtals kr. 272.013.00

C. Kröfur Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur:
1. Bætur fyrir missi framfæranda .. .. kr. 152.465.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum — 200.000.00

Samtals kr. 352.465.00

D. Kröfur Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur:
1. Bætur fyrir missi framfæranda .. .. kr. 170.334.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum — 200.000.00

Samtals kr. 370.334.00

Um A. Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur tvívegis reiknað með líkindatölum fjárhagstjón aðaláfrýjanda Margrétar J. Hallsdóttur vegna missis eiginmanns hennar, miðað við að hún hefði notið helmings af atvinnutekjum hans og hann helmings af

atvinnutekjum hennar. Þá er miðað við þær launabreytingar, sem orðið hafa frá síðustu reikningum tryggingastærðfræðingsins og í héraðsdómi getur. Samkvæmt reikningi hans 13. marz 1972 nemur verðmæti tekjutaps Margrétar vegna missis tekna Ásgeirs heitins þannig reiknað kr. 3.561.596.00, en verðmæti hálfra atvinnutekna hennar kr. 844.556.00. Þá nemur skírt verðmæti lífeyris hennar frá Lífeyrissjóði barnakennara kr. 1.384.967.00. Samkvæmt reikningi tryggingastærðfræðingsins 1. febrúar 1972 nam verðmæti mæðralauna Margrétar kr. 294.727.00 og verðmæti ekkjubóta frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 456.271.00.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að mæðralaun og ekkjubætur frá Tryggingastofnun ríkisins skuli koma til frádráttar, þegar ákveðið er tjón Margrétar, það er hér um ræðir.

Eins og í héraðsdómi er rakið, nýtur Margrét lífeyris frá Lífeyrissjóði barnakennara, en Ásgeir heitinn var aðili að þeim sjóði. Verður litið til þessara greiðslna, þegar tjónið er ákveðið.

Þegar gætt er þessara atriða og annars þess, sem hér skiptir máli, þykir fjárhagstjón aðaláfrýjandans Margrétar í þessu sambandi hæfilega ákveðið kr. 1.050.000.00.

Tjón hennar fyrir röskun á stöðu og högum þykir hæfilega ákveðið kr. 125.000.00.

Um B, C og D. Tjón ófjárráða barna aðaláfrýjanda Margrétar J. Hallsdóttur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum er hæfilega ákveðið í héraðsdómi, til Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur kr. 80.000.00, Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur kr. 115.000.00 og Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur kr. 120.000.00.

Svo sem að framan hefur verið rakið, verða gagnáfrýjendur óskipt dæmdir til að greiða aðaláfrýjendum ⅔ hluta tjóns þeirra, eða kr. 430.000.00 til Margrétar J. Hallsdóttur, kr. 32.000.00 til Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur, kr. 46.000.00 til Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur og kr. 48.000.00 til Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 2. október 1967 til greiðsludags.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, hefur ekki gagnáfrýjað máli þessu, og er hann því bundinn við fjárhæðir þær, sem dæmdar voru í héraðsdómi. Verður hann því dæmdur til að greiða framangreindar fjárhæðir ásamt vöxtum óskipt með gagnáfrýjendum, en auk þess til Margrétar J. Hallsdóttur vegna Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur kr. 16.000.00, vegna Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur kr. 23.000.00 og vegna Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur kr. 24.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 2. október 1967 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjendur og stefnda óskipt til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 210.000.00 og renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda í héraði, kr. 80.000.00, og málssóknarlaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti, kr. 90.000.00.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 69. gr. laga nr. 26/1958 ber að viðurkenna lögveðrétt í bifreiðinni Ö 767 (áður R 7244) til tryggingar dæmdum fjárhæðum úr hendi gagnáfrýjenda.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Hagtrygging h/f og Haraldur Ólafsson, og stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði óskipt aðaláfrýjanda Margréti J. Hallsdóttur sjálfri kr. 470.000.00, vegna Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur kr. 32.000.00, vegna Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur kr. 46.000.00 og vegna Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur kr. 48.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 2. október 1967 til greiðsludags.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði Margréti J. Hallsdóttur vegna Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur kr. 16.000.00, vegna Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur kr. 23.000.00 og vegna Jóhönnu Báru Ásgeirs-

dóttur kr. 24.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 2. október 1967 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur og stefndi greiði óskipt málskostnað í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 210.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda í héraði, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00, og skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Harðar Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 90.000.00.

Viðurkenndur er lögveðréttur í bifreiðinni Ö 767 (áður R 7244) til tryggingar dæmdum fjárhæðum úr hendi gagnáfrýjenda.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta var höfðað með stefnu, þingfestri 1. október 1968. Munnlegur flutningur fór fram í málinu 15. september 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Stefnendur málsins eru Margrét J. Hallsdóttir, Melabraut 37, Seltjarnarnesi, og ófjárráða dætur hennar, Ásdís Edda, Hafdís Halla og Jóhanna Bára Ásgeirsdætur.

Stefndu eru Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri f. h. Hagtryggingar h/f, Eiríksgötu 5, Geir Hallgrímsson borgarstjóri f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, Haraldur Ólafsson bifreiðarstjóri, Óðinsgötu 25, Reykjavík, og Guðmundur Sigurgeirsson, Grandavegi 31, Reykjavík.

Stefndi Guðmundur Sigurgeirsson er nú látinn, og hafa stefnendur fallið frá öllum dómkröfum á hendur honum og dánarbúi hans hér fyrir dóminum. Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 30. september 1968, fengu stefnendur gjafsókn til að höfða mál þetta.

Dómkröfur stefnenda hafa hækkað nokkuð undir rekstri máls-

ins. Hafa þær hækkanir á stefnukröfunum farið fram með samþykki allra aðilja.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 3.006.249.00 (um sundurliðun stefnukrafnanna vísast til 3.2) ásamt 7% ársvöxtum frá 2. október 1967 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum eftir gjaldskrá L. M. F. Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Loks hafa stefnendur krafizt staðfestingar á lögveðrétti í bifreiðinni R 7244, eign stefnda Haralds Ólafssonar, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefndu Haralds Ólafssonar og Hagtryggingar h/f hafa verið gerðar þær dómkröfur aðallega, að þeir verði með öllu sýknaðir af stefnukröfunum og stefnendum verði gert að greiða sinn kostnað sakarinnar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Til vara er þess krafizt, að hinar umstefndu bótakröfur verði verulega lækkaðar og ábyrgð á þeim jafnframt skipt, þannig að þessir stefndu verði aðeins látnir bera óverulegan hluta þeirra, en málskostnaður verði felldur niður. Loks er mótmælt kröfu um lögveðrétt í bifreiðinni R 7244 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefndu Haralds Ólafssonar og Hagtryggingar h/f hafa verið gerðar þær dómkröfur aðallega, að þeir verði með öllu sýknaðir af stefnukröfunum og stefnendum verði gert að greiða sinn kostnað sakarinnar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Til vara er þess krafizt, að hinar umstefndu bótakröfur verði verulega lækkaðar og ábyrgð á þeim jafnframt skipt, þannig að þessir stefndu verði aðeins látnir bera óverulegan hluta þeirra, en málskostnaður verði felldur niður. Loks er mótmælt kröfu um lögveðrétt í bifreiðinni R 7244 fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi borgarsjóður Reykjavíkur hefur krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins. Til vara hefur verið krafizt verulegrar lækkunar dómkrafnanna og að málskostnaður verði felldur niður.

2.0.

2.1. Þann 2. október 1967, um kl. 0830, ók Ásgeir Sigurgeirsson, eiginmaður stefnanda Margrétar Haraldsdóttur og faðir meðstefnenda, bifreið sinni, G 2918, sem er jeppi af Austin Gipsy gerð, austur Miklubraut, unz árekstur sá varð, sem síðar greinir frá. Bjart var af degi, þurrt og lágsett sól, sem skein beint í augu ökumanns.

Á sama tíma fór fram hreinsun á Miklubraut á vegum Reykjavíkurborgar. Af því tilefni hafði Reykjavíkurborg tekið á leigu vörubifreiðina R 7244, sem er af Chevrolet gerð. Eigandi hennar er stefndi Haraldur Ólafsson, en vátryggjandi stefndi Hagtrygging h/f. Stjórnandi bifreiðarinnar var hins vegar Guðmundur Sigurgeirsson, Grandavegi 31, Reykjavík, en hann er nú látinn. Bifreiðin ók á vegum vörubifreiðastöðvarinnar Þróttar, og virðist Guðmundur hafa farið með stjórn hennar umrætt sinn á vegum eiganda hennar.

Tveir starfsmenn Reykjavíkurborgar, þeir Höskuldur Ottó Guðmundsson verkamaður og Skúli Ísleifsson verkamaður, fóru með vörubifreiðinni og unnu að hreinsun götunnar umrætt sinn.

Byrjað var að hreinsa Miklubrautina frá Kringlumýrarbraut. Var bifreiðinni ekið meðfram götubrúninni til austurs, en áðurgreindir verkamenn mokuðu jafnóðum á bifreiðina, þar sem þess þurfti.

Engin varúðarmerki voru á vörubifreiðinni umrætt sinn né á akbrautinni, sem gáfu til kynna, að verið væri að vinna við bifreiðina. Á hinn bóginn sýnist búnaður bifreiðarinnar R 7244 hafa verið fullnægjandi að undanteknu númersljósi.

Þegar atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er sprottið af, var bifreiðarstjóri bifreiðarinnar R 7244 nýbúinn að færa bifreiðina, og var hún nú staðsett við nyrðri götubrún Miklubrautar við mynni innakstursins að Shell-bensínstöðinni við Miklubraut. Framhluti vörubifreiðarinnar var kominn inn í innakstur þennan að nokkru leyti, en hægra afturhorn vörubifreiðarpallsins skagaði út í akbrautina. Vörubifreiðin var þá kyrrstæð, en bifreiðarstjóri hennar stóð á hemilsfetlinum, og mennirnir, sem unnu við hana, voru við vinstri hlið hennar aftarlega.

Í ómótmæltri matsgerð, sem fram hefur farið um stöðu bifreiðanna á því augnabliki, sem áreksturinn varð, kemur fram, að vegalengdin frá akbrautarkanti að miðlínu akbrautar er 3.75 m. Breidd innkeyrslu að Shell-bensínstöð var ekki nema 1.03 m, þar sem áreksturinn varð, og skagaði hægra pallhorn vörubifreiðarinnar því um 1.30 m inn á vinstri (nyrztu) akrein Miklubrautarinnar, þannig að aðeins voru 2.45 m hindrunarlausir framundan að miðlínu akbrautar. Breidd vörubifreiðarinnar var 2.28 m.

Eins og kunnugt er, var vinstri handar akstur á þessum tíma. Er nú ekki að orðlengja það, að bifreiðarstjóri G 2918 ók austur Miklubraut á vinstri (nyrztu) akrein.

Er hann kom á móts við innkeyrsluna á Shell-bensínstöðinni, sýnist hann hafa ekið viðstöðulaust á hægra pallhorn vörubifreiðarinnar. Árekstur þessi var mjög harður. Hús jeppabifreiðarinnar rifnaði af henni að mestu leyti, og ökumaður jeppabifreiðarinnar, Ásgeir Sigurgeirsson, sem var einn í bifreiðinni, sýnist hafa látizt samstundis.

Við árekstur inn kastaðist vörubifreiðin lítið eitt áfram, en jeppabifreiðin rann fram með henni og staðnæmdist við hægri hlið hennar.

2.2. Vitnið Guðmundur Guðmundsson var flokksstjóri hjá hreinsunardeild Reykjavíkurborgar. Hér fyrir dómi hefur hann skýrt frá málavöxtum á þá leið, að hann hafi séð, að rusl hafi dottið á götuna á svipuðum stað og slysið varð. Kvaðst vitnið hafa beðið áðurnefnda starfsmenn Reykjavíkurborgar, þá Höskuld Ottó Guðmundsson og Skúla Ísleifsson, að fara á vettvang ásamt vörubifreið til þess að hirða upp ruslið. Jafnframt hafi þeir átt að hreinsa lítils háttar frá niðurföllum. Nú sagði vitnið, að það væri ýmist, að hann færi sjálfur með í svipaðar eða áþekkar ferðir og þetta, en þó ekki nærri alltaf. Í slíkum tilfellum og þessum hafi bifreiðar þær, sem teknar hafi verið á leigu hjá Þrótti, yfirleitt verið merktar með vegavinnumerki, sem hafi verið sett á skjólborð, og hafi Reykjavíkurborg lagt til vegavinnumerkið. Vitnið sagði, að það hafi ekki verið sérstaklega brýnt fyrir sér, að slíkt vegavinnumerki ætti að fylgja vörubifreiðum, en vitnið kveðst hafa vitað, að slíkt vegavinnumerki hafi átt að fylgja. Um nánari framkvæmd slíkra gatnahreinsana sagði vitnið, að bifreiðarstjóri þeirrar bifreiðar, sem í hlut á, sitji inni í bifreiðinni og það sé tiltölulega lítil stund, sem bifreið stöðvi á hverjum stað, á meðan rusli sé komið á hana.

Vitnið Sveinbjörn Hannesson var yfirverkstjóri hjá hreinsunardeild Reykjavíkurborgar á þessum tíma. Hann sagði, að í slíkum tilfellum, sem hér um ræðir, taki Reykjavíkurborg vörubifreiðar á leigu frá Þrótti, en ráðningarskrifstofa Reykjavíkurborgar ráði bifreiðar þessar í vinnu til Reykjavíkurborgar. Hann upplýsti, að þegar götuhreinsun fari fram, sé það ýmist, að flokksstjóri sé á vettvangi eða ekki. Hann kvaðst ekki muna, hvort bifreiðar, sem unnu við götuhreinsun, hafi verið merktar með sérstöku aðvörunarmerki á þeim tíma, sem slysið varð, en hins vegar sagði hann, að nú væru sérstök aðvörunarmerki á vörubifreiðum, sem sendar séu í slíkar hreinsunarferðir.

Í framburði Guðmundar Sigurgeirssonar, bifreiðarstjóra G 7244,

hjá rannsóknarlögreglunni kemur fram, að hann hafi verið nýbúinn að færa bifreiðina og hafi hún verið staðsett við nyrðri götubrún í mynni útskotsins við innkeyrslu að bensínstöð Shell, þegar ekið hafi verið aftan á hana. Um það leyti hafi akbrautin verið þurr, mjög mikið sólskin og sólin lágsett og hafi hún verið í augu ökumanns þess, sem ekið hafi austur Miklubraut. Vörubifreiðin muni hafa skagað eitthvað með hægra afturhorn vörupallsins út í akbrautina, en engin varúðarmerki hafi verið á pallhorninu né á akbrautinni, sem gæfu til kynna, að um kyrrstæða bifreið væri að ræða eða verið væri að vinna við hana.

Hann sagði, að þegar um slíka atvinnu væri að ræða, æki hann aðeins stuttan spöl í einu og stæði þá ævinlega á hemlum bifreiðarinnar, til þess að hemlaljósin geti gefið til kynna kyrrstöðu hennar.

Höskuldur Ottó Guðmundsson verkamaður skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hafi farið til vinnu sinnar kl. 0720 og verið sóttur af ökumanni R 7244. Starfið hafi átt að byrja á því að hreinsa frá niðurföllum á Miklubrautinni og hafi þeir farið þangað, þegar vinnan hafi byrjað. Hafi þeir verið komnir að innkeyrslu að bensínstöð Shell og hafi bifreiðin verið komin inn innkeyrsluna að nokkru leyti, en þó hafi afturhorn bifreiðarinnar skagað út í akbrautina. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð, en engin varúðarmerki hafi verið á akbrautinni né bifreiðinni, sem hafi sýnt, að vinna stæði þarna yfir. Þessi vinna hafi farið fram samkvæmt skipun verkstjóra hans.

Kvaðst vitnið hafa farið fyrst aftur fyrir vörubifreiðina ásamt vinnufélaga sínum til þess að athuga niðurfall þar og hafi sér þá verið litið vestur Miklubrautina. Taldi vitnið sig þá hafa séð bifreiðina G 2918 á leið austur brautina, en vitnið kvaðst ekkert geta sagt um hraða hennar, því að það hafi ekki veitt henni það mikla athygli. Taldi vitnið þó, að henni hafi ekki verið ekið ýkja hratt. Sagði vitnið, að þar sem ekkert hafi verið að gera fyrir þá vinnufélaga við niðurfallið, sem var fyrir aftan vörubifreiðina, þá hafi það sagt við vinnufélaga sinn, Skúla Ísleifsson, að koma upp á grasflötina norðanvert við Miklubrautina til þess að athuga, hvort nokkuð rusl væri þar. Kvaðst vitnið hafa verið komið rétt frá vörubifreiðinni upp á grasflötina, þegar það hafi heyrt smell, og kvaðst vitnið þá hafa séð, að þarna hefði orðið slys.

Vitnið gat þess, að þegar þeir hafi hafið vinnu sína, hafi ekkert sólskin verið, en þegar slysið hafi skeð, þá hafi verið að létta til, en samt ekki komið sterkt sólskin. Eftir slysið hafi verið mikil

sólbirta, sem muni hafa skinið í augu ökumanna þeirra, sem hafi átt leið austur Miklubrautina.

Skúli Ísleifsson verkamaður segir í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni efnislega eins frá um tildrög slyssins og áður greindur Höskuldur. Hann sagði, að þegar þeir hafi byrjað að vinna, hafi verið sólarlaust, en um það leyti, sem slysið hafi skeð, hafi sólin verið komin upp, en hún hafi ekki skinið skært. Hann sagðist ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar G 2918, áður en slysið hafi skeð, og þess vegna ekkert geta sagt um ferð hennar.

Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni skýrði vitnið Ríkharð Meyvantsson vörubifreiðarstjóri svo frá: „Ég var á leið vestur Miklubraut á bifreið minni R 6227, og ók ég á vinstri akreininni. Engin umferð var á undan minni bifreið né á eftir, svo að ég hafði góða yfirsýn vestur brautina.

Þegar ég er rétt kominn að bensínstöð Shell, sem er sunnanverðu við Miklubrautina, tek ég eftir jeppabifreiðinni G 2918, sem ekið var austur Miklubrautina á hægri akreininni, og fannst mér bifreiðinni ekið á mikilli ferð. Ég var búinn að taka eftir kyrrstæðu vörubifreiðinni, nokkru áður en slysið varð, og sá ég menn vera að vina við hana.

Ég tek strax eftir því, að jeppabifreiðin stefndi á kyrrstæðu vörubifreiðina, og í bifreiðinni með mér var Karl, sem vinnur hjá Sláturfélagi Suðurlands við Grensásveg, og segi ég við hann: „Sérðu, nú ekur jeppinn á vörubifreiðina“, og eftir að ég er búinn að sleppa orðinu, þá tók ég eftir því, að hús jeppans splundrast.

Ég sá alveg að hverju stefndi með þessum akusturmáta ökumanns jeppans, og þar sem sólin var á eftir mér, sá ég þetta vel og var þess vegna nærri búinn að stöðva bifreið mína“.

Að öðru leyti skýrði vitni þetta svo frá, að mjög mikil sól hafi verið um þetta leyti og að hún hafi skinið í augu ökumanns þess, sem austur brautina hafi ekið, og kveðst vitnið hafa verið að furða sig á því, hvað ökumaður jeppabifreiðarinnar æki hratt, þar sem vitnið taldi víst, að sólarljósið væri honum til trafala við aksturinn. Kvaðst vitnið sjálft ekki hafa treyst sér til að aka án sólgleraugna, þótt undan sól væri.

Vitnið Charlot Andreas Lilaa hefur m. a. skýrt svo frá um málsatvik hjá rannsóknarlögreglunni: „Ég var farþegi í bifreiðinni R 6327, sem Ríkharð Meyvantsson ók, og var ferð okkar heitið vestur Miklubraut. Það mun hafa verið rúmlega kl. 0800, sem við vorum á þessari leið, og um þetta leyti var sólskin enn

ekki ýkja mikið. Við vorum staddir rétt austan við bensínstöð Shell, sem er þarna sunnanverðu við Miklubrautina, og vorum við að tala saman, og þá mun ég hafa litið í áttina til ökumanns eða til vinstri.

Á því augnabliki segir ökumaðurinn við mig „sérðu" og bendir í áttina norður yfir akbrautina, og þá lít ég við og sé þá skæðadrífu af braki þeytast út í loftið".

Vitnið kvaðst hafa verið búið að veita báðum bifreiðunum athygli, áður en slysið skeði, þ. e. vörubifreiðinni, sem kyrrstæð hafi verið, og eins jeppabifreiðinni, sem ekið hafi verið austur Miklubraut. Hafi henni verið ekið á nokkuð mikilli ferð, en ekki neinum ofsahraða, og kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir því, að ökumaðurinn gerði neina tilraun til þess að víkja frá hinni kyrrstæðu vörubifreið.

Tveir lögregluþjónar hafa gefið skýrslu um málsatvik. Fóru þeir báðir á vettvang strax eftir slysið. Skýrsla þeirra beggja er efnislega samhljóða um það, að sól hafi verið mjög lágt á lofti og að erfitt hafi verið að aka austur Miklubraut vegna hennar, þegar þeir héldu á slysstað.

3.0.

3.1. Í sóknarskjölum kemur fram, að vörubifreiðin hafi verið þannig staðsett, að pallur hennar hafi skagað út í Miklubrautina. Vörubifreiðin hafi verið stödd þarna á vegum Reykjavíkurborgar og hafi verkamenn verið með bifreiðinni við hreinsunarstörf.

Telja stefnendur, að með því að stöðva bifreiðina R 7244 á þeim stað og við þær aðstæður, sem hafi verið á slysstað, hafi bifreiðarstjórinn bakað sér bótaábyrgð samkvæmt 3. mgr. 69. gr. laga nr. 26/1958, þar sem hún hafi verið stöðvuð á ólögmætan hátt og þannig, að sórkostlegri hættu hafi valdið fyrir alla þá, sem hafi ekið eftir hinni fjölförnu Miklubraut. Telja stefnendur, að brot bifreiðarstjórans hafi verið verulegra fyrir þá sök, að hann hafi sjálfur horft á móti sól og því hafi honum mátt vera ljós sú hætta, sem af stöðu bifreiðar hans leiddi. Með þessu hafi bifreiðarstjórinn gerzt brotlegur við 37. gr., 43. gr., 51. gr., 54. gr. umferðarlaganna nr. 26/1958 og sé hann bótaskyldur samkvæmt þeim og almennum skaðabótareglum.

Eigandi bifreiðarinnar beri einnig ábyrgð samkvæmt 67. gr. og 68. gr. umferðarlaganna nr. 26/1958, en Hagtryggingu h/f sé meðstefnt samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. sömu laga.

Kröfur á hendur Reykjavíkurborg eru á því reistar, að hún

hafi séð um og borið ábyrgð á hreinsunarstarfinu. Sá starfsmaður Reykjavíkurborgar, sem ábyrgð hafi borið á verkinu, hafi eigi hirt um að setja upp varúðarmerki, enda þótt þau hafi verið til í eigu Reykjavíkurborgar og auðvelt hafi verið að koma þeim við. Slíkt hafi verið bótaskyld vanræksla, sem hafi bæði stofnað starfsmönnum Reykjavíkurborgar í stórhættu og öðrum vegfarendum. Telja stefnendur, að þessi vanræksla sé brot á 7. mgr. 66. gr. laga nr. 26/1958 per analogiam og beri Reykjavíkurborg af þeim sökum meðábyrgð á slysinu samkvæmt reglu um ábyrgð húsbónda á mistökum starfsmanna sinna.

Ekki telja stefnendur, að ástæða sé til sakarskiptingar í málinu. Þeir benda á, að um sé að ræða eina fjölförnustu götu bæjarins, þar sem leyfður sé 60 km hraði á klukkustund. Bannað sé að leggja bifreiðum við götu þessa og hafi því bifreiðarstjóri G 2918 verið grandalaus um hindrun þá, sem var á veginum. Þá sé og ekkert fram komið, sem bendi til þess, að bifreiðarstjóri G 2918 hafi ekið of hratt miðað við aðstæður.

3.2. Dómkröfurnar eru að verulegu leyti byggðar á örorkuútreikningi cand. act. Bjarna Þórðarsonar, og samkvæmt venju er ástæða til að rekja hér útreikning þennan í heild sinni:

„Hafnarfirði, 18. des. 1967.

Hr. hdl.
Benedikt Sveinsson,
Austurstræti 17, Reykjavík.

Skaðabótamál eftir Ásgeir Sigurgeirsson, Melabraut 47, Seltjarnarnesi, vegna dauðaslyss 2. okt. '67.

Ásgeir Sigurgeirsson lézt af slysförum þann 2. okt. 1967. Ásgeir heitinn er sagður fæddur 8. júlí 1932 og hefur samkvæmt því verið 35 ára, er hann lézt.

Hann lét eftir sig ekkju, Margréti Hallsdóttur, fædd 16. júlí 1935, og þrjár dætur, Ásdísi Eddu, fædd 9. jan. 1956, Hafdísi Höllu, fædd 23. júní 1961, og Jóhönnu Báru, fædd 12. febr. 1963.

Samkvæmt staðfestum ljósmyndum af skattframtölum Ásgeirs heitins voru vinnutekjur þeirra hjóna þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysið sem hér segir:

	Tekjur Ásgeirs:	Tekjur Margrétar:
Árið 1964	kr. 220.474.00	kr. 35.405.00
— 1965	— 251.800.00	— 50.799.00
— 1966	— 247.903.00	— 93.505.00

Ásgeir aflaði tekna sinna að langmestu leyti með kennslustörfum við Vogaskólann í Reykjavík. Skólaárið 1964—1965 gegndi hann skólastjórastörfum í veikindaforföllum skipaðs skólastjóra, og frá 1. sept. 1965 var hann lausráðinn yfir- og eftirlitskennari og 1. sept. 1967 fastráðinn sem slíkur.

Ég hefi áætlað Ásgeiri heitnum vinnutekjur, ef honum hefði orðið lífs auðið á tvo vegu.

I. Ég hefi umreiknað vinnutekjur áranna 1964—1966 til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt þeim breytingum, sem orðið hafa á launakjörum barnakennara. Þannig umreiknaðar nema tekjurnar kr. 304.516.00 fyrsta árið eftir slysdag og kr. 307.900.00 á ári síðan. Samkvæmt venju geri ég ráð fyrir, að frú Margrét hefði notið tekna þessara til jafns við mann sinn, þegar frá þeim hefur verið dreginn framfærslueyrir til dætra þeirra, þar til þær hafa náð 16 ára aldri, sem ég geri ráð fyrir, að sé jafnhár barnalífeyri almannatrygginga.

Verðmæti þess tekjutaps, sem frú Margrét verður fyrir við fráfall Ásgeirs, reiknast mér nema á slysdegi: kr. 1.697.012.00.

Við þennan útreikning er notuð lífrenta á líf beggja, þar sem reiknað er með starfshæfu lífi fyrir hann.

II. Þessi launaáætlun gerir ráð fyrir: 1) Launum barnakennara samkvæmt 16. launaflokki opinberra starfsmanna, 2) launum fyrir yfir- og eftirlitskennarastörf, en þau nema nú kr. 6.486.00 á mán., eða kr. 77.832.00 á ári og 3) launum fyrir sumarstörf, sem ég áætla kr. 33.085.00 á ári, en Ásgeir heitinn starfaði tvö undanfarin sumur við Dvalarheimilið að Jaðri, og samkvæmt upplýsingum Jóhanns Björnssonar, gjaldkera Jaðarsnefndar, voru laun hans s.l. sumar kr. 32.000.00. Mér hefur ekki tekizt að afla upplýsinga um áætlaðar greiðslur fyrir aukakennslu, forfallakennslu og heimavinnu frá byrjun þessa skólaárs, sem hefði verið æskilegt í þessari launaáætlun.

Áætlaðar launatekjur samkvæmt 1), 2) og 3) nema kr. 288.211.00 fyrsta árið eftir slysið og kr. 290.377.00 á ári síðan.

Verðmæti tekjutaps frú Margrétar, reiknað á sömu forsendum og í fyrri áætluninni, nemur á slysdegi kr. 1.592.579.00.

Verðmæti tekjutaps vegna aukakennslu, forfallakennslu og heimavinnu reiknast mér nema á slysdegi kr. L · 5.99332, þar sem L er árleg laun fyrir þessa vinnu.

Á sama hátt verður að gera ráð fyrir, að Ásgeir heitinn hefði notið tekna frú Margrétar til jafns við hana. Hún mun hafa aflað tekna sinna árin 1964—1966 með ræstingarstörfum utan kr.

22.500.00 árið 1966, sem hún fékk fyrir störf við Dvalarheimilið að Jaðri. Ég hef umreiknað tekjurnar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt þeim breytingum, sem orðið hafa á kauptöxtum fyrir ræstinugu.

Reiknast mér ársmeðaltalið kr. 75.851.00 fyrsta árið eftir slysið og kr. 76.478.00 á ári síðan. Helmingur þess reiknast frú Margréti til tekna, og nemur verðmæti þess helmings á slysdegi kr. 457.235.00, sem skal dragast frá verðmæti tekjutaps hennar. Við þennan útreikning er notuð lífrenta á líf beggja, þar sem reiknað er með starfshæfu lífi fyrir hana.

Við fráfall Ásgeirs verður að telja, að dætur hans hafi misst framfærslueyri. Við útreikning á verðmæti þessa taps geri ég ráð fyrir, að framfærslueyririnn sé jafnhár barnalífeyri frá almannatryggingum og hefði greiðzt til fulls 16 ára aldurs.

Verðmæti þessa taps reiknast mér nema á slysdegi:

Fyrir	Ásdísi Eddu	kr. 58.948.00
—	Hafdísi Höllu	— 113.415.00
—	Jóhönnu Báru	— 125.512.00

Í útreikningunum hefur hvergi verið gert ráð fyrir frádrætti vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hefi ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla og kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu".

Stefnendur hafa tvívegis látið reikna út tjón sitt að nýju og nú síðast 7. september 1970. Ekki þykir ástæða til þess að rekja útreikninga þessa nánar hér, enda eru þeir byggðir upp á sömu sjónarmiðum og hinn fyrsti að öðru leyti en því, að tekið hefur verið tillit til breytinga á kauplagi og barnalífeyri, frá því að fyrsti útreikningur fór fram.

Stefnukröfurnar eru nú miðaðar við síðasta útreikning tryggingafræðingsins þann 7. september 1970, og hafa stefnendur nánar sundurliðað dómkröfurnar þannig:

„A. Bætur til Margrétar J. Halldórsdóttur fyrir missi framfæranda kr. 1.811.437.00
Sundurliðun:
Tekjutap byggt á 1) áætluðum launum Ásgeirs heitins Sigurgeirssonar sem barnakennara í 16.

launaflokki opinberra starfsmanna, 2) launum hans fyrir yfirkennara- og eftirlitsstörf og 3) launum fyrir sumarstörf (miðað við störf Ásgeirs að Jaðri 1967). Samtals liðir 1)—3), kr. 2.248.526.00
4) áætlað tekjutap vegna greiðslna fyrir aukakennslu, forfallakennslu og heimavinnu (40.000.00 kr. pr. annum 5.993 eftir formúlu Bjarna Þórðarsonar) — 220.720.00

Kr. 2.469.246.00

Frá þessari tölu dregst helmingur áætlaðra vinnutekna Margrétar J. Hallsd. — 657.809.00

Kr. 1.811.437.00

B. Miskabætur til Margrétar J. Hallsdóttur fyrir röskun á stöðu og högum, þjáningu etc. . . . . kr. 200.000.00

Krafa vegna ekkjunnar:

Samkvæmt A) kr. 1.811.437.00
B) — 200.000.00

Samtals kr. 2.011.437.00

Kröfur um bætur til dætranna sundurliðast svo:

Ásdís Edda Ásgeirsdóttir:
Fyrir missi framfæranda . . . . . kr. 72.013.00
Miskabætur . . . . . — 200.000.00

Hafdís Halla Ásgeirsdóttir:
Fyrir missi framfæranda . . . . . — 152.465.00
Miskabætur . . . . . — 200.000.00

Jóhanna Bára Ásgeirsdóttir:
Fyrir missi framfæranda . . . . . — 170.334.00
Miskabætur . . . . . — 200.000.00

Kröfur því samtals kr. 3.006.249.00".

Um verðmæti þeirra greiðslna, sem stefnendur fá frá ýmsum aðiljum, hefur verið lagt fram svohljóðandi skjal í málinu, samið af Bjarna Þórðarsyni, cand. act.:

„Skaðabótamál eftir Ásgeir Sigurgeirsson.

Þér hafið óskað eftir viðbótarútreikningum vegna skaðabótamáls eftir Ásgeir heitinn Sigurgeirsson yfirkennara, en ég hefi gert þrjá útreikninga vegna þessa máls, dags. 18. des. 1967, 15. júní og 7. sept. 1970. Þeir miða allir við sömu forsendur að öðru leyti en því, að þeir miða við mismunandi kaupgjald og barnalífeyrisupphæðir. Þér hafið óskað eftir útreikningi á verðmæti hinna ýmsu greiðslna, sem ekkja Ásgeirs heitins, frú Margrét Hallsdóttir, og dætur þeirra hjóna hafa öðlazt rétt til við fráfall hans.

1. Mæðralaun. Frú Margrét öðlaðist rétt til mæðralauna, er hún varð ekkja, og á rétt á þeim, þar til yngsta dóttirin nær 16 ára aldri, eða til febrúarloka 1979. Mæðralaunin eru mismunandi há eftir því, hvað börn undir 16 ára aldri eru mörg. Nú eru árleg mæðralaun með þremur börnum eða fleiri kr. 51.756.00, með tveimur börnum kr. 25.872.00 og með einu barni kr. 4.764.00. Réttur til mæðralauna fellur niður, ef stofnað er til hjúskapar að nýju.

Verðmæti þeirra mæðralauna, sem frú Margrét öðlaðist rétt til, reiknast mér nema á dánardegi Ásgeirs heitins kr. 247.359.00.

Útreikningur þessi er miðaður við lífrentu á líf hennar, en hins vegar er ekki tekið tillit til hugsanlegrar lækkunar eða brottfalls mæðralaunanna vegna fráfalls einhverra af dætrunum eða hjúskapar.

2. Slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þar sem Ásgeir heitinn ók bifreið, er hann varð fyrir slysi því, sem varð honum að bana, öðlaðist frú Margrét rétt til ekkjubóta samkvæmt 37. gr. laga um almannatryggingar. Bætur þessar greiðast í átta ár og hafa numið þessum upphæðum:

Okt.—des. 1967	kr. 3.493.00	á mán.
Jan.—des. 1968	— 3.842.00	- —
Jan.—des. 1969	— 4.495.00	- —
Jan.—júní 1970	— 4.729.00	- —
Júlí 1970	— 5.675.00	- —

Verðmæti þessara slysabóta reiknast mér nema á dánardegi Ásgeirs heitins kr. 373.640.00, og er útreikningurinn miðaður við lífrentu á lífi hennar.

3. Makalífeyrir frá Lífeyrissjóði barnakennara.

Ásgeir heitinn var sjóðfélagi í Lífeyrissjóði barnakennara og

hafði verið það í 12 ár og 5 mánuði, er hann lézt. Frú Margrét öðlaðist rétt til makalífeyris úr sjóðnum, og nemur hann 32.42% af launum samkv. 16 launaflokki opinberra starfsmanna miðað við 8 ára starfsaldur. Lífeyrisgreiðslur hófust þremur mánuðum eftir lát Ásgeirs og nema nú miðað við kauptaxta 1. sept. s.l. kr. 83.488.00 á ári. Verðmæti þessara lífeyrisgreiðslna reiknast mér nema á dánardegi Ásgeirs heitins kr. 1.050.543.00, og er þá miðað við lífrentu á líf hennar.

Hins vegar missir hún af því að njóta með manni sínum þess ellilífeyris, sem hann hefði átt rétt til, ef hann hefði verið á lífi eftir 65 ára aldur og hún þá einnig verið á lífi. Einnig hefði hún öðlazt rétt til makalífeyris, ef hann hefði fallið frá á undan henni og sá makalífeyrir hefði farið hækkandi. Verðmæti þeirra lífeyrisréttinda, sem hún þannig tapar af, reiknast mér nema kr. 161.576.00, þannig að nettóverðmæti ílfeyrisréttindanna nemur mismuninum hér á, eða kr. 888.967.00.

4. Lífeyrir til dætra Ásgeirs heitins.

Dætur þeirra hjóna öðlast rétt til barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins til fulls 16 ára aldurs og rétt til hálfs þess lífeyris til 16 ára aldurs og eins og hálfs þess lífeyris frá 16 ára aldri til 18 ára aldurs þannig, að samtals fá þær hver um sig einn og hálfan barnalífeyri til 18 ára aldurs. Ég hefi ekki reiknað út verðmæti þessara lífeyrisréttinda.

Við framangreinda útreikninga hefur ekki verið tekið tillit til opinberra gjalda. Þá hefur ekki verið greint frá launagreiðslum eftir lát Ásgeirs heitins.

Reiknigrundvöllur útreikninganna er hinn sami og í fyrri útreikningum".

Kröfur stefnenda um miskabætur eru á því byggðar, að stefnendur hafa orðið fyrir ástvinamissi og orðið að þola mikla röskun á stöðu og högum.

Krafa stefnenda um lögveðrétt er byggð á 69. gr., sbr. 67. gr. laga nr. 26/1958.

3.3. Kröfur stefndu Haralds Ólafssonar og Hagtryggingar h/f í máli þessu eru á því reistar, að þeir hafi enga sök átt á umræddu slysi og geti ekki borið ábyrgð á afleiðingum þess á þeim grundvelli né heldur verði ábyrgðin á þá felld á þeim forsendum. Það geti sízt orðið með því að vísa til atferlis ökumanns bifreiðarinnar R 7244, þar sem hann hafi enga möguleika haft til að afstýra slysinu og verði ekki með neinu móti um það kennt.

Í greinargerð þeirra segir, að Haraldur Ólafsson, sem sé vörubifreiðarstjóri að atvinnu, hafi ekki getað stundað það starf á undanförnum árum vegna lasleika. Því hafi aðrir ekið bifreið hans fyrir hann, en hún hafi tilheyrt vörubifreiðastöðinni Þrótti. Bifreiðin hafi verið á leigu hjá Reykjavíkurborg ásamt ökumanni, þegar slysið hafi orðið, og þannig á ábyrgð borgaryfirvalda. Hagsmunir þeirra hafi því verið fyrst og fremst þeir að fylgja í hvívetna þeim fyrirmælum, sem um vinnuna voru gefin af hálfu vinnuveitandans.

Lögð er sérstök áherzla á það, að ökumaður bifreiðarinnar R 7244 eða eiganda hennar verði með engu móti sakaðir um neinn vanbúnað varðandi slysið. Varúðarmerki bifreiðarinnar hafi verið í góðu lagi og ökumaður hennar gætt allrar þeirrar varúðar, sem af honum verði krafizt, m. a. þess að staðsetja bifreiðina eins utarlega við götuna og aðstæður leyfðu. Er því haldið fram, að ef búnaður bifreiðarinnar sem ökutækis nái ekki til þess að veita fullkomið umferðaröryggi við þá vinnu, sem um sé að ræða, þá sé ekki við ökumann hennar eða eiganda að saka, heldur þann einan, sem vinnunni ráði. Vinna bifreiðarinnar hafi að þessu sinni verið unnin fyrir Reykjavíkurborg eftir þeim venjum, sem um slíka vinnu hafi myndazt undir þeirri verkstjórn, sem séð hafi verið fyrir af hálfu borgarinnar. Það sé ekki á valdi annars en þess, sem kostnaðinn hafi af vinnunni og ábyrgð beri á henni, að sjá fyrir viðvörunarráðstöfunum eins og þeim, sem stefnendur telja hafa skort á slysstað.

Því er mótmælt, að bifreiðin hafi verið stöðvuð á ólöglegan hátt og ólöglega staðsett á götunni. Bifreiðin hafi þvert á móti verið við lögleg og nauðsynleg störf við viðhald götunnar og staðsett eftir því, sem venja hafi verið um þá vinnu. Hún hafi í fyllsta máta verið lögleg hindrun og meðal þess, sem menn megi jafnan búast við að mæta á förnum vegi og verði að taka tillit til við akstur sinn.

Á hinn bóginn telja þessir stefndu sannað í málinu með framburði vitna og skoðun á vettvangi, að ökumaður bifreiðarinnar G 2918 hafi ekið beint og viðstöðulaust aftan á vörubifreiðina án þess að verða hennar nokkru sinni var. Engin hindrun hafi verið á götunni, sem hafi byrgt honum sýn eða truflað hann við aksturinn. Hins vegar hafi hann ekið á móti lágsettri morgunsól, sem kunni að hafa blindað hann. Að vísu beri vitnunum ekki fyllilega saman um, hve sterkt sólskinið hafi verið, þegar slysið hafi skeð, en sýnt sé, að það hafi verið til mikils trafala við

akstur, þegar komið var á vettvang. Það sé frumkrafa, sem gera verði til hvers ökumanns, að hann viti, hvert hann sé að fara og hvað sé á veginum. Sé honum erfitt að gera sér grein fyrir þessu, verði hann skilyrðislaust að haga akstri sínum í samræmi við þær aðstæður. Séu umferðarlög nr. 26/1958 byggð á þessari grundvallarreglu, t. d. 1. og 2. mgr. 49. gr. laganna.

Ljóst sé af atvikum, að hinn látni ökumaður G 2918 hafi brugðizt þessari frumskyldu í þetta sinn. Hann hafi ekið bifreið sinni allt of hratt miðað við aðstæður og haldið leiðar sinnar án þess að vita, hvað framundan var. Sjónarvottum hafi verið ljóst, að hverju stefndi, og séð, að um feigðarakstur var að ræða. Telja stefndu því, að með tilliti til þessa virðist mega slá því föstu, að litlu skipti eða engu um aðdraganda slyssins, hvort vörubifreiðin hafi verið staðsett innar eða utar á götunni, þar sem atvik bendi til, að slysið hefði orðið allt að einu, þótt reynt hefði verið að auðkenna hana eða vinnustæðið með sérstökum aðvörunarmerkjum.

Varðandi varakröfu benda stefndu Haraldur Ólafsson og Hagtrygging h/f á, að ábyrgð á slysi hins látna hljóti að hvíla á honum sjálfum í yfirgnæfandi mæli, hvernig svo sem málið fari að öðru leyti. Auk þess telja þeir, að bótakröfur stefnenda séu til muna of hátt áætlaðar og eigi þetta einkum við um hinar umstefndu miskabætur. Varðandi bótakröfur varðandi missi framfæranda er þess krafizt, að lögð verði til grundvallar skattframtöl þriggja síðustu ára fyrir slysið. Enn fremur er á það bent, að ekki hafi verið tekið tillit til greiðslna þeirra, sem stefnendur eigi rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóði barnakennara. Þá hafi heldur ekki verið reiknað með frádrætti vegna opinberra gjalda og fríðinda í því sambandi.

Loks er kröfu stefnenda um viðurkenningu lögveðréttar mótmælt, hversu sem málið fari, þar sem sérreglur umferðarlaga eigi ekki við um slysið.

3.4. Af hálfu stefnda borgarsjóðs Reykjavíkur hefur verið synjað bótaskyldu í fyrsta lagi af þeim sökum, að bifreiðin R 7244 hafi ekki verið í eigu borgarsjóðs né heldur hafi ökumaður þeirrar bifreiðar verið starfsmaður borgarsjóðs. Hafi verið um sök að ræða hjá ökumanni R 7244 í umrætt sinn, þá beri hann sjálfur alla bótaábyrgð ásamt skrásettum eiganda bifreiðarinnar samkvæmt umferðarlögum. Réttarsamband eiganda bifreiðarinnar R 7244 við borgarsjóð í umrætt sinn hafi verið venjulegt réttarsamband verkkaupa og verktaka, þar sem skrásettur eigandi bif-

reiðarinnar R 7244 sé verktaki, en ökumaður starfsmaður hans á hans ábyrgð.

Af þessum sökum hafi engin aðvörunarskylda hvílt á Reykjavíkurborg, hún hafi alfarið hvílt á bifreiðarstjóra. Til stuðnings þessari skoðun hefur verið vísað til 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 52. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Í öðru lagi er synjað um bótaábyrgð, þar sem skilyrði fyrir bótum vegna framkvæmda opinberrar þjónustu sé ekki fyrir hendi.

Í þriðja lagi er synjað bóta, þar sem staða bifreiðarinnar R 7244 geti ekki talizt saknæm í umrætt sinn og hafi ekki verið lagt öðru vísi en venja sé til og við hafi mátt búast og nauðsyn hafi krafizt.

Í fjórða lagi er því haldið fram, að ekki sé um bótaskyldu borgarsjóðs að ræða, þar sem slysið verði að teljast eigin sök ökumannsins í bifreiðinni G 2918.

Varakröfur stefnda borgarsjóðs eru á því byggðar, að ökumaður bifreiðarinnar G 2918 hafi ekið ógætilega miðað við aðstæður umrætt sinn og átt sjálfur mestan þátt í slysinu. Um aðrar ástæður til lækkunar, sem nefndar hafa verið af hálfu borgarsjóðs, vísast til 3.3. Loks er þess krafizt, að vextir séu miðaðir við dómsuppsögu.

4.0.

4.1. Stefndi Reykjavíkurborg hefur skyldu til að sjá um framkvæmd hreinsunar á götum borgarinnar og ber kostnað af henni. Til fullnustu þeirrar skyldu hafði hún m. a. í þjónustu sinni vörubifreið frá vörubifreiðastöðinni Þrótti, eins og rakið hefur verið.

Samkvæmt 43. gr. og 6. mgr. 66. gr., per analogiam, laga nr. 26/1958 bar fyrirsvarsmönnum hreinsunardeildar Reykjavíkurborgar að sjá svo um, að sú hreinsun færi fram, án þess að ónauðsynleg hætta skapaðist fyrir vegfarendur.

Umrætt sinn var vörubifreiðin stödd á hinni fjölförnu Miklubraut á svæði, þar sem leyfður er 60 km/klst. hámarkshraði. Á þeim stað, þar sem vörubifreiðin hafði staðnæmzt, er áreksturinn varð, er merkt akrein, en í e lið 5. mgr. 51. gr. laga nr. 26/1958 er lagt bann við því að stöðva eða leggja ökutæki á merktri akrein. Augljós hætta stafaði af stöðu vörubifreiðarinnar þarna á einni fjölförnustu götu borgarinnar, og var sú hætta stórlega

aukin við þau erfiðu aksturskilyrði, sem urðu um morguninn þann 2. október 1967, þegar árekstur inn varð.

Þegar athugaður er uppdráttur af aðstæðum, kemur í ljós, að með því að aka vörubifreiðinni um 8 metrum lengra til austurs inn á innaksturinn að Shell-bensínstöðinni, hefði mátt færa vörubifreiðina alveg út af akbrautinni. Þá er og ljóst af skjölum málsins, að viðeigandi og greinileg viðvörunarmerki voru ekki sett upp, þar sem götuhreinsunin fór fram.

Því hefur að vísu verið haldið fram, að þessar síðargreindu ráðstafanir hefðu ekki dugað, eins og aðstæðum var háttað. Þessi mótbára verður þó að teljast ósönnuð. Samkvæmt framansögðu voru því verulegir misbrestir á því, að starfsmenn Reykjavíkurborgar fullnægðu skyldu sinni í sambandi við áður tilvitnuð lagaákvæði.

Ber því Reykjavíkurborg bótaábyrgð á tjóni vegna framangreinds slyss, sbr. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 26/1958.

Í 2. 0. er því lýst, að vörubifreiðin R 7244, sem er í eigu stefnda Haralds Ólafssonar, hafi verið í vinnu hjá Reykjavíkurborg í umrætt sinn. Ekki verður þó talið, að það breyti þeirri skyldu vörubifreiðarstjórans að haga akstri og stöðu vörubifreiðarinnar í samræmi við framangreind ákvæði umferðarlaganna, sem áttu við þær aðstæður, sem urðu umrætt sinn.

Eins og að framan er rakið, skorti á, að þeim reglum væri framfylgt. Var því staða bifreiðarinnar ólögmæt, eins og á stóð. Er því skráður eigandi vörubifreiðarinnar, stefndi Haraldur Ólafsson, einnig bótaskyldur samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 26/1958 á tjóni því, sem af umræddu slysi hlauzt.

Stefndi Hagtrygging h/f var vátryggjandi umræddrar vörubifreiðar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Samkvæmt þessari grein, sbr. 2. mgr. 74. gr. sömu laga, er því Hagtrygging h/f einnig bótaskyld.

Það þykir sýnt, að skyggni hafi verið lélegt framundan bifreiðinni G 2918 vegna sólbirtu, þegar Ásgeir Sigurgeirsson ók austur Miklubraut umrætt sinn.

Þykir nægjanlega í ljós leitt, að Ásgeir heitinn hafi ekið ógætilega miðað við aðstæður og þannig gerzt brotlegur við 49. gr. laga nr. 26/1958 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Af þeim sökum verða stefnendur sjálfir að þola nokkra skiptingu sakarinnar.

Þegar atriði eru virt, þykir hæfilegt, að stefndu beri in solidum 3/5 hluta sakar en stefnendur 2/5 hluta.

4.2. Verður nú vikið að dómkröfum stefnenda, en þær eru sundurliðaðar í 3.2.

Við ákvörðun tekjutaps Margrétar J. Hallsdóttur þykir eiga að miða við umreikning tryggingafræðingsins á vinnutekjum Ásgeirs heitins árin 1964—1966, eins og nánar er lýst í 3.2. Samkvæmt nýjasta útreikningi tryggingafræðingsins nemur tekjutap Margrétar samkvæmt ofangreindu kr. 2.370.372.00 að frádreginni upphæð, sem svarar til helmings af áætluðum vinnutekjum hennar sjálfrar, sem nemur samkvæmt sama útreikningi kr. 657.809.00, eða kr. 1.712.563.00.

Ásgeir heitinn var sjóðfélagi í lífeyrissjóði barnakennara samkvæmt lögum þar um. Sjóðfélagar inna af hendi skylduframlag í sjóðinn ásamt launagreiðendum og ríkissjóði í vissum tilvikum.

Við fráfall Ásgeirs heitins öðlaðist Margrét rétt til lífeyris úr sjóðnum, og nemur nettóverðmæti þeirra lífeyrisréttinda kr. 888.967.00, sbr. 3.2.

Um verðmæti þessara lífeyrisréttinda, sem ekkjan á þannig rétt á, þykir eiga að beita grunnreglunni í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 og virða þau til frádráttar á kr. 700.000.00, sbr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Við fráfall Ásgeirs heitins öðlaðist Margrét einnig rétt til mæðralauna og ekkjubóta að verðmæti samtals kr. 620.999.00. Þessar bætur þykja eiga að koma til frádráttar bótakröfunum.

Þegar framanritað er virt og annað það haft í huga, sem hér þykir skipta máli, þykja bætur Margrétar fyrir missi fyrirvinnu og vegna röskunar á stöðu og högum, sem hún þykir einnig eiga rétt á, hæfilega ákveðnar í heild kr. 425.000.00.

Telja verður, að þær Ásdís Edda, Hafdís Halla og Jóhanna Bára Ásgeirsdætur eigi rétt á bótum úr hendi stefndu vegna missis framfæranda, sem fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi frá almannatryggingum og þeim lífeyri, sem þær að öðru leyti eiga von á (sbr. 3.2.).

Verður að reikna með, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem þær hefðu notið frá föðurnum, hefði numið hærri upphæð en því nemur.

Þegar þau atriði eru virt, sem hér þykja skipta máli, þykja bætur hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum kr. 80.000.00 til Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur, kr. 115.000.00 til Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur og kr. 120.000.00 til Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur.

Samkvæmt framanrituðu bera stefndu in solidum 3/5 hluta sakar,

og ber þeim því að greiða samtals til Margrétar J. Hallsdóttur kr. 255.000.00, til Ásdísar Eddu Ásgeirsdóttur kr. 48.000.00, til Hafdísar Höllu Ásgeirsdóttur kr. 69.000.00 og til Jóhönnu Báru Ásgeirsdóttur kr. 72.000.00.

Vexti ber að dæma af framangreindum fjárhæðum, og ákveðst vaxtafótur 7% á ári frá 2. október 1967 til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda Margréti J. Hallsdóttur sjálfri og vegna barna hennar málskostnað, samtals kr. 80.400.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnenda kr. 60.000.00 í málflutningslaun.

Að lokum má fallast á kröfu stefnenda um viðurkenningu á lögveðrétti í bifreiðinni R 7244 fyrir framangreindum fjárhæðum, sbr. 69. gr. laga nr. 26/1958.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Birgi Jónssyni og Vilhjálmi Þorlákssyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndu, borgarstjóri f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, Hagtrygging h/f og Haraldur Ólafsson, greiði in solidum stefnanda, Margréti J. Hallsdóttur, sjálfri kr. 255.000.00 og f. h. Ásdísar Eddu kr. 48.000.00, f. h. Hafdísar Höllu kr. 69.000.00 og f. h. Jóhönnu Báru kr. 72.000.00 ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, sem reiknist 7% ársvextir frá 2. október 1967 til greiðsludags.

Stefndu, borgarsjóður Reykjavíkur, Hagtrygging h/f og Haraldur Ólafsson, greiði stefnanda Margréti J. Hallsdóttur sjálfri og f. h. greindra barna hennar málskostnað, kr. 80.400.00, þar af hljóti skipaður talsmaður hennar, Benedikt Sveinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 60.000.00.

Lögveðréttur í bifreiðinni R 7244 er viðurkenndur fyrir framangreindum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. maí 1972.

Nr. 22/1972. **Gullsmiðir Steinþór og Jóhannes**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Björn Hermannsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Tollgjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1972 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að endurgreiða honum tollgjald, kr. 79.321.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrirtækinu Gullsmiðir Steinþór og Jóhannes var slitið 31. desember 1971, en samkomulag varð milli eigenda, að mál þetta yrði rekið í nafni þess hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. desember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 6. þ. m., hafa Gullsmiðir Steinþór og Jóhannes hér í borg höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni hinn 26. maí 1970, til endurgreiðslu ofgreiddra tollgjalda að fjárhæð kr. 19.321.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til greiðsludags svo og til

greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 11. febrúar 1969 flutti stefnandi út 170 kg. af gull- og silfuraffalli í einu lagi til vinnslu „á affallinu í hráefni", eins og segir í útflutningsskýrslu. Var affallið sent til firmans Johnson Matthey Chemicals Ltd., Englandi. Hinn 28. júní 1969 barst stefnanda sending frá hinu erlenda firma, er hafði að geyma gullplötur og duft 1.629 kg. að þyngd og silfurplötur og vír 4.070 kg. að þyngd. Á aðflutningsskýrslu er sú grein gerð fyrir sendingu þessari, að hér sé um að ræða málma, sem hafi verið endursendir eftir úrvinnslu. Stefnandi taldi sér aðeins bera að greiða toll af kostnaði við hreinsun málmanna í Englandi og öðrum áföllnum kostnaði ásamt flutningskostnaði og vátryggingu og næmi tollur þannig reiknaður kr. 10.222.00. Tollyfirvöld töldu hins vegar, að stefnanda bæri að greiða toll af öllu verðmæti sendingarinnar ásamt flutningskostnaði og vátryggingu, er samkvæmt því næmi kr. 89.543.00. Stefnandi greiddi þessa fjárhæð með fyrirvara og hefur nú höfðað mál þetta til endurgreiðslu á mismuni hennar og fjárhæðar þeirrar, sem hann taldi sér bera að greiða samkvæmt útreikningi sínum.

Í bréfi, sem lögmaður stefnanda ritaði Rannsóknastofnun iðnaðarins hinn 14. ágúst 1969, segir m. a.:

„Gullsmiðir hér á landi hafa jafnan haft þann hátt á, að þeir hafa haldið saman hroða, er safnast hefir á gólf þeirra og borð, svo og stundum síað þvottavatn og haldið til haga því, sem sezt hefir til. Er þetta gert í þeim tilgangi að safna úr þessu góðmálmum þeim, er í þessu finnast.

Í öðru lagi hafa þeir jafnan haldið saman silfursvarfi, er til hefir fallið, í því skyni að bræða það upp í plötur, vír eða stengur.

Sakir þess að hér á landi er ekki til stofnun, er leggi fyrir sig þvílíka vinnslu, hafa þeir orðið að senda þetta utan til hreinsunar, og hefir jafnan verið greiddur tollur af vinnslu og sendingarkostnaði einum.

Nú hafa tollyfirvöld breytt fyrri praxis sínum og krefja um toll af silfur- og gullverðinu sjálfu og bera þar fyrir sig 4. gr. tollskrárlaga nr. 7, 1963".

Óskaði lögmaðurinn eftir áliti rannsóknastofnunarinnar á því, hvort telja megi, að áðurgreindir málmar í svarfi og hroða „breyti svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir".

Svarbréf Rannsóknastofnunar iðnaðarins frá 26. ágúst 1969 er svohljóðandi:

„Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur móttekið bréf yðar, dags. 14. ágúst 1969, varðandi tollun á endurunnum afgöngum frá gull- og silfursmiðjum.

Afgangar þessir eru verðmæt hráefni, og erlendis eru sérstök fyrirtæki, sem annast endurvinnslu eða aðgreiningu og hreinsun afganganna í málma þá, sem eru í sem blanda í hroðanum, og þá gegn greiðslu hreinsunarkostnaðar.

Við hreinsunina breytist ekki eðli málmanna, og að áliti Rannsóknastofnunar iðnaðarins eru hinir hreinsuðu málmar eftir sem áður hráefni, ef þeir eru einungis í formi plötu eða vírs. Ef ágreiningur er vegna efnainnihalds afganganna, þá getur Rannsóknastofnun iðnaðarins skorið úr með einföldum efnagreiningum".

Hinn 21. nóvember 1969 ritaði lögmaður stefnanda fjármálaráðuneytinu bréf, þar sem hann skýrði það sjónarmið gullsmiða, að þeir telji óréttlátt, að þeir séu látnir greiða tollgjöld af gull- og silfurplötum, sem endurunnar eru úr svarfi og affalli, eins og um nýja vöru sé að ræða, en þeir færist hins vegar ekki undan að greiða toll af vinnslukostnaðinum. Kemur og fram í bréfinu, að hér sé um að ræða breytingu á fyrri framkvæmd tolllaga. Er jafnframt óskað eftir úrskurði ráðuneytisins um þetta efni.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 1. desember 1969, kemur fram, að ráðuneytið telji, að lagaheimild skorti til að innheimta aðflutningsgjöld af vinnslukostnaðinum eingöngu og samkvæmt alþjóðlegri tollskýrgreiningu sé hér um nýja vöru að ræða. Því beri að áliti ráðuneytisins að innheimta toll samkvæmt því.

Krafa stefnanda er byggð á ákvæði 4. gr. laga um tollskrá nr. 7/1963, sbr. nú lög nr. 1/1970. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að svarf og affall það, sem stefnandi hafi sent út til endurvinnslu erlendis, sé fallið til af málmum, sem áður hafi verið greiddir tollar af. Sökum þess að eigi sé til aðstaða hér á landi til að endurvinna málma þessa, sé nauðsynlegt að senda þá til erlendra vinnslustofnana. Þrátt fyrir vinnslu þá, sem málmarnir sæti, sé þar um að ræða sama hráefnið, sem komi aftur til landsins, og því sé ekki um það að ræða, að úr hráefninu séu unnir nýir hlutir. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með afstöðu þeirri, sem tollyfirvöld og fjármálaráðuneytið hafi tekið til máls þessa, sé um að ræða breytingu frá fyrri framkvæmd tolllaga varðandi þetta efni. Af hálfu stefnanda hefur verið bent

á tollafgreiðslur frá árunum 1952, 1962 og 1967, sem hafi verið framkvæmdar í samræmi við sjónarmið stefnanda máls þessa. Er því haldið fram, að tollgreiðendur þurfi ekki að sæta slíkri breytingu á áralangri framkvæmd tolllaga, sem sé þeim í óhag.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að ósannað sé, að munir þeir, sem hér er deilt um í málinu, séu þeir sömu og sendir voru á sínum tíma til útlanda til endurvinnslu. Þá er því haldið fram, að þótt stefnanda takist að sanna þetta, þá sé aðvinnslan þess eðlis, að undanþáguákvæði 1. málsgr. 4. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 taki ekki til hennar, heldur hafi munirnir breytt svo eðli sínu, að úr hafi orðið nýir munir og falli því undir 2. málsgr. 4. gr. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ef tekin sé ákvörðun um það, hvort aðvinnslan sé þess eðlis, að hún falli undir 1. málsgr. 4. gr. tollskrárlaganna eða ekki, megi hafa hliðsjón af því, hvert sé tollskrárnúmer hinnar útfluttu vöru og hvert sé tollskrárnúmer hinnar innfluttu vöru. Ljóst sé, að úrgangur góðmálma og afklippur teljist til nr. 71.11 í tollskrá, en hin innflutta vara í plötum eða stöngum teljist til nr. 71.05 eða nr. 71.07, eftir því hvort silfur eða gull um sé að ræða. Þá er því haldið fram, að tollstjórum beri að sjálfsögðu að fara eftir lögum við innheimtu tollgjalda og skjátlist þeim í einstöku tilfellum eða túlki lagaákvæði á annan hátt en vera ber, skapi það ekki bindandi fordæmi fyrir alla framtíð. Er viðurkennt, að það hafi borið við, að af tollgjaldasendingum eins og þeirri, sem fjallað er um í máli þessu, hafi verið innheimt á hinn mildari hátt, þ. e. af vinnslukostnaðinum einum. Er á það bent, að fjármálaráðherra, sem hafi yfirstjórn tollmála, hafi skorið úr ágreiningi um eðlis- og tollverð vöru eins og þeirrar, sem fjallað er um í máli þessu, sem Félag gull- og silfursmiða hafi borið undir ráðuneytið með bréfi frá 31. maí 1966. Hafi afstaða ráðuneytisins, sem kynnt hafi verið kæruaðilja með bréfi, dags. 16. september 1966, verið sú, að greiða bæri toll af fullu verðmæti varanna. Þar sem því hafi þá verið haldið fram við ráðuneytið, að hér væri verið að þyngja gildandi venju hjá tollstjóraembættinu í Reykjavík, hafi ráðuneytið fallizt á það munnlega við tollstjóraembættið, að af þeim sendingum, sem þá væru til afgreiðslu eða sannanlega í vinnslu erlendis, yrði tollur eingöngu heimtur af vinnslukostnaði. Til þessarar ákvörðunar megi rekja tollafgreiðsluna frá 1967, sem vitnað sé til af hálfu stefnanda í málinu, en hinar afgreiðslurnar séu eldri en þessi úrskurður ráðuneytisins. Er á það bent af hálfu stefnda, að vara sú, sem nú sé stefnt út

af, hafi verið flutt til landsins 26. júní 1969, eða nærri þrem árum eftir framangreindan úrskurð, og geti innflytjendur þessarar vöru, sem væntanlega séu aðiljar að Félagi íslenzkra gullsmiða, því ekki verið í góðri trú um, að undanþáguákvæði 4. gr. tollskrárlaga eigi við um þessa afgreiðslu.

Framkvæmd einstakra tollyfirvalda á lögum um tollskrá, sem reynist röng, bindur eigi stefnda sem æðsta framkvæmdavaldshafa um tollheimtu. Fjármálaráðherra hafði þegar á árinu 1966 úrskurðað sams konar ágreiningsefni og hér er til meðferðar, og var niðurstaðan andstæð sjónarmiði því, sem stefnandi byggir á. Verður því eigi talið, að stefndi verði á grundvelli fordæma bundinn við það sjónarmið við ákvörðun tolls af sendingu stefnanda, sem hann krefst. Eins og áður er rakið, sendi stefnandi í einu lagi gull- og silfuraffall til vinnslu hjá hinu erlenda fyrirtæki. Var unnið úr því 1.629 kg. af gulli að hreinleika 999 og 4.07 kg. af silfri að hreinleika 925. Kom gullið sem gullplötur og duft, en silfrið sem silfurplötur og vír. Verður að telja, að við þessa vinnslu affallsins hafi orðið slík breyting á eðli þess, að úr hafi orðið nýir hlutir, og því beri stefnanda að greiða af sendingunni toll í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 2. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1970. Eigi er ágreiningur um útreikning fjárhæðar tolls þess, sem stefnanda var gert að greiða. Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jóhanni Jakobssyni efnafræðingi og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gullsmiða Steinþórs og Jóhannesar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Jóhanns J. Ólafssonar.

Samkvæmt íslenzkum rétti ber að túlka lög, sem leggja gjaldskyldu á þegnana, þrengjandi lögskýringu, ef um íþyngjandi atriði er að ræða. 4. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 1/1970, tekur skýrt fram, að hún eigi við muni eða hluti, og samkvæmt eðli sínu er henni ætlað að fjalla eingöngu um einstaklega ákvarðaða

hluti andstætt ákvæðum VII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sem er víðtækari og fjallar um vörur. Verður því að álykta, að almennt ákvarðaðar vörur, svo sem hráefni það, er greinir í þessu máli, falli utan við 4. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 1/1970. Í samræmi við ofangreinda lögskýringu verður að telja, að 1. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 1/1970, eigi aðeins við um, að tollur verði greiddur einu sinni af hverri vöru, þegar hún er flutt í fyrsta skipti inn á tollsvæði ríkisins. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem leiðir rök að því, að hráefni það, sem greinir í þessu máli, sé annað en það, sem út var sent. Í samræmi við þetta ber aðeins að greiða toll af þeim liðum, sem ekki hafa verið tollaðir áður, þ. e. vinnslukostnaði og flutningskostnaði, svo sem haldið er fram af hálfu stefnanda og eigi er tölulegur ágreiningur um. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 14.000.00.

Dómsorð mitt verður því:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gullsmiðum Steinþóri og Jóhannesi, kr. 79.321.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. maí 1972.

Nr. 187/1971. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar** (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Reyni s/f (Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta var ekki lagt til sátta fyrir sáttamenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, en málið var eigi undanþegið sáttatilraun sáttamanna. Í þingbók var ekki heldur skráð við þingfestingu málsins yfirlýsing málsaðilja um, að útilokað væri, að sátt kæmist á í málinu fyrir sáttamönnum.

Ber þegar af þessum ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Reynir s/f, greiði áfrýjanda, bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 17. marz 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 13. nóvember 1970, af Reyni s/f, Akureyri, gegn bæjarsjóði Akureyrar til endurgreiðslu gatnagerðargjalds.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 372.992.00 auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Þá var af stefnanda hálfu gerður áskilnaður um skaðabætur og vexti á síðari stigum málsins.

Stefndi krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi er sameignarfélag þriggja manna, þeirra Ingólfs

Jónssonar, Guðmundar Valdimarssonar og Einars Valmundssonar trésmiða, allra á Akureyri. Fyrirtæki sitt, sem er trésmíðaverkstæði, ráku sameigendurnir í timburhúsi við Sjávargötu á Akureyri, sem brann s.l. vor, í maímánuði. Með erindi, dagsettu 4. maí 1964, sótti stefnandi um lóð nr. 3 við Furuvelli hér í bæ til þess að byggja á henni einnar og tveggja hæða steinhús til iðnaðar og iðju. Á fundi byggingarnefndar Akureyrar 15. s. m. leggur nefndin til, að stefnanda verði veitt lóðin nr. 1 við Furuvelli. Tillaga nefndarinnar var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 19. s. m., og var sú samþykkt tilkynnt stefnanda í bréfi, dagsettu daginn eftir, þar sem fundargerð byggingarnefndar er rakin, en í henni segir m. a., að byggingarfrestur sé ákveðinn eitt ár, lóðarleiga sé ákveðin kr. 3.00 á fermetra og greiðist frá 1. júní 1964 að telja. Í niðurlagi bréfsins, sem undirritað er af bæjarstjóranum á Akureyri, er tekið fram, að stefnandi öðlist ekki lóðarréttindi, nema lóðartökugjald, kr. 800.00, og lóðarleiga frá 1. júní 1964 til ársloka, kr. 4.112.50, verði greitt innan hálfs mánaðar og hafi hús ekki verið reist á lóðinni innan eins árs frá dagsetningu bréfsins, falli lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Hinn 1. október 1965 sótti stefnandi um leyfi til þess að byggja iðnaðarhús (trésmíðaverkstæði) úr steinsteypu og járni á greindri lóð. Sama dag var erindi stefnanda samþykkt af byggingarnefndinni og hinn 19. s. m. af bæjarstjórn, og í samþykktinni er fram tekið, að byggingarfrestur sé eitt ár. Þetta var stefnanda gefið til kynna með bréfi bæjarstjórans á Akureyri, dagsettu 20. október 1965. Í júnímánuði árið 1966 var grafið fyrir úthring bakhúss, veggjum og undirstöðum, en samkvæmt uppdráttum átti aðalhús að vera meðfram götu, en bakhús þar sunnan við. Mælt hafði verið fyrir húsinu og hæðarpunktar þess ákveðnir dagana 23. og 24. júní 1966. Framkvæmdum var frestað um sinn af fjárhagsástæðum, eða þar til í nóvemberlok 1968. Hins vegar hafði stefnandi afnot lóðarinnar, en hann geymdi á henni byggingarefni o. fl. þ. h. Stefnandi kvað drátt á framkvæmdum hafa stafað af því, að svar við lánsumsókn hans til Iðnlánasjóðs barst ekki fyrr en í nóvember 1968, og var þá jákvætt samkvæmt vottorði útibússtjóra Iðnaðarbanka Íslands h/f á Akureyri, en þá hafði umsókn verið endurnýjuð að sögn stefnanda, og henni hafði fylgt að kröfu lánveitanda vottorð byggingarfulltrúa um lóðarréttindi, sem lagt hefur verið fram í málinu og er dagsett 22. marz 1967, þar sem segir, að stefnanda hafi verið veitt umrædd lóð til byggingar iðnaðarhúsnæðis og bæjar-

stjórn hafi samþykkt teikningar þess hinn 19. október 1965 og lóðarsamningur verði útgefinn, þegar mannvirki hafi verið reist á lóðinni, en byggingarstig er þá, að grafið hafi verið fyrir undirstöðum að hluta. Að fengnu lánsloforði var hafizt handa að nýju, og dagana 29. nóvember til 3. desember 1968 var unnið við smíði undirstöðumóta, járnabindingu og verkun rása. Var óskað eftir úttekt byggingareftirlits á verkum þessum, en stefnandi var beðinn um frest, þar sem fundur hafði verið ákveðinn í byggingarnefnd 4. desember. Á þeim fundi var bókað, að byggingarfulltrúi hafi spurzt fyrir um það, hvort stefnanda sé heimilt að hefja byggingarframkvæmdir á lóðinni. Jafnframt er bókað, að stefnandi hafi greitt lóðarleigu fram til ársins 1968. Ályktun byggingarnefndar er sú, að lóðin sé fallin til bæjarins, en stefnanda er gefinn kostur á að sækja um lóðina að nýju. Þessi ályktun var staðfest af bæjarstjórn 20. desember 1968 og stefnanda tilkynnt samdægurs í síma og með bréfi, dagsettu daginn eftir. Stefnandi mótmælti þessari ályktun bæjaryfirvalda með bréfi til bæjarstjórans á Akureyri, dagsettu 17. janúar 1969, og krefst þess, að ályktunin verði tekin til endurskoðunar og lóðarsamningur verði gefinn út til stefnanda, eins og hann hafi beiðzt. Kröfu sína ítrekar stefnandi með bréfi hinn 15. febrúar 1970, þar sem málið hafði ekki verið afgreitt. Hinn 3. maí 1970 brann verkstæðishús stefnanda, eins og áður er fram komið, og hugðist hann byggja upp rekstur sinn að nýju og óskar þess, að fyrirtækinu verði gert kleift að hefja framkvæmdir á lóðinni, þar sem skipulagsnefnd hafði lagt til á fundi 4. maí 1970, að stefnanda verði ekki leyft að endurbyggja hið brunna verkstæði, og 19. s. m. var það samþykkt af bæjarstjórn. Daginn eftir sendir stefnandi byggingarnefnd svohljóðandi bréf: „Með vísan til fyrri skrifa svo og samþykktar bæjarráðs Akureyrar hinn 15. maí s.l. og viðræðna við bæjarstjórn í dag fer Trésmiðjan Reynir s.f., Akureyri, þess hér með á leit við byggingarnefnd Akureyrar, að hún endurveiti fyrirtækinu lóðina nr. 1 við Furuvelli á Akureyri og veiti nauðsynlegt leyfi til, að hægt sé að halda áfram byggingarframkvæmdum á lóðinni, enda gefi fyrirtækið út skuldabréf til 5 ára til greiðslu gatnagerðargjalds, sbr. viðræður við bæjarstjóra.

Þrátt fyrir umsókn þessa áskilur fyrirtækið sér allan rétt til málshöfðunar vegna töku lóðarinnar, sbr. áðurgreind bréfaskrif, til véfengingar á gerðum bæjaryfirvalda í því sambandi svo og til skaðabóta vegna aukins kostnaðar við væntanlegar fram-

kvæmdir vegna greiðslu gatnagerðargjalds og hækkunar á byggingarkostnaði vegna tafa á framkvæmdum o. fl.".

Samdægurs samþykkir byggingarnefndin endurumsókn stefnanda á lóðinni Furuvöllum 1 og áætlar byggingarstærð iðnaðarhússins 1316 gólffermetra, áætlar gatnagerðargjald kr. 372.992.00 af 3960 rúmmetrum hússins. Þá segir í samþykktinni, að um greiðslu þessa gjalds fari eftir ákvörðun bæjarráðs. Byggingarfrestur er þá tiltekinn 1 ár. Á fundi bæjarstjórnar 9. júní 1970 var staðfest fundargerð byggingarnefndarinnar um þetta atriði, og daginn eftir tilkynnir bæjarstjóri stefnanda ákvörðunina með bréfi. Í niðurlagi bréfsins er tekið fram, að hafi hús ekki verið reist á lóðinni innan eins árs frá þeim degi, falli lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Byggingarleyfi fær stefnandi síðan með samþykktum byggingarnefndar 27. s. m. og bæjarstjórnar 9. júní s. á., þar sem ítrekað er ákvæðið um gatnagerðargjald ásamt öðrum gjöldum.

Af hálfu stefnda er upplýst, að álagning gatnagerðargjalds hér í bæ hófst haustið 1967, og hefur stefnandi greitt gjald þetta til stefnda með fyrirvara eftir því sem fram kom við munnlegan flutning málsins.

Stefnandi telur sig hafa verið fyrirvaralaust og bótalaust sviptan áðurgreindri lóð án heimildar af hálfu stefnda, þar sem sviptingin eigi sér hvorki stað í lögum né reglugerðum. Hann hafi verið lögmætur eigandi lóðarréttinda, greitt af lóðinni öll lögboðin gjöld, svo sem lóðarleigu, og hafizt handa um byggingu húss á lóðinni með samþykki byggingaryfirvalda. Það, að lóðin var af honum tekin, varð til þess, að stefnanda var gert að greiða gatnagerðargjald, er honum var veitt lóðin að nýju. Telur stefnandi atferli stefnda brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins. Samkvæmt venju muni litið svo á, að með byggingarfresti sé átt við þann tíma, sem aðilja er settur til að hefja framkvæmdir, en ekki þann tíma, sem aðilja er settur til að ljúka byggingu, enda gæti stefndi orðið sér úti um nægar og ódýrar fasteignir, ef síðari skilninginn ætti að leggja til grundvallar því, að byggingarfrestur sé yfirleitt ákveðinn 1 ár. Stangist það á við almennar réttarreglur og réttaröryggi almennings, ef bæjarfélagi sé heimilt með einfaldri samþykkt að svipta borgara eignum sínum. Með því að grafa rásir hafi stefnandi hafið framkvæmdir og skapað eigin verðmæti og með því að svipta hann lóðinni sé hann sviptur þeim bótalaust. Skipti ekki máli í þessu

sambandi, hvort hús sé fokhelt, grunnur steyptur, uppsláttur á veg kominn eða einungis grafnar rásir.

Verði eigi fallizt á þessa skoðun stefnanda og talið, að um sé að ræða samning einkaréttarlegs eðlis, sem hafi stofnazt milli aðilja, telur stefnandi, að svipting lóðarinnar hafi allt að einu verið ólögmæt gagnvart sér, og byggir það á eftirfarandi rökum, þ. e. að stefndi hafi með aðgerðum sínum verið búinn að falla frá ákvæðinu um byggingarfrest í eitt ár. Hann hafi tæpu einu og hálfu ári eftir veitingu lóðarinnar berlega framlengt þann frest í eitt ár og síðan einu og hálfu ári þar frá gefið yfirlýsingu þar, að lóðarsamningur yrði gefinn út, þegar mannvirki hefðu verið reist á lóðinni, og þar eigi getið um nein tímamörk. Stefnanda hafi því verið rétt að líta svo á, að hann hefði óbundnar hendur um byggingartíma hússins þrátt fyrir upphaflegt ákvæði um takmörkun hans.

Þá hefur stefnandi í þriðja lagi haldið því fram, að álagning gatnagerðargjaldsins, kr. 372.992.00, sé brot á 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem sú álagning eigi sér ekki lagastað fyrr en með lögum nr. 87 6. ágúst 1970 um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum Akureyrar, 2. gr.

Stefndi heldur því fram, að við lóðarveitinguna til stefnanda vorið 1964 hafi verið farið eftir þeim reglum, sem tíðkazt hafa við lóðarveitingar hér í bæ. Með byggingarfresti sé við það miðað, að vissar lágmarksframkvæmdir hafi fram farið, og það hafi verið skilningur byggingarnefndar, að tilskilið sé, að einhver varanlegur hluti þeirra mannvirkja, sem ætlað er að rísa á lóðinni, sé risinn. Hins vegar hafi það verið háttur byggingarnefndar, ef teikningar voru lagðar fram innan hæfilegs tíma, að byggingarfrestur var framlengdur, þótt lágmarksframkvæmdir hefðu ekki farið fram, og þá litið á slíkan nýjan frest sem endurveitingu á lóð. Það, að lóðin var talin fallin til bæjarins á ný, var af því, að stefnandi hafði ekki hafið þær framkvæmdir, sem áskildar voru, og því fyrirgert rétti sínum til lóðarinnar, en ekki af því, að tilgangur stefnda hafi verið sá einn að krefja stefnanda um gatnagerðargjald, sem hafið var að leggja á byggingalóðir haustið 1967. Úthlutun lóða sé stjórnvaldsathöfn, sem fylgi settum reglum. Sveitarfélög bindi mikið fé í undirbúningi og frágangi byggingarhæfra lóða, sem ætlazt sé til, að lóðarhafar hagnýti sér í framhaldi af veitingunni, og til þess að þetta fjármagn megi bera arð sem fyrst, séu settar reglur, sem eigi að tryggja nokkurt aðhald. Undirbúningur að því að gera lóð byggingarhæfa hafi

verið veittur endurgjaldslaust til haustsins 1967, þegar ákveðið var að verðleggja þessa þjónustu með heimtu gatnagerðargjalds. Þá heldur stefndi því fram, þótt í byggingarsamþykkt sé ekkert ákvæði, er heimili byggingaryfirvöldum að svipta aðilja veittri lóð, þá megi byggja ákvarðanir réttra aðilja á því, að ekki sé farið að ákvæðum byggingarsamþykktar, ef lóðarnýting hafi ekki orðið á þann hátt, sem við hafi verið miðað við veitingu, og því sé lóðin fallin aftur til stefnda. Vildi stefnandi fá lóð á ný, þurfti hann að greiða gatnagerðargjald og skipti ekki máli, hvort um sömu lóð eða aðra var að ræða.

Í málinu hefur verið lögð fram skrá um „fallnar lóðir", samin af lóðaskrárritara eftir 1. nóvember 1968 til ársloka eða í byrjun næsta árs. Tilgangur með gerð skrárinnar var sá að leiðrétta fasteigna- og lóðagjaldaskrá, svo að eigi yrði krafið um gjöld af föllnum lóðum. Kveðst lóðaskrárritarinn hafa farið í gegnum fundargerðir byggingarnefndar og bæjarráðs yfir veittar lóðir og samið skrána eftir því, sem kunnugt var, að skilyrði lóðaveitinga hafði ekki verið haldið, en á skrá þessari er lóðin nr. 1 við Furuvelli auk 18 annarra.

Byggingarfulltrúi taldi lóðarveitingu og byggingarleyfi tvennt ólíkt. Lóð megi veita með ákveðnum skilyrðum, en byggingarleyfi megi ekki veita, fyrr en fyrir liggi samþykktar teikningar, og öðlist það ekki gildi, fyrr en byggingarleyfisgjöld hafi verið greidd og byggingameistarar ábyrgzt verkið með yfirlýsingu. Hann kvað upphaf byggingarfrests frá staðfestingu bæjarstjórnar á fundargerðum byggingarnefndar og bæjarráðs og teljist hann enda ári síðar. Dæmi kvað hann þess, að byggingarfrestur sé tiltekinn upp á dag við lóðaveitingar og í byggingarskilmálum, en það sé sjaldgæfara og einkum gert, ef byggingarfrestur sé skemmri en ár. Byggingarfulltrúinn gat þess, að iðnaðarlóðir séu að jafnaði ekki auglýstar og frá því á síðari hluta ársins 1966 hafi eftirspurn eftir slíkum lóðum vaxið og hafi mikið verið spurt um þessa lóð. Hann kvað lágmarksskilyrði þess, að byggingarskilyrði séu haldin, að undirstöður séu steyptar og það haldist í hendur við lágmarksskilyrði til útgáfu lóðarleigusamnings.

Ingólfur Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, kvað byggingarfulltrúa sumarið 1968 hafa sagt sér, að ekkert væri fram komið, sem skerti rétt stefnanda til lóðarinnar, en hins vegar hafi hann ekki jákvætt tjáð sig um það, hvort lóðin tilheyrði stefnanda áfram. Þá kvað hann bæjarstjóra hafa tjáð sér munnlega vorið

1970 eftir brunann, að bygging á lóðinni Furuvöllum 1 yrði ekki heimiluð nema með nýrri lóðarumsókn. Var svo gert, bygging hafin og í lok s.l. janúarmánaðar taldist 1. áfangi fokheldur og undirstöður gerðar undir götuhlið hússins, og hélt verk áfram.

Í málinu hefur verið lagður fram lóðarsamningur milli bæjarstjórnar Akureyrar og Dofra h/f um lóðina nr. 11 við Furuvelli. Hann er gerður 5. marz 1968 að fengnum tillögum byggingarnefndar 9. október 1964 og 14. janúar 1966, staðfestum af bæjarstjórn. Byggingarleyfi var veitt 5. október 1966. Í desember s. á. var mælt út fyrir framhúsinu, grafnar og steyptar undirstöður undir helming þess. Lóðarréttindi þessi voru framseld 6. febrúar 1968 til Jóhanns Kristinssonar, sem hóf gerð bakhúss eftir nýju byggingarleyfi í apríl s. á.

Stefnandi hefur lagt fram kvittanir fyrir greiðslu lóðartökugjalds, kr. 800.00, frá 2. júlí 1964 og greiðslu lóðarleigu frá 1. júní 1964 til 31. desember 1967, samtals kr. 45.512.50, allt varðandi lóðina Furuvelli 1. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi í árslok 1968 boðið fram lóðarleigu fyrir árið 1968, en móttöku verið hafnað.

Byggingarsamþykkt sú, sem nú gildir fyrir Akureyri, var staðfest 29. september 1967. Áður gilti byggingarsamþykkt frá 1. febrúar 1928. Í 10. lið 48. gr. þeirrar samþykktar segir, að byggingarleyfi falli úr gildi, ef ekki sé farið að nota það innan árs, og byggingarleyfi er skýrt svo í 1. lið sömu greinar: „Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi tekur til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og bæjarstjórnar til að framkvæma verkið". Í núgildandi samþykkt eru efnislega samhljóða ákvæði, en þar er og sú skilgreining, að framkvæmdir teljist hafnar, er undirstöður hafa verið steyptar, sbr. I. kafla 1.8.7.

Það er álit dómsins, að greiðsla stefnanda á lóðartökugjaldi, kr. 800.00, hinn 2. júlí 1964, athugasemdalaus móttaka stefnda á lóðarleigu fyrir tímabilið 1. júní 1965 til 31. desember 1967, ítrekuð bókun byggingarnefndar 1. október 1965 um eins árs byggingarfrest og vottorð byggingarfulltrúa um lóðarréttindi stefnanda hinn 22. marz 1967 hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að hann hefði frjálsar hendur um hraða framkvæmda á lóðinni, og skilyrði, sem stefnanda voru sett við upphaflega lóðarveitingu, varða aðeins greiðslu lóðarleigu og kvöð um bifreiðarstæði. Í bókun byggingarnefndar er ekki tekið fram, hverju varði, ef byggingarfrestur rennur út. Hins vegur kemur fram hjá bæjar-

stjóra í bréfi hans til stefnanda, dagsettu 20. maí 1964, að hafi hús ekki verið reist á lóðinni innan eins árs frá dagsetningu bréfsins, falli lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Skilyrði þetta brýtur í bága við almennan skilning á byggingarfresti og hefur því ekki gildi, enda án lagastoðar. Samkvæmt þessu er ljóst, að markleysa er að setja ákvæði í lóðarveitingu um árs byggingarfrest, þegar byggingarleyfi, sem síðar er veitt, gildir allt að einu ári. Bókun byggingarnefndar 4. desember 1968 er því brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er á það að líta, að ekki verður séð, að álagning gatnagerðargjalds og gjaldstofn þess eigi stað í lögum, fyrr en lög nr. 87/1970 öðlast gildi. Lóðaumsækjendur geta að sjálfsögðu samið sig undir greiðslu slíks gjalds, en það hefur stefnandi ekki gert.

Samkvæmt þessum niðurstöðum telst heimta gatnagerðargjaldsins ólögmæt, og verður krafa stefnanda um endurgreiðslu þess tekin til greina.

Stefnandi hefur eigi í máli þessu, eins og í upphafi var gerður áskilnaður um, krafizt vaxta og skaðabóta.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, greiði stefnanda, Reyni s/f, kr. 372.992.00 og málskostnað, kr. 50.000.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1972.

Nr. 141/1971. **Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens og gagnsök
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gjaldþrotaskipti. Riftun samnings. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 1. október 1971. Af hans hálfu er aðallega „gerð krafa um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda ...". Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða kr. 762.325.10 og verði þá jafnframt viðurkenndur réttur hans til að skuldajafna þeirri fjárhæð við kröfur hans á hendur gagnáfrýjanda. Í þessu tilviki verði málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla. Þá krefst aðaláfrýjandi ómerkingar á ummælum lögmanns gagnáfrýjanda í greinargerð hans í héraði, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi, og að lögmaðurinn verði látinn sæta sektargreiðslu eða vítum fyrir þau.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjada verði dæmt að greiða honum kr. 3.988.400.00 auk 7% ársvaxta frá 28. desember 1966 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna.

Ekki eru efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

Í málinu hefur eigi verið sannað, að Friðrik Jörgensen hafi átt fyrir skuldum hinn 28. desember 1966. Þegar litið er til þess, að fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda höfðu margháttuð viðskipti og viðskiptatengsl við Friðrik Jörgensen, viðskiptastöðu aðaláfrýjanda við hann, svo og annars þess, sem rakið er í héraðsdómi um það efni, verður eigi talið, að aðaláfrýjandi hafi fært rök að því, að hann hafi við gerð samningsins 28. desember 1966 haft fulla ástæðu til að ætla, að Friðrik Jörgensen ætti þá fyrir skuldum, sbr. 21. gr. laga nr. 25/1929.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um riftun samnings aðaláfrýjanda og Friðriks Jörgensens frá 28. desember 1966 og endurgreiðslu aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 325.000.00.

Ummæli þau í greinargerð lögmanns gagnáfrýjanda í héraði, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, sem rakin eru í héraðsdómi, verða að teljast ámælisverð, og ber að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en eigi þykir ástæða til að sekta fyrir þau.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Samningi aðaláfrýjanda, Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, og Friðriks Jörgensens frá 28. desember 1966 er riftað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, kr. 3.663.902.54 með 7% ársvöxtum af kr. 2.901.577.44 frá 1. marz 1967 til 20. nóvember sama ár og af kr.

3.663.902.54 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 325.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 3. febrúar 1969. Munnlegur málflutningur fór fram 9. júní s.l., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi málsins er Karl Jónsson útgerðarmaður, Seyðisfirði, og Jón Ingibersson útgerðarmaður, Ytri-Njarðvík, f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, Reykjavík.

Stefndi er Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar: Að kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, milli Friðriks Jörgensens, Reykjavík, og Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f um 280 smálestir af blautverkuðum saltfiski, sbr. nánar 2.1., verði rift með dómi, að stefnda verði gert að greiða þrotabúinu kr. 3.998.400.00 auk 12% ársvaxta frá 28. desember 1966 til greiðsludags og að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er þess krafizt, að viðurkenndur sé réttur stefnda til að skuldajafna hinni stefndu kröfu við kröfur stefnda á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens, en að málskostnaður verði felldur niður.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Friðrik Jörgensen rak í eigin nafni og á eigin ábyrgð umfangsmikla útflutningsverzlun með fiskafurðir í Reykjavík um 6—7 ára bil, þar til bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur þann 14. apríl 1967, en Friðrik hafði sjálfur óskað eftir gjaldþrotaskiptum á búi sínu með beiðni til skiptaréttarins, dags. 6. apríl 1967.

Um svipað leyti og Friðrik Jörgensen starfrækti útflutningsverzlun samkvæmt framansögðu, var hann stjórnarformaður í

fyrirtækinu Friðrik Jörgensen h/f, sem er innflutningsfyrirtæki, og átti Friðrik ásamt konu sinni 35% hlutafjár í því fyrirtæki. Friðrik Jörgensen var settur af sem stjórnarformaður í samnefndu hlutafélagi skömmu eftir 19. janúar 1967.

Fiskiðjan h/f í Vestmannaeyjum kemur við sögu í máli þessu. Samkvæmt hlutafélagaskrá var Friðrik Jörgensen í stjórn þessa félags á árinu 1966 og hafði prókúruumboð ásamt fleirum við fyrirtækið. Upplýst er, að Friðrik Jörgensen eignaðist ⅓ hluta Fiskiðjunnar h/f um áramótin 1963/1964.

Hið stefnda fyrirtæki framleiðir m. a. lýsi og síldar- og fiskimjöl til útflutnings, enda er tilgangur hins stefnda hlutafélags samkvæmt hlutafélagaskrá að starfrækja fiskimjölsverksmiðju, selja afurðir hennar og annar skyldur atvinnurekstur. Fiskiðjan h/f í Vestmannaeyjum á helming hlutabréfa í hinu stefnda fyrirtæki.

Eins og vikið var að, verzlaði Friðrik Jörgensen með fiskaðurðir í umboðssölu fyrir fjölmarga framleiðendur, þ. á m. flutti hann út fyrir hið stefnda fyrirtæki m. a. lýsi og mjöl. Sölur þessar annaðist Friðrik Jörgensen sem umboðssali, en greiðslur afurða áttu að frádregnum útlögðum kostnaði og umboðsþóknun að renna á sérstakan afurðasölureikning í Útvegsbanka Íslands, jafnóðum og þær kæmu til landsins.

Um miðjan nóvember 1966 fengu starfsmenn Útvegsbanka Íslands grun um, að Friðrik Jörgensen hefði þá þegar veitt greiðslum viðtöku úr hendi kaupenda afurða, án þess að andvirðinu væri skilað sem vera bar. Var talið, að Friðrik Jörgensen hefði eigi farið að settum reglum um meðferð andvirðis útfluttra afurða, en Útvegsbankinn var þá bæði viðskiptabanki Friðriks Jörgensens og Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f.

Í nóvember 1966 lét Útvegsbanki Íslands fara fram rannsókn á bankaviðskiptum Friðriks Jörgensens og á skilum hans á greiðslu andvirðis afurðanna. Í bréfi Gunnlaugs G. Björnssonar, forstöðumanns Sjávarútvegslánadeildar Útvegsbankans, dags. 16. desember 1966, segir um þetta svo:

„Við skýrslugerð í sambandi við hinn árlega fund útibússtjóra með aðalbankastjórum um miðjan s.l. mánuð vaknaði grunur um það hjá útibússtjórunum á Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum, að Friðrik Jörgensen hefði ekki gert full skil á andvirði útfluttra sjávarafurða við Hafsíld h.f. á Seyðisfirði og Fiskiðjuna h.f. og Fiskimjölsverksmiðjuna h.f. í Vestmannaeyjum.

Þegar útibússtjórarnir létu í ljós þennan grun sinn, lagði banka-

stjórnin þegar í stað fyrir deildarstjóra sjávarútvegslánadeildar, ásamt útibússtjórunum, að rannsaka þetta mál til hlítar og gefa bankastjórninni um það skýrslu. Vegna fjarveru Friðriks Jörgensen var þegar hinn 17. nóvember kallaður fyrir ofangreinda menn fulltrúi hans, Hörður Finnsson, og hann krafinn upplýsinga um það, hvort tilteknir farmar væru nú þegar greiddir Friðrik Jörgensen, en óuppgerðir við eigendur. Hörður upplýsti, að eftirtaldir farmar væru greiddir, en óuppgerðir:

Hafsíld h.f.:	Sirion 28/10,
	900 tn. lýsi, ca. 4 millj.
Fiskimjölsverksmiðjan h.f.:	Aztek 28/9,
	463 tn. lýsi, ca. 2 millj.
	Thuntank 10/9,
	1050 tn. lýsi, ca. 5 millj.
	Knud Sif 4/10,
	321 tn. mjöl, ca. 2 millj.
Fiskiðjan h.f.:	Reykjafoss 22/8,
	Goðafoss 5/9,
	Rangá 23/10,
	Normandi 2/11, ca. 2 millj.
	Samtals ca. 15 millj.

Beðinn um skýringu á þessum vanskilum, svaraði Hörður því til, að starf hans væri aðeins að skrifa og skrásetja, en Friðrik Jörgensen yrði að svara því sjálfur, hvernig greiðslum væri háttað. Þetta gerðist fimmtudaginn 17. nóvember, eins og áður segir, en þar eð von var á Friðrik Jörgensen til landsins 19. nóvember, þá var beðið eftir honum, og mánudaginn 21. nóvember var talað við hann og aftur næsta dag og oft síðan.

Friðrik Jörgensen viðurkenndi strax brot sitt, að því er þessi vanskil varðaði. Afsakanir hans er óþarfi að telja upp hér, enda eru þær einskis virði, hvað bankann snertir. Hins vegar skal þess getið, að Friðrik Jörgensen taldi sig geta staðið skil á þeim 15 millj., sem á vantaði, ef honum yrði gefið tækifæri til þess að koma í verð þeim verðmætum, sem hann ætti sjálfur kvaðalaus. Hann taldi sig eiga eftirfarandi verðmæti:

280 tonn af blautum saltfiski, kr. 4.6 millj.,

100 tonn af þurrum saltfiski, kr. 2.4 millj.,

eftirstöðvar af greiðslum frá Grikklandi fyrir uppgerðan saltfisk, kr. 2.2 millj.,
fyrirfram greitt í grásleppuhrognum, kr. 4 millj.,
eigið fé í farmi skipsins Linde, kr. 2 millj.,
samtals kr. 15.1 millj.

Aðspurður, hvort áðurgreindar 15 millj. væru allt það, sem hann skuldaði vegna óuppgerðra en greiddra afurða, svaraði hann því, að bókhald sitt væri ekki í því ástandi, að hann gæti fullyrt neitt um það, og kenndi þar um vanrækslu fulltrúa síns, Ingólfs Árnasonar, sem hann einnig vildi kenna um ýmislegt það, sem misfarizt hefði í starfsemi sinni. Honum var þá sagt, að vér mundum fela löggiltum endurskoðanda, sem vér treystum, að fara yfir bókhald hans og myndum biðja endurskoðandann að gefa oss eftirfarandi upplýsingar:

1. Hvaða farmar eru greiddir, en óuppgjörðir?
2. Hvaða farmar eru í sölumeðferð, ógreiddir?
3. Hvað hefur orðið um vangreitt fé skv. 1. lið?
4. Hvernig getur Friðrik Jörgensen staðið skil á vangreiddu fé skv. 1. lið?

Ákveðið var að fela Guðjóni Eyjólfssyni, löggiltum endurskoðanda, að annast þetta verk, og var það gert 23. nóvember.

Endurskoðandinn hefir sent oss skýrslur um málið, sem fylgja hér með, dags. 28. nóvember, 9 desember og 14. desember.

Þýðingarmesta niðurstaða endurskoðandans virðist vera þessi:

Hinn 24. nóvember 1966 voru innkomnar, en óuppgjörðar greiðslur, samtals	kr. 27.860.000.00
Innstæða á afurðareikningi var	— 4.571.000.00
	Mismunur kr. 23.289.000.00

Hér er um bráðabirgðauppgjör að ræða, svo að ofangreind upphæð getur breytzt við endanlegt uppgjör. Enn fremur skal þess getið, að á tímabilinu frá 24/11/66—15/12/66 hafa borizt greiðslur til lækkunar á þessari upphæð, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að Friðrik Jörgensen hefur fengið greitt verulegt fé fyrir útfluttar afurðir án þess að ráðstafa því skv. settum reglum".

Kæra Útvegsbanka Íslands til sakadómara er dags. 22. desember 1966, og þykir rétt að rekja hér efni hennar:

„Hinn 16. þ. m. barst bankastjórn Útvegsbanka Íslands í hendur meðfylgjandi skýrsla forstöðumanns sjávarútvegslánadeildar

bankans, hr. Gunnlaugs G. Björnssonar, ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda, Guðjóns Eyjólfssonar, dagsettum 28. nóvember, 9. des. og 14. des., sem einnig fylgja hér með, varðandi skil Friðriks Jörgensen á andvirði útfluttra afurða til bankans og viðskiptamanna hans.

Eins og skýrsla forstöðumanns sjávarútvegslánadeildar bankans ber með sér, hafði bankastjórn Útvegsbankans þegar um miðjan s.l. mánuð, eftir að grunsemdir höfðu vaknað um, að Friðrik Jörgensen hefði ekki farið að settum reglum um skil andvirðis útfluttra afurða, lagt fyrir forstöðumanninn ásamt útibússtjórum bankans í Vestmannaeyjum og á Seyðisfirði, er þá voru staddir hér í bænum til fundar við bankastjórnina ásamt öðrum útibússtjórum bankans, að framkvæma þegar í stað rannsókn á skilum Friðriks Jörgensen á andvirði útfluttra afurða um nokkurn tíma.

Forstöðumaður sjávarútvegslánadeildar taldi rétt eftir bráðabirgðaathugun, sem hann framkvæmdi þá þegar ásamt ofangreindum útibússtjórum, að kveðja til löggiltan endurskoðanda, Guðjón Eyjólfsson, til þess að fá fullnægjandi svör við ákveðnum spurningum varðandi viðskipti Friðriks Jörgensen og skil hans á útflutningsverðmætum, sem ekki yrðu fengin nema með sérstakri athugun á bókhaldi Friðriks Jörgensen.

Nokkur dráttur varð á því, að hinn löggilti endurskoðandi teldi sig hafa fullnægjandi aðstöðu og gögn til þess að svara þeim spurningum, sem fyrir hann höfðu verið lagðar, og bar hann við bæði óreiðu á bókhaldi Friðriks Jörgensen og fjarveru hans úr landi, sbr. t. d. meðfylgjandi bréf endurskoðandans, dags. 28. nóvember.

Endanleg skýrsla endurskoðandans barst ekki fyrr en 14. þ. m., og lagði forstöðumaður sjávarútvegslánadeildar hinn 16. þ. m. umbeðna skýrslu sína fyrir bankastjórnina, eins og áður segir.

Eftir athugun á greindum skýrslum virðist okkur, að mál þetta sé þess eðlis, að við sjáum okkur tilneydda að óska þess, að þér, herra yfirsakadómari, hlutist til um, að fram fari réttarrannsókn í málinu".

Loks er rétt að víkja hér að hluta úr bréfi Útvegsbanka Íslands, dags. 3. maí 1971, til lögmanns stefnanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns. Hljóðar bréf þetta svo:

„Vér höfðum falið Guðjóni Eyjólfssyni, löggiltum endurskoðanda, að kanna og gefa oss skýrslu um skil Friðriks Jörgensen á andvirði útfluttra afurða. Bráðabirgðaskýrslur endurskoðand-

ans, sem afhentar voru skömmu fyrir jólin 1966, sýndu, að gjaldeyrismeðferð var ekki í samræmi við þau skilyrði, er sett höfðu verið fyrir veitingu útflutningsleyfa, dráttur væri á greiðslum frá erlendum kaupendum og uppgjöri við framleiðendur ábótavant.

Athugun endurskoðandans gaf hins vegar ekki vísbendingu um yfirvofandi gjaldþrot, og með hliðsjón af veltu Friðriks Jörgensen í útflutningsverzluninni undanfarin ár og þeirri þóknun, er í slíkri verzlun er tekin, var ekki ástæða til að ætla, að hann ætti ekki fyrir skuldum. Athugun sú, er bankinn hafði látið framkvæma, hafði hins vegar sýnt fram á, svo að ekki var um villzt, að Friðrik Jörgensen hafði brotið þann trúnað, sem honum hafði verið sýndur, og hann hafði ráðstafað fé því, er umbjóðendur hans áttu, þvert ofan í þau fyrirmæli og þær reglur, sem bankarnir og útflutningsyfirvöld höfðu sett um slík viðskipti. Vér töldum það því sjálfsagða skyldu vora að krefjast opinberrar rannsóknar á misferli Friðriks Jörgensen, strax og staðfesting hafði fengizt á því með rannsókn endurskoðandans".

Samkvæmt framansögðu var þegar á þessum tíma ljóst, að Friðrik Jörgensen skuldaði stefnda stórfé, og var álitið, að hann hefði m. a. notað hluta af því til eigin þarfa.

Með kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, seldi Friðrik Jörgensen stefnda, Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, 280 smálestir af blautverkuðum saltfiski, pökkuðum og metnum á kr. 3.998.400.00, og átti kaupverð fisksins að ganga til lækkunar á skuld Friðriks Jörgensens við stefnda. Ljósmynd samnings þessa hefur verið lögð fram í málinu, og hljóðar meginefni samningsins svo:

„Neðanskráðir aðilar, Friðrik Jörgensen, útflutningsverzlun, Reykjavík, annars vegar og hér eftir nefndur seljandi og Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h.f. hins vegar og hér eftir nefnd kaupandi, gera með sér svofelldan s a m n i n g :

1. gr.

Kaupandi kaupir og seljandi selur 280 smálestir af blautverkuðum, pökkuðum og metnum saltfiski, sem nú er geymdur í kæligeymslum Faxafisks h.f. í Hafnarfirði. Fiskurinn er flokkaður og sérgreindur í fyrrgreindum fiskgeymslum, og vísast um þá um flokkun og nánari sérgreiningu til vottorðs Fiskmats ríkisins svo og til geymsluvottorðs fyrirsvarsmanns Faxafisks h.f., er fylgja samningi þessum og skoðast sem hluti hans.

2. gr.

Kaupverð framangreindra afurða, kr. 3.998.400.00, hefur kaupandi þegar greitt með því að lækka skuld seljanda við kaupanda að sömu fjárhæð.

3. gr.

Kaupandi felur seljanda að hafa fyrir sína hönd meðalgöngu um sölu framangreindra afurða. Fáist við þá sölu hærra verð fyrir afurðirnar en það, sem lagt er til grundvallar í 2. gr. (þ. e. meðalverð £ 140-0-0 pr. smálest að frádregnum 15%), skal sú fjárhæð öll send til kaupanda, enda lækki skuld seljanda við kaupanda að sama skapi. Sama gildir og ef hinar seldu afurðir reynast að lokum meiri að magni til en frá er greint í 1. gr. samnings þessa.

Reynist hið selda magn afurða minna ellegar söluverð lægra við endanlega afskipun varanna til útflutnings, skal skuld seljanda við kaupanda á sama hátt aftur færð upp sem þeim mismun nemur.

4. gr.

Seljandi ábyrgist áframhaldandi geymslu afurðanna svo og að tryggingar þeirra séu jafnan í fullkomnu lagi og afhendir kaupanda tryggingarskírteini þar um með árituðu framsali".

Til grundvallar samningi þessum lá krafa stefnda og Fiskiðjunnar h/f á hendur Friðriki Jörgensen um tafarlaus skuldaskil og um skýringar á því, á hvern hátt og hvenær Friðrik Jörgensen hygðist greiða skuld sína við stefnda og fleiri, en augljóst var, að skuld Friðriks Jörgensens við stefnda var talin nema hærri upphæð en um er getið í framangreindum kaupsamningi.

Friðrik Jörgensen ritaði bréf, dags. 19. janúar 1967, til Fiskiðjunnar h/f og stefnda, Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, um þessi atriði, og er rétt að rekja bréf þetta hér í heild sinni:

„Fiskiðjan h/f
Fiskimjölsverksmiðjan h/f,
Vestmannaeyjum.

Í framhaldi af viðræðum vorum að undanförnu um skuldaskil mín við yður leyfi ég mér að staðfesta við yður, að ég er reiðubúinn að afhenda yður nú þegar sem greiðslu eða sem tryggingu fyrir greiðslu eftirftalin verðmæti.

1. Saltfiskbirgðir að verðmæti ca. 4 millj.
2. Þurrkaðan bútung að verðmæti ca. 2 millj.

3. Hlutabréf í Fiskiðju og Fiskimjölsverksm. að verðmæti netto ca. 700 þús.
4. Eignarhluta minn í v/b Sindra og m/b Marz ca. 1.9 millj.
5. Vörubirgðir, veiðarfæri og útgerðarvörur hvers konar ca. 4 millj.
6. Ávísun á inneign í Grikklandi ca. 2 millj.
7. Ávísun á inneign í Þýzkalandi ca. 1 millj.
8. Skuldabréf Friðriks Jörgensen h/f eða framsal krafna og skuldabréfa ýmissa innlendra skuldunauta minna ca. 5 millj.
9. Hluta af andvirði hrogna, er ég hefi þegar greitt framleiðendum fyrirfram, ca. 2. millj.

Samtals nema verðmæti þessi ca. 22.6 milljónum, en verðmæti þessi tel ég mig geta látið af hendi við yður án þess að ganga á rétt annarra skuldheimtumanna minna.

Um einstaka liði skal þetta tekið fram.

Um 1. og 2. hafa þegar verið gerðir samningar.

3. og 4. Skjöl vegna framsala þessara hafa þegar verið gerð, og er unnt að ganga frá þeim nú í dag.

5. Vörutalning og skrá vörubirgða hefur þegar farið fram og gæti framsal og afhending farið fram þegar, eftir að þér hefðuð kynnt yður birgðir og staðreynt magn og verð, en verð er miðað við heildsöluverð þeirra.

Um 6. og 7. Ég mun leggja fram heimildarskjöl fyrir inneignum þessum og ganga frá viðeigandi framsölum þeirra í samráði við yður. Að því er varðar 6. lið ber þess að geta, að vera má, að mér sé nauðsynlegt að fara til Hollands til móts við skuldara til þess að sækja greiðsluna, en greiðslur hafa farið um banka í Rotterdam. Greiðslur skv. þessum liðum munu berast fyrir 10. febrúar n. k.

Um 8. Ég hefi falið lögmanni mínum að ganga frá skuldabréfi eða framsali skuldabréfa og krafna í samráði við yður.

Um 9. Hrogn þessi eru enn að mestu leyti óseld. Ég hefi þegar greitt fyrirfram til framleiðenda þeirra um kr. 4.000.000.00.

Í sambandi við sölu þessara hrogna er þó það að athuga, að ekki er unnt að selja hrogn þessi nema fullt samráð sé haft við Samband ísl. samvinnufélaga, sem einnig á allmiklar hrognabirgðir óseldar. Ella mætti búast við verðfalli á marknaðnum, ef annar aðilinn seldi án samráðs við hinn.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þér sjáið yður fært að samþykkja framangreind verðmæti eða hluta þeirra sem greiðslu upp í skuld mína við yður".

Svo sem fram er tekið í bréfi þessu, hafði Friðrik Jörgensen þegar fullnægt lið nr. 1, (áður tilvitnaður kaupsamningur við stefnda,), nr. 2, (kaupsamningur við Fiskiðjuna h/f, dags. 28. des. 1966) og nr. 3 og 4 (samningur, dags. 19. janúar 1967. Kaupendur Fiskiðjan h/f og fleiri). Um aðra liði verður getið síðar, sbr. 2.2.

Upplýst er, að 200 tonn af umræddum saltfiski voru seld til Spánar í febrúar 1967, og 59 tonn voru seld erlendis nokkru síðar. Nettóandvirði kr. 2.901.577.44 + 762.325.10 gekk á reikning stefnda. Um sölu afgangsins sbr. 2.2.

Lýstar kröfur í þrotabú Friðriks Jörgensens námu samtals kr. 54.310.862.88. Stærstu kröfuhafarnir eru hið stefnda fyrirtæki, Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, sem lýst hefur kröfu að fjárhæð kr. 19.758.872.57 í búið, (23.757.272.57 ÷ kaupverð fisks samkvæmt framangreindu, að fjárhæð kr. 3.998.400.00 = 19.758.842.57), Fiskiðjan h/f í Vestmannaeyjum, sem lýst hefur kröfu að fjárhæð kr. 6.144.398.72, og fyrirtækið Chemicals & Feeds Ltd., sem lýst hefur kröfu að fjárhæð £ 83.319-7-1.

2.2. Friðrik Jörgensen hefur gefið skýrslu bæði fyrir sakadómi Reykjavíkur og hér fyrir bæjarþinginu. Í skýrslu hans kemur fram, að útflutningsfirma hans hafi vaxið skjótt af umfangi. Við upphaf ársins 1965 hafi hagur firmans komið sæmilega út, enda þótt hann hafi orðið fyrir verulegum skakkaföllum á því ári. Útflutningsfirmað hafi hins vegar átt í erfiðleikum árið 1966, enda þótt hagur firmans hafi sýnzt vera bærilegur á bráðabirgðauppgjöri eigna og skulda. Hafi einkum verið um rekstrarfjárskort að tefla. Hann kvaðst ekki mótmæla því, að bókhaldslega séð skuldaði hann Fiskimjölsverksmiðjunni h/f vegna vangreiddra afurða um 18 milljónir króna. Hann taldi þó, að sú skuld væri í raun ekki svo há, þar sem frá henni ætti í fyrsta lagi að dragast bætur, sem hann kvaðst hafa orðið að greiða sem útflytjandi vegna vanefnda Fiskimjölsverksmiðjunnar h/f á sölusamningi um sjávarafurðir. Í öðru lagi taldi hann sig eiga rétt á sérstökum stjórnunarlaunum, þar sem hann hafi sýnt Fiskimjölsverksmiðjunni h/f sérstaka þjónustu umfram umboðsmennskuna, er hafi verið kostnaðarsöm, m. a. við öflun markaða og fyrirgreiðslu á ýmsan hátt. Í þriðja lagi ætti að koma til frádráttur vanreiknuð útflutningsgjöld.

Hann kvaðst ekki með nákvæmni geta skýrt frá því, á hvaða tímabili skuldin við Fiskimjölsverksmiðjuna h/f varð til vegna útflutnings hans á sjávarafurðum fyrir stefnda. Hann kvaðst ekki hafa sjálfur fylgzt náið með bókhaldinu og enda þótt hann hafi

séð bókhaldsyfirlit um viðskiptin, þá hafi alltaf verið mikil hreyfing á viðskiptamannareikningi Fiskimjölsverksmiðjunnar h/f. Hann ætlaði, að verulegasti hluti afurðaskuldarinnar hafi verið ýmsar eftirstöðvar mismunandi sendinga, en eftirstöðvarnar hafi verið óbundnar þannig, að lokið hafi verið við að greiða veðskuldir af sendingunum. Hann kvað framangreint fé vegna afurðasölu fyrir Fiskimjölsverksmiðjuna h/f hafa runnið inn á almennan rekstur útflutningsfirmans, og kvaðst hann ekki sérstaklega geta tilgreint, til hvaða greiðslna féð hafi verið notað. Honum var sýnt bréf það, sem hann ritaði Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f í Vestmannaeyjum þann 19. janúar 1967, sbr. 2.1. Hann sagði, að tildrög þess, að hann hafi ritað nefnt bréf og gert þá samninga, sem vísað er til í bréfinu, væru þau, að þeir Þorsteinn Sigurðsson og Ágúst Matthíasson, eigendur í Fiskiðjunni h/f í Vestmannaeyjum og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f, hafi lagt að honum að afhenda megnið af eigum sínum til Fiskiðjunnar h/f og Fiskimjölsverksmiðjunnar h/f til þess að greiða skuldir hans vegna afurðasölu fyrir nefnd fyrirtæki.

Sérstaklega hafi þeir Þorsteinn Sigurðsson og Ágúst Matthíasson lagt hart að honum að gera þetta, en lögmaður þeirra, Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður, hafi lýst því yfir við hann, að ekkert stæði annað fyrir dyrum en umsvifalaus kæra til sakadóms fyrir fjárdrátt, ef hann legði ekki fram eignir sínar til þess að greiða afurða- og viðskiptaskuldirnar.

Hann kvaðst hafa verið mjög hikandi um, hvað gera skyldi. Honum hafi verið settur stuttur frestur til ákvörðunar, og er viðsemjendur hans lofuðu honum því, að hann, Friðrik, fengi endurkeypt hlutabréfin í Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f og eignarhluta hans í v/b Sindra og Marz á því verði, sem kaupendur yfirtækju eignirnar á, og er kaupendur auk þess hafi lofað honum að aðstoða hann við að greiða minni lánardrottnum sínum, kvaðst hann hafa ákveðið að afhenda Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f þær eignir, sem um getur í bréfinu. Hann sagði, að áður hefðu þeir Þorsteinn og Ágúst og lögmaður þeirra skýrt honum frá því, að Fiskiðjan h/f og Fiskimjölsverksmiðjan h/f mundu ekkert rekstrarfé fá í Útvegsbanka Íslands, meðan hann ætti hlut í fyrrnefndum fyrirtækjum.

Hann sagði, að áðurnefnt bréf hans frá 19. janúar 1967 hafi haft að geyma skrá um allar eigur hans á þessum tíma. Eignirnar hafi þó verið metnar langt undir raunverulegu verðmæti og þá

sérstaklega hlutabréfin í Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f. Á hinn bóginn hafi sér verið heitið því, að hann fengi að endurkaupa hlutabréfin og eignarhluta í framangreindum bátum að tveim árum liðnum á sama verði.

Frekari samninga um afhendingu eigna en lýst er í 2.1. hér að ofan kvaðst hann ekki hafa gert til að mæta skuldum við Fiskiðjuna h/f og Fiskimjölsverksmiðjuna h/f eða önnur fyrirtæki eða einstaklinga. Hann sagði, að umræddir liðir nr. 5—8 í ofanrituðu bréfi hans, dags. 19. janúar 1967, sbr. 2.1., hafi verið eignir, sem fyrirtækið Friðrik Jörgensen h/f hafi átt. Á hinn bóginn kvaðst hann hafa talið þetta sem sínar eignir, þar sem hann kvaðst hafa átt kröfur að fjárhæð a. m. k. 10 milljónir á hendur fyrirtækinu Friðrik Jörgensen h/f.

Hann hélt því fram, að með framangreindu greiðslutilboði teldi hann sig ekki hafa gengið á rétt annarra skuldheimtumanna. Tók hann skýrt fram, að aðeins með því að fá aðstoð stefnda við greiðslur ýmissa minni skulda og með því að fá að kaupa aftur framangreindar eignir hefði hann getað staðið við skuldbindingar sínar gagnvart öðrum lánardrottnum.

Svo sem vikið var að í 2.1., nam lýst krafa fyrirtækisins Chemicals & Feeds rúmlega £ 83 þúsund. Hann sagðist aðspurður vera þeirrar skoðunar, að skuld sín við Chemicals & Feeds hefði orðið viðráðanleg. Hann mundi ekki, hversu há krafa Chemicals & Feeds hafi verið um áramótin 1966/1967, en tók fram, að skuldin hafi orðið til á mörgum árum og í kröfu fyrirtækisins Chemicals & Feeds væru fólgnar skaðabætur mörg ár aftur í tímann, svo til eingöngu vegna vanefnda af hálfu stefnda. Eins og sagt var að framan, kvaðst hann telja sig eiga skaðabótakröfu á hendur stefnda einmitt af þeim sökum, sem hér voru raktar, og það mörg ár aftur í tímann. Með hliðsjón af þessu og því, sem að framan er rakið, kvað hann alls ekki útilokað, að hann hefði getað ráðið við framangreinda kröfu Chemicals & Feeds.

Hann var spurður að því, í hvaða tilgangi kaupsamningur hans við Fiskimjölsverksmiðjuna h/f í Vestmannaeyjum, dags. 28. desember 1966, hafi verið gerður. Hann sagði, að sér hafi skilizt, að kaupsamningurinn hafi verið gerður til þess, að stefndi gæti fengið peninga sem fyrst. Kvað hann, að sér hafi ekki fundizt neitt óeðlilegt við það. Á þessari stundu kvaðst hann ekki hafa átt handbæra peninga.

Þorsteinn Sigurðsson hefur gefið skýrslu fyrir sakadómi Reykjavíkur og hér fyrir dómi. Hann var stjórnarformaður hins

stefnda fyrirtækis á þeim tíma, sem hér um ræðir. Hann hafði ekki prókúruumboð og kvaðst ekki hafa séð um fjárreiður firmans. Óskar heitinn Sigurðsson hafi séð um skrifstofustjórn fyrirtækisins og farið með fjárreiður allar. Þorsteinn lýsti því, að starfsvettvangur firmans hafi verið framleiðsla hvers konar fiskimjöls og lýsis. Verulegasti hluti framleiðslunnar hafi verið fluttur úr landi. Hann kvað, að Friðrik Jörgensen hafi eignazt ⅓ hluta Fiskiðjunnar h/f um áramót 1963/1964. Frá þeim tíma hafi Friðrik flutt út nokkuð af framleiðslu Fiskimjölsverksmiðjunnar og hafi svo verið komið málum, að Friðrik hafi flutt út alla framleiðslu firmans tvö síðustu árin, er hann starfrækti útflutning. Þorsteinn sagði, að hann hafi á engan hátt fylgzt með bókhaldi firmans. Um þá hlið hafi Óskar Sigurðsson séð, en hann hafi verið löggiltur endurskoðandi. Þorsteinn gat ekki skýrt frá því, hvort reikningar Fiskimjölsverksmiðjunnar annars vegar og reikningar útflutningsverzlunarinnar Friðriks Jörgensens hins vegar hafi verið stemmdir af árlega. Um þá hlið hafi Óskar Sigurðsson séð eða endurskoðandi firmans, Sigurður Stefánsson. Þorsteinn man til þess, að meðan Friðrik hafi verið einn um útflutninginn árið 1965/1966, hafi Óskar Sigurðsson oft haft að orði við hann, að greiðslur frá Friðriki vegna útfluttra afurða tefðust mjög. Hann man til þess, að á stjórnarfundi, annað hvort á árinu 1965 eða 1966, hafi Friðrik verið átalinn fyrir seinagang á því að skila andvirði seldrar framleiðslu til firmans. Hann man til þess, að Friðriki voru settar einhverjar skorður í þessu sambandi eða ákveðinn hámarksfrestur til að skila andvirði seldrar framleiðslu. Hann sagðist ekki hafa vitað um hina miklu afurðaskuld Friðriks við firmað fyrr en undir áramót 1966/1967, en áðurnefndur Óskar hafi verið heilsutæpur síðustu árin og eigi hafi verið fylgzt með stöðu firmans gagnvart útflutningsverzlun Friðriks Jörgensens sem skyldi.

Þorsteinn kvaðst ekki vera í aðstöðu til að segja til um það, hvort Friðrik Jörgensen ætti gagnkröfur á Fiskimjölsverksmiðjuna vegna tjóna, sem Friðrik hefði orðið fyrir vegna útflutnings á hennar vegum, eða hvort hann ætti inni þóknun hjá fyrirtækinu vegna starfa, sem ekki yrðu rakin til umboðsstarfa. Vegna fyrra atriðisins tók hann fram, að á meðan Friðrik hafi annazt útflutninginn fyrir firmað, myndi hann til þess, að Friðrik hafi haft á orði við hann, að hann, Friðrik, hafi orðið fyrir tjóni í útflutningsverzluninni vegna dráttar á afhendingu afurða af hálfu Fiskimjölsverksmiðjunnar. Ekki mundi Þorsteinn til þess,

að Friðrik hafi haft uppi ákveðnar kröfur vegna umgetins tjóns. Hann tók fram, að Friðrik hafi unnið mikið fyrir Fiskimjölsverksmiðjuna, á meðan hann annaðist útflutning fyrir hana, en ekki kvaðst hann geta fullyrt, hvort Friðrik hafi unnið frekari störf en hann hafi fengið greiðslu fyrir sem umboðsmaður.

Í nóvembermánuði 1966 kveðst Þorsteinn hafa komizt að afurðaskuldum Friðriks við Fiskimjölsverksmiðjuna og Fiskiðjuna. Kvaðst hann hafa gengizt fyrir því ásamt Ágústi Matthíassyni og Óskari Sigurðssyni, að Friðrik greiddi skuldirnar. Friðrik hafi verið tregur til að greiða, en þeir þremenningar hafi gengið hart eftir því, að hann greiddi skuldirnar, og notið aðstoðar lögmanns síns í því efni, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns. Eftir fjölmörg viðtöl hafi það orðið úr, að samningar hafi verið gerðir við Friðrik Jörgensen um, að Friðrik greiddi upp í afurðaskuldir með afhendingu ýmissa eigna, sbr. nánar 2.1. Þorsteinn kvað vel geta verið, að þeir hafi haft að orði að kæra Friðrik, ef hann kæmi ekki á móts við þá í þessu efni, enda hafi þeir talið, þegar á daginn kom, að Friðrik hefði ekki reiðufé til greiðslu skuldanna, að Friðrik hefði dregið sé fé Fiskimjölsverksmiðjunnar og Fiskiðjunnar. Þorsteinn sagði, að Friðrik hefði fullyrt bæði við samningsviðræður og við undirskrift samninga, að hann, Friðrik, ætti vel fyrir skuldum, og kveðst Þorsteinn á þeim tíma hafa lagt trúnað á orð Friðriks. Hann mundi til þess, að Friðriki var lofað endurkaupum á hlutabréfum Fiskiðjunnar síðar á sama verði og söluverði. Hann kannaðist ekki við það, að Friðriki hefði verið lofað aðstoð við að gera upp við aðra lánardrottna, þegar gengið var frá samningum þeim, sem að framan er getið um.

Þorsteinn Sigurðsson kvaðst telja, að yfirtaka á eignum Friðriks Jörgensens samkvæmt samningunum frá 28. desember 1966 og 19. janúar 1967 hafi farið fram á eðlilegu gangverði, og kvaðst hann andmæla því, að hlutabréfin í Fiskiðjunni h/f hafi verið yfirtekin á miklu undirverði.

Þorsteinn kvaðst ekki hafa leitt hugann að því sérstaklega, þegar Friðrik afsalaði saltfiski og bútungi til Fiskiðjunnar og Fiskimjölsverksmiðjunnar, að einkennilegt væri, að Friðrik, sem hann vissi að var umboðsmaður ýmissa framleiðenda, ráðstafaði framleiðslunni á þennan hátt. Síðar kvaðst Þorsteinn hafa heyrt á skotspónum, að einhverjir framleiðendur hafi talið sig eiga hluta framleiðslunnar, sem Friðrik afsalaði til Vestmannaeyja með samningunum frá 28. desember 1966.

Þorsteini Sigurðssyni var sýndur margnefndur kaupsamning-

ur, dags. 28. desember 1966, milli Friðriks Jörgensens og stefnda. Hann kvaðst halda, að sá samningur væri tilkominn þannig, að stefndi hafi þurft að bæta aðstöðu sína gagnvart bankanum. Í samtölum við starfsmenn bankans seinni hluta desember 1968 hafi komið fram, að bankinn var ekki ánægður með Friðrik Jörgensen sem viðskiptamann. Þorsteinn var spurður, hvers vegna samningurinn um hlutabréfin hafi ekki verið gerður á sama tíma og kaupsamningurinn. Hann kveðst halda, að Friðrik hafi ekki viljað sleppa hlutabréfunum, enda hafi Friðrik alltaf haldið því fram, að hann væri aðeins í tímabundnum erfiðleikum.

Þorsteinn Sigurðsson var spurður svofelldrar spurningar: „Var dskj. nr. 3 (kaupsamningurinn) að öðrum þræði útbúið til að grynna á skuldum Friðriks við stefnda?“ Svar Þorsteins: „Það leiðir af sjálfu sér“.

Spurning: „Hefur stefndi gert áður svipaða eða sambærilega samninga og dskj. nr. 3 greinir frá?“ Svar Þorsteins: „Nei, en ég tel, að samningurinn hafi ekki þurft að vera óeðlilegur fyrir það“.

Hann taldi vafalaust, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi beðið Friðrik Jörgensen um greiðslutilboð það, sem um getur í fyrrgreindu bréfi Friðriks, dags. 19. janúar 1967. Þorsteinn sagði, að tilgangurinn með þessu hafi m. a. verið sá, að Friðrik Jörgensen sýndi fram á, að hann gæti staðið fyrir sínu og endurvakið það traust í bankanum, sem þá nýlega hefði brostið.

Þorsteinn átti einnig sæti í stjórn Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum. Hann mundi til þess, að til umræðu hefði komið, að Fiskiðjan greiddi Friðriki Jörgensen hálf framkvæmdastjóralaun fyrir sérstaka þjónustu Friðriks við firmað, en hann vissi ekki, hvort Friðrik hefði nokkru sinni fengið greiðslur samkvæmt framansögðu.

Stjórnarformaður Fiskiðjunnar h/f í Vestmannaeyjum, Ágúst Vilhjálmur Matthíasson, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann áliti að Friðrik hafi staðið vel í skilum við Fiskiðjuna fram á árið 1966, en þá hafi farið að bera á drætti á greiðslu afurða, sérstaklega undir haustið. Þegar svo var komið, kveðst hann hafa fengið vitneskju um það, að Friðrik skuldaði Fiskimjölsverksmiðjunni h/f mikið fé vegna afurða. Úr hafi orðið, að hann og Þorsteinn Sigurðsson hafi beitt sér fyrir því með aðstoð lögmanns síns að fá Friðrik til að greiða umræddar skuldir. Í framhaldi af þessu eftir nokkrar viðræður við Friðrik hafi verið gerðir samningar við Friðrik um, að hann afhenti Fiskiðjunni og Fiski-

mjölsverksmiðjunni ýmsar eignir. Ágúst Vilhjálmur sagði, að Friðrik hafi talið sig eiga vel fyrir skuldum, þegar samningarnir hafi verið gerðir, en Ágúst Vilhjálmur sagðist þó hafa grun um, að hagur Friðriks væri ekki eins góður og hann vildi vera láta. Hann kvaðst ekki muna til þess og taldi fráleitt, að fyrirsvarsmenn Fiskiðjunnar og Fiskimjölsverksmiðjunnar hafi lofað Friðriki því að aðstoða hann við að gera upp aðra lánardrottna Friðriks. Ágúst Vilhjálmur tók fram, að til slíkra loforða hefði aldrei getað komið, þar sem fyrirtækin hafi ekki verið aflögufær um þessar mundir. Hann sagði, að Friðrik hafi gefið þær skýringar, þegar hann hafi afhent firmanu bæði saltfisk og bútung samkvæmt samningunum frá 28. desember 1966, að hann, Friðrik, væri þegar búinn að greiða framleiðendum andvirði þeirra. Síðar kvaðst Ágúst Vilhjálmur hafa heyrt, að a. m. k. tveir framleiðendur hafi talið sig hafa átt hluta saltfisksins.

Hann kvaðst ekki vita til þess, að Friðrik hafi haft að orði, að hann, Friðrik, hafi orðið fyrir skakkaföllum í útflutningi fyrir Fiskiðjuna vegna rangrar flokkunar á framleiðslu. Því síður kvaðst Ágúst Vilhjálmur hafa séð kröfugerð frá Friðriki á Fiskiðjuna vegna framangreindra atriða. Hann tók fram, að fyrir nokkrum árum, þegar þeir Þorsteinn Sigurðsson hafi verið staddir hér í borg vegna viðskipta, hafi Friðrik Jörgensen farið fram á það að fá sérstaka greiðslu, sem næmi hálfum framkvæmdastjóralaunum vegna ýmissar þjónustu Friðriks við Fiskiðjuna auk umboðslauna, er hann hafi fengið vegna útflutningsins. Ágúst Vilhjálmur kvaðst strax hafa verið mótfallinn slíkum launagreiðslum til Friðriks og talið umboðslaunin vera nægileg laun til hans. Hann mundi ekki, að Friðrik hefði orðað þetta í annan tíma.

Ágúst Vilhjálmur Matthíasson var spurður um ástæðuna til þess, að margnefndur kaupsamningur stefnda og Friðriks Jörgensens, dags. 28. desember 1966, hafi verið gerður. Hann sagði, að ástæðan hefði m. a. verið sú, að hið stefnda fyrirtæki hafi skort fé til rekstrar. Hafi því verið hentugt að kaupa fiskinn til þess að geta veðsett hann. Auk þess hafi legið ljóst fyrir, að Friðrik Jörgensen skuldaði stefnda stórfé. Hafi því samningurinn verið einnig gerður til þess að lækka skuldir Friðriks Jörgensens við stefnda.

Á þeim tíma, sem samningurinn hafi verið gerður, þ. e. skömmu fyrir áramót 1966, kvaðst Ágúst Vilhjálmur að vísu hafa verið sannfærður um, að Friðrik Jörgensen ætti fyrir skuldum, en engu að síður verið hræddur um, að svo kynni að fara, að

hið stefnda fyrirtæki fengi ekki að öllu greiddar kröfur sínar. Kvaðst hann aðallega hafa byggt þessa skoðun sína á orðrómi, sem þá hafi verið kominn á kreik um Friðrik Jörgensen. Auk þess hefðu bankarnir á þessum tíma verið búnir að loka viðskiptum sínum við Friðrik. Ágúst Vilhjálmur sagði, að á hinn bóginn væri óhætt að fullyrða, að Friðrik Jörgensen sjálfur hafi talið sig eiga fyrir skuldum á þessum tíma.

Aðspurður kvaðst Ágúst Vilhjálmur ekki muna eftir því, að stefndi hafi keypt fisk áður á svipaðan eða sambærilegan hátt og greinir í kaupsamningnum, en hann tók þó fram, að hann væri ekki mjög kunnugur daglegum rekstri Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum.

Hann kvaðst ekki vita, hvort Friðrik Jörgensen hefði átt handbæra peninga, þegar kaupsamningurinn eða greiðslutilboðið var gert, en hann kvað þó mjög ótrúlegt, að svo hefði verið. Hann tók þó skýrt fram, að hann hefði ekki haft hugmynd um fjárhagsástæður Friðriks.

Eftir að þeir Þorsteinn og Ágúst höfðu gefið skýrslu sína í sakadómi, gaf Friðrik Jörgensen enn skýrslu í réttinum. Hann ítrekaði það að hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna útflutnings fyrir Fiskiðjuna. Hann kvaðst þó fremur hafa rætt við verkstjóra Fiskiðjunnar um flokkun á gæðum afurðanna heldur en framkvæmdastjórann. Þá væru það staðreyndir, að hann hafi ekki haft upp í kröfugerðir á Fiskiðjuna vegna slíkra skakkafalla. Hugmynd sín hafi jafnan verið sú að sjá til, hvernig útflutningurinn kæmi út í heild, og reyna að fá óhöppin bætt, ef slíkt yrði nauðsynlegt, með samkomulagi við Ágúst og Þorstein Sigurðsson.

Friðrik Jörgensen sagði, að þeir Ágúst Vilhjálmsson og Þorsteinn Sigurðsson hafi heitið honum hálfum framkvæmdastjóralaunum vegna ýmissa starfa hans fyrir Fiskiðjuna. Viðræðurnar um þetta efni hafi þó verið óformlegar og ekki bornar upp á stjórnarfundum. Kvaðst hann ekki hafa gert neinn reka að því að fá laun þessi greidd eða færð útflutningsfirmanu til tekna. Hann kvaðst þó ekki beinlínis vilja andmæla framburði þeirra Þorsteins og Ágústs Vilhjálms um þetta.

Fyrir og við samningagerðirnar frá 28. desember 1966 og 19. janúar 1967 fullyrti Friðrik Jörgensen, að hann hefði rætt við þá Þorstein og Ágúst Vilhjálm um það, hvernig hann ætti að gera upp við aðra minni lánardrottna sína, þegar hann afhenti Fiskiðjunni og Fiskimjölsverksmiðjunni verulegastan hluta eigna sinna. Hann man, að þeir ræddu þetta fram og aftur, og kvaðst

hann hafa talið af samtölum við þá Þorstein og Ágúst Vilhjálm, að þeir mundu aðstoða hann við greiðslu skulda, ef til kæmi, enda þótt segja mætti, að ákveðin loforð lægju ekki fyrir hjá þeim Þorsteini og Ágústi, hvernig slíkri aðstoð skyldi háttað.

Friðrik Jörgensen sagði, að nákvæmlega sömu sögu væri að segja um skipti hans við Fiskimjölsverksmiðjuna og Fiskiðjuna vegna tjóna, sem hún hefði orðið fyrir vegna útflutnings fyrir fyrrnefnda firmað. Hann kvaðst aldrei hafa sett fram ákveðna kröfu á hendur Fiskimjölsverksmiðjunni í þá átt og ekki kannað gögn þar að lútandi.

Áðurnefndur Þorsteinn Sigurðsson og Ágúst Vilhjálmur Matthíasson komu aftur fyrir sakadóm og gáfu skýrslu. Þeir fullyrtu báðir, að af hálfu Fiskiðjunnar og Fiskimjölsverksmiðjunnar hafi Friðriki engin loforð verið gefin um aðstoð við greiðslu skulda.

Loks hefur vitnið Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður gefið skýrslu hér fyrir bæjarþinginu. Vitnið skýrði svo frá, að þann 20. desember 1966 hafi þeir Ágúst og Þorsteinn komið til sín og óskað eftir því, að vitnið gætti hagsmuna þeirra og fyrirtækja þeirra vegna viðskipta við Friðrik Jörgensen, en í ljós hafi komið, að Friðrik hefði veitt viðtöku greiðslum fyrir afurðir án þess að gera skil til þeirra. Útvegsbankinn hafði látið kanna þessi viðskipti að nokkru leyti, og þar sem vitnið kvaðst ekki hafa haft nema óglöggar upplýsingar um þau, hafi vitnið aflað sér þeirra á næstu dögum á fundum með Friðriki Jörgensen, lögmanni hans og á fundum með bankastjórum Útvegsbankans. Friðrik hafi viðurkennt, að hann hefði notað hluta af fé því, sem hann hafi átt að standa umbjóðendum vitnisins skil á, m. a. til kaupa á afurðum, sem hann hugðist selja fyrir eigin reikning. Vegna rannsóknar bankans á útflutningsviðskiptum Friðriks hafi orðið nokkur tregða í viðskiptum Fiskiðjunnar og Fiskimjölsverksmiðjunnar við bankann og hafi verið auðfundið, að Friðrik Jörgensen hafi ekki lengur verið „persona grata“ í bankanum. Á svipuðum tíma hafi komið fram krafa frá Seðlabankanum og Útvegsbankanum á hendur Friðriki Jörgensen og umbjóðendum vitnisins um greiðslu veðskuldbindinga á þeim afurðum, sem Friðrik hafi flutt út fyrir umbjóðendur vitnisins og fengið greiddar án þess að standa skil á veðskuldbindingum. Til þess m. a. að lækka skuldir Friðriks við umbjóðendur vitnisins fyrir áramótin og koma í veg fyrir frekari óþægindi vegna bankanna samkvæmt framangreindu hafi Friðrik Jörgensen og lögmaður

hans boðið fram munnlega sem greiðslu fisk þann, sem hann síðar seldi þessum aðiljum, eins og rakið er í 2.1.

Vitnið hélt, að það hafi rætt við bankastjóra á Þorláksmessu um það, hvort fyrirgreiðsla fengist til handa Fiskiðjunni og Fiskimjölsverksmiðjunni út á fisk þennan, ef hann yrði keyptur af þessum fyrirtækjum, og var því heitið.

Um jólaleytið sagði vitnið, að álitið hafi verið, að skuldir Friðriks næmu ca. 15 milljónum, þ. e. það sem óskilað væri. Þá hafi ekki verið vitað, hversu mikið væri óskilað til landsins eða hversu miklar eignir Friðrik ætti erlendis. Hafi Friðrik gefið í skyn, að hann ætti verulegar fjárhæðir þannig útistandandi. Með því móti að selja umbjóðendum vitnisins framangreindan fisk fyrir áramót hafi átt að lækka skuld Friðriks samkvæmt framansögðu fyrir áramót, þannig að viðskipti hans litu betur út gagnvart Seðlabankanum. Eftir að samningurinn frá 28. desember 1966 hafi verið gerður, sagðist vitnið látlaust hafa krafið Friðrik eða lögmann hans um skilagrein vegna afurðanna og skýringar á því, hvenær og á hvern hátt hann ætlaði að greiða. Friðrik hafi lofað uppgjöri og látið í veðri vaka, að búast mætti við greiðslu í reiðufé hvaða dag sem væri. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt neitt til mannsins og kvaðst hafa orðið á þessum tíma að fara að nokkru leyti eftir áliti annarra og þeirra gagna, sem það hafi haft um viðskipti Friðriks að undanförnu. Vitnið sagði, að umbjóðendur sínir hafi virzt bera mikið traust til Friðriks á þessum tíma. Þegar dráttur hafi orðið á skilagrein eða ákveðnum tillögum um greiðsluuppgjör, kvaðst vitnið hafa heimtað, að Friðrik léti slíkar tillögur í té skriflega, og sé þannig til komið greiðslutilboð Friðriks, dags. 19. janúar 1967, sbr. 2.1.

Aðspurt sagði vitnið, að verðmæti þau, sem talin eru upp í 3.—4. tölulið í nefndu greiðsluuppgjöri hafi verið keypt á hærra verði, langt yfir sannvirði, miðað við hag fyrirtækisins og afkomu á þessum tíma. Vitnið kvaðst hafa vitað til þess, að Friðrik Jörgensen hafi viljað fá heimild í samningana um hlutabréfin til að kaupa þau aftur síðar eftir ca. eitt til tvö ár, þegar hann væri kominn yfir hina tímabundnu erfiðleika, á sama verði og hann hafi selt þau. Vitnið kveðst ekki vita, hvort umbjóðendur sínir hafi lofað Friðriki þessu, en sjálft kvaðst vitnið alveg hafa lagzt gegn því, að samningarnir yrðu þannig skilyrtir. Hafi slíkt ákvæði verið numið úr samningsuppkasti, sem gert hafi verið strax eftir áramótin. Skömmu eftir að samningurinn um kaup á hlutabréfum í Fiskiðjunni hafi verið gerður, þ. e. 20. janúar 1967, kvaðst vitnið

hafa fengið staðfestingu á því, að Friðrik hafi skuldað fyrirtækinu Chemical & Feeds mjög verulegar fjárhæðir, eða yfir 80 þúsund sterlingspund, sem hann hafi áður alveg leynt umbjóðendur sína um. Eftir að hafa fengið skýringu á tilvist skuldarinnar við Chemicals & Feeds, sem hafi verið allt önnur en skýring Friðriks Jörgensens á þeirri skuld, þá kvaðst vitnið hafa ráðið umbjóðendum sínum til að senda inn kyrrsetningarbeiðni án tafar, þar sem ekki væri unnt að staðreyna neitt um þær eignir, sem boðnar hefðu verið fram.

2.3. Bú Friðriks Jörgensens var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar að beiðni hans sjálfs þann 14. apríl 1967. Með beiðni hans fylgdi samningur sá, sem mál þetta varðar. Síðasta birting innköllunar var í 38. tölublaði Lögbirtingablaðs 16. júní 1967.

Beiðni um málshöfðunarheimild til riftunar á greindum samningi var borin fram af Karli Jónssyni á skiptafundi þann 12. janúar 1968, en áður höfðu Skúli J. Pálmason héraðsdómslögmaður, þann 18. september 1967, og Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, þann 11. janúar 1968, ritað skiptaráðanda bréf af þessu tilefni. Þann 3. febrúar 1968 höfðaði Karl Jónsson riftunarmál samkvæmt framansögðu á hendur Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 28. nóvember 1968, var m. a. auglýsing um skiptafund 19. september 1968, sem taka skyldi ákvörðun um aðild þrotabúsins að riftunarmálinu, ekki talin birt á lögmætan hátt. Var því staðfest niðurstaða héraðsdóms um frávísun málsins.

Var því boðað á ný til skiptafundar 19. desember 1968, sem taka skyldi ákvörðun um þetta efni. Var auglýsingin um þennan fund birt á lögmætan hátt. Ákveðið var á fundi þessum að fresta ákvörðuninni um þetta málefni til næsta fundar, sem haldinn yrði 27. sama mánaðar. Á þeim skiptafundi var enn frestað til 20. janúar 1969 að taka ákvörðun um málshöfðunina. Heimildin til höfðunar riftunarmáls var svo borin undir atkvæði á skiptafundi 20. janúar 1969. Um það segir m. a. svo: „Skiptafundur ákveður að heimila Guðjóni Steingrímssyni hrl. vegna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða fyrir hönd þrotabúsins riftunarmál gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum til riftunar samningi, dags. 28. desember 1966, og gera í því máli kröfu um greiðslu á andvirði saltfisks auk vaxta og málskostnaðar. Málssóknin verður búinu að kostnaðarlausu, að því leyti að Guðjóni Steingrímssyni hrl. beri aðeins málflutningslaun,

reiknuð af þeim verðmætum, sem koma inn í búið með þessari málssókn.

Verði niðurstaða málsins á þann veg, að málskostnaður verði lagður á sóknaraðila, mun Guðjón Steingrímsson taka þann kostnað á sig".

Ekki urðu allir kröfuhafar sammála um þessa tillögu, en skiptadómur Reykjavíkur féllst á hana með ákvörðun sinni 5. febrúar 1969.

Í framhaldi af því var mál þetta höfðað með stefnu, birtri 3. febrúar 1969.

Með kæru 25. febrúar 1969 skaut Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f fyrrgreindri ákvörðun skiptadóms í Reykjavík frá 5. febrúar 1969 til Hæstaréttar, en Hæstarétti barst kæran 20. júní 1969. Með dómi Hæstaréttar 26. september 1969 var málinu vísað frá Hæstarétti. Á meðan var bæjarþingsmáli því, sem hér er til meðferðar, frestað ex officio með heimild í 2. málsgr. 117. gr. laga nr. 85/1936.

Með stefnu 23. október 1969 skaut Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f til Hæstaréttar fyrrgreindri ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um að heimila höfðun riftunarmáls. Dómur Hæstaréttar var uppkveðinn 27. maí 1970, og var málinu enn vísað frá dómi vegna formgalla.

Á meðan síðastgreind ákvörðun skiptadómsins var undir áfrýjun, fór stefndi í máli þessu fram á frest í bæjarþingsmálinu, þar til niðurstaða Hæstaréttar um ákvörðun skiptaréttar frá 5. febrúar 1969 lægi fyrir. Þrotabúið neitaði um frest, en með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 5. nóvember 1969, sem staðfestur var í Hæstarétti 17. desember 1969, var hinn umbeðni frestur veittur.

Loks áfrýjaði Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, að fegnu áfrýjunarleyfi, með stefnu 26. júní 1970 umræddri ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um heimild til höfðunar riftunarmáls þessa.

Dómur Hæstaréttar er uppkveðinn 27. nóvember 1970, og var margnefnd ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 staðfest.

3.0.

3.1. Stefnandi reisir málssóknina á 19. gr. og 23. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Enn fremur styðst hann við 7. gr. okurlaga og 250. gr. almennra hegningarlaga.

Stefnandi telur, að skilyrði til riftunar umræddra fisksölusamnings séu fyrir hendi samkvæmt 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Þannig sé ljóst, að samningurinn hafi verið gerður 28. desember 1966, en skipti hafi byrjað 14. apríl 1967, eða aðeins þrem mánuðum og 16 dögum síðar. Lýstar kröfur í búið séu 54 milljónir rúmlega, en eignir litlar. Seint um haustið 1966 hafi vaknað sá grunur, að Friðrik Jörgensen stæði ekki lengur í skilum með yfirfærslu kaupverðs afurða frá erlendum kaupendum til framleiðenda, þ. á m. stefnda. Hafi stefnda verið kunnugt um skýrslu Guðjóns Eyjólfssonar um bankaviðskipti Friðriks Jörgensens við Útvegsbankann og kæru þá til sakadóms, sem fylgdi í kjölfarið. Hafi þá þegar verið ljóst, að ólíklegt væri, að Friðrik gæti staðið í skilum við framleiðendur, þ. á m. við stefnda, sem hann hafi skuldað þá yfir 25 milljónir króna.

Forráðamenn stefnda hafi hafizt handa í desember 1966 til að fá Friðrik til að afhenda sér eignir upp í skuld Friðriks við hann án þess að skeyta um, hvort nokkuð yrði afgangs handa öðrum skuldheimtumönnum hans, en stefnda hafi þó verið fullkunnugt um, að þessar skuldir væru stórfelldar. Þannig hafi hann vitað, að Friðrik Jörgensen hefði svikið brezka firmað Chemicals & Feeds um andvirði heils farms af síldarlýsi, en lýsið hafi einmitt verið framleitt í verksmiðju stefnda í Vestmannaeyjum.

Samband forráðamanna stefnda við Friðrik hafi verið mjög náið í mörg ár, enda hafi hann verið hluthafi í fyrirtækjum, sem forráðamenn stefnda áttu í, þ. á m. í hinu stefnda félagi og jafnvel í stjórn slíkra félaga og prókúruhafi Fiskiðjunnar h/f. Megi telja víst, að þeir hafi verið betur kunnugir högum hans en aðrir og vitað, þegar hér hafi verið komið, að stórlega skorti á, að Friðrik ætti fyrir skuldum.

Stefndi vísar til bréfs Friðriks, dags. 19. janúar 1967, sbr. 2.1., þar sem Friðrik staðfestir það, sem hann hafði áður sagt stefnda, að hann bjóði fram ýmsar eignir sínar, alls að verðmæti ca. 22.6 milljónir, sem greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu. Heldur stefnandi því fram, að stefnda hafi verið ljóst, að hér voru eignir Friðriks taldar upp tæmandi, og ýktar þó.

Enn fremur heldur stefnandi því fram, að saltfiskur sá, sem seldur hafi verið, sé „óvenjulegur gjaldeyrir" í merkingu laganna. Hið stefnda fyrirtæki reki síldar- og fiskimjölsverksmiðju og annist þrotamaður sölu á afurðum hennar, lýsi og mjöli. Ekki sé kunnugt um, að fyrirtækið hafi verkað saltfisk eða annazt útflutning á saltfiski fyrir aðra. Þrotamaður hafi hins vegar stundað útflutningsverzlun með fiskafurðir og þar á meðal hafi hann annazt allan útflutning við stefnda, enda hafi skuld hans

við stefnda verið þannig til komin, að hann hafi ekki getað staðið í skilum með greiðslu á andvirði hinna seldu afurða. Þrotamanni hafi að sjálfsögðu borið að greiða andvirðið í peningum, enda hafi það jafnan verið venjan í viðskiptum þeirra, að þrotamaður greiddi andvirði inn á sérstakan „lokaðan" reikning í Útvegsbanka Íslands. Greiðsla upp í skuld þessa með saltfiski sé því riftanleg, þar sem saltfiskur sé í þessu sambandi „óvenjulegur gjaldeyrir". Auk þessa hafi Friðrik Jörgensen viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi ekki átt handbæra peninga til greiðslu skuldarinnar á þeim tíma, sem samningurinn var gerður.

Stefnandi hefur einnig hreyft því, að stefndi hafi með ólögmætum hætti þvingað Friðrik Jörgensen til þess að gera umræddan samning og sé því samningurinn einnig riftanlegur af þeim sökum.

Stefnandi mótmælir því, að slíkur dráttur hafi orðið á málssókn þessari, að það varði við 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Sá dráttur, sem orðið hafi, sé að mestu stefnda sjálfum að kenna.

Varðandi fjárkröfuna bendir stefnandi á, að stefndi hafi ekki, þrátt fyrir áskoranir, fengizt til að upplýsa, hvað orðið hafi af þeim 33 tonnum af saltfiski, sem um er getið í 2.1. Kveðst því stefnandi miða kröfu sína við fjárhæð þá, sem nefnd sé í kaupsamningnum. Hins vegar bendir stefnandi á, að séu þessi 33 tonn reiknuð á sama meðalverði og annar fiskur var seldur á samkvæmt kaupsamningnum, sé raunverulegt verðmæti fisksins alls kr. 4.144.962.00.

3.2. Af hálfu stefnda er á það bent, að þegar samningur sá, sem málið varðar, hafi verið gerður, hafi að vísu verið uppvíst, að gjaldþroti hafi ráðstafað af fé því, sem renna hafi átt til stefnda, á annan veg en honum bar samkvæmt því leyfi, sem hann hafi haft til útflutningsverzlunar og samkvæmt þeim reglum og fyrirmælum, sem honum hafi borið að fylgja. Þótt viðskiptabanki hafi talið þörf ítarlegrar rannsóknar á gjaldeyrisviðskiptum gjaldþrota, hafi þó ekki á þeim tíma verið talin nein ástæða til að örvænta um gjaldþol hans. Útflutningsverðmæti afurða þeirra, sem Friðrik hafi selt á undanförnum árum, hafi verið talið nema allt að 500 milljónum króna árlega, en tekjur hans af útflutningsverzluninni hafi numið 1—3%, þannig að ekki sé óvarlegt að ætla bráttótekjur hans undir 10 milljónum árlega. Hann hafi sjálfur staðhæft um þetta leyti, að hann mundi hina næstu daga gera að fullu upp andvirði þeirra afurða, sem ekki hafði verið skilað. Þegar samningurinn 28. desember 1966 hafi

verið gerður, hafi stefndi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að Friðrik Jörgensen ætti fyrir skuldum. Að vísu hafi stefnda verið kunnugt um, að Útvegsbankinn hafði falið Guðjóni Eyjólfssyni, löggiltum endurskoðanda, að rannsaka skil Friðriks á andvirði afurðanna. Við þá rannsókn hafi komið í ljós, að allmikið skorti á full skil til stefnda og annarra, en sakir þess, að greiðslur þær, sem til bankans höfðu borizt, svöruðu ekki ávallt til andvirðis ákveðinna sendinga, hafi á því stigi verið erfitt að segja fyrir um án nánari rannsóknar, hve mikið af hinum útfluttu afurðum væri raunverulega greitt til landsins og hve mikið væri ógreitt erlendis, selt eða óselt. Enn bendir stefndi á, að bókhald Friðriks á þessum tíma og skýrslur hans til gjaldeyriseftirlitsins hafi gefið til kynna, að ekki væri ástæða til að örvænta um gjaldþol hans. Staðhæfingar Friðriks um inneignir sínar erlendis hafi og komið heim við skýrslur endurskoðandans um rannsókn hans, er hann framkvæmdi að beiðni Útvegsbankans, og hafi rennt stoðum undir þá trú stefnda, að full ástæða væri til að ætla, að Friðrik ætti fyrir skuldum. Enn fremur hafi Friðrik bent á ýmsar eignir, sem hann hafi talið sig geta látið af hendi sem greiðslu eða tryggingu án þess að skerða með því á nokkurn hátt rétt annarra skuldheimtumanna. Þann 19. janúar 1967 hafi Friðrik Jörgensen staðfest greiðsutilboð sín. Hafi því verið full ástæða til þess að ætla, að hann ætti þá fyrir skuldum.

Í sambandi við fiskkaupin hafi stefndi að sjálfsögðu haft samráð við Útvegsbanka Íslands og óskað fyrirgreiðslu bankans vegna þeirra, svo sem að fiskurinn kæmi í stað greiðslu hluta þess, sem óskilað var af afurðaverði til stefnda. Sú fyrirgreiðsla hafi verið veitt af bankanum, sem hafi veitt viðtöku frumriti heimildarskjalanna. Telur stefndi ljóst, að Útvegsbankinn mundi aldrei hafa samþykkt slíka fyrirgreiðslu, ef hann hefði haft ástæðu til að ætla, að Friðrik ætti þá ekki fyrir skuldum.

Hins vegar segir stefndi, að skömmu eftir að hafa fengið framangreinda greiðslu eða tryggingarboð frá Friðriki, hafi vaknað grunur um, að Friðrik hefði haft verulegar fjárhæðir af erlendum aðilja, og í framhaldi af þeirri vitneskju hafi stefndi lagt fram beiðni um kyrrsetningu í eignum gjaldþrota, Friðriks Jörgensens, í sakadómi Reykjavíkur 27. janúar 1967.

Stefndi mótmælir því, að greiðsla til hans í formi fisks hafi verið óvenjulegur gjaldeyrir í merkingu gjaldþrotaskiptalaganna. Á það sé að líta, að Friðrik Jörgensen hafi beint og óbeint notað peninga stefnda (og Fiskiðjunnar h/f) til þess að greiða fyrir

þær afurðir, sem samningurinn taki til. Enn fremur að andvirðið hafi beinlínis runnið til þess að greiða niður skuld, sem Friðrik hafi átt að vera búinn að greiða, og honum borið skylda til að halda aðgreindu. Loks er hér á það bent, að fiskurinn hafi verið, eins og hér stóð á, í raun peningar, þar sem stefndi hafi strax getað veðsett fiskinn og fengið peningagreiðslu.

Stefndi heldur því fram, að sá dráttur, sem hafi orðið á málsókn þessari, sé brot á 30. gr. gjaldbrotaskiptalaganna og eigi að leiða til sýknu. Hann bendir sérstaklega á, að samkvæmt 36. gr. gjaldþrotaskiptalaganna hafi skiptum átt að vera lokið þann 16. desember 1968. Stefndi heldur því fram, að óeðlilegur dráttur hafi orðið á því, að ákvörðun var tekin um málshöfðun þessa. 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna taki einnig til þessa tilviks.

Varðandi fjárkröfuna hefur stendi bent á, að einungis andvirði 259 tonna af umræddum fiski hafi runnið til sín. Eigi því stefnukrafan allavega að lækka sem því nemur.

Varakrafa stefnda er á því reist, að viðurkenndur verði réttur hans til skuldajafnaðar á kröfunni við kröfu stefnda á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens, svo sem gert hafi verið í kröfulýsingu hans fyrir skiptarétti og sakadómi. Um heimild til þessa vísar stefndi til 17. gr. gjaldþrotaskiptalaganna og 35. og 36. gr. skiptalaga.

4.0.

4.1. Í 2.3. eru rakin atvik af höfðun máls þessa og rekstri þess hér fyrir dómi.

Ekki verður talið, að rekstur málsins af hálfu búsins hafi verið svo vítaverður, að ástæða sé til þess að vísa dómkröfunum frá af þeim sökum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1929. Aðrar ástæður varðandi rekstur málsins eða atvik að honum þykja heldur eigi standa því í vegi, að efnisdómur verði lagður á mál þetta nú.

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Stefánssonar, löggilts endurskoðanda, sem lögð hefur verið fram í málinu, varð skuld Friðriks Jörgensens við stefnda til á tímabilinu 7. marz 1965 til 28. september 1966. Þann 31. desember 1966, en við það tímamark er skýrslan miðuð, nam skuldin alls rúmlega 28 milljónum króna, en einhvern tíma fyrir 31. desember 1966 hafði þá Friðrik greitt rúmlega 7 milljónir, þannig að um áramótin var skuld Friðriks Jörgensens við stefnda talin nema um kr. 21.098.137.72, allt vegna farma, sem Friðrik hafði þá þegar flutt út fyrir stefnda án þess að standa skil á andvirðinu.

Eftir að fyrirsvarsmenn stefnda höfðu fengið grun um, að Friðrik hefði veitt viðtöku greiðslum fyrir afurðir og eytt fénu án þess að standa skil á því, hóf stefndi eindregnar tilraunir til að fá Friðrik til að greiða upp í skuld sína við hann. Leiddi það m. a. til þess, að fisksölusamningur sá, sem getið er um í 2.1., dags. 28. desember 1966, var gerður með þessum aðiljum.

Aðeins rúmlega þrír mánuðir liðu frá dagsetningu umræddS kaupsamnings, þar til skiptaráðanda barst beiðni Friðriks um gjaldþrotaskipti á búi Friðriks, en upphaf gjaldbrotaskipta miðast hér við það tímamark.

Samkvæmt framburði stjórnarformanns stefnda og Ágústs Vilhjálms Matthíassonar, stjórnarformanns Fiskiðjunnar h/f, og öðrum gögnum málsins hafði stefndi ekki áður gert sambærilega kaupsamninga um fisk til útflutnings.

Samkvæmt framburði Friðriks Jörgensens sjálfs hér fyrir dómi átti hann ekki reiðufé til greiðslu skuldarinnar við stefnda eða þess hluta hennar, sem hér er um deilt, þá er kaupsamningurinn var gerður.

Samkvæmt framburði stjórnarformanns stefnda og áðurnefnds Ágústs var umræddur kaupsamningur m. a. í þeim tilgangi gerður að fá greiðslu upp í skuld Friðriks við stefnda.

Fiskkaupin fóru fram með tilvísun Friðriks á fiskinn, þar sem hann var í geymslu. Stefndi gat að vísu fengið reiðufé út á fiskinn mjög fljótlega, einkum með því að veðsetja hann.

Þegar á allt er litið, verður að telja, að umrædd greiðsla hafi verið óvenjulegur gjaldeyrir, eins og á stóð, sem fyrst og fremst hafi verið notaður í þeim tilgangi að grynna á kröfu stefnda á hendur Friðriki, þar sem Friðrik skorti reiðufé til greiðslu.

Áður en umræddur kaupsamningur á milli stefnda og Friðriks Jörgensens var gerður, höfðu fyrirsvarsmenn stefnda rökstuddan grun um, að Friðrik hefði veitt greiðslum viðtöku fyrir útfluttar afurðir og notað í eigin þarfir án þess að standa skil á þeim. Enn fremur var þeim kunnugt um, að Útvegsbankinn hafði látið fara fram rannsókn á fjárreiðum Friðriks, vegna þess að talið var, að Friðrik Jörgensen hefði eigi farið eftir settum reglum um meðferð andvirðist útfluttra afurða.

Í skýrslu stjórnarformanns Fiskiðjunnar h/f hér fyrir dómi segir m. a.: „Kveðst mætti hafa að vísu verið sannfærður um, að Friðrik Jörgensen ætti fyrir skuldum, en engu að síður verið hræddur um, að svo kynni að fara, að hið stefnda fyrirtæki fengi ekki að öllu greiddar kröfur sínar. Kveðst mætti aðallega hafa

byggt þessa skoðun sína á orðrómi, sem þá hafi verið kominn á kreik um Friðrik Jörgensen".

Með gögnum þeim, sem rakin eru í 2.1. og 2.2., hefur stefnda eigi tekizt að sýna fram á, að þrotamaður hafi átt fyrir skuldum, þá er umræddur kaupsamningur var gerður, né að stefndi hafi haft ástæðu til að ætla, að svo væri.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á kröfu stefnanda um riftun á umræddum kaupsamningi samkvæmt 19. gr. laga nr. 25/1929 og dæma stefnda til greiðslu andvirðis umræddrs fisks, enda verður ekki talið, að stefnandi hafi fyrirgert riftunarrétti sínum með tómlæti.

17. gr. laga nr. 25/1929 tekur ekki til þess tilviks, sem um ræðir í varakröfu stefnda. Með því að aðrar heimildir skjóta heldur ekki stoðum undir varakröfu hans, er ekki unnt að taka hana til greina.

Upplýst er, að andvirði 200 tonna af umræddum fiski var fært stefnda til tekna um mánaðamótin febrúar—marz 1967. Að frádregnum nauðsynlegum útflutningskostnaði nam fjárhæð sú, sem stefndi fékk þannig í hendur, kr. 2.901.577.44. 49 tonn af umræddum fiski voru seld á vegum S. Í. F., og nam nettóandvirði kr. 762.325.10 og var greitt Útvegsbankanum 20. nóvember 1967. Dæma ber stefnda til að endurgreiða stefnanda þessar fjárhæðir, eða samtals kr. 3.663.902.54 með 7% ársvöxtum af kr. 2.901.577.44 frá 1. marz 1967 til 20. nóvember sama ár, en kr. 3.663.702.54 frá þeim degi til greiðsludags.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000.00.

Í greinargerð stefnanda segir svo: „Og þannig vissu þeir t. d. full vel, að hann hafði svikið brezka firmað Chemicals & Feeds Ltd. um andvirði heils farms af síldarlýsi, sterlingspund 83.319-7-1, en lýsið var einmitt framleitt í verksmiðju stefndu í Vestmannaeyjum".

Krefst stefndi þess, að ummæli þessi verði dæmd ómerk og lögmaður stefnanda jafnframt dæmdur til sektargreiðslu fyrir þau.

Ekki eru næg efni til að sinna ómerkingar- eða sektarkröfu út af ummælum þessum.

Dómarar í máli þessu voru Stefán M. Stefánsson borgardómari og meðdómsmennirnir Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur og Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, greiði stefnanda, Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, kr. 3.663.902.54 með 7% ársvöxtum af kr. 2.901.577.44 frá 1. marz 1967 til 20. nóvember sama ár, en af kr. 3.663.902.54 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að dögum.

Fimmtudaginn 18. maí 1972.

Nr. 133/1971. **Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður** (sjálfur)
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús Vátryggingafélagsins h/f og gagnsök (Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason, Einar Ingimundarson sýslumaður og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Úthlutun uppboðsandvirðis. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., en áfrýjunarstefnan var birt 29. október 1971. Krefst hann þess, að honum verði greiddar kr. 104.462.00 af uppboðsandvirði því, er uppboðsréttur Reykjavíkur hefur í vörzlum sínum vegna nauðungaruppboðs á lausafé, sem fram fór að kröfu aðaláfrýjanda 23. maí 1970 samkvæmt fjárnámi, er gert var hjá Vátryggingafélaginu h/f 10. desember 1969. Hann krefst og 7% ársvaxta af kr. 100.000.00 frá 15. september 1967 til

3. desember 1969 og af kr. 90.000.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. nóvember 1971, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar að öðru leyti en því, að hann gerir kröfu um, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur lýst því yfir, að fjárheimtu þá, sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, hafi hann haft með höndum fyrir Eggert Sigurmundsson, Auðsholtshjáleigu í Ölfushreppi, og samkvæmt innheimtuumboði frá honum.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti endurrit úr skiptabók Reykjavíkur af bókun, gerðri á skiptafundi í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f 10. nóvember 1970. Segir þar m. a. svo:

„Skiptaráðandi gerði grein fyrir uppboðssölu á eignum Vátryggingafélagsins h.f. og skýrði frá, að hann hafi óskað þess við uppboðshaldara, að uppboðsandvirði yrði eigi greitt uppboðsbeiðanda, fyrr en skiptafundur hefði fjallað um málið. Skjöl uppboðsmálsins liggja fyrir, og las skiptaráðandi upp bréf Vagns E. Jónssonar hrl., dags. 4. sept. 1970.

Leitað var álits fundarmanna um það, hvort búið ætti að gera tilkall til uppboðsfjárins og krefjast úrskurðar um það atriði í uppboðsrétti, ef með þarf.

Málið gekk til atkvæðagreiðslu. Með tillögu að gera kröfu til fjárins voru Þorsteinn Geirsson hdl., Þórhallur Sæmundsson hrl., Valgarð Briem hdl., Steingrímur Aðalsteinsson. Á móti greiddi atkvæði Grétar Haraldsson hdl., sem mætir á fundinum fyrir Guðmund A. Guðmundsson o. fl.

Þegar atkvæðagreiðsla fór fram, voru aðeins tveir úr hópi kröfuhafa eftir á fundinum auk þeirra, er atkvæði greiddu, voru það þeir Egill Gestsson og Jónas Aðalsteinsson hrl.

Skiptaráðandi lýsti því yfir, að í samræmi við atkvæðagreiðsluna yrði gerð krafa í uppboðsandvirðið. Skiptafundur samþykkti að fela Jóhannesi L. L. Helgasyni hrl. að fara með málið fyrir hönd búsins, ef til málshöfðunar kæmi“.

Lausafjármunum þeim, sem í málinu greinir, hafði aðaláfrýjandi komið úr vörzlum Vátryggingafélagsins h/f innan þess frests, sem settur er í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887, og áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 13. marz 1970. Gekk aðfararverðréttur aðaláfrýjanda fyrir rétti þrotabúsins, nema riftingarreglur gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 leiddu til annarrar niðurstöðu. Hinir fjárnumdu munir voru seldir nauðungarsölu 23. maí 1970 án andmæla af hendi gagnáfrýjanda, og hefur nauðungaruppboðinu ekki verið áfrýjað. Ágreiningur málsaðilja er um úthlutun uppboðsandvirðisins, og krefst gagnáfrýjandi þess sér til handa, þar sem rifta hafi mátt fjárnáminu samkvæmt ákvæðum 22. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Samkvæmt 46. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 57/1949 skal uppboðshaldari úthluta uppboðsandvirði. Verður eigi fallizt á þá úrlausn uppboðshaldara, að framangreint uppboðsandvirði skuli renna til skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f, sem síðan úrskurði um úthlutun þess í stað uppboðshaldara. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og vísa málinu aftur til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað aftur til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 22. júní 1971.

Sóknaraðili, Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt þess, að honum verði greiddar kr. 139.662.00 af uppboðsandvirði lausafjármuna, er seldir voru á nauðungaruppboði 23. maí 1970 að kröfu hans, samkvæmt fjárnámi, er hann lét fram fara hjá Vátryggingafélaginu h/f hér í borg. Þá krefst hann dráttarvaxta, 1% á mánuði af kr. 90.000.00 frá 1. janúar 1971 til greiðsludags. Hann krefst þess, að sér verði úrskurðaður máls-

kostnaður úr hendi varnaraðilja vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Varnaraðili, skiptaráðandinn í Reykjavík, hefur gert þær réttarkröfur, að kröfum sóknaraðilja verði vísað á bug og sér f. h. þrotabús Vátryggingafélagsins h/f afhent allt uppboðsandvirðið, kr. 144.582.00. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 9. þ. mán.

Hinn 18. september 1969 lét sóknaraðili máls þessa, Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður, fram fara löghaldsgerð hjá Vátryggingafélaginu h/f hér í borg til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 90.000.00 auk vaxta og kostnaðar, og byggðist löghaldskrafan á veðskuldabréfi, útgefnu af Guðmundi A. Guðmundssyni o. fl. í vélskipinu „HILDI", sem fórst á árinu 1968. Hafði Vátryggingafélagið h/f með sérstakri yfirlýsingu tekið að sér að greiða veðskuldina, en greiðsla brást af þess hendi. Var staðfestingarmál höfðað á hendur hlutafélaginu með stefnu, útgefinni 23. september 1969, og gekk dómur bæjarþings Reykjavíkur hinn 3. október 1969. Var löghald staðfest og hlutafélaginu gert að greiða kr. 90.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 15. september 1967 til 3. desember 1969, en af kr. 90.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 12.590.00 í málskostnað.

Hinn 10. desember 1969 var síðan tekið fyrir að gera fjárnám hjá Vátryggingafélaginu til tryggingar dómkröfunum. Var gert fjárnám í húseigninni Borgartúni 1, 10 skrifborðum, 3 IBM ritvélum, 2 Smith Corona ritvélum, 2 Frieden reiknivélum og 1 Smith Corona reiknivél. Var að sinni frestað að láta vörzlusviptingu hins fjárnumda fara fram. Sjá rskj. 3 í málinu.

Fjárnámsgerðin er endurupptekin hinn 27. febrúar 1970, og fékk fjárnámshafi þá umráð ýmissa hinna fjárnumdu muna. Hann bað síðan um uppboð kröfum sínum til lúkningar hinn 13. marz 1970.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 13. marz, sama dag og uppboðsbeiðni sóknaraðilja, Vagns E. Jónssonar, er dagsett, var bú Vátryggingafélagsins h/f tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Sjá rskj. nr. 10 í máli þessu.

Nauðungaruppboð á hinu fjárnumda fór fram samkvæmt kröfu sóknaraðilja hinn 23. maí 1970, og hefur uppboðsgerðin sjálf engum andmælum sætt, og til útborgunar koma samkvæmt bókum uppboðsréttarins kr. 144.582.00. Sjá hér rskj. 11 og 12.

Unnsteinn Beck borgarfógeti, sem hefur með höndum skipta-

meðferð þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, var viðstaddur á uppboðinu og lét f. h. þrotabúsins færa til bókar, að með tilvísun til 22. greinar laga nr. 25/1929 gerði hann þann fyrirvara, að uppboðsbeiðanda verði ekki greitt andvirði sölu hinna fjárnumdu muna, fyrri en lögmætum skiptafundi í þrotabúinu hafi gefizt kostur að tjá sig um það, hvort fjárnámið haldi gildi gagnvart búinu.

Hefur Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður krafizt þess, að uppboðshaldari greiði sér kröfu sína af uppboðsandvirði, og hefur verið rekið sérstakt uppboðsréttarmál um ágreininginn, og er það mál hér til úrskurðar.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar þannig, að hvorki hafi verið áfrýjað dómi bæjarþingsins né eftirfarandi fjárnámi á hendur Vátryggingafélaginu h/f. Fjárnám hafi farið fram, löngu áður en hlutafélagið varð gjaldþrota. Fjárnám falli ekki niður eo ipso við gjaldþrot gerðarþola, heldur hafi þrotabúið undir vissum kringumstæðum heimild til að rifta því. Skiptafundur hafi þó ekki farið þessa leið og sé raunar útilokað að rifta fjárnámi, eftir að uppboð fer fram. Vera megi, að ekki hefði átt að halda þetta uppboð, en það hafi þó verið gert, og geti uppboðshaldari ekki breytt gerð sinni, sem fram fór í maí 1970. Þessari uppboðsgerð hafi ekki verið breytt með áfrýjun og lög heimili ekki riftun hennar, eins og fjárnámi megi rifta. Uppboðið hafi farið fram einvörðungu að sinni kröfu, ekki að kröfu skiptaréttarins, og sé heimildarlaust að greiða öðrum af því, fyrri en uppboðskröfu sinni hafi verið fullnægt með vöxtum og kostnaði, eins langt og uppboðsandvirði hrökkvi til.

Af varnaðarilja hálfu er á það bent, að stefna í máli sóknaraðilja gegn Vátryggingafélaginu h/f hafi verið birt 23. september 1969 og líði þannig ekki 6 mánuðir, unz hlutafélagið varð gjaldþrota. Sé því ljóst, að 22. gr. gjaldþrotaskiptalaga eigi við um þessa kröfu hans. Þá er vitnað í 33. og 35. grein laga nr. 3/1878 og staðhæft, að sú sé reglan, að eftir upphaf gjaldþrotaskipta á búi manns sé einstökum kröfuhöfum fyrirmunað að fá greiðslu á kröfum sínum með öðru móti en með atbeina skiptaréttar og allar kröfur í bú skuli bornar upp fyrir honum. Þá banni 34. grein sömu laga, að nauðungaruppboð til lúkningar skuldakröfum verði haldin, eftir að skipti eru hafin, en samkvæmt 87. gr. skuli veðbundnir munir búsins seldir á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda. Sýnist ljóst, að eins og hinir fjárnumdu munir voru að sjálfsögðu eign Vátryggingafélagsins h/f, áður en

gjaldþrot þess bar að höndum, verði uppboðsandvirðið, er í stað þess kom, eign búsins og sé því heimildarlaust, að uppboðshaldari láti það ganga annað en til skiptaráðanda, sem síðan greiði það rétthafa.

Fjárnuminn hlutur er eftir sem áður eign gerðarþola, allt þar til hann er öðrum sleginn á nauðungaruppboði, og að sama skapi er uppboðsandvirði, sem þannig kemur í stað hins fjárnumda, eign uppboðsþola, allt þar til uppboðshaldari greiðir það réttum kröfuhafa. Við gjaldþrot gerðarþola fjárnáms kemur bú hans í hans stað sem aðili þessara eignarréttinda, bæði að hinum fjárnumdu munum og að uppboðsandvirði, ef því er að skipta. Eins og uppboðshaldari átti samkvæmt 46. gr., sbr. 34. gr. uppboðslaga að úthluta og úrskurða um úthlutun uppboðsandvirðis, ef gjaldþrot uppboðsþola hefði ekki borið að, þannig á skiptaráðandi eftir gjaldþrot þessa aðild og úrskurð samkvæmt 33., 34. og 35. gr. skiptalaga, sbr. 90. grein sömu laga. Kemur ekki til mála, að skiptaréttur hafi firrt sig neinum rétti hér að lútandi, þó hann léti út af fyrir sig óátalið í þessu máli, að uppboð yrði haldið samkvæmt beiðni sóknaraðilja, enda áskildi skiptaráðandi þrotabúinu rétt til uppboðsandvirðis.

Samkvæmt þessu verður að telja, að uppboðsréttinum sé ekki heimilt að láta uppboðsandvirði renna til annarra en skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f, sem síðan úthlutar því samkvæmt lagareglum, sem ekki heyrir undir uppboðsrétt að úrskurða um. Er kröfum sóknaraðilja þannig vísað á bug.

Rétt er, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja er hafnað, og gengur uppboðsandvirði til skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. maí 1972.

Nr. 12/1972. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ingólfi Ásgrímssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Lögð hefur verið fram í Hæstarétti greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, dags. 11. febrúar 1972, en þar segir svo um staðarákvarðanir þær, sem á reynir í máli þessu:

„Í kortinu eru:

A = staður bátsins samkvæmt mælingu flugvélarinnar kl. 1449 h. 23/11 1971. Staður A mælist um 2,2 sjóm. frá landi, eða um 0,8 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 1456, um 2,8 sjóm. frá landi, eða um 0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Fyrri mælingar flugvélarinnar eru fjarlægðarákvarðanir á bátnum frá landi, reiknaðar eftir flugtíma og hraða flugvélarinnar. Fyrsta mæling frá landi til bátsins kl. 1438—1439 gefur fjarlægð hans frá landi um 1,7 sjóm., eða um 1,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Önnur fjarlægðarákvörðun kl. 1441—1443, sem gerð er með meðaltali af flugtíma frá bátnum til lands og frá landi til bátsins, gefur fjarlægð hans frá landi um 1,9 sjóm., eða um 1,1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Ekki er hægt að setja staði bátsins við þessar mælingar út í sjókortið, þar sem aðeins eru gefnar fjarlægðir frá landi.

Skipstjóri Steinunnar kveðst hafa gert lauslega staðarákvörðun um kl. 1300, þegar hann kastaði, 8—9 sjóm. austnorð-austur frá Ingólfshöfða, rétt utan við fiskveiðilínuna. Ekki er hér tekið fram, hvort átt er við segul-átt eða réttvísandi átt. Ég hef því dregið þessa miðun í kortið bæði eftir

segul-átt og réttvísandi átt og markað á hana punkta, X = 8 sjóm. og Y = 9 sjóm. frá Ingólfshöfða miðað við segulátt; X_1 = 8 sjóm. og Y_1 = 9 sjóm. frá Ingólfshöfða miðað við réttvísandi átt. X mælist um 1,4 sjóm. og Y um 1,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. X_1 mælist um 1,4 og Y_1 um 1,7 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Samkvæmt flóðtöflu fyrir Reykjavík og flóðmun fyrir Reykjavík og Ingólfshöfða hefur síðdegisfjara við Ingólfshöfða verið kl. 1555 h. 23/11 '71, en samkvæmt því hefði átt að vera austurfall með landinu fyrir austan Ingólfshöfða á tímabilinu frá kl. 1300 til þess tíma, er flugvélin gerði mælingar sínar. Hefði því bátinn átt að reka austur með landinu á þessum tíma. Hafi verið suðvestan kvika, en skipverjum ber saman um, að svo hafi verið og að verið hafi suðvestan átt dagana áður, má telja líklegt, að hann hafi jafnframt borið heldur nær landi".

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 17. þ. m., jafngilda 100 gullkrónur 4.335.16 seðlakrónum.

Málsatvik eru skilmerkilega greind í héraðsdómi. Þykir háttsemi ákærða varða við þau ákvæði, er í héraðsdómi greinir, sbr. lög nr. 21/1969 og nú lög nr. 89/1971. Ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Það athugast, að lögreglumaður sá, er fyrst tók skýrslu af ákærða 24. nóvember 1971, gætti eigi ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ingólfur Ásgrímsson, greiði allan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skaftafellssýslu 26. nóvember 1971.

Ár 1971, föstudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Skaftafellssýslu, sem háð var á Hótel Höfn, Hornafirði, af Sigurði G. Thoroddsen ásamt meðdómsmönnunum Tryggva Sigjónssyni og Sigurði Einarssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 8/1971: Ákæruvaldið gegn Ingólfi Ásgrímssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 25. þ. m., gegn Ingólfi Ásgrímssyni, Hlíðartúni 19, Höfn, Hornafirði, fæddum 7. janúar 1945 á Vopnafirði, skipstjóra á vélbátnum Steinunni, SF 10, sem er 72 brúttó rúmlestir, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis þriðjudaginn 23. nóvember 1971 út af Kvíárjökli austan Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum 2. gr. C 1 og C 2 nefndra laga nr. 21/1969, þau lög að öðru leyti, svo og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Ingólfur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur áður sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 22/11 í Reykjavík: Sátt, 4.000.00 kr. sekt vegna ölvunar við akstur. Ökuleyfissvipting í 6 mánuði.

1967 25/1 í Reykjavík: Sátt, 1.000.00 kr. sekt fyrir brot á 45. og 48. gr. umferðarlaga.

Í skýrslu skipherra flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, dagsettri 24. þ. m., segir svo:

„Þriðjudaginn 23. nóvember 1971 stóð gæzluflugvélin N842NS mb. Steinunni, SF 10, að ólöglegum togveiðum innan 3 mílna fiskveiðitakmarkanna út af Kvíárjökli.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 23. nóvember var gæzluflugvélin N842NS á eftirlitsflugi við SA-land. Um kl. 14.36 var komið auga á bát út af Kvíárjökli, er virtist innan fiskveiðitakmarkanna. Báturinn virtist kyrrstæður, og sneri stefninu vestur um.

Kl. 14.38 var flogið frá ströndinni í átt yfir bátinn og tíminn tekinn með tveim skeiðklukkum, sem báðum bar saman.

Hraði flugvélarinnar var 153 hnútar, flughæð 1000 fet, tími frá ströndinni að bátnum 40,4 sekúndur, sem gefur stað bátsins um 1,7 sml. frá landi.

Var nú flogið niður að bátnum, og kl. 14.40 sást, að báturinn hafði úti vörpuna, og á stb. sáust einkennisstafirnir, SF 10. Einnig sáust menn á þilfari.

Kl. 14.41 var flogið yfir bátinn í land. Flugstefna r.v. 330°. Flughraði 140 hnútar. Flughæð 300 fet. Tími frá bátnum að fjöruborði 51,5 sekúndur, sem tekinn var með tveimur skeiðklukkum, er bar saman.

Síðan var snúið við og flogið frá landi með stefnu á bátinn, sem þá var kominn á ferð út frá landi. Flughraði 140 hnútar. Flugstefna r.v. 140°. Flughæð 400 fet. Tíminn frá fjöruborði að bátnum 45,5 sekúndur, sem mældur var með tveimur skeiðklukkum, er bar saman.

Gefur þetta meðalflugtíma 48,5 sekúndur, sem gefur stað bátsins um 1,9 sml. frá landi.

Kl. 14.45 var flogið niður að bátnum og sást, að hann hafði innbyrt vörpu sína, sem öll var í hrúgu á þilfarinu.

Kl. 14.49 var flogið yfir bátinn og gerð eftirfarandi sextantmæling:

Ingólfshöfðaviti
△ Salthöfði $> 27° 15'$
△ Rákartindur $> 89° 28'$

Gefur það stað bátsins um 2,2 sml. frá landi.

Kl. 14.52 var enn flogið niður að bátnum, sem þá hafði ca. 190° stefnu r.v., en þeirri stefnu hafði hann haldið, frá því hann setti á ferð.

Var nú flogið yfir bátinn nokkrum sinnum, og kl. 14.56 var gerð önnur sextantmæling yfir bátnum.

Ingólfshöfðaviti
△ Salthöfði > 31° 33′
△ Rákartindur > 81° 57′

Gefur það stað bátsins 2,8 sml. frá landi.

Um kl. 14.59 var báturinn yfirgefinn, og flugvélin hélt áfram til gæzlustarfa.

Eftir að báturinn var yfirgefinn, var reynt að hafa samband við hann gegnum talstöðina á 2311 KC, en ekkert samband náðist við bátinn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Mælingar voru gerðar af skipherra og stýrimanni með sextöntum og skeiðklukkum.

Venjulegur háttur var á hafður við mælingar. Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti nr. 30, þar sem staðir bátsins eru merktir kl. 14.49 og kl. 14.56.

Veður NV-3, skyggni ágætt".

Skipherra flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, Helgi Hallvarðsson, mætti fyrir sakadómi Akureyrar og staðfesti undirritun sína á framangreindri skýrslu, sem væri sönn og rétt. Sagði hann punktana á sjókortinu setta út af stýrimanninum, en yfirfarna af sér.

Hann sagði, að báturinn hafi ekki verið að toga, er að honum var komið, en varpan hafi verið á síðunni og pokinn legið úti í sjó. Enginn fiskur hafi sézt á dekkinu, hvorki áður né eftir að varpan var tekin inn fyrir, enda taldi hann, að pokinn hafi verið ófráleystur.

Ekki tók hann eftir því, hvort hlerarnir voru fyrir utan, er fyrst var komið að bátnum, en er að honum var komið, eftir að hann var kominn á ferð, voru hlerarnir fyrir innan. Enn fremur sagði hann, að stjórnborðshlið bátsins hafi snúið að landi, er að honum var komið. Af legu pokans hafi mátt ráða, að bátinn rak frá landi. Skipherrann vann eið að framburði sínum.

Þá mætti einnig fyrir sama dómi Ólafur V. Sigurðsson, stýrimaður hjá Landhelgisgæzlunni. Hann kveðst hafa verið í gæzluflugvélinni í greint sinn. Hann kveðst hafa tekið þátt í öllum mælingum, sem fram koma í skýrslu skipherra, og staðfestir þær réttar. Einnig kveðst hann hafa unnið að útsetningum á sjókortinu eftir beztu vitund og þekkingu. Hann sagðist hafa séð, að hluti vörpunnar var í sjónum, er fyrst var komið að bátnum. Ekki kvaðst hann hafa veitt hlerunum athygli, fyrr en eftir að báturinn var kominn á ferð, en þá voru þeir innan borðstokks. Engan fisk kvaðst hann hafa séð á dekki bátsins né í vörpunni.

Sjóklæddir menn hafi verið á dekki bátsins, þegar komið var að og alveg þar til þeir yfirgáfu bátinn. Hann sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því við fyrsta aðflug, hvort verið var að taka vörpuna eða setja hana út. Stýrimaðurinn staðfesti framburð sinn með eiði.

Þá kom enn fyrir sama dóm flugmaður á nefndri gæzluflugvél, Þórhallur Karlsson. Sagði hann, að í flugvélinni væri hraðamælir, sem sýni hraða vélarinnar gegnum loftið. Þess hafi verið gætt að halda stöðugum hraða milli staða. Hann kveðst hafa séð einkennisstafi bátsins, SF 10. Hann vann eið að framburði sínum.

Ákærði kom fyrir sakadóm Skaftafellssýslu. Kvaðst hann hafa farið í róður frá Höfn kl. 0900 þriðjudaginn 23. þ. m. Hafi verið siglt vestur með landi, en ekkert kastað fyrr en um kl. 1300. Þá gerði hann lauslega staðarákvörðun, og reyndist báturinn samkvæmt henni vera um 8—9 sjómílur austnorðaustur af Ingólfshöfða, rétt utan við fiskveiðilínu. Hann segir, að hlerarnir hafi flækzt saman svo og trollið. Hafi vírarnir því verið hífðir strax inn. Um kl. 1320 hafi þeir verið búnir að greiða úr hleraflækjunni og þeir komnir upp í gálga. En ekki hafi tekizt að greiða úr trollflækjunni, fyrr en um það leyti sem hann varð var við flugvél. Þá var kl. milli 1430 og 1500. Hann grunaði, að þetta væri flugvél frá Landhelgisgæzlunni og hafði því talstöðina opna í báti sínum, ef hún vildi ná sambandi við hann. Þar sem ekki var haft samband við bátinn, áleit ákærði, að þetta væri einhver önnur flugvél. Segist ákærði hafa vitað, að hann var innan fiskveiðilínu. Hann kveðst ekki geta mótmælt staðarákvörðunum Landhelgisgæzlunnar. Er trollflækjan greiddist, eins og áður segir, setti ákærði á ferð í suðvestur. Hann segir, að fyrst eftir að trollið flæktist, hafi þeir skverað trollið, en flækjan hafi ekki greiðzt við það. Þá hafi þeir látið reka. Hann segir, að um þetta leyti hafi verið norðanandvari. Hins vegar hafi verið suðvestankvika vegna ríkjandi suðvestanáttar dagana áður. Bátinn hafi því fremur borið að landi. Hann segir, að er flugvélin flaug yfir, þá hafi stjórnborðssíða snúið að landi og pokinn verið þeim megin, enda sé hann innbirtur stjórnborðsmegin.

Vitnið Bragi Emilsson, 2 vélstjóri á m/b Steinunni, sagði, að kastað hafi verið um kl. 1300 s.l. þriðjudag austan við Ingólfshöfða. Trollið hafi kastazt óklárt og því hift strax aftur, vírarnir dregnir alveg inn strax, greitt úr hleraflækjunni og þeir síðan settir upp í gálga. Ekki kvaðst hann muna, hvenær hlerarnir voru teknir inn fyrir lunninguna. Hann sagði, að unnið hafi verið

við að greiða úr trollflækjunni til kl. 1400 eða 1500. Á meðan hafi trollið legið út af lunningunni. Um það leyti sem flugvél flaug yfir bátinn kl. 1430—1500, hafi verið sett á ferð í suðvestur. Hafi þá verið nærri búið að greiða úr flækjunni. Hann sagði, að á þessum tíma hafi verið norðangola, en kvika að suðvestan.

Hann kvað engan fisk hafa verið í pokanum eða í bátnum í umrætt sinn. Hann sagðist ekki hafa orðið var við á þessu tímabili neina tilburði í þá átt, að ætti að fara að kasta. Vitnið vann síðan eið að framburði sínum.

Vitnið Arnór Kristjánsson, 1. vélstjóri á m/b Steinunni, sagði, að kl. rúmlega 1430 hafi hann orðið var við flugvél, sem flaug yfir bátinn, og taldi vitnið, að um flugvél frá Landhelgisgæzlunni væri að ræða. Þá hafi skipverjar verið langt komnir að greiða úr trollflækju, hafi trollið verið flækt frá því um kl. 1300. Orðið óklárt, strax er kastað var. Hafi því verið híft inn upp að hlerum, strax er þeir hafi verið flæktir. Greitt hafi verið úr og þeir síðan hífðir upp í gálga. Hann sagðist ekki hafa orðið var við á þessu tímabili neina tilburði í þá átt, að ætti að fara að kasta. Er búið var að greiða úr flækjunni, var siglt í suðvesturátt. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Vilmundur Guðmundsson, matsveinn á m/b Steinunni, sagði, að kastað hafi verið um kl. 1300, en þar sem trollið hafi flækzt, hafi verið híft strax aftur. Síðan hafi verið unnið að því að greiða úr flækjunni, allt þar til flugvél sveimaði yfir bátnum rúmlega kl. 1430 og nokkuð lengur. Þeir hafi sett á ferð, um það leyti sem flugvélin var yfir bátnum. Hann sagði, að hlerarnir hafi verið komnir upp í gálga, fljótlega eftir að flæktist, en þorir ekki að tiltaka neinn tíma. Hann kvað hafa verið suðvestankviku í umrætt skipti og norðangolu. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við neina tilburði í þá átt, að ætti að fara að kasta á umræddu tímabili. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Jón Sveinsson, stýrimaður á m/b Steinunni, sagðist hafa verið ræstur upp rétt fyrir kl. 1300 s.l. þriðjudag, er átti að fara að kasta. Ekki gat hann sagt, hve langt báturinn var þá frá landi, þar sem hann fór ekki upp í brú. Þegar kastað var, voru troll og hlerar í flækju. Var því híft mjög fljótlega upp að hlerum. Hann sagði, að tekizt hefði að mestu að greiða úr trollflækjunni, þegar flugvél sveimaði yfir bátnum rúmlega kl. 1430. Þá voru hlerarnir löngu komnir í gálga. Hann sagði, að þann tíma, sem verið var að greiða úr trollinu, hafi varpan verið hengd upp í bómu, nokkuð af henni yfir lunninguna og í sjó.

Hann kveðst ekki hafa hugmynd um, hvort ætlunin var að kasta á þessum slóðum, þegar flækjan væri greidd. Ekkert virtist honum benda til þess. Hann kvað hafa verið norðanandvara þennan tíma og suðvestankviku. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Einnig kom fyrir dóminn sem vitni skipstjórinn á m/b Eskey, SF 54, Sigtryggur Benediktz. Hann kvaðst hafa hafið togveiðar á m/b Eskey ca. 9 sjómílum austan við Ingólfshöfða rétt utan við fiskveiðilínu um kl. 1400 s.l. þriðjudag. Kvaðst hann þá hafa séð m/b Steinunni, SF 10, þar skammt fyrir innan, sem lá með stjórnborðssíðu upp í norðankulið. Ekki sá hann, hvað mennirnir á dekkinu voru að aðhafast, en honum sýndist sem báturinn ætti í einhverjum erfiðleikum með trollið. Frá því hann kom á umrætt svæði og þar til hann varð var við flugvél sveima yfir m/b Steinunni, kveðst hann ekki hafa séð, að m/b Steinunn hafi togað, heldur var eins og hún léti reka. Hann segir, að þennan tíma hafi verið norðaustanandvari ca. 2 vindstig, sjór hafi verið nær sléttur, en daginn áður hafi verið hvöss vestanátt. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Eins og framanritað ber með sér, hefur ákærði ekki mótmælt staðarákvörðunum starfsmanna Landhelgisgæzlunnar. Verður að telja sannað með eiðsvörnum framburði þeirra, að m/b Steinunn, SF 10, hafi verið innan leyfðra fiskveiðitakmarka, er mælingar gæzluflugvélarinnar voru gerðar.

Einnig þykir sannað í málinu, að hluti vörpu m/b Steinunnar hafi verið í sjó innan fiskveiðitakmarkanna umrætt sinn. Hins vegar kveðst ákærði ekki hafa verið að togveiðum. Frásögn hans og skýring á þessu atriði er studd vætti allra annarra skipverja m/b Steinunnar svo og skipstjóra m/b Eskeyjar. Framburðir starfsmanna Landhelgisgæzlunnar stangast ekki á við þetta. Þeir sáu ekki bátinn vera að togveiðum. Var hann kyrrstæður, er flugvélin kom að. Engan fisk sáu þeir á dekki, né heldur báru þeir, að fiskur hafi verið í pokanum, sem var ófráleystur.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið rakið, þykir ei annað fært en að leggja áðurgreinda sögn ákærða til grundvallar, það er, að hann hafi ekki verið að togveiðum í umrætt sinn.

Ákærði kveðst hafa kastað um kl. 1300 utan fiskveiðilínu, en síðan hafi bátinn rekið upp að landi. Um kl. 1438 mældi flugvél Landhelgisgæzlunnar bátinn 1.3 sjómílur innan fiskveiðilínu. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa athugað þetta atriði sérstaklega. Telja þeir, að á þessum tíma hafi straumur legið í vesturátt með og upp að landi. Háflóð var við Ingólfshöfða kl. 1553 þennan

dag og harðasta fallið frá kl. 1130 til kl. 1400. Þrátt fyrir norðangolu telja þeir vel mögulegt, að bátinn hafi rekið að landi þá vegalengd og á þeim tíma, sem ákærði greinir. Þá hafa þeir einnig látið í ljósi þá skoðun, að varhugavert sé að ráða stefnu rekandi báts af legu pokans, sem liggi yfirleitt þeim megin, sem lyft er.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykja ekki komnar fram nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi kastað og ætlað að hefja togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna.

Verður ekki talið, að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961.

Hins vegar er ljóst með eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að veiðarfæri m/b Steinunnar hafi ekki verið í búlka innanborðs umrætt sinn, svo sem skylt er samkvæmt 2. gr. áðurnefndra laga. Þykir því rétt, að ákærða verði gerð refsing í samræmi við það samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/1967 eru ekki efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra.

M/b Steinunn, SF 10, er 72 brúttórúmlestir að stærð.

Samkvæmt síðustu opinberu skýrslu er gullgengi íslenzku krónunnar þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 seðlakrónum. Þykir refsing ákærða því samkvæmt 2. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt, er greiðist til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Ásgrímsson, greiði 20 þúsund krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. júní 1972.

Nr. 83/1971. **Helgi Gestsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Matthíasi Karelssyni og
Svanhildi Karlsdóttur
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1971 og krafizt þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 19.041.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. nóvember 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er gagnkrafa stefndu sprottin af skuldaskiptum aðilja málsins vegna smíðis eldhúsinnréttinga. Leitt er í ljós, að stefndu hafi verið veittur afsláttur, kr. 20.000.00, vegna þeirra skuldaskipta. Stefndu hafa ekki fært sönnur að því, að þau eigi frekari kröfur á hendur áfrýjanda vegna greindra skuldaskipta, og verður gagnkrafan því ekki tekin til greina.

Að svo vöxnu ber að dæma stefndu til að greiða óskipt áfrýjanda kr. 19.041.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1969 til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða óskipt áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00.

Það athugast, að kröfugerð lögmanns stefdu í héraði, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, var óljós.

Dómsorð:

Stefndu, Matthías Karelsson og Svanhildur Karlsdóttir, greiði óskipt áfrýjanda, Helga Gestssyni, kr. 19.041.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1969 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 27. nóvember 1970.

Stefnandi málsins er Helgi Gestsson trésmiður, Bergstaðastræti 33 hér í borg.

Stefndu eru Matthías Karelsson, Safamýri 67 hér í borg, og Svanhildur Karlsdóttir, sama stað.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum kr. 19.041.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 23. nóvember 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur af hálfu stefndu eru þær, „að stefndu verði með dómi viðurkenndur réttur til skuldajöfnunar og eftir atvikum með sjálfstæðum dómi skaðabætur að upphæð kr. 50.000.00 eða afsláttur frá eldhúsinnréttingu af sömu upphæð á hendur stefnanda máls þessa". Til vara er krafizt annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins. Þá krefjast stefndu málskostnaðar sér til handa.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi tók að sér á árinu 1968 að smíða eldhúsinnréttingu fyrir stefndu í íbúð stefndu að Safamýri 67, sem þá var verið að fullgera. Var umsamið, að stefnandi smíðaði eldhúsinnréttinguna samkvæmt teikningu. Skyldi verkinu lokið 1. október 1968. Tók stefnandi að sér að smíða eldhúsinnréttinguna fyrir samtals kr. 80.000.00, og skyldi uppsetningarkostnaður vera þar innifalinn.

Stefnandi tók jafnframt að sér á sama ári að vinna í tímavinnu fyrir stefndu við að endurbæta fataskáp, smíða gluggakistur og

fleira. Hefur stefnandi lagt fram reikning fyrir þessa vinnu sína. Er reikningurinn dags. 23. nóvember 1968. Er krafa stefnanda samkvæmt reikningi þessum sundurliðuð þannig:

1. Efni .. .. kr. 4.881.00
2. Vinnulaun .. .. — 14.160.00

Samtals kr. 19.041.00

Á reikninginn hefur verið skráð eftirfarandi:

„Greiðist með jöfnum afborgunum kr. 6.000.00 per mánuð, og fyrsta afborgun verður 25. júlí 1969. Reykjavík, 23. nóvember 1968. Matthías Karelsson".

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefndu, að fljótlega eftir að stefnandi lauk við smíði eldhúsinnréttingarinnar, hafi stefndu kvartað undan göllum á plasti eldhúsinnréttingarinnar. Samkvæmt málflutningi aðilja fóru fram samningaumleitanir milli stefnanda og stefndu um úrbætur á göllum þessum, sem stefndu lýsa þannig, að gulleitar rákir hafi komið fram á þrem rennihurðum og einni skáphlið, en auk þess hafi plastið verið meira og minna skellótt og mjög áferðarljótt. Ekki náðu aðiljar málsins samkomulagi um úrbætur á göllum þessum. Stefndu, sem aðeins höfðu greitt kr. 60.000.00 upp í eldhúsinnréttinguna, neituðu að greiða meira af umsömdu verði hennar, og auk þess neituðu þau að greiða hinn umstefnda reikning, sem áður hefur verið lýst, að fjárhæð kr. 19.041.00.

Hinn 20. október 1970 ritaði lögmaður stefnanda stefnda Mattríasi Karelssyni bréf. Í bréfinu segir m. a.:

„Til mín hefur leitað Helgi Gestsson, Bergstaðastræti 33, Reykjavík, og hefur falið mér að innheimta hjá yður skuldir að fjárhæð samtals kr. 39.041.00 ásamt dráttarvöxtum og innheimtulaunum samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Skuldir þessar eru samkvæmt tveimur reikningum, dags. 1. okt. 1968, upphaflega að fjárhæð kr. 80.000.00, en nú að eftirstöðvum kr. 20.000.00, og eru vegna smíði eldhúsinnréttingar skv. verkbeiðni, dags. 3. júlí 1968, og reikningi, dags. 23. nóv. 1968, að fjárhæð kr. 19.041.00, og er fyrir smíði fataskáps, gluggakistu o. fl. og árituðum af yður sama dag".

Lögmaður stefndu ritaði af þessu tilefni bréf til lögmanns stefnanda. Bréfið, sem dagsett er 30. október 1970, er svohljóðandi:

„Efni: Kröfubréf yðar f. h. Helga Gestssonar á hendur umbj. mínum, Matthíasi Karelssyni, dags. 20. þ. m.

Vegna kröfugerðarinnar er tekið fram, að verulegir gallar hafi komið fram í harðplasti í téðum eldhúsinnréttingum. Er harðplastið í innréttingunni mikið til ónýtt vegna flekkja og bletta, sem á það hafa fallið, auk upplitunar. Af þessum sökum er krafizt afsláttar af kaupverði og uppsetningar og smíðakostnaði innréttinganna, að upphæð kr. 20.000.00, og eru umbj. okkar þá skuldlausir hver við annan. Önnur leið er sú, að umbj. yðar geri að fullu við innréttingarnar, á eigin kostnað, og er umbj. minn þá reiðubúinn til þess að greiða umrædda skuld, en fyrr ekki.

Ég hefi ekki ennþá beðið um tilnefningu matsmanna til þess að spara umbj. yðar kostnað, en áskil mér rétt til þeirrar sönnunarleiðar, ef ekki er samið um mál þetta með viðunandi hætti".

Stefnandi féllst á að veita stefndu kr. 20.000.00 í afslátt af eldhúsinnréttingunni. Lögmaður stefnanda kveðst hafa tilkynnt lögfræðingi stefndu um það, að stefnandi féllist á afslátt þennan. Jafnframt hafi verið um það samið, að stefndu greiddu reikning þann, sem nú er stefnt fyrir í málinu.

Ekki varð af því, að stefndu greiddu hinn umstefnda reikning, og höfðaði stefnandi þá mál þetta hinn 27. nóvember 1970.

Hinn 8. desember 1970 ritaði lögmaður stefndu beiðni um útnefningu matsmanna, þar sem hann óskaði þess, að dómkvaddir yrðu tveir skoðunar- og matsmenn „til þess að meta til peningaverðs galla á eldhúsinnréttingu í íbúð umbjóðanda míns, Matthíasar Karelssonar, Safamýri 67 hér í borg".

Dómkvaddir voru húsgagnasmíðameistararnir Þorsteinn Hjálmarsson og Sigurður Úlfarsson. Skiluðu þeir matsgerð, sem dags. er 19. desember 1970. Í matsgerðinni segir m. a.:

„Við athugun kom fram, að áberandi gallar eru á plasti á þremur rennihurðum og einni skáphlið. Plastið er hvítt með mattri áferð, og koma nefndir gallar fram sem gulleitar rákir.

Til þess að bæta úr þessu teljum við þurfa að skipta um plast á áðurnefndri hlið, en hurðum teljum við nóg að snúa við, þar sem sams konar plast er innan á þeim, og reyndist það við athugun gallalaust.

Kostnað við áðurnefndar lagfæringar teljum við hæfilega áætlaðan:

Vinna, 17 tímar á 240.00	kr. 4.080.00
Plast og lím	— 800.00
Aksturskostnaður	— 400.00
	Kr. 5.380.00

Það skal tekið fram, að söluskattur er ekki innifalinn í liðnum um vinnukostnað".

Matsgerð þessi hefur verið lögð fram af hálfu stefndu. Af hálfu stefndu hefur matsgerðinni þó verið mótmælt sem rangri og fjarstæðukenndri. Er á það bent af hálfu stefndu, að í matinu hafi matsmenn ekki tekið tillit til þess, að yfirleitt sé allt plastið á eldhúsinnréttingunni stórkostlega gallað.

III.

Kröfu sína í málinu styður stefnandi þeim rökum, að aðiljar málsins hafi með áðurgreindum yfirlýsingum orðið ásáttir um að gera eldhúsinnréttinguna upp á þann hátt, að hann gæfi kr. 20.000.00 í afslátt af henni. Eftir standi þá hin umstefnda skuld, kr. 19.041.00, og beri stefndu að greiða hana.

Af hálfu stefndu er reikningnum að fjárhæð kr. 19.041.00 út af fyrir sig ekki mótmælt. Hins vegar eigi þau rétt á meiri afslátt eða hærri skaðabótum en kr. 20.000.00 vegna gallanna á eldhúsinnréttingunni, enda hafi enginn samningur komizt á með aðiljum um, að stefndu sættu sig aðeins við síðastgreinda fjárhæð. Er á það bent af hálfu stefndu, að tilboð stefndu í bréfinu frá 30. október 1970 beri að skilja svo, að bótakrafa eða afsláttarkrafa stefndu falli niður gegn því, að allar kröfur stefnanda féllu niður, og er í því sambandi vitnað í orðalagið, „og eru umbjóðendur okkar þá skuldlausir hver við annan". Þessu boði hafi ekki verið sinnt. Beri því að meta stefndu sjálfstæðan afslátt eða skaðabætur allt að kr. 50.000.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins. Er á það lögð áherzla af hálfu stefndu, að eigi megi hafa neina hliðsjón af mati hinna dómkvöddu matsmanna, enda sé matið svo fjarstæðukennt, að það eigi ekki að koma til álita.

IV.

Aðild stefndu að málinu hefur ekki sætt neinum andmælum af þeirra hálfu.

Dómendur fóru á vettvang 20. apríl 1971 og skoðuðu nefnda

eldhúsinnréttingu. Stefnandi mætti við vettvangsgönguna og stefnda Svanhildur auk lögmanna aðilja.

Eldhúsinnréttingin er smíðuð úr tekki og plastplötum. Plastið er með mattri áferð. Auk hinna gulu ráka, sem matsmenn greina frá í matsgerð sinni, koma fram í plastinu flekkir og blettir, sem eru mjög til lýta á innréttingunni. Á vettvangi neitaði stefnandi að upplýsa, hvar hann hefði fengið plastið, sem hann notaði til verksins. Ekki geta hinir sérfróðu meðdómendur staðhæft neitt um framleiðanda plastefnis þessa. Telja þeir líklegt, að hinar gulu rákir eigi rætur sínar að rekja til rangrar meðferðar, þegar plastið var límt á, eða að plastið hafi verið svo lélegt, að það hafi ekki þolað venjulega meðferð í límingu. Það er samdóma álit dómsins, að flekkir þeir og blettir auk hinna gulu ráka, sem fram koma í plastinu, séu til stórra lýta og þar sé um að ræða verulega galla, sem rýri verðgildi innréttingarinnar mun meir en nemur fjárhæð þeirri, sem í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna greinir. Þegar virt eru málsatvik, málflutningur aðilja og þær sönnunarreglur, sem hér eigi við, þykir þrátt fyrir nokkuð óljósan málflutning af hálfu stefndu rétt að líta svo á, að stefndu eigi rétt á frekari afslætti en stefnandi hefur boðið fram. Þykir afsláttur sá, sem stefndi á rétt á, hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00, eða kr. 5.000.00 hærri en sá afsláttur, sem stefnandi hefur veitt. Er þá gert ráð fyrir, að stefnandi hafi selt innréttinguna á gangverði.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu verður dæmt að greiða hina umstefndu fjárhæð, kr. 19.041.00, að frádregnum kr. 5.000.00, eða samtals kr. 14.041.00 með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 7% frá 25. júlí 1969 til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi H. Guðmundssyni húsgagnasmíðameistara og Kristni R. Sigurjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Matthías Karelsson og Svanhildur Karlsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Helga Gestssyni, kr. 14.041.00 með 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. júní 1972.

Nr. 140/1971. **Hjörtur Hjálmarsson vegna**
Ólafar H. Aðalsteinsdóttur
Sturlu F. Aðalsteinssonar
Ólafs G. Aðalsteinssonar
Guðmundar Aðalsteinssonar
Siguróskar R. Aðalsteinsdóttur og
Sigríðar K. Aðalsteinsdóttur
(Jóhann Ragnarsson hrl.)
gegn
Aðalsteini Guðmundssyni og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 28. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefjast þeir þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða þeim samtals kr. 1.301.660.00 með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 29. október 1971.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Atvikum máls þessa er lýst í héraðsdómi.

Hér fyrir dómi hafa áfrýjendur eingöngu byggt kröfur sínar á reglum 3. mgr. 69. gr., sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968, þar sem stefndi Aðalsteinn eigi sök á slysinu „með ógætilegum akstri og ógætilegu framhaldi ferðarinnar".

Í málinu er ekki annað fram komið en að bifreiðin Í 94 hafi verið í fullkomnu lagi í umræddri ferð. Þá er og eigi sannað, að slysið hafi orðið vegna gáleysis ökumannsins,

stefnda Aðalsteins, þannig að fébótaábyrgð verði á hann lögð af þeim sökum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Jóhanns Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 11. júní 1971.

Ár 1971, föstudaginn 11. júní, var í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu í Flateyrarþinghá, sem haldið var í dómsal embættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði af Björgvin Bjarnasyni sýslumanni með meðdómsmönnunum Gunnari Péturssyni og Ebenezer Þórarinssyni, bifreiðarstjóra og ýtustjóra, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem var dómtekið 19. maí 1971.

Mál þetta hefur Hjörtur Hjálmarsson, hreppstjóri á Flateyri, höfðað fyrir hönd Ólafar H., Sturlu F., Ólafs G., Guðmundar, Sigurðskar R. og Sigríðar K. Aðalsteinsbarna, til heimilis á Flateyri við Önundarfjörð, sem lögráðamaður þeirra á hendur Aðalsteini Guðmundssyni, Grundarstíg 22, Flateyri, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f í Reykjavík fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu með réttarstefnu, dags. 10. júní 1970.

Stefnendur kveðast gera þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða börnunum kr. 1.304.160.00 með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnendur fengu gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra hinn 23. júní 1970.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og málskostnaður verði látinn falla niður.

Mál þetta kom ekki fyrir sáttanefnd, enda höfðu lögmenn aðilja undirritað yfirlýsingu um, að þeir væru sammála um, að útilokað væri að sætta málið fyrir sáttanefnd, og ákváðu því að ganga fram hjá henni.

Dómarinnn leitaði árangurslaust sátta, en mál þetta var fyrst flutt munnlega fyrir aukadómþinginu þann 23. september 1970 fyrir hinum regulega dómara einum.

Síðan var málið endurupptekið að ákvörðun dómarans og með samþykki aðilja og tilkvaddir tveir sérfróðir meðdómendur, sem hafa árum saman ferðazt á bifreiðum yfir Breiðadalsheiði og rutt snjó af heiðinni með ýtum.

Hinn fjölskipaði dómur leitaði árangurslaust sátta, og var málið síðan endurflutt munnlega.

Málavextir.

Laugardaginn 21. desember 1968, um kl. 1000 f. h., hélt stefndi Aðalsteinn Guðmundsson af stað frá Flateyri til Ísafjarðar yfir Breiðadalsheiði á jeppabifreiðinni Í 94. Farþegar í bifreiðinni Í 94 voru eiginkona stefnda, Sigríður Sturludóttir, bróðir hennar, Matthías Sturluson, og Garðar Þorsteinsson, skipstjóri á Flateyri. Var ekið sem leið liggur yfir Breiðadalsheiði, og um kl. 1100 f. h. var komið í svokallaða „Kinn" efst í heiðinni. Sat Garðar þá í framsæti bifreiðarinnar, en þau systkin Sigríður og Matthías í aftursæti hennar.

Er komið var ofarlega í Kinnina, fór bifreiðin út af veginum og kastaðist nokkra tugi metra niður fjallshlíðina. Brotnaði bifreiðin mikið, og farþegar og ökumaður köstuðust út úr henni, og mun Sigríður Sturludóttir, eiginkona ökumannsins og móðir barnanna, sem mál þetta er höfðað út af, hafa látizt skömmu síðar.

Lögreglumaðurinn Jóhann Jason Kárason fór ásamt Ragnari Ásgeirssyni héraðsdækni, og þegar komið var að bifreiðinni Í 94, var hún ca. 80 metra neðan við veginn og komin niður undir jafnsléttu í kvosinni. Í hlíðinni um 20 m ofan við bifreiðina var lík Sigríðar Kristínar Sturludóttur. Hún hafði hlotið mikinn áverka á höfuð og látizt strax, að því er læknirinn taldi.

Rétt þykir, áður en vikið verður að rökstuðningi aðilja fyrir kröfum sínum, að rekja vætti þeirra, sem komið hafa fyrir dóminn og hreppstjóra Flateyrarhrepps og framburð stefnda Aðalsteins Guðmundssonar.

Stefndi Aðalsteinn segir í skýrslu sinni: „Ég get enga grein gert mér fyrir því, hvernig slysið vildi til, ég taldi mig kominn yfir þyngstu færðina og ók hægt. Eina skýringin, sem mér finnst

hugsanleg, er, að stýri hafi farið úr sambandi, enda hafði reynt mikið á það við aksturinn. Bifreiðin var á snjódekkjum að aftan, en keðjum að framan og í 1. kraftgír. Ég barst með bifreiðinni alla leið niður, þangað sem hún stöðvaðist, og þar valt hún yfir mig síðustu veltuna. ... Mér vitanlega held ég, að enginn sérfróður maður hafi skoðað bifreiðina eftir slysið, og skoðunarvottorð og önnur skjöl varðandi bifreiðina glötuðust í henni, en bifreiðin hafði athugasemdalausa skoðun fyrir árin 1967 og 1968. Bifreiðin var af Ford-Willysgerð, árgerð 1946. Ég held ennþá heimili fyrir öll börnin, og er ráðskona á heimilinu.

Færð var vægast sagt slæm, og sama er að segja um skyggni. Nokkuð frost var á, og myndaðist nokkur ísing á rúðum, enda voru engin tæki sérstaklega í bifreiðinni til að þýða ísinguna, og var því útsýni ekki sem bezt. Við fórum út nokkrum sinnum til að gæta að veginum, og kólnaði þá við það inni í bifreiðinni, og getur það hafa haft áhrif á ísinguna. Þó var ekki gengið fyrir bifreiðinni, áður en slysið varð, vegna slæms skyggnis.

Mikill snjór var í Kinninni og færi slæmt, og þurfti að aka tæpt á vegbrúninni til að komast áfram. Kóf var á, og gekk á með dimmum éljum, en þó þori ég ekki að segja um, hvernig veðrið var á þeirri stundu, sem bifreiðin fór út af veginum".

Í framburði vitnisins Matthíasar Sturlusonar segir svo:

„Færð var heldur þung. Við fórum af stað kl. rúmlega 10 um morguninn, en um kl. 11 vorum við komin upp í svonefnda Kinn í Breiðadalsheiði. Þar var talsverður snjór, en þó þurfti ekki að moka, enda var bifreiðin í 1. kraftgír. Veður var hvasst, og gekk á með éljum. Ég sat aftur í hægra megin og Sigríður hjá mér, en Garðar sat frammí hjá bifreiðarstjóranum. Við vorum komin þar í Kinnina, sem nýbygging, gerð í haus, byrjar og vorum nýkomin út úr skafli og auður vegur framundan. Vissi ég þá ekki fyrr en ég kastaðist út og fann, að jeppinn kastaðist niður brekkuna. Síðan get ég ekki gert mér grein fyrir neinu, fyrr en ég lá í skafli, og hafði þá þakið farið af yfirbyggingu jeppans. Jeppinn fór talsvert lengra niður eftir brekkunni. Ég sá, að Sigríður lá aðeins ofar í brekkunni, og fór ég til hennar.

Hún andaði ekki, og reyndi ég þá blástursaðferð við hana. Þá fór hún að anda snöggvast, og gekk upp úr henni blóð. Garðar kom svo uppeftir, þangað sem við vorum, en hann hafði borizt lengra niður eftir, en Aðalsteinn gat lítið hreyft sig fyrst vegna verkja. Hljóp ég þá yfir heiðarhrygginn í skýli það, sem er hinum megin, og hringdi þar í neyðarsímann.

Þegar ég kom til baka, var Sigríður látin, og breiddi ég þá yfir hana teppi, sem ég var með. Guðmundur Þorlákssson umdæmisverkstjóri flutti svo okkur þrjá, sem í bílnum höfðu verið, til Flateyrar, en við vorum allir meiddir og hafði kalið nokkuð, en þó einkanlega Aðalsteinn".

Vitnið Matthías Sturluson hefur ekki komið fyrir dóminn til að staðfesta skýrslu sína og þess ekki óskað af lögmönnum aðilja.

Framburður vitnisins Garðars Þorsteinsson er í aðalatriðum svohljóðandi:

„Ég get enga grein gert mér fyrir því, hvernig slysið vildi til. Skyggni var slæmt, og vissi ég ekkert, fyrr en bíllinn valt. Ég geri mér ekki grein fyrir því, hvernig ég fór út úr bílnum. Sennilega hef ég misst meðvitund um stund af höfuðhöggi, sem ég fékk. Sigríður andaði stutta stund, eftir að Matthías fór frá okkur, en eftir það var ekkert lífsmark með henni".

Vitnið Garðar hafði kynnt sér skýrslu vitnisins Matthíasar Sturlusonar varðandi slysið og hafði ekkert við hana að athuga.

Enn fremur skýrir vitnið svo frá fyrir dóminum:

„Það var éljagangur og dimmt á og skafrenningur, er slysið varð.

Ég hafði gengið nokkurn spöl á undan bifreiðinni og var rétt kominn upp í hana, áður en slysið varð, og var ég ekki var við ísingu á veginum eða að svo mikill snjór væri framundan, að ekki væri hægt að komast leiðar sinnar.

Ekki man ég eftir því, að það hafi komið til tals að snúa við. Mér fannst vegurinn, þar sem slysið varð, ekki hafa verið mjög þröngur vegna snjós að því leyti sem ég get gert mér grein fyrir því. Ég man ekki, hvernig bifreiðin var búin til hjólanna, og minnir, að rúður bifreiðarinnar hafi verið lokaðar, en ekki man ég, hvort ísing hafi verið á rúðunum. Ekki mundi ég telja óvanalegt að fara umrædda ferð, og hef ég áður farið yfir Breiðadalsheiði við svipaðar aðstæður í snjó".

Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við bilun í bifreiðinni eða að nokkuð hafi verið athugavert við bifreiðarstjórann og ökulag hans í þessari ferð.

Vitnið Guðmundur Bernharð Þorlákssson, vegavinnustjóri umdæmisins, skýrir svo frá:

„... og ætlaði ég að aka upp að slysstaðnum, en það var alveg útilokað. Sátu þeir síðan í bifreið minni, á meðan ég hljóp að slysstaðnum, en þá voru norðanmenn búnir að búa um lík Sigríðar í sjúkrakörfu.

Ég reyndi að skoða slysstaðinn, en á honum var skafrenningur, svo að erfitt var að sjá hjólför, en hins vegar sá ég, hvar bifreið Aðalsteins hafði farið út af veginum, enda var þar greinilegt far eftir hana. Það var snjóþæfingur þar, sem bifreiðin fór út af, og hefur sennilega bætzt við snjór eftir slysið, og eru þarna oft snögg umskipti á veðri.

Snjórinn á veginum var frá mjóalegg upp í hné, driftir á milli. Vegurinn var jafnbreiður í Kinninni, þar sem slysið varð, og engin sérstök hindrun frekar en annars staðar, en hvorki ísing né skarð eða þ. h. Vegurinn hafði verið mokaður daginn áður, og hafði skafið og fennt í hann. Það gekk á með dimmum éljum og bjart á milli. Ég mun hafa verið á slysstaðnum rétt um tólfleytið á hádegi. Ég reyndi tvisvar að komast áleiðis til Ísafjarðar, en hætti svo við, þar sem ég var með slasaða menn í bifreiðinni. Bifreið mín er af Bronco-jeppa gerð, árgerð 1966.

Ég sá ekki bílflakið í þetta skiptið eða síðar, en ég hlutaðist til um að lána vél til að sækja flakið. Mig minnir, að flakið af bifreiðinni hafi verið sótt þann 27. desember 1968. ... Veginum hefur ekki verið breytt, síðan slysið varð. Það er ekki óvanalegt að fara svona ferð við þessar aðstæður og stundum verið farið í verra veðri yfir heiðina".

Þann 26. janúar 1971 tók settur hreppstjóri Flateyrarhrepps skýrslur af þremur mönnum, sem voru við að flytja flak bifreiðarinnar Í 94, sbr. dskj. nr. 22. Umboðsmenn samþykktu að taka þessar skýrslur gildar, eins og þær hefðu verið gefnar fyrir dómi, og verða framburðir þessara þriggja manna raktir hér í aðalatriðum.

Vitnisburður Benjamíns Gunnars Oddssonar er svohljóðandi:

„Ekki treystir mættur sér til að dæma um ástand hjóla- og stýrisútbúnaðar nefndrar bifreiðar að svo löngum tíma liðnum, en telur sig þó muna, að afstaða framhjóla hvors til annars hafi verið með eðlilegum hætti og þau hafi ekki verið úr sambandi hvort við annað. Vegna aðstæðna á staðnum kom ekki til að stýra þyrfti jeppanum, þegar jarðýtan dró hann, og telur mættur sig ekki geta borið um það, hvort stýrið hafi verið virkt. Hins vegar telur hann, að hjól bifreiðarinnar hafi verið virk og í eðlilegum stöðum, sbr. það, sem að framan segir um framhjól. ... Mættur óskar eftir því, að það komi fram í skýrslunni, að þeim félögum hafi á engan hátt verið falið að skoða nefnda bifreið og eigi hann því erfitt með að dæma um ástand hennar eftir svo langan tíma".

Framburður Guðbergs Guðnasonar er orðréttur svohljóðandi:

„Aðspurður um þau atriði, sem fram höfðu komið í skýrslu Benjamíns, gaf mættur um þau frásögn, sem í öllu var samhljóða skýrslu Benjamíns. Nánar aðspurður um ástand hjóla og stýrisbúnaðar jeppans telur hann sig hafa tekið í stýri bílsins og gengið úr skugga um, að það væri virkt.

Telur hann sig geta fullyrt, að bæði stýrisbúnaður og hemlabúnaður jeppans hafi verkað á eðlilegan hátt og verið í sambandi, því hann hafi athugað hvort tveggja. Hins vegar telur hann, að hjólabúnaður hafi verið skekktur og aflagaður eftir veltuna, þó að framhjól væru í sambandi við stýrið. Framburður Benjamíns var nú lesinn upp fyrir Guðbergi, og hafði hann ekkert við hann að athuga, en gaf nokkru fyllri frásögn af örðugleikum við að komast að bílflakinu. Virðist ekki ástæða til að rekja það hér".

Vitnisburður Gísla Böðvarssonar er í aðalatriðum:

„Aðspurður um ástand hjóla- og stýrisbúnaðar jeppabifreiðarinnar telur hann sig eiga erfitt með að fullyrði neitt að svo löngum tíma liðnum, en segist þó telja sig hafa tekið eftir, að stýrisendar og annar útbúnaður varðandi stýrið hafi verið heill. Ekki kveðst hann muna til þess, að hann hafi kannað sérstaklega ástand stýrisútbúnaðar né heldur að félagar sínir hafi gert það".

Vitnið Jóhann Jason Kárason lögreglumaður kveðst hafa komið á slysstað kl. 1220 og hafa orðið að ganga síðasta spölinn á norðanverðri heiðinni vegna ófærðar. Hann skýrði svo frá:

„Þar sem slys þetta varð, var talsverð fönn á veginum og þyngslafæri á köflum. Þá var vegurinn svellaður undir snjónum. Veðrið var norðaustangola og snjókoma með köflum og talsverður skafrenningur, frost um 10 stig. ...

Eftir förum bifr. á veginum, sem talsvert var skafið í, virðist sem að hún hafi snögglega beygt til vinstri og farið sem næst þversum útaf og þannig stungizt fram yfir sig og farið allmargar veltur niður bratta hlíðina, en að lokum staðnæmzt á hjólunum. Trúlegt er, að bifr. hafi spólað og snúizt við það á veginum. ...

Nokkru eftir að við komum á slysstaðinn, kom þar Veturliði Veturliðason o. fl. á bifr. Í 16 og einnig Guðmundur Þorlaksson, verkstjóri, er var að koma að vestan, ekki komst hann alla leið á staðinn á bifreið sinni vegna ófærðar. ...

Ekki var gerð afstöðuteikning af vettvangi".

Sama vitni skýrir svo frá, að bifreiðin hafi smáfærzt nær vegarbrúninni, og byggir það álit sitt á hjólförum, er það sá í snjónum, er það kom á slysstað. Vitnið kvaðst ekki geta sagt neitt

nákvæmlega um, hversu löng hjólförin voru, en gizkar á, að þau hafi verið um 10 m á lengd.

Vitninu voru sýndar ljósmyndir á dskj. nr. 12, og taldi það, að bifreiðin hefði farið út af veginum, þar sem menn standa á honum á ljósmynd nr. 2. Fyrir ofan þá upp að hlíðinni hafi verið ófært bifreiðum vegna snjóa og þæfingsfærð fyrir bifreið, þar sem þeir standa, og ekki verið fært nema fyrir jeppa og háar bifreiðar. Þá kveður vitnið nokkru norðar en bifreiðin fór út af hafa verið ófært öllum bifreiðum alveg norður yfir háheiðina.

Framangreint vitni gaf skriflega skýrslu sama dag og slysið skeði, sbr. dskj. nr. 20, en sú skýrsla kom ekki í leitirnar fyrr en síðar, og gerði það því aðra skriflega skýrslu eftir minni, sem er á dskj. nr. 11. Þegar skýrslan á dskj. nr. 20 kom í leitirnar, lýsti vitnið því yfir, að taka bæri hana fram yfir skýrslu á dskj. nr. 11.

Í skýrslu sinni á dskj. nr. 11 skýrir vitnið svo frá:

„Þar sem slys þetta skeði, hagar þannig til, að vegurinn, sem er allbreiður, eða um 6 m, liggur utan í fjallshlíð, og var þarna alllangur kafli beinn, og hefur bifreiðin verið að smá færast nær og nær vegarbrúninni, þar til hún hefur farið út af og oltið margar veltur og loks stöðvazt niður undir jafnsléttu í kvosinni".

Lagt hefur verið fram vottorð um veður á Þórustöðum, Galtarvita og Suðureyri 21. desember 1968.

Á öllum stöðunum er snjókoma og NA eða N átt, 3—7 vindstig milli veðurathugana, þ. e. milli kl. 0900—1500, en slysið skeði um kl. 1100. Allir framangreindir veðurathugunarstaðir eru í nokkurri fjarlægð frá slysstaðnum og gefa því ekki glöggar upplýsingar um, hvernig veðrið var raunverulega á slysstað.

Lagt hefur verið fram vottorð frá Bifreiðaeftirliti ríkisins á dskj. nr. 14, sem vottar, að bifreiðin Í 94, Willys jeppi 1942, hafi verið skoðuð 23. júlí 1968 og hafi þá verið í lagi.

Rökstuðningur stefnenda.

Stefnendur styðja stefnukröfur sínar eftirfarandi rökum:

Aðili og vitni hafa lýst aðstæðum á þann veg, þ. e. stefndi Aðalsteinn Guðmundsson og farþegar bifreiðarinnar Í 94, þeir Matthías Sturluson og Garðar Þorsteinsson, að veður hafi verið hvasst og gengið á með dimmum éljum og skyggni verið afar slæmt. Enn fremur hafi verið mikill snjór á veginum og færð afar slæm, en þeir hafi getað haldið ferðinni áfram með því að hafa bifreiðina í 1. kraftgír og aka sem tæpast á vegarbrúninni, er krækt var fyrir stærstu snjóskaflana, svo og að þeir hafi ekki

getað gert sér glögga grein fyrir aðdraganda slyssins vegna þessara aðstæðna. Stefndi Aðalsteinn telur einu skýringuna á slysinu vera þá, að stýrisbúnaður bifreiðarinnar hafi ekki þolað hina miklu áreynslu af snjóakstrinum og brotnað eða með öðrum hætti farið úr sambandi, og byggir hann því bótaábyrgðina aðallega á 1. mgr. 69. gr., sbr. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þ. e. að þeim, sem ábyrgð ber á ökutæki, sé skylt að bæta tjón af völdum slyss, sem leiðir af bilun eða galla ökutækis.

Verði hins vegar ekki fallizt á þá skoðun, að slysið hafi hlotizt af bilun eða galla jeppabifreiðarinnar, sem leiða mundi til bótaábyrgðar samkvæmt 1. mgr. 69. gr., sbr. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, verða orsakir slyssins ekki raktar nema til bótaábyrgðar samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Í því sambandi sé rétt að benda á, að skyggni var svo slæmt, að skömmu áður en slysið vildi til, var gengið fyrir bifreiðinni til að vísa veginn og við slík skilyrði hafi verið gáleysi að halda ferðinni áfram um svo hættulegan fjallveg. Því fremur hafi verið hættulegt, þar sem aka þurfti mjög tæpt á vegarbrúninni til að komast fram hjá snjósköflum á veginum, en fyrir neðan var hengiflug og snarbrattar grjóturðir.

Verður því ekki hjá því komizt að telja, að það hafi verið gáleysi að halda ferðinni áfram við fyrrgreindar aðstæður.

Að lokum kveða stefnendur, að ekki verði með nokkru móti gerð sú krafa til Sigríðar heitinnar, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar og hafði því litla möguleika á að meta aksturslagsskilyrði, að hún hefði áhrif á áframhald ferðarinnar, sem eiginmaður hennar stjórnaði, og sé því á engan hátt meðábyrgð því, hvernig fór.

Samkvæmt ofangreindu telja stefnendur stefndu sem eiganda og vátryggjanda bifreiðarinnar bótaskylda á tjóni stefnenda samkvæmt 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, sbr. 2. mgr. 74. gr. sömu laga.

Enn fremur telja stefnendur, að stefndi Aðalsteinn hafi gerzt brotlegur við reglur um búnað bifreiðar samkvæmt 5. gr., e lið, umferðarlaga og reglugerð nr. 51/1964, 9. gr., 4. mgr., um að hafa tæki til að þýða ísingu af rúðum bifreiðarinnar og þar sem engin utanaðkomandi áhrif hafi komið fram við slysið, sé það sönnun þess, að um hafi verið að ræða alvarlegt gáleysi af hendi stefnda Aðalsteins.

Stefnukröfur.

1. Tjón barnanna vegna missis fyrirvinnu, þ. e. móður sinnar,

samkvæmt eftirfarandi útreikningi Bjarna Þórðarsonar, cand. act., frá 19. október 1969:

„Sigríður Sturludóttir er sögð fædd 17. október 1932 og hefur samkvæmt því verið 36 ára að aldri, er hún lézt.

Samkvæmt vottorði hreppstjóra Flateyrarhrepps lét hún eftir sig 6 börn:

Ólöfu H. Aðalsteinsd., f. 10. 8. 1956.
Sturlu F. Aðalsteinsson, f. 31. 1. 1959.
Ólaf G. Aðalsteinsson, f. 26. 5. 1960.
Guðmund Aðalsteinsson, f. 12. 7. 1962.
Sigurósk R. Aðalsteinsd., f. 12. 2. 1964.
Stúlku Aðalsteinsd., f. 17. 12. 1966.

Útreikningurinn er miðaður við þá upphæð framfærslueyris, er gera megi ráð fyrir, að hvert barn hafi misst við fráfall Sigríðar, við barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, en hann nemur nú kr. 1.573.00 á mánuði, eða kr. 18.876.00 á ári. Gert er ráð fyrir, að hvert barn hefði notið þessa framfærslueyris til 16 ára aldurs.

Verðmæti þannig áætlaðs framfærslueyris reiknast mér nema á dánardegi Sigríðar:

Vegna Ólafar	kr.	60.250.00
— Sturlu	—	93.470.00
— Ólafs	—	108.388.00
— Guðmundar	—	130.029.00
— Sigurósk	—	144.039.00
— Stúlku, f. 17/12 '66	—	165.484.00
Samtals	kr.	701.660.00

Ef önnur upphæð er lögð til grundvallar framfærslueyri en hér er miðað við, má finna verðmætið á dánardægri með formúlunni $^{v}F = \frac{F}{B} \cdot {}^{v}B$, þar sem ^{v}F er verðmæti miðað við framfærslueyri F, B er barnalífeyrir og ^{v}B er verðmæti samkvæmt töflunni hér að ofan. (Rétt er að taka fram, að á tímabilinu frá 21. des. til 31. des. 1968 nam mánaðarlegur barnalífeyrir kr. 1.344.50, þannig að sé sú upphæð lögð til grundvallar það tímabil, lækkar verðmæti framfærslueyris vegna hvers barns um kr. 76).

Við útreikninginn eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur ís-

lenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu".

Stefnandi hefur gert heildarkröfu fyrir börnin, þar með taldar bætur fyrir röskun á stöðu og högum, kr. 100.000.00 fyrir hvert barn, eða samtals kr. 600.000.00 + kr. 701.660.00 = kr. 1.301.600.00, en ekki sundurliðað hana fyrir hvert barn, sem hefði þó verið æskilegt. Þrátt fyrir það telur dómurinn rétt að kveða upp efnisdóm í málinu.

2. Kostnaður, kr. 2.500.00, verður tekinn til athugunar í sambandi við málskostnað sakarinnar.

Kröfur stefndu og rökstuðningur.

A. Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og málskostnaður verði látinn niður falla.

B. Rökstuðningur.

Stefndi Aðalsteinn Guðmundsson og hin látna eiginkona hans áttu saman sex börn, fædd á tímabilinu 1956 til 1966, sbr. dskj. nr. 6. Samkvæmt ósk stefnda Aðalsteins hefur yfirfjárráðandinn í Ísafjarðarsýslu skipað Hjört Hjálmarsson, hreppstjóra á Flateyri, lögráðamann barnanna, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 95/1947, og hefur hann fyrir hönd barnanna höfðað mál þetta gegn föðurnum sem eiganda bifreiðarinnar Í 94 og gegn ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, samkvæmt heimild í 74. gr., 2. mgr., umferðarlaga til greiðslu á bótum vegna fjártjóns barnanna og röskunar á stöðu og högum vegna missis framfæranda.

Samband stefndu, Aðalsteins og „Sjóvá", er á þann veg háttað, að Aðalsteinn hefur keypt hjá tryggingarfélaginu ábyrgðartryggingu þá, sem mælt er fyrir um í 70. gr., 1. mgr. umferðarlaga, en samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar og vátryggingarskilmálunum er með tryggingunni tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á stefnda Aðalstein samkvæmt umferðarlögum eða almennum skaðabótareglum.

Þá taka stefndu fram, að það sé viðurkennd regla íslenzks réttar (Hrd. XL. 449), að eiginkona, sem er farþegi í bifreið eiginmanns síns, geti átt bótakröfu á hendur eiginmanni sínum og ábyrgðartryggjanda bifreiðar hans vegna tjóns, sem hún kynni að verða fyrir og rakið verður til ólögmætrar og saknæmrar háttsemi eiginmanns við notkun ökutækisins. Það sé viðurkennd regla í skaðabótarétti, að þeir, sem séu að einhverju eða öllu leyti á framfærslu manns, sem bíður bana af háttsemi þriðja manns, sem hann ber fébótaábyrgð á, geti eignazt kröfu um

bætur fyrir fjárhagslegt tjón, sem þeir bíða við missi framfærandans og fyrir röskun á stöðu og högum. Heimild þessi er í 264. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndu telja, að réttur barnanna til bóta úr hendi stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f geti ekki orðið ríkari en réttur þeirra á hendur föður sínum, enda greiðsluskylda vátryggingarfélagsins algerlega háð bótaskyldu vátryggingartakans.

Erfitt sé, ef til kæmi, að ákveða fjárhæð fjárhagslegs tjóns og miska barnanna, þar sem ekki er við fordæmi að styðjast til hliðsjónar, enda sérstætt, að bótakrefjendur geri kröfur um bætur fyrir missi annars aðalframfæranda síns, sbr. 3. gr. framfærslulaga nr. 80/1946, á hendur hinum framfæranda sínum, sbr. sama lagaákvæði.

Verði Aðalsteinn talinn hafa valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi, þá eignast tryggingarfélagið endurköfurétt á hendur honum, sbr. 73. gr. umferðarlaga, sem nefnd samkvæmt 76. gr. umferðarlaga kveður á um, hvort beita skuli.

Stefndu halda því fram, að sérregla 67. gr., 1. mgr., umferðarlaga um hlutlæga bótaábyrgð eiganda ökutækis verði samkvæmt 2. mgr. sömu greinar ekki beitt um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutækið flytur, nema flutt sé gegn gjaldi. Í ferð þeirri með bifreiðinni Í 94 hinn 21. desember 1968, er Sigríður Sturludóttir beið bana, var hún farþegi í bifreið eiginmanns síns, Aðalsteins, og kom ekkert gjald fyrir flutninginn, enda því ekki haldið fram af stefnendum.

Ekki séu heldur nein skilyrði fyrir hendi, er veiti heimild til, að jafnað verði til þess, að hún hafi verið farþegi gegn gjaldi. Bótaábyrgð verði því ekki felld á stefndu samkvæmt reglum um hlutlæga ábyrgð á tjóninu, sbr. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Telja stefndu því, að úrlausnarefnið sé, hvort skilyrði séu til þess að beita almennum skaðabótareglum, sbr. 69. gr., 3. mgr., umferðarlaga, þ. e. saknæmisreglan í þessu tilvik sé fyrir hendi, eins og stefnendur halda fram, og kveður gáleysi stefnda Aðalsteins fólgið í því, að hann hafi stefnt farþegum sínum í hættu með ferðinni til Ísafjarðar vegna óveðurs, slæms skyggnis, slæmrar færðar og með því að ofreyna bifreiðina, en það kunni að hafa leitt til bilunar stýrisbúnaðar hennar.

Víkja stefndu síðan að málsástæðum þessum hverri fyrir sig og nægir að vísa til framburðar stefnda Aðalsteins og vitna hér að framan, hvernig þeim atriðum er lýst, en þó minnzt á eftirfarandi:

a) Veðurfar og skyggni.

Stefndu telja ekkert ámælisvert við að leggja upp í ferðina til Ísafjarðar vegna veðurfars og skyggnis með þrjá farþega í jeppabifreið á keðjum og snjóhjólbörðum og þess sé að gæta, að Aðalsteinn þekkti leiðina, svo og farþegarnir, vel, og verður því ekki fébótaábyrgð felld á stefndu fyrir það eitt að leggja á Breiðadalsheiðina við þessar aðstæður, enda algengt, að svo sé gert á þessum slóðum og ekki talið óforsvaranlegt, ef búnaður bifreiðar er í lagi. Ekki hafi heldur komið fram, að farþegar í bifreiðinni hafi talið ástæðu til að snúa við vegna veðurs.

b) Færð.

Samkvæmt lýsingu vitna hafi færðin ekki verið á annan veg en venjulegt er á þessum árstíma, og gaf hún stefnda Aðalsteini ekki tilefni til að hætta við ferðina eða snúa við.

c) Búnaður bifreiðarinnar.

Jeppabifreiðin hafi verið búin öllum þeim öryggisbúnaði, sem beztur telst, þ. e. með snjódekk að aftan og með keðjur að framan, og ekkert hafi komið fram, sem bendi til, að búnaður þessi eða annar búnaður eða tæki í bifreiðinni hafi verið í ólagi eða bilað. Stefnendur beri því tvímælalaust sönnunarbyrðina fyrir þeim staðhæfingum, að tæki bílsins hafi bilað, en að því hafi hvorki verið leiddar sönnur né líkur.

d) Akstur bifreiðar.

Stefndi Aðalsteinn ók hægt allan tímann, enda bifreiðin í 1. kraftgír, og er því mótmælt, að hann hafi ekið tæpt á vegarbrún, er slysið varð.

Samkvæmt þessu telja stefndu, að skilyrði bresti til að fella á þá fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnendur kunni að hafa orðið fyrir við andlát Sigríðar heitinnar, og beri því að sýkna stefndu.

Ef hins vegar verði ekki fallizt á þessa skoðun stefndu og stefndi hafi sýnt af sér gáleysi með ökuferð þessari og fellt á stefndu fébótaábyrgð af þeim sökum einum, þá rísi sú spurning, hvort eiginkona Aðalsteins hafi ekki samþykkt að taka á sig áhættu þá, sem ferðalaginu fylgdi, og afsalað sér bótarétti, ef illa færi.

Verði litið svo á, þá verði að taka afstöðu til þess, hvort samþykki áhættunnar sé bindandi fyrir stefnendur og hvort það firri þá bótarétti.

Rökstuðningur stefndu gegn einstökum kröfuliðum stefnenda.

Um 1. kröfulið, kr. 701.660.00.

Áður hefur verið lýst, hvernig fjárhæð þessi er fengin. Eins

og áður hefur verið greint frá, þá eru móðir og faðir framfærsluskyld að lögum gagnvart börnum sínum.

Á heimili stefnda Aðalsteins var málum þannig háttað, að móðir barnanna annaðist heimilisstörf, en aflaði ekki tekna utan heimilis, enda margir í heimili. Stefndi Aðalsteinn vann hins vegar að öflun tekna utan heimilis til framfæris sér og sínum, og heldur hann heimilinu saman áfram með ráðskonu.

Takist honum að veita börnum sama aðbúnað og meðan móðir þeirra var á lífi, þá hafa börnin ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Hafa beri í huga m. a., að samkvæmt 16. gr., 4. mgr., laga um almannatryggingar nr. 40/1963 mundi Tryggingastofnun ríkisins væntanlega greiða vegna barnanna allt að fullum barnalífeyri þeim til framfæris vegna fráfalls móðurinnar. Enn fremur beri að hafa í huga, að stefnda Aðalsteini er skylt að lögum að annast framfærslu barna sinna, en komi til þess, að hann yrði í þessu tilfelli talinn hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi, mætti e. t. v. vænta þess, að endurkröfunefnd samkvæmt 76. gr. umferðarlaga kvæði á um að beita skyldi endurkröfurétti, sbr. 73. gr. umferðarlaga, en það gæti leitt til þess, að geta stefnda Aðalsteins til að efna framfærsluskylduna gagnvart börnunum lamaðist og væru þá stefnendur ekki betur settir fjárhagslega. Yrði vátryggingarfélagið hins vegar dæmt til að greiða bætur, án þess að endurkröfuréttur yrði virkur, þá dregur það úr framfærsluábyrgðum stefnda Aðalsteins og hann hefði beint eða óbeint hag af því að verða dæmdur bótaskyldur gagnvart börnunum, en slík niðurstaða bryti í bága við þau sjónarmið, sem reglur skaðabótaréttarins hvíla á, einkum varnarsjónarmiðin.

Slík niðurstaða yrði ekki heldur í samræmi við markmið ábyrgðartrygginga samkvæmt umferðarlögum, sem er ætlað að tryggi að 3ji aðili, sem fyrir tjóni verður, fái það bætt, en ekki að bæta vátryggingartaka tjón það, sem hann veldur sjálfum sér.

Samkvæmt framansögðu halda stefndu því fram, að ekki hafi verið færð næg rök fyrir því, að dæma beri þeim greiðsluskyldu vegna þess kröfuliðar, og beri því að sýkna þá af honum.

Verði hins vegar talið, að stefnendur eigi fjárkröfur undir þessum lið, þá mótmæla stefndu kröfufjárhæðum sem allt of háum og krefjast stórfelldrar lækkunar. Þá telja stefndu, að reikningsgrundvöllur, sem notaður er á dskj. nr. 8, sé órökstuddur og engin tilraun hafi verið gerð til að sýna fram á, að samband sé milli tjóns barnanna og meðalmeðlags á hverjum tíma og

dómstólar hafi ekki fallizt á þennan reikningsgrundvöll, heldur ákveðið eftir atvikum öllum, hvernig beri að meta bætur til barna fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum, sbr. Hrd. XL. 671.

Um 2. lið. Miskabætur, kr. 100.000.00, vegna hvers barns telja stefndu, að það sé vafasamt, að börnin hafi orðið fyrir röskun á stöðu og högum af því að missa móður sína, og kröfufjárhæðum mótmælt sem allt of háum og krafizt lækkunar, ef til kemur, og verði þá höfð hliðsjón af dómvenjum og öllum aðstæðum.

Um 3. lið. Útlagður kostnaður.

Stefndu mótmæla ekki þessum kröfulið tölulega og telja hann eiga að teljast til málskostnaðar, en ekki tjóns.

Að lokum geta stefndu þess, að stefndi Aðalsteinn hafi keypt hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f ökumanns- og farþegatryggingu, en bætur samkvæmt tryggingu þessari verði greiddar börnum, ef þau fái ekki tjón sitt bætt af lögboðnu ábyrgðartryggingunni.

Rétt þykir, áður en fjallað verður um niðurstöður málsins, að geta um nokkrar tilvitnanir lögmanns stefndu, sem kom fram í flutningi málsins:

1. Ernst Andersen: Ægteskabsret II., Kbh. 1956, bls. 207:

„Fremsættelse af erstatningskrav kommer man i praksis oftest ud for i forbindelse med motorulykker. Ved almindelige familieansvarsforsikringer er policerne formuleret således, at selskaberne ikke dækker det erstatningsansvar, som en ægtefælle kan ifalde overfor den anden efter reglerne om ansvar for tingsskade, og nogle selskabar går videre og dækker heller ikke ansvaret for personskade. Men ved den lovpligtige ansvarsforsikring for motorkøretøjer ligger det anderledes, idet der hverken i motorloven eller i de nu brugte policer er gjort undtagelse for erstatningskrav fra ægtefællen. Det må honoreres når de sædvanlige erstatningsbetingelser er opfyldt, dog at hustruen som „gratis passager" har bevisbyrden for, at ansvarsbetingelserne er tilstede, medens motorlovens ordning ellers går ud på, at motorføreren må bevise ansvarsfrihed. Det er tvivlsomt, om der i praksis er en forskel svarende til den, der gøres i motorloven.

Når hustruen kører med i automobilet, skønt hun ved, at manden er påvirket af spiritus, kan hun ikke fremsætte noget krav om erstatning for personskade tilføjet ved motorulykke, og denne regel har praktisk betydning.

En vis betydning har det vel også, at selskabet i andre tilfælde af grov uagtsomhed *skal gøre regres* mod skadevolder.

Regreskravet kan ikke bringes i modregning mod krav fra skadelidte, selvom ægtefællerne lever i almindeligt formuefællesskab".

2. O. H. Borum: Familieretten II., Kbh. 1946 (2. udg.), bls. 255: ... „Saadant erstatningskrav vil i praksis særlig have betydning, hvor skadevolderen har tegnet ansvarsforsikring. Dette er ikke helt uden betænkelighed, da skadevolderen derved selv kommer til at nyde godt af erstatningen.

Saavel af denne grund som i det hele af hensyn til det nære interessefællesskab mellem ægtefæller bør erstatning kun tilkendes, hvor der foreligger forsæt eller grov uagtsomhed, jfr. Bentsen II. S. 74".

3. a) H. Vinding Kruse: Erstatningsretten II. Del Kbh. 1965, bls. 424:

„Ved erstatningskrav i anledning af tab af *forsørger og begravelsesutgifter* indeholder lovgivningen lidet eller intet om spørgsmålet, hvorvidt de efterladte skal tåle identifikation med hensyn til egen skyld hos den afdøde forsørger ... (tilvitnanir í lög) ... kan dog med lidt god vilje læses som en identifikationsregel. I retspraksis er det imidlertid fast antaget, at der i disse tilfælde skal ske identifikation. Reglen genfindes i de fleste retsforfatninger. Den gælder også ved „akcept af risiko", jfr. U. 1960 537. H, og sikkert også ved ansvarsfraskrivelse for uagtsomme skadetilføjelser".

b) bls. 489.

„Har den dræbte forsørger udvist *„egen skyld"* eller foreligger der ansvarsfraskrivelse eller akcept af risiko, må de efterladte tåle *identifikation,* jfr. ovf. S. 424. f.

4. Jørgen Trolle: Risiko & Skyld: Kbh. 1960, bls. 323.

Ekki er ástæða til að taka þessa tilvitnun upp í dóminn.

Niðurstaða.

A. Stefnendur byggja í fyrsta lagi kröfu sína á 69. gr., 1. mgr., sbr. 67. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr., sömu greinar.

Ábyrgðarreglan samkvæmt nefndri 2. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. sömu greinar, gildir ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutækið flytur, nema flutt sé gegn gjaldi.

Sigríður heitin Sturludóttir var farþegi í bifreiðinni Í 94, eign þeirra hjóna, stefnda Aðalsteins Guðmundssonar og hennar, og

kom ekkert gjald fyrir flutninginn, enda því ekki haldið fram af stefnendum. Enn fremur eru engin skilyrði fyrir hendi til að jafnað verði til þess, að hún hafi verið farþegi gegn gjaldi, og verður því ekki felld bótaábyrgð á stefndu samkvæmt reglum um hlutlæga ábyrgð á tjóninu, sbr. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga.

Í þessu sambandi skiptir engu máli, þótt ferðin hafi verið almennt hættuleg eða ekki í umrætt skipti.

B. Í öðru lagi byggja stefnendur kröfu sína á almennum skaðabótareglum, sbr. 69. gr., 3. mgr., umferðarlaga nr. 40/1968, þ. e. hvort saknæmisreglan sé fyrir hendi.

Farþegar bifreiðarinnar Í 94, stefndi Aðalsteinn og vitnin Matthías Sturluson og Garðar Þorsteinsson eru allir sammála um það, að þeir geti ekki gert sér grein fyrir því, hvernig slysið skeði.

Eina skýringin, sem stefndi Aðalsteinn hefur látið í ljós, er sú, að stýri bifreiðarinnar hafi farið úr sambandi, þar sem mikið hafði reynt á það við aksturinn, en vitnin Benjamín Gunnar Oddsson, Guðbergur Guðnason og Gísli Böðvarsson bera öll, að afstaða framhjóla hvors til annars hafi verið eðlileg, þegar þeir fluttu flak bifreiðarinnar af slysstaðnum, og að þau hafi ekki verið úr sambandi og verið virk og í eðlilegum stöðum.

Vitnið Guðbergur kveðst hafa tekið í stýri bifreiðarinnar og gengið úr skugga um, að það væri virkt. Telur vitnið sig geta fullyrt, að bæði stýrisbúnaður og hemlabúnaður hafi virkað á eðlilegan hátt og verið í sambandi, því hann hafi athugað hvort tveggja.

Vitnið Gísli Böðvarsson segist þó telja sig hafa tekið eftir, að stýrisendar og annar útbúnaður varðandi stýrið hafi verið heill, þótt hann eigi erfitt með að fullyrða það.

Samkvæmt ofanrituðu verður að telja, að orsakir slyssins verði ekki raktar til bilunar ökutækisins, og stefnendur hafa á engan hátt sýnt fram á, að svo kunni að vera. Hvílir sönnunarbyrðin á stefnendum í þessu tilviki, sbr. tilvitnun í Ernst Andersen hér að framan.

Samkvæmt framburði farþega bifreiðarinnar virðist búnaður bifreiðarinnar til ferðarinnar svo og hraði hennar vera óaðfinnanlegur. Bifreiðin er búin snjódekkjum að aftan og snjókeðjum að framan, hefur fengið athugasemdalausa skoðun Bifreiðaeftirlitsins þann 23. júlí 1968, sbr. dskj. nr. 14, og henni ekið hægt í 1. kraftgír. Stefndi Aðalsteinn kveður, að nokkur ísing hafi myndazt á rúðum bifreiðarinnar, en vitnið Garðar Þorsteinsson minnir,

að rúður bifreiðarinnar hafi verið lokaðar (sic), en man ekki, hvort ísing hafi verið á rúðum hennar. Engin sérstök tæki voru í bifreiðinni til að verjast ísingu á rúðum hennar, en telja verður ósannað, að um ísingu hafi verið að ræða í umrætt skipti og orsök slyssins verði ekki rakin til hennar.

Þá mætti hugsa sér, að um gáleysi hafi verið að ræða að leggja í ferðina eða halda henni áfram við þær aðstæður, sem þarna voru, en því er ekki til að dreifa, þegar tekið er tillit til framburðar vitnanna Garðars Þorsteinssonar og Guðmundar Bernharðs Þorlákssonar vegavinnuverkstjóra, en Garðar segir: „Ekki mundi ég telja óvanalegt að fara umrædda ferð, og hef ég áður farið yfir Breiðadalsheiðina við svipaðar aðstæður í snjó," — og „Ekki man ég eftir því, að það hafi komið til tals að snúa við", og Guðmundur Bernharð segir: „Það er ekki óvanalegt að fara svona ferð við þessar aðstæður og stundum verið farið í verra veðri yfir heiðina".

Enn fremur verður að telja, að Sigríður heitin hafi vitað nákvæmlega að hverju hún gekk og þar með um þá áhættu, sem hún tók, þegar hún lagði í ferðina (sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að hún er fædd og uppalin í Neðri-Breiðadal, sem er næstur bær við heiðina, og hefur alla sína ævi búið í Önundarfirði, síðast á Flateyri), og var gjörkunnug öllum aðstæðum, svo og kemur ekki fram, að hún hafi haft orð á því að fara ekki þessa ferð eða snúa við.

Stefndu halda fram í greinargerð sinni, að engin vettvangsrannsókn hafi farið fram né rannsókn á flaki bifreiðarinnar, svo sem rétt hefði verið, sbr. 2. gr., 12. tl., laga nr. 82/1961, til upplýsingar á orsökum slyssins. Þegar þetta var skrifað, höfðu stefndu ekki í höndum lögregluskýrslu á dskj. nr. 20 eða skýrslur hreppstjóra Flateyrarhrepps, sem teknar voru af þeim mönnum, sem sóttu bifreiðarflakið. Dómurinn telur öruggustu heimildina um orsök slyssins vera vettvangsrannsókn lögreglumannsins Jóhanns Jasonar Kárasonar á dskj. nr. 20: „Þar sem slys þetta varð, var talsverð fönn á veginum og þyngslafæri á köflum. Þá var vegurinn svellaður undir snjónum. Veðrið var NA-gola og snjókoma á köflum, talsverður skafrenningur, frost 10 stig. ...

Eftir förum bifreiðarinnar á veginum, sem talsvert var skafið í, virðist sem hún hafi snögglega beygt til vinstri og farið sem næst þversum útaf og þannig stungizt fram yfir sig. ... Trúlegt er, að bifreiðin hafi spólað og snúizt við það á veginum".

Að lokum skal tekið fram, að vitnið Garðar Þorsteinsson segist

aðspurt ekki hafa orðið vart við bilun í bifreiðinni eða að nokkuð hafi verið athugavert við bifreiðarstjórann og ökulag hans í þessari ferð.

Samkvæmt ofanrituðu brestur sönnun fyrir því, að orsakir slyssins verði raktar til mistaka eða gáleysis ökumanns bifreiðarinnar Í 94, Aðalsteins Guðmundssonar.

Þar sem telja verður, að hér hafi hvorki verið um að ræða vanbúnað ökutækisins, sem notað var, né handvömm ökumannsins og réttarreglur annars leiða eigi til fébótaábyrgðar stefndu á tjóni stefnenda, ber að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu.

C. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, enda hafa stefndu ekki krafizt málskostnaðar.

D. Málskostnaður. Talsmaður stefndu hefur lagt fram tvo reikninga yfir kostnað við málareksturinn, kr. 18.663.00 á dskj. nr. 21 og kr. 9.233.00 á dskj. nr. 23, samtals kr. 27.896.00. Rétt þykir að draga frá þessari fjárhæð reiknaða dagpeninga, kr. 10.000.00, og bæta við kr. 2.500.00, sbr. dskj. nr. 5, svo að útlagður kostnaður er því kr. 20.396.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnenda fyrir héraðsdómi ásamt útlögðum kostnaði, sem ákveðst kr. 95.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndu, Aðalsteinn Guðmundsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Hjartar Hjálmarssonar f. h. Ólafar H., Sturlu F., Ólafs G., Guðmundar, Sigurðskar E. og Sigríðar K. Aðalsteinsbarna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns stefnenda, Jóhanns Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, ásamt útlögðum kostnaði, kr. 95.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 6. júní 1972.

Nr. 196/1971. **Verkamannafélagið Dagsbrún**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda í Reykjavík f. h. þrotabús Oks h/f (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Orlofs- og sjúkrasjóðsgjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. desember 1971. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 27.112.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki látið sækja þing í málinu fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði 25. nóvember 1971 var bú Oks h/f tekið til gjaldþrotaskipta, og kemur því þrotabúið í þess stað fyrir Hæstarétti.

Með samningi áfrýjanda og Vinnuveitendasambands Íslands 2. júní 1962 var ákveðið, að vinnuveitendur skyldu greiða í styrktarsjóð Dagsbrúnarmanna „sem svarar 1% af útborguðu kaupi verkamanna fyrir dagvinnu til að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði". Með samkomulagi sömu aðilja frá 26. júní 1966 skuldbundu vinnuveitendur sig til að greiða sérstakt gjald í orlofssjóði verkalýðsfélaga, er næmi 0.25% af dagvinnukaupi, reiknuðu á sama hátt og greiðslur til sjúkrasjóða.

Á árinu 1969 hafði Ok h/f á hendi nokkurn atvinnurekstur, og telur áfrýjandi, að félaginu hafi borið að greiða kr. 21.686.00 í sjúkrasjóðsgjald og kr. 5.426.00 í orlofsgjald vegna verkamanna, er hjá félaginu unnu á því ári. Félagið greiddi eigi gjöld þessi, og er um þau krafið í máli þessu.

Áfrýjandi telur, að allir þeir verkamenn, sem krafizt er gjalds fyrir í máli þessu, hafi verið félagsmenn hans. Ok h/f

hafi hins vegar eigi verið aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands né félögum innan þess sambands. Samkvæmt því var Ok h/f ekki bundið af fyrrgreindum kjarasamningum vegna aðildar að þeim. Hins vegar ber, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936, að leggja til grundvallar þær staðhæfingar áfrýjanda, að ráðningarkjör verkamanna, er unnu hjá Oki h/f á árinu 1969, hafi verið í samræmi við nefnda kjarasamninga svo og að verkamennirnir hafi verið félagsmenn áfrýjanda. Var Oki h/f því skylt að greiða gjöld þau, sem um er krafið í málinu, og eins og atvikum er háttað, mátti áfrýjandi sjálfur krefja um greiðslur þeirra. Samkvæmt þessu og þar sem leggja verður til grundvallar yfirlýsingar áfrýjanda um fjárhæð gjaldanna, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936, verða kröfur áfrýjanda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður M. Helgason skiptaráðandi í Reykjavík f. h. þrotabús Oks h/f, greiði áfrýjanda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, kr. 27.112.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1970 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóvember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október 1971, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. október 1971, af Verkamannafélaginu Dagsbrún, Reykjavík, gegn Jóni Bergssyni verkfræðingi, Kelduhvammi 27, Hafnarfirði, stjórnarformanni Oks h/f, Bolholti 4, Reykjavík, f. h. félagsins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 27.112.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 4. desember 1970 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera iðgjöld til sjúkrasjóðs og orlofssjóðs stefnanda vegna ársins 1969, samtals kr. 27.112.00. Sé hér um að ræða gjöld, sem vinnuveitendum beri að greiða samkvæmt kjarasamningi Verkamannafélagsins Dags-

brúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Sjúkrasjóðsgjaldið samsvari 1% af útborguðu kaupi verkamanna fyrir dagvinnu og orlofsgjaldið 0.25% af sömu fjárhæð. Séu gjöld þessi reiknuð út af skattstofu Reykjavíkur og tilkynnt greiðendum bréflega. Hið stefnda félag hafi ekki greitt gjöld þessi þrátt fyrir innheimtutilraun lögmanns stefnanda og sé því mál þetta höfðað.

Í greinargerð sinni á dskj. nr. 2 segir stefnandi, að hið stefnda félag sé ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og eigi því ekki beina aðild að kjarasamningnum á dskj. nr. 4. Það hafi hins vegar greitt gjöld til sérsjóða Dagsbrúnar um margra ára skeið án þess að hreyfa athugasemdum varðandi skyldu sína. Verkamenn í þjónustu félagsins séu Dagsbrúnarmenn og kjör þeirra í samræmi við samninginn, að því er bezt sé vitað. Verði því að telja, að félagið hafi í framkvæmd viðurkennt sig bundið af samningnum. Hafi gjöldin verið tilkynnt hinu stefnda félagi með bréfi skattstofu Reykjavíkur, dags. 4. desember 1970, og sé þess getið í bréfinu, að þau væru þá þegar í gjalddaga fallin og sé vaxtakrafan miðuð við þann gjalddaga.

Stefnukrafan er sundurliðuð í stefnu og öðrum skjölum málsins.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Eins og að ofan greinir, er stefndi ekki aðili að kjarasamningum þeim, sem kveða á um gjöld þau, sem hér er stefnt út af. Stefnandi hefur ekki á annan hátt sýnt fram á, að stefndi sé skuldbundinn til þess að greiða gjöld þau, sem hér er stefnt út af, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Stefndi, Ok h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Þriðjudaginn 6. júní 1972.

Nr. 54/1972. **Hreinn Hauksson**
gegn
John Lindsay.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. apríl 1972, sem Hæstarétti barst 3. maí 1972. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 29. marz 1972, sem sóknaraðili fékk vitneskju um 14. apríl 1972, verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Samkvæmt gögnum málsins hefur varnaraðili átt lögheimili erlendis frá 11. október 1969. Stefna í máli þessu var ekki birt fyrir varnaraðilja sjálfum, og ekki verður af vottorði stefnuvotta um birtinguna með vissu ráðið, að varnaraðili hafi þá dvalizt hér á landi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrst 10. febrúar s.l., en endurupptekið 24. febrúar s.l. og frestað og dómtekið á ný 23. marz s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. janúar s.l., af Hreini Haukssyni, Bræðratungu 11, Kópavogi, gegn John Lindsay, Háagerði 71, Reykjavík, til þess að fá hann aðallega til að þola riftun á kaupum á Haflinger bifreið, árgerð 1967, sem stefnandi hafði keypt af stefnda í nóvember 1968, og til að endurgreiða kaupverð bifreiðarinnar, kr. 100.000.00, enn fremur til

greiðslu á beinum útgjöldum sínum vegna kaupa þessara, kr. 92.336.00, og vexti 7% á ári af kr. 100.000.00 frá 24. febrúar 1969 til 7. október s. á., af kr. 122.671.00 frá þeim degi til 30. marz 1971 og af kr. 192.336.00 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafizt greiðslu á kr. 145.066.00 auk 7% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags. Í báðum tilfellum er krafizt málskostnaðar samkvæmt mati hins virðulega réttar.

Í stefnu segir: „Málavextir eru þeir, að stefndi seldi stefnanda bíl, sem er af Haflinger gerð, árgerð 1967. Átti bifreiðin að vera í fullkomnu lagi, enda hafði bifreiðinni verið ekið innan við 20 þús. km. Skömmu eftir að stefnandi keypti bifreiðina, kom fram bilun í gírkassa, og var bílnum komið á verkstæði Sveins Egilssonar h/f til viðgerðar. Eftir þetta kom fram bilun á vél bílsins, og var hann aftur settur í viðgerð hjá Sveini Egilssyni h/f, og var sú viðgerð framkvæmd í desember 1968. Eftir þetta var bifreiðinni lítið ekið, en fljótlega eftir áramótin var henni komið í sölu hjá Sveini Egilssyni h/f, og 24. febrúar 1969 seldi stefnandi Sigurði Sigurðssyni, Borgarholtsbraut 43, Kópavogi, bifreiðina. Eftir að Sigurður hafði ekið bifreiðinni í fjóra daga, ca. 80 km, brotnaði gírkassinn. Sigurður lét dómkveðja matsmenn til að skoða bifreiðina og höfðaði síðan mál fyrir bæjarþingi Kópavogs gegn stefnanda máls þessa. Var stefnda John Lindsay gert kunnugt um málshöfðunina. Dómur var kveðinn upp í bæjarþingi Kópavogs 11. janúar 1971, og hljóðaði dómsorðið þannig: „Krafa stefnanda, Sigurðar Sigurðssonar, um riftun nefndra bílkaupa er tekin til greina. Stefndi, Hreinn Hauksson, greiði stefnanda kr. 122.671.90 með 7% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 24. febrúar 1969 til 7. október s. á. og af kr. 122.671.90 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 38.745.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu varahluta í nefnda bifreið, sem að framan greinir. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum".

Í forsendum dómsins er m. a. rakið vottorð Stefáns Jónssonar sundlaugarvarðar, Reykjavík, sem seldi John Lindsay bifreiðina, en í því vottorði kemur fram, að er sú sala fór fram, var synkronizering ekki í lagi, og var John Lindsay kunnugt um það. Þá er það álit dómkvöddu matsmannanna, að þessi bilun sé verksmiðjugalli. Þannig var stefnda, John Lindsay, kunnugt um þennan galla, þegar hann seldi stefnanda.

Stefnukröfur í máli þessu eru ítarlega sundurliðaðar í stefnu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta fór birting stefnunnar fram „fyrir Agnari Stefánssyni á heimili þeirra (eða dvalarstað stefnda) Háagerði 71 hér í borg, og afhentum honum endurrit af stefnu, sem hann lofaði að afhenda stefnda, er býr í sama húsi, en var fjarverandi".

Samkvæmt vottorði Hagstofunnar á dskj. nr. 16 er stefndi skráður í Englandi 1. desember 1971 og er talinn þar með lögheimili frá 11. október 1969. Þannig er eigi sýnt, með hvaða heimild stefnda er stefnt til að koma fyrir bæjarþing Reykjavíkur, og verður því að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 11/1972. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Ólafur Ragnarsson hdl.)
gegn
Benedikt Sigurðssyni
(Tómas Gunnarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. janúar 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma

lögtak til tryggingar opinberum gjöldum stefnda vegna gjaldársins 1963, samtals að fjárhæð kr. 263.272.00, „auk 12% dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 11. ágúst 1970 til greiðsludags". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjöld þau, sem áfrýjandi krefur stefnda um í máli þessu, eru hækkanir þær á aðstöðugjaldi, eignarskatti, eignarútsvari, iðnlánasjóðsgjaldi, kirkjugarðsgjaldi, tekjuskatti og tekjuútsvari, sem ríkisskattanefnd og framtalsnefnd Reykjavíkur hafa gert stefnda að greiða og byggðust á því, að á árinu 1962 hefði stefndi verið eigandi að helmingi af fyrirtækinu Alúmíniðjan og notið hagnaðar þess að hálfu.

Samkvæmt endurriti úr félagaskrá Reykjavíkur er Alúmíniðjan tilkynnt til félagaskrárinnar 20. janúar 1963 og skráð 22. s. m. Í tilkynningunni er sagt, að fyrirtækið sé rekið með ótakmarkaðri ábyrgð stefnda og Héðins Elentínussonar. Stefndi hefur talið, að sameignarsamningur hafi ekki verið gerður. Hinn 15. september 1965 var tilkynnt til félagaskrárinnar, að stefndi hefði selt fyrrnefndum Héðni eignarhluta sinn í fyrirtækinu. Var tillkynning þessi skráð 29. september 1965. Stefndi kveður félagsslitasamning hafa verið gerðan, en hann sé glataður, og hefur samningur þessi ekki komið fram í málinu.

Stefndi hefur bæði við skýrslugjöf frá skattrannsóknarstjóra og fyrir dómi fullyrt, að hann hafi eigi orðið meðeigandi að Alúmíniðjunni fyrr en á árinu 1963 og eigi haft afskipti af rekstri þess fyrr en á árinu 1964. Hann hafi að vísu unnið fyrir fyrirtækið, áður en hann gerðist meðeigandi að því, en eigi tekið laun fyrir þá vinnu og því átt hjá fyrirtækinu, er hann gerðist meðeigandi.

Skýrsla Héðins Elentínussonar fyrir skattrannsóknarstjóra hnígur í sömu átt, en Héðinn kveðst hafa verið einkaeigandi fyrirtækisins allt þar til á árinu 1964. Þegar þetta er virt, þykir þrátt fyrir óljósar og hvarflandi skýrslur stefnda um

viðskipti hans við Alúmíniðjuna á árinu 1962 varhugavert að telja sannað, að hann hafi verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962, en eigi er unnt, eins og skýrslutöku var háttað, að leggja til grundvallar vætti skattrannsóknarstjóra um frásögn þeirra Héðins og stefnda hinn 2. og 5. október 1967 varðandi eignaraðild stefnda að fyrirtækinu. Samkvæmt þessu og þar sem álagning þeirra opinberu gjalda, sem um er krafið í málinu, er einungis byggð á eignaraðild stefnda að Alúmíniðjunni á árinu 1962 ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eins og máli þessu er háttað, er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. janúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, var þingfest hinn 11. ágúst 1970. Gerðarbeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, gerir þær réttarkröfur, að rétturinn heimili lögtak hjá gerðarþola, Benedikt Sigurðssyni, Unnarbraut 10, Seltjarnarnesi, til tryggingar greiðslu eftirstöðva opinberra gjalda, álagðra í Reykjavík, vegna gjaldársins 1963, samtals að fjárhæð kr. 263.272.00 ásamt 12% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Gjöld þau, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu, eru vegna aukaálagninga ríkisskattanefndar og framtalsnefndar Reykjavíkur á gerðarþola fyrir gjaldárið 1963, skattárið 1962, er sundurliðast þannig:

Tekjuútsvar	kr. 111.047.00
Eignarútsvar	— 4.724.00
Kirkjugarðsgjald, álagt af framtalsnefnd	— 1.447.00
Tekjuskattur	— 137.259.00
Eignarskattur	— 3.550.00

Iðnlánasjóðsgjald	kr.	1.600.00
Aðstöðugjald	—	3.600.00
Kirkjugarðsgjald, álagt af ríkisskattanefnd	—	45.00
Samtals	kr.	263.272.00

Af hálfu gerðarþola eru þær dómkröfur gerðar, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og viðbótarálagning framangreindra gjalda verði úrskurðuð ólögmæt og gjöldin felld niður.

Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gerðarbeiðanda.

Tildrög máls þessa eru þau, að frá árinu 1965 eða 1966 var rekið í Reykjavík járniðnaðarfyrirtæki undir nafninu Alúmíniðjan. Fyrirtækið annaðist m. a. nýsmíði og viðgerðir, aðallega fyrir frystihús og sláturhús. Þann 22. janúar 1963 var fyrirtækið skráð undir nafninu Alúmíniðjan s/f, eigendur Héðinn Elentínusson, Hátúni 8, Reykjavík, og Benedikt Sigurðsson, Laugarnesvegi 86, Reykjavík, en þann 29. september 1965 var fyrirtækið skrásett sem einkafyrirtæki Héðins Elentínussonar.

Á skattframtölum Héðins Elentínussonar fyrir skattárin 1962—1966 er fyrirtækið talið einkafyrirtæki hans, að undanskildu árinu 1964, en fyrir það ár var talið fram fyrir fyrirtækið sem sameignarfélag þeirra Héðins Elentínussonar og Benedikts Sigurðssonar og það skattlagt sem félag.

Hinn 13. september 1967 hóf rannsóknadeild ríkisskattstjóra rannsókn á bókhaldi Alúmíniðjunnar fyrir árin 1962—1966.

Niðurstöðu þessarar rannsóknar töldu ríkisskattanefnd og framtalsnefnd Reykjavíkur gefa tilefni til viðbótarálagningar vegna rekstrar firmans gjaldárin 1963, 1964 og 1965. Röksemdir skattayfirvalda fyrir viðbótarálagningu á Benedikt Sigurðsson, gerðarþola í máli þessu, koma fram í úrskurði ríkisskattanefndar, dagsettum 29. maí 1969, en þar segir m. a.:

„Með úrskurði þessum verður aðeins tekin afstaða til gjaldársins 1963, en önnur gjaldár, er rannsókn náði til, úrskurðuð síðar.

Fram hefur komið í máli þessu, að gjaldandi mun hafa verið eigandi að járniðnaðarfyrirtækinu Alúmíniðjunni, Ármúla 14, Reykjavík, ásamt Héðni Elentínussyni, Laugavegi 65, Reykjavík, á árunum 1962 til 1965 og árin þar á undan.

Á framtali gjaldanda 1963 er eignarhluta í Alúmíniðjunni ekki getið, og í áðurnefndu bréfi gjaldanda mótmælir hann því, að hann hafi verið eigandi að fyrirtækinu fyrr en árið 1964. Það liggur þó m. a. fyrir, að á árinu 1965 var félaginu slitið og eignir þess metnar. Vélar og áhöld voru metin af verkfræðingi, og liggur fyrir matsgerð hans. Einnig voru útistandandi skuldir kannaðar. Við slit félagsins fékk gjaldandi greidda verulega fjárhæð í sinn hlut, og þegar litið er til þess og annarra gagna og upplýsinga, sem fram hafa komið í málinu, þykir allt benda til þess, að gjaldandi hafi verið eigandi að Alúmíniðjunni á árinu 1962, og verða opinber gjöld hans fyrir það ár ákveðin að nýju með tilliti til þess. Við rannsókn málsins kom fram, að bókhald Alúmíniðjunnar reyndist ekki vera til fyrir árið 1962, og fylgiskjöl lágu ekki fyrir.

Rannsóknadeildin spurðist fyrir um viðskipti Alúmíniðjunnar hjá nokkrum viðskiptamönnum hennar, en samkvæmt þeim upplýsingum var sala fyrirtækisins til þeirra kr. 1.640.851.29 árið 1962, en samkvæmt rekstrarreikningi kr. 1.056.643.10. Augljóst er þó, að þær upplýsingar, er tekizt hefur að afla um sölu fyrirtækisins, eru hvergi nærri tæmandi. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem tekizt hefur að afla, og eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja um sölu fyrirtækisins á árunum 1962—1964, nam hún eftirtöldum fjárhæðum:

Árið 1962	kr. 1.640.851.29
— 1963	— 2.375.442.75
— 1964	— 3.803.090.96

Engin bókhaldsgögn eru til um sölu árið 1962, eins og áður segir, en ætla má, að verulega vanti á söluna samkvæmt framansögðu.

Í þeim gögnum, sem rannsóknadeildin fékk í hendur við rannsókn málsins, er handskrifaður rekstrarreikningur Alúmíniðjunnar fyrir árið 1962, en í honum eru fjárhæðir allar mun hærri en í rekstrarreikningi þeim, sem fylgir framtali.

Hér fara á eftir nokkrar tölur, í heilum þúsundum króna, úr nefndum rekstrarreikningi:

	Skv. handriti	Skv. framtali
Efnisnotkun	925	513
Vinnulaun	783	361

	Skv. handriti	Skv. framtali
Annar kostnaður	274	144
Hagnaður	854	39
	2.836	1.057
Sala	2.836	1.057

Framkvæmdastjóri hefur borið, að vinnulaunum hafi verið skotið undan í rekstrarreikningi og launaframtölum á því ári, sem hér um ræðir, og telur, að undanskotið hafi numið um 30%. Samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, nemur undanskotið um 40% árið 1963, en virðist hafa verið mun meira 1962, eins og fram kemur í samanburði á áðurnefndum tveimur rekstrarreikningum hér að framan. Ekki hefur tekizt að afla sundurliðunar á undandregnum launum 1962.

Samkvæmt því, sem lýst hefur verið hér að framan, og öðru því, sem fyrir liggur í máli þessu, er ljóst, að verulegur undandráttur hefur hér átt sér stað til að komast hjá greiðslum opinberra gjalda umrætt ár. Ekkert bókhald hefur verið lagt fram fyrir Alúmíniðjuna vegna 1962, og verður ekki séð, að unnt sé að byggja á framtali gjaldanda álagningu opinberra gjalda. Verður því að áætla honum tekjur að nýju fyrir gjaldárið 1963. Einnig þykir verða að ákveða gjaldanda eign að nýju til skattlagningar með tilliti til þeirra upplýsinga, er fyrir liggja um vörubirgðir og útistandandi skuldir 31/12 1962. Rétt þykir að skipta tekjum og eign Alúmíniðjunnar þannig, að helmingur komi til álagningar hjá hvorum eiganda.

Hreinar tekjur gjaldárið 1963 þykja hæfilega ákveðnar kr. 575.000.00. Persónufrádráttur er kr. 65.000.00, og verða skattgjaldstekjur því kr. 510.000.00.

Hrein eign ákveðst kr. 755.000.00, en var áður kr. 176.000.00.

Við ákvörðun hreinna tekna og eignar skv. framansögðu hefur hækkun söluskatts verið leyfð til frádráttar.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá póstlagningu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1963 hækki um kr. 137.259.00, eða úr kr. 4.646.00 í kr. 141.905.00.

Eignarskattur gjaldárið 1963 hækki um kr. 3.550.00, eða úr kr. 383.00 í kr. 3.933.00.

Þetta tilkynnist yður hér með".

Rökstuðningur gerðarþola fyrir þeirri dómkröfu hans, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, er tvíþættur. Í fyrsta lagi hafi gerðarþoli ekki verið eigandi að Alúmíniðjunni á árinu 1962 og séu honum því tekjur af fyrirtækinu á því ári og eignir þess það ár óviðkomandi. Í öðru lagi hafi frestur til að leggja á viðbótargjöld þau, er mál þetta snýst um, verið liðinn, þegar álagning fór fram, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 90 frá 1965 um tekju- og eignarskatt, en í niðurlagi tilvitnaðs lagaákvæðis segir, að eigi skuli reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en sex ár. Kemur þá fyrst til athugunar, hvort gerðarþoli hafi eignar- eða rekstraraðild að Alúmíniðjunni á árinu 1962.

Hinn 21. janúar 1963 var fyrirtækið Alúmíniðjan s/f skráð í firmaskrá Reykjavíkur sem sameignarfyrirtæki Héðins Elentínussonar og Benedikts Sigurðssonar samkvæmt tilkynningu, dagsettri 20. janúar 1963. Í áðurtilvitnaðri skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra kemur fram, að firmað er í skattframtölum Héðins Elentínussonar fyrir skattárin 1962—1966 talið einkafyrirtæki Héðins Elintínussonar að undanskildu skattárinu 1964, en fyrir það ár er fyrirtækið talið sameignarfyrirtæki Héðins Elintínussonar og gerðarþola í máli þessu.

Gerðarþoli, Benedikt, hefur lýst því yfir í bréfi, dagsettu 28. maí 1969, að hann hafi verið meðeigandi að Alúmíniðjunni frá 1. janúar 1964 þar til 1. júní 1965. Í ársbyrjun 1965 hafi hann hætt öllum afskiptum af fyrirtækinu og 1. júní sama ár hafi inneign hans verið reiknuð út.

Héðinn Elentínusson kom fyrir skattrannsóknarstjóra hinn 15. september 1967 og bar þá m. a., að hann hafi átt og rekið Alúmíniðjuna frá 1960. Árið 1964 hafi Benedikt Sigurðsson verið í félagi með honum um rekstur fyrirtækisins, en annars kvaðst Héðinn hafa verið einkaeigandi að fyrirtækinu.

Hinn 21. september 1967 gaf Svanhildur Karlsdóttir skrifstofustúlka skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra:

„Mætta skýrir frá því aðspurð, að hún hafi unnið hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna síðastliðin sjö ár við gjaldkerastörf.

Aðspurð segist mætta hafa unnið fyrir Alúmíniðjuna á árunum 1962 til 1965 við innheimtu og greiðslu reikninga. Verkið segist mætta hafa unnið sem aukastarf. Mætta er nú beðin að lýsa þessari vinnu og færslu bóka. Skýrir hún frá, að á ofangreindum árum hafi hún tekið að nokkru við greiðslum frá viðskiptamönnum Alúmíniðjunnar og greitt út reikninga fyrir fyrirtækið. Allar

greiðslur segist mætta hafa fært í sjóðbók, sem síðan var afhent ýmist Ólafi Geirssyni eða Héðni Elentínussyni ásamt fylgiskjölum. Þá segist mætta hafa aðstoðað við færslu viðskiptamannabókar og launabókar. Þá segist hún hafa fært dagbók fyrir árið 1964, sem ekki var færð fyrr en á árinu 1965. Var hún færð í sambandi við uppgjör milli þeirra Benedikts Sigurðssonar og Héðins Elentínussonar. Mættu er nú sýnd dagbók frá 1964, og kannast hún við skrift sína á henni. Aðspurð segir mætta, að öll viðskipti Alúmíniðjunnar 1964 séu skráð í þessa dagbók eftir því sem hún bezt viti.

Mætta skýrir frá því aðspurð, að þeir Benedikt Sigurðsson og Héðinn Elentínusson hafi verið eigendur að Alúmíniðjunni á árunum 1962 til 1965, og fylgdust þeir báðir með rekstrinum.

Aðspurð segist mætta ekki hafa nein gögn í höndum um þessi viðskipti, en hún segir það hafa komið fyrir, að hún hafi lagt inn í sinn eigin ávísanareikning í Búnaðarbankanum peninga, sem Alúmíniðjan átti, og greitt þaðan aftur út reikninga fyrir fyrirtækið".

Hinn 27. apríl 1971 kom nefnd Svanhildur fyrir dóminn og bar þá m. a. eftirfarandi:

„Hún er að því spurð, á hverju hún byggi þá yfirlýsingu, að Benedikt Sigurðsson og Héðinn Elentínusson hafi báðir verið eigendur að „Alúmíniðjunni" á árinu 1962. Hún segist ekki geta um það sagt. Hún treysti sér ekki til að fullyrða um ártöl í þessu sambandi. Mætta er um það spurð, hvort hún muni eftir einhverjum gögnum eða yfirlýsingum, sem þessi fullyrðing kynni að vera byggð á. Hún segir svo ekki vera. Mætta er spurð að því, hvort Benedikt hafi verið meðeigandi að fyrirtækinu, þegar hún hóf störf sín þar. „Hann var það ekki, svo ég vissi til. Það eina, sem ég veit, er, að Héðinn var skráður fyrir því". Mætta segir aðspurð, að hún telji, að Benedikt hafi einhvern tíma síðar orðið meðeigandi að fyrirtækinu, en treystir sér ekki til að segja, hvenær það var. Mætta segir, að Héðinn hafi upphaflega ráðið sig og hún hafi ekki orðið vör við, að Benedikt kæmi þar neitt nærri. Hún segir, að Héðinn hafi jafnan gefið henni fyrirmæli um, hvað hún ætti að gera, og verið yfirmaður hennar, hvað snerti störf hennar hjá Alúmíniðjunni. Hún segist ekki hafa orðið vör við, að Benedikt skipti sér neitt af rekstri fyrirtækisins framan af, en segist minnast þess, að nokkru áður en uppgjör milli Héðins og Benedikts fór fram, hafi Benedikt verið farinn að ýta á eftir með innheimtu reikninga og spyrja, hvernig gengi.

Nánar aðspurð segist mætta halda, að Benedikt hafi verið farinn að ýta á eftir innheimtum ca. 1 til 2 árum fyrir uppgjör. Hún tekur fram, að þetta sé ágizkun. Mætta segist ítarlega aðspurð ekki geta sagt um, á hverju hún hafi byggt þá yfirlýsingu sína, að Benedikt og Héðinn hafi báðir verið eigendur að Alúmíniðjunni á árunum 1962 til 1965 og fylgzt báðir með rekstrinum. Mætta segir: „Ég hefði frekar átt að muna þetta 1967 heldur en núna". Mætta tekur fram, að hún hafi verið vanfær og slæm á taugum, þegar hún gaf skýrsluna 1967, og hafi alið barn um viku síðar".

Er hér var komið yfirheyrslu yfir vitninu Svanhildi hinn 27. apríl 1971, var gert nokkurt hlé á þinghaldinu, og að lokinni eiðvinningu bar vitnið Svanhildur eftirfarandi:

„Vitnið skýrir frá því, að hún hafi farið utan í júní 1962 og komið heim, að vitnið minnir, í lok nóvember eða að minnsta kosti fyrir jól. Vitnið segist hafa hafið störf hjá „Sölumiðstöðinni" árið 1960. Hún hafi síðan kynnzt Héðni í gegnum störf sín hjá Sölumiðstöðinni, einkum vegna þess, að ýmsir reikningar Alúmíniðjunnar hafi verið greiddir í gegnum „Sölumiðstöðina", það eru reikningar á frystihúsin. Þetta hafi þróazt þannig, að vitnið hafi farið að vélrita upp reikninga fyrir Alúmíniðjuna. Vitnið segist hafa verið byrjað á þessum störfum fyrir Alúmíniðjuna fyrir utanferðina 1962. Ítarlega aðspurt segist vitnið ekki geta sagt um, hvenær á tímabilinu 1960 til 1962 það hafi verið, sem hún hóf þessi störf fyrir Alúmíniðjuna.

Mætta segir aðspurð, að það hafi eingöngu verið Héðinn, sem fól henni verkefni fyrir Alúmíniðjuna, áður en hún fór utan. Hún muni ekki eftir neinu, sem bent hafi til, að Benedikt væri meðeigandi að fyrirtækinu á þessu tímabili. Það er á árinu 1960 til 1962. Hún hafi ekki velt því fyrir sér. Henni hafi aldrei dottið það í hug. Mættu er nú bent á ósamræmi í framanrituðum framburði og framburði hennar hjá skattrannsóknarstjóra 1967, þar sem hún segir Benedikt hafa verið meðeiganda á árunum 1962 til 1965. Mætta segist, þegar að hún gaf skýrslu sína 1967 og ennfremur þegar hún kom fyrir í fyrra sinnið nú í dag, „ekki hafa verið búin að grúska neitt niður í ártöl" og tekur fram, að sig hafi í morgun minnt, að utanförin hafi verið farin á árinu 1961. Mætta tekur fram, að Benedikt hafi raunar getað verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962, án þess að hún vissi um það. Mætta segir, að eftir heimkomuna síðast á árinu 1962 hafi störf sín í þágu Alúmíniðjunnar aukizt. Hún telur, að það

hafi verið eftir áramótin 1962—1963 sem hún fór að reikna út launin. Mætta segir, að afskipti hennar af bókhaldi fyrirtækisins hafi verið með þeim hætti, að hún hafi haft sérstakan kladda fyrir sig, þar sem hún hafi fært inn það, sem hún innheimti. Þennan kladda hafi hún haft eingöngu fyrir sig til að geta skilað innheimtum af sér og heldur, að hún hafi aldrei afhent hann fyrirtækinu. Hún segir, að launin hafi hún fært í lausblaðabók, sem tilheyrði bókhaldi fyrirtækisins. Í sömu bók hafi, að mættu minnir, verið færðir „þessir fáu viðskiptamenn", sem mætta innheimti hjá. Mætta segist aðeins hafa fært inn það, sem hún var með, það er aðallega frystihúsin. Mætta segir, að hún hafi örugglega ekki fært viðskiptamannabók eða launabók fyrr en á árinu 1963. Mætta tekur fram, að bókhald fyrirtækisins hafi verið ákaflega ófullkomið. Mætta segist ekki minnast þess, að hún hafi fyrr eða síðar séð neitt í bókhaldi fyrirtækisins, sem bent gæti til þess, að Benedikt Sigurðsson væri meðeigandi á árinu 1962. Mætta segist aðspurð aldrei hafa séð Svavar Árnason, en hafa heyrt hans getið.

Framanritaður framburður er lesinn fyrir mættu. Hún tekur fram, að það kunni að vera, að á árinu 1963 hafi hún fært heildarlaunagreiðslur á árinu 1962. Þetta sé hlutur, sem hún muni ekki fyrir víst. Nánar aðspurð varðandi kladda þann, sem mætta færði innheimtur sínar í, segir hún, að kladdinn sé ekki í sinni vörzlu. Væntanlega annaðhvort glataður eða í bókhaldsgögnum fyrirtækisins".

Lagt hefur verið fram í málinu bréf skattarannsóknarstjóra til lögmanns gerðarbeiðanda, dagsett 6. nóvember 1970, svohljóðandi:

„Að beiðni yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, hef ég tekið saman nokkra þætti um skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra um athugun á bókhaldi Alúmíniðjunnar (sf.) rekstrarárin 1962, 1963 og 1964, sem varða eignaraðild Benedikts Sigurðssonar, Unnarbraut 10, Seltjarnarneshreppi, að fyrirtækinu.

Í nefndri skýrslu rannsóknadeildarinnar er því haldið fram, að nefndur Benedikt hafi verið eigandi að fyrirtækinu á árunum 1962 og 1963, en samkvæmt skattframtölum hans og fyrirtækisins fyrir þessi ár er hann aðeins talinn eigandi að fyrirtækinu árið 1964.

Rannsókn þessa máls hófst 13. september 1967 með því, að bókhald Alúmíniðjunnar (sf.) fyrir áðurnefnd ár var tekið til rannsóknar. Þann 15. september var framkvæmdastjóri félagsins,

Héðinn Elentínusson, kallaður fyrir til skýrslugjafar, og fylgir sú skýrsla með gögnum málsins.

Framburður Héðins við þessa skýrslugjöf er samhljóða því, sem segir í skattframtölum aðila um eignaraðild Benedikts.

Nokkru síðar þegar búið var að kanna, hvaða gögn og bókhaldsbækur lágu fyrir í málinu, eða þann 2. október sama ár, kom framkvæmdastjórinn, ótilkvaddur, ásamt Bjarna Bjarnasyni, löggiltum endurskoðanda, á skrifstofu mína þeirra erinda, að mér skildist, að tjá mér, að hann vildi gefa þær upplýsingar um málið, sem hann teldi réttastar, til að hraða rannsókn þess og fá sem sannasta mynd af rekstri fyrirtækisins. Ekki þótti ástæða til að færa þetta viðtal til bókar, sérstaklega með tilliti til nærveru hins löggilta endurskoðanda. Hins vegar færði ég á minnisblöð nokkur atriði úr viðtali þessu, meðan á því stóð, og fylgir ljósrit af þeim hér með. Þar kemur m. a. fram, að nefndur Benedikt hafi verið aðili að rekstrinum á þeim árum, sem skýrslan nær til.

Þrem dögum síðar, eða 5. október, kom Benedikt Sigurðsson, ótilkvaddur, á skrifstofu mína og sagðist vera að fara úr bænum til starfa og vilja ræða við mig um málið og upplýsa það, sem hann gæti, áður en hann færi. Viðtalið var ekki fært til bókar, enda rannsókn málsins þá á byrjunarstigi. Skráði ég hjá mér minnispunkta um viðtalið, meðan á því stóð, og fylgir ljósrit af þeim hér með. Framburði hans varðandi eignaraðildina bar saman við frumburð Héðins frá 2. október, en hann var ekki viss um stofnár fyrirtækisins.

Þegar hér var komið rannsókn málsins, þótti ljóst, að Alúmíniðjan hefði verið sameign þeirra Héðins og Benedikts á árunum 1962 og 1963, og kom aldrei neitt fram, meðan á rannsókn málsins stóð, sem benti til þess, að svo væri ekki.

Auk þeirra viðtala, sem ég átti við eigendurna og áður eru nefnd, vil ég nefna hér nokkur atriði, sem skýra ættu málið enn frekar.

1. Eins og fram kemur í gögnum málsins, var Benedikt Sigurðsson starfsmaður Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna á þeim árum, sem hér um ræðir, en Alúmíniðjan vann einmitt talsvert fyrir það fyrirtæki á þessum árum. Svanhildur Karlsdóttir, Safamýri 67, Reykjavík, sem einnig starfaði hjá Sölumiðstöðinni, hefur við skýrslugjöf hjá rannsóknadeildinni borið, að hún hafi unnið fyrir Alúmíniðjuna á árunum 1962—1965. Hafi hún tekið við greiðslum frá viðskiptamönnum fyrirtækisins og greitt út reikn-

inga, en greiðslurnar hafi hún fært í sjóðbók. Svanhildur heldur því fram, að Benedikt hafi verið eigandi að Alúmíniðjunni á árunum 1962—1965 og hafi hann fylgzt með rekstrinum á þeim tíma. Endurrit úr gerðabók rannsóknadeildar af skýrslu Svanhildar fylgir gögnum þessa máls.

2. Þann 22. janúar 1963 er Alúmíniðjan skráð sem sameign þeirra Héðins Elentínussonar og Benedikts Sigurðssonar, en á skattframtölum þessara aðila er fyrirtækið talið einkaeign Héðins allt árið 1963, eins og áður er um getið. Þegar af þessari ástæðu þótti verða að draga réttmæti skattframtalanna í efa, að því er varðar eignaraðild Benedikts. Í svarbréfi Benedikts, dags. 28. maí 1969, við skýrslu rannsóknadeildarinnar er því haldið fram, að hann hafi gerzt eigandi að fyrirtækinu 1. janúar 1964, en í síðari kærum er eignaraðildinni 1963 ekki mótmælt.

3. Fyrir liggur í málinu, að félaginu var slitið á árinu 1965, og voru eignir fyrirtækisins þá metnar, birgðir voru taldar, útistandandi skuldir kannaðar, og verkfræðingur var fenginn til að meta vélar og áhöld, og fylgir hér með matsgjörð hans. Gögn varðandi birgðatalningu og útistandandi skuldir eru í vörzlu rannsóknadeildarinnar. Verður ekki annað séð en að helmingaskipti hafi farið fram á eignum fyrirtækisins á þessum tíma. Héðinn yfirtók rekstur fyrirtækisins, en greiddi Benedikt út hans hlut. Þannig mun Benedikt hafa fengið greiddar samtals kr. 772.958.42 frá Héðni, þar af er endurgreiðsla á láni kr. 152.900.00, og hefur hann því fengið greiddar kr. 620.058.42 fyrir sinn hlut í fyrirtækinu.

Í áður nefndu bréfi Benedikts, dags. 28. maí 1969, segist hann líta svo á, að sú fjárhæð, sem honum hafi verið greidd umfram lánið, sé laun frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1965. Við skýrslugjöf hjá rannsóknadeildinni 17. desember 1969, segir hann aftur á móti, að á að gizka kr. 150.000.00 af heildarfjárhæðinni hafi verið laun, en það, sem umfram var, telur hann vera eðlilega hlutdeild í arðgjöf fyrirtækisins á því tímabili, sem hann telur sig hafa átt í því.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið um félagsslitin, verður ekki talið sennilegt, að mat hefði farið fram á öllum eignum fyrirtækisins (gömlum og nýjum) og útborgun til Benedikts miðuð við það, ef hann hefði verið eigandi aðeins í eitt til tvö ár, einkum þegar litið er til þess, að ekkert liggur fyrir um, að Benedikt hafi keypt sig inn í fyrirtækið á þeim tíma, sem hann telur sig verða eiganda að því.

Þess skal getið, að lán það, sem á er minnzt hér að framan, hefur ekki verið tilfært á skattframtölum Benedikts né laun þau til hans, sem á er minnzt.

4. Í bókhaldsgögnum Alúmíniðjunnar, sem eru í vörzlu rannsóknadeildarinnar, er handritaður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1962, en ljósrit af handriti þessu fylgir hér með.

Ástæða er til að vekja athygli á liðnum „bifreiðakostnaður" í rekstrarreikningi, kr. 10.931.20, sem skiptist:

Héðinn	kr.	5.931.20
Benedikt	—	5.000.00
	Kr.	10.931.20

Þá er skuldamegin á efnahagsreikningi færður liðurinn „Benedikt Sigurðsson kr. 152.901.21".

Í bréfi Héðins Elentínussonar til rannsóknadeildarinnar, dags. 22. maí 1969, segir m. a. um nefndan ársreikning 1962:

„Reikningur þessi var saminn 1963 í marz-mánuði eða seinna. Hann átti að sýna einhliða mat Benedikts Sigurðssonar á status fyrirtækisins, þegar hann er saminn".

Síðar í sama bréfi segir:

„Læt ég hér fylgja yfirlýsingu frá Svavari Árnasyni og Benedikt Sigurðssyni þessu til staðfestingar, en þeir sömdu reikninginn".

Hér hefur það komið fram, að Benedikt Sigurðsson hefur átt þátt í samningu nefnds ársreiknings, og verður það vart skýrt á annan veg en þann, að hann hafi gert það sem eigandi fyrirtækisins.

5. Með bréfi, dags. 13. maí 1969, var Héðni Elentínussyni send skýrsla rannsóknadeildarinnar um athugun á bókhaldi og gögnum Alúmíniðjunnar. Henni var svarað með bréfi, dags. 22. maí 1969, sem áður er vitnað til. Í bréfi þessu er ekki mótmælt þeirri staðhæfingu í skýrslunni, að Benedikt hafi verið eigandi að fyrirtækinu á árunum 1962 og 1963, en bréfinu fylgir yfirlýsing Benedikts Sigurðssonar og Svavars Árnasonar um gerð ársreikningsins fyrir árið 1962. Bréf þetta ásamt fylgiskjölum fylgir hér með.

Með bréfi, dags. 20. maí 1969, var Benedikt Sigurðssyni send skýrsla deildarinnar um athugun á bókhaldi og gögnum Alúmíniðjunnar. Var honum m. a. tilkynnt í bréfi þessu, að tekjur hans

og aðrir gjaldstofnar kynnu að verða ákveðnir að nýju með tilliti til eignaraðildar hans að Alúmíniðjunni árin 1962 og 1963.

Skýrslu rannsóknadeildarinnar svaraði Benedikt með bréfi, dags. 28. maí, og er þá fyrst mótmælt eignaraðild að Alúmíniðjunni árin 1962 og 1963.

Þann 17. desember 1969 var Benedikt Sigurðsson kallaður fyrir til skýrslugjafar, og fylgir hjálagt endurrit úr gerðabók rannsóknadeildarinnar af þeirri skýrslu. Þann 19. sama mánaðar var Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, kallaður fyrir, og fylgir einnig skýrsla hans hér með.

Eins og rakið hefur verið í greinargerð þessari, eru það margir samvirkandi þættir, sem urðu til þess, að ekki er talinn leika vafi á um það í skýrslu rannsóknadeildarinnar um rannsókn málsins, að Benedikt Sigurðsson hafi verið eigandi að Alúmíniðjunni á árunum 1962 til 1964".

Í ljósriti því af minnisblöðum skattrannsóknarstjóra, sem fram hefur verið lagt í málinu, kemur fram, að minnisblöðin eru óundirrituð. Á minnisblöðin er eftirfarandi skráð:

„Viðtal við Héðinn og Bjarna Bjarnason 2/10 1967:

Héðinn sagði, að hann hafi greitt Benedikt síðasta víxilinn í sept. '66, kr. 107.000.00, en þó væri einn víxill ógreiddur enn, að upphæð kr. 100.000.00. Benedikt er með hann.

Þeir segja, að Benedikt hafi tekið þátt í rekstrinum allt frá 1956.

Benedikt fékk stundum greidd laun fyrir stuttar ferðir út á land.

Benedikt Sigurðsson kom til viðtals 5/10. '67:

Segist hafa verið eigandi í Alúmíniðjunni frá stofnun (frá 1954).

Samdi tilboð fyrir fyrirtækið og útvegaði verkefni.

Fékk aldrei greidd laun.

Ókunnugur bókhaldi, en segir, að Svavar Árnason og Svanhildur hafi fært nokkurs konar sjóðbækur á þessum árum.

Veit ekkert um, hve mikið hefur verið dregið undan.

Segist hafa lánað fyrirtækinu á mörgum árum samtals 150.000.00 (1962).

Við slit var fyrirtækið metið á rúma milljón. Telur sig hafa fengið útborgaðar um kr. 500.000.00, og er þar meðtalin endurgreiðsla á láninu (150.000.00, nettó 350.000.00).

Segir, að síðasta greiðsla Héðins hafi farið fram 1966, er hann greiddi víxil, að upphæð kr. 100.000.00.

Segist vera með einn víxil enn, sem átti að greiðast á þessu ári, að upphæð kr. 100.000.00, en er ógreiddur.

Ætlar að reyna að finna sundurliðun á mótteknum greiðslum frá Héðni og senda mér.

Fluttur til Súgandafj. og verður hjá Fiskiðjunni Freyju".

Ólafur Nilsson skattrannsóknarstjóri kom fyrir dóminn hinn 4. febrúar 1971.

Aðspurður um, hvað felist í orðalaginu „tekið þátt í rekstrinum" á minnisblaði um viðtal við Héðin og Bjarna Bjarnason, kvaðst hann telja, að þar sé átt við eignaraðild Benedikts að fyrirtækinu.

Skattrannsóknarstjórinn tók fram, að eftir að yfirlýsingar þeirra Héðins og Benedikts frá 2. og 5. október 1967 lágu fyrir um sameign þeirra á fyrirtækinu, hafi rannsókn ekki frekar beinzt að þessu atriði, fyrr en eftir að Benedikt ritaði bréfið á dskj. nr. 41, en í því komi fram fyrstu mótmælin gegn því, að hann hafi verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962.

Umrætt bréf er dagsett 28. maí 1969.

Bjarni Bjarnason endurskoðandi kom fyrir dóminn hinn 4. febrúar 1971.

Hann kvaðst minnast þess, að viðtalið við skattrannsóknarstjóra hinn 2. október 1967 hafi átt sér stað. Hann sagðist muna eftir því, að skattrannsóknarstjórinn hafi spurt um aðild Benedikts að þessu fyrirtæki, en kvaðst ekki muna, hverju Héðinn svaraði.

Hann hélt fast við, að sér væri ókunnugt um, hvort Benedikt hefði verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962 eða áður. Hann sagði, „að Benedikt hafi virkað sem nokkurs konar tæknilegur maður í fyrirtækinu. Það, að hann annaðist útvegun verkefna og tilboða, hefði ef til vill getað bent til annarrar aðildar en beinnar vinnu".

Gerðarþoli, Benedikt Sigurðsson, kom einnig fyrir dóminn hinn 4. febrúar 1971.

Hann mótmælti því alfarið, að hann hefði í viðtalinu við skattrannsóknarstjóra sagzt hafa verið eigandi fyrirtækisins frá stofnun (frá 1954), það rétta sé, að hann hafi ekki orðið meðeigandi fyrr en í janúar 1963.

Hinn 27. apríl 1971 kom fyrir dóminn Svavar Árnason, en hann annaðist nokkur bókhaldsstörf fyrir Alúmíniðjuna allt frá því á árinu 1962 þar til eftir mitt ár 1963.

Aðspurður um eignaraðild að fyrirtækinu á árinu 1962, sagði

hann, að í þeim gögnum, sem hann sá hjá fyrirtækinu, hafi ekkert komið fram, sem sýndi það af eða á, hvort Benedikt Sigurðsson væri meðeigandi að fyrirtækinu eða ekki.

Loks er þess að geta, að í málinu hefur verið lagt fram ljósrit af þremur bréfum, sem dagsett eru 1. júlí 1962, 5. júlí 1962 og 6. nóvember sama ár, en öll þessi bréf hafa verið rituð á prentuð bréfsefni, þar sem í bréfhausnum stendur „Alúmíniðjan s.f.".

Stefnandi telur það enn eina sönnun fyrir því, að umrætt fyrirtæki hafi verið sameignarfélag á árinu 1962, að í bréfhausnum skuli standa skammstöfunin „s.f." aftan við nafn fyrirtækisins. Bréf þessi hafa verið undirrituð af Héðni Elentínussyni.

Enn fremur hefur verið lagt fram í málinu bréf Hraðfrystihússins Norðurtanga h/f á Ísafirði, dagsett 15. nóvember 1962, þar sem viðtakandi er titlaður „Alúmíniðjan s.f., Ármúla 14, Reykjavík".

Álit réttarins.

Þegar sönnunargögn í máli þessu eru virt, þá er það niðurstaða dómsins, að gerðarbeiðanda hafi ekki tekizt gegn eindregnum mótmælum gerðarþola að sýna fram á, að gerðarþoli hafi átt þá eignar- og rekstrarаðild að Alúmíniðjunni á árinu 1962, er skattlagning sú, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu, er byggð á.

Ber þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Gerðarbeiðanda ber að greiða gerðarþola kr. 20.000.00 í málskostnað.

Már Pétursson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Gerðarbeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði gerðarþola, Benedikt Sigurðssyni, kr. 20.000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 110/1971. **Soffía Haraldsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Dagfinni Stefánssyni
(Sigurður Hafstein hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Einar Ingimundarson sýslumaður.

Búskipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1971. Krefst hún þess, að við fjárskipti þau milli þeirra stefnda, sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, verði henni 1. dæmdar að óskiptu kr. 335.000.00 úr búi þeirra stefnda, 2. *að* séreign stefnda verði talin hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík, 3. *að* hlutabréf í Loftleiðum h/f, að nafnverði kr. 50.000.00, og þau ein, verði talin séreign stefnda og 4. *að* stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru reifuð í hinum áfrýjaða úrskurði.

Í bréfi frá Loftleiðum h/f til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns frá 12. júlí 1971 er frá því greint, að stefndi hafi greitt hlutabréf, útgefin 1. september 1960, að nafnverði kr. 200.000.00, með víxli til greiðslu 15. apríl 1962. Víxill þessi hafi verið framlengdur þann dag, að því er varðar kr. 90.000.00, til greiðslu 31. desember 1962. Í skiptadómi Reykjavíkur 8. júlí 1971 voru bréf þessi skráð og þess getið, að þau séu gefin út 1. september 1961.

I.

Um 1. og 2. kröfu áfrýjanda.

Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, og ber því án tillits

til annarra málsástæðna að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um, að áfrýjandi hljóti kr. 335.000.00 að óskiptu úr búi þeirra stefnda við fjárskipti vegna lögskilnaðar þeirra svo og að hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík teljist séreign stefnda við fjárskipti þessi.

II.

Um 3. kröfu áfrýjanda.

Samkvæmt kaupmála þeirra áfrýjanda og stefnda frá 12. marz 1960, sem tilkynntur var til kaupmálabókar 27. apríl s. á. og skráður var sama dag, skyldu hlutabréf í Loftleiðum h/f, að nafnverði kr. 50.000.00, verða séreign stefnda svo og öll þau hlutabréf í hlutafélagi þessu, sem hann síðar kynni að eignast. Í ljós er leitt, að við gerð kaupmálans og skráningu hans síðar átti stefndi hlutabréf í Loftleiðum h/f, að nafnverði kr. 43.000.00. Hinn 18. janúar 1958 var ráðin hlutafjáraukning í nefndu hlutafélagi, og benda sakargögn til þess, að stefndi hafi þegar í þeim mánuði skrifað sig fyrir hlutabréfum að nafnverði kr. 250.000.00 af þessum hlutafjárauka. Er sýnt, að stefndi fékk í sinn hlut hlutabréf að fjárhæð kr. 200.000.00 samkvæmt áskriftinni. Samkvæmt gögnum máls verður við það að miða, að kaupverð hlutabréfa þessara hafi stefndi goldið af sínu eigin fé án framlags frá áfrýjanda.

Af þeim sökum verður að hafna þeirri kröfu áfrýjanda, að það ákvæði kaupmálans, sem lýtur að væntanlegri hlutafjáreign stefnda, sé að vettugi virðandi samkvæmt 3. málsgrein 30. gr. laga nr. 20/1923.

Svo sem rakið var, verður enn fremur við það að miða, að stefndi hafi skrifað sig fyrir hlutafjárauka í Loftleiðum h/f, áður en til kaupmálans var stofnað, og að hann ætti hlutafé í vændum. Var sú áskrift efni þess samkvæmt skýrslu hans, að ákvæði var tekið í kaupmálann um, að það hlutafé, sem stefndi eignaðist síðar, skyldi verða séreign hans. Ekki var þá ráðið, hversu mikið hlutafé kæmi í hlut stefnda, og er því skiljanlegt, að sú fjárhæð væri eigi greind í kaupmálanum. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, skýrði áfrýjandi svo frá fyrir skiptadómi, að henni hafi verið kunn-

ugt sumarið 1959, að stefndi hefði hug á hlutafjárkaupum í Loftleiðum h/f. Lögmaður hennar, sem þá var, kveðst og hafa gengið úr skugga um á árinu 1959, að stefndi hefði ritað sig fyrir hlutafé í hlutafélaginu, en á því ári fóru fram fjárskipti milli þeirra hjóna vegna skilnaðar þeirra að borði og sæng, og telur hann sig hafa skýrt áfrýjanda frá þessu. Þegar þessi aðdragandi kaupmálans er virtur og að öðru leyti með vísan til hins áfrýjaða úrskurðar, verður að telja, að áfrýjanda hafi eigi getað dulizt, að hlutafé það, að nafnverði kr. 200.000.00 í Loftleiðum h/f, sem kom í hlut stefnda, ætti að verða séreign hans samkvæmt kaupmálanum og að þessi hafi því verið tilætlun aðilja. Af sömu sökum er réttmætt að túlka kaupmálann svo, að hann taki einnig til jöfnunarhlutabréfa, sem út voru gefin 1. desember 1966, að fjárhæð kr. 486.000.00, sbr. og 3. tölulið 23. gr. laga nr. 20/1923.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 12. júlí 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var endanlega til úrskurðar 8. þ. m. hér í skiptaréttinum að framfarandi sáttaumleitan og munnlegum málflutningi, hafði áður verið tekið til úrskurðar 3. f. m. að framförnum munnlegum málflutningi, en síðan endurupptekið að tilhlutan dómsins og frekari upplýsinga aflað. Málið er risið út af búskiptum vegna hjónaskilnaðar Soffíu Haraldsdóttur og Dagfinns Stefánssonar flugstjóra, sem síðast áttu sameiginlegt heimili að Sólheimum 41 hér í borg.

Maðurinn, sem er sóknaraðili, gerir þær kröfur, að við skipti á félagsbúi aðilja, sem er undir opinberum skiptum hér í skiptaréttinum, verði hálf húseignin nr. 41 við Sólheima, Reykjavík, talin séreign hans og óviðkomandi félagsbúinu, sömuleiðis öll

hlutabréfin í Loftleiðum h/f, sem skráð eru á hans nafn, sem samkvæmt hluthafaskrá Loftleiða séu nú talin að nafnverði kr. 729.000.00. Loks krefst sóknaraðili þess aðallega, að réttur hans í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna teljist séreign hans og félagsbúinu óviðkomandi, en til vara, að þau réttindi skiptist að jöfnu milli aðilja miðað við verðgildi þeirra, eins og þau voru 28. febrúar 1968, þegar aðiljar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Þá er krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins úr hendi gagnaðilja.

Konan, varnaraðili málsins, gerir þær réttarkröfur, að hún fái að afnámi (óskiptu) kr. 335.000.00, að séreign sóknaraðilja verði talin hálf húseignin nr. 41 við Sólheima og hlutabréf í Loftleiðum h/f að nafnverði kr. 50.000.00 og annað ekki og að sóknaraðilja verði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Dómur hefur áður gengið í máli þessu hér í skiptaréttinum, það er 21. maí 1969. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur í því máli 22. júní 1970, en þar var héraðsdómsúrskurðurinn úr gildi felldur og málinu vísað til skiptaréttarins til meðferðar að nýju. Málið var síðan tekið upp í skiptaréttinum að nýju, og hefur farið fram framhaldsgagnasöfnun og málið sótt og varið að nýju og málið lagt í dóm að framfarinni árangurslausri sáttaumleitan og munnlegum málflutningi.

Í skjölum þessa máls er upplýst, að aðiljar þess gengu í hjónaband 27. marz 1954. Með leyfisbréfi, dags. 19. september 1959, fengu hjónin skilnað að borði og sæng, sbr. dskj. nr. 11, og var þá gerður skriflegur samningur með þeim hjónum, dags. 16. september 1959, um forræði og framfærslu barnanna tveggja, sem þau áttu, um framfærslueyri til konunnar, meðan skilnaður að borði og sæng stæði og búskipti, það er skipti á eignum, og hver sæi um greiðslu skulda búsins. Samkvæmt því tók maðurinn á sig greiðslu allra skulda félagsbúsins og skatta og útsvars á árinu 1959. Maðurinn fær í sinn hlut fasteign búsins að Sólheimum 41, hlutabréf í Loftleiðum h/f, erlendar innstæður og enn fremur bækur sínar og persónulega muni. Innanstokksmunum skyldi skipt að jöfnu milli hjónanna. Þá segir svo í samningnum: „Maðurinn greiði konunni hinn 1. október 1959 kr. 120.000.00 og hinn 15. desember 1959 kr. 80.000.00. Fyrir síðari greiðslunni samþykkir maðurinn víxil með fyrrgreindum gjalddaga. Vextir reiknast ekki af víxli þessum til gjalddaga.

Maðurinn gefi út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 95.000.00. Bréf

þetta greiðist upp með jöfnum afborgunum á fimm árum, beri 7% ársvexti, er greiðist eftir á. Bréfið verði tryggt með veðrétti í Sólheimum 41. Skuldabréf þetta fái konan. Maðurinn greiði konunni hinn 28. febrúar 1960 kr. 9.500.00".

Í sambandi við, að hjónin tóku upp sambúð að nýju á árinu 1960, gerðu þau með sér kaupmála, sem er dags. 12. marz 1960, og tilkynntu 27. apríl s. á., sbr. dskj. nr. 3, og hljóðar meginmál hans svo:

„Kaupmáli:

1. Séreign mín, Dagfinns, og utan hjúskapareignar skal vera hálft húsið nr. 41 við Sólheima hér í bæ. Jafnframt ber mér einum að sjá um greiðslu helmings áhvílandi skulda. Verðmæti hússins hálfs telst vera kr. 180.000.00, en fasteignamat er ekki fyrir hendi, þar sem byggingu þess er enn ekki lokið. Þá skulu vera séreign mín, Dagfinns, og utan hjúskapareignar hlutabréf í Loftleiðum h.f. að nafnverði kr. 50.000.00 og auk þess öll þau hlutabréf, er ég síðar kann að eignast í því félagi.

Enn skal vera séreign mín allt það fé, er ég kann að erfa frá ættingjum mínum.

2. Séreign mín, Soffíu Sigurrósar, og utan hjúskapareignar skal vera allt það fé, er ég kann að erfa.

3. Að öðru leyti skal fara um fjármál okkar samkvæmt ákvæðum laga um fjármál hjóna".

Þar sem ekki er deilt um, að maðurinn eigi sem séreign hálfa húseignina nr. 41 við Sólheima og hlutabréfaeign í Loftleiðum h/f að nafnverði kr. 50.000.00, eru atriðin aðeins tvö, sem um er deilt, annars vegar er séreign mannsins á hlutabréfum í Loftleiðum h/f umfram kr. 50.000.00, og hins vegar eru réttindi í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna, og verður nú fjallað um þessi efni hvort fyrir sig og í ofangreindri röð.

II.

Lögmaður sóknaraðilja hefur haldið því fram, að það hafi verið alger forsenda af hálfu umbjóðanda hans fyrir því, að hann tæki aftur upp sambúð við konuna, að kaupmáli væri gerður. Hefur sóknaraðili jafnframt haldið því fram, að hann hafi greitt konunni allt að kr. 200.000.00 í peningum við skilnaðinn 1959 samkvæmt skilnaðarsamningnum auk barnsmeðlaga og framfærslueyris til konunnar og hafi séreign hans átt að jafna metin eftir það. Til styrktar kröfu sinni hefur sóknaraðili um hlutafjár-

eignina vitnað til ákvæða 29. gr. laga nr. 20/1923, sbr. lög nr. 10 14. marz 1962, 1. gr., en þar segir: „Með kaupmála, sem gerður er á undan hjúskap, eða meðan hjúskapur stendur, geta aðilar ákveðið, að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli verða séreign þess . . .". Telur sóknaraðili, að þetta ákvæði eigi hér við, þar sem hér sé um einstaklega ákveðna muni að ræða, þar sem hlutabréfin séu, en ekki ákvæði 3. mgr. 30. gr. Þá hefur sóknaraðili haldið því fram, að hlutabréf þau, er hann hafi eignazt eftir gerð kaupmálans, séu ýmist aukningar- (jöfnunar) hlutabréf eða greidd af arði hlutabréfanna og félagsbúinu því óviðkomandi. Kom þá einnig í ljós, að bréfin eru öll skráð á nafn Dagfinns Stefánssonar.

Ekki hafi því heldur verið haldið fram með rökum, að kaupmálinn væri ekki gildur vegna þess, að ógildingarástæður væru til staðar eða annað, er ylli ógildi hans. Einnig hefur sóknaraðili skírskotað til vitnaskýrslu Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns um áskrift hlutabréfanna, og verður vikið að því síðar.

Varnaraðili hefur viðurkennt séreign sóknaraðilja að hlutabréfaeign í Loftleiðum h/f að fjárhæð kr. 50.000.00 að nafnverði, eins og áður greinir, en hefur andmælt kröfu sóknaraðilja um frekari séreign í hlutabréfum. Varnaraðili andmælir því, að sóknaraðili hafi verið búinn að skrifa sig fyrir frekari hlutafjárkaupum, þegar kaupmálinn var gerður, eða að varnaraðili hafi samþykkt slík kaup. Hann telur ákvæði kaupmálans, er kveður svo á, að hlutabréf, er sóknaraðili síðar kunni að eignast í Loftleiðum h/f, verði séreign mannsins, séu ógild samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laga nr. 20/1923 um fjármál hjóna o. fl. og hefur skírskotað til þess, að sóknaraðili hafi enga séreign átt, er hann hafi varið til þessara hlutabréfakaupa. Ekki hafi arður af hlutabréfaeigninni heldur orðið séreign stefnanda, þar sem það sé ekki fram tekið í kaupmálanum, sbr. 2. mgr. 23. gr. nefndra laga. Þá hefur varnaraðili skírskotað til þess, að gagnaðilja hafi verið í lófa lagið að setja í kaupmálann það hlutafé, er hann hafi þá verið búinn að skrifa sig fyrir, ef eitthvað hefur verið, enda hefði honum borið að gera það, ef þau bréf hefðu átt að verða séreign hans.

Uppskrift á búi aðilja fór fram dagana 4. og 8. marz 1968, og er hlutafjáreignin í Loftleiðum h/f talin þar kr. 679.000.00, sbr. dskj. nr. 10, en samkvæmt lista, er sóknaraðili lagði síðar fram í málinu, dskj. nr. 13, sbr. endurrit skattframtals 1968, dskj. nr. 6, er hlutafjáreignin sem hér segir:

Hlutabréf 210-214, ódagsett	kr.	5.000.00
Hlutabréf, keypt í júní 1954, útgefin 3. júní 1954	—	33.000.00
Hlutabréf, útgefin 1960	—	200.000.00
Nafnskráð hlutabréf, útgefið 1948	—	5.000.00
Jöfnunarhlutabréf, útgefin 1. desember 1966	—	486.000.00
Samtals	kr.	729.000.00

Eftir endurupptöku málsins mætti sóknaraðili í rétti 8. þ. m. með hlutabréfin, og var þá gerð svohljóðandi skrá yfir þau:

Númer	Nafnverð	Útgefin	Samtals
210-214	kr. 1.000.00	30. 05. 1944	kr. 5.000.00
439-443	— 1.000.00	15. 06. 1948	— 5.000.00
992-999	— 1.000.00	03. 06. 1954	— 8.000.00
1001-1004	— 1.000.00	03. 06. 1954	— 4.000.00
1008-1028	— 1.000.00	03. 06. 1954	— 21.000.00
2403-2602	— 1.000.00	01. 09. 1961	— 200.000.00
425-427	— 10.000.00	01. 12. 1966	— 480.000.00
10	— 5.000.00	01. 12. 1966	— 5.000.00
4092	— 1.000.00	01. 12. 1966	— 1.000.00
		Alls	kr. 729.000.00

Eins og sést af þessum skýrslum, virðist sóknaraðili ekki hafa átt nema í mesta lagi hlutabréf fyrir kr. 43.000.00, þegar kaupmáli var gerður í marz 1960. Hins vegar hefur sóknaraðili lagt fram óstaðfest endurrit úr fundargerðabók Loftleiða h/f frá hluthafafundi 18. janúar 1958, þar sem samþykkt er að auka hlutaféð úr 2 milljónum í 4 milljónir króna og stjórn félagsins falið að efna til útboðs á hlutafjáraukanum meðal hluthafa, sbr. dskj. 14, og enn fremur hefur sami aðili lagt fram ljósrit af skrá, þar sem hann skráir sig fyrir hlutafjáraukningu, og er dags. á þessu skjali 23. janúar 1958, sbr. dskj. nr. 15. Á því skjali hefur sóknaraðili skráð sig fyrir hlutafjárkaupum að fjárhæð kr. 250.000.00. Af þessari fjárhæð hefur sóknaraðili síðan raunverulega keypt hlutabréf að fjárhæð kr. 200.000.00, eftir því er upplýst er í málinu, og hefur þannig átt hlutabréf að fjárhæð kr. 243.000.00 fyrir, þegar jöfnunarhlutabréfin voru gefin út, en hækkunin nam 200%, eða alls kr. 486.000.00.

Verður þá vikið að því, er fram hefur komið í skýrslum aðilja og vitnaskýrslum um þetta efni.

Konan hefur í skýrslu sinni í skiptaréttinum skýrt svo frá í höfuðdráttum: Eftir að hún skildi við sóknaraðilja í septembermánuði 1959, fór hún til Kaliforníu, þ. e. 27. nóveember s. á., og var vestanhafs til 10. janúar 1960. Meðan varnaraðili dvaldi í Kaliforníu, hringdi sóknaraðili til hennar og bauð henni að koma til New York og dvelja þar yfir nýárið og lofaði að greiða kostnaðinn. Hún kom svo samkvæmt samtali til New York og var þar nokkra daga og hélt til í hótelherbergi Dagfinns. Á þessum tíma bauð Dagfinnur konunni, að þau tækju upp sambúð að nýju, og varð það að samkomulagi með þeim, og fór hún heim til Íslands 10. janúar. Fyrst í stað settist konan að á heimili móður sinnar. Þá skýrði konan svo frá, að kaupmálinn hafi verið undirritaður daginn áður en hún fór aftur til sambúðar við Dagfinn að Sólheimum 41.

Aðspurð um, hvort konan hefði notið aðstoðar lögfræðings við gerð kaupmálans, kannaðist hún ekki fyrst við, að annar lögmaður hafi verið þar við en Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, er var með Dagfinni, en eftir að konunni hafði verið kynnt vottorð Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns á dskj. nr. 17, er síðar verður að vikið nánar, sagði hún fyrst, að hana minnti, að Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður hefði verið viðstaddur, en því næst sagði hún ákveðið, að nefndur Þorvaldur hefði verið viðstaddur og bróðir hennar, Davíð Sigurðsson. Þá neitaði konan því algerlega, að rætt hafi verið um það í sambandi við kaupmálagerðina, að Dagfinnur ætlaði að eignast aukið hlutafé í Loftleiðum h/f. Einnig neitaði konan því eindregið, að hún hafi haft vitneskju um, að Dagfinnur hafi skrifað sig fyrir aukahlutafé árið 1958 og sagði, að hann hafi aldrei rætt um það við hana. Þá skýrði konan svo frá, að um sumarið 1959, áður en þau skildu samvistum, hafi maðurinn talað um það við hana að kaupa meira af hlutabréfum í Loftleiðum h/f, og sagðist hún hafa neitað því algerlega, en ekki kvaðst hún þá hafa vitað, hvað hann mundi gera þrátt fyrir nefnda afstöðu hennar. Þá neitaði konan því einnig, að Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður hafi aflað upplýsinga fyrir hana um pantanir Dagfinns á hlutabréfum í Loftleiðum h/f.

Um atvik að því, að þau hjónin tóku upp sambúð að nýju og hvenær það var, ber skýrslu mannsins að mestu saman við skýrslu konunnar, sem að framan er rakin, hann kvaðst þó ekki muna, hvort þeirra hóf fyrst máls á því að taka aftur upp sambúð. Maðurinn sagðist hafa í samtölum þeirra í New York sagt,

að hann tæki ekki aftur upp sambúð við konuna, nema kaupmáli yrði gerður með þeim, en hún hafi tekið því illa. Eftir að heim kom, ræddu þau þetta efni aftur, og sagði maðurinn, að konan hafi þá tekið betur í það og hafi hún að lokum skrifað fúslega undir kaupmálann. Jafnframt sagði maðurinn, að þegar þau hafi rætt þetta efni fyrst, hafi konan sagt, að hún vildi athuga þetta betur, áður en hún tæki ákvörðun. Þá segir svo í aðiljaskýrslunni:

„Þá er mættur spurður um í sambandi við gerð kaupmálans, hvort rætt hafi verið við konuna um, að hann myndi eignast fleiri hlutabréf í Loftleiðum en hann fyrir átti, og segir mættur, að svo hafi verið, að þau hafi rætt þetta, og segir aðspurður í þessu sambandi, að hann hafi sagt konunni frá áskrift sinni að hlutabréfum, sbr. dskj. nr. 15. Hann tekur fram í þessu sambandi, að hann hafi ekki vitað, hvað hann fengi mikið af hlutabréfum, og segir, að raunin hafi orðið sú, að hann hafi fengið kr. 200.000.00.

Hann segir, að þetta hafi verið ástæðan fyrir því, að sett var í kaupmálann, „að hlutabréf, er hann síðar kunni að eignast" í nefndu félagi „skulu verða séreign hans". Þá sagði maðurinn, að konan hafi vitað, þegar hann skrifaði sig fyrir bréfunum 1958 og að þá hafi verið talið sjálfsagt, að hann keypti þessi hlutabréf fyrst hann átti kost á þeim. Einnig sagði maðurinn, að eitt sinn, er hann hafi rætt þetta, hafi konan spurt hann, hvaða fé hann hefði til að borga bréfin með, og hafi hann þá sagt henni, að hann hefði möguleika á víxilláni til að borga þau með og jafnframt hafi hann gert henni ljóst, að hlutabréfin myndu borga sig sjálf með arði sínum".

Í réttarhaldi í málinu 8. þ. m. var sóknaraðili spurður um, hvaða fé hann hefði varið til kaupa á hlutabréfunum að nafnverði 200.000.00 kr., dags. 1. september 1961, og skýrði hann svo frá, að hann hefði fengið víxillán til þess, það lán hafi síðan verið greitt með arði af bréfunum og að einhverju leyti með sjálfsaflafé hans.

Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður, hefur borið vitni í málinu, en hann var lögmaður sóknaraðilja við fyrri hjónaskilnaðinn og gerð kaupmálans, er í máli þessu getur, og segir þar:

„Að á árinu 1959 hafði ég með að gera skilnaðarmál Dagfinns Stefánssonar flugstjóra og Soffíu S. Haraldsdóttur. Var ég lögmaður Dagfinns og Þorvaldur Lúðvíksson hrl. lögmaður Soffíu. Fjárskipti gengu erfiðlega, og var félagsbúi þeirra í upphafi vísað

til skiptaréttarins. Búið var skrifað upp og fasteign þess metin til fjár. Eftir það tókst þó samkomulag, eins og fram kemur á dskj. 11 frá 16. sept. 1959. Ég hefi athugað bækur lögmannsskrifstofu þeirrar, er ég rak á þeim tíma, og hefi ég greitt Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl. vegna Soffíu þær kr. 120.000.00, er um getur í lið 3 í samkomulaginu, og ennfremur afhent honum veðskuldabréf (að) kr. 95.000.00 óstimplað og óþinglesið og jafnframt afhent honum fé til að greiða með þinglýsingu og stimplun. Um víxil kr. 80.000.00 man ég ekki örugglega, en minnir helzt, að Dagfinnur hafi samþykkt slíkan víxil, sem afhentur var Þorvaldi. Snemma á árinu 1960 ræddi Dagfinnur við mig og kvað þau hjónin hafa tekið upp sambúð að nýju og að þau vildu gera kaupmála um fjárskipti sín. Ég mun hafa haft samband við Þorvald Lúðvíksson hrl., og gerðum við saman drög að kaupmálanum á dskj. nr. 3. Munu umræður um þetta hafa tekið nokkurn tíma, án þess að ég muni einstök atriði, nema það, að fram kom, að Dagfinnur hafði skráð sig fyrir aukningarhlutafé í Loftleiðum h.f., og urðu nokkrar umræður um það milli okkar Þorvalds, sem að endingu var leyst, eins og segir í kaupmálanum. Ég minnist þess ekki að hafa rætt við frú Soffíu um hlutabréf þessi og minnist þess ekki, að Soffía hafi verið viðstödd umræður um þau. Ég minnist þess ekki, að við gerð samkomulagsins á dskj. 11 og kaupmálans á dskj. 3 hafi verið rætt um lífeyrissjóðsréttindi Dagfinns".

Vitnið minntist þess ekki, að fram kæmi, fyrir hve miklu hlutafé Dagfinnur hefði skrifað sig. Þá sagði vitnið, að það hefði ekki vitað til, að frú Soffía væri andvíg gerð kaupmálans, enda hafi það lítið eða ekkert rætt við hana um efni kaupmálans, en vitnið tók fram, að þau hjónin hafi bæði komið í lögmannsskrifstofu þess og skrifað undir kaupmálann.

Í vottorði Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, er var lögmaður konunnar við skiptin í sambandi við skilnaðinn 1959, segir svo, sbr. dskj. nr. 17:

„Í sambandi við búskipti milli þeirra hjóna og eftirfarandi samkomulag þeirra á árinu 1960, er þau tóku upp sambúð aftur, var það sérstaklega sannreynt af mér hjá h.f. Loftleiðum, að Dagfinnur hafði ritað sig fyrir aukningarhlutafé í Loftleiðum h.f. að fjárhæð kr. 200.000.00 eða 250.000.00 að því er mig minnir. En hlutabréfin voru þá eigi greidd. Um þetta var konunni vel kunnugt, þar sem eftirgrennslanir mínar voru samkvæmt ábendingu hennar". Í vitnaskýrslu sinni, þar sem Þorvaldur Lúð-

víksson hæstaréttarlögmaður staðfesti vottorð sitt, sbr. dskj. nr. 17 og 23, tók hann fram, að það hafi verið í sambandi við samning um fjárskipti milli hjónanna 1959, að hann hafi kynnt sér áskrift mannsins á hlutabréfum í Loftleiðum h/f og hlutabréfaeign hans þar. Þá upplýsti vitnið, að Soffía, varnaraðili, hafi haft samband við hann og rætt við hann áform hennar að taka upp að nýju sambúð við Dagfinn, en hann hafi ekki verið ráðunautur hennar við gerð kaupmála þess, sem málsaðiljar gerðu með sér í því sambadi.

Gögn málsins og málflutningur aðilja hefur snúizt töluvert um fjárskipti aðiljanna við fyrri hjónaskilnaðinn og greiðslur mannsins til konunnar þá, sem af hálfu lögmanns sóknaraðilja eru færðar fram sem ein af ástæðum til kaupmálans. Upplýst er, að maðurinn fékk óumdeilt sem séreign hálfa húseignina nr. 41 við Sólheima. Þegar tekið er tillit til þess og þess, sem fram hefur komið um greiðslur mannsins til konunnar, sem að vísu er ekki fyllilega upplýst um, en virðist hafa numið 160—200 þús. kr., svo og þess, að lögfylgjur þess skilnaðar teljast niður fallnar við, að hjónin tóku upp sambúð að nýju, þá verður þetta efni ekki talið hafa þýðingu við úrlausn deiluefnisins.

Við munnlegan flutning málsins lagði lögmaður varnaraðilja nokkra áherzlu á að færa rök að því, að kaupmálinn væri ekki gildur vegna þess, að ýmsar ógildingarástæður hefðu verið til staðar. Ekki verður þó talið, að lögmaðurinn hafi fært nægileg rök að þessum málsástæðum, og verða þær því ekki teknar til greina, enda verður að telja, að þær séu of seint fram komnar.

Eins og fram kemur að framan, skírskotar sóknaraðili, að því er þetta efni varðar, einkum til ákvæða 29. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1923, sbr. lög nr. 10 14. marz 1962, 1. gr. Varnaraðili skírskotar hins vegar einkum til ákvæða 3. mgr. 30. gr. sömu laga. Telja verður, að það sé nægilega upplýst í gögnum málsins, enda ekki mótmælt af varnaraðilja, að það hafi verið af arði hlutabréfanna og sjálfsaflafé mannsins, en það verður að teljast hafa verið hjúskapareign mannsins, sem hann hafi varið til kaupa á hlutabréfunum, er út voru gefin 1. september 1960, og verður þá að ályktа, að hlutabréfin hafi orðið séreign mannsins við kaupin samkvæmt ákvæðum kaupmálans. Ákvæði 3. mgr. 30. gr. nefndra laga um, að bannað sé að ákveða með kaupmála, að það, sem annað hjóna framvegis kunni að eignast, skuli endurgjaldslaust verða séreign hins, þykja því ekki eiga hér við.

Við framhaldsmeðferð málsins hefur verið leitazt við að upp-

lýsa, hver hafi verið tilætlun hjónanna hvors um sig, að því er varðar kaup á hlutabréfum í Loftleiðum h/f, og má segja, að þar um standi staðhæfing gegn staðhæfingu í skýrslum aðiljanna, sbr. að framan, og ekki þykir vitnisburður Þorvalds Lúðvíkssonar skera úr þar um. Þetta verður þó ekki til að valda úrslitum, enda má varnaraðili hafa reiknað með því, að sérstaklega með tilvísan til þess, að gagnaðili hafði starf sitt hjá nefndu félagi og hafði þegar gerzt hluthafi í því, að hann héldi áfram kaupum á slíkum bréfum, ef hann hefði aðstöðu til þess og notfærði sér ákvæði kaupmálans varðandi það efni. Þegar þetta er virt, er nú hefur verið rakið, þykir eiga að taka kröfu sóknaraðilja um þetta efni til greina að fullu.

III.

Skal nú vikið að kröfum aðilja varðandi réttindi sóknaraðilja í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna.

Sóknaraðili hefur haldið því fram sem rökum fyrir aðalkröfu sinni, að hér sé um bundið fé að ræða, sem hann ráði ekki yfir og komi því aðeins til útborgunar, að sérstök skilyrði séu fyrir hendi. Það sé sem sé bundið við líf og starf hans. Hér sé því ekki um eiginlega eign að ræða, heldur skilyrtan kröfurétt og séu skilyrði fyrir útborgun úr sjóðnum ekki fyrir hendi.

Fram hefur verið lögð í málinu reglugerð fyrir Lífeyrissjóð atvinnuflugmanna, dskj. nr. 12 og 28. Í 2. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um tilgang sjóðsins sem hér segir: „1) Að tryggja flugmönnum rétt til lífeyris, frá því þeir láta af störfum sem flugmenn og þar til þeir verða 67 ára, sbr. þó 1. mgr. 7. gr. 2) Að tryggja börnum og mökum flugmanna lífeyri, ef flugmaðurinn fellur frá".

Í 7. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um greiðslur úr sjóðnum, m. a. um skilyrðin, sem þurfa að vera fyrir hendi til að greiða megi úr honum. Eru meginskilyrðin tvö í samræmi við tilgang sjóðsins, er að framan greinir. Fyrra tilvikið er, ef flugmaður hættir flugstörfum í lifanda lífi, á hann rétt á að fá greiddan lífeyri úr sjóðnum, enda sé hann þá minnst 50 ára að aldri eða hafi tapað 25% eða meiru af starfsorku sinni. Hitt tilvikið er, þegar flugmaður deyr, hvort heldur er meðan hann er starfandi flugmaður eða eftir að hann hefur hætt flugstörfum, þá skal allur lífeyrisréttur hans í sjóðnum ganga til aðstandenda hans eftir þeim reglum, er í greininni getur nánar. Fyrst skulu börn, sem flugmaður hafði á framfæri sínu, hljóta lífeyri, sem svarar lög-

ákveðnum meðalmeðlögum með óskilgetnum börnum til 16 ára aldurs. „Sé hinsvegar meiri inneign í sjóðnum, skiptist afgangurinn milli erfingja flugmannsins eftir sömu reglum og erfðafé ...“.

Í reglugerðinni, 9. gr., segir svo: „Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfu samkvæmt reglugerð þessari, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt“.

Varnaraðili hefur í síðari greinargerð sinni og endanlegum málflutningi ekki andmælt því, að lífeyrisréttindin sem slík tilheyri sóknaraðilja, þar sem þetta séu réttindi persónulegs eðlis, en hefur krafizt þess, að hún fái að afnámi kr. 335.000.00 vegna lífeyriskaupanna.

Áður en varnaraðili gerði þessar kröfur, fékk hún útnefnda matsmenn „til að meta til fjár verðgildi innstæðuréttar Dagfinns Stefánssonar í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna“, og var ætlazt til, að aflað yrði vitneskju um, „hversu mikið fé Dagfinnur hefur alls greitt í sjóðinn“. Samkvæmt þessu hefur verið gerð matsgerð af matsmönnum þeim, er útnefndir voru af borgardómara, þeim Guðjóni Hansen tryggingafræðingi og Stefáni M. Stefánssyni borgardómara, og hefur hún verið lögð fram sem dskj. nr. 21, og hljóðar meginmál hennar svo:

„Þann 30. nóv. 1970 vorum við undirritaðir dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur „til að meta til fjár verðgildi innstæðuréttar Dagfinns Stefánssonar í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna“. Jafnframt var óskað vitneskju um, hversu mikið fé Dagfinnur hefur alls greitt í sjóðinn.

Með bréfi, dags. 18. dec. 1970, fóru matsmenn fram á að fá nokkrar upplýsingar um innistæðu Dagfinns í lífeyrissjóðnum og um önnur atriði. Með bréfi Gunnars R. Magnússonar, dags. 11. febrúar 1971, voru umbeðnar upplýsingar gefnar. Bréf þessi eru fylgiskjöl með matsgerð þessari.

Þann 3. marz 1971 voru umboðsmenn aðila boðaðir á fund matsmanna. Þar lýstu þeir sjónarmiðum sínum í stuttu máli varðandi matsmál þetta og gáfu umbeðnar upplýsingar.

Dagfinnur Stefánsson og Soffía Haraldsdóttir fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu 28. febrúar 1968. Innistæða Dagfinns í lífeyrissjóðnum nam þá (iðgjald að meðtöldum vöxtum) um kr. 1.010.000.00.

Dagfinnur er fæddur 22. nóvember 1925 og var því 42 ára gamall, er skilnaðurinn var veittur.

Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna er sérstæður fyrir þá sök, að inneign sjóðfélaga verður í aðalatriðum að teljast séreign hans í sjóðnum. Sjóðfélagi greiðir sjálfur til sjóðsins 10% af launum, þar við bætist jafnhátt framlag atvinnurekanda, og við þessi fjárframlög bætast loks vextir. Þessar fjárhæðir verða inneign viðkomandi í sjóðnum. Þess skal getið, að framlag sjóðfélaga er frádráttarbært við skattálagningu á tekjur hans.

Þegar meta skal verðgildi slíkrar innistæðu, þykir rétt að líta til þess, með hverjum hætti hún getur orðið virk, en í lifanda lífi sjóðfélaga getur hún orðið það með tvennum hætti:

A. Ef sjóðfélagi er orðinn 50 ára að aldri og hættur flugstörfum eða hefur misst 25% eða meir af starfsorku, þótt hann sé enn ekki fullra 50 ára. Er þá miðað við, að sjóðfélagi fái sömu upphæð greidda árlega, þar til hann verður 67 ára, nema sjóðfélagi óski sjálfur eftir því að dreifa greiðslum á lengra tímabil. Ekki má þó dreifa greiðslum á skemmra tímabil en 10 ár. Greiðslur, sem sjóðfélagi fær þannig úr sjóðnum, munu í raun vera skattskyldar. Sjóðfélagi er ekki skyldur til að taka greiðslur úr sjóðnum, þó hann eigi rétt til þess.

B. Sjóðfélagi mun geta fengið veðlán úr sjóðnum allt að þeirri inneign, sem hann á hverjum tíma á inni í sjóðnum. Þetta gildir þó aðeins fyrir þá sjóðfélaga, sem hafa 10 ára starf að baki, og nokkuð strangar kröfur eru gerðar til veðsins. Vextir af slíku láni eru frádráttarbærir við skattálagningu á tekjur sjóðfélaga, en hins vegar leggjast vextir af slíku láni, að frádregnum rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins, við innistæðu sjóðfélaga í lífeyrissjóðnum og koma þannig honum sjálfum til góða.

Innistæðueign í sjóðnum svipar til sparisjóðsinnistæðu, sem væri bundið í banka með þeim hætti, sem rakinn er í A, en þó gilda eigi sömu skattreglur. Eins og rakið var, átti Dagfinnur þess kost að fá greiðslur úr sjóðnum eftir tæp átta ár miðað við 28. febr. 1968.

Ónotuð lánaréttindi Dagfinns í sjóðnum miðað við sama tíma námu samkvæmt B kr. 821.500.00. Það losar enn um bindingu fjárins, að Dagfinnur átti rétt á slíku láni. Veðlán þessi eru yfirleitt veitt til 20 ára. Af skattskýrslum Dagfinns eru líkur fyrir því, að honum hefði verið unnt að taka slíkt lán, en að vísu kann aðstaða hans til þess að hafa versnað við skilnaðinn.

Þegar allt framanritað er virt, þykir verðgildi innistæðu Dagfinns í sjóðnum þann 28. febr. 1968 hæfilega metið á kr. 670.000.00.

Matsmenn hafa aflað upplýsinga um, hversu mikið fé Dagfinnur hefur greitt í Lífeyrissjóð atvinnuflugmanna. Dagfinnur gerðist sjóðfélagi á árinu 1953. Þann 28. febrúar 1968 nam framlag hans í sjóðinn án vaxta um kr. 362.500.00".

Með tilvísan til þess, sem að framan greinir, þar á meðal um afstöðu málsaðilja til þessa málsatriðis að lokum, verður að fallast á það með sóknaraðilja, að lífeyrisrétturinn sjálfur tilheyri honum einum sem persónuleg réttini, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923. Ber því að taka afstöðu til kröfu varnaraðilja, er gerð var undir rekstri málsins, eftir að málið kom frá Hæstarétti, um greiðslu af óskiptu vegna lífeyriskaupa mannsins.

Eins og leiðir af reglugerðinni, er að framan greinir, sbr. og matsgerðina, hefur réttur mannsins að verulegu leyti orðið til með beinum fjárframlögum hans og vöxtum af því fé, og jafnvel mætti líta svo á, að greiðslur atvinnuveitandans hans vegna til sjóðsins væru óbeint greiðslur til hans. Með vísan til þessa, sbr. 17. gr., 2. mgr., 19. gr. og 53. gr. margnefndra laga, verður dómurinn að fallast á það með varnaraðilja, að hún eigi rétt til nokkurs endurgjalds af óskiptu vegna greindra lífeyriskaupa gagnaðilja. Með hliðsjón af framangreindu mati, sem ekki hefur verið mótmælt, þykir rétt að taka kröfu varnaraðilja um þetta efni til greina að fullu.

Samkvæmt framanskráðu ber að viðurkenna, að hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík og öll hlutabréfin í Loftleiðum h/f, sem skráð eru á nafn sóknaraðilja, að nafnverði kr. 729.000.00, séu séreign hans og að réttindin í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna séu persónuleg réttindi hans og tilheyri þessir fjármunir ekki félagsbúi aðiljanna. Hins vegar ber varnaraðilja kr. 335.000.00 af óskiptu úr félagsbúi aðiljanna.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðurinn var kveðinn upp af Sigurði M. Helgasyni borgarfógeta og meðdómsmönnunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda og hæstaréttarlögmanni, og Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi.

Því úrskurðast:

Hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík og öll hlutabréfin í Loftleiðum h/f, sem skráð eru á nafn sóknar-

aðilja, að nafnverði kr. 729.000.00, eru séreign sóknaraðilja, Dagfinns Stefánssonar, og réttindin í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna eru persónuleg réttindi hans, og falla fjármunir þessir utan skipta á félagsbúi aðiljanna. Varnaraðilja, Soffíu Haraldsdóttur, ber kr. 335.000.00 af óskiptu úr félagsbúi aðiljanna.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 201/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ingólfi Lórentz Lilliendahl
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Bogi Nílsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Eigi þykja efni til að sinna kröfu ákærða um framhaldsrannsókn í máli þessu.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, er hann fæddur 27. júní 1931.

Með dómi sakadóms Akureyrar, uppkveðnum 21. febrúar 1966, var ákærði dæmdur sekur um brot á 2. málsgr., sbr. 4. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 svo og um brot á 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Var refsing ákveðin 10 daga varðhald, og sviptur var hann ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu. Hefur sá refsidómur ítrekunaráhrif á brot það, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða, ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Lórentz Lilliendahl, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 16. nóvember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 8. þ. m., er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 22. apríl 1970, „á hendur Ingólfi Lórenz Jakobssyni Lilliendahl, lyfjafræðingi, Goðabraut 4, Dalvík, fæddum 27. júní 1931 á Akureyri, fyrir að aka sunnudagskvöldið 8. marz 1970 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 2646 frá Akureyri áleiðis til Dalvíkur, allt þar til hann var stöðvaður af lögreglu skammt sunnan við Dalvík, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Sunnudaginn 8. marz 1970, klukkan 2245, voru tveir lögreglumenn Dalvíkur í eftirlitsferð í lögreglubifreið staddir skammt sunnan Dalvíkur, þegar þeir veittu athygli bifreiðinni A 2646, sem á móti kom, og fannst þeim akstur hennar athugaverður. Lögreglumennirnir Reimar Þorleifsson og Baldvin Magnússon

stöðvuðu bifreið þessa, og reyndist ökumaður hennar vera Ingólfur Lórenz Jakobsson Lilliendahl, ákærði í máli þessu.

Þar sem lögreglumönnunum virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis, ræddu þeir við hann í lögreglubifreiðinni, og viðurkenndi hann þar að hafa neytt áfengis. Þá tóku þeir af honum öndunarprufu, sem gaf ótvírætt til kynna, að þörf væri frekari rannsóknar.

Var ákærði síðan fluttur á lögregluvarðstofuna á Akureyri, þar sem hann var yfirheyrður jafnframt því sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar.

Með ákærða voru í bifreiðinni, þegar lögreglumennirnir stöðvuðu hann, þeir Klemenz Vilhjálmsson, Brekku, Reimar Sigurpálsson, Steindyrum, og Símon Helgason, Þverá, allir í Svarfaðardal.

Framangreind lýsing er byggð á skýrslu Reimars Þorleifssonar lögreglumanns, sem hann svo og Baldvin Magnússon lögreglumaður hafa staðfest fyrir dómi. Ölvunareinkennum ákærða lýstu vitni þessi fyrir dómi þannig, að augu hans hafi verið vot eða fljótandi, andlit hans óvenju rjótt eða þrútið auk þess sem þau hefðu fundið af honum áfengislykt.

Við yfirheyrslu á lögregluvarðstofunni á Akureyri neitaði ákærði því að hafa nokkurn tíma neytt áfengis. Í skýrslu Kjartans Sigurðssonar lögregluvarðstjóra, sem yfirheyrði ákærða greint sinn, er útliti og öðrum einkennum ákærða þannig lýst, að áfengisþrefur af honum hafi verið talsverður, andlit þrútið, augu vot og dauf, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður.

Í blóðsýni ákærða, sem tekið var kl. 0020 hinn 9. marz 1970 samkvæmt vottorði Einars Jónmundssonar læknis, fundust reducerandi efni, sem samsvara 1.24‰ af alkóhóli. Alkóhólrannsóknin var framkvæmd á rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens.

Ákærði kom fyrst fyrir sakadóm hinn 23. marz 1970. Var honum þá kynnt skýrsla lögreglunnar á Dalvík, sem að framan er rakin. Mótmælti hann því, að nokkuð hefði verið athugavert við akstur hans, en hafði að öðru leyti ekkert að athuga við skýrsluna og sagði hana sannleikanum samkvæma.

Ákærði kvaðst hafa verið að koma frá Akureyri greint sinn og sagðist hafa ekið sjálfur alla leiðina. Hann kvaðst hafa drukkið tvo „sjússa“ á barnum á Hótel K. E. A., skömmu áður en hann lagði af stað í ökuferðina. Sagðist hann ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Ákærði mótmælti niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og sagði, að gróf mistök hefðu annað hvort orðið við blóðtökuna eða blóðrannsóknina, sem leitt hefðu til þess, að rannsóknin sýndi að minnsta kosti 1.00‰ of háa niðurstöðu. Byggði hann staðhæfingu sína á því, hve langt leið, frá því að hann drakk sjússana tvo þar til blóðsýnið var tekið, og á því einnig, hve lítið hann drakk.

Farþegarnir þrír, sem með ákærða voru, hafa allir gefið skýrslur fyrir dómi og staðfest þær með eiði.

Höfðu þeir ásamt ákærða tekið þátt í bridgekeppni á Akureyri umræddan dag, en að keppninni lokinni, um kl. 1900 til 2000, farið allir saman á barinn á Hótel K. E. A.

Vitnið Klemenz Vilhjálmsson, 59 ára, sagði, að þeir að undanskildum ákærða hefðu fengið sér þar eitt glas með áfengi og drukkið. Kvað það ákærða hafa hitt einhverja félaga sína, sem það ekki þekkti, og það því ekki fylgzt með honum. Það segist þó hafa séð hann „lyfta glasi".

Vitnið sagði, að þeir hefðu ekki dvalið þarna lengur en í hálfa klukkustund og þá farið allir í bifreið ákærða, sem hann ók rakleitt áleiðis til Dalvíkur, þar til lögreglan stöðvaði bifreiðina.

Vitnið sagðist ekki hafa séð nein einkenni ölvunar eða áfengisneyzlu á ákærða, en kvaðst hafa grunað, að hann hefði bragðað áfengi. Sjálft kvaðst vitnið ekki hafa fundið til áhrifa áfengis.

Vitnið kvaðst hafa setið frammi í bifreiðinni á leiðinni og sagðist ekkert athugavert hafa fundið við aksturinn, en tók fram, að það æki ekki bifreið.

Vitnið vissi ekki til þess, að nokkur þeirra hefði haft áfengi með í ferðunum frá Dalvík eða til Dalvíkur.

Vitnið Reimar Sigurpálsson, 38 ára, sagði, að þeir hefðu allir sezt við sama borð á barnum á Hótel K. E. A. og ákærði sótt áfengi í glösum, tvöfaldan skammt af asna, að það taldi, handa þeim öllum. Ýmsir hafi komið að borðinu og ákærði brugðið sér frá um tíma.

Vitnið kvaðst hafa fengið sér aftur í glasið og taldi, að hinir, þar með ákærði, hefðu einnig gert það. Áleit vitnið, að þeir hefðu verið um það bil eina klukkustund á barnum, en síðan farið allir saman út í bifreið ákærða. Kvaðst vitnið þá hafa fundið til áhrifa áfengis.

Vitnið sagðist ekki hafa séð nein einkenni ölvunar eða áfengisneyzlu á ákærða eða hinum félögum sínum.

Vitnið sagði sér hafa fundizt óöryggi yfir akstri ákærða á leiðinni til Dalvíkur og hafi bifreiðin rásað nokkuð. Hafi það í

fyrstu talið þetta færðinni að kenna, en nokkur skafrenningur var á, en síðan hafi því farið að gruna, að þetta mundi að einhverju leyti stafa af áfengisneyzlu ákærða.

Vitnið vissi ekki til þess, að nokkur þeirra hefði haft áfengi með í ferðunum frá Dalvík eða til Dalvíkur.

Vitnið Símon Helgason, 29 ára, kvaðst hafa haft með sér eina flösku af áfengi til Akureyrar, sem það hafi drukkið, á meðan bridgekeppnin fór fram. Kvaðst það hafa gefið ýmsum spilamönnum af flöskunni, en ekki ákærða. Um dvöl þeirra á barnum á Hótel K. E. A. bar vitninu saman við Reimar Sigurpálsson að mestu. Kvaðst vitnið hafa fengið sér þar aftur í glasið, en gat ekki sagt um, hvort félagar þess gerðu hið sama. Vitnið kvaðst hafa fundið til áhrifa áfengis, þegar það fór út af barnum. Það sagðist ekki hafa séð nein einkenni ölvunar eða áfengisneyzlu á ákærða eða hinum félögum sínum, enda ekkert hugsað um það.

Vitnið sagði ákærða hafa ekið alveg eðlilega, er þeir lögðu af stað til Dalvíkur, en fannst bifreiðin rása nokkuð, eftir að komið var út fyrir Akureyri. Hafi sér dottið í hug, að það mundi stafa af áfengisneyzlu ákærða.

Vitnið Páll Lárusson Rist lögreglumaður, 48 ára, sem var vottur að því, þegar ákærði var yfirheyrður á lögregluvarðstofunni á Akureyri eftir handtökuna, sagði sér hafa fundizt ákærði þá vera talsvert undir áhrifum áfengis og af honum greinileg áfengislykt.

Ákærði krafðist þess skriflega, að ýmis atriði varðandi blóðtökuna, meðferð blóðsýnishornsins og geymslu þess fram til alkóhólrannsóknar svo og alkóhólrannsóknina sjálfa yrðu rannsökuð.

Af þessu tilefni hefur Gísli Ólafsson yfirlögreglumaður, 59 ára, lýst varðveizlu blóðsýnishornsins á lögregluvarðstofunni eftir blóðtökuna og sendingu þess til rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens.

Þá sendi dómurinn rannsóknarstofunni fyrirspurn í bréfi, dagsettu 25. marz 1970, um meðferð rannsóknarstofunnar á blóðsýnishorni ákærða og rannsóknina sjálfa.

Í svari rannsóknarstofunnar, dagsettu 3. apríl 1970, segir: „Blóðrannsóknin var gerð á venjulegan hátt, gerð tvöföld mæling á sama blóðsýni, og varð útkoman, reducerandi efni samsvara 1.20‰ og 1.28‰ af alkóhóli, þ. e. meðalgildi 1.24‰. Þennan dag barst aðeins eitt sýni frá Akureyri, og var frágangur þess í alla staði ágætur. Sýnið barst í lokuðu umslagi, og mun lögreglan í

Reykjavík hafa komið því hingað að venju. Varðandi rannsóknaraðferðina vísast til bréfs til Hæstaréttar Íslands 23. okt. 1960 frá prófessor Jóni Steffensen, þar sem aðferðinni er lýst".

Þá hefur komið fyrir dóminn sem vitni Einar Hilmar Jónmundsson læknir, 31 árs, og staðfest að hafa tekið blóðsýni úr ákærða umrætt sinn. Jafnframt lýsti vitnið blóðtökunni.

Vitnið kvaðst hafa álitið, að ákærði væri undir áhrifum, annað hvort áfengis, lyfja eða taugaspennu í umrætt sinn, en sagðist hafa fundið af honum vínandalykt, þegar það tók úr honum blóðsýnishornið.

Af hálfu ákærða var því haldið fram, að hann hefði notað lyf, sem kynnu að gefa álíka svörun og áfengi í blóði. Spurður fyrir dómi kvaðst ákærði á þeim tíma, sem hann var handtekinn, hafa notað tabl. prednisoloni, 5 mg., við bólgum í baki og tekið inn 2 töflur tvisvar og síðan 1 töflu þrisvar sinnum á dag samkvæmt tilvísun læknis.

Þá kvaðst ákærði fara í c vitamíns- (ascorbicum 10%) kúra tvisvar sinnum á ári, venjulega í 10 daga hvort sinn, vor og haust, og taka þá 1 ampulu á dag. Hafi hann verið á slíkum kúr, þegar hann var handtekinn og hafði sprautað sig þann dag. Jafnframt kvaðst hann hafa tekið inn 6 töflur af prednisoloni þennan sama dag.

Dómarinn leitaði álits Læknaráðs í þessu efni með bréfi, dags. 17. febrúar s.l.

Álit ráðsins barst með bréfi þess, dagsettu 10. september s.l.

Þar segir: „... beiðzt er umsagnar um, hvort eftir greind atriði geti valdið skekkju við ákvörðun alkóhólmagns (reducerandi efna) í blóði, á hvorn veg skekkjan verði, ef einhver, og hversu mikil:

1. Blóðgjafinn hefur notað lyfið Tabl. prednisoloni 5 mg. við bólgum í baki og hefur tekið 6 töflur af lyfinu á þeim sólarhring, sem honum er tekið blóðsýnið.

2. Blóðgjafinn notar Inj. ascorbicum 10% og fær 1 skammt (ampoule) á dag í 10 daga „kúr". Hann hefur fengið 1 þann dag, sem blóðsýnið er tekið".

Ályktun ráðsins hljóðar þannig: „Læknaráð telur, að atriði þau, sem spurt er um í liðum 1 og 2, hafi ekki áhrif á ákvörðun alkóhólmagns með þeirri aðferð, sem um er að ræða".

Samkvæmt þessu áliti Læknaráðs, með hliðsjón af vætti vitna um áfengisneyzlu ákærða og ölvunareinkenni greint sinn, framburði ákærða sjálfs um áfengisneyzlu sína svo og öðrum gögnum

málsins verður niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýni ákærða lögð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu og því, sem að framan er rakið um akstur ákærða greint sinn, er sannað, að hann hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við þar greind lagaákvæði.

Ákærði hefur áður sætt kærum og refsingum, eins og hér segir:

1952 12/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1962 15/3 í Hafnarfirði: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1962 15/10 í Hafnarfirði: Áminning fyrir ölvun í leigubifreið.
1965 4/8 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1966 21/2 á Akureyri: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu (8/4 1966).

Refsing ákærða, sem ákveðst samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem tilfærð eru í ákæruskjali með hliðsjón af því, að brot hans er ítrekað, þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt því, sem krafizt er í ákæruskjali, og með skírskotun til þar greindra lagaákvæða, er ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Lórenz Jakobsson Lilliendahl, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1972.

Nr. 28/1970. **Þorgils Þorgilsson, eigandi jarðarinnar Innri-Bugs, og Jarðakaupasjóður ríkisins, eigandi jarðarinnar Ytri-Bugs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jóni B. Jónssyni, eiganda jarðarinnar Fróðár í Fróðárhreppi
(Magnús Óskarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Jarðakaupasjóður ríkisins hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess aðallega, að landamerki milli jarðanna Ytri-Bugs og Fróðár verði ákveðin þannig:

„Bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs að engjaoddum við Bugsvaðal, þar sem þeir ganga lengst til vesturs, og síðan áfram í beina línu út í sjó.

Þessi markalína er í beinu framhaldi af línu, sem dregin er úr suðausturhorni í vestari brúarstöpul Fróðárbrúar í fyrrnefnt hornmerki".

Til vara krefst hann þess, „að sama markalína ráði merkjum jarðanna niður að engjaoddum, en þaðan ráði merkjum bein lína, sem dregin er til vesturs í stefnu á Rauðaberg í Bugsmúla að gamla Bugsósi, svo sem hann er sýndur á herforingjaráðskorti frá 1910".

Til þrautavara krefst hann, „að Fróðárrif tilheyri jörðinni Fróðá frá engjaoddum við Bugsvaðal og gamla Bugsósi, svo sem hann er sýndur á herforingjaráðskorti frá 1910, þó svo, að veiðiréttur í Bugsvaðli ytra fylgi ekki rifinu".

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Þorgils Þorgilsson hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. apríl 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. marz 1970. Krefst hann þess aðallega, að landamerki milli jarðanna Innri-Bugs og Fróðár verði ákveðin þannig:

„Bein lína úr hornmerki milli jarðanna Arnarhóls og Ytri-Bugs að engjaoddum við Bugsvaðal, þar sem þeir ganga lengst til vesturs, og síðan áfram í beina línu út í sjó.

Þá er þess krafizt, að merkin milli Fróðár og Innri-Bugs til fjalls frá áðurnefndu hornmerki verði ákveðin í samræmi við landskiptagjörð, sem dags. er 19. júní 1944 og 27. júní s. á. ...“.

Til vara krefst hann þess, „að sama markalína ráði merkjum jarðanna, með þeirri breytingu þó, að Fróðárrif skuli tilheyra jörðinni Fróðá, þó þannig, að veiðiréttur í Bugsvaðli Ytra fylgi ekki rifinu“.

Þá krefst þessi áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Kröfugerð í héraði var óljós og ónákvæm, og ekki var gerður glöggur uppdráttur af þrætusvæðum, þar sem markaðar voru kröfur aðilja, en þess var sérstök þörf, þar sem talið er, að sum kennileiti væru horfin. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Jarðakaupasjóður ríkisins og Þorgils Þorgilsson, greiði stefnda, Jóni B. Jónssyni, kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 18. júní 1969.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. maí 1969, er höfðað fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 2. nóvember 1965, af eigendum og ábúendum jarðanna Innri-Bugs og Ytri-Bugs í Fróðárhreppi, þeim Þorgils Þorgilssyni, eiganda Innri-Bugs, og Ármanni Bjarnfreðssyni, ábúanda Ytri-Bugs, ásamt Jarðakaupasjóði, sem talinn er eigandi þeirrar jarðar, gegn Jóni B. Jónssyni, eiganda jarðarinnar Fróðár í sama hreppi.

Málið var dómtekið þann 30. ágúst 1968, en síðar endurupptekið til frekari gagnaöflunar og málflutnings að nýju.

Stefnendur hafa báðir sótt þing í málinu og flutt málið hvor fyrir sig, en jafnframt haft algera samstöðu um kröfugerð og málatilbúnað, enda telja þeir umrætt land óskipta sameign sína.

Kröfur stefnenda eru fyrst settar fram í stefnu. Er þar áskilinn réttur til að breyta þeim undir rekstri málsins.

Endanlegar kröfur stefnenda eru þessar:

Aðallega, að merkin milli Fróðár og Bugsjarða verði ákveðin í beinni líu úr „brúarstöpli í vörðu á engjaodda“ og þaðan sömu sjónhending í sjó út.

Til vara sömu merki með þeirri breytingu, að rifið, svo sem það er sýnt á herforingjaráðskorti frá 1910, skuli tilheyra Fróðá, þó svo, að veiðiréttur í Ytra-Vaðli fylgi ekki rifinu. Þá er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að landamerki milli Bugsjarða og Fróðár í Fróðárhreppi verði byggð á landamerkjabréfi milli jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs, dags. 27. júlí 1941, en þar segir svo:

„I. Milli Fróðár og Arnarhóls ræður mörkum bein lína úr Folahnúk í Rjúkanda í Kjósdalsá, þaðan ræður hún í Fróðá, og ræður svo Fróðáin niður í suðausturhorn í vestri brúarstöpul Fróðárbrúar, þaðan bein lína um vörðu, sem er hornmarksvarða milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og er sú varða sem hliðarmerki milli Fróðár í beinni línu frá fyrrnefndum brúarstöpli í vörðu á engjaodda.

II. Milli Ytri-Bugs og Fróðár eru merkin úr fyrrnefndri horn-

marksvörðu í áðurnefndan engjaodda, þaðan eru merkin eftir gamla árfarveginum í gegn um Bugsvaðal, þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkv. herforingjaráðskorti frá 1910".

Þá krefst stefndi þess, að stefnendur verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Dómarinn gekk á vettvang ásamt aðiljum eða umboðsmönnum þeirra.

Sátt var reynd árangurslaust.

II.

Staðhættir á deilusvæðinu eru í stórum dráttum þeir, að áin Fróðá rennur til sjávar gegnum vaðal eða vaðla, er liggja á milli svokallaðs Rauðabergs að vestan og Haukabrekkuhöfða að austan. Fyrir botni svokallaðrar Gamlavíkur, sem áin rennur í, hefur myndazt sandrif, væntanlega vegna framburðar árinnar annars vegar og sjávargangs hins vegar, og liggur rif þetta, sem kallast Fróðárrif, í boga fyrir víkurbotni. Bak við rifið eru tveir vaðlar eða vötn, sem nefnast Bugsvötn, en milli þeirra eru mýrar og engjalönd. Samgangur er milli vatnanna. Fróðá rennur í innra vatnið, sem hefur ós til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða, en fyrr á þessari öld mun ósinn til sjávar hafa runnið úr ytra vatninu við rifsendann Rauðabergsmegin. Aðiljar eru sammála um merkin á engjalandinu fram í svonefndan engjaodda, en ágreiningurinn er um eignarréttinn að hluta Fróðárrifs, en stefnendur telja, að merkin hafi verið um melþúfu, sem á að hafa verið á rifinu fram af engjaoddanum, en stefndi telur allt rifið tilheyra jörð sinni, Fróðá.

Upphaf þessara málaferla er að rekja til þess, að skömmu eftir að stefndi varð eigandi Fróðár, eða árið 1963, hóf hann mál gegn eiganda og ábúanda Ytri-Bugs út af nytjum Bugsmanna á rifinu og krafðist lögbanns við malartöku þar. Synjað var um lögbann með dómi aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, þar sem talið var, að hann hefði ekki að svo komnu sannað eignarrétt sinn að rifinu. Eigandi Fróðár skaut málinu til Hæstaréttar, en þar var málið fellt niður, að því er virðist vegna þess, að talið var eðlilegra, að landamerki jarðanna yrðu fyrst ákveðin með dómi. Eigandi Fróðár hafðist þó ekki frekar að í því máli, hins vegar hófust um líkt leyti málaferli út af rennsli milli

vaðlanna, og er þeim enn ólokið. Í framhaldi af því máli og að nokkru í sambandi við það hófust eigendur Bugsjarða handa um landamerkjamál þetta.

III.

Lagt hefur verið fram í málinu endurrit úr landamerkjabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu varðandi landamerki jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs, og hefur efni þess verið tekið upp í kröfugerð stefnda. Einnig hefur verið lagt fram endurrit af Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Arnarhóli í Neshreppi innan Ennis, dags. að Arnarhóli 25. maí 1889, og segir þar m. a.:

„1. Á milli Fróðár og Arnarhóls ræður sjónhending úr Folahnúk í Litla-Rjúkanda og svo eptir gili, sem rennur þaðan og ofan í Fróðá. Síðan ræður Fróðá ofan fyrir Arnarhól á móts við klett, sem stendur norðan til í Arnarhólnum. Þaðan sjónhending í svokallaðan Engjatanga niðurvið Bugsvaðal, og síðan ræður Bugsós til sjóar".

Stefndi hefur lagt fram í málinu endurrit úr dómsmálabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu af dómi, uppkveðnum 22. júní 1928, í máli milli þáverandi eigenda Fróðár og Haukabrekku um réttindi yfir Fróðárrifi. Þar sem eigendur Bugsjarða voru ekki aðiljar þess máls, virðist ljóst, að dómurinn er ekki bindandi fyrir eigendur þeirra, en þar sem hann fjallar beinlínis um það efni, sem hér er um deilt, þykir rétt að taka upp úr honum það, sem skipt getur máli um lausn þessa ágreiningsefnis.

Dómur þessi var einn af fjórum dómum, uppkveðnum sama dag, varðandi uppskiptingu og landamerki hinnar fornu Fróðártorfu, og virðast málsaðiljar ekki hafa vitað um hann fyrr en á síðasta stigi málsmeðferðarinnar. Í dóminum segir m. a.:

„Í landamerkjabók sýslunnar finnst aðeins heildarlandamerkjaskrá fyrir jörðina Fróðá með hjáleigunum, en engar landamerkjaskrár, hvorki fyrir Fróðá sjálfri né hjáleigunum sérstaklega. Að Fróðárrif hafi heyrt undir heildareignina, er tvímælalaust. Fram að árinu 1905 var Fróðártorfan óskift heildareign, en með bréfi, dags. 29. apríl 1905, þingl. 1. júní 1912, afsalar síðasti heildareigandi Fróðár með hjáleigum, síra Helgi Árnason, til Ásgeirs Þórðarsonar jörðina Fróðá með Fróðárkoti án nokkurrar tilgreiningar á landamerkjum. Hinar hjáleigur jarðarinnar, þar á meðal Haukabrekku, afsalar svo síra Helgi Árnason með bréfi, dags. 12. sept. 1916, þingl. 19. júní 1917, til síra Guðmundar Einarssonar

í Ólafsvík án nokkurrar tilgreiningar á landamerkjum jarðanna, og síra Guðmundur Einarsson selur svo jarðirnar hverja um sig fljótlega aftur, þar á meðal Haukabrekku, án nokkurra sérlandamerkja. Heimildarplagg eða landamerkjabók sýslunnar upplýsa því ekkert í þessu efni.

Það mun vera hin vanalega regla, að sérstök fríðindi höfuðbóla með hjáleigum falli oftast til höfuðbólanna eða heimajarðanna sjálfra við skifting eignanna fremur en til hjáleignanna. Samkvæmt þessu virðist rifið fremur tilheyra heimajörðinni Fróðá en einni af hjáleigunum svo sem Haukabrekku. Rif þetta hefir svo lengi sem núlifandi menn muna til verið kallað Fróðárrif, sem einnig bendir til þess, að það hafi jafnan tilheyrt heimajörðinni Fróðá sjálfri. Hin framlögðu vottorð af hálfu eiganda Fróðár sýna einnig, að vottorðsgefendurnir telja rifið til heimajarðarinnar Fróðár sjálfrar. Almæli er og meðal manna hér um slóðir, að áin Fróðá hafi þar til fyrir tæpri öld síðan runnið til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða. Þótt síra Helgi Árnason hafi árið 1908 byggt Fróðárrif með Haukabrekku, er það út af fyrir sig ekki sönnun þess, að hann eftir söluna 1905 á Fróðá hafi haft heimild til þess, enda sýna framlögð vottorð, að eigandi Fróðár hefir mótmælt því.

Að öllu þessu athuguðu verður landamerkjadómurinn að tildæma jörðinni Fróðá allt Fróðárrif vestan frá Bugsós og austur að Haukabrekku-höfða".

Þá hefur verið lagt fram landamerkjabréf fyrir jörðinni Fróðá, dags. 9. júlí 1930, en það er ekki undirritað af eigendum Bugsjarða.

Fleiri skjöl hafa verið lögð fram, en skipta minna máli, og hafa málsaðiljar ekki mótmælt þeim sem ósta ðfestum, en hins vegar sem röngum að því leyti, sem þau fara í bága við málflutning þeirra.

IV.

Aðiljar eru sammála um, að Fróðá muni hafa fyrr á öldum runnið til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða, en einhvern tíma á síðustu öld hafi hún tekið að renna út úr vestari vaðlinum í námunda við tún Bugsjarða, og þar rann hún, þegar herforingjaráðsuppdráttur var gerður árið 1910. Á árinu 1933 hafi sá farvegur stíflast af sjávargangi og áin þá brotið sér farveg út úr rifinu austanverðu, þar sem hún rennur nú til sjávar, eins og áður segir.

V.

Verða nú raktir framburðir aðilja, vitna og vottorðsgefenda.

Þorgils Þorgilsson, annar stefnenda málsins, hefur gefið aðiljaskýrslu. Þar segir m. a.:

„Þegar ég skrifaði undir landamerkjalýsingu milli Fróðár og Bugsjarða hinn 27. júlí 1941, var ekkert sérstaklega minnzt á breytingu á landamerkjum niður við sjóinn, og áreiðanlega ekki minnst á herforingjaráðskort í því sambandi, enda var slíkur uppdráttur alls ekki til staðar við undirskriftirnar. Hafi þessi viðbót „samkv. herforingjaráðskorti frá 1910" þá verið í skjalinu, hefi ég a. m. k. ekki veitt því eftirtekt.

Það skal loks tekið fram, að rifið framan við Syðri-Bugsvaðal hefur lengst mikið síðustu áratugi, auk þess sem það mun hafa verið allverulega rangt markað á kortinu miðað við þann tíma, sem það á að hafa verið gert".

Fram eru lagðar í málinu tvær umsagnir Einíusar Jónssonar, fyrrum kaupfélagsstjóra í Ólafsvík, en hann keypti jörðina Fróðá árið 1927 fyrir Kaupfélag Ólafsvíkur, og nytjaði hann og aðrir kaupfélagsmenn jörðina næstu 12 ár á eftir. Hann telur mörkin milli Fróðár og Bugsjarða hafa verið „séð frá sjó, Melþúfa í vörðu á Engjaodda". Hann telur þá kaupfélagsmenn hafa hirt allan reka frá melþúfunni að vestan, að Haukabrekkuhöfða að austan. Hann vitnar enn fremur, að hann viti ekki annað en að merki um melþúfuna á rifinu, sem nú er að vísu fyrir löngu horfin, hafi verið haldin í manna minnum, enda hafi aldrei komið til þess, að Fróðármenn nytjuðu land eða veiði vestan hennar. Sand hafi þeir Fróðármenn tekið miklu austar á rifinu. Hann telur sig hafa heyrt, að Bugsmenn hafi skrifað undir eitthvert plagg viðvíkjandi ytra rifinu, en vottar í því sambandi, að meðan hann hafi verið fyrir vestan, hafi engin breyting orðið á nytjum umræddsa lands þrátt fyrir þessar undirskriftir. Hann segir sér ekki kunnugt um, hvort Þorgils Þorgilsson hafi tekið sand úr ytra rifinu, en veiði í vaðlinum hafi Bugsmenn stundað, en engir aðrir, svo hann viti. Aldrei hafi neinn vafi verið á um merki eða landsnytjar þann tíma, sem Kaupfélag Ólafsvíkur hafði umráð og umsjá með Fróðá.

Þórður Þórðarson veggfóðrunarmeistari, Reykjavík, hefur gefið skriflegt vottorð. Hann kveðst hafa verið viðstaddur, er landamerki jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs voru ákveðin í júlímánuði árið 1941, og hafi hann þá ásamt öðrum gengið á merki jarðanna. Í vottorði hans segir m. a.: „... aldrei var á

það minnzt, er merkin voru sett, að afstaða skyldi tekin til eignarréttar yfir Fróðárrifi, né heldur, að gamli Bugsós skyldi ráða merkjum til sjávar milli jarðanna Fróðár og Ytra-Bugs, hvorki svo sem hann er sýndur á herforingjakorti frá 1941 né heldur eins og hann var á árinu 1941, þá er framangreind lögskipti áttu sér stað ...".

Hervin Pétursson verkamaður hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst muna eftir melþúfu á rifinu vestan við ytri engjaoddann, en kveðst ekki hafa heyrt, að hún skipti merkjum. Hann kveðst ekki vita, hverjir hafi nytjað rifið, og heldur ekki hverjir hafi nytjað veiði í Ytri-Bugsvaðli. Hann tekur fram, að í stórstraumi hafi gætt sjávarfalla í Innri-Bugsvaðli, meðan Bugsós rann til sjávar við Rauðaberg.

Jóhann Þorgilsson, sonur stefnanda Þorgils Þorgilssonar, hefur borið, að Fróðárrif hafi verið nytjað frá Bugsjörðum og inn að Ytri engjaodda. Hann kveðst muna eftir melþúfu á rifinu og kveðst hafa heyrt í seinni tíð, að hún skipti merkjum, en veit ekki, milli hvaða jarða hún var talin skipta merkjum.

Ólafur Bjarnason hreppstjóri, fæddur 10. apríl 1889, hefur komið fyrir dóm. Vitnið „kveðst vel minnugt þess, þegar skjal þetta" (landamerkjabréfið frá 1941) „var undirritað, og kannast við að hafa undirritað það. Vitnið telur, að tildrög þess, að landamerkjabréf þetta var gert, hafi verið þau, að eigandi Fróðár hafi óskað eftir, að merkin yrðu endurnýjuð eða eigendur glöggvuðu sig á þeim. Vitnið segist minnast þess, að í skjalið hafi verið sett ákvæði um herforingjaráðskortið frá 1910, og hafi það verið gert til þess að taka af allan vafa í framtíðinni um það, hvar merkin væru. Vitnið kveðst ekki muna, hvort herforingjaráðskort var við hendina, þegar landamerkjabréfið var samið, en segir, að það hafi verið alveg fullvíst, hvar merkin voru. Vitnið kveðst ekki muna, hvar undirskriftir fóru fram, en telur, að það hafi verið að Fróðá. Vitnið kveðst hafa haft vitneskju sína um merki Fróðár frá eldra fólki, m. a. Guðsteini Þorsteinssyni, sem var allan sinn aldur í Fróðárhreppi, Neshreppi innan Ennis, en hann var fæddur árið 1832 og andaðist árið 1915, og Þorkötlu Jóhannsdóttur, sem lengi bjó í Fróðárhreppi, og Guðmundi Þorlákssyni, sem lengi bjó í Geirakoti og var mjög fróður um öll landamerki í Fróðárhreppi. ... Vitnið tekur fram, að reki á Fróðárrifi hafi verið nýttur frá Fróðá og hafi Fróðá átt allan rekann. Það kveðst minnast þess, að ábúendur Ytri-Bugs hafi nytjað veiði í Bugsósi innan við Rauðaberg, en því er ekki kunnugt um, að

ábúendur Fróðár hafi stundað veiði þar. Vitninu er ekki kunnugt um nöfnin „Móabarð“ eða „Melþúfu“ á Fróðárrifi, en man eftir smá melgrasþúfum hér og hvar á rifinu“.

Magnús Guðmundsson, fyrrverandi prófastur, fæddur 30. júlí 1896, hefur fyrir dómi borið m. a.: „Vitnið tekur fram, að allan þann tíma, sem það var búsett í Ólafsvík frá 1920—1963, hafi það alltaf heyrt, að Fróðá ætti allt Fróðárrif. Þetta segir vitnið, að hafi sagt sér gamlir menn, sem gjörla þekktu til, þ. á m. Þorkatla Jóhannsdóttir, sem lengi bjó í Klettakoti, margfróð kona, og Guðmundur Þorlákssson, bóndi í Geirakoti og Innri-Bug og síðast í Ólafsvík. Þá kveðst vitið sérstaklega hafa kynnt sér þetta árið 1928, þegar það var meðdómsmaður í tveimur landamerkjamálum. ... Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt nöfnin „Móabarð“ og „Melþúfu“ á Fróðárrifi og kveðst þó hafa reynt að safna örnefnum eftir því sem það gat. Það kveðst heldur ekki kannast við þau nöfn sem kennileiti eða að þau hafi verið notuð í landamerkjalýsingum. Vitnið tekur fram, að það telji landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs, á Fróðárrifi, hafa verið við Bugsós, þar sem hann féll til sjávar árið 1936, áður en Fróðá breytti um farveg. ... Vitnið segir, að allur reki á Fróðárrifi hafi verið nytjaður af Fróðá, en kveðst ekki minnast þess, að aðrir nytjuðu veiði í Bugsvaðli og ósunum en ábúendur Bugsjarða. Fróðárbændur hafi aldrei nytjað veiði í ósnum, þótt þeir ættu land að öðrum megin. Vitnið tekur fram, að netaveiði í Bugsvaðli og ádráttarveiði í ósnum hafi alltaf verið mikið stunduð af ábúendum Bugsjarða“.

Önnur vætti hafa minni þýðingu fyrir úrslit málsins og verða ekki rakin hér.

VI.

Stefnendur styðja aðalkröfu sína þeim rökum, að svæði það, sem um er deilt, verði að skoðast sem samfellt vatnasvæði Fróðár allt til sjávar út fyrir Fróðárrif. Þar, sem miðað sé við Bugsós í landamerkjabréfum og ós þessi hafi færzt til, svo menn viti, megi telja farveginn allt frá Rauðabergi að Höfðabrekkuhöfða með tilvísun til Jónsbókar, tlb. 56, sjá og samsvarandi ákvæði núgildandi vatnalaga, beri að draga merkin frá engjaodda þeim, sem markaður er á herforingjaráðskortið frá 1910, og ágreiningslaust sé, að ráði merkjum milli Ytri-Bugs og Fróðár til hafs mitt á milli Rauðabergs og Haukabrekkuhöfða.

Þeir hafa mótmælt dóminum frá 1928, sem verði ekki talinn

bindandi fyrir Bugsjarðir, þar sem eigendur þeirra hafi ekki fengið tækifæri til þess að gæta réttar síns né heldur hafi dómurinn verið birtur fyrirsvarsmönnum þeirra jarða og honum hafi ekki verið þinglýst og hann ekki færður inn í landamerkjabækur embættisins. Þá hafa þeir mótmælt landamerkjabréfinu frá 1941. Telja þeir, að það sé á ýmsan hátt varhugavert og hafi með því verið breytt gömlum merkjum, þ. e. eigendur Bugsjarða hafi afsalað sér hálfu Fróðárrifi, en til þess hafi þeir ekki verið bornir, þar sem samþykki konu Þorgils hefði þurft til að koma og umboðsmanni þjóðjarða hafi verið heimildarlaust að gera slíka afsalssamninga. Einnig hafa þeir látið að því liggja, að ákvæðin um herforingjaráðskortið hafi verið bætt við síðar, þar eð Þorgils Þorgilsson kveðst ekki muna eftir því ákvæði. Þessu öllu hefur stefndi mótmælt harðlega og kveðið það augljóst, að landamerkjabréf, innfært í landamerkjabækur sýslunnar, hljóti að hafa fullt gildi, þar til einhver ógildingaratvik hefðu sannazt, en sönnunarbyrði um allt slíkt hljóti að hvíla á stefnendum.

Þá hafa stefnendur komið fram með þá málsástæðu, að þeir kunni að hafa unnið eignarrétt á umþrættri landspildu fyrir hefð, eða a. m. k. hefðarrétt á landsnytjum, vegna áratugalangra nytja á veiði í Bugsósi, reka, eggjatöku, bátar (sic) og malartekju.

Varakröfu sína rökstyðja stefnendur með því, að veiði í Ytri vaðli hafi aldrei verið nytjuð frá Fróðá, heldur Bugsjörðum.

Stefndi byggir kröfur sínar á landamerkjabréfinu frá 27. júlí 1941, enda hafi rifið alla tíð fylgt jörðinni Fróðá og sé eignarhaldið ótvírætt úrskurðað Fróðá með dóminum frá 1928. Fróðá hafi árin 1835—1936 runnið til sjávar vestan við rifið við Rauðaberg. Þetta hafi einnig stuðning í landamerkjabréfinu fyrir þjóðeigninni Arnarhóli frá 25. maí 1889, þar sem merkin milli Arnarhóls og Fróðár séu m. a. um Bugsós til sjávar, svo og landamerkjabréfi fyrir Fróðá frá 9. júlí 1930, þar sem Bugsós ræður merkjum, en upplýst sé, að á þessum tíma hafi Fróðá (Bugsós) runnið til sjávar að vestan og ósinn ekki færzt austur fyrir fyrr en árið 1936. Tilvísunin í „gamla Bugsós" og herforingjaráðskortið í merkjabréfinu frá 1941 styðji þetta einnig, enda hafi þessi ákvæði verið sett í bréfið til frekari skýringar og glöggvunar og til þess að taka af allan vafa.

VII.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, virðist ótvírætt, að landamerkjabréfið frá 27. júlí 1941 sé í fullu gildi,

enda ástæður þær, sem færðar eru fyrir ógildi þess, ekki nægilega rökstuddar eða haldgóðar. Rökstuðningur stefnda fyrir kröfum sínum er að áliti dómsins fullnægjandi til þess að taka þær til greina með smávegis breytingum í gegnum Bugsvaðal Ytri. Merkjavarðan á engjaodda er horfin, en eftir að málið var dómtekið og dómsniðurstaða fengin, en áður en dómurinn var kveðinn upp, fór dómurinn á vettvang og setti niður merki, sem er tvö misvíð járnrör rekin niður í jörðina á þeim stað á engjaoddanum, sem dómurinn telur rétt merki og niðurstaðan byggist á.

Eins og málið er fyrir lagt og með tilliti til framangreindrar niðurstöðu, þykir rétt að dæma stefnendur in solidum til þess að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, ásamt meðdómsmönnunum Ólafi Guðmundssyni útibústjóra og Leifi Jóhannessyni ráðunaut.

Dómsorð:

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs í merki á engjaodda, og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðausturhorni í vestri brúarstöpul Fróðár í fyrrnefnt hornmerki. Frá merkinu á engjaodda skulu merkin milli Fróðár og Bugsjarða vera út með Fróðárrifi innanverðu í sömu fjarlægð og áðurnefnt merki í gegnum Bugsvaðal, þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1910.

Stefnendur, Þorgils Þorgilsson og Jarðakaupasjóður, greiði in solidum stefnda, Jóni B. Jónssyni, málskostnað, er ákveðst kr. 25.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1972.

Nr. 71/1971. **Björn Sigurðsson**
Elí Auðunsson og
Garðar Sveinbjörnsson
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Önnu Jónsdóttur og gagnsök.
(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gallar. Skaðabótamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 25. maí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, er lagt til grundvallar dómsúrslitum, að aðaláfrýjendur, sem voru í senn byggjendur og seljendur íbúðar gagnáfrýjanda, hafi eigi gætt nægilegrar vandvirkni við hússmíðina og sé þetta orsök skemmda þeirra, er fram komu. Að þessu athuguðu og þar sem aðaláfrýjendur höfðu eigi uppi í héraði málsvörn reista á tómlæti gagnáfrýjanda, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, en dómkröfur gagnáfrýjanda hafa eigi sætt andmælum, að því er varðar kröfufjárhæð og vexti.

Samkvæmt þessu ber einnig að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur

til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjendur, Björn Sigurðsson, Elí Auðunsson og Garðar Sveinbjörnsson, greiði gagnáfrýjanda, Önnu Jónsdóttur, kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 26. ágúst 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. janúar 1970, af Önnu Jónsdóttur, Ásbraut 7 í Kópavogi, gegn Birni Sigurðssyni, Safamýri 85, Reykjavík, Elí Auðunssyni, Sporðagrunni 24, Reykjavík, og Garðari Sveinbjörnssyni, Stórageröi 8, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 12.800.00 með 8% ársvöxtum frá 8. nóvember 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þeir, að með kaupsamningi, dags. 11. janúar 1964, keypti stefnandi íbúð — miðíbúð 1. hæðar — í húsinu nr. 7 við Ásbraut í Kópavogi. Afsal fyrir íbúðinni var gefið út 12. september 1965. Íbúðin var seld „fokheld", en sameiginlegu múrverki í stigahúsi, kjallaragangi, þvottahúsi o. fl. lokið. Seljendur voru hinir stefndu í máli þessu, og höfðu þeir annazt byggingu hússins frá grunni. Í desember 1964 varð stefnandi fyrst var við sprungur í íbúðinni, en taldi fyrst í stað, að um væri að ræða venjulegar sprungur í pússningu og hlöðnum vikurveggjum. Stefnandi kveður, að síðar hafi komið í ljós, að um miklu alvarlegri byggingargalla hafi verið um að ræða, og hinn 7. september 1965 voru dómkvaddir matsmenn til að skoða og meta þessa galla að beiðni stefnanda. Hinir dómkvöddu matsmenn, Einar Sveinsson og Þórður Þórðarson, múr-

arameistarar í Reykjavík, skiluðu matsgerð sinni, dags. 8. nóvember 1965, en þar segir svo m. a.: „Skoðun fór fram þriðjudaginn 5. okt. 1965. Viðstödd voru auk matsmanna frú Anna Jónsdóttir, Björn Sigurðsson, Safamýri 85, Elí Auðunsson, Sporðagrunni 24, og Garðar Sveinbjörnsson, Stórageröi 8.

Matið er gert að beiðni Jóhanns Ragnarssonar, hdl., og var hann einnig viðstaddur.

Lesin er dómkvaðning og matsbeiðni. Eigandi íbúðarinnar lýsti göllum og gaf matsmönnum umbeðnar upplýsingar viðvíkjandi þeim.

Ofangreind íbúð er miðíbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi nr. 7 við Ásbraut í Kópavogi. Frú Anna Jónsdóttir keypti hana 11. janúar 1964 í fokheldu ásigkomulagi, og var hún þá einn geimur og hvorki sprungur né aðrir gallar sýnilegir. Frú Anna lét sjálf einangra íbúðina, hlaða tvo milliveggi úr vikurhellum og múrhúða allt.

Í desember 1964 varð frúin vör við sprungur í íbúðinni, og telja matsmenn rétt að taka tvær málsgreinar orðréttar upp úr matsbeiðninni til skýringar: „1. a. Hver sé orsök þess, að veggir og gólf í íbúð umbj. míns, miðíbúð á 1. hæð í húsinu nr. 7 við Ásbraut í Kópavogi, hafi sprungið, svo sem raun er á. b. Hvort unnt sé með viðgerð að bæta að fullu þessa galla". „2. Umbj. minn kveðst í desember s.l. fyrst hafa orðið vör við sprungur í íbúðinni, en fyrst í stað ekki talið þær svo alvarlegar, sem síðar hefur komið í ljós. Henni hafi hins vegar fyrir nokkru orðið ljóst, að ekki sé um venjulegar sprungur í pússningu eða hlöðnum vikurveggjum að ræða, heldur telur hún eftir að hafa ráðfært sig við byggingafróða menn, að um sé að ræða sig á udirstöðum hússins. Virðist ýmislegt benda til, að svo sé".

Við treystum okkur ekki til að gefa ákveðin svör við spurningum 1. a og b. Sprungur í steypu og hleðslu hafa verið vandamál frá því, að við fórum fyrst að vinna að múrverki, og virðast vera það enn. Við álítum, að þessar sprungur í umræddri íbúð séu eins og gengur og gerist í löngum steinsteyptum húsum með stórum krossbentum loftplötum.

Platan er nú um 1.5 cm lægri um miðjuna en út við veggina, og kemur það bil það sama út, hvort sem hún er mæld ofan eða neðan. Eitthvað af þessu sigi hefur sennilega átt sér stað, eftir að veggirnir voru hlaðnir, og er það eðlilegt, að þeir hafi sprungið af þeim sökum. Talið er, að stórar krossbentar plötur geti verið 2—3 ár að síga, þótt þær séu í alla staði vel gerðar. Við athugun

kom í ljós, að um tveggja cm munur er á lofthæð við eystri og vestri burðarveggi íbúðarinnar, og bendir það til, að gólf hafi ekki verið tekið nákvæmlega rétt. Lægðina í stofugólfinu þarf að laga. Það má gera með ýmsu móti, en við leggjum til, að málningin verði leyst af með saltsýru, gólfið svo þvegið vel með vatni, þá á venjuleg múrhúðun að festast við gamla gólfið, ef eitthvert límefni er notað, t. d. hefur efni frá h.f. Málning reynzt vel.

Hvað snertir hina opnu áberandi sprungu í eldhúsgólfinu, viljum við geta þess, að algengt er, að slíkar sprungur séu í húsum, sem eru eins og þetta hús, um 20 m löng. Þær eru venjulega nálægt miðjum húsum, þvert í gegnum þau og eru ekki taldar saknæmar, nema þær valdi leka inn í húsið. Sprungurnar munu stafa af rýrnun í steypunni.

Við athugun á þessari íbúð hefur ekkert komið í ljós, sem að okkar áliti bendi til, að um sig á undirstöðum hússins sjálfs sé að ræða. Úttektarvottorð sýnir, að undirstöður hússins hafa verið athugaðar hinn 11. september 1963 og loft yfir kjallara (gólf 1. hæðar) 22. október 1963. Til að bæta úr ofangreindum göllum þarf að rispa upp sprungurnar í hlöðnu veggjunum og gólfinu, fylla í þær á venjulegan hátt, bletta það tvívegis og gefa veggjunum eina yfirferð af sömu tegund málningar og á þeim er.

Kostnaður við ofangreindar viðgerðir teljum við, að sé hæfilega metinn á kr. 9.000.00 — níu þúsund krónur —".

Stefnandi hóf málarekstur þennan upphaflega með stefnu, útgefinni 13. júní 1968. Var málið síðan rekið fyrir bæjarþinginu, unz það var hafið hinn 6. marz 1969 vegna útivistar beggja aðilja. Er málið nú höfðað að nýju. Við þingfestingu 22. janúar s.l. var sótt þing af hálfu stefndu og tekinn frestur til 5. febrúar s.l. til greinargerðar. Er málið var tekið fyrir þann dag, lagði lögmaður stefndu fram greinargerð af þeirra hálfu. Eftir árangurslausa sáttatilraun dómara var málinu frestað til 26. febrúar s.l. með samkomulagi aðilja til frekari öflunar gagna. Þegar málið var tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi þann dag, var eigi sótt þing af hálfu stefndu. Tók þá stefnandi sjálfur frest til skriflegrar sóknar, sem hann lagði fram 12. marz s.l., og var þá málið dómtekið að kröfu hans. Málið var endurupptekið 12. þ. m., þar sem dómur hafði ekki verið uppkveðinn. Að lokinni vettvangsskoðun dómenda var málið dómtekið á ný. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 verður því að dæma málið eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og málsútlistun

stefnanda og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefndu.

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1. Bætur samkvæmt matsgerð	kr.	9.000.00
2. Matskostnaður	—	3.800.00
	Samtals kr.	12.800.00

Stefnandi gerir þá grein fyrir dómkröfum sínum, að réttur sinn til skaðabóta sé á því byggður, að íbúð sú, sem hún keypti í húsinu nr. 7 við Ásbraut í Kópavogi, sé alvarlega gölluð og beri seljendur íbúðarinnar og byggjendur hússins, stefndu í málinu, fébótaábyrgð á göllum þessum.

Samkvæmt framlagðri matsgerð komi fram, að gallar þessir séu aðallega fólgnir í mjög verulegum og alvarlegum sprungum í steyptum burðarveggjum og steyptu gólfi íbúðarinnar svo og mjög verulegu sigi í gólfplötum og sé líklegt, að sprungurnar séu í orsakasambandi við það. Stefnandi leggur áherzlu á það, að ekki sé um að ræða sprungur í múrhúðun, eins og haldið sé fram af stefndu, heldur í steinsteyptum hlutum hússins. Alvarlegasta gallann kveður stefnandi vera hið mikla sig í gólfplötu íbúðarinnar, sem sé svo verulegt, að ef gengið sé um gólfið, finnist á því greinilegur halli. Stefnandi kveður, að í nágrannalöndunum séu fyrir hendi ákveðnar reglur um leyfilegt hámarkssig í gólfplötum og hafi Hæstiréttur til þeirra vitnað og á þeim byggt í dómum sínum, en hvergi þar, sem reglur um þetta atriði séu settar, sé leyft svo mikið sig, að það sé sjáanlegt eða það finnist, ef gengið sé eftir gólfinu.

Stefnandi kveður, að sú skoðun matsmanna, að stórar krossbentar plötur séu 2—3 ár að síga, sé eflaust rétt, en hve mikið þær sigi, fari þó eflaust eftir því, hve vandaðar þær séu. Þá sé a. m. k. ljóst, að gólfplata sú, sem hér um ræðir, hafi ekki verið nægilega frágengin, enda verði hverjum byggingafróðum manni, sem íbúðina skoðar, það strax ljóst, að hér sé farið langt yfir þau takmörk, sem eðlileg megi telja.

Samkvæmt ofansögðu kveður stefnandi það einsýnt, að dæma beri stefndu til greiðslu skaðabóta samkvæmt kröfugerð sinni, byggðri á framlagðri matsgerð.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að engir þeir byggingargallar hafi komið fram á hinni seldu íbúð, sem þeir beri ábyrgð á.

Þetta sé alveg ljóst af matsgerð þeirri, sem lögð hafi verið fram í málinu, en þar komi m. a. fram, að spurningunum 1 a og b treysti matsmennirnir sér ekki til að gefa ákveðin svör við. Þar af leiði, að allar forsendur fyrir skaðabótakröfu af hálfu stefnanda skorti gersamlega.

Með tilvísun til ummæla hinna dómkvöddu matsmanna í framlagðri matsgerð telja stefndu, að fullyrða megi, að enginn sá grundvöllur sé fyrir hendi, sem stefnandi geti byggt skaðabótakröfu á. Beri því að taka kröfu þeirra um algera sýknu til greina.

Dómendur hafa farið á vettvang og gert skoðun. Gerðu hinir sérfróðu meðdómendur nákvæma athugun á sigi gólfplötunnar og þykkt hennar með mælingum. Þá hafa þeir kynnt sér samþykktar teikningar af gólfplötunni og járnalögninni í henni hjá byggingarfulltrúa Kópavogskaupstaðar. Að áliti meðdómsmanna telst ekkert vera athugavert við hönnun plötunnar, þ. e. við fyrirmælta þykkt hennar, járnbindingu og styrkleika steinsteypu.

Umrædd gólfplata verður að teljast í stærra lagi, og í því sambandi má fullyrða, að við gerð svo stórra platna sé sérstök þörf nákvæmni og vandvirkni í hvívetna. Meðalsig í plötumiðjunni telst vera 1:150 til 1:200 samkvæmt athugunum meðdómsmanna, og á einum tilteknum stað eykst sigið á stuttu bili frá vegg, þannig að halli finnst greinilega, er sá kafli er stiginn. Fullyrða má alfarið, að platan hafi sigið eða haldið áfram að síga, eftir að hún var múrhúðuð. Þykkt plötunnar virðist vera nægileg og í samræmi við teikningu. Ekk hefur þess verið kostur að staðreyna, hvort raunverulega hafi verið farið eftir fyrirmælum í teikningu um járnalögnina, styrkleika steypunnar eða önnur þau atriði, sem þýðingu hafa við gerð plötunnar, svo sem ástand steypunnar, þegar hún var lögð niður, o. fl.

Það er skoðun réttarins, að sig gólfplötunnar svo og sprungur þær, sem um getur í matsgerðinni og telja verður, að rekja megi að verulegu leyti til sigsins, séu verulegir og greinilegir gallar á íbúðinni.

Þetta umrædda sig gólfplötunnar getur alls ekki talizt vera eðlilegt, enda er það miklu meira en við mætti búast, að fram komi við vandaða gerð gólfplötu af þessari stærð, hannaðri á þann hátt sem hér er.

Þótt ekkert sé beinlínis fram komið í málinu, sem skýri eða bendi ákveðið til mistaka eða vanrækslu við gerð gólfplötunnar af hálfu stefndu eða annarra aðilja, sem þeir teldust bera ábyrgð á gagnvart stefnanda, þykir með tilvísun til þess, sem nú hefur

verið rakið, verða fullyrt, að orsakir hins óeðlilega sigs hljóti að vera vegna atvika, sem stefndu, byggjendur hússins, beri ábrygð á. Samkvæmt þessu verður að leggja óskoraða fébótaábyrgð á stefndu vegna þess tjóns, sem af nefndum göllum leiðir. Í þessu sambandi er það haft í huga, að stefndu eru byggingafróðir aðiljar, sem stóðu fyrir byggingu hússins nr. 7 og 9 við Ásbraut í Kópavogi og seldu íbúðirnar í húsinu á almennum markaði. Höfðu þeir því tækifæri til að vanda gerð hússins eftir fremstu kröfum svo og til að verðleggja íbúðirnar, m. a. með tilliti til þeirrar áhættu, sem þessum atvinnurekstri fylgir.

Að ofan er getið niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna um kostnað við að bæta úr greindum göllum. Ekkert er fram komið í málinu, sem telst hnekkja þeirra niðurstöðu. Verða því stefndu dæmdir til að greiða stefnanda kr. 9.000.00 í bætur vegna gallanna, með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1965 til greiðsludags.

Eins og atvik voru um mál þetta, verður það að teljast eðlilegt, að stefnandi óskaði dómkvaðningar matsmanna til að skoða og meta framkomna galla. Þykir því rétt, að stefndu beri matskostnaðinn, kr. 3.800. Verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 5. tölulið 175. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.400.00.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi St. Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Magnússyni byggingaverkfræðingi og Gunnari Þ. Þorsteinssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Björn Sigurðsson, Elí Auðunsson og Garðar Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Önnu Jónsdóttur, kr. 9.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1965 til greiðsludags og kr. 8.400.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1971.

Ár 1971, miðvikudaginn 10. febrúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Selvogsgrunni 24 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-205/1971: Anna Jónsdóttir gegn Elí Auðunssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjar-

þings Kópavogs nr. 13/1970. Nr. 1 fylgir með í eftirriti. Nr. 2 fylgir með í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Ragnarsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 9.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1965 til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 580.00, kr. 8.400.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Guðrún Birnir, kona hans, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, 2. hæð í húseigninni nr. 24 við Selvogsgrunn.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 9. júní 1972.

Nr. 29/1972. **Jón Sæmundsson, eigandi m/b Brimis, KE 104,**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Ægi h/f og áhöfn m/b Vonarinnar, KE 2,
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðstoð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann þess, að honum verði „gert að greiða stefndu hæfilega þóknun fyrir aðstoð". Þá krefst hann málskostn-

aðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu og að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Veðurstofu Íslands um veður á Keflavíkurflugvelli og sjólag við Reykjanesvita dagana 13. og 14. marz 1968.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framangreindu vottorði Veðurstofu Íslands fór veður batnandi, þegar á daginn leið hinn 13. marz 1968.

Ætla má, að eins og gangtruflun vélar m/b Brimis, KE 104, var háttað, hafi vélstjóri bátsins getað fundið orsakir hennar og haft tök á að lagfæra hana, áður en bátinn bæri að landi, og þannig bjargað honum úr hættu. Styður álit Eiríks Guðmundssonar vélvirkja þessa skoðun. Er og ætlandi, að þess hafi verið kostur, ef nauðsyn krafði, að varpa akkerum og draga þannig úr reki bátsins eða stöðva það með öllu. Þá var vindátt því eigi til fyrirstöðu, að unnt hefði verið að sigla bátnum inn með ströndinni, en ætla má samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, að lögskipaður seglbúnaður hafi verið fyrir hendi í bátnum.

Að þessu athuguðu telst hjálp sú, er m/b Vonin, KE 2, veitti m/b Brimi, KE 104, ekki hafa verið björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Þykir þóknun fyrir aðstoð þessa hæfilega ákveðin kr. 100.000.00, og ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 13. marz 1968 til greiðsludags.

Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Sæmundsson, greiði stefndu, Ægi h/f og áhöfn m/b Vonarinnar, KE 2, kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 13. marz 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 25. október 1971.

Mál þetta, sem þingfest var 20. marz 1970 og dómtekið 5. þ. m., hefur Gunnlaugur Karlsson, Hólabraut 7, Keflavík, f. h. stjórnar Ægis h/f, Keflavík, sem eiganda Vonarinnar, KE 2, og vegna áhafnar sama skips höfðað með stefnu, birtri 11. marz s.l., gegn Jóni Sæmundssyni, Smáratúni 36, Keflavík, sem eiganda og útgerðarmanni m/b Brimis, KE 104, og gegn Tryggingamiðstöðinni h/f, Reykjavík, til réttargæzlu.

1. Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða kr. 1.000.000.00 í björgunarlaun auk 7% ársvaxta frá 13. marz 1968 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi hefur gert þær kröfur, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og að hjálp sú, er skipi hans var veitt, verði talin aðstoð, en ekki björgun. Jafnframt er þess krafizt af hálfu stefnda, að málskostnaður verði felldur niður.

2. Málavextir.

Miðvikudaginn 13. marz 1968 var m/b Brimir, KE 104, á leið út frá Keflavík. Er skipið var statt á móts við svokallaðan Gerðhólma kl. 1005, stöðvaðist aðalvél skipsins, og var þá skipið 1.8 sjómílu frá landi. Eftir að aðalvélin stöðvaðist, voru skipverjar látnir gera legufæri tilbúin til notkunar.

Vélin var sett í gang, en gekk aðeins stutta stund, eða eina til tvær mínútur. Um það bil 15—20 mínútum eftir að vélin stöðvaðist, bað skipstjóri m/b Brimis skipstjóra Vonarinnar, KE 2, að draga Brimi til Keflavíkur, en Vonin, KE 2, var þá á leið inn til Keflavíkur með afla. Var skipstjóri Vonarinnar reiðubúinn að draga m/b Brimi til lands, ef á þyrfti að halda. Skömmu fyrir klukkan 1000 kom Vonin að Brimi, sem þá var um 1.5 sjómílu frá landi. Höfðu þá skipstjórnarmenn á Brimi margsett vélina í gang, en hún ekki gengið nema smástund í hvert sinn.

Var þá gengið frá dráttarvír milli skipanna, og gekk það vel. Dró Vonin síðan Brimi til hafnar í Keflavík, og voru skipin komin þangað um kl. 1315.

Er í land var komið, var leitt í ljós, að vélarbilunin stafaði af stíflu í olíukerfinu, en vélstjóra hafði ekki tekizt að finna orsök gangtregðunnar úti á sjó.

Er atburður þessi átti sér stað, var samkvæmt vottorði Veðurstofunnar vindur af NA 6 vindstig kl. 0800 og mest veðurhæð milli athugana 8 vindstig á Keflavíkurflugvelli, en kl. 1100 var vindur af ANA 5 vindstig og mest veðurhæð milli athugana 7 vindstig á sama stað. Frost var 5—7 gráður, en gott skyggni.

Sjópróf vegna atviks þessa fóru fram 24. maí 1968.

Kom þá fyrir réttinn skipstjóri Vonarinnar, KE 2, Torfi Agnar Jónsson, og sýndi þá í réttinum dagbók Vonarinnar og úrdrátt úr henni, en úrdrátturinn var svohljóðandi:

„Reykjanes þvert kl. 07.20. Þegar við vorum rétt komnir inn fyrir Garðskaga kl. 10.20 kallar m/b Brimir, KE 104, í okkur og biður um hjálp — okkur um aðstoð — vegna vélarbilunar, og er þá staddur um 1.5 sjóm. undan Garðinum (utan Gerðhólma). Tókum við Brimi í tog kl. 10.40 og drógum hann til Keflavíkur. Slepptum við Brimi kl. 13.15, þar sem skipverjar höfðu komið taug yfir í annað skip, sem lá við hafnargarðinn í Keflavík. Þess skal getið, að í veðurlýsingunni kl. 09.10 voru NA 7 vindstig og 7° frost á Keflavíkurflugvelli, og rak því Brimi í átt til lands. Landað 166.080 kg. af loðnu".

Skipstjórinn kvað skipstjórann á Brimi hafa kallað sig upp í talstöð og sagzt vera með bilaða vél. Hann kvað skipstjórann á Brimi fyrst hafa óskað eftir því, að Vonin héldi Brimi upp í vindinn og sæi um, að bátinn ræki ekki að landi, meðan reynt væri að gera við vélina. Hann kvað skipstjórann á Brimi síðan hafa beðið um, að báturinn yrði dreginn til hafnar, þegar viðgerð reyndist árangurslaus. Hann kvað það hafa gengið vel að koma taug á milli bátanna.

Skipstjóri Vonarinnar kvað vind hafa verið allhvassan af NA, eða 5 vindstig, og þungan sjó, þegar drátturinn hófst, en veður hafi farið lægjandi. Hann tók þó fram, að þrátt fyrir lægjandi veður teldi hann ólíklegt, að Brimir hefði getað lagzt við legufæri á þeim stað, þar sem Vonin tók Brimi í tog, vegna vinds og sjávar, en kvaðst vera ókunnugur straumum og botni á þessum slóðum.

Stýrimaðurinn á Brimi, KE 104, Jón Sigurður Jóhannesson, kom og fyrir rétt 24. maí 1968 og skýrði svo frá, að hann hefði verið ræstur semma morguns hinn 13. marz og verið beðinn að gera klárt til þess að láta ankeri falla. Hann kvað skipstjórann einnig hafa tjáð sér að hafa dráttarvír tilbúinn til að koma yfir í annan bát. Skömmu seinna hafi Vonin, KE 2, komið að þeim

og hafi tauginni verið komið yfir í Vonina og það gengið ágætlega. Hafi Vonin síðan dregið Brimi í höfn og hafi drátturinn gengið ágætlega.

Stýrimaðurinn kvað sig minna, að um 400 faðma vír hafi verið við bakborðsankerið, sem gert var klárt, og hafi verið einn eða tveir liðir á því. Kvað hann ekkert hafa verið því til fyrirstöðu að gera stjórnborðsankerið klárt líka, en það hafi ekki verið gert.

Í sama réttarhaldi kom og fyrir dóm 1. vélstjóri á Brimi, KE 104, greint sinn, Guðmundur Þór Jónsson.

Hann kvað þá skyndilega hafa orðið vara við gangtruflun greint sinn og hafi aðalvélin drepið á sér.

Hann kvað það hafa verið ljóst, að um bilun í olíuverkinu var að ræða og að langan tíma gæti tekið að finna það, sem að væri. Vélstjórinn sagði, að ekki hefði tekizt að finna orsök gangtregðunnar úti á sjó, en í ljós hafi komið við könnun í landi, að um stíflun í olíuverkinu var að ræða, eða nánar tiltekið í síum á báðum dælum, sem dæla olíunni úr tönkunum og inn á vélina. Hann sagði, að það hefði mátt laga þetta úti á sjó, en þeir vélstjórarnir hafi ekki verið búnir að átta sig á þessu á tímanum, frá því vélin fyrst drap á sér, þar til Vonin tók Brimi í tog.

Hann kvað stífluna hafa fundizt fljótlega, eftir að komið var í höfn, en við það verk hafi maður frá Dráttarbraut Keflavíkur aðstoðað þá vélstjórana. Kvað hann þá hafa farið út aftur um 2 klst., eftir að komið var í höfn, og hafi þá allt reynzt í lagi.

Aðrir komu ekki fyrir í sjóprófi þessu.

Eftir að málið hafði verið höfðað, fóru fram aðilja- og vitnaleiðslur í málinu, og kom þá fyrir dóminn sem vitni Eiríkur Guðmundsson vélvirki.

Vitnið minntist þess að hafa sem starfsmaður Dráttarbrautar Keflavíkur gert við bilun í m/b Brimi, KE 104, í marz 1968, eftir að m/b Vonin hafði dregið m/b Brimi til hafnar.

Vitnið minntist þess ekki, hver hefði beðið það að gera við það, sem í ólagi var.

Vitnið sagði, að sér hefði verið tjáð, að vél bátsins gengi ekki, en skipstjórnarmenn hefðu eigi vitað um orsakir gangtregðunnar.

Vitnið kveðst hafa byrjað á því að athuga, hvort vélin fengi brennsluolíu, og hafi þá komið í ljós, að sjór var í olíuverki aðalvélarinnar. Einnig hafi komið í ljós, að ekki hafði verið „tappað nægilega vel undan olíutönkum", og því hafi sjór komizt í olíuverkið og inn í vél.

Vitnið kvaðst hafa tappað öllum sjó af olíuverki, síum, leiðslum og tönkum og látið síðan dæla olíu inn á vélina á ný og reynt gangsetningu, og virtist þá allt vera í lagi.

Vitnið kvað það ekki hafa tekið lengri tíma en ca. 2 klukkustundir að gera við og prufukeyra vélina.

Vitnið sagði aðspurt, að bezt væri að gera við slíkar bilanir, þegar skipin eru ekki á hreyfingu.

Vitnið upplýsti, að vélstjóri bátsins hefði verið um borð, þegar vitnið gerði við bilunina, og hefði vélstjórinn eitthvað hjálpað til við þá viðgerð.

Aðspurt sagði vitnið, að bilanir sem þessar komi alloft fyrir. Þá upplýsti vitnið, að það viti til þess, að gert hafi verið við svona bilanir úti á rúmsjó.

Aðspurt sagði vitnið, að auðvelt væri að sjá, hvort sjór er í brennsluolíu, þar eð sjórinn skiljist alveg frá olíunni.

Sagði vitnið, að 1. vélstjórinn á Brimi væri lærður vélvirki, og kvaðst álíta, að hann hefði getað gert við bilunina af eigin rammleik, ef hann hefði áttað sig á því, hvað að var, enda ætti sérhver vélstjóri að geta gert við slíkar bilanir úti á sjó.

Vitnið kvaðst aðspurt álíta, að það hefði getað leiðbeint vélstjóra úti á sjó um viðgerð á bilun sem þessari um síma.

Þá kom fyrir réttinn stefndi, Jón Eyfjörð Sæmundsson.

Aðspurður kvaðst hann ekki minnast þess, að bátar hefðu legið við legufæri úti undir Gerðhólma í álandsvindi, en kvaðst engu að síður álíta, að örugglega hefði mátt leggjast þarna við ankeri, og að það hefði sjálfsagt verið gert, ef Vonina hefði ekki borið að á leið sinni til heimahafnar beggja bátanna.

Kvaðst hann hafa tekið þá ákvörðun að fá Vonina til þess að draga Brimi í heimahöfn, þar eð oft sé erfitt að gera við vélarbilanir úti á sjó og þeim hafi ekki verið ljóst, hvað að var.

Kvaðst stefndi hafa kallað upp m/b Vonina í talstöð, þegar hann varð þess var, að Vonin var að tilkynna komu sína til Keflavíkur. Hann kvaðst hafa beðið skipstjórann á Voninni að draga Brimi til Keflavíkur, ef ekki væri búið að koma vél bátsins í gang, þegar Vonina bæri að á leið sinni til hafnar. Kvað hann um 20 mínútur hafa liðið, frá því hann talaði við skipstjóra Vonarinnar, þar til Vonina bar að, en þá hafi skipstjórnarmenn á Brimi enn ekki verið búnir að finna bilunina. Kvaðst hann minnast þess, að vélstjóri Brimis hefði tjáð sér, að um einhverja bilun í olíuverkinu væri að ræða, en bilunin væri ófundin.

Tók stefndi fram, að aldrei hefði borið á góma milli sín og skipstjórans á Voninni, að Vonin héldi Brimi upp í vindinn, á meðan reynt væri að gera við.

Þá upplýsti hann, að seglbúnaður hefði verið um borð í Brimi og hefði sá búnaður reynzt í lagi, er báturinn var skoðaður í febrúar 1968.

Fleiri komu ekki fyrir rétt vegna máls þessa.

3. Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfu sína um björgunarlaun á því, að m/b Brimir hafi verið staddur í neyð, þegar skipstjóri Brimis bað um hjálp.

Skipið hafi verið vélarvana, vindur hafi verið allhvass NA og staðið á land og skipið ekki langt undan landi. Engar tilraunir hafi verið gerðar til að varpa ankerum og ekki líklegt, að hægt væri að leggjast við legufæri á þeim stað, er Brimir var.

Vélstjórar hafi séð, að um bilun í olíuverkinu hafi verið að ræða, en langan tíma gæti tekið að finna það, er að væri. Þeim hafi eigi heldur tekizt að gera við bilunina úti á sjó.

Stefnandi telur því ljóst, að yfir skipinu hafi vofað bráð hætta og eina leiðin til að forðast hana hafi verið að fá hjálp, eins og gert hafi verið.

Stefnandi telur hina umstefndu fjárhæð hæfileg björgunarlaun sér til handa.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Brimir hafi aldrei verið í neinni hættu, er vélin stöðvaðist.

Legufæri hafi verið til taks og svæði það, er báturinn hafi verið staddur á, sé gott legusvæði. Um 40 mínútur hafi liðið, frá því vél Brimis stöðvaðist og þar til Vonin kom, og Brimir hafði þá aðeins rekið 0.3 sjómílur.

Stefndi telur fullvíst, að skipverjar hefðu getað komið vélinni í lag af eigin rammleik og hægt hefði verið að fá upplýsingar úr landi um vélarbilunina og viðgerð hennar. Af þessu sé ljóst, að eigi hafi verið um björgun að ræða, heldur einungis aðstoð, sem stefnda beri aðeins að greiða hæfilega þóknun fyrir.

4. Álit dómsins.

M/b Brimir var, svo sem áður hefur verið sagt, staddur 1.5 sjómílu frá landi með óvirka vél í 5—7 vindstiga álandsvindi og nokkrum sjó. Vélstjórar m/b Brimis gátu ekki fundið orsök vélarbilunarinnar né lagfært hana, sbr. framburð vélstjóra hér að framan.

Engin tilraun var gerð af hálfu skipstjórnarmanna á Brimi til að varpa ankerum, þó þau væru til taks.

Af framanrituðu leiðir, að það er álit dómsins, að m/b Brimir hafi verið staddur í neyð, þegar m/b Vonin veitti honum hjálp sína, og hafi því verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna.

Frafa stefnanda er um greiðslu á kr. 1.000.000.00 í björgunarlaun, en upplýst er, að vátryggingarverð Brimis var kr. 9.6000.000.00 kaskótrygging og kr. 2.400.000.00 interessutrygging, er björgunin var framkvæmd.

Þegar tekið er tillit til þess, hve björgunin tók stuttan tíma og var tiltölulega áhættulítil, þá þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 600.000.00.

Málskostnaður ákveðst kr. 75.000.00.

Dóm þennan kvað upp Jón Eysteinsson ásamt meðdómsmönnum Ragnari Björnssyni skipstjóra og Höskuldi Þórðarsyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Sæmundsson, eigandi Brimis, KE 104, greiði stefnanda, Gunnlaugi Karlssyni f. h. Ægis h/f og áhafnar Vonarinnar, KE 2, kr. 600.000.00 með 7% ársvvöxtum frá 13. marz 1968 til greiðsludags og kr. 75.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Þriðjudaginn 20. júní 1972.

Nr. 104/1970. **Kristján Pétursson**
gegn
Sigurði Þ. Guðjónssyni
og Sigurður Þ. Guðjónsson
gegn
Kristjáni Pétursyni og
Þvottahúsinu Eimi s/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 57/1962, að veita aðiljum færi á því að afla gagna um heilsuhagi gagnáfrýjanda nú og þar á meðal nýs örorkumats.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra gagna.

Þriðjudaginn 20. júní 1972.

Nr. 81/1971. **Runólfur Eyjólfsson** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Jóni Pálssyni og gagnsök
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Verklaun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. júní 1971. Krefst hann sýku af kröfum gagnáfrýjanda og

málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst gagnáfrýjandi þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 46.460.92 með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur gagnáfrýjandi, börn aðaláfrýjanda og nokkur vitni komið fyrir dóm og gefið skýrslur.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti viðurkennir aðaláfrýjandi kröfur gagnáfrýjanda, samtals kr. 46.460.92, að frádreginni kröfu vegna vinnu við handlöngun, kr. 8.728.28, svo og reikningi vegna timburkaupa, kr. 4.088.50.

Aðaláfrýjandi hefur ekki hnekkt þeirri fullyrðingu gagnáfrýjanda, að hann hafi látið í té vinnu við handlöngun, enda eru skýrslur aðaláfrýjanda um þetta atriði mjög óljósar. Kemur því fjárhæðin kr. 8.728.28 eigi til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda.

Reikningur sá yfir timbur, sem hér um ræðir, er ódagsettur, en ársettur 1967. Hins vegar var timbur það, sem hér um ræðir, notað í steypumót að sökklum hússins um haustið 1966. Í greinargerð lögmanns gagnáfrýjanda í héraði segir svo: „Kostnað við bygginguna fram að áramótum 1966—67 hefur stefndi gert upp við umbj. m.“. Með þessari afdráttarlausu málflutningsyfirlýsingu hefur gagnáfrýjandi firrt sig rétti til að heimta kröfu þessa úr hendi aðaláfrýjanda.

Þá hefur aðaláfrýjandi borið fram skaðabótakröfur til skuldajafnaðar:

1. Bætur vegna skekkju á innvegjum ..... kr. 2.200.00
2. Bætur vegna galla á þaki ..... — 13.550.00
3. Bætur vegna galla á neðri brún gólfplötu .. — 6.850.00
4. Bætur vegna galla á sökklum bifreiðargeymslu ..... — 13.400.00

Um 1. Fallast má á rök héraðsdóms um þennan kröfulið, og kemur hann því til frádráttar kröfum gagáfrýjanda.

Um 2. Starfsmenn gagnáfrýjanda smíðuðu svonefnda „þakstóla“ og byrjuðu á því að klæða þakið. Steindór Berg Gunnarsson trésmíðasveinn hefur skýrt svo frá, að hann og annar smiður hafi unnið að þakklæðningunni um helgi, en ekki lokið því verki á sunnudeginum. Þeir hafi vitað, að slöður var í þakinu, og því ætlað að setja fleyga undir stólana, en af því hafi ekki orðið, þar sem þeir hafi ekki haft fleyga né vélsög til að smíða þá. Næsta dag hafi þeir farið að vinna önnur verk og aldrei lokið að klæða þakið, enda aldrei verið beðnir um það. Þeir hafi átt að ljúka því verki um greinda helgi, en af því ekki orðið, „enda takmarkaður áhuginn, því það voru aldrei neinir aurar“.

Gagnáfrýjandi ber fébótaábyrgð á mistökum þeim, sem urðu við gerð fyrrgreindra „þakstóla“, enda hlutaðist hann ekki til um, að þeir væru lagfærðir. Samkvæmt þessu ber að taka þennan kröfulið til frádráttar kröfum gagnáfrýjanda, en fjárhæð hans hefur ekki sætt andmælum.

Um 3. Galli sá, sem hér um ræðir, getur ekki valdið tjóni, þar sem eigi er heimilt að nota rými undir gólfplötu þessari. Verður þessi kröfuliður því eigi til greina tekinn.

Um 4. Með skírskotun til þess, sem um þennan lið segir í forsendum héraðsdóms, verður hann ekki tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda alls kr. 26.622.42 (kr. 46.460.92 ÷ 4.088.50 ÷ 2.200.00 ÷ 13.550.00) með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Runólfur Eyjólfsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Pálssyni, kr. 26.622.42 með 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. marz 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. marz s.l., hefur Jón Pálsson byggingameistari, Borgarholtsbraut 54, Kópavogi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. október 1967, gegn Runólfi Eyjólfssyni, Kleppsvegi 22, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 46.460.92 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni þannig, að hann krafðist 8% ársvaxta af stefnufjárhæð sama tíma.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, þ. á m. matskostnaðar úr hendi stefnanda.

Ítarlegar sáttatilraunir hafa verið reyndar, en án árangurs.

Málavöxtum er þannig lýst af hálfu stefnanda, að hann hafi tekið að sér að vera trésmíðameistari að húsi stefnda nr. 1 við Vorsabæ hér í borg. Byggingarframkvæmdir hafi byrjað haustið 1966. Kostnað við bygginguna fram að áramótum 1966/1967 hafi stefndi gert upp við stefnanda. Hins vegar skuldi stefndi stefnanda fyrir efni og vinnu tímabilið apríl—maí 1967. Heildarfjárhæðin, sem stefnandi hafi unnið fyrir, nemi kr. 82.460.92, er sundurliðast þannig:

1) Kr. 57.996.29 samkvæmt uppmælingu, dagsettri 7. marz 1967.
2) Kr. 18.149.89 samkvæmt uppmælingu, dagsettri 28. apríl 1967.
3) Kr. 2.226.24 samkvæmt kaupskrá.
4) Kr. 4.088.50 samkvæmt efnisreikningi.

Stefndi sé búinn að greiða kr. 30.000.00 í peningum og enn fremur dragist frá heildarfjárhæðinni kr. 6.000.00, sem séu bætur, er stefnda hafi verið úrskurðaðar samkvæmt félagsmati. Eftir standi þá stefnufjárhæðin, kr. 46.460.92, sem ekki hafi fengizt greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Niðurstöðufjárhæð framlagðrar uppmælingar, dags. 7. marz 1967, er kr. 36.372.89, en niðurstöðufjárhæð framlagðrar uppmælingar, dags. 28. apríl 1967, er kr. 13.665.67. Fyrrnefndu uppmælinguna kveður stefnandi vera fyrir mótauppslátt á veggjum hússins, og hefur stefnandi lagt fram heildarreikning fyrir það verk á dskj. nr. 5, svohljóðandi:

„Helga Runólfsdóttir, I. hæð.
Reikningur afrit.
1967
Marz An.

Uppmæling	kr. 36.372.89
handlöngun 20%	— 7.274.40
sjúkrasjóðsgjald 1%	— 436.00
slysa og atvinnutrgj. 2½%	— 1.075.00
lífeyrissjóðsgjald	— 512.00
meistaraálag 20%	— 8.600.00
endurskoðun	— 727.00
ferðir og fæði 24 daga, 125.00	— 3.000.00
	Kr. 57.996.29
innborgað	— 30.000.00
Greitt	kr. 27.996.29“.

Síðarnefndu uppmælinguna kveður stefnandi vera fyrir þak hússins, og hefur hann lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir það verk á dskj. nr. 6, svohljóðandi:

„Helga Runólfsdóttir, Vorsabæ 1 (þak).
Reikningur frá Jóni Pálssyni, sími 40985.
1967 afrit
Júní An.

Uppmæling nr. 623	kr. 13.665.67
sjúkrasjóðsgj. 1%	— 136.60
slysa og atvinnutrgj. 2½%	— 341.62
meistaraálag 20%	— 2.733.00
endurskoðun	— 273.00
ferðir og fæði 8 daga, 125.00	— 1.000.00
	Kr. 18.149.89“.

Til stuðnings þriðja lið í ofannefndri kröfugerð hefur stefnandi lagt fram dskj. nr. 7, sem er kaupskrá yfir vinnu tveggja manna, Steindórs Gunnarssonar og Kristjáns Jónssonar, við klæðningu á þaki að Vorsabæ 1 27. maí—28. maí 1967. Í kaupskránni stendur, að hvor þessara manna hafi unnið 4 tíma laugardaginn 27. maí og aðra 4 tíma sunnudaginn 28. maí, eða samtals 8 klukku-

stundir, hver á kr. 139.14, er geri samtals fjárhæðina kr. 2.226.24.

Ofangreindur efnisreikningur, sbr. 4. lið í kröfugerð stefnanda, er svohljóðandi:

„Reikningur
Hr. Jón Pálsson, Borgarholtsbraut 54.
1967 v/Vorsabær 1.
An. Mótatimbur.

30 st.	6″	3 fet	=	90'	3/25	kr.	292.50
70 –	–	6 –	=	420	—	—	1.365.00
38 –	–	8 –	=	304	—	—	988.00
9 –	–	8 –	=	72	—	—	234.00
17 –	–	18 –	=	306	—	—	994.50
6 –	–	11 –	=	66	—	—	214.50

Samtals kr. 4.088.50

Gr. Bergsteinn Jónsson".

Varðandi ofangreindar innborganir hefur stefnandi vísað til dskj. nr. 33—35 (incl.), sem eru kvittanir frá stefnanda málsins, dags. 24. febrúar 1967, 3. marz 1967 og 10. marz 1967, allar eins orðaðar og þess efnis, að Helga Runólfsdóttir hafi greitt inn á uppslátt á I. hæð að Vorsabæ 1 kr. 10.000.00.

Frádráttarliður stefnanda að fjárhæð kr. 6.000.00, er byggist á gæðamati á dskj. nr. 11, fæst þannig, að stefnandi dregur frá 1.000.00 kr. hærri fjárhæð en niðurstaða þess mats segir til um. Þetta gæðamat er svohljóðandi:

„Gæðamat.

Þann 24/4 1967 undirrituðu þau Helga Runólfsdóttir og Jón Pálsson húsasmíðameistari beiðni um Gæðamat á vinnu við húsið Vorsabæ 1 hér í borg.

Beiðnin hljóðar svo: Óskum eftir því við matsmenn Meistarafélags húsasmiða og Trésmiðafélags Reykjavíkur, að þeir framkvæmi mat á húsinu no 1 við Vorsabæ hér í borg.

Húsbyggjandi bendir matsmönnum sérstaklega á loftplötu, bungu á vegg og einar dyr og glugga samsett.

Báðir aðilar skuldbinda sig til að hlýta dómi matsmanna og undirrituðu það til staðfestingar.

Jón Pálsson var trésmíðameistari á þessu húsi, en Helga talin eigandi eða verkkaupi.

Þann 27/4 1967 fórum við undirritaðir matsmenn á staðinn

og kynntum okkur og skoðuðum þá meintu galla, sem beðið var um mat á.

Einnig mættu þau Helga Runólfsdóttir og Jón Pálsson og gáfu upplýsingar.

Matsmenn hafa kynnt sér þetta mál all náið, bæði hjá skrifstofu byggingarfulltrúa Reykjavíkur og tveimur verkfræðingum, þar sem þetta mat getur bæði snúizt um burðarþol og byggingarleyfi á húsrými.

Byggjum við því niðurstöður okkar með tilliti til þess, að ekki hefur verið leyfður kjallari undir húsið, og sig það, sem komið hefur á gólfplötur, þegar steypt var, muni ekki hafa áhrif á burðarþolið. Það er álit matsmanna, að kostnaður við að lagfæra þá galla, sem beðið er um mat á, ásamt aukinni steypu í gólfplötu, sé hæfilega metinn á kr. 5.000.00 — fimm þúsund krónur.

Reykjavík, 11-6-1967.

Kristinn Sigurjónsson Ásbjörn Pálsson".

Stefnandi hefur gefið skýrslu fyrir rétti. Í þinghaldi þann 9. október 1968 lýsti lögmaður stefnda því yfir, að umbjóðandi hans, sem væri á tíræðisaldri, treysti sér ekki til að mæta fyrir rétti sakir ellilasleika. Skýrslu fyrir rétti hafa hins vegar gefið börn stefnda, þau Kristján Runólfur og Helga Pálína, sem hafa verið í fyrirsvari fyrir stefnda, og í þinghaldi þann 20. febrúar 1970 lýsti lögmaður stefnda því yfir vegna yfirskrifta ýmissa skjala í málinu, að aðild stefnda Runólfs Eyjólfssonar væri fullkomlega viðurkennd í málinu.

Kristján Runólfur hefur fyrir dómi staðfest greinargerð stefnda, sem að efni til er bréf, sem Helga Pálína, systir hans, hefur fyrir dómi sagzt hafa sent lögmanni stefnda í málinu. Bréf þetta er uppistaðan í greinargerð stefnda á dskj. nr. 10, og kallar lögmaður stefnda bréfið aðiljaskýrslu stefnda. Hún er svohljóðandi:

„Samkvæmt bréfi yðar, dags. 26. 10. þ. m., vil ég taka þetta fram:

Ég tel ekki rétt að greiða Jóni Pálssyni fyrir handlöngun á hæð, þar sem okkur samdist um, að við gerðum hana sjálf, og vorum við aðallega þrjú í henni. Einnig fer ég fram á, að meistaralaun til Jóns verði lækkuð verulega vegna hans svika við bygginguna og lélegrar vinnu. Eru svikin aðallega þau, að ekki var settur flokkur í uppsláttinn, eins og um var talað, og síðan eftir umtali við Jón að hætta við verkið, vegna þess að fyrir-

sjáanlegt var, að ekki yrði fokhelt fyrir 15. marz s.l. með slíkri frammistöðu. Sagðist Jón geta útvegað tiltekið vottorð frá byggingarfulltrúa, án þess að húsið yrði fokhelt að fullu, en einangrun og allt efni í þakið yrði að vera á staðnum, en þegar til kom, fékk hann ekki vottorðið, aðeins vottorð, sem sýndi, hvenær hæðin var steypt. Það vottorð nægir ekki til að fá lánið út á húsið fokhelt á tilteknum tíma. Þar sem þessi svik hafa orðið okkur mjög erfið fjárhagslega, er við misstum af láninu, sem eru 340.000.00 alls og greiðist í tvennu lagi, allt á þessu ári, vildi ég, að þau yrðu tekin til greina og metin.

Varðandi þakklæðninguna samdist okkur, að hún yrði gerð í tímavinnu, ekki í helgidagavinnu, vegna þess að við ætluðum að aðstoða við verkið, t. d. leggja plasteinangrunina að mestu leyti, síðan pappann sjálf og járnið, en aðeins klæðningin með pappa nægði til að fá tiltekið vottorð. Síðan sveik Jón að ganga frá klæðningunni, og lenti ég í miklum erfiðleikum að fá menn í verkið, enginn virtist þora að taka að sér hálfklárað verk. Að síðustu fékk ég mann til að leiðbeina okkur með verkið, svo vottorðið fengist; vil ég einnig, að þessi svik séu metin, eins ef skakkir veggir eru í húsinu og ef vatnsrennsli er undir kjallaraveggina. Ekki get ég séð, að umrætt timbur hafi komið í bygginguna. Það skal tekið fram, að Jón tók timbur út úr verzl. í minn reikn. í leyfisleysi, þegar um nokkrar fjalir var að ræða, en meiningin hjá mér var að ná í notað timbur hjá mági mínum, mér að kostnaðarlausu, eða lánað úr nágrenninu. Þetta skeði í nóv. í fyrra, en í sumar, þegar Jón er hættur að vinna í húsinu, rukkar hann þetta í síma, og sagðist ég þá vilja sjá reikninginn".

Stefnandi sagði fyrir dómi, að Helga hefði farið þess á leit við sig síðast í febrúar 1967, að húsið yrði fokhelt fyrir 15. marz þ. á., er umsóknarfrestur um lán frá Húsnæðismálastjórn rennur út, en hann hafi aldrei lofað því. Hins vegar hafi hann sagt Helgu, að unnt væri að ljúka verkinu, ef nægur mannskapur væri settur í það. Helga hafi ekki getað greitt slíkum vinnuflokki laun og þess vegna hafi hann ekki verið settur í verkið. Stefnandi tók fram, að ekki sé nauðsynlegt, að hús sé fokhelt þegar sótt sé um framangreint lán.

Stefnandi sagði, að áður en þakklæðningin hófst, hafi hann gert Helgu ljóst, að hann mundi láta menn sína hætta verkinu, ef vinnulaunagreiðslur fengjust ekki. Sagði stefnandi, að smiðirnir, sem unnu við klæðninguna, hafi verið bundnir í öðru verki og því hafi ekki verið hægt að fá þá til að vinna þetta verk nema

um helgi. Hafi hann gert Helgu þetta ljóst og hafi hún ekkert haft við það að athuga, að verkið væri unnið í helgidagavinnu.

Þá sagði stefnandi, að Helga hefði beðið hann að útvega notað timbur, þegar verið var að slá upp fyrir kjallaranum, og hafi hann sagt henni, að hann gæti útvegað það í nálægu húsi. Hafi smiðirnir sjálfir farið þangað og sótt timbrið á bíl hans.

Stefnandi sagði og, að Helga hefði beðið hann að taka út timbur í Byggingavöruverzlun Kópavogs, þegar hann teldi þess þurfa með, en hún hefði haft reikningsviðskipti þar.

Áðurnefnd Helga Pálína sagði fyrir dómi, að hún ein hefði beðið stefnanda að vera meistara að umræddri húsbyggingu. Ekki hafi verið gerður neinn skriflegur verksamningur. Stefnandi hafi skrifað upp á teikninguna sem meistari að húsinu. Hún hafi beðið stefnanda að ljúka húsinu fokheldu. Það hafi ekki verið fyrr en síðar, að hún hafi beðið stefnanda að ljúka húsinu fyrir 15. marz og hafi stefnandi sagzt geta útvegað vottorð það, sem áður er getið. Stefnandi hafi lofað að gera húsið fokhelt fyrir 15. marz 1967 og að það mundi takast, ef hann setti vinnuflokk í verkið, en það hafi hann ekki gert.

Helga sagði, að Jón hefði ekki minnzt á, hvort hún gæti greitt vinnulaun fyrir vinnuflokk, og tók fram, að vinnumenn hafi reglulega fengið laun sín greidd.

Helga sagði, að hún hefði hætt að borga stefnanda og verkamönnum hans, þegar hann hafi ekki verið búinn að gera húsið fokhelt þann 15. marz og ljóst hafi verið, að hann útvegaði ekki umrætt vottorð. Helga sagðist ekki minnast þess, að staðið hafi á greiðslum til verkamanna við húsið fyrir 15. marz 1967.

Helga fullyrti, að hún hefði neitað því, að þakklæðningin yrði unnin í helgidagavinnu, því að helgidagavinnukaup gæti hún ekki greitt, en hún kannaðist við, að stefnandi hafi sagt, að menn hans væru bundnir í öðru verki. Helga sagðist ekki hafa mótmælt því, að verkið væri unnið um helgi, enda hafi hún búizt við, að verkið yrði unnið á dagvinnukaupi.

Helga kannaðist ekki við, að hið notaða timbur, sem stefnandi minntist á í framburði sínum, hafi nokkurn tíma komið í húsið. Hins vegar hafi stefnandi tekið timbur út úr búð fyrir kr. 1.500.00.

Stefnandi og Helga og Kristján voru samprófuð fyrir réttinum.

Vitnið Steindór Berg Gunnarsson, sveinn í trésmíði, sagðist hafa unnið við þakklæðningu að Vorsabæ 1 um helgi, en hann

hafi unnið hjá stefnanda við allan uppslátt á húsinu. Sagði vitnið, að það og annar smiður, Kristján Jónsson, hafi unnið við þakklæðningu umræddda helgi, en þeir hafi ekki verið búnir að klæða allt þakið á sunnudeginum. Þeir hafi vitað, að slöður hafi verið í þakinu, en ekki verið búnir að fleyga undir stólana, sem þeir þó hafi ætlað að gera, en ekki haft neina fleyga til þess. Þeir hafi svo á mánudag þurft að fara í annað verk, sem þeir hafi verið að vinna að, en einhvern tíma seinna hafi þeir átt leið þarna fram hjá og séð, að búið hafi verið að klæða þakið. Vitnið sagði, að þeir Kristján hafi aldrei verið beðnir um að klára að klæða þakið eftir þessa helgi. Þeir hafi raunar átt að reyna að klára að klæða þakið þessa helgi, en ekki verið búnir að því á sunnudeginum, enda hafi áhuginn verið takmarkaður, því að treglega hafi gengið að fá greidd vinnulaun.

Með beiðni til bæjarþings Reykjavíkur, dags. 24. marz 1970, óskaði lögmaður stefnda eftir því, að dómkvaddir yrðu þrír menn til þess að meta yfirmati til fjár þá galla, sem um væri fjallað í beiðni um dómkvaðningu undirmatsmanna. Sú beiðni er dagsett 10. október 1968, og í henni er þess farið á leit við bæjarþing Reykjavíkur, að dómkvaddir verði tveir hæfir óvilhallir menn til að skoða húseignina nr. 1 við Vorsabæ í Reykjavík og meta til fjár, hvað kosta muni fullkomin viðgerð á þeim göllum, sem raktir séu á skjali, sem beiðninni fylgdi, svo og bætur fyrir það tjón, sem tilgreint sé í sama skjali. Þetta skjal hefur verið lagt fram í málinu, þingmerkt nr. 12. Er það bréf eða skýrsla áðurnefnds Kristjáns Runólfs til lögmanns stefnda, dags. 7. október 1968. Meginmál þess er þannig orðrétt:

„Eftirfarandi kröfur geri ég undirritaður fyrir hönd húseigenda að Vorsabæ 1 til viðbótar og samkvæmt kröfum Helgu Runólfsdóttur, systur minnar, á Jón Pálsson, Kópavogi:

Að hann leiðrétti reikninga sína, eftir því sem í ljós kemur við vitnaleiðslur, að réttmætt sé.

Að hann bæti allar skemmdir, sem hann hefir látið vinna á húsinu, t. d. að skekkjur og skál í þaki verði lagfært á Jóns kostnað af húsameistara, sem ég get fengið til þess, en til að lagfæra þetta þarf að rífa þakið af, og fer þá eitthvað af efni til spillis.

Að hann greiði öll aukaáköst utan húss og innan samkvæmt reikningi frá múrarameistara, sem ég hefi fengið til að lagfæra skekkjur og bungur, um leið og húsið er pússað.

Að metin verði tjón á gluggum, sem eru úr lóði og úr vinkli,

bætur fyrir skekkju á stofu, ca. 6.5 cm, sem ekki er búið að meta, enn fremur skekkju á kjallaralofti, sem minnkar lofthæð í kjallara, en kjallari bíður samþykktar byggingarfulltrúa n. k. fimmtudag.

Enn fremur að Jón Pálsson endurgreiði húseigendum meistaraálag sitt, þar sem hann hefir sýnt, að hann var ekki vandanum vaxinn og hefir bakað húseigendum fjárhagslegt tjón, þar sem byggingin hefir dregizt um eitt ár, og fer ég fram á, að það tjón verði metið til peninga. En Jón Pálsson sveikst um að gera húsið fokhelt fyrir þann tíma, sem húsnæðismálastjórn tiltekur, en kom með vottorð frá byggingarfulltrúa um, hvenær loftplata var steypt, og voru þá allar greiðslur til hans stöðvaðar frá okkar hendi. Einnig krefst ég bóta fyrir sökkla undir bílskúr, sem hafa sprungið í frostum, vegna þess að svik Jóns hafa dregið framkvæmdir allar um eitt ár. Skorsteinn yfir arineldi allur skakkur innan og gat inn í svefnherbergi".

Undirmatsmenn vísa til þessa skjals í matsgerð sinni, sem dagsett er 16. júní 1969 og hefur verið lögð fram í málinu sem dskj. nr. 15.

Á bæjarþingi 25. marz 1970 dómkvaddi Emil Ágústsson borgardómari þá Diðrik Helgason múrarameistara, dr. Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðing og Indriða Níelsson húsasmíðameistara til að framkvæma yfirmat samkvæmt framansögðu (matsmál nr. 28/1970). Yfirmatsgerðin er dagsett 20. júlí 1970 og hefur verið lögð fram í málinu sem dskj. nr. 39. Niðurstöður matsmanna eru samkvæmt yfirmatsgerðinni svohljóðandi:

„Skoðun fór fram fimmtudaginn 16. júlí 1970. Skoðunarfundur hófst kl. 17:30, og voru þá mættir Jón Pálsson, húsasmíðameistari, Runólfur Eyjólfsson, þjónn, Ingi Ingimundarson, hrl., Diðrik Helgason og dr. Ragnar Ingimarsson. Sökum forfalla eins matsmanna, Indriða Níelssonar, var boðað til nýs fundar kl. 22:00 sama dag, og mætti þá Jón Pálsson, Runólfur Eyjólfsson auk undirritaðra matsmanna.

Lesin var dómkvaðning og matsbeiðni.

Húseignin var skoðuð og téðir gallar athugaðir í viðurvist aðilja, sem gáfu matsmönnum umbeðnar upplýsingar viðvíkjandi göllum. Gallar þeir, sem um ræðir, eru nefndir í fyrrnefndu dskj. nr. 12 svo og matsgjörð undirmatsmanna.

Niðurstöður matsmanna eru eftirfarandi:

1. Matsmenn skoðuðu skekkjur á innveggjum, eins og nánar er getið í beiðninni, og hafa þær verið teknar til mats.

2. Athugun leiddi í ljós, að hvilft er á þakinu, og þarfnast

það því afréttingar. Nauðsynlegt er að opna þakið að hluta, fleyga undir stóla og jafna sperrur. Reiknað er með rýrnun efnis að hluta, og er tekið tillit til þess í mati þessu.

3. Skekkjur í gluggum teljum við það óverulegar, að þær verða ekki teknar til mats.

4. Samkvæmt upplýsingum núverandi eiganda, Kristjáns Runólfssonar, hefur kjallararými ekki fengizt samþykkt af Byggingarnefnd Reykjavíkur, og verða lýti á neðri brún gólfplötu fyrstu hæðar ekki tekin til mats.

5. Við teljum tvær ástæður fyrir skemmdum bílskúrssökkla, annarsvegar þá, að austari hluti sökklanna er of grunnur, og hinsvegar, að ekki hefur verið fyllt að þeim fyrir vetrarfrost.

Viðgerð krefst þess, að sá hluti sökklanna, sem hefur lyfzt, verði brotinn upp, grafið verði dýpra niður og sökklarnir endursteyptir. Þessi viðgerð hefur verið tekin til mats.

Aðra liði, sem getið er í matsbeiðni, metum við ekki til peningaverðs.

Lið 1 teljum við hæfilega metinn:
samtals kr. 2.200.00

Lið 2 teljum við hæfilega metinn:
efni kr. 3.550.00
vinna — 10.000.00 samtals kr. 13.550.00

Lið 5 teljum við hæfilega metinn:
efni kr. 5.800.00
vinna — 7.600.00 samtals kr. 13.400.00

Liðir 1, 2 og 5 samtals kr. 29.150.00
Ófyrirséð 10% kr. 2.915.00

Heildarupphæð mats: Samtals kr. 32.065.00".

Yfirmatsmenn hafa leiðrétt, að það hafi verið Kristján Runólfur, en ekki stefndi sjálfur, sem viðstaddur var skoðunina.

Í þinghaldi 16. október 1970 lýsti lögmaður stefnda því yfir, að hann teldi yfirmatsmennina ekki hafa lokið yfirmatinu, og skoraði hann á þá að gera það. Yfirmatsmennirnir lýstu því yfir, að þeir teldu sig hafa lokið matinu. Sagðist þá lögmaður stefnda krefjast úrskurðar matsdómara um það, hvort yfirmatsmönnum væri skylt að verða við kröfu hans. Ástæðan fyrir kröfu lögmanns stefnda var sú, að í áðurnefndri yfirmatsgerð sagði um 3. og 4. tölulið hennar, að meintir gallar og/eða lýti yrðu ekki tekin

til mats. Þá sagði einnig í matsgerðinni, að aðrir liðir, sem getið væri í matsbeiðninni, væru ekki metnir til peningaverðs.

Fyrir tilmæli matsdómara framkvæmdu yfirmatsmenn svokallaða viðbótarmatsgerð, sem lögð hefur verið fram í málinu. Varðandi hina umdeildu töluliði í yfirmatsgerðinni segir svo í nefndri viðbótarmatsgerð orðrétt:

„Í 3. lið yfirmatsgerðar segir: „Skekkjur í gluggum teljum við það óverulegar, að þær verða ekki teknar til mats".

Orðalag þessarar greinar kann að vera óheppilegt og geta valdið misskilningi. Meintir gallar voru vissulega metnir og mat yfirmatsmanna var samhljóða mati undirmatsmanna, þ. e. að skekkjur í gluggum væru eigi stórvægilegri en svo, að þær mundu ekki valda húseigendum neinum aukakostnaði við lúkningu innréttinga né verða orsök útlitsgalla, sem rýrt gæti eignina.

Við skoðun hinn 20. janúar 1971 var stofugluggi mældur og skoðaður sérstaklega eftir ábendingum Kristjáns Runólfssonar. Glugginn er rétt um 5 metrar á lengd. Snúra var strengd eftir efri brún gluggans, og var ekki að sjá nein frávik milli gluggans og snúrunnar. Þegar snúran var strengd eftir neðri brún gluggans, reyndist frávik milli snúrunnar og gluggans vera 14 mm, þar sem það var mest. Mælingar í lóðréttum stykkjum gluggans sýndu, að ekki var um hornskekkjur á glugganum að ræða, en hliðarstykki bungaði örlítið inn. Þessar niðurstöður voru í samræmi við þær niðurstöður, sem matsmenn höfðu komizt að við fyrri skoðun og niðurstöður matsupphæðar þessa liðar því hin sama og áður, eða kr. 0 — núll krónur.

Í 4. lið yfirmatsgerðar segir: „Samkvæmt upplýsingum núverandi eiganda, Kristjáns Runólfssonar, hefur kjallararými ekki fengizt samþykkt af Byggingarnefnd Reykjavíkur og verða lýti á neðri brún gólfplötu fyrstu hæðar ekki tekin til mats".

Hér skal aftur tekið fram, að orðalag síðustu setningar kann að vera óheppilegt og geta valdið misskilningi. Við skoðun 16. júlí 1970 kom það fram, að gólf hafði sigið, á meðan eða mjög fljótlega eftir að steypuvinna hafði farið fram. Orsök sigsins mun hafa verið sú, að undirsláttur bilaði og/eða of snemma var slegið undan gólfinu. Niðurstaða matsmanna var sú, að ekki væri nein ástæða til að ætla, að burði gólfsins væri áfátt sigsins vegna. Gert hafði verið við gólfið að ofan, þannig að það var slétt, en aukakostnað við gólflögn hafði verið samið um. Lokastig matsins var að meta, hvort sveigja sú, sem er í neðri brún gólfsins, gæti valdið húseiganda auknum kostnaði við frágang eignarinnar eða

hvort sveigjan í gólfinu væri útlitsgalli, sem rýrt gæti eignina. Til þess að meta þetta síðasta atriði var nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvers eðlis rými undir gólfplötunni er. Mat matsmanna að skoðun lokinni var, að rými undir gólfplötunni væri þess eðlis, að sveigja og/eða áferðargallar á neðri brún gólfplötunnar gætu vart orðið til að rýra eignina. Bent var á, að Byggingarnefnd Reykjavíkur hefði ekki samþykkt not þessa rýmis.

Við skoðun hinn 20. janúar 1971 var rými undir húsinu skoðað vandlega. Mælingar voru gerðar á því, hversu mikið neðri brún gólfplötu væri sigin, og reyndist sig vera mest um 6 cm undir miðju gólfi í suðurálmunni. Töluverð leðja var í botninum og ljóst, að vatn fór þar um. Benti Kristján matsmönnum á, að vatn kæmi undan sökklum og að nokkuð væri hrunið frá þeim. Við nánari athugun kom í ljós, að skólplagnir höfðu verið grafnar eftir á í botn kjallararýmis, sums staðar undir sökkla, en þess ekki gætt sem skyldi að fylla vel upp að sökkulveggjunum aftur. Virtist matsmönnum, að töluvert vantaði á, að nægur jarðvegur lægi að sökklum til að veita tryggingu gegn því, að ekki grafist undan þeim vegna jarðvatnsrennslis. Þá kom einnig í ljós, að mikið gat (dyragat) hafði verið brotið á sökkulvegg, sem liggur undir stofuálmu, svo og annað á sökkulvegg undir tröppum. Ekki greindu matsmenn neinar skemmdir, sem orðið hefðu sem afleiðing af ónógum frágangi kringum sökkla og röskun á burðargetu þeirra.

Með hliðsjón af athugasemdum, sem fram hafa komið um 4. lið í yfirmatsgerð, hafa matsmenn framkvæmt mat á því, hversu mikið muni kosta að gera neðri brún gólfplötu slétta með múrákasti. Niðurstaða matsins er sú, að þessi framkvæmd muni kosta kr. 6.850.00 — sex þúsund átta hundruð og fimmtíu krónur.

Varðandi athugasemd um setninguna „Aðra liði, sem getið er í matsbeiðni, metum við ekki til peningaverðs" skal eftirfarandi tekið fram. „Aðrir liðir" eiga einkum við meinta galla á frágangi endasperra í þaki, ójöfnur inni í reykháfi og hornskekkjur veggja.

Við skoðun 16. júlí 1970 komust matsmenn að þeirri niðurstöðu, að þessir meintu gallar hefðu annars vegar ekki við rök að styðjast og hins vegar væru svo smávægilegir, að þeir gætu á engan hátt valdið húseiganda auknum útgjöldum né rýrt verðmæti eignarinnar. Matsupphæð þessara liða varð því kr. 0 — núll krónur.

Við skoðun hinn 20. janúar 1971 voru hornskekkjur veggja

athugaðar á ný. Kristján benti sérstaklega á suðausturhorn hússins og suðurvegg og kvað hornskekkjur koma fram þar. Athugað var mjög gaumgæfilega, hversu miklar þessar skekkjur væru. Suðausturhornið reyndist gleitt inni, þannig að langhlið þríhyrnings, sem settur var út í horninu, varð 100.8 cm í stað 100.0 cm. Hér er um hverfandi skekkju að ræða, og þar eð veggir hafa þegar verið múrhúðaðir, varð ekkert ályktað um það, hvort skekkjan væri líka í steypta veggnum. Þar eð húsið hafði ekki verið múrhúðað að utan, var hornamæling endurtekin á suðurhliðinni, bæði við austur- og vesturhorn. Niðurstöður þessara athugana urðu þær, að bæði hornin væru sem næst hárrétt. Skoðun þessi leiddi því ekki í ljós neitt það, sem gefið gat tilefni til endurskoðunar fyrri ákvörðunar um „Aðra liði“.“

Allar matsgerðir í máli þessu hafa matsmenn staðfest fyrir dómi.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á uppmælingum verksins, kaupskrá og efnisreikningum. Stefnandi heldur því fram, að umræddum tveim uppmælingum hafi ekki verið hnekkt, enda séu þær endurskoðaðar og staðfestar af Meistarafélagi húsasmiða. Að því leyti sem krafa hans byggist á kaupskrá, hafi henni heldur ekki verið hnekkt, því að samið hafi verið um að vinna við umrætt þak í helgidagavinnu. Sönnunarbyrðin hvíli á stefnda, ef ekki hafi átt að greiða helgidagakaup. Að því leyti sem krafa hans byggist á áðurnefndum efnisreikningi, þá hafi henni heldur ekki verið hnekkt, og vísar stefnandi til þess, sem hann hefur sagt fyrir dómi, svo og vitnið Steindór og Helga Pálína. Stefnandi hefur mótmælt framlögðum mötum í heild og einstökum liðum þeirra. Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi ekki sannað neina þá galla á verki hans, er hann beri ábyrgð á. Beri því að taka kröfu hans til greina að öllu leyti.

Í þinghaldi þann 25. júní 1969 innti dómarinn lögmann stefnda eftir því, hve mikið tjón hann teldi, að umbjóðendur hans hefðu beðið vegna vanrækslu stefnanda málsins. Kvað hann það samkvæmt þeim reikningum, sem lægju frammi í málinu, kr. 47.953.39. Lögmaðurinn sagði og, að þótt honum virtist þetta vera hærri tala en stefnufjárhæðin, mundi hann samt halda sig við kröfu sína í greinargerð um sýknu og greiðslu málskostnaðar.

Ofannefnd fjárhæð hefur á engan hátt verið skýrð af hálfu stefnda í málflutningi hans. Hún virðist þó byggjast á niðurstöðu undirmats að fjárhæð kr. 17.300.00 að viðbættum fjárhæðum reikninga á dskj. nr. 18 og 19 og dskj. nr. 21—25 (incl.). Reikn-

ingar á dskj. nr. 18 og 19 virðast vera yfir efni í þak, en það atriði hefur verið tekið til mats. Reikningar á dskj. nr. 21—25 (incl.) eru yfir efni og vinnu vegna lagfæringa, sem sömuleiðis virðast falla undir framlögð möt.

Í þinghaldi hinn 3. marz síðastliðinn óskaði lögmaður stefnda bókað, hvort lögmaður stefnanda samþykkti, að stefndi setti fram í málinu gagnkröfu (sic) samkvæmt viðbótarmatsgerð á dskj. nr. 41 auk annars samkvæmt áðurframlögðum matsgerðum til stuðnings sýknukröfu stefnda. Lögmaður stefnanda kvaðst samþykkja það með tilvísun til bókunar eftir lögmanni stefnda varðandi þetta atriði í áðurnefndu þinghaldi 25. júní 1969.

Stefndi heldur því fram, að vegna ágalla á verki stefnanda, sem hann beri ábyrgð á sem meistari að húsinu, og samningssvika af hans hálfu beri að sýkna hann af kröfum stefnanda. Vísar stefndi í því efni til niðurstöðu yfirmatsgerðar og viðbótar við þá matsgerð og áðurnefndra reikninga á dskj. nr. 18 og 19 og dskj. nr. 21—25 (incl.).

Dómurinn hefur farið á vettvang og skoðað þau atriði, sem um er deilt í máli þessu.

Þar sem framlagt yfirmat og viðbótarmat við það taka til þeirra atriða, sem dskj. nr. 18 og 19 og dskj. nr. 21—25 (incl.) varða, koma þeir reikningar ekki sérstaklega til skoðunar í máli þessu.

Stefndi hefur ekki efnislega hnekkt uppmælingum þeim, sem stefnandi byggir kröfur sínar á að hluta.

Vinna sú, sem kaupskrá á dskj. nr. 7 varðar, var unnin á laugardegi og sunnudegi. Ósannað er, að fyrir þá vinnu hafi verið samið um að greiða dagvinnukaup.

Stefnandi hefur gefið þá skýringu á efnisreikningi á dskj. nr. 8, að timbur það, sem þar um ræðir, hafi stefnandi útvegað stefnda hjá Bergsteini Jónssyni byggingameistara til þess að nota í hús stefnda. Hafi stefnandi greitt Bergsteini andvirði þess. Hafi verið um að ræða notað timbur og timbur í bútum, eins og reikningurinn beri með sér. Fyrir dómi sagði stefnandi, að Bergsteinn hefði gert þennan reikning og hann væri réttur og í samræmi við úttekt hans. Vitnið Steindór sagði fyrir dómi, að þegar hann og Kristján hefðu verið að slá fyrir sökklum, hafi vantað timbur í klæðningu og hafi þá vitnið og Kristján Jónsson og ef til vill maður að nafni Ingimundur farið í bíl stefnanda, sem nefndur Kristján hafi yfirleitt verið með, upp í Hraunbæ til Bergsteins til þess að sækja timbur, en stefnandi hafi verið búinn

að tala við Bergstein um þetta svo og Helgu. Vitnið sagðist ekki muna, hvort þeir smiðirnir hafi mælt timbrið upp eða hvort Bergsteinn hafi verið búinn að því og hafi það verið tilbúið í stafla.

Eins og mál þetta er lagt í dóm, verður að telja nægilega sannað, að efni samkvæmt umræddum reikningi hafi gengið til byggingar húss stefnda.

Er þá næst að athuga, hvort einhverjir ágallar, sem stefnandi ber ábyrgð á, séu á verki því, sem hann krefur stefnda um greiðslu á í máli þessu, er leiða ætti til þess, að stefndi losnaði undan greiðsluskyldu að einhverju eða öllu leyti.

Um 1. tölulið yfirmatsgerðar.

Mat yfirmatsmanna á þessum lið er mjög óglöggt. Af orðalagi má þó ráða, að yfirmatsmenn hafi fundið skekkjur á innveggjum. Virðast matsmennirnir vísa um þetta til matsgerðar undirmatsmanna og dskj. nr. 12. Verður af því ráðið, að yfirmatsmenn telji unnt að bæta úr þessum skekkjum, sem þó eru ekki nánar tilgreindar, með aukaákasti. Kemur það og fram í framburði yfirmatsmannsins Diðriks Helgasonar múrarameistara fyrir rétti 16. október 1970, þar sem hann sagði, að til þess að bæta úr göllum samkvæmt þessum lið þyrfti eitt ákast, sem tæki fagmann hálfa klukkustund, en þá sé reiknað með til viðbótar 35—40% álagi vegna handlöngunar, þannig að vinna þessara tveggja manna mundi taka um 45 mínútur. Sagði matsmaðurinn ólíklegt, að í þessu tilfelli þyrfti að koma aftur og gera eitthvað frekar. Sagði matsmaðurinn enn fremur, að ekki mundi þurfa að höggva upp steypu vegna þessarar viðgerðar.

Á dskj. nr. 12 er engin nákvæm lýsing á þessum meinta galla og heldur ekki í framlögðum matsgerðum og ekki heldur vikið að hugsanlegum orsökum þeirra.

Í umræddu húsi eru tveir steyptir innveggir. Við vettvangsskoðun sáu dómendur bungu á steypu efst á millivegg, og greinileg frávik voru frá réttri stefnu langveggs.

Dómurinn telur hér vera um að ræða galla, sem rekja megi til ónógs frágangs á uppslætti, er stefnandi beri ábyrgð á sem húsasmíðameistari að húsinu, og þykir því mega taka þennan lið yfirmats til greina þrátt fyrir framangreinda ágalla hans.

Um 2. tölulið yfirmatsgerðar.

Í þinghaldi 20. febrúar 1970 sagði stefnandi, að hann teldi umrædda skál í þakinu vera sök Helgu og bræðra hennar, sem rokið hefðu í að klæða þakið, áður en smiðirnir hefðu verið

búnir að ganga almennilega frá sperrustólpum. Smiðirnir hafi vitað um, að slöður hafi verið í þakinu, og hafi hugsað sér að rétta það af með því að slá fleyga undir stólana.

Helga Pálína sagði í sama þinghaldi, að hún hefði ekki vitað um þetta. Smiðirnir hefðu verið búnir að klæða þakið allt um kring, en átt eftir miðjuna.

Af framangreindu bréfi Helgu Pálínu, sem er uppistaðan í greinargerð stefnda, svo og af framburði Kristjáns Runólfs í þinghaldi 25. júní 1969, þar sem hann segir, að hann „hafi verið búinn að reyna að fá „ábyrga" iðnaðarmenn til að vinna verkið" (þ. e. að klæða þakið), „en það hafi enginn viljað ganga inn í verk það, sem annar húsasmíðameistari hafi verið skrifaður inn í", má ráða, að ófaglært fólk hafi unnið umrætt verk.

Stefnandi var enn á þessum tíma húsasmíðameistari að húsinu og bar ábyrgð á smíði þess í þeirri veru. Þar sem ekki hefur verið leitt í ljós, að stefndi hefði leyfi hans til að ganga frá þakinu á þann hátt, sem gert var, eða stefnanda hafi verið gefið nægilegt ráðrúm til að rétta þakið af, eins og hann segist hafa ætlað að gera, verður talið, að stefndi hafi firrt sig rétti til fébóta úr hendi stefnanda, sem hann ella hefði kunnað að eiga. Verður því krafa stefnda samkvæmt þessum lið yfirmatsgerðar ekki tekin til greina.

Um 4. tölulið yfirmatsgerðar, sbr. svokallað viðbótarmat.

Greint sig loftplötu yfir kjallararými þykir mega rekja til ónógs frágangs á undirslætti undir henni fyrir steypu. Á afleiðingum þess ber stefnandi fébótaábyrgð sem húsasmíðameistari að húsinu, og verður krafa stefnda samkvæmt þessum lið yfirmatsgerðar því tekin til greina, þó þannig, að rétt þykir, að til frádráttar komi bætur að fjárhæð kr. 5.000.00, sem stefnandi hefur greitt stefnda vegna þessa galla samkvæmt gæðamati á dskj. nr. 11, og þykir þá eigi skipta máli, þótt stefndi hafi ekki talið sig bundinn af því mati.

Verður því krafa stefnda samkvæmt þessum lið yfirmats tekin til greina með kr. 1.850.00 (kr. 6.580.00 ÷ kr. 5.000.00).

Um 5. tölulið yfirmatsgerðar.

Í 1. mgr. 18. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur frá 24. marz 1965, sem hér á við, segir: „Húsasmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt, sbr. 17. gr., ber ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna, múrarameistari ber ábyrgð á allri múrvinnu, þ. á m. járnalögn, svo og grunngrefti".

Þegar litið er til þessa ákvæðis, hefur stefndi ekki sannað, að

stefnandi beri ábyrgð á þeim göllum, sem getið er í þessum lið yfirmatsgerðar, og verður því krafa hans þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Stefnandi miðar vaxtakröfu sína við dags. kröfubréfs til stefnda, og verður hún tekin til greina frá þeim tíma, en vaxtafótur ákveðst 7% ársvextir.

Samkvæmt ofangreindu verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi dæmist til að greiða stefnanda kr. 42.410.92 (þ. e. kr. 46.460.92 ÷ (kr. 2.200.00 + kr. 1.850.00)) ásamt 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Skort hefur á greiða gagnaöflun af hálfu stefnda, og málflutningur hans í heild hefur verið óglöggur.

Undirritaður dómsformaður hefur haft meðferð þessa máls frá þinghaldi 11. febrúar 1970, en hann tók við málinu af dómara, er lét af störfum við dómstólinn.

Yfirheyrslur fóru fram 20. febrúar 1970, en síðan tafðist málið vegna dráttar á yfir- og viðbótarmatsgerðum.

Dóm þennan kváðu upp Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður og meðdómendurnir Ásmundur Ólason múrarameistari og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Runólfur Eyjólfsson, greiði stefnanda, Jóni Pálssyni, kr. 42.410.92 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júní 1972.

Nr. 13/1972. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Benóný Benónýssyni og
Friðriki Gissuri Benónýssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kváðu upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson skipstjóri og Páll Þorbjörnsson fyrrverandi skipstjóri.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir, sem gerðar voru úr gæzluflugvélinni 8 NS og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Segir m. a. svo í greinargerð skólastjórans frá 11. febrúar 1972:

„A = staður v/b Portlands, VE 97, samkvæmt mælingu flugvélarinnar kl. 1129 h. 17/12 '71. Staður A mælist um 2,35 sjóm. frá landi, eða um 0,65 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 1133 um 2,4 sjóm. frá landi, eða um 0,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Í framburði sínum telur Friðrik Benónýsson, að þeir hafi kastað kl. 0930—1000 inn af Faxa rétt vestan við vitana saman, þ. e. Urðarvitann og vitann á Faxaskeri. Kveðst hann álíta, að vitinn á Urðum hafi sýnt hvítt ljós.

Benóný Benónýsson skýrir einnig frá því, að áður en kastað var í fyrsta skiptið, hafi þeir siglt, þar til vitana bar saman, og hafi þá ljósið á Urðarvitanum verið hvítt.

Þetta getur ekki staðizt, þar sem Urðarvitinn sýnir rautt ljós yfir Faxaskerið, eins og sjá má greinilega á sérkortinu yfir Vestmannaeyjar".

Samkvæmt gögnum málsins er sannað, að skip ákærðu, v/b Portland, VE 97, hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum innan fiskveiðimarkanna á þeim tíma, sem ákæra í máli þessu tekur til. Ekki var lögskráð á bátinn, sem er 10.49 brúttósmálestir, en slíkt er ekki lögskylt, sbr. lög um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961, 2. gr. Eigi voru aðrir á bátnum Portlandi í veiðiför þessari en hinir ákærðu. Eru þeir samsaga um, að hvorugur þeirra hafi verið skipstjóri á bátnum. Ákærði Friðrik Gissur kveðst hafa verið við stýri, þegar bátnum var siglt inn í landhelgi. Þetta fær og stoð í framburði ákærða Benónýs. Samkvæmt gögnum, sem fram hafa verið lögð í Hæstarétti, hefur ákærði Friðrik Gissur réttindi til skipstjórnar á bát af þeirri stærð, sem hér um ræðir, en ákærði Benóný hefur ekki leyst til sín leyfi til skipstjórnar.

Þegar höfð er í huga refsistefna laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, og þess gætt, að ákærði Friðrik Gissur hafði leyfi til skipstjórnar og fór með stjórn bátsins Portlands á þeim tíma, sem að framan greinir, þykir verða að leggja alla ábyrgð á fiskveiðibroti því, sem ákæra í málinu lýtur að, á hann, en sýkna ber ákærða Benóný af kröfum ákæruvalds í máli þessu. Háttsemi ákærða Friðriks Gissurar varðar við þau refsiákvæði, sem greinir í héraðsdómi, sbr. nú lög nr. 89/1971, 1. gr.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands frá 1. júní 1972, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, jafngiltu 100 gullkrónur hinn 29. desember 1971 3.992.93 seðlakrónum, en hinn 1. júní 1972 jafngiltu 100 gullkrónur 4.335.16.

Refsing ákærða Friðriks Gissurar Benónýssonar þykir hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Portlands, VE 97.

Eftir þessum úrslitum og með vísun til 2. málsgr. 140. gr. laga nr. 82/1961 þykir rétt, að um greiðslu sakarkostnaðar fari sem hér segir:

Ákærði Friðrik Gissur greiði til ríkissjóðs upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti kr. 4.500.00. Annan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, greiði ákærði Friðrik Gissur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dómsorð:

Ákærði Benóný Benónýsson á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson sæti 20.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, ef hún er ekki goldin innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Portlands, VE 97, á að vera óraskað.

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson greiði til ríkissjóðs kr. 4.500.00 upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti. Annar kostnaður af sökinni í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 15.000.00, greiðist að hálfu af ákærða Friðriki Gissuri og að hálfu úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærðu eru samsaga um, að þegar v/b Portlandi var siglt inn í landhelgi, hafi ákærði Friðrik Gissur verið við stýri svo og að ákærði Benóný, sem eigi hafði skipstjóraskírteini, hafi þá verið frammi í lúkar bátsins. Verður eigi með vissu ráðið af gögnum málsins, að hann hafi átt hlut að ákvörðun um þessa siglingu bátsins eða veitt liðsinni sitt til hennar, en rannsókn málsins um það efni er ekki svo rækileg sem rétt hefði verið. Er samkvæmt þessu ósannað,

að ákærði Benóný hafi átt refsiverðan þátt í framangreindu fiskveiðabroti, og verður að leggja alla ábyrgð á því á ákærða Friðrik Gissur, sem fór einn með stjórn bátsins á þeim tíma, er brotið var framið.

Með skírskotun til þessa er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 29. desember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dags. 20. desember 1971 á hendur Friðriki Gissuri Benónýssyni, Hásteinsvegi 45, fæddum 14. nóvember 1941, og Benóný Benónýssyni, Faxastíg 47, fæddum 29. desember 1947, báðum í Vestmannaeyjum, skipverjum á vélbátnum Portlandi, VE 97, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti laust fyrir hádegi föstudaginn 17. desember 1971 út af Krosssandi á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl, en botnvörpuveiðar að öðru leyti bannaðar, sbr. einkum D 6 lið 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndir Friðrik Gissur og Benóný Benónýssynir til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson hefur sætt eftirfarandi refsingum:

1962 30/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 9/10 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1964 27/4 í Vestmannaeyjum: Dómur: 4.000 kr. sekt, sviptur ökuréttindum í 6 mánuði, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. hegningarlaga.

1964 6/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1965 17/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1966 10/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1966 6/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Ákærði Benóný Benónýsson hefur sætt eftirfarandi refsingum:
1965 14/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1966 18/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1966 4/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1966 25/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Í skýrslu Landhelgisgæzlu Íslands, dags. 17. þ. m., segir svo: „Föstudaginn 17. desember 1971 stóð gæzluflugvélin 8 NS vélbátinn Portland, VE 97, að ólöglegum veiðum undan Krosssandi.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Föstudaginn 17. desember 1971 var gæzluflugvélin 8 NS á eftirlitsflugi við Krosssand. Um kl. 11.27 var komið auga á grunsamlegan bát, er virtist vera innan fiskveiðimarkanna út af Krosssandi. Kl. 11.28 var flogið niður að bátnum, og sást varpa hans í sjó og hlerar í gálgum, en báturinn notar skuttroll.

Kl. 11.29 var gerð eftirfarandi sextantmæling yfir bátnum.

△ Þríhyrningur
N. K. Elliðaey > 101° 21′
Geirfuglasker > 66° 04′

sem gefur stað bátsins um 2,4 sjóm. frá landi.

Kl. 11.30 var aftur flogið niður að bátnum, sem þá virtist ferðlaus, og sást þá, að búið var að innbyrða vörpuna. Einkennisstafir bátsins, VE 97, sáust greinilega á bógi hans.

Kl. 11.33 var gerð eftirfarandi sextantmæling yfir bátnum, sem enn virtist ferðlaus.

△ Þríhyrningur
N. K. Elliðaey > 100° 49′
Geirfuglasker > 66° 37′

sem gefur stað bátsins um 2,4 sjómílur frá landi.

Flogið var nokkrum sinnum niður að bátnum og hann athug-

aður nánar, og sást, að varpan var í pokaponti stb. megin, og einnig sást fiskur innan um vörpuna.

Um kl. 11.37 hélt flugvélin til frekari gæzlustarfa.

Eftir að flugvélin hafði yfirgefið bátinn, var reynt að kalla í hann á 2311 kc/s nokkrum sinnum, en hann svaraði ekki.

Mælingar voru gerðar af skipherra (Helga Hallvarðssyni) og stýrimanni, Benedikt Guðmundssyni, með sextöntum. Venjulegur háttur var hafður á við mælingar.

Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti nr. 32, þar sem staðir bátsins kl. 11.29 og kl. 11.33 eru markaðir.

Veður: Hægviðri, gott skyggni".

Helgi Hallvarðsson, skipherra gæzluflugvélarinnar 8 NS, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og staðfesti skýrslu sína. Kvað vitnið skýrsluna rétta og gerða eftir beztu vitund.

Vitnið vann eið að framburði sínum, að það hafi séð vörpu bátsins greinilega, þar sem hún flaut í sjónum fyrir aftan bátinn, fyrst þegar flogið var yfir bátinn. Þegar flogið var yfir bátinn aftur, sá vitið, að búið var að innbyrða vörpuna og að fiskur lá innan um netið. Vitninu sýndist það, sem það sá í sjónum, vera grænt að lit og eins hafi sézt á græna vörpu um borð í bátnum í síðara aðflugi.

Vitnið Benedikt Gunnar Guðmundsson, stýrimaður á gæzluflugvélinni 8 NS, kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja vegna máls þessa. Staðfesti vitnið skýrslu skipherra. Vitnið sá hlera í gálgum og vængi aftur af skut bátsins, og sá vitnið, að vængir voru rauðir að lit. Vitnið sá ekki freyða af kúlum, en straumvatn kom aftur með kjöl, og vængir lögðust út beint aftur af bátnum. Ekki sá vitnið fisk fljóta fyrir aftan bátinn.

Í síðara aðflugi að bátnum sá vitnið, að varpan var í pokaponti, og sást þá, að netið, og að því er virtist pokinn, var grænt að lit. Í þetta skipti tók vitnið eftir fiski innan um netið á a. m. k. þrem stöðum. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Guðjón Benedikt Jónsson flugmaður kom fyrir dóm í máli þessu.

Vitnið sá greinilega einkennisstafi bátsins, VE 97, er flogið var yfir hann, og einnig sýndist vitninu eitthvað fljóta aftur við stjórnborðssíðu bátsins, en ekki sá vitnið það nánar, enda að huga að öðru.

Ákærði Benóný Benónýsson kom fyrir dóm í máli þessu. Skýrði hann svo frá, að föstudaginn 17. desember s.l. hafi þeir bræður farið í róður um kl. 0900 um morguninn. Köstuðu þeir milli kl.

0930 og 1000 vestan við línuna, sem myndast við vitana á Faxaskeri og Urðum, þegar vitana bar saman. Köstuðu þeir fyrir utan landhelgislínu og toguðu í vesturátt. Var síðan hift eftir rúma klukkustund og fiskurinn blóðgaður, en síðan var keyrt innar og inn fyrir landhelgislínu í þeim tilgangi að athuga með lóðningar, en á meðan var ákærði Benóný frammi í lúkar bátsins.

Ákærði skýrir svo frá, að þegar kippt var inn fyrir landhelgislínu, hafi varpan verið á dekki, en hlerar hafi hangið úti, en þegar svo sé, hangi vængir frá blökkinni og fram með síðu bátsins.

Þegar ákærði Benóný var búinn að vera nokkra stund frammi í lúkar, kallaði ákærði Friðrik til hans og sagði, að þeir skyldu taka hlerana inn. Í þann mund flaug flugvélin yfir þá, og voru þá ákærðu á dekki og voru að taka hlerana inn.

Ákærði Benóný neitaði þannig, að veiðarfæri væru í sjó, þegar flugvélin flaug yfir, og enginn fiskur hafi verið í pokanum, heldur hafi verið blóðgaður fiskur á dekki.

Ákærði Benóný skýrir svo frá, að enginn skipstjóri væri á bátnum, ekki skráður a. m. k., en þeir bræður séu saman um stjórn hans og ráðgist þeir saman um allar ákvarðanir. Hinir ákærðu hafi báðir réttindi sem skipstjórar og hafi þeir litið svo á, að þeir væru saman um stjórn bátsins.

Ákærði Friðrik Gissur kom fyrir dóm í máli þessu. Skýrði hann svo frá, að föstudaginn 17. desember s.l. hafi þeir ákærðu farið í róður á báti sínum, Portlandi, VE 97. Lögðu þeir af stað úr höfn kl. 0830—0900. Héldu þeir á miðin inn af Faxa og köstuðu rétt vestan við vitana saman. Var þetta, þegar byrjað var að birta, um kl. 0930—1000. Ákærði kvaðst álíta, að vitinn á Urðum hafi sýnt hvítt ljós, þaðan sem ákærði sá hann.

Ákærði Friðrik Gissur kvað þá ákærðu hafa togað í rúman klukkutíma og trollið hafi verið hift laust eftir kl. 1030. Síðan var kippt inn fyrir landhelgislínu og keyrt í ca. tuttugu mínútur, og var ákærði Friðrik Gissur við stýrið, en ákærði Benóný frammi í lúkar. Ekki sagði ákærði Friðrik Gissur, að hefði lóðað á fiski þarna, og hugðist ákærði nú halda heimleiðis, og kallaði hann því á ákærða Benóný til þess að taka inn hlerana, en rétt í þann mud, er þeir ákærðu voru komnir að því verki, flaug flugvel Landhelgisgæzlunnar yfir.

Ákærði Friðrik Gissur neitaði að hafa verið að toga í umrætt skipti. Skýrði hann svo frá, að varpan hafi legið í ganginum, en þó hafi vængir hangið aftur í gálganum og verið geti, að þeir hafi hangið úti.

Ákærði Friðrik Gissur skýrir svo frá, að báðir ákærðu væru saman um stjórn á m/b Portlandi, VE 97.

Báðir hinir ákærðu báru, að troll það, sem notað var í ofangreindri veiðiferð, hafi verið rautt að lit, en poki grænn.

Samkvæmt ofangreindum framburði verður staður sá, er hinir ákærðu kveðast hafa hafið togveiðar sínar á, mjög ógreinilegur. Þá ber þess að geta, að eigi er fyrir hendi sá möguleiki, að vitana á Faxaskeri og Urðum beri saman og sýni Urðavitinn þá hvítt ljós, heldur er þar um rautt ljós að ræða. Staðhæfingar hinna ákærðu um togveiðar utan landhelgislínu eru engum rökum studdar, en staðfestar mælingar yfirmanna flugdeildar Landhelgisgæzlunnar um staðsetningu bátsins innan línu óhraktar, enda viðurkennt af báðum ákærðu, að haldið hafi verið inn fyrir landhelgislínu.

Hinir ákærðu hafa báðir neitað að hafa verið að togveiðum á þeim slóðum, er flugvélin kom að þeim, en hafa viðurkennt, að hlerar hafi verið úti og vængir utan borðstokks.

Samkvæmt eiðfestum framburðum skipherra og stýrimanns gæzluflugvélarinnar voru veiðarfæri m/b Portlands, VE 97, í sjó, er flugvélin kom að bátnum, og hefur þessi staðhæfing eigi verið hrakin. Verður því að teljast sannað, að hér sé um fullframið fiskveiðibrot að ræða.

Hinir ákærðu hafa báðir borið, að þeir séu saman um stjórn bátsins m/b Portlands, VE 97, og ákærði Benóný hefur borið, að þeir ráðgist saman um allar meiri háttar ákvarðanir. Samkvæmt þessu verður að telja báða hina ákærðu samábyrga vegna brots þessa, og samkvæmt ofangreindu hafa þeir brotið gegn þeim ákvæðum, er í ákæru greinir, og unnið til refsingar samkvæmt þeim lagaákvæðum, er þar eru tilfærð.

M/b Portland, VE 97, er samkvæmt mælibréfi bátsins 10.49 brúttórúmlestir.

Samkvæmt síðustu opinberum skýrslum um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 18. desember s.l., voru afli og veiðarfæri m/b Portlands, VE 97, metin þannig:

Veiðarfæri	kr. 11.700.00
Afli	— 8.976.00
	Samtals kr. 20.676.00

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, og þáttar ákærðu í broti þessu þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin kr. 20 þúsund í Landhelgissjóð Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli að verðmæti kr. 8.976.00 og veiðarfæri að verðmæti kr. 11.700.00 um borð í m/b Portlandi, VE 97, skulu gerð upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar á meðal laun skipaðs verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði Benóný Benónýsson greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli að verðmæti kr. 8.976.00 og veiðarfæri að verðmæti kr. 11.700.00 um borð í m/b Portlandi, VE 97, eru gerð upptæk, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1972.

Nr. 129/1970. **Mjólkurbú Flóamanna**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs og gagnsök
(Guðmundur Skaftason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Skattamál. Tekjuskattur. Eignarskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní 1970, og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. júlí 1970. Krefst hann þess, að lögtak verði látið fara fram til tryggingar kr. 2.138.673.00 ásamt 12% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi var skattskyldur, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1962, 5. gr. laga nr. 55/1964, 5. gr. og 42. gr. laga nr. 90/1965.

Aðaláfrýjanda verður ekki dæmt að greiða skatt af tekjum ársins 1959, þar sem liðinn var frestur sá, sem greinir í 38. gr. laga nr. 90/1965, er ríkisskattanefnd ákvarðaði skatt hans.

Í úrskurði ríkisskattanefndar frá 22. júlí 1966 er lagður eignarskattur á aðaláfrýjanda gjaldárin 1962—1965, og er gjaldstofn m. a. „ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs“, svo sem þær eru greindar á efnahagsreikningi hans í lok viðkomandi ára. Þetta fé hafði aðaláfrýjandi í sínum vörzlum um hver áramót og til ráðstöfunar samkvæmt samþykktum

sínum. Samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 70/1962, 24. gr., nr. 55/1964, 24. gr., og nr. 90/1965, 24. gr., er fé þetta eignarskattskylt, sbr. og reglugerð nr. 245/1963, 6. málsgr. 44. gr. og 60. gr., enda nýtur ekki við sérákvæða, er þiggi það undan eignarskatti. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um framkvæmd lögtaks hjá aðaláfrýjanda fyrir sköttum þessum, en þeir eru óumdeilt að fjárhæð samtals kr. 610.139.00.

Úrlausn héraðsdómara um aðra gjaldstofna ber að staðfesta að niðurstöðu til. Samkvæmt því ber að leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda fyrir kr. 1.986.429.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi málsins í héraði 28. júní 1968 til greiðsludags.

Með því að skattar voru ekki um árabil lagðir á aðaláfrýjanda, þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögtak skal fara fram hjá aðaláfrýjanda, Mjólkurbúi Flóamanna, fyrir kr. 1.986.429.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 28. júní 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Árnessýslu 14. apríl 1970.

Ár 1970, þriðjudaginn 14. apríl, var í fógetarétti Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. 22/1968: Innheimtumaður ríkissjóðs gegn Mjólkurbúi Flóamanna, en málið var tekið til úrskurðar eftir endurtekinn munnlegan flutning hinn 11. marz sama ár.

Í úrskurði ríkisskattanefndar, dags. 22. júlí 1966, segir svo:

„Á fundi ríkisskattanefndar 22. júlí 1966 var tekið fyrir að ákveða Mjólkurbúi Flóamanna, Selfossi, Selfosshreppi, Árnessýslu, tekjuskatt fyrir gjaldárin 1960—1965 að báðum meðtöldum og eignarskatt fyrir gjaldárin 1962—1965 að báðum meðtöldum.

Málið er tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra samkv. heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt.

Málavextir eru þeir, að við athugun kom í ljós, að á undan-

förnum árum hefur félaginu hvorki verið gert að greiða tekjuskatt né eignarskatt eða það talið fram til skatts. Félagið er skrásett samvinnufélag. Ársreikningar félagsins fyrir umrædd ár liggja fyrir í málinu. Af þessu svo og öðrum upplýsingum, sem fyrir hendi eru, verður ekki annað séð en félagið starfi á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 46/1937. Er félagið því skattskylt nú samkv. B.lið 5. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1962 og nr. 55/1964.

Með bréfi, dags. 26. apríl s.l., var fyrirsvarsmönnum félagsins gerð kunn ráðagerð um að leggja á félagið tekjuskatt fyrir þau ár, er ofan greinir.

Umbm. félagsins hefur með bréfi mótmælt þessari ráðagerð.

Samkvæmt ársreikningum, sem fyrir hendi eru, ákvarðast tekjur félagsins til skattlagningar af tillagi til varasjóðs þess og að viðbættum ófrádráttarbærum styrkjum til kynbótabúsins að Laugardælum og framlagi til Minningarsjóðs Egils Thorarensen og að viðbættum óráðstöfuðum eftirstöðvum ársins, en að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrra árs.

Skv. ársreikningum félagsins, sem fyrir hendi eru, ákvarðast eignir félagsins af varasjóðseign, að viðbættum verðfellingarsjóði og yfirfærslu til næsta árs svo og að viðbættum ógreiddum eftirstöðvum mjólkurverðs um hver einstök áramót, þó að frádregnu bókfærðu verði fasteigna umfram fasteignamat, þó þreföldun fasteignamats gjaldárið 1965, svo og að frádregnum nú álögðum tekjuskatti, eftir því sem við á.

Eftir atvikum þykir rétt að beita ekki virðurlögum skv. 47. gr. laga nr. 90/1965 að þessu sinni.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1960 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 301.500.00, ákveðast kr. 602.950.00. Tekjuskattur verður kr. 152.244.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1961 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 346.600.00, ákveðast kr. 693.300.00. Tekjuskattur verður kr. 175.058.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1962 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 365.200.00, ákveðast kr. 1.095.500.00. Tekjuskattur verður kr. 221.291.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1962 ákveðst kr. 3.279.000.00. Eignarskattur verður kr. 23.182.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1963 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 463.000.00, ákveðast kr. 1.388.800.00. Tekjuskattur verður kr. 280.537.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1963 ákveðst kr. 11.106.000.00. Eignarskattur verður kr. 78.519.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1964 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 530.300.00, ákveðast kr. 1.590.900.00. Tekjuskattur verður kr. 321.361.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1964 ákveðst kr. 22.396.000.00. Eignarskattur verður kr. 158.339.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1965 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 623.900.00, ákveðast kr. 1.871.500.00. Tekjuskattur verður kr. 378.043.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1965 ákveðst kr. 49.519.000.00. Eignarskattur verður kr. 350.099.00.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá póstlagningu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1965 verður kr. 378.043.00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1965 verður kr. 350.099.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1964 verður kr. 321.361.00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1964 verður kr. 158.339.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1963 verður kr. 280.537,00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1963 verður kr. 78.519.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1962 verður kr. 221.291.00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1962 verður kr. 23.182.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1961 verður kr. 175.058.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1960 verður kr. 152.244.00, en var enginn áður".

Gerðarþoli kærði hinn 16. ágúst 1966 framangreinda skattálagningu, og hljóðar skattkæran svo:

„Skattkæra: Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi.

I. Með úrskurði 22. júlí 1966 úrskurðar háttvirt Ríkisskattanefnd, að umbjóðandi okkar Mjólkurbú Flóamanna sé skattskylt skv. B. lið 5. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1962 og nr. 55/1964.

Samkvæmt því, með heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965 er félaginu síðan gerður tekju- og eignarskattur allt frá gjaldárinu 1960 til gjaldársins 1965, samtals að fjárhæð kr. 2.138.673.00.

Álagningu þessari mótmælum við og krefjumst þess aðallega, að hún verði felld niður, og til vara, að hún verði lækkuð verulega.

II. Úrskurður háttvirtrar Ríkisskattanefndar greinist í þrjá megin þætti, þá:

A. Að umbjóðandi okkar sé skattskyldur.

B. Að gjaldstofn til tekjuskatts sé:
   1. Tillag til varasjóðs, þ. á m. inntökugjöld og vextir.
   2. Styrkur til kynbótabús að Laugardælum og framlag í Minningarsjóð Egils Thorarensen ásamt vöxtum.
   3. Óráðstafaðar eftirstöðvar ársins að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrra árs.

C. Að gjaldstofn eignarskatts sé:
   1. Varasjóður.
   2. Ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs.
   3. Minningarsjóður Egils Thorarensen.
   4. Þreföldun fasteignamats 1965 að frádregnu bókfærðu verði fasteigna svo og að frádregnum tekjuskatti eftir því sem við á, en ekki að frádregnum nú álögðum eignarskatti.
   5. Verðfellingarsjóður.
   6. Yfirfærsla til næsta árs.

Um A. Skattskylda:

Í svarbréfi okkar, dags. 10. maí s.l., við bréfi háttvirtrar Ríkisskattanefndar frá 26. apríl s.l. mótmælum við því, að rétt sé að skattleggja umbjóðanda okkar. Þau mótmæli eru hér ítrekuð og enn haldið fram, að Mjólkurbú Flóamanna falli undir lög nr. 96 frá 1936, þar sem Mjólkursamsalan í Reykjavík er undanþegin opinberum gjöldum. Sú hætta var fyrir hendi, þegar þau lög voru sett, að þau næðu ekki tilgangi sínum, nema þeir aðilar, sem að Mjólkursamsölunni standa, féllu þar undir.

Sú hefur verið skoðun þeirra, sem á undanförnum 30 árum hafa ekki skattlagt umbjóðanda okkar.

Um B. Gjaldstofn til tekjuskatts:

Að því tilskyldu, að umbjóðandi okkar yrði talinn skattskyldur, er næst að kanna réttmæti þeirra liða, sem Ríkisskattanefnd telur mynda gjaldstofn, sem tekjuskattur er á lagður.

1. Tillög til varasjóðs, þ. á m. vextir og inntökugjöld: Þeirri reglu hefur verið fylgt að leggja í varasjóð ½% af andvirði vörusölu og reikna vexti af varasjóði hin síðari ár 7%, eins og hann var í ársbyrjun. Hvorutveggja hefur verið gert vegna þess, að ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum skattgreiðslum. Ef það

hefði legið fyrir, að skattur yrði á lagður, er ekki að vita, hvernig með hefði verið farið, en hreinar tekjur hefur umbjóðandi okkar engar. Við áskiljum umbjóðanda okkar rétt til bakfærslu varasjóðstillags, eftir því sem talið yrði hagkvæmt, ef hann yrði endanlega úrskurðaður skattskyldur.

2. Styrkur til kynbótabúsins að Laugardælum og tillag í Minningarsjóð Egils Thorarensen eru hvorutveggja greiðslur, sem samþykkt er á aðalfundi Mjólkurbúsins hverju sinni, að búið inni af hendi fyrir bændur og reiknast sem hluti af mjólkurverði til þeirra. Fyrir þessa styrki fá bændur minna útborgað í ársuppbætur, þar sem þeir eru taldir þegar hafa fengið útborgaðar þær fjárhæðir, sem þeir hafa samþykkt, að rynnu til kynbótabúsins og minningarsjóðsins. Vextir af minningarsjóði Egils Thorarensen hafa verið færðir til tekna af Ríkisskattanefnd. Sjóðurinn er að hálfu í vörzlu búsins skv. sérstakri meðfylgjandi skipulagsskrá. Búið á ekki þennan sjóð, en meðan það hefur fé hans í rekstri sínum, verður það að sjálfsögðu að greiða af honum vexti eins og öðru lánsfé, og að okkar dómi kemur ekki til greina að telja þá til tekna hjá búinu.

3. Eins og við höfum getið um í fyrra bréfi okkar, eru þær fjárhæðir, sem fara á milli ára, oftast nær mjög lágar, enda er ætlunin sú, að svo sé. Fjárhæðir þessar eru ekki sambærilegar við höfuðstólsreikninga félaga almennt, heldur væri réttara að nefna biðreikning til næsta árs. Búið hefur enga ráðstöfunarheimild yfir þessu fé, heldur er því skilað beint til bænda árið eftir og kemur þá fram sem tekjur hjá þeim í hærri heildarfjárhæð útborgaðri á árinu eða eftirstöðvum mjólkurverðs.

C. Gjaldstofn til eignarskatts:

1. Varasjóður:

Í 9. tl. 3. gr. laga nr. 46 frá 1937 um samvinnufélög er kveðið svo á, að varasjóður, sem til sé, þegar samvinnufélagi sé slitið, geti aldrei komið til skipta, heldur skuli hann geymdur, unz sams konar félag verði stofnað á félagssvæðinu. Í því felst svo mikil skerðing á eignarrétti yfir varasjóði, að skattlagning hans til eignarskatts kemur að okkar áliti ekki til greina. Varasjóðurinn er í raun réttri aðeins lán til óákveðins tíma.

2. Ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs:

Ekki fáum við séð, hvernig háttvirtri Ríkisskattanefnd dettur í hug að reikna ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs sem gjaldstofn til eignarskatts hjá umbjóðanda okkar. Bændum er greitt ákveðið verð fyrir innlagða mjólk a conto, þangað til fyrir liggur,

hve mikið er hægt að greiða, en það liggur ekki fyrir, fyrr en uppgjöri Mjólkursamsölunnar og Osta- og Smjörsölunnar er lokið og síðan búsins sjálfs, þegar vitað er, hvort viðbótarverð kemur fyrir afurðirnar. Við endanlegt uppgjör liggur þetta fyrir og þá fært debet sem ógreitt fyrir mjólk og jafnframt kredit sem skuld við bændur, sem síðan er greidd á aðalfundi. Það brýtur í bága við allar bókhaldsreglur og rök, sem þekkt eru til þessa dags, að játa gjöldunum en neita skuldunum, ef gjöldin eru ógreidd.

Auðvitað er hér ekki um neitt annað að ræða en ógreidda skuld, hluta af mjólkurverði, sem greitt er samri stundu og talan hefur verið staðfest á aðalfundi við samþykkt reikninganna þar.

3. Eins og áður hefur verið tekið fram, er minningarsjóður Egils Thorarensen ekki eign Mjólkurbús Flóamanna, heldur einungis geymslufé í vörzlu þess og ávaxtaður þar. Er hann því eins og hver önnur skuld, sem er mótmælt, að sé gerð að gjaldstofni til eignarskatts.

4. Álagður eignarskattur hefur hvorki verið dreginn frá tekjum næsta árs né heldur frá eign. Því er mótmælt, og þess er krafizt, að svo verði gert.

Eignarskattur, sem ekki hefur verið á lagður, er vart við að búast, að hafi verið greiddur á árinu.

Verði á annað borð um það að ræða, að umbjóðanda okkar yrði gert að greiða eignarskatt, er hann að sjálfsögðu gjöld og þá jafnframt skuld, sem á hvílir um hver áramót.

5. og 6. Þurfa ekki sérstaka skýringu við umfram það, sem þegar hefur verið tekið fram.

III. Þótt niðurstaðan yrði sú, að umbjóðandi okkar yrði úrskurðaður skattskyldur, er því mótmælt, að skattar verði reiknaðir 6 ár aftur í tímann. Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1965 er ekki skylda að reikna þannig aftur í tímann, heldur aðeins heimild. Eins og máli þessu er öllu háttað, teljum við það eftir atvikum ekki ósanngjarnt að fara fram á, að skattlagningin verði ekki látin ná lengra en til eins árs, þ. e. a. s. til gjaldársins 1966".

Hinn 22. september 1966 úrskurðaði ríkisskattanefnd skattkæru gerðarþola, og er úrskurður hennar á þessa leið:

„Í tilefni af skattkæru Mjólkurbús Flóamanna, Selfossi, Selfosshreppi, Árnessýslu, yfir álögðum tekju- og eignarskatti fyrir gjaldárin 1960—1965 hefir ríkisskattanefnd kveðið upp svohljóðandi úrskurð:

Kröfur kæranda eru aðallega þær, að hinir álögðu skattar verði felldir niður, en til vara, að þeir verði lækkaðir verulega.

Álagning sú, sem hér um ræðir, fór fram á fundi nefndarinnar þann 22. júlí s.l., og var tilefni hennar það, að í ljós var leitt, að mjólkurbúinu hafði eigi fyrr verið gert að greiða tekjuskatt eða eignarskatt.

Í kæru sinni, dags. 16. ágúst s.l., flokkar umbm. kæranda kæruatriðin þannig:

„II. Úrskurður háttvirtrar Ríkisskattanefndar greinist í þrjá megin þætti, þá:

A. Að umbjóðandi okkar sé skattskyldur.

B. Að gjaldstofn til tekjuskatts sé:
   1. Tillag til varasjóðs, þ. á m. inntökugjöld og vextir.
   2. Styrkur til kynbótabús að Laugardælum og framlag í Minningarsjóð Egils Thorarensen ásamt vöxtum.
   3. Óráðstafaðar eftirstöðvar ársins að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrra árs.

C. Að gjaldstofn eignarskatts sé:
   1. Varasjóður.
   2. Ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs.
   3. Minningarsjóður Egils Thorarensen.
   4. Þreföldun fasteignamats 1965 að frádregnu bókfærðu verði fasteigna svo og að frádregnum tekjuskatti eftir því sem við á, en ekki að frádregnum nú álögðum eignarskatti.
   5. Verðfellingarsjóður.
   6. Yfirfærsla til næsta árs".

Um A. Í úrskurðinum frá 22. júlí s.l. (sk. nr. 380 R.) er frá því greint, á hvaða lagaákvæðum skattskylda kæranda er byggð, og vísast til þess hér. Það er álit nefndarinnar, að lög nr. 96/1936 um, að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekjuskatti, skifti ekki máli hér. Lög þessi hafa að geyma undanþágu þessara tveggja fyrirtækja frá hinni almennu skattskyldu. Slíka undanþágu er vart heimilt að skýra víðtækara en orðalag laganna segir beinlínis til um. Ef skattfrelsisákvæðin yrðu látin ná til þeirra mjólkurbúa, sem að Mjólkursamsölunni standa, leiddi það til þess m. a., að sum mjólkurbúin í landinu yrðu skattfrjáls, en önnur ekki. Slík niðurstaða virðist ótæk og ekki ætlandi, að stefnt hafi verið að slíku með setningu laganna.

Um B 1. Komið er fram í málinu, að tillag til varasjóðs er

reiknað með tvennu móti. Að öðru leytinu sem ákveðin prósenta (½) af vörusölu, en að hinu leytinu eftir reglum um vexti. Tillagið er fært til tekna á reikningi varasjóðs og til gjalda á rekstrarreikningi. Lögin um tekjuskatt og eignarskatt hafa ekki að geyma neina heimild til að draga frá skattskyldum tekjum tillag sem þetta umfram það, sem mælt er fyrir um í 17. gr. laganna. Inntökugjald fyrir nýja félagsmenn rennur í varasjóð og telst skattskyldar tekjur skv. upphafsákvæði 7. gr. tekjuskattslaganna.

Um B 2. Færður er til gjalda í reikningum mjólkurbúsins styrkur til Tilraunabúsins að Laugardælum og tillag í Minningarsjóð Egils Thorarensen ásamt vöxtum og sjóðum.

Tilraunabúið að Laugardælum er eign Búnaðarsambands Suðurlands og hefur með höndum tilraunastarfsemi í kvikfjárrækt og kynbætur auk búrekstrar til að standa undir starfseminni.

Umboðsmaður kæranda hefur lagt fram reglugerð um Minningarsjóð Egils Gr. Thorarensen og annarra forvígismanna samvinnufélaganna á Suðurlandi. Samkvæmt reglugerðinni er sjóðurinn stofnaður með aðalfundarsamþykktum af Mjólkurbúi Flóamanna og Kaupfélagi Árnesinga til minningar um Egil Grímsson Thorarensen, sem var formaður stjórnar mjólkurbúsins og framkvæmdastjóri kaupfélagsins. Tekjur sjóðsins skulu meðal annars vera framlög mjólkurbúsins og kaupfélagsins eftir ákvörðunum aðalfundar þeirra hverju sinni. Fé sjóðsins skal ávaxta í rekstri félaganna, skal reikna af því vexti. Sjóðnum má aðeins verja til menningarmála á starfssvæðum félaganna svo og til viðurkenningar fyrir það, sem vel hefur verið og er gert í samvinnu- og búmenningarmálum, uppeldis- og félagsmálum og öðrum skyldum vettvangi. Sameiginlegur fundur stjórna beggja félaganna ræður yfir sjóðnum og veitir fé úr honum. Reglugerðin öðlast gildi með staðfestingu af aðalfundum beggja félaganna, og henni verður ekki breytt nema með samþykki þeirra. Sjóður þessi hefur ekki hlotið viðurkenningu ríkisskattstjóra, sbr. ákvæði 36. gr. reglugerðar nr. 245/1943, fyrir að hafa heimild til að þiggja gjafir með þeim afleiðingum, að gefandi öðlist rétt til frádráttar gjafarinnar frá tekjum.

Í kæru er upplýst, að greiðslur þessar séu samþykktar á aðalfundi mjólkurbúsins hverju sinni og talið, að búið inni þær af hendi fyrir bændur og þær reiknist sem hluti af mjólkurverði til þeirra. Séu því útborgaðar ársuppbætur lægri en mjólkurverðið, sem þessum fjárhæðum svarar auk fleiri liða. Samkvæmt þessum

rökstuðningi telur kærandi greiðslur þessar ekki vera gjöld búsins.

Hér þarf því að leysa úr, hvers fé það sé, sem ráðstafað er til tilraunabúsins og sjóðsins.

Ekki verður séð, að aðalfundur mjólkurbúsins hafi heimild til að ráðstafa þeim verðuppbótum, sem einstakir innleggjendur fá á innlagða mjólk. Hér er því verið að ráðstafa fé mjólkurbúsins og skuldbinda það, enda kemur þetta fé, að því er virðist, aldrei til raunverulegrar útborgunar til viðskiptamanna. Skv. þessari niðurstöðu er hér um að ræða gjöld og skuldbindingar af búsins hálfu, þar sem lögin um tekjuskatt og eignarskatt hafa ekki að geyma heimild til að draga styrki til Tilraunabúsins frá skattskyldum tekjum, og Minningarsjóðurinn hefur eigi hlotið viðurkenningu ríkisskattstjóra, kemur þetta fé til skattlagningar hjá búinu.

Um B 3. Telja verður, að eftirstöðvar á rekstrarreikningi, sem fluttar eru milli ára, eftir að lokaúthlutun uppbóta fyrir viðkomandi tekjuár hefur farið fram, séu skattskyldar tekjur. Í máli því, sem hér um ræðir, virðist þetta atriði ekki hafa umtalsverða þýðingu, ef litið er yfir öll árin, sem álagningin nær til í heild.

Um C 1. Kærandi fer fram á, að varasjóðurinn verði felldur undan álagningu eignarskatts vegna ákvæða í 9. tölul. 3. gr. laga nr. 46/1937 um samvinnufélög. Ákvæði lúta einungis að vörzlu og ráðstöfun eigna félagsins, eftir að félagsslit hafa farið fram. Verður efni þeirra ekki jafnað til „skuldar" samkv. 19. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt.

Um C 2. Álagning eignarskatts á ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs er byggð á ákvæðum í 44. gr. reglug. nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt og samsvarandi ákvæðum eldri tekjuskattsreglugerðar.

Um C 3. Undir lið B 2 hér að framan eru rakin ákvæði reglugerðar um Minningarsjóð Egils Thorarensen. Ekki verður talið, að kærandi hafi með umræddri reglugerð svipt sig eignarrétti að sjóðnum, heldur hafi hann einungis tekið nokkuð frá af fé sínu og ákveðið að verja því til sérstakra þarfa eftir eigin vali. Er hér um að ræða einhliða ráðstöfun af hálfu kæranda, sem hann virðist hafa í valdi sínu að breyta, ef honum sýnist svo. Með hliðsjón af þessu verður ekki á það fallizt, að hér sé um skuld félagsins að ræða.

Um C 4. Í b-lið 12. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt

er ákveðið, að einungis eignarskatt og eignarútsvar, sem greidd hafa verið á árinu, skuli draga frá tekjum. Samræmis vegna þykir eðlilegt að beita þessu ákvæði einnig, að því er varðar frádráttarhæfni eignarskatts frá skattskyldum eignum.

C 5 og 6 gefa ekki tilefni til sérstakrar athugasemdar.

Með tilvísun til framangreindra atriða þykir bera að staðfesta hina kærðu skattálagningu.

Úrskurðarorð:

Framangreind álagning tekjuskatts og eignarskatts á Mjólkurbú Flóamanna gjaldárin 1960—1965, staðfestist".

Innheimtumaður ríkissjóðs hefur sent gerðarþola skattreikning, dags. 21. september 1967, að niðurstöðu til samhljóða útreikningi ríkisskattanefndar, en að viðbættum dráttarvöxtum frá ágúst 1966 til september 1967, kr. 299.414.00.

Hinn 20. september 1967 kveður innheimtumaður ríkissjóðs upp lögtaksúrskurð á áðurnefndum gjöldum, og er úrskurðurinn birtur gerðarþola hinn 23. október 1967.

Málið var síðan tekið fyrir í fógetarétti Árnessýslu, og voru af hálfu ríkissjóðs gerðar þær kröfur, að hið umbeðna lögtak færi fram til tryggingar tekjuskatti og eignarskatti að fjárhæð kr. 2.138.673.00 að viðbættum 12% dráttarvöxtum á ári af þeirri fjárhæð frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati réttarins.

Af hálfu gerðarþola er þess aðallega krafizt, að neitað verði um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, til vara, að fjárhæð lögtakskröfunnar verði lækkuð að mati réttarins. Í báðum föllum er þess krafizt, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að mati réttarins.

Málið er tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, en sú grein hljóðar svo, 1. mgr.: „Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattaframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar, sem almennt gildi hafa". Og í 4. mgr.: „Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkis-

skattanefnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært".

Ríkisskattanefnd telur gerðarþola skattskyldan nú samkvæmt B lið 5. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1962 og nr. 55/1964.

Í 5. gr. áðurnefndra laga segir svo:

„Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir: ...

B. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög".

Í samþykktum gerðarþola frá 17. apríl 1962, dómsskjal 15, segir svo í 1. gr.: „Félagið skal rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð, samkvæmt lögum um samvinnufélög".

Í samþykktum gerðarþola frá 10. desember 1927 með breytingum frá aðalfundi 28. febrúar 1929, dómsskjal nr. 14, segir svo í 2. gr.: „Félagið skal rekið á samvinnugrundvelli, með takmarkaðri ábyrgð, samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 36, 27/8 1921".

Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965 sé gerðarþoli skattskyldur og að samkvæmt 42. gr. sömu laga sé heimilt að reikna skatt á gerðarþola fimm ár aftur í tímann (sic).

Gerðarþoli hefur haldið því með réttu fram, að ekki hafi verið lagður skattur á gerðarþola, frá því hann hóf starfsemi, og bendir á óréttmæti þess að leggja á skatt aftur í tímann, með því að gerðarþoli hefði getað fært reikninga sína á annan veg og gert aðrar ráðstafanir, ef honum hefði verið ljóst, að leggja ætti skatt á hann. Rétturinn lítur svo á, að það skipti ekki máli, hvenær skattlagningin hefst, því það sé á valdi skattayfirvaldanna.

Samkvæmt skattalögum er ljóst, að gjalddagi skatts, sem reiknaður er aftur í tímann, er þegar að lokinni álagningu. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885 fylgir lögtaksréttur kröfunni, og helst hann, þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga. Rétturinn getur því ekki fallizt á þá skoðun gerðarþola, að lögtaksréttur umræddra skatta sé fyrndur, og telur lögtaksréttinn í fullu gildi.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, kemur það því aðeins til álita, hvort álagning tekjuskatts og eignarskatts sé gerð á rétta gjaldstofna.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að gjaldstofnar til tekjuskatts séu þessir:

Tillag til varasjóðs félagsins og að viðbættum ófrádráttarbær-

um styrkjum til kynbótabúsins í Laugardælum og framlagi til minningarsjóðs Egils Thorarensens og að viðbættum óráðstöfuðum eftirstöðvum ársins, en að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrri ára, og var gerðarþola gert að greiða tekjuskatt samkvæmt því.

Árið 1960	kr.	152.244.00
— 1961	—	175.058.00
— 1962	—	221.291.00
— 1063	—	280.537.00
— 1964	—	321.361.00
— 1965	—	378.043.00
	Kr.	1.528.534.00

Í úrskurði ríkisskattanefndar, dómsskjal 5, er gerð glögglega grein fyrir forsendum skattaálagningarinnar og rakin rök gerðarþola í kæru hans og ályktunum ríkisskattanefndar vegna kærunnar.

Í úrskurðinum eru atriðin, sem um ræðir, tölusett til glöggvunar, og verður stuðzt við það í úrskurði þessum.

Um A. Rétturinn fellst á þá skýringu ríkisskattanefndar, að lög nr. 96/1936 um, að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekjuskatti, beri að skýra þröngt sem undantekningarlög og verði engin ályktun dregin frá þeim lögum um skattfrelsi gerðarþola.

Um B 1. Rétturinn fellst á það með ríkisskattanefnd, að framlag til varasjóðs sé skattskylt og að ekki sé frekari réttur til frádráttar á því en um kveður í 17. gr. skattalaganna.

Um B 2. Rétturinn álítur, að greiða beri tekjuskatt af framlagi gerðarþola til tilraunabúsins í Laugardælum og til minningarsjóðs Egils Thorarensens ásamt vöxtum, og telur, að samkvæmt skipulagsskrá og starfshátterni minningarsjóðsins verði tillag til hans og vextir að teljast skattskyldir.

Um B 3. Fallist verður á það með ríkisskattanefnd, að eftirstöðvar á rekstrarreikningi, sem fluttar eru milli ára, séu skattskyldar tekjur.

Samkvæmt ofansögðu verður fallizt á kröfur gerðarbeiðanda um skyldu gerðarþola til að greiða tekjuskatt, samtals kr. 1.528.534.00 fyrir gjaldárin 1960—1965 incl.

Ekki er ágreiningur milli aðilja um útreikning skattgjaldstekna, sbr. dómsskjal nr. 3 og nr. 24.

Samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar, dómsskjal nr. 3, er gerðarþola gert að greiða eftirtalinn eignarskatt:

Árið 1962	kr.	23.182.00
— 1963	—	78.519.00
— 1964	—	158.339.00
— 1965	—	350.099.00
	Kr.	610.139.00

Varðandi eignarskattinn verða notaðar sömu tilvísanir og í dómsskjali nr. 5.

Ríkisskattanefnd telur, að samkvæmt ársreikningum gerðarþola, sem eru fyrir hendi, ákvarðist eignir félagsins af varasjóðseign að viðbættum verðfellingarsjóði og yfirfærslu til næsta árs svo og að viðbættum ógreiddum eftirstöðvum mjólkurverðs um hver einstök áramót, þó að frádregnu bókfærðu verði fasteigna umfram fasteignamat, þó þreföldun fasteignamats gjaldárið 1965, svo og að frádregnum álögðum tekjuskatti, eftir því sem við á.

Ríkisskattanefnd þykir ekki rétt að beita viðurlögum samkvæmt 47. gr. laga nr. 90/1965 að þessu sinni.

Um C 1. Gerðarþoli fer fram á, að varasjóðurinn verði felldur undir álagningu eignarskatts vegna ákvæða í 9. tölulið 3. gr. laga nr. 46/1937 um samvinnufélög.

Ríkisskattanefnd telur ákvæði þessi lúta einungis að vörzlu og ráðstöfun eigna félagsins, eftir að félagsslit hafa farið fram. Verði efni þessu því ekki jafnað til „skuldar" samkvæmt 19. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Rétturinn fellst á þessa skoðun ríkisskattanefndar, enda telur hann auðsætt, að varasjóðurinn geti verið sjálfstæður eignarskattsstofn á tímabilinu, þar til honum er varið samkvæmt 9. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937.

Um C 2. Ríkisskattanefnd telur álagningu eignarskatts á ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs byggða á 44. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt og samsvarandi ákvæði eldri tekjuskattsreglugerðar.

Gerðarþoli hefur mótmælt þessu og telur fráleitt að reikna ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs sem gjaldstofn til eignar-

skatts. Tekur hann fram, að bændum sé greitt ákveðið verð fyrir innlagða mjólk a conto, þangað til fyrir liggur, hve mikið er hægt að greiða, en það liggur ekki fyrir, fyrr en uppgjör Mjólkursamsölunnar og Osta- og Smjörsölunnar er lokið og síðan búsins sjálfs.

Rétturinn telur, að þrátt fyrir ákvæði 44. gr. reglugerðar nr. 245/1963 séu samskipti Mjólkursamsölunnar, Osta- og Smjörsölunnar, gerðarþola og bænda þannig háttað, að ekki beri að reikna þessar ógreiddu eftirstöðvar sem gjaldstofn til eignarskatts, heldur beri að líta á þær sem biðreikning hjá bændunum, sem vitað er, að greiddur er út á næsta ári og þeir síðan greiða eignarskatt af, að vísu árinu síðar, en það á ekki að skipta máli, þar sem stöðug viðskipti haldast.

Rétturinn fellst því eigi á það, að umræddar eftirstöðvar mjólkurverðs verði gjaldstofn til greiðslu eignarskatts á gerðarþola, og þar sem, að þessu athuguðu, kemur í ljós, að enginn eignarskattur fyrir umrædd ár fellur til, þá verður synjað um framgang hinnar umbeðnu gerðar, að því er eignarskattinn snertir.

Eftir atvikum og þeim staðreyndum, að gerðarþoli hefur ekki reiknað með skattálagningu og hafði ástæðu til að ætla, að hún yrði ekki gerð, þykir, rétt, að dráttarvextir verði ekki úrskurðaðir á kröfu gerðarbeiðanda fyrr en frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurður:

Gerðarþoli, Mjólkurbú Flóamanna, greiði gerðarbeiðanda, ríkissjóði, í tekjuskatt fyrir árin 1960—1965 incl. samtals kr. 1.528.534.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 14. apríl 1970 til greiðsludags.

Lögtak fyrir skattinum skal fara fram að liðnum 8 dögum frá birtingu úrskurðar þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1972.

Nr. 175/1971. **Páll M. Jónsson**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Friðriki Kr. Sigfússyni og gagnsök
(Jón Bjarnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Fasteignakaup. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess aðallega, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum „kr. 400.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 15. des. 1968 til 1. apríl 1969, en af kr. 150.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, og 8% ársvöxtum af kr. 250.000.00 frá 25. okt. 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, ... allt að frádregnum kr. 87.357.70, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 49.800.00 frá 15. des. 1968 til 1. júní 1969, en af kr. 87.357.70 frá þeim degi til greiðsludags, sem komi til skuldajafnaðar".

Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum „kr. 257.100.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 15. des. 1968 til 1. apríl 1969, en af kr. 100.000.00 frá þeim degi til 1. maí 1969 og af kr. 150.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og 8% ársvöxtum af kr. 107.100.00 frá 25. okt. 1968 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 181.257.70, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 143.700.00 frá 15. des. 1968 til 1. júní 1969, en af kr. 181.257.70 frá þeim degi til greiðsludags, sem komi til skuldajafnaðar. Þá verði gagnáfrýjanda gert að afhenda aðaláfrýjanda veðskuldabréf skv. 7. tölulið kaupsamnings, dags. 21. ágúst 1968, ... að eftirstöðvum kr. 142.900.00, svo og greiða 8% ársvexti af eftirstöðvunum frá 25. okt. 1968 til 1. nóv. 1971".

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1971. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum „kr. 434.257.70 með 7% ársvöxtum af kr. 379.257.70 frá 25. október 1968 til 1. nóvember 1969, en af kr. 434.257.70 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði, þar með matskostnað, kr. 27.880.00, og fyrir Hæstarétti ... allt að frádregnum kr. 50.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1969 til greiðsludags og gegn afhendingu á veðskuldabréfi skv. 7. tölulið kaupsamnings aðila máls þessa, dagsettum 21. ágúst 1968, ... nú að eftirstöðvum kr. 142.900.00, svo og greiðslu á kr. 207.100.00 með 8% ársvöxtum af kr. 107.100.00 frá 25. október 1968 til greiðsludags og 7% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 15. desember 1968 til 1. maí 1969, en af kr. 100.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og 8% ársvöxtum af kr. 142.900.00 frá 25. október 1968 til 1. nóvember 1971".

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram veðskuldabréf, sem talið er, að um sé fjallað í 7. tl. kaupsamnings aðilja frá 21. ágúst 1968. Er skuldabréf þetta upphaflega að fjárhæð kr. 260.000.00, ber 8% ársvexti og skyldi greiðast upp á 7 árum í gjalddaga 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1969. Er bréfið tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni 62 við Faxabraut í Keflavík. Vextir og afborganir eru taldar greiddar til 1. nóvember 1971 og eftirstöðvar bréfsins kr. 148.571.40. Hefur gagnáfrýjandi lýst því, að hann sé reiðubúinn að afhenda bréf þetta þannig búið, að eftirstöðvar þess séu kr. 142.900.00, og að það verði tryggt með 3. veðrétti í nefndri fasteign.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega fallast á úrlausn hans um fjárhæðir einstakra kröfuliða.

Að því er tekur til úrlausnar héraðsdóms um vexti, lýstu aðiljar því yfir í málflutningi, að eigi væri ágreiningur um þá sérstaklega, og er kröfugerð þeirra um vexti í samræmi við héraðsdóm, þó svo, að gagnáfrýjandi krefst einungis vaxta frá 1. nóvember 1969 í stað 1. júní 1969 af fjárhæð

þeirri, kr. 55.000.00, er hann krefst í skaðabætur vegna þess, að hann varð að flytja úr íbúðinni í maímánuði 1969. Enn fremur miða báðir aðiljar við það í kröfugerð, að vextir af eftirstöðvum veðskuldabréfsins verði greiddir fyrir tímabilið frá 25. október 1968 til 1. nóvember 1971. Samkvæmt þessum málflutningi aðilja ber að staðfesta vaxtaákvæði héraðsdóms með þeim breytingum, sem að framan greinir.

Úrslit máls þessa verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 339.057.70 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 256.500.00 frá 15. desember 1968 til 1. júní 1969, af kr. 294.057.70 frá 1. júní 1969 til 1. nóvember 1969 og af kr. 339.057.70 frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 257.100.00 auk 8% ársvaxta af kr. 250.000.00 frá 25. október 1968 til 1. nóvember 1971 og af kr. 107.100.00 frá þeim degi til greiðsludags, 7% ársvaxta af kr. 50.000.00 frá 15. desember 1968 til 1. apríl 1969, af kr. 100.000.00 frá 1. apríl 1969 til 1. maí 1969 og af kr. 150.000.00 frá 1. maí 1969 til greiðsludags. Enn fremur afhendi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda veðskuldabréf að eftirstöðvum kr. 142.900.00, er greiðist með fjórum jöfnum árlegum afborgunum í gjalddaga 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1972. Skuldabréf þetta beri 8% ársvexti frá 1. nóvember 1971 að telja og greiðist vextir á sama tíma og afborganir. Bréf þetta sé tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni 62 við Faxabraut í Keflavík.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals kr. 90.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Páll M. Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Friðriki Kr. Sigfússyni, kr. 339.057.70 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 256.500.00 frá 15. desember 1968 til 1. júní 1969, af kr. 294.057.70 frá 1. júní 1969 til 1. nóvember 1969 og af kr. 339.057.70 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 257.100.00 auk

8% ársvaxta af kr. 250.000.00 frá 25. október 1968 til 1. nóvember 1971 og af kr. 107.100.00 frá þeim degi til greiðsludags, 7% ársvaxta af kr. 50.000.00 frá 15. desember 1968 til 1. apríl 1969, af kr. 100.000.00 frá 1. apríl 1969 til 1. maí 1969 og af kr. 150.000.00 frá 1. maí 1969 til greiðsludags. Enn fremur afhendi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda veðskuldabréf að eftirstöðvum kr. 142.900.00, er greiðist með fjórum jöfnum árlegum afborgunum 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1972. Skuldabréf þetta beri 8% ársvexti frá 1. nóvember 1971 að telja og sé tryggt með 3ja veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Faxabraut 62 í Keflavík.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 90.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 3. júní 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. apríl 1969, af Friðriki Kr. Sigfússyni tollverði, áður til heimilis að Digranesvegi 97, Kópavogi, en nú að Hringbraut 90, Keflavík, gegn Páli M. Jónssyni húsasmíðameistara, Digranesvegi 97 í Kópavogi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 291.900.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 25. október 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hans hendi.

Til vara krefst stefndi, að umkrafðar skaðabætur verði lækkaðar verulega og jafnframt verði sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 16. maí 1969, höfðaði aðalstefndi gagnsakarmál á hendur aðalstefnanda, og eru kröfur hans aðallega þær, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum samtals

kr. 350.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. desember 1968 til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Til vara gerir aðalstefndi þær kröfur, að aðalstefnandi verði dæmdur til að fullnægja eftirtöldum skyldum:

1. Greiða í peningum samtals kr. 100.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. desember 1968 til greiðsludags.
2. Afhenda veðskuldabréf í samræmi við ákvæði í 7. tl. kaupsamnings málsaðilja að viðlögðum dagsektum kr. 1.000.00 á dag.
3. Greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Loks áskilur aðalstefndi sér rétt til að framhaldsstefna í málinu til heimtu á kr. 50.000.00 ásamt vöxtum, er hann hefur fullnægt skydu sinni um framkvæmd múrverks.

Í gagnsökinni krefst aðalstefnandi þess, að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum aðalstefnda og sér tildæmdur málskostnaður.

Með stefnu, útgefinni 14. maí 1970, höfðaði aðalstefnandi framhaldssök gegn aðalstefnda, og eru dómkröfur hans þær, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 142.357.70 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 87.357.70 frá 25. október 1968 til 1. nóvember 1969, en af kr. 142.357.70 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Í framhaldssökinni gerir aðalstefndi þær kröfur, að heildarfjárhæð tildæmdra bóta verði stórlega lækkuð og sér tildæmdur málskostnaður að skaðlausu. Hann mótmælir vaxtakröfunni sérstaklega, bæði að því er tekur til vaxtafótar og upphafstímamarks vaxta. Þá krefst aðalstefndi þess, að skuld aðalstefnanda að upphæð kr. 50.000.00 samkvæmt 5. tl. kaupsamnings aðilja verði ásamt dráttarvöxtum notuð til skuldajafnaðar við kröfur aðalstefnanda í málinu.

Verða nú raktir málavextir eftir skjölum málsins og öðru því, sem fram hefur komið undir rekstri þess.

Með kaupsamningi, dags. 21. ágúst 1968, seldi aðalstefndi aðalstefnanda íbúð á efri hæð hússins nr. 97 við Digranesveg í Kópavogi, sem þá var í byggingu á vegum aðalstefnda. Í samningnum var íbúðinni lýst svo: „Efri hæð húseignarinnar Digranesvegur 97, Kópavogi, ásamt bílskúr og leigulóðarréttindum. Íbúðin afhendist 25. okt. n. k., fullbúin, að öðru leyti en því, að gólf íbúðar-

innar verði dúka- og teppalaus, en á eldhúsi og baðgólfi verði vynilgólfflísar. Í baðherbergi verði Ifo baðsett, hvít handlaug á fæti og aflangar veggflísar, er verði valdar í samráði við kaupanda. Í eldhúsi verði vifta og sjálfvirk Candyþvottavél, minni gerðin. Kaupandi sér um kaup og greiðslur á eldavélasetti AEG, eldhúsvaski með tilheyrandi blöndunartækjum, en seljandi tengir vaskinn.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún er í nú og kaupandi hefur kynnt sér.

Kaupverð alls hins selda er umsamið kr. 1.450.000.00".

Þá segir einnig svo í kaupsamningnum: „Hin selda eign skal öll vera laus til afnota 25. okt. næstkomandi. Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur. Afsal skal gefið út 15. des. næstkomandi, er kaupandi hefur fullnægt skuldbindingum sínum skv. framanskráðu. Í útihurð og til hliðar við útihurð verði tvöfalt gler, sama gerð og er í húsinu, nema annað byrði verði litað, svonefndu flöskubotnagleri. Raflögn fullfrágengin. Íbúðin verði fullmáluð, gluggar olíumálaðir, önnur málning plastmálning. Viðarloft og viðarveggir lakkað. Bílskúr á neðri hæð frágenginn, einangraður á útveggjum með 2" plasti, en 1" plasti í lofti. Stálhurð að hitaklefa. Húsið múrhúðað að utan, stétt steypt og frágengin, eins og afstöðumynd (teikning) sýnir. Þak fullfrágengið. Kaupandi afsalar rétti efri hæðar til eignar og afnota af þvottahúsi og geymslu á 1. hæð. Hitaklefi á 1. hæð verður sameign. Gatnagerðargjald og heimtaugargjald rafmagns er greitt. Skipulagsgjald er ógreitt, og greiðir kaupandi það. (Klæðning á bílskúrshurð sé eins og á útihurð). Eignarhlutfall liggi fyrir við afsal. Við afsal skal afhenda skuldabréf skv. 7. tölul. (þinglýst), gefa út tvo víxla, kr. 50.000.00 hvorn, samkv. 5. tölul., samþykkta af Jóni H. Jónssyni, framkv.stj., Njarðargötu 5, Keflavík. Gjalddagi annars víxilsins skal vera 1. maí 1969 og hins 1. apríl 1969. Útgefandi víxlanna verður Friðrik Sigfússon, Faxabraut 62, Keflavík. Fyrsta afborgun af skuldabréfi samkv. 7. tölul. skal vera hinn 1. nóv. 1969 og síðan árlega 1. nóv. ár hvert".

Enn fremur segir svo í niðurlagi samningsins: „Við afhendingu 25. okt. skuldbindur seljandi sig til að hafa aflýst veðskuldum, öðrum en á 1. veðrétti, að upphæð kr. 200.000.00".

Þegar leið að afhendingartímanum, þótti ljóst, að aðalstefndi gæti ekki fyllilega staðið við skuldbindingar sínar um aflýsingu veðskuldanna. Af þeim ástæðum gerðu málsaðiljar með sér sér-

stakt samkomulag hinn 21. október 1968, þar sem segir svo m. a.: „Þ. 21. ágúst 1968 gerðum við kaupsamning um efri hæð hússins nr. 97 við Digranesveg í Kópavogi. Skv. kaupsamningnum skyldi afsal gefið út þ. 15. des. 1968, og skyldi þá gengið frá kaupunum að öðru leyti.

Nú höfuð við ákveðið, að afsal skuli gefið út í dag, fullnaðarfrágangur hins selda megi dragast til 15. des. 1968, en að öðru leyti breytist samningurinn ekki, þ. e. kaupandi standi skil á greiðslum skv. 4., 5. og 7. tl. þ. 15. des. 1968 og að þá fari einnig fram fullnaðaruppgjör milli seljanda og kaupanda. Verði múrverki ekki lokið 15. 12. 1968, áskilur kaupandi sér rétt til að halda eftir öðrum víxlinum skv. 5. tölul., þar til því er lokið".

Aðalstefnandi flutti inn í íbúðina um miðjan október 1968, þ. e. u. þ. b. viku fyrir útgáfu afsalsins.

Í afsalinu sagði m. a.: „Hin selda eign er seld í því ástandi, sem hún er í nú og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öðru leyti en því, að seljandi lofar að hafa gengið frá hinu selda skv. lýsingu í kaupsamningi, dags. 21. ágúst 1968, eigi síðar en 15. 12. 1968, með fyrirvara um múrhúðun".

Stuttu eftir að aðalstefnandi flutti í íbúðina, kveðst hann hafa kvatt á sinn fund sölumann þann, sem haft hafði milligöngu um kaupin, og sýnt honum það, sem hann taldi þá vera áfátt með frágang íbúðarinnar með tilliti til kaupsamningsins, en það, sem um var að ræða, var m. a. loftklæðningin, gólfin, eldhúsinnréttingin, gluggaáfellur, málning og vatnsleki með gluggum, frágangur viðarklæddra veggja svo og hurðir og ísetning þeirra. Enn fremur frost í leiðslum. Kvaðst aðalstefnandi mundu taka þetta allt saman og leggja fram hinn 15. desember 1968, þegar fullnaðaruppgjör ætti að fara fram, en þá skyldi a. m. k. öllu innan húss vera lokið. Þetta kveðst aðalstefnandi hafa gert, um leið og hann greiddi kr. 100.000.00 upp í kaupverðið, og gerði jafnframt kröfu um fullar úrbætur á þeim atriðum, sem hann taldi áfátt, áður en hann innti frekari greiðslur af hendi.

Ekkert frekara gerðist í málinu fyrr en 26. janúar 1969, en þá kom aðalstefndi til fundar við aðalstefnanda í íbúðinni til að líta á og skoða þá galla, sem aðalstefnandi hélt fram, að á frágangi íbúðarinnar væru. Varð ekki samkomulag um annað en það, að aðalstefnandi bæði um dómkvaðningu matsmanna, og gerði hann það með beiðni hinn 28. s. m., en þar segir svo m. a.:

„Það helzta, sem umbj. m. telur skorta á efndir, er:

1. Loftklæðning er öll illa felld að veggjum.

2. Veggklæðning er af misjöfnum viðargerðum (ósamstæð), undirlag ójafnt og illa felld að lofti.
3. Gólflagning í baðherbergi og eldhúsi ónýt.
4. Gluggaáfellur eru úr ónothæfu efni.
5. Rúður eru illa settar í, og lekur með þeim.
6. Lekið hefir inn um austur- og suðurvegg hússins.
7. Ýmiss konar vansmíði er á eldhúsinnréttingu.
8. Leki undir útihurð og með hurðarspjaldi.
9. Gluggaspjöld og gluggar illa máluðir.
10. Hurðalistar stúfskornir í stað geirskornir.
11. Frosið hefir í vatnsleiðslum.
12. Misjöfn áferð er á hurðum og hurðaumbúnaði.

Það skal sérstaklega tekið fram, að ýmislegt er enn ógert, svo sem setja varanlega hurð fyrir bifreiðarskýli í stað bráðabirgðahurðar þeirrar, sem nú er þar, svo og húða allt húsið að utan, lagfæra tröppur og setja stétt samkvæmt teikningu, setja stálhurð fyrir hitaklefa o. s. frv., og er því hvorki efni né ástæða til þess að blanda því í mat þetta að sinni".

Til að framkvæma hið umbeðna mat voru dómkvaddir á bæjarþingi Kópavogs hinn 3. febrúar 1969 þeir Jón Kr. Þorsteinsson húsasmíðameistari og Þórður Jasonarson byggingatæknifræðingur. Skiluðu þeir matsgerð, dags. 25. marz 1969, en þar segir svo m. a.:

„2. Lýsing á göllum:

2.1. Loft eru klædd með spónlögðum furuborðum (panel), stærðarflötur borðanna 20x250 cm. Bil er á milli borðanna samtengt með „fjöður í nót". Bil þessi eiga að vera sem jöfnust og eru það nokkurn veginn í loftunum, en út við veggi er mikill stærðarmunur á bilum þessum, allbreið sums staðar, en næstum engin annars staðar. Við nánari skoðun kom í ljós, að engin bindings-grind er á bak við klæðningarborðin í öllum kverkum með veggjum, svo að einangrun loftsins er algerlega óvarin neðanfrá að sjá. Þennan frágang teljum við ekki í lagi. Þarf því að taka niður úr loftunum alla klæðningu, því samsetning hennar er þannig gerð, að annað er tæplega mögulegt án þess að eyðileggja sjálft efnið. Koma þarf fyrir lista bak við klæðningu loftþilja. Þiljur teljum við, að hægt sé að nota aftur að mestu. Þó gerum við ráð fyrir, að fjaðraþynnur, sem ákveða breidd bila á milli borðanna, verði að kaupa að nýju. Við leggjum einnig til, að þegar búið er að taka niður klæðningu loftanna, skal klæða neðan á loftbita eitt lag af sísalpappa sökum þess, að einangrun

loftanna er í minna lagi samkvæmt byggingarsamþykkt Kópavogs.

2.2. Veggjaþiljum, sem eru úr líku efni og loftklæðningin, er ekki gengið nægilega vel frá. Vantar binding á bak við klæðningu í loftkverkar, einnig er gólflisti ófullnægjandi. Undir grind í aðalstofuvegg er ekki nægilega vel afrétt, og er veggurinn því bungumyndaður. Skipta þarf um þiljur í forstofu og eldhúsveggjum, því þiljur eru úr ólíkum viðartegundum og fara illa saman.

2.3. Skipta þarf um gólfflísar á eldhús- og baðherbergisgólfum. Undirlag (múrhúðun) óslétt og þarf því að vinnast sérstaklega og slípast, áður en nýjar flísar verða lagðar.

2.4. Efni í gluggaáfellum er úr því efni, sem ekki þolir það rakastig, sem myndast í gluggunum, og teljum við því nauðsynlegt að skipta um allar gluggaáfellur og vinna þær að nýju úr haldgóðum efnivið.

2.5. Rúður í gluggum eru óþéttar, þarf því að taka þær úr og kítta upp að nýju og sé þá notað kítti, sem er viðurkennd góð vara til kíttunar á tvöföldu gleri.

2.6. Leki á austur- og suðurvegg hússins á sennilega orsakir sínar að rekja til galla í steinsteypu veggja. Þegar húsið verður múrhúðað að utan, teljum við vandalítið að gera við lekastaði um leið. Hins vegar er leki þessi búinn að skemma plötuklæðningu innanhúss á suðurvegg. Verður því að skipta um plötur í suðurvegg hússins og setja upp nýjar í staðinn, enda koma fleiri orsakir, sem nánar verður lýst síðar, sjá 2.14.

2.7. Smíði og frágangur á eldhússkápum er ekki nægilega góður. Lagfæra þarf hurðir, skúffur og harðplast á borðum, hurðum og skúffum. Teljum við, að í sumum tilfellum verði að smíða nýjar hurðir og skúffur til þess að samræmi náist í heild innréttingarinnar.

2.8. Losa þarf aðalútihurðarkarm úr opi sínu, hækka þarf opið og hurðarkarminn. Þetta stafar af því, að nú kemur vatn inn með karmi, aðallega undir undirstykki, og svo þarf einnig að þétta og líma upp hurðina, því spjald í hurð og karmi eru nú ekki vatnsþétt, einnig kemur vatn inn við rúðu og bréfloku.

2.9. Gluggar og gluggaspjöld málast að nýju jafnhliða gluggaáfellum, sjá 2.4.

2.10. Við teljum rétt að skipta um 5 innihurðir og karma með listum. Hurðir eru nú úr allt annarri eikartegund en til dæmis karmar, en listar og karmlistar úr enn annarri tegund, svo er önnur lakkáferð á hurðunum heldur en á körmum og listum.

2.11. Vatn hefur frosið í leiðslum, sem staðsettar eru í norður- og austurútveggjum. Pípur þessar munu vera vafðar með álpappír, en pappír þessi hefur ekki neitt einangrunargildi, nema síður sé. Þarf því að rjúfa veggi þessa, til þess að hægt sé að einangra pípurnar á fullnægjandi hátt.

2.12. Þessum lið er lýst í 2.10.

2.13. Breyta þarf svaladyrum, vatn kemst nú undir undirstykki karms. Verður því að saga neðan af karmi, hækka upp undirstykki. Þessi breyting orsakar, að smíða þarf nýja svalahurð og koma henni aftur fyrir ásamt viðeigandi þéttingu með hurðarkarmi.

2.14. Þann 15. 3. 1969 vorum við boðaðir til þess að skoða leka í stofu og anddyri efri hæðar hússins Digranesvegi 97. Leki orsakaðist í gegnum áðurgreinda steypugalla o. fl. En þegar búið var að rífa upp frágang við svaladyr, kom í ljós, að hitalögn, sem staðsett er í útvegg, er ekki nægilega vel einangruð, aðeins vafin með pappa, en skal vera einangruð með minnst 2 cm þykku einangrunarlagi úr viðurkenndu einangrunarefni. Leggjum við því til, að rifið sé innan úr húsinu klæðning útveggja, svo hægt sé að breyta og einangra hitalagnir að nýju.

3. Kostnaðaráætlun:

1.	Rífa þiljur af veggjum og loftum, setja binding í kverkar, pappaleggja loft og ganga frá þiljum að nýju.		
	Efni	kr. 24.800.00	
	Vinna	— 38.400.00	kr. 63.200.00
2.	Rífa spónaplötur af útveggjum og síðan ganga frá þeim að nýju.		
	Efni	kr. 7.000.00	
	Vinna	— 12.700.00	— 19.700.00
3.	Rífa áfellur frá gluggum og setja upp að nýju.		
	Efni	kr. 6.600.00	
	Vinna	— 13.000.00	— 19.600.00
4.	Mála glugga, gluggaspjöld og áfellur.		
	Efni	kr. 3.300.00	
	Vinna	— 10.100.00	— 13.400.00
5.	Rífa upp gólffflísar af bað- og eldhúsgólfum og setja nýjar í staðinn.		
	Efni	kr. 8.800.00	
	Vinna	— 4.800.00	— 13.600.00
6.	Skipta um 5 innihurðir og karma.		
	Efni og vinna		— 22.500.00

7. Endurbætur á eldhússkápum.
   Efni og vinna .. .. kr. 25.600.00
8. Breyting og frágangur á útihurð.
   Efni og vinna .. .. — 10.500.00
9. Kítta upp gler í gluggum að nýju.
   Efni og vinna .. .. — 12.000.00
10. Lagfæra veggflísar í baðherbergi.
   Efni og vinna .. .. — 13.800.00
11. Einangra og breyta hita- og vatnslögnum í útveggjum.
   Efni .. .. kr. 9.700.00
   Vinna .. .. — 21.000.00 — 30.700.00
12. Svalahurð og breyting á karmi.
   Efni og vinna .. .. — 7.300.00
13. Ýmsar útréttingar og akstur .. .. — 5.000.00
14. Verndun á húsgögnum, innbúi, gólfteppum, tilfærslur og önnur óþægindi .. .. — 35.000.00

Kostnaður alls kr. 291.900".

Eigi tókust neinir samningar milli málsaðilja á grundvelli þessarar matsgerðar, og hóf aðalstefnandi málsókn þessa með útgáfu stefnu hinn 15. apríl 1969, eins og áður er greint. Aðalstefndi höfðaði gagnsakarmál með stefnu, útgefinni 16. maí 1969. Síðar undir rekstri málsins höfðaði aðalstefnandi framhaldssök, sem sameinuð var aðalmálinu, með stefnu, útgefinni 14. maí 1970. Framhaldssökina byggði aðalstefnandi á matsgerð dómkvaddra manna samkvæmt matsbeiðni, dags. 4. desember 1969, en þar segir m. a.:

„Með kaupsamningi, dags. 21. ágúst 1968, seldi Páll M. Jónsson, Digranesvegi 97, Kópavogi, umbj. m., Friðriki Kr. Sigfússyni, Keflavík, efri hæð húseignarinnar nr. 97 við Digranesveg í Kópavogi.

Hið selda var þá í smíðum. Fyrir utan ýmsa galla, sem á hinu selda húsnæði eru og nú stendur mál út af á bæjarþingi Kópavogs, er ýmislegu enn ólokið við smíðina, sem samkvæmt samningum á að vera löngu lokið.

Umbj. m. vill ekki bíða lengur eftir efndum á þessum atriðum hjá seljanda, og fer ég þess því hér með á leit við yður, hr. bæjarfógeti, að þér svo fljótt sem kostur er, dómkveðjið tvo hæfa menn og óvilhalla til þess að meta til fjár kostnað við að ljúka því,

sem eftir er að gera við framangreindan hluta fasteignarinnar nr. 97 við Digranesveg, Kópavogi, samkvæmt umgetnum kaupsamningi, en það telur umbj. m. vera meðal annars eftirfarandi:

Húsið múrhúðað að utan, stétt steypt og frágengin, eins og afstöðumynd (teikning) sýnir. Þak fullfrágengið. Klæðning á bílskúrshurð sé eins og á útihurð".

Til þess að framkvæma hið umbeðna mat, voru dómkvaddir á bæjarþingi Kópavogs hinn 10. desember 1969 þeir Jósef Halldórsson húsasmíðameistari og Þórður Þórðarson múrarameistari, og skiluðu þeir matsgerð sinni 20. apríl 1970, en þar segir m. a. svo:

„Skoðun fór fram 14. 4. 1970, kl. 14.30. Mættir voru auk matsmanna Jón Bjarnason, hrl., fyrir hönd matsbeiðanda, matsþoli, Páll M. Jónsson, og með honum Stefán Hirst, hdl.

Við skoðun kom í ljós:

1. Eftir er að múrhúða vesturhlið, norðurgafl og leggja pússningarlag ofan á þakplötu. Bora loftgöt á norðurgafl vegna útöndunar á þaki.
2. Í bílskúrsdyrum er bráðab.hurð og blikkhurð fyrir kyndiklefa.
3. Stétt er óbyggð.

Kostnað við upptalin atriði teljum við hæfilega metinn, eins og hér segir:

1. Múrhúðun og vinnupallar	kr.	61.570.00
2. Hurð í bílskúr og kyndiklefa	—	37.500.00
3. Stétt	—	12.300.00
	Kr.	111.370.00".

Verða nú kröfur aðilja í hverri sök fyrir sig raktar og gerð grein fyrir rökstuðningi þeirra.

Aðalsök.

Kröfur sínar um skaðabætur að fjárhæð kr. 291.900.00 rökstyður aðalstefnandi með tilvísun til kaupsamningsins frá 21. ágúst 1968 og matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna.

Í greindum kaupsamningi sé nákvæmlega upptalið, hvernig aðalstefnda hafi borið að skila íbúðinni. Þegar kaupin voru gerð, var íbúðin í smíðum. Allur aðdragandi kaupanna og framkoma aðalstefnanda hafi hlotið að vekja þá hugmynd hjá aðalstefnda, að þar væri um vandlátan kaupanda að ræða. Þar sem aðalstefndi sé byggingameistari og annaðist framkvæmdir sjálfur, hafði aðal-

stefnandi fulla ástæðu til að treysta því, að umsömdum skilyrðum hans um vandaðan frágang íbúðarinnar yrði fullnægt. Aðstæður aðalstefnanda, sem stundaði störf í öðru lögsagnarumdæmi, vörnuðu honum þess að hafa stöðugt eftirlit með framkvæmdum, enda hafði hann í upphafi enga ástæðu til að vantreysta aðalstefnda um frágang og framkvæmdir.

Þegar svo leið að umsömdum afhendingartíma, varð ljóst, að aðalstefndi gat alls ekki staðið við þær skuldbindingar sínar að láta aflýsa þeim veðböndum af eigninni, sem voru aðalstefnanda óviðkomandi, en þar var um að ræða 7 eða 8 aðfararveð. Þar sem fleiri fjárnámsgerðir voru yfirvofandi hjá aðalstefnda, var gripið til þess ráðs að hraða útgáfu afsals til þess eins að firra aðalstefnanda stóráföllum. Var þá gert sérstakt skriflegt samkomulag milli aðilja um þetta atriði. Þegar gengið var frá afsalinu hinn 21. október 1968, bar aðalstefnandi fram mótmæli út af orðalaginu „Hin selda eign er seld í því ástandi, sem hún nú er í og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við ...“, en þá hafi verið tekið fram, að þetta væri venjubundið orðalag í afsölum og auk þess væri sérstaklega tekið fram, að gengið skyldi frá íbúðinni samkvæmt lýsingu í kaupsamningi eigi síðar en 15. desember 1968. Aðalstefnandi mótmælir sérstaklega málsástæðu aðalstefnda, sem byggist á þeim skilningi, sem hann leggur í ofangreint orðalag í afsalinu, og bendir á til frekari áréttingar, að samkvæmt kaupsamningnum og samkomulaginu frá 21. október 1968 skyldi ganga frá kaupunum hinn 15. desember 1968 með fullnaðaruppgjöri milli aðilja.

Með matsgerð þeirra Jóns Kr. Þorsteinssonar og Þórðar Jasonarsonar, sem lögð er fram í málinu, sé sannað, hverjir gallar hafi verið á íbúðinni og hvernig aðalstefndi hafi vanefnt samningsbundnar skyldur sínar um frágang hennar að öðru leyti og hve mikið kosti að bæta þar úr. Séu niðurstöður hinna dómkvöddu matsmanna ítarlega rökstuddar og sundurliðaðar og hafi þeir báðir staðfest matsgerðina fyrir dómi. Aðalstefnda hafi í engu tekizt að hnekkja matsgerðinni eða rýra gildi hennar. Hljóti þetta að leiða til þess, að dæma beri aðalstefnda til greiðslu umkrafðra skaðabóta að upphæð kr. 291.000.00 ásamt vöxtum og málskostnaði.

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að aðalstefnandi hafi með yfirlýsingu sinni í 3. mgr. afsalsins firrt sig öllum rétti til skaðabóta úr hendi aðalstefnda, þar sem ótvírætt komi í ljós, að hann samþykki ástand íbúðarinnar eins og það var þá, þ. e. 21.

október 1968. Verði að telja það vafalaust, að aðalstefnandi hafi séð eða mátt sjá, hversu ástandi húss og framkvæmda við smíði alla var háttað, enda íbúðin í smíðum og því hægara um vik við alla skoðun hins keypta. Það sé fram komið í málinu, að flest það, sem í matsgerðinni sé talið gallað eða áfátt talið um frágang þess, hafi þannig legið fyrir þegar í öndverðum viðskiptum málsaðilja.

Varakröfu sína rökstyður aðalstefndi með því, að jafnvel þótt áðurnefnd yfirlýsing aðalstefnanda í afsalinu yrði ekki að öllu leyti talin bindandi fyrir hann, geti aldrei orðið efni til að gera aðalstefnda ábyrgan fyrir öðru tjóni en því, er rekja megi til ástands, sem eigi hafi verið á færi aðalstefnanda að sjá við rækilega skoðun kaupanda við kaup á fasteign, enda verði að leggja ríka skoðunarskyldu á kaupanda í slíku tilviki. Við athugun matsgerðarinnar verði eigi betur séð en að í aðeins tveimur liðum af 13 geti hugsanlega verið um leynda galla að tefla, þ. e. samkvæmt liðum 2.11. og 2.14. Aðalstefndi mótmælir matsgerðinni sem ófullkominni varðandi þessi tvö atriði og vísar matsgerðinni í heild á bug sem sér alls óviðkomandi.

Aðalstefndi mótmælir vaxtakröfu aðalstefnanda sem of hárri.

Framhaldssök.

Kröfur sínar í framhaldssökinni sundurliðar aðalstefnandi þannig:

I. Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna.

1. Múrhúðun og vinnupallar, 61% af kr. 61.570.00	kr.	37.557.70
2. Hurð í bílskúr og kyndiklefa	—	37.500.00
3. Stétt	—	12.300.00
	Kr.	87.357.70
II. Skaðabætur	—	55.000.00
	Samtals kr.	142.357.70

Hann gerir grein fyrir kröfum sínum á þá leið, að fyrri liðurinn sé byggður á matsgerð dómkvaddra manna um atriði, sem samningsbundið var milli málsaðilja, að aðalstefndi léti fylgja með í kaupunum. Vísar hann til ákvæða kaupsamningsins að þessu lútandi. Hinir dómkvöddu matsmenn hafi komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína og sé ekkert fram komið í málinu, sem hnekki henni að neinu leyti.

Síðari liðinn kveður aðalstefnandi vera kröfu sína um skaðabætur, þar sem hann varð að flytja fyrirvaralaust úr íbúðinni í maí 1969, en þá var íbúðin úrskurðuð óíbúðarhæf af héraðslækninum í Kópavogi. Hafði sveppagróður myndazt við útveggi vegna leka og raka. Varð aðalstefnandi að fá sér leigt annars staðar og flutti til Keflavíkur, en íbúðin stóð mannlaus frá 1. júní 1969 til 1. nóvember s. á., og telur aðalstefnandi tjón sitt kr. 8.500.00 á mánuði þennan tíma, eða kr. 42.500.00. Við þetta bætist flutningskostnaður, þ. á m. á síma, svo og hitakostnaður. Verði að telja, að kröfum sínum samkvæmt þessum lið sé mjög í hóf stillt og sýnist því einsýnt, að taka beri þær til greina að öllu leyti eins og fyrri kröfuliðinn, enda sé þeim kröfulið alls eigi mótmælt tölulega.

Aðalstefndi hefur lýst því yfir, að atriði þau undir töluliðum nr. 1—3 í matsgerð þeirra Jósefs Halldórssonar og Þórðar Þórðarsonar séu óumdeilanlega ófrágengin.

Hann rökstyður kröfur sínar í framhaldssökinni með því að vísa til þess, að í afsalinu hafi hann gert fyrirvara um framkvæmd múrhúðunarinnar, og í yfirlýsingunni frá 21. október 1968 hafi orðið það samkomulag með þeim málsaðiljum, að aðalstefnandi héldi eftir víxli að fjárhæð kr. 50.000.00, þar til múrverki yrði lokið, en víxill þessi var hluti kaupverðsins. Hann kveðst líta svo á, að þetta samkomulag sé enn í fullu gildi og þar af leiði, að krafa aðalstefnanda um peningagreiðslu fyrir hið ólokna múrverk sé ósamrýmanleg þessu samkomulagi, enda megi segja, að aðalstefnandi hafi þegar í höndunum fé frá sér fyrir múrverkinu. Geri hann því kröfu um algera sýknu að þessu leyti. Verði hins vegar á sig lögð greiðsluskylda í þessu atriði, gerir aðalstefndi skuldajafnaðarkröfu vegna 50 þús. króna víxilsins.

Aðalstefndi kveðst ekki mótmæla atriði nr. 2 í fyrri kröfuliðnum, en mótmælir því, að sér verði gert að greiða meira en 61% af fjárhæð 3ja atriðis.

Kröfulið nr. II um húsaleigu o. fl. vísar aðalstefndi alfarið á bug sem sér alls óviðkomandi. Hann mótmælir því, að atvik, sem hann beri ábyrgð á, hafi valdið því, að aðalstefnandi flutti úr íbúðinni.

Þá mótmælir aðalstefndi vaxtakröfu aðalstefnanda, bæði að því er tekur til vaxtafótar og upphafstíma vaxta.

Gagnsök.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir kröfugerð aðalstefnda í gagnsök.

Hann rökstyður kröfur sínar með því, að vanefndir aðalstefnanda um full skil kaupverðsins til sín, sbr. skýr ákvæði kaupsamningsins, valdi því, að eftirstöðvar kaupverðsins hafi allar fallið í gjalddaga hinn 15. desember 1968.

Hins vegar byggist varakrafan alfarið á því, sem hann eigi skýlausan rétt til samkvæmt orðanna hljóðan í kaupsamningnum. Megi í því efni benda á, að umsamdir gjalddagar tveggja víxla samkvæmt 5. tl. kaupsamningsins séu nú löngu liðnir.

Aðalstefnandi rökstyður kröfur sínar um sýknu að svo stöddu með vísan til þess, að þegar leið að 15. desember 1968, hafi þegar verið kominn fram meginhluti þeirra galla, sem á íbúðinni voru, og jafnframt var ljóst, að stórfé mundi kosta að bæta úr þeim. Auk þess hafi aðalstefndi þá hvorki múrhúðað húsið utan, fullgengið frá þaki, steypt stétt og gengið frá henni né sett í bílskúrshurðina samkvæmt kaupsamningnum. Því hafi aðalstefnandi ákveðið að halda eftir í tryggingarskyni kr. 50.000.00 af peningagreiðslunni, víxlunum og veðskuldabréfinu. Hafi þetta verið sér bæði rétt og skylt vegna hinna miklu vanefnda aðalstefnda, enda hafi engum mótmælum eða athugasemdum verið hreyft út af þessu af hálfu gagnaðilja fyrr en í greinargerð í aðalsök hinn 8. maí 1969.

Aðalstefnandi tekur fram í sambandi við sýknukröfu sína, að hann muni jafnskjótt og dómur fellur í málinu, inna af hendi greiðslur sínar samkvæmt kaupsamningnum að frádregnum þeim bótum, sem sér verði tildæmdar.

Hann mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu aðalstefnda.

Um aðalsök.

Þegar öll málsatvik og framkomin rök eru virt, verður eigi fallizt á þá málsástæðu aðalstefnda, að aðalstefnandi hafi firrt sig öllum rétti til bóta fyrir það að taka við afsalinu hinn 21. október 1968 með hinu hefðbundna orðalagi í skjalinu. „... Hin selda eign er seld í því ástandi, sem hún nú er í og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við ...“, enda segir í framhaldi málsgreinarinnar, „... að öðru leyti en því, að seljandi lofar að hafa gengið frá hinu selda skv. lýsingu í kaupsamningi, dags. 21. ágúst 1968, eigi síðar en 15. des. 1968, með fyrirvara um múrhúðun“.

Þegar kaupin voru gerð, var íbúðin í smíðum, og var mjög nákvæmlega rakið í kaupsamningnum, hvernig smíði og frágangi öllum skyldi hagað í einstökum atriðum. Íbúðina átti að afhenda

25. október 1968 og afsal að fara fram 15. desember 1968. Útgáfa afsalsins var síðan ákveðin í október vegna hættu samfara aðfarargerðum gegn aðalstefnda, sem hann virtist ekki geta tryggilega afstýrt.

Rétt þykir að skýra ofangreint ákvæði í afsalinu með það fyrst og fremst í huga, að áherzla sé lögð á það, að hinn 15. desember 1968 skyldi fram fara úttekt á smíði og öllum frágangi íbúðarinnar af hendi aðalstefnda í samræmi við ákvæði kaupsamningsins. Verður eigi talið, að um þetta breytist nokkuð, þótt aðalstefnandi kæmi ekki fram með formlega kröfugerð strax við afhendingu íbúðarinnar um miðjan október 1968, eins og málum var háttað um þessi íbúðarkaup.

Því er ómótmælt af hálfu aðalstefnda, að aðalstefnandi hafi borið fram ákveðnar kvartanir og kröfur um úrbætur strax um miðjan desember 1968. Með hliðsjón af þessu og því, sem nú hefur verið rakið, verður talið, að hann hafi komið fram með kvartanir sínar og kröfur í tíma og síðan rekið mál sitt á eðlilegan hátt. Samkvæmt þessu er það álit réttarins, að hann hafi hvorki glatað rétti til skaðabóta úr hendi aðalstefnda fyrir vangeymslu né fyrir þegjandi samþykki, sbr. það sem greint er að ofan.

Matsgerð þeirra Jóns Kr. Þorsteinssonar og Þórðar Jasonarsonar hefur verið rakin hér að framan. Þeir hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest hana. Verður eigi talið, að aðalstefnda hafi tekizt að hnekkja matsgerðinni í neinum grundvallaratriðum.

Með matsgerðinni telst sannað, að ýmsir gallar hafi verið á hinni seldu íbúð og að mörgum atriðum í smíði hennar og frágangi hafi verið ábótavant í verulegum mæli. Ber því að fallast á það með aðalstefnanda að dæma aðalstefnda til greiðslu skaðabóta af þessum sökum.

Við ákvörðun skaðabóta verður matsgerðin lögð til grundvallar, en jafnframt tekið fram það álit dómsins, byggt á mjög ítarlegri skoðun á vettvangi í öllum atriðum, sérstaklega af hendi hinna sérfróðu meðdómsmanna, að í einstökum þáttum geri matsmenn ráð fyrir frágangi eða gerð, sem telja verði fara fram úr þeim mörkum, sem eðlilegt sé að miða við, að venjulegur kaupandi geti talið sig eiga rétt til í slíkum íbúðarkaupum sem þessum.

Verða nú einstakir liðir matsgerðarinnar athugaðir.

Niðurstaða matsmanna um kostnað við að bæta úr göllum, sem í 1. lið kostnaðaráætlunar greinir, nemur samtals kr. 63.200.00.

Að framan er lýst skoðun matsmanna og áliti. Fallast ber á

álit þeirra og niðurstöðu, og verður því aðalstefndi dæmdur til að greiða kr. 63.200.00 í bætur samkvæmt þessu atriði.

Með sömu rökum verður fallizt á næsta lið, kr. 19.700.00.

Við vettvangsskoðun dómenda og lögmanna aðilja komu fram skýrar yfirlýsingar af hálfu aðilja þess efnis, að eigi hafi verið skipt um gluggaáfellur, frá því þær voru settar upp í upphafi. Gluggaáfellur hafa hins vegar verið málaðar síðan.

Það er álit réttarins, að ástand þeirra og frágangur allur megi teljast óaðfinnanlegur. Verður því eigi fallizt á skoðun matsmanna um þetta atriði, þar sem eigi verði séð, að efnið í þeim sé þannig, að það þoli ekki það rakastig, sem í gluggunum myndast við eðlilegar aðstæður. Ber því að sýkna aðalstefnda um greiðslu bóta vegna 3. liðarins.

Atriði nr. 4 fjallar um málun glugga, gluggaspjalda og gluggaáfellna, og er niðurstaða matsmanna um kostnað við það samtals kr. 13.400.00.

Með tilvísun til matsgerðarinnar verður þessi liður tekinn til greina að fullu.

Næsti liður fjallar um lagfæringu á gólfflísum í baði og eldhúsi.

Með tilvísun til matsgerðarinnar ber að taka þann lið til greina að fullu, en niðurstaða matsmanna um kostnað við þetta nemur kr. 13.600.00.

Niðurstaða matsmanna um næsta atriði nemur kr. 22.500.00, en þar er gert ráð fyrir, að skipt sé um 5 innihurðir og karma.

Eigi verður á það fallizt, að aðalstefnandi eigi rétt á að fá skipt um allar innihurðir og karma, þar sem þetta má teljast vera alveg gallalaust, þótt ekki sé alveg sama eikartegund á hurðum, körmum og listum. Er hér fyrst og fremst um smekksatriði að ræða. Þó verður að telja óeðlilegt og til lýta, að önnur lakkáferð er á hurðunum en á körmum og listum. Með tilliti til þess verða bætur samkvæmt þessu atriði ákveðnar kr. 7.500.00.

7. atriði fjallar um endurbætur á eldhússkápum, og er niðurstaða matsmanna í því efni kr. 25.600.00.

Á vettvangi gerðu dómendur mjög ítarlega skoðun á eldhúsinnréttingunni. Það er álit þeirra, að smíði innréttingarinnar sé yfirleitt fremur vönduð og heildarsvipur góður. Fallast verður á þá skoðun matsmanna, að lagfæra þurfi einstaka hurðir og skúffur svo og harðplast á borðum, hurðum og skúffum á nokkrum stöðum, en eigi verður talið, að nauðsynlegt sé að smíða

nýjar hurðir eða skúffur við þessar lagfæringar. Bætur vegna þessa atriðis teljast hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00.

Fallast ber á niðurstöðu matsmanna um næsta atriði, en það fjallar um breytingu og frágang á útihurð, og nemur sá kostnaður kr. 10.500.00.

Sama gildir um liði nr. 9, 10, 11 og 12 í kostnaðaráætlun matsmanna.

Að framan er þessum atriðum lýst, og með tilvísun til þess og skoðunar dómenda á vettvangi þykir rétt að dæma aðalstefnanda bætur eftir niðurstöðum matsmanna.

Liður nr. 13 fjallar um kostnað við ýmsar útréttingar og akstur við allar endurbætur og lagfæringar, og er niðurstaða matsmanna í þessu efni kr. 5.000.00. Þykir rétt að taka þennan lið til greina að fullu.

Síðasta atriðið í kostnaðaráætlun matsmanna fjallar um verndun á húsgögnum, innbúi, gólfteppum, tilfærslur og önnur óþægindi. Niðurstaða matsmanna um þennan kostnað er kr. 35.000.00, og er þá m. a. miðað við húsnæðiskostnað í 6 vikur á hóteli, meðan á lagfæringum stendur, svo og umframkostnað venjulegs heimilishalds í sama tíma.

Aðalstefndi hefur mótmælt þessu atriði sérstaklega og með tilvísun til þess, að bóta sé krafizt á sama grundvelli í framhaldssökinni.

Eigi verður talið, að fram séu komin af hálfu aðalstefnanda þau rök, sem nægi til þess, að rétt þyki, að honum séu dæmdar bætur á þessum grundvelli, eins og hann leggur málið fyrir í heild. Verður þessi niðurstaða réttarins varðandi þetta atriði höfð í huga í sambandi við 2. kröfulið aðalstefnanda í framhaldssök.

Samkvæmt þessu verða aðalstefnanda dæmdar bætur í aðalsök (kr. 63.200.00 + 19.700.00 + 13.400.00 + 13.600.00 + 7.500.00 + 10.000.00 + 10.500.00 + 12.000.00 + 13.800.00 + 30.700.00 + 7.300.00 + 5.000.00), samtals kr. 206.700.00 með vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 15. desember 1968 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum í aðalsök þykir rétt að dæma aðalstefnda til greiðslu málskostnaðar, og verður það haft í huga við ákvörðun málskostnaðar í framhaldssökinni hér á eftir.

Um framhaldssök.

Að framan er kröfugerð aðilja í framhaldssökinni lýst svo og rökstuðningi þeirra.

Fyrri liður kröfu aðalstefnanda er byggður á matsgerð þeirra

Jósefs Halldórssonar og Þórðar Þórðarsonar, sem báðir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Verður talið, að ekkert sé fram komið í málinu, sem hnekkir niðurstöðum þeirra í matsgerðinni.

Með tilvísun til kaupsamnings aðilja og allra málsatvika þykir rétt að taka kröfulið þennan til greina að fullu, en upphæð hans nemur samtals kr. 87.357.70. Rétt þykir að ákveða, að aðalstefndi greiði vexti frá 15. desember 1968 af kr. 49.800.00, en af kr. 87.357.70 frá 1. júní 1969 vegna fyrirvarans um framkvæmd múrhúðunarinnar.

Seinni liðurinn er krafa aðalstefnanda um skaðabætur að upphæð kr. 55.000.00, byggð á því, að hann hafi neyðzt til að flytja fyrirvaralaust úr íbúðinni í maí 1969, en þá hafði íbúðin verið dæmd óíbúðarhæf af Kjartani J. Jóhannssyni héraðslækni vegna sveppagróðurs, sem myndazt hafði við útveggi sökum raka og leka. Hefur aðalstefnandi lagt fram vottorð héraðslæknisins um þetta atriði.

Að framan er lýst rökum aðilja varðandi þennan lið kröfugerðarinnar.

Með tilvísun til allra málavaxta og framkominna gagna um þetta atriði þykir rétt að dæma aðalstefnanda bætur á þessum grundvelli, og teljast þær hæfilega ákveðnar kr. 45.000.00.

Með tilvísun til allra málavaxta og niðurstöðu dómsins varðandi bætur fyrir þann hluta múrverksins, sem ólokið er, þykir rétt að taka kröfu aðalstefnda um skuldajöfnuð vegna 50.000.00 króna víxilsins til greina.

Niðurstaða dómsins í framhaldssökinni er því sú, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda samtals kr. 132.357.70 með vöxtum, sem ákveðast 7% á ári af kr. 49.800.00 frá 15. desember 1968 til 1. júní 1969, en af kr. 132.357.70 frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum kr. 50.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1969 til greiðsludags. Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma aðalstefnda til að greiða málskostnað.

Málskostnaður í aðalsök og framhaldssök, þ. m. t. kostnaður við matsgerðir, þykir hæfilega ákveðinn kr. 72.000.00.

Um gagnsök.

Kröfum aðilja í gagnsökinni er lýst hér að framan svo og rökstuðningi þeirra hvors um sig.

Óumdeilt er, að aðalstefnandi átti eftir að greiða kr. 350.000.00 af umsömdu kaupverði íbúðarinnar auk víxils að upphæð kr. 50.000.00, sem samkomulag varð um, að aðalstefnandi greiddi,

þegar múrverki væri lokið, en greiðsla þessara kr. 350.000.00 átti að fara fram hinn 15. desember 1968 samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins.

Eins og á stóð hinn 15. desember 1968, að fram voru komnir mjög verulegir gallar á smíði og frágangi íbúðarinnar, sem mátti með nokkuð öruggri vissu telja, að mikið fé kostaði að bæta úr, verður það að teljast réttlætanlegt eftir atvikum, að aðalstefnandi héldi eftir þessum greiðslum, þar til hann hefði fengið fram ákveðin úrslit um þessi atriði. Verður því eigi fallizt á, að efni séu til þess að taka aðalkröfu aðalstefnda um eindögun eftirstöðva kaupverðsins til greina.

Rétt þykir með tilvísun til allra málavaxta að taka varakröfu aðalstefnda til greina að öllu leyti, nema að því er varðar dagsektarkröfu, þó þannig, að tekið verður tillit til tímans, sem liðinn er varðandi greiðslu hluta kaupverðsins með 7 ára skuldabréfi, tryggðu með veði í Faxabraut 62 í Keflavík, en þetta byggist m. a. á yfirlýsingum af hálfu aðalstefnanda um þetta atriði við munnlegan málflutning.

Samkvæmt ofansögðu verður niðurstaða í gagnsök sú, að aðalstefnandi verður dæmdur til að greiða aðalstefnda kr. 100.000.00 með vöxtum, sem þykja rétt ákveðnir 7% á ári af kr. 50.000.00 frá 15. desember 1968 til 1. maí 1969, en af kr. 100.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 107.100.00 með 8% ársvöxtum frá 25. október 1968 til greiðsludags, og enn fremur verður aðalstefnandi dæmdur til að afhenda aðalstefnda veðskuldabréf að upphæð kr. 142.900.00 til fjögurra ára frá 25. október 1971 að telja. Bréfið skal bera 8% vexti og vera tryggt með 3ja veðrétti í fasteigninni Faxabraut 62 í Keflavík. Rétt þykir, að aðalstefndi greiði 8% vexti af kr. 142.900.00 frá 25. október 1968 til afhendingar ofangreinds veðskuldabréfs.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi St. Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Þ. Þorsteinssyni byggingatæknifræðingi og Vagni E. Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Páll M. Jónsson, aðalstefnanda, Friðriki Kr. Sigfússyni, kr. 206.700.00 með 7% ársvöxtum frá 15. desember 1968 til greiðsludags.

Í framhaldssök greiði aðalstefndi aðalstefnanda kr. 132.357.70 með 7% ársvöxtum af kr. 49.800 frá 15. desember 1968 til 1. júní 1969, en af kr. 132.357.70 frá þeim degi til greiðsludags — allt að frádregnum kr. 50.000.00, með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1969 til greiðsludags.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 72.000.00 í málskostnað í aðalsök og framhaldssök.

Í gagnsök greiði aðalstefnandi aðalstefnda kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 15. desember 1968 til 1. maí 1969, en af kr. 100.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 107.100.00 með 8% ársvöxtum frá 25. október 1968 til greiðsludags.

Enn fremur skal aðalstefnandi afhenda aðalstefnda skuldabréf að upphæð kr. 142.900.00, sem greiðast skal á fjórum árum frá 25. október 1971 að telja. Beri bréfið 8% ársvexti og skal tryggt með 3ja veðrétti í fasteigninni nr. 62 við Faxabraut í Keflavík.

Þá ber aðalstefnanda að greiða aðalstefnda í peningum 8% ársvexti af kr. 142.900.00 frá 25. október 1968 til afhendingar ofannefnds veðskuldabréfs, enda beri það vexti frá sama tíma.

Málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu.

Föstudaginn 23. júní 1972.

Nr. 116/1971. **Gunnar A. Pálsson**
(Hörður Einarsson hrl.)
gegn
Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar
(Þorsteinn Geirsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Erfðafesta. Bætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann þess:

„1) að viðurkennt verði með dómi, að taka erfðafestulandsins Kópavogsblettur XVIII úr erfðafestu á grundvelli undirmatsgerðar, dags. 23. apríl 1963, og yfirmatsgerðar, dags. 6. apríl 1964, hafi verið óheimil;

2) að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda kr. 20.000.00 í kostnað vegna framangreindra matsmála ásamt 7% ársvöxtum frá 30. maí 1964 til greiðsludags;

3) að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að láta fara fram eignarnámsmat á erfðafesturéttindum áfrýjanda yfir Kópavogsbletti XVIII í samræmi við fyrirmæli 2. gr. laga nr. 32/1957;

4) að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins;

5) að áfrýjandi verði sýknaður af kröfu stefnda um ómerkingu ummæla, sem í héraðsdómi greinir".

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, afsalaði landbúnaðarráðherra Kópavogskaupstað hinn 15. ágúst 1957 löndum jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildum nokkrum nánar tilgreindum landsvæðum. Tók afsalið m. a. til lands þess, sem áfrýjandi hafði á erfðafestu samkvæmt erfðafestusamningi frá 9. ágúst 1938. Afsal landbúnaðarráðherra átti

stoð í lögum nr. 32/1957. Í bréfi bæjarstjórans í Kópavogskaupstað til áfrýjanda frá 6. september 1962 var frá því skýrt, að bæjarráð kaupstaðarins hefði ákveðið, að land hans „ásamt öðrum erfðaleigulöndum á þessu svæði, skuli tekið til skipulagningar og bygginga". Samkvæmt því og með vísan til erfðafestusamnings var sagt upp „leigu á landinu af hálfu Kópavogskaupstaðar sem landeiganda og jafnframt óskað eftir, að samningar um bætur fyrir ræktun og/eða mannvirki á landinu geti hafizt sem fyrst ...". Í bréfinu er vitnað í „15. gr. erfðaleigusamnings um landið Kbl. XVIII", en málflutningsmenn aðilja voru sammála um, að þar sé um mistök að ræða og eigi ívitnun við 10. gr. samningsins. Gat áfrýjanda ekki dulizt, að við það ákvæði samnings væri átt. Frummatsgerð tveggja dómkvaddra manna er dagsett 23. apríl 1963, en yfirmatsgerð fjögurra dómkvaddra manna er frá 6. apríl 1964. Ferill málsins er rakinn skilmerkilega í héraðsdómi og svo sakarefnið.

Samkvæmt 10. gr. fyrrgreinds erfðafestusamnings var erfðafestuhafa „hvenær sem ríkið telur sig þarfnast erfðafestulandsins undir opinber mannvirki ríkis eða bæjarfélaga, svo og til sérstaks atvinnureksturs" skylt „að láta af hendi erfðafesturétt sinn á landinu, nokkrum hluta þess eða öllum gegn sannvirði þess, sem kostað hefir hann að rækta landið, eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna".

Bréf bæjarstjórans í Kópavogskaupstað til áfrýjanda frá 6. september 1962 felur í sér, að bæjarstjórn hafi ætlað sér að leysa til sín erfðafesturéttindi áfrýjanda á grundvelli ákvæðis erfðafestusamningsins frá 9. ágúst 1938. Hið sama verður ráðið af beiðni bæjarstjóra um dómkvaðningu matsmanna. Áfrýjandi taldi hins vegar, að innlausn erfðafesturéttindanna ætti að hlíta ákvæðum 2. gr. laga nr. 32/1957.

Nokkur gögn hafa komið fram um fyrirhugaða notkun stefnda á erfðafestulandi áfrýjanda, sbr. m. a. bréf bæjarverkfræðings Kópavogskaupstaðar 30. maí 1963, en skipulagsuppdráttur um svæðið hefur ekki verið staðfestur. Fyrirhuguð notkun landsins þykir vera með þeim hætti, að stefnda hafi verið heimilt að leysa til sín erfðafesturéttindi áfrýj-

anda samkvæmt 10. gr. erfðafestusamningsins. Það ákvæði skýtur ekki loku fyrir yfirmat, svo sem það var framkvæmt. Í málinu er ekki sannað, að þau sjónarmið, sem yfirmatsgerð er reist á, halli rétti áfrýjanda samkvæmt 10. gr. erfðafestusamnings. Ekki eru ella sönnur færðar að neinum þeim annmarka á yfirmatsgerð, sem leiði til ónýtingar matsins. Ber því að sýkna stefnda af 1. og 3. tölulið í kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi á ekki rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnda á kostnaði, sem hann hefur haft við gæzlu hagsmuna sinna við möt þau, sem um ræðir í málinu. Ber því að sýkna stefnda af 2. lið í kröfugerð áfrýjanda.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði svo og um, að þar greind ummæli skuli vera marklaus.

Rétt þykir, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 30. nóvember 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. júní 1967, af Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, Aðalstræti 9, Reykjavík, gegn Hjálmari Ólafssyni bæjarstjóra, Skjólbraut 8 í Kópavogi, fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogs til þess, 1) að viðurkennt verði með dómi, að undirmatsgerð, dags. 23. apríl 1963, og yfirmatsgerð, dags. 6. apríl 1964, þar sem metin voru til verðs ræktun og mannvirki á erfðafestulandinu Kópavogsbletti XVIII, hafi ekki verið lögmætur grundvöllur töku stefnda á nefndu erfðafestulandi, sem hafi því verið óheimil, 2) að stefnda verði gert að greiða honum kr. 20.000.00 í kostnað vegna framangreindra matsmála ásamt 7% ársvöxtum frá 30. maí 1964 til greiðsludags, 3) að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að láta fara fram eignarnámsmat á erfðafesturéttindum stefnanda yfir Kópavogsbletti XVIII í samræmi við fyrirmæli 2. gr. laga nr. 32/1957, 4) að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í máli þessu eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins. Þá krefst stefndi, að dæmd verði dauð og ómerk ummæli af hálfu stefnanda í greinargerð hans svohljóðandi: „... vegna ofstopa fyrirsvarsmanna stefnda".

Stefnandi krefst sýknu af ómerkingarkröfunni.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þessir:

Með samningi, dags. 9. og 3. ágúst 1938, milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins annars vegar og stefnanda hins vegar leigði landbúnaðarráðherra stefnanda á erfðafestu 1.08 ha spildu úr landi jarðarinnar Digraness í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu, sem merkt var nr. XVIII á uppdrætti Búnaðarfélags Íslands, dags. 12. apríl 1937. Var landspilda þessi síðar nefnd Kópavogsblettur XVIII í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt erfðafestusamningnum var landið leigt á erfðafestu til eigin afnota til garða- og grasræktar, en eigi til annarra afnota (2. gr.). Framsal á lóðarréttindum gat aðeins farið fram á landinu í heild, og var leigutaka (stefnanda) óheimilt að endurleigja hluta af því eða láta af hendi hluta af því (3. gr.). Skylda var lögð á leigutaka til að girða landið (4. gr.) og rækta (5. gr.).

Þá segir í samningnum (6. gr.), að landið sé einungis leigt til framleiðslu búsafurða og á því megi eigi reisa önnur mannvirki en þau, sem nauðsynleg eru vegna þeirra afnota af landinu. Þó er leigutaka heimilað að reisa á landinu sumarbústað til eigin afnota, en varanlegt íbúðarhús því aðeins, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps mæli með því, enda komi til sérstakt samþykki landbúnaðarráðherra. En leigutaka var óheimilt að leyfa öðrum að byggja á landinu eða gera önnur mannvirki á því.

Nokkrar takmarkanir voru settar í samningnum við rétti leigutaka til að framselja rétt sinn (bann 3. gr. við framsali hans að hluta og bann 7. gr. við endurleigu og afsali erfðafesturéttarins til einstaklinga eða félaga, sem hafa fengið á leigu eða hafa til afnota og umráða annað erfðaleiguland í Digranes- eða Kópavogslandi). Með þessum takmörkunum var leigutaka heimilt að endurleigja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt, þó að áskildu samþykki landbúnaðarráðherra, ef um endurleigu, veðsetningu eða aðra ráðstöfun á erfðaleiguréttinum var að ræða (12. gr.).

Erfðafestusamningurinn var ótímabundinn, og tekið var fram, að réttur til leigunnar erfðist samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar

1936, III. kafla, 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt (11. gr.). En gert var ráð fyrir, að samningnum mætti rifta vegna tiltekinna vanefnda af hálfu leigutaka (sbr. 4., 5., 6. og 8. gr.).

Þá var í samningnum sérstakt ákvæði (10. gr.), sem heimilaði leigusala að taka landið úr erfðaleigu vegna ákveðinna þarfa hins opinbera, svohljóðandi:

„Hvenær sem ríkið telur sig þarfnast erfðafestulandsins undir opinber mannvirki ríkis eða bæjarfélaga, svo og til sérstaks atvinnureksturs, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðafesturétt sinn á landinu, nokkrum hluta þess eða öllum gegn sannvirði þess, sem kostað hefir hann að rækta landið, eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.

Fyrir þann hluta landsins, sem óræktaður kann að vera, greiðist ekkert endurgjald. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur mannvirki í þeim hluta landsins, sem umboðsstjórnin krefst sér afhent, og skal þá greiða eiganda þeirra að auki andvirði þeirra eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.

Taki ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, getur leigutaki krafizt þess, að landið verði tekið allt með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati".

Árleg leiga eftir landið var ákveðin fimm krónur af ha (9. gr.).

Þegar er stefnandi hafði fengið erfðafestulandið, lét hann girða það og hófst handa um ræktun þess. Nytjaði hann það í fyrstu til kartöfluræktunar. Var landið nytjað á þann hátt í þrjú ár, og komst árleg uppskera allt upp í 10 tonn af kartöflum. Síðan var hinum ræktaða hluta landsins breytt í tún, sem gaf af sér 50—60 hestburði af töðu á ári, auk þess sem það var nokkuð notað til beitar. Að áliti sérfróðra manna var túnið í sérstaklega góðri rækt. Enn fremur lét stefnandi reisa á landinu smáhýsi, er notað var sem sumarbústaður og verkfærageymsla.

Samkvæmt mælingu, sem framkvæmd var hinn 8. júní 1963 af starfsmönnum Kópavogskaupstaðar, var stærð landsins alls 10.835 m², sem skiptist þannig, að túnrækt nam 5.350 m², uppgróinn kartöflugarður 75 m², land, grjóthreinsað að nokkru, en óræktað, 210 m² og óræktað land um 5.200 m².

Með lögum nr. 32 frá 22. maí 1957 var ríkisstjórninni heimilað að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hafði verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau, en erfða-

festuland stefnanda var í landi jarðarinnar Digraness, svo sem áður greinir.

Í 2. gr. nefndra laga var svohljóðandi ákvæði:

„Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917".

Samkvæmt heimildarlögum þessum gaf landbúnaðarráðherra út afsalsbréf dags. 14/15 ágúst 1957 til Kópavogskaupstaðar fyrir framangreindum löndum. Var söluverðið kr. 250.000.00, og voru kr. 10.000.00 greiddar strax, en eftirstöðvarnar (kr. 240.000.00) skyldu greiðast með jöfnum greiðslum á 24 árum með 5% ársvöxtum.

Skömmu síðar, eða hinn 22. ágúst 1957, ritaði þáverandi bæjarstjóri í Kópavogi, Finnbogi Rútur Valdemarsson, bréf til erfðaleiguhafa í Kópavogi, þ. á m. stefnanda, þar sem hann kveður bæjarstjórn Kópavogs sem hinn nýja landeiganda vilja gera þeim grein fyrir „viðhorfum sínum, að því er þá snertir sérstaklega, í nokkrum atriðum". Í bréfi þessu segir m. a.:

„Tillögur hafa komið fram um, að bæjarstjórn segi nú þegar upp öllum þeim ræktunar- og erfðaleigusamningum, sem enn eru í gildi, með tilliti til þess, að ýms ákvæði þeirra, t. d. um ræktunarskyldu, afgjald og fleira, eru gersamlega úrelt og aðeins tímaspursmál, hvenær löndin verði tekin til bygginga. Ákvörðun um þetta hefir þó ekki verið tekin að svo stöddu, að því er snertir þá erfðaleiguhafa, sem búsettir eru á löndunum og hafa þeirra því veruleg not eða a. m. k. hluta af þeim. Hins vegar er sú leið til, að gerðir verði yfirleitt nýir samningar í stað hinna eldri með samkomulagi beggja aðilja, landeiganda og leigutaka, og verði í nýjum samningi tiltekið, hve mikinn hluta hins upphaflega lands leigutaki fái áfram með ræktunarleigukjörum, þannig að honum verði þá nokkru tryggara en áður, að sá hluti verði ekki tekinn til bygginga fyrst um sinn, eða hvaða hlut hann fái sem byggingarlóð fyrir sig eða sína og hvaða hluta hann afsali sér nú þegar til handa bæjarfélaginu til ráðstöfunar í byggingarlóðir.

Þessa leið vill bæjarstjórn Kópavogs reyna fyrst um sinn og sjá, hversu hún gefst. En jafnframt vill hún alvarlega vekja athygli erfðaleiguhafa á því, að hún hefir fulla lagalega heimild til þess, bæði samkvæmt skipulagslögum og samkvæmt lögum um sölu Digraness og Kópavogs nr. 32 frá 22. maí 1957, að taka erfðaleigulöndin eða hluta þeirra eignarnámi, og ber henni þá aðeins

að greiða bætur fyrir ræktun og mannvirki á löndunum samkvæmt mati dómkvaddra manna, enda fer um eignarnámið að öðru leyti skv. eignarnámslögum. Þótt ekkert verði fullyrt fyrirfram um upphæð slíkra bóta, verður að segja, að mjög hætt er við, að mörgum þætti, ef þessi leið yrði farin, ekki hátt tímakaupið fyrir ræktun landanna, svo erfið sem hún hefir verið hér í mörgum tilfellum.

Þess vegna er það, að bæjarstjórnin mun yfirleitt ekki beita hinum ótvíræða lagalega rétti sínum til eignarnáms að svo stöddu, nema því aðeins að ekki náist viðunandi samningar að hennar dómi við erfðaleiguhafa eða þá til þess að prófa í einstöku tilfellum, hvert mat dómkvaddra manna yrði á ræktunarframkvæmdum á löndum, sem taka yrði fljótlega til bygginga".

Stefnandi tók ekki boði því, sem felst í hinu tilvitnaða bréfi bæjarstjórans í Kópavogi, um gerð nýs samnings um erfðafestulandið.

Í septembermánuði 1962 barst stefnanda bréf, dags. 6. september 1962, undirritað af bæjarstjóranum í Kópavogi, Hjálmari Ólafssyni, þar sem segir:

„Með tilvísun til bréfs bæjarráðs Kópavogs til yðar, dags. 22. ágúst 1957, svo og ákvæðum 15. gr. (á að vera 10. gr.) erfðaleigusamnings um landið Kbl. XVIII hefur bæjarráð Kópavogskaupstaðar ákveðið á fundi sínum hinn 4. sept. s.l., að land þetta, ásamt öðrum erfðaleigulöndum á þessu svæði, skuli tekið til skipulagningar og bygginga.

Er því hér með sagt upp leigu á landinu af hálfu Kópavogskaupstaðar sem landeiganda og jafnframt óskað eftir, að samningar um bætur fyrir ræktun og/eða mannvirki á landinu geti hafizt sem fyrst".

Í viðræðum stefnanda við bæjarstjóra í tilefni af bréfi þessu bauð bæjarstjóri stefnanda nokkrar bætur fyrir töku erfðafestulands hans. Vildi stefnandi ekki ganga að því boði, þar sem hann taldi sér bera meiri bætur, bæði vegna hins raunverulega ráðstöfunarréttar, sem erfðafestuhafar hefðu um áratuga skeið haft yfir löndum sínum, og vitneskju, sem hann taldi sig hafa um hærri bótagreiðslur til sumra annarra erfðafestuhafa, og loks vegna þess, að hann taldi fullar eignarnámsbætur eiga að koma fyrir missi erfðafesturéttarins samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1957.

Þar sem samkomulag náðist ekki um bætur til stefnanda vegna töku erfðafestulands hans, fór bæjarstjórinn í Kópavogi þess á leit við bæjarfógetann í Kópavogi með bréfi, dags. 27. marz 1963,

að hann kveddi tvo hæfa menn til að meta til verðs „ræktun og mannvirki“ á erfðaleigulandi stefnanda, sem samkvæmt sömu beiðni skyldu meta tilsvarandi atriði á tveimur erfðaleigulöndum öðrum, Kópavogsbletti XV og XVI, en stefnandi var umboðsmaður eigenda þeirra, Herúlfs Björnssonar og Sigríðar Björnsdóttur. Hinn 29. marz 1963 kvaddi bæjarfógetinn þá Pálma Einarsson landnámsstjóra og Johan Schröder garðyrkjubónda til að framkvæma matið. Var þess hvorki getið í matsbeiðni né dómkvaðningu, að um væri að ræða ákvörðun eignarnámsbóta.

Stefnandi bar fram ákveðin mótmæli bæði gegn þeim hætti, sem á matinu skyldi hafður, þ. e. að þrjú matsmál væru þannig rekin í einu lagi, og eins gegn ákvörðun matsandlagsins („ræktun og mannvirki“).

Matsmennirnir skiluðu einni matsgerð, dags. 23. apríl 1963, fyrir öll löndin, að vísu nokkuð sundurliðaðri. Í lok matsgerðarinnar kemur fram, að þrátt fyrir það, að samkvæmt matsbeiðni og dómkvaðningu skyldu matsmennirnir einungis meta til verðs ræktun og mannvirki á hinum umræddu löndum, virðast önnur sjónarmið jafnframt hafa haft áhrif á mat þeirra. Þar segir:

„Þegar vegnar eru og metnar allar aðstæður gagnvart eignum rétthafa á löndum þessum, höfð hliðsjón af notagildi eignanna til arðbærrar tómstundavinnu, gerð mannvirkja, sem á löndum þessum eru, og líklegt notagildi þeirra fyrir eigendur þeirra, þá þykja bætur hverrar lóðar fyrir sig hæfilega metnar sem að neðan greinir.

Samkvæmt því metum við endurkaupsverð mannvirkja og réttindatap þannig:

I. Á Kópavogsbletti XVIII kr. 56.070.00

II. ...“.

Um leið og matsbeiðandi, bæjarstjórinn í Kópavogi, sendi stefnanda afrit af framangreindri matsgerð, tilkynnti hann stefnanda með bréfi, dags. 2. maí 1963, að bæjarráð Kópavogs hefði ákveðið á fundi sínum 30. apríl 1963 að óska yfirmats á ræktun og mannvirkjum lendnanna.

Sendi síðan bæjarstjóri bæjarfógetanum í Kópavogi beiðni, dags. 2. maí 1963, um dómkvaðningu yfirmatsmanna, og dómkvaddi bæjarfógeti hinn 6. maí 1963 fjóra yfirmatsmenn. Var matsbeiðni og dómkvaðning í einu lagi fyrir framangreind þrjú lönd. Hinir dómkvöddu matsmenn voru þeir Ólafur W. Stefánsson lögfræðingur, Ásgeir L. Jónsson vatnsvirkjafræðingur, Einar G. E. Sæmundsen skógarvörður og Hrólfur Ásvaldsson viðskipta-

fræðingur. Samkvæmt matsbeiðni og dómkvaðningu var matsmönnunum falið að meta til verðs „ræktun og mannvirki“ á hinum þremur erfðafestulöndum, þ. á m. á landi stefnanda, og var þess eigi getið, að um væri að tefla ákvörðun eignarnámsbóta.

Í greinargerð, sem stefnandi lagði fram í yfirmatsmálinu, vakti hann athygli bæði matsbeiðanda og yfirmatsmanna á því, að dómkvaðning yfirmatsmanna hefði farið fram samkvæmt lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði (142. gr.), án þess að gætt hefði verið sérákvæða 6. og 7. gr. laga nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms. Hefðu þannig verið tilnefndir fjórir yfirmatsmenn í stað þriggja og eignarnámssjónarmiða ætti ekki að gæta við matið, svo sem vera bæri. Áskildi stefnandi sér rétt til að krefjast ómerkingar á yfirmatinu af þessum sökum.

Enn fremur krafðist stefnandi sundurgreiningar hinna þriggja yfirmatsmála, og fékk hann því til leiðar komið, að yfirmatsmennirnir skiluðu sérstakri matsgerð í hverju hinna þriggja mála. En af hálfu Kópavogskaupstaðar voru hin þrjú mál að verulegu leyti rekin sem eitt væri.

Svo sem áður greinir, var hinum dómkvöddu yfirmatsmönnum samkvæmt matsbeiðni og dómkvaðningu falið að meta til verðs ræktun og mannvirki á fyrrnefndu erfðafestulandi. Undir rekstri málsins kom í ljós, að hvorki yfirmatsbeiðandi né yfirmatsþoli (stefnandi) töldu því réttilega lýst í matsbeiðni og dómkvaðningu, hvað meta ætti. Í greinargerð lögmanns yfirmatsbeiðanda, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, var lýst yfir því, að verksvið yfirmatsmanna væri „ekki nákvæmlega tiltekið í matsbeiðni eða útnefningu“. Taldi hann það verksvið yfirmatsmanna að meta „skv. 10. gr. erfðafestusamningsins sannvirði þess, sem kostað hefur að rækta landið, en ekkert fyrir þann hluta, sem óræktaður er. Fyrir girðingar og mannvirki greiðist eftir mati, og þá væntanlega á sama hátt sannvirði þess, sem kostað hefur að byggja mannvirkin, en að frádreginni fyrningu“. Yfirmatsþoli (stefnandi) krafðist þess hins vegar, að honum yrðu metnar eignarnámsbætur fyrir missi erfðafesturéttarins, og þá þannig, að erfðafestulandið yrði metið sem byggingalóðir, auk þess sem metnar væru bætur fyrir ræktun og mannvirki á landinu. Í framhaldsgreinargerð beindi yfirmatsþoli því til yfirmatsmannanna, að þeir fengju úrskurð yfirmatsdómarans, bæjarfógetans í Kópavogi, um verksvið sitt og hvað meta bæri vegna þess ágreinings, sem um það ríkti. Yfirmatsmennirnir luku yfirmat-

inu á þann veg, að þeir mátu til verðs ræktun og mannvirki á landinu, svo sem fyrir þá var lagt í yfirmatsbeiðni og dómkvaðningu. Segja þeir m. a. svo í yfirmatsgerðinni:

„Af því, sem hér hefur verið rakið, má sjá, að aðilar eru ekki á einu máli um það, hver sé réttur matsþola yfir erfðafestulandinu. Það er ekki á valdi yfirmatsmanna að leysa úr ágreiningi aðila um gildi erfðaleigusamningsins frá 1938 né um rétt aðila að öðru leyti yfir erfðafestulandinu. Hlutverk yfirmatsmanna er ákvarðað í matsbeiðni og tilnefningu bæjarfógeta. Samkvæmt matsbeiðni er þeim falið að meta til verðs ræktun, mannvirki á erfðafestulandinu Kópavogsblettur XVIII, og takmarkast matsgerðin því við þessi réttindi. Með því taka matsmennirnir hins vegar enga afstöðu til þess, hvort réttur matsþola yfir erfðafestulandinu kunni að vera annar".

Í yfirmatsgerð, dags. 6. apríl 1964, kváðu yfirmatsmennirnir, að hæfilegt endurgjald fyrir ræktun á erfðafestulandinu væri kr. 38.125.00, fyrir girðingar kr. 6.000.00 og fyrir skúrinn kr. 12.750.00, eða samtals kr. 56.875.00. Þessa upphæð, kr. 56.875.00, sendi lögmaður Kópavogskaupstaðar, Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, stefnanda með bréfi, dags. 30. maí 1964, „til greiðslu á bótum fyrir töku erfðafestulandsins". Jafnframt tilkynnti lögmaðurinn stefnanda, að Kópavogskaupstaður tæki erfðafestuland hans „til sinna nota og ráðstöfunar". Stefnandi kvittaði fyrir greiðslunni með ákveðnum fyrirvara um, að hann teldi Kópavogskaupstað með öllu óheimilt að taka erfðafestuland hans „til sinna nota og ráðstöfunar", enda væri allt athæfi kaupstaðarins í sambandi við töku landsins löglaust svo og þau möt, sem gerð hefðu verið, og hið greidda endurgjald væri ekki nema brot af því, sem honum bæri fyrir erfðafestulandið. Jafnframt tjáði stefnandi lögmanninum, að hann mundi freista þess að gera Kópavogskaupstað ábyrgan allra gerða sinna í þessum efnum, fá fyrrgreind möt dæmd marklaus og fá viðurkennd sjónarmið sín um það, hvernig meta bæri landið (þ. e. byggingalóðir).

Stefnandi leitaðist síðan við að ná samkomulagi við fyrirsvarsmenn Kópavogskaupstaðar um ágreiningsmál þetta, en þar sem það tókst ekki, hóf hann málsókn sína með útgáfu stefnu, eins og að framan er greint.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar í málinu á þessa leið:

Þegar stefnandi tók land það, sem um ræðir í málinu, á erfðaleigu, voru í gildi gengin jarðræktarlög nr. 101 23. júní 1936, en VI. kafli þeirra fjallaði um erfðaleigulönd til ræktunar,

og tóku ákvæði kaflans til allra slíkra landa, hvort sem landeigandi var ríkið sjálft, bæjar- eða hreppsfélög eða jafnvel einstaklingar.

Það virðist hafa verið samkvæmt heimild í ákvæðum jarðræktarlaganna nr. 101/1936 sem ríkið seldi á erfðaleigu m. a. spildur úr landi jarðanna Digraness og Kópavogs í Seltjarnarneshreppi, þ. á m. erfðaleiguland stefnanda, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar frá 1934, enda verði eigi séð, að annarri lagaheimild hafi verið til að dreifa.

Í athugasemdum við ákvæði frumvarps til VI. kafla laga nr. 101/1936 (Alþ.tíð 1936, A, bls. 884—886) kæmi fram, að tilgangur lagasetningarinnar sé fyrst og fremst sá, að stuðla að samræmingu erfðaleigusamninga í landinu (sbr. einkum athugasemd við 43. gr.) og tryggja réttarstöðu leiguhafanna (sbr. einkum athugasemd við 48., 49. og 51. gr.). Í 50. gr. laganna sé boðið, að jafnan skuli gerður skriflegur samningur um erfðaleigulönd og í 50. gr., 2. mgr., 4. tl., sé mælt svo fyrir, að upp í erfðaleigusamninga skuli tekið ákvæði 51. gr. laganna um kaup á erfðafesturéttindum, sem sé svohljóðandi:

„Hvenær sem ríkið telur þörf fyrir erfðaleiguland, til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps- eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn, að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semji. Opinber styrkur, sem greiddur hefir verið til mannvirkjanna samkv. II. kafla laga þessara, skal dreginn frá söluverðinu.

Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið, með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati".

Sé framangreint lagaákvæði borið saman við 10. gr. erfðaleigusamningsins til stefnanda, komi í ljós, að samningsákvæðið ætli leigutakanum lakari rétt en lagaákvæðið, sem það styðst við, þar eð ekki virðist gert ráð fyrir því í samningsákvæðinu, að leigutaka séu greiddar neinar bætur fyrir missi leiguréttarins og einungis upphaflegt kostnaðarverð fyrir ræktun og mannvirki á landinu, þegar erfðaleiguland er tekið úr leigu vegna þeirra þarfa, sem í 10. gr. erfðaleigusamningsins og 51. gr. laga nr. 101/1936 greinir. En með hliðsjón af eðli og yfirlýstum tilgangi 51. gr. laga nr. 101/1936 verði að líta svo á, að ákvæði hennar, sem sett hafi verið til verndar erfðaleiguhafa, séu ófrávíkjanleg og

ákvæði 10. gr. erfðaleigusamningsins, sem rýra rétt erfðaleiguhafans frá því, sem fyrir sé mælt í 51. gr. laganna, hafi frá upphafi verið óskuldbindandi.

Hér komi einnig til, að með hliðsjón af upphafsákvæði 51. gr. laganna („Hvenær sem ríkið ...“) verði að skýra tilsvarandi upphafsákvæði 10. gr. erfðaleigusamningsins („Hvenær sem ríkið ...“) bókstaflega, þannig að sá réttur, sem ríkinu sé veittur í 10. greininni, sé bundinn við ríkið sem slíkt, en ekki sem landeiganda. Ákvæði 51. gr. sé almennt ákvæði, sem gildi án tillits til þess, hvort ríkið sjálft sé landeigandinn eða einhver annar. Því verði að líta svo á, að réttur ríkisins til að taka landið úr erfðaleigu vegna þeirra þarfa, sem í 10. gr. erfðaleigusamningsins greinir, geti ekki yfirfærzt til Kópavogskaupstaðar, þótt kaupstaðurinn kæmi í stað ríkisins sem landeigandi, og því hafi stefndi ekki átt þess nokkurn kost að taka land stefnanda úr erfðaleigu samkvæmt 10. gr. erfðaleigusamningsins.

Stefnandi kveður, að þá sé þess að gæta, að þær ástæður, sem í framangreindu samningsákvæði og 51. gr. jarðræktarlaganna nr. 101/1936 (sbr. nú 35. gr. jarðræktarlaga nr. 22/1965) séu taldar sem skilyrði fyrir töku landsins úr erfðaleigu, hafi ekki verið fyrir hendi, þ. e. þörf fyrir landið undir opinber mannvirki ríkisins eða bæjarfélaga eða til sérstaks atvinnurekstrar. Komi það m. a. glögglega fram í bréfi stefnda til stefnanda frá 6. september 1962, þar sem stefnanda er tilkynnt um fyrirhugaða töku stefnda á erfðaleigulandinu, en þar segi, að bæjarráð Kópavogskaupstaðar hafi á fundi sínum 4. september 1962 ákveðið, „að land þetta, ásamt öðrum erfðaleigulöndum á þessu svæði, skuli tekið til endurskipulagningar og bygginga“. Samkvæmt þessu séu það almennar skipulagsástæður, sem liggi til töku lands stefnanda úr erfðaleigu, en ekki þær sérstöku ástæður, sem taldar séu í 10. gr. erfðaleigusamningsins og 51. gr. laga nr. 101/1936, en þær ástæður verði að telja tæmandi taldar og verði eigi fjölgað með rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun, sbr. m. a. athugasemdina við 51. gr. í frumvarpi til laga nr. 101/1936. Af þessu sé ljóst, að stefndi átti þess ekki kost að taka landið úr erfðaleigu samkvæmt 10. gr. erfðaleigusamningsins eða jarðræktarlögum. Eini möguleiki stefnda til að taka landið úr erfðaleigu án samþykkis stefnanda var með eignarnámi. Sú leið var stefnda opnuð með ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1957, þar sem stefnda var heimilað að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefði vegna skipulags.

Stefnandi hafi ævinlega mótmælt töku stefnda á erfðaleigulandi hans. Þess vegna og samkvæmt því, sem nú hafi verið rakið, verði ekki séð, að það sé nokkrum vafa bundið, að taka stefnda á erfðaleigulandinu hafi raunverulega verið eignarnám, þótt vegna ofstopa fyrirsvarsmanna stefnda hafi verið beitt ólögmætri aðferð við tökuna og undirbúning hennar, sem valdi því, að þar hafi verið um ógilda stjórnarathöfn að ræða.

Með því að ekki var fyrir hendi önnur heimild til töku erfðaleigulands stefnanda en eignarnám, hafi skilyrðislaust borið samkvæmt almennum reglum og sérstökum fyrirmælum í niðurlagi 2. gr. laga nr. 32/1957 að framkvæma tökuna eftir reglum laga nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms og að sjálfsögðu að gæta þess, að stefnandi fengi fullt verð fyrir landið. En hvort tveggja sé, að matsgerðir þær, sem fram fóru, hafi ekki verið framkvæmdar á þann hátt sem boðið sé í lögum nr. 61/1917 og að landið hafi ekki verið metið til fulls verðs, þar sem einungis voru metnar bætur fyrir ræktun og mannvirki á landinu, en ekki fyrir mesta verðmætið, sem tekið var, sjálfan erfðafesturéttinn. Matsgerðirnar hafi því ekki verið lögmætur grundvöllur tökunnar og því beri að skylda stefnda með dómi til að láta fara fram eignarnámsmat á erfðafesturéttindum stefnanda.

Varðandi 2. lið kröfugerðar sinnar, um greiðslu kostnaðar við matsgerðirnar, kveður stefnandi, að það felist í fyrirmælum 67. gr. stjórnarskrárinnar um fullar bætur til eignarnámsþola, að hann eigi að fá kostnað sinn af rekstri matsmálanna tveggja greiddan úr hendi stefnda, sbr. 4. gr., 2. mgr. i. f., og 6. gr., 4. mgr., laga nr. 61/1917 og Hrd. XXIX, bls. 609.

Stefndi rökstyður kröfur sínar í málinu með því að vísa til þess, að erfðaleigusamningurinn til handa stefnanda hafi verið útgefinn hinn 3. og 9. ágúst 1938, og samkvæmt ákvæðum hans hafi stefnanda borið að hafa fullræktað landið í ágústmánuði 1948. Þetta skilyrði hafi stefnandi eigi uppfyllt, og því var erfðaleigusamningurinn samkvæmt ákvæðum í 5. gr. hans sjálfkrafa úr gildi fallinn. Því megi alfarið segja, að uppsögn og bætur af hendi stefnda til stefnanda hafi verið ex gratia, þar sem í ljós sé leitt samkvæmt framlagðri yfirmatsgerð, að aðeins tæpur helmingur landsins hafi verið ræktaður.

Stefndi kveður, að í ábúðarlögum, svo sem þau hafi verið á hverjum tíma, hafi verið sérstakur kafli um erfðafestu. Erfðafesturéttindin séu skilin frá öðrum ábúðarréttindum, vegna þess að þau séu gersamlega annars eðlis heldur en venjuleg ábúð á

jörð, þar sem ábúandinn hyggst búa og hafa búskap að aðalatvinnu sinni. Erfðafestuleigan sé gerð til þess að gefa fólki kost á að rækta land og hagnýta það til garðræktar í frístundum sínum og hafa þar smá sumarhús, þangað til nauðsyn krefji, að hið opinbera, þ. e. a. s. ríki eða bæjarfélag, taki land þetta til bygginga. Í langan tíma hafi lönd í nágrenni þéttbýlis verið leigð á erfðafestu, þar sem augljóst hafi verið, að byggðin mundi færast út og því þörf fyrir landið síðar til uppbyggingar. Því hafi, svo ekki yrði mjög dýrt fyrir bæjarfélögin, þegar þau stækkuðu, að leysa til sín slík lönd, verið settar alveg sérstaklega miklar hömlur og strangar við hagnýtingu erfðafestulandanna og um bætur þær, sem greiða skyldi við töku þeirra. Áður fyrr hafi erfðaleigusamningar gjarnan verið gefnir út til ákveðins tíma, t. d. 75 ára, en þó með heimild til uppsagnar. Þetta hafi gefið erfðafestuhafanum vissa von um, að hann fengi að halda erfðaleigulandi sínu þann tíma, sem tiltekinn var í samningnum. Þegar séð varð, hve ört bæirnir og þéttbýliskjarnarnir mundu stækka, var þessi ákveðna tímalengd samninganna numin úr þeim, þannig að eftir það gátu erfðaleiguhafar ekki gert sér neinar ákveðnar vonir um, hve lengi þeir fengju haldið löndum sínum. Hafi þeim hlotið að verða ljóst, að tímalengd erfðaleigunnar færi eingöngu eftir því, hve byggðin færðist ört út. Leigan fyrir erfðafestuna hafi einnig verið höfð mjög lág, eða kr. 5.00 á hektara, þar eð þessum réttindum fylgdu ákaflega miklar takmarkanir svo og óvissa um, hve lengi erfðaleiguhafinn gæti fengið að halda landinu. Sé þetta augljóst og auðskilinn tilgangur löggjafans um nýtingu erfðaleigulandanna og hafi í raun verið farið eftir þessu í mörg ár og áratugi, unz nú, að stefnandi vilji í málatilbúnaði sínum leggja erfðafesturéttinn að jöfnu við eignarrétt. Sé þessum skilningi stefnanda alfarið mótmælt.

Um þá kröfugerð stefnanda, að meta hefði átt bætur honum til handa samkvæmt eignarnámslögum nr. 61/1917, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1957, sé það að segja, að vandséð sé, hver munur hefði orðið á því mati og þeim matsgerðum, sem fram fóru. Það sé helzt það, að hefði verið farið eftir eignarnámslögunum, hefðu verið 3 menn í yfirmatsnefnd í stað fjögurra. Augljóst sé, að þótt matsgerð hefði farið fram samkvæmt lögum nr. 61/1917, þannig að fullt verð kæmi fyrir, hefðu þeir matsmenn ekkert frekar en gert var getað metið til verðs annað en þær bætur, sem stefnandi átti samkvæmt ákvæðum erfðaleigusamningsins sjálfs. Einu gildi því, hvort dómkvaðning matsmanna hafi farið eftir lögum nr.

85/1936 eða samkvæmt lögum nr. 61/1917. Erfðaleigusamninguriinn sjálfur hafi að geyma um þetta ákvæði í 10. gr., en þar segir, að bæturnar skuli fara „eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna". Þar sem svo skýr ákvæði séu í samningnum sjálfum, hafi að sjálfsögðu ekki þurft að grípa til heimildar þeirrar, sem fyrir hendi sé í 2. gr. laga nr. 32/1957, en þessi heimildargrein sé í þau lög sett, til þess að bæjarstjórn Kópavogs þurfi ekki hverju sinni að leita heimildar Alþingis til eignarnáms í þeim tilvikum, að samningsákvæði feli ekki í sér heimildina.

Stefndi vísar á bug þeirri málsástæðu stefnanda, að einungis ríkinu hafi verið heimilt að taka erfðafestulandið til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags svo og til sérstaks atvinnurekstrar. Samkvæmt lögum nr. 32/1957 og afsali, dags. 15. ágúst 1957, þar sem landbúnaðarráðherra með heimild í framangreindum lögum afsalaði Kópavogskaupstað landinu, hafi réttindi og skyldur ríkisins yfirfærzt til kaupstaðarins.

Þá bendir stefndi á, að þá er landið var metið undirmati og yfirmati, hafi legið fyrir uppdráttur, sem nefndur var skipulagstillaga, en samkvæmt þessum uppdrætti skyldi vera á umræddu landsvæði væntanleg höfn í Kópavogi og þ. á m. stálskipasmiðja, slippur, fiskiðjuhús og ýmis önnur mannvirki tilheyrandi væntanlegri höfn, en byggingaryfirvöld Kópavogskaupstaðar og skipulagsstjóri höfðu samþykkt þessa tilhögun.

Samkvæmt gögnum málsins og vettvangsskoðun dómenda er ljóst, að stefnandi hefur ekki fullnægt lögákveðnum og samningsbundnum skilmálum um ræktun lands þess, sem fjallað er um í málinu, sbr. 5. gr. erfðaleigusamnings stefnanda og 53. gr. jarðræktarlaga nr. 101/1936, sbr. síðar 36. gr. jarðræktarlaga nr. 45/1950 og nú 36. gr. jarðræktarlaga nr. 22/1965. Leiða fyrirmæli nefndra ákvæða til þeirrar niðurstöðu, að stefnandi, sem þegar í upphafi voru boðnar bætur fyrir ræktun og mannvirki, getur ekki réttilega í tilefni af töku landsins með greindum hætti haft uppi kröfur um sérstakar bætur fyrir leigurétt þann, er hann átti í samræmi við 51. gr. jarðræktarlaga nr. 101/1936, sbr. síðar 35. gr. jarðræktarlaga nr. 45/1950 og nú 35. gr. jarðræktarlaga nr. 22/1965. Verður ekki fallizt á, að langvarandi afskiptaleysi landeiganda af ofangreindri meðferð stefnanda á landinu geti breytt þar neinu um, eins og á stendur.

Sama máli gegnir um ákvæði laga nr. 32/1957.

Þegar allt er virt, sem fram er komið í málinu, og með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið hér að ofan, verður ekki talið,

að stefnandi hafi við töku landsins átt að neinu leyti kröfu til eignarnámsbóta. Verður því ekki séð, að matsgerðum þeim, sem lágu til grundvallar endurgjaldi stefnda til stefnanda, hafi verið áfátt um form eða efni, enda eru þær í samræmi við ákvæði jarðræktarlaga og erfðaleigusamning stefnanda um matsgerðir út af skiptum hans við landsdrottin. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af 1. og 3ja kröfulið í kröfugerð stefnanda.

Í samræmi við þá niðurstöðu, er að framan greinir, verður ekki talið, að stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda um greiðslu kostnaðar þess, sem hann hefur haft af gæzlu hagsmuna sinna við þau möt, sem fram hafa farið og í málinu greinir. Ber því einnig að sýkna stefnda af 2. kröfulið í kröfum stefnanda.

Niðurstaða í málinu er því sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Rétt þykir hins vegar, að málskostnaður falli niður.

Að kröfu stefnda ber að ómerkja ummæli „... vegna ofstopa fyrirsvarsmanna stefnda", sem fram koma í greinargerð af hálfu stefnanda, enda hafa þau eigi verið réttlætt.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi St. Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómendunum Gauki Jörundssyni prófessor og Ólafi E. Stefánssyni ráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Kópavogs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars A. Pálssonar, í máli þessu.

Framangreind ummæli í greinargerð stefnda skulu vera dauð og ómerk.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 23. júní 1972.

Nr. 83/1972. **Valdstjórnin**
gegn
Margeiri Jóni Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hinn 10. maí 1972 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn sama dag. Bárust kærugögn Hæstarétti hinn 20. júní 1972. Saksóknari ríkisins hefur leyft kæru þessa, sbr. 1. tölulið 171. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1962. Krefst varnaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að tekin verði til greina krafa hans um, að rannsóknardómari í máli hans, Jón A. Ólafsson aðalfulltrúi, víki sæti í málinu. Greinargerð hefur ekki borizt frá varnaraðilja.

Engin haldbær rök eru fram komin fyrir þeirri kröfu varnaraðilja, að rannsóknardómarinn Jón A. Ólafsson víki sæti í málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. maí 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 10. maí, er í sakadómi Reykjavíkur, sem háður er af Jóni A. Ólafssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður um kröfu um, að dómarinn víki sæti í máli til rannsóknar á ætlaðri okurstarfsemi Margeirs Jóns Magnússonar víxlara, Miðstræti 3 A, Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

I. A. Með bréfi, dags. 24. febrúar 1970, sneri skattrannsóknarstjóri sér til yfirsakadómara og sendi honum endurrit úr gerðabók rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, þar semVilhjálmur Svan Jóhannsson prentari, Hörpugötu 14, Reykjavík, skýrði frá viðskipt-

um sínum við Margeir Jón Magnússon víxlara, Miðstræti 3 A, Reykjavík, og taldi hann sig hafa sætt afarkostum vegna vaxtagreiðslna til Margeirs Jóns. Í bréfi skattrannsóknarstjóra kom fram, að hann taldi, að skattalög hefðu verið brotin með starfsemi Margeirs Jóns.

Í skýrslu Vilhjálms Svans kom fram, að hann hafði fyrst leitað til Margeirs Jóns í nóvember 1960 og farið fram á að fá lánaðar hjá honum kr. 100.000.00, sem reyndist auðsótt. Lántakan fór fram með þeim hætti, að Vilhjálmur Svan samþykkti víxil að fjárhæð kr. 100.000.00 og ritaði undir tryggingarbréf, þar sem lánið var tryggt með veðrétti í eign Vilhjálms Svans í Hörpugötu 14, Reykjavík. Var víxillinn til þriggja mánaða og vaxtakjör þau, að greiddir voru 10 eða 12% vextir á þriggja mánaða fresti.

Vilhjálmur Svan afhenti rannsóknadeildinni greidda víxla, samtals að fjárhæð kr. 515.000.00, þar af taldi hann kr. 110.000.00 vera til greiðslu á láni hjá Margeiri Jóni, en afgangurinn framlengingar- og vaxtagreiðslur. Vilhjálmur Svan taldi það trúlegt, að Margeir Jón hefði lánað sér samtals kr. 300.000.00, en skuld hans við víxlarann var orðin við skýrslugjöfina kr. 1.000.000.00, sem tryggð var með veði í Hörpugötu 14, auk eins ótryggðs víxils að fjárhæð kr. 67.200.00. Margeir Jón var búinn að senda Vilhjálmi Svan útfyllta víxla að fjárhæð kr. 1.000.000.00, sem Vilhjálmur Svan átti að samþykkja til framlengingar á gömlu víxlunum. Einnig hafði Margeir Jón sent til samþykktar víxla að fjárhæð kr. 531.800.00, sem Vilhjálmur Svan taldi eiga að vera vaxtagreiðslur að undanskildum víxli að fjárhæð kr. 77.800.00, sem átti að vera framlenging og vextir vegna víxilsins að fjárhæð kr. 67.200.00, sem áður var getið um. Víxlarnir, sem ætlaðir voru sem vaxtagreiðslur, áttu að falla í gjalddaga 15. marz 1970. Einnig fékk Vilhjálmur Svan frá Margeiri Jóni tryggingarbréf til undirskriftar, sem tryggja átti víxlana, sem voru samtals að fjárhæð kr. 531.800.00. Ekki hafði Vilhjálmur Svan talið lánin frá Margeiri Jóni til skuldar á skattframtölum sínum.

Nánar aðspurður um vaxtakjörin hjá Margeiri Jóni upplýsti Vilhjálmur Svan, að Margeir Jón hefði útskýrt hin mismunandi vaxtakjör þannig, að hann væri að lána annarra fé og það væri nokkuð mismunandi, hvað þeir vildu fá í vexti. Einu og hálfu til tveim árum áður en Vilhjálmur Svan mætti hjá rannsóknadeildinni, hafði Margeir Jón lækkað vextina um helming og reiknaði síðan 5 eða 6% vexti fyrir hverja þrjá mánuði, eða 20 til 24% ársvexti.

Skattrannsóknarstjóri taldi þörf á, að fram færi húsleit hjá Margeiri Jóni, og óskaði eftir að fá aðgang að skjölum, sem kynnu að finnast hjá honum, þar sem ætla mátti, að skattalög hefðu verið brotin með starfsemi Margeirs Jóns.

Samdægurs var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður um leit í húsakynum Margeirs Jóns að Miðstræti 3 A, Reykjavík, og var sú leit framkvæmd í framhaldi af uppkvaðningu úrskurðarins. Leitina önnuðust dómari málsins, starfsmenn rannsóknarlögreglunnar og starfsmenn skattrannsóknadeildar ríkisskattstjóra. Heima hjá Margeiri Jóni var lagt hald á töluvert magn af skjölum svo og á læstan peningaskáp, þar sem Margeir Jón virti að vettugi áskorun um að opna skápinn. Skjölin og skápurinn voru flutt í húsakynni rannsóknarlögreglunnar og sakadóms Reykjavíkur. Í framhaldi af því voru ofagreind skjöl afhent skattrannsóknadeild.

Þegar næsta dag, fimmtudaginn 26. febrúar 1970, voru kveðnir upp tveir úrskurðir í dóminum, annar um leit í bankahólfi Margeirs Jóns nr. 576 í Landsbanka Íslands og hinn um leit í bankahólfi hans nr. 851 í Búnaðarbanka Íslands. Áður en leitin var framkvæmd af rannsóknarlögreglunni og rannsóknadeild ríkisskattstjóra, var reynt að hafa upp á Margeiri Jóni til að fá hann til þess að opna hólfin, en ekki tókst að hafa upp á Margeiri Jóni, og var því gripið til þess ráðs að láta sprengja upp bankahólfin með aðstoð fagmanna bankans. Í Búnaðarbankanum fannst ekkert en töluvert magn af gömlum skjölum í Landsbankanum, og voru þau flutt á skrifstofu sakadóms, og síðan fékk rannsóknadeild ríkisskattstjóra ljósrit af öllum skjölunum.

Fyrstu dagana eftir húsleitina hjá Margeiri Jóni fór hann huldu höfði, og tókst ekki að koma boðum til hans, fyrr en að dómaranum tókst mánudaginn 2. marz fyrir milligöngu Brands Brynjólfssonar héraðsdómslögmanns að koma boðum til Margeirs Jóns, sem lofaði að mæta hjá dómaranum kl. 1000 þriðjudaginn 3. marz 1970. Ekki kom Margeir Jón á þeim tíma, en Brandur hringdi í dómarann skömmu áður og sagði, að einhver kona, sem tjáði sig vera Hansínu Þórðardóttur og eiga heima á Skeljatanga 4, hefði hringt í sig og sagt Margeir Jón vera veikan og ekki geta mætt í sakadómi, eins og um hefði verið talað. Við könnun hjá rannsóknarlögreglunni kom í ljós, að í manntali Reykjavíkur var enga Hansínu Þórðardóttur að finna, og húsið Skeljatangi var ekki til eða að minnsta kosti reyndist enginn vera skráður þar til heimilis. Reynt var að hafa upp á Margeiri Jóni heima

hjá honum svo og hjá systur hans að Bergþórugötu 31, en það reyndist árangurslaust.

Miðvikudaginn 4. marz 1970 kl. 1400 hafði kunnáttumönnum, tilkvöddum af sakadómi Reykjavíkur, loks tekizt að opna peningaskáp Margeirs Jóns, og reyndust í honum vera innlendir peningar að fjárhæð kr. 22.555.00, 46 bandarískir dollarar svo og bréfamappa með 10 hólfum, sem í voru sparisjóðsbækur, víxlar og fasteignatryggingarbréf. Allt, sem í skápnum var að undanteknum peningunum, var afhent skattrannsóknarstjóra. Skúli Pálsson, deildarstjóri í skattrannsóknadeild, afhenti dómaranum möppuna aftur 11. júní 1970.

Á dómþingi 10. júlí 1970 afhenti dómarinn Jóhanni Steinasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Margeirs Jóns öll skjölin, sem fundust í bankahólfi Margeirs Jóns í Landsbankanum og hluta af skjölunum sem voru í möppunni, sem fannst í peningaskápnum. Einnig afhenti dómarinn lögmanninum lyklaveski Margeirs Jóns, sem tekið var við húsleitina heima hjá honum, og tilkynnti dómarinn lögmanninum jafnframt, að hann væri reiðubúinn, hvenær sem þess væri óskað, að afhenda peningaskápinn svo og ljósrit af skjölum, sem áfram voru í vörzlu dómsins. Á dómþingi 9. desember 1970 afhenti dómarinn lögmanninum öll önnur skjöl úr ofangreindri möppu að undanteknum skjölum, sem beinlínis vörðuðu kæru Vilhjálms Svans, og tveim bankabókum, sbr. síðar.

B. Um miðjan marz 1970 kom Hreiðar Svavarsson framreiðslumaður, Laugarnesvegi 106, Reykjavík, að máli við dómarann og þóttist bera sig mjög illa. Hreiðar sagðist hafa komið tveim bankabókum og verðbréfum fyrir milligöngu Guðmundar Jóns Magnússonar, vélstjóra hjá Landhelgisgæzlunni, til ávöxtunar og geymslu hjá Margeiri Jóni. Hreiðar kvaðst aðeins fá venjulega bankavexti af fé sínu, en með þessu hefði hann haft hug á að eignast góð bréf og gera góð fasteignakaup á uppboðum. Hreiðar tók fram, að hann hefði ekki tíundað þessar eignir sínar til skatts. Dómarinn ráðlagði þá Hreiðari að snúa sér til skattayfirvalda og koma þessu á hreint, enda þótt dómaranum þætti frásögnin öll hin tortryggilegasta. Á meðan Hreiðar var hjá dómaranum, hafði dómarinn samband við Skúla Pálsson deildarstjóra, og var afráðið, að Hreiðar kæmi til hans á tilteknum tíma næsta dag. Á fundinum með dómaranum var Hreiðar með afrit af bréfi, sem hann tjáði sig hafa sent Margeiri Jóni, þar sem hann gerði kröfu um, að Margeir Jón afhenti sér tilgreind verðmæti, þ. e. víxla, fasteignatryggingarbréf og tvær ofangreindar bankabækur.

Nokkru eftir fund Hreiðars og dómarans fór Hreiðar að ganga eftir ofangreindum verðmætum, sem hann taldi vera í vörzlum dómsins og sig réttan eiganda að. Dómarinn benti Hreiðari á, að hér væri um að ræða gögn, sem lagt hefði verið hald á vegna rannsóknar opinbers máls, og kæmi slík afhending ekki til greina, að minnsta kosti ekki að sinni. Hreiðar hélt áfram að ganga eftir skjölunum, og loks var ákveðið, að Hreiðar hitti dómarann að máli á skrifstofu hans kl. 1300 21. marz 1970 (miðvikudaginn fyrir skírdag). Vegna umferðaróhapps dróst mjög, að dómarinn kæmist til skrifstofu sinnar á réttum tíma eftir hádegisverðarhlé. Er dómarinn kom að skrifstofu sinni, voru þar fyrir utan Hreiðar, Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, tengdafaðir Hreiðars, og maður, sem dómarinn bar ekki kennsl á, og virtist honum vera mikið niðri fyrir. Nefndi maðurinn nafn dómarans, og er dómarinn kannaðist við það, elti maðurinn dómarann inn á skrifstofu hans og taldi sig nauðsynlega þurfa að tala við hann. Þarna var kominn Guðmundur Jón Magnússon vélstjóri, og tjáði hann dómaranum, að Hreiðar Svavarsson og Brandur Brynjólfsson lögfræðingur hefðu hrætt sig til að selja sér bankabækur og verðbréf, sem hann átti í vörzlum Margeirs Jóns og tekin voru við húsleitina. Var þarna um að ræða verðmæti að fjárhæð nálægt kr. 1.300.000.00 auk áfallinna, en ógreiddra, vaxta, og fékk Guðmundur Jón aðeins í staðinn víxil að fjárhæð kr. 650.000.00 samþykktan af Hreiðari, en útgefinn af Brandi. Dómarinn benti Guðmundi á, að hann þyrfti að koma strax eftir páskahelgina og gefa skýrslu fyrir dómi, en Guðmundur kvaðst vera að fara út á sjó, og benti dómarinn honum þá á að koma við fyrstu hentugleika. Er Guðmundur fór frá dómaranum, reyndust tengdafeðgarnir Hreiðar og Bjarni horfnir af vettvangi.

Hreiðar hélt áfram að ganga eftir verðmætunum, og ræddi dómarinn við Hreiðar og Bjarna Bjarnason 27. apríl á skrifstofu sinni, og er þeir óskuðu eftir að fá gögnin afhent, benti dómarinn þeim á eftirfarandi atriði.

1. Skjölin voru í vörzlu dómsins samkvæmt dómsúrskurði.

2. Hreiðar hefði ekki sýnt neinar eignarheimildir fyrir skjölunum og ekkert fram komið í málinu um rétt hans til skjalanna.

3. Annar aðili hafði gert kröfu til eignarréttar á skjölunum, þ. e. Guðmundur Jón Magnússon.

4. Sérgreining og lýsing sumra skjalanna svo óljós, að ekki væri hægt að átta sig á, hvort umrædd skjöl væru í vörzlu dómsins, og sum væru það greinilega ekki.

Eftir að dómarinn hafði gefið þessa yfirlýsingu, afhenti Bjarni Bjarnason dómaranum ljósrit af nokkrum framsölum, sem Hreiðar átti að hafa fengið hjá Guðmundi Jóni. Að því loknu lýsir dómarinn yfir því, að afstaða hans til afhendingar væri óbreytt.

Guðmundur Jón Magnússon mætti í sakadómi 30. apríl, 17. júlí, 21. júlí og 24. júlí 1970 og skýrði frá viðskiptum sínum við Hreiðar og Brand. Frásögn hans var í stórum dráttum efnislega á eftirfarandi leið:

Skömmu eftir að húsleitin fór fram hjá Margeiri Jóni, kom hann heim til Guðmundar Jóns og tjáði honum, að rannsóknarlögreglan hefði lagt hald á tvær bankabækur, víxla og tryggingarbréf, sem Margeir Jón hafði til innheimtu fyrir Guðmund Jón. Margeir Jón sagði Brand Brynjólfsson vera lögfræðing sinn og hefði hann á takteinum mann, sem fús væri til að taka þetta á sig, þ. e. að koma fram sem eigandinn upp á helming. Guðmundur Jón sagði, að sér þætti þetta of mikið, þar sem þarna væri fyrst og fremst um sparisjóðsinnstæður að ræða, og ætlaði hann að taka þetta á sig sjálfur. Tók Margeir Jón undir það og latti Guðmund Jón fremur en hvatti í þessu efni. Á meðan Margeir Jón stóð við hjá Guðmundi Jóni, beið umræddur maður úti í bifreið, og nafngreindi Margeir Jón hann sem Hreiðar Svavarsson.

Guðmundi Jóni varð mikið um þetta og reyndi um helgina á eftir að ná sambandi við Margeir Jón til þess að ræða málin nánar. Er það tókst ekki, hringdi Guðmundur Jón í Brand næsta mánudagsmorgun og spurði hann um Margeir, og í því símtali var afráðið, að Guðmudur Jón kæmi að skrifstofu Brands á Baldursgötu 12, en Brand hafði Guðmundur Jón ekki séð áður. Á skrifstofunni hitti Guðmundur Jón Brand einan, og spurði Guðmundur Jón Brand, hvernig hann teldi sig fara út úr þessu máli. Brandur sagði hann fara mjög illa út úr þessu, þar eð skatturinn tæki mjög hart á öllu slíku. Þar sem þarna var um lögfræðing að ræða og meira að segja hæstaréttarlögmann, sem málaði hlutina mjög sterkum litum og hafði því mikil áhrif á Guðmund Jón, kveðst hann hafa loks fallizt á þetta, enda hafi hann verið mjög illa fyrir kallaður vegna svefnleysis og hugarangurs út af þessu. Brandur tók jafnframt fram, að hann hefði mann, sem væri fús að taka þetta að sér upp á helming, og sá maður væri væntanlegur á hverri stundu. Skömmu síðar kom Hreiðar Svavarsson, sem Guðmundur Jón þekkti ekki áður. Guðmundur Jón sagði, að svo hafi viljað til, að hann hafði meðferðis

í veski sínu kvittanir fyrir öllum þeim verðmætum, sem hann átti í vörzlum Margeirs Jóns, að undantekinni einni kvittun. Hreiðar útbjó framsal fyrir þeirri kvittun, og auk þess framseldi mætti allar kvittanirnar, sem hann var með. Setti Hreiðar mismunandi dagsetningar á framsölin á kvittununum. Framsölin las Brandur fyrir, Hreiðar ritaði þau niður og Guðmundur Jón undirskrifaði þau. Umtalað var, að Guðmundur Jón ætti að koma fram sem milligöngumaður milli Hreiðars og Margeirs Jóns, en Hreiðar sem hinn raunverulegi eigandi. Auk ofangreindra kvittana afhenti Guðmundur Jón Hreiðari og Brandi tvö tryggingarbréf með víxlum og eitt ttryggingarbréf án víxils.

Guðmundur Jón sagði, að þetta hefði átt sér stað mánudaginn 2. marz. Strax um kvöldið fór hann að hugsa málið og dauðsá eftir öllu saman og fór því á fund Brands næsta morgun og vildi láta kaupin ganga til baka. En Brandur sagði það of seint, þar sem Hreiðar hefði þegar farið með gögnin í sakadóm. Næsta dag þurfti Guðmundur Jón að fara til sjós, og er hann kom aftur í land, gaf hann sig fram við sakadóm miðvikudag fyrir skírdag.

Hreiðar Svavarsson kom fyrir dóm 10. júlí og 17. júlí 1970, og hefur hann eindregið neitað að hafa haft nokkuð af Guðmundi Jóni og það hefði verið Guðmundur Jón sjálfur, sem óskaði eftir að eiga viðskiptin, sem gerð voru og gengið var frá á Baldursgötu 12 2. marz 1970. Höfðu þeir mælt sér þar mót samkvæmt ósk Guðmundar Jóns, þar sem hann hafði eindregið óskað eftir því að fá að sjá, þegar Brandur skrifaði upp á víxilinn, sem hann var búinn að lofa að skrifa upp á fyrir Hreiðar. Hreiðar var spurður að því, hvort honum hefði ekki þótt tortryggilegt, að maður vildi selja sparisjóðsbækur (innstæðan nam við húsleitina kr. 799.684.00). Sagði Hreiðar, að svo væri ekki, þar sem maðurinn hefði fengið svo gott verð fyrir. Ítrekað aðspurður neitaði Hreiðar að gefa upp, hvað maðurinn fékk í sinn hlut auk áðurgreinds víxils að fjárhæð kr. 650.000.00. Loks sagði Hreiðar, að Brandur hefði ekkert komið nálægt þessum viðskiptum að öðru leyti en því, að hann hafi í greiðaskyni við sig útgefið og ábakið ofangreindan víxil.

Í lok dómþings 10. júlí 1970 tilkynnti dómarinn Hreiðari, að 6 af 8 víxlum, sem Hreiðar taldi sig hafa keypt af Guðmundi Jóni, væru ekki sjáanlegir í vörzlu dómsins, en hugsanlegt sé, að tveir af víxlunum séu þar, en þó sé það ekki víst, þar sem víxlar, sem lýsingarnar passa við, séu fleiri en einn. Einnig tilkynnti dómarinn Hreiðari, að Magnús Helgi Jónsson, Garðastræti 9,

hefði kært Margeir Jón fyrir okur og beðið hefði verið um uppboð á eign hans í Dunhaga 23 vegna viðskiptanna við Margeir Jón og kynnu því fjórir af ofangreindum 6 víxlum að vera í þeim málum.

Brandur Brynjólfsson héraðsdómslögmaður kom fyrir dóm 21. júlí, og kvað hann viðskipti Hreiðars og Guðmundar Jóns vera sér algerlega óviðkomandi að öðru leyti en því, að hann hefði útgefið og ábakið ofangreindan víxil í greiðaskyni við Hreiðar.

Með bréfi, dags. 1. júlí 1970, kærði Guðmundur Jón formlega ofangreind viðskipti, þar sem hann taldi, að atferli Hreiðars varðaði að minnsta kosti við 253. gr. almennra hegningarlaga, og 16. september 1970 gagnkærði Hreiðar Guðmund Jón fyrir rangar sakargiftir.

28. janúar 1971 ritaði dómarinn saksóknara ríkisins eftirfarandi: „Hér með sendast yður, hr. saksóknari, fimm endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur af rannsókn á ætluðum okurbrotum Margeirs Jóns Magnússonar svo og kæra Guðmundar J. Magnússonar á hendur Hreiðari Svavarssyni og gagnkæra Hreiðars á hendur Guðmundi. Skjöl þessi eru send yður, þótt rannsókn Margeirs sé hvergi nærri lokið, vegna margítrekaðra áskorana Bjarna Bjarnasonar, lögfræðings, en dómari málsins hefur tjáð lögfræðingnum, að hann teldi ekki fært, eins og málum er háttað, að senda kærumál Guðmundar og Hreiðars sérstaklega til ákvörðunar".

Ekki liggur fyrir sérstök ákvörðun ákæruvaldsins um ofangreint kærumál, en 12. janúar 1972 skrifaði saksóknari ríkisins dóminum eftirfarandi: „Með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dags. 28. janúar f. á., bárust embættinu endurrit dómsrannsókna á ætluðum okurbrotum Margeirs Jóns Magnússonar, Miðstræti 3, og í því sambandi kæra Guðmundar Jóns Magnússonar, vélstjóra, Gautlandi 19, á hendur Hreiðari Svavarssyni, framreiðslumanni, Laugarnesvegi 106, svo og gagnkæra Hreiðars á hendur Guðmundi Jóni, en í bréfi dómsins var tekið fram, „skjöl þessi eru sérstaklega til ákvörðunar".

Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafizt, að rannsókn máls þessa, ef henni er ólokið, verði hraðað, svo sem kostur er, og málið verði þegar að rannsókn lokinni sent embættinu til ákvörðunar".

II. Með bréfi, dags. 9. marz 1970, skrifaði Jóhann Ragnarsson hæstaréttarlögmaður kæru f. h. Magnúsar Helga Jónssonar, Garðastræti 9, á hendur Margeiri Jóni o. fl.

Í kærunni segir m. a.:

„Umbjóðandi minn, Magnús Helgi Jónsson, kveðst hinn 7. ágúst 1963 hafa fengið peningalán hjá Margeiri J. Magnússyni. Hafi hann afhent Margeiri víxil pr. 7/2 1964 að fjárhæð kr. 30.000.00 og móttekið peninga að fjárhæð u. þ. b. kr. 22.800.00. Nokkru síðar, eða hinn 8. október 1963, kveðst umbjóðandi minn hafa afhent Margeiri annan víxil með sömu fjárhæð pr. 8/4 1964 og móttekið sömu eða svipaða fjárupphæð og áður. Vexti af víxlum þessum kveðst umbjóðandi minn hafa greitt Margeiri a. m. k. tvisvar sinnum vorið 1964, fyrir skamman tíma í hvort sinn.

Hinn 19. október 1964 kveðst hann síðan enn hafa greitt vexti af sínum gjaldföllnu víxlum. Hafi það verið gert með nýjum víxli að fjárhæð kr. 35.000.00 pr. 19/4 1965, en þar sem hann hafi verið hærri en sem nam dráttarvöxtum og forvöxtum af skuldinni allri til gjalddaga nýja víxilsins hinn 19/4 1965, þá hafi Margeir afhent sér víxil, sem fylgir með kæru þessari, að fjárhæð kr. 11.660.00 með gjalddaga 20. okt. 1984. Þá kveðst umbjóðandi minn jafnframt hafa móttekið þetta sem peninga, sem numið hafi 500 til 1.000 kr.

Enn kveðst umbjóðandi minn hafa gengið á fund Margeirs J. Magnússonar 14. júlí 1965 og þá samþykkt nýjan víxil fyrir vöxtum af skuldinni fram til desember 1965 ásamt forvöxtum af nýja víxlinum til gjalddaga 14. janúar 1966. Víxill þessi er að fjárhæð kr. 51.300.00. Með sama hætti og lýst er hér að framan, kveðst umbjóðandi minn síðan hafa farið á fund Margeirs og samþykkt nýja víxla fyrir vöxtum — dráttarvöxtum af allri skuldinni og forvöxtum af nýja víxlinum í hvert sinn — svo sem hér segir:

19. jan. 1966 samþ. víxill pr. 19/7 1966	kr.	50.000.00
19. júlí 1966 samþ. víxill pr. 19/1 1967	—	63.000.00
28. jan. 1967 samþ. víxill pr. 27/7 1967	—	83.000.00
14. júlí 1967 samþ. víxill pr. 14/1 1968	—	110.000.00
16. jan. 1968 samþ. víxill pr. 15/7 1968	—	150.000.00

Umbjóðandi minn kveður aldrei hafa verið um venjulega framlengingu á víxlunum að ræða, heldur hafi gömlu víxlarnir verið látnir liggja áfram, en gefnar hafi verið út af Margeiri kvittanir fyrir því, að vextir af eldri víxlunum voru greiddir um það bil fram til gjalddaga nýja víxilsins í hvert sinn. Sumar þessar

kvittanir kveður umbjóðandi minn nú glataðar, en nokkrar þeirra fylgja þó með bréfi þessu. Eru það kvittanir dags. 10/3 og 11/4 1964, 17/7 1965, 15/7 1967 og 17. jan. 1968. Af kvittunum þessum kemur skilmerkilega fram, af hvaða víxlum eru greiddir vextir hverju sinni, en ekki fjárhæðir. En jafnframt því að samþykkja fyrstu tvo 30 þúsund króna víxlana og síðan sífellt nýja víxla fyrir vöxtunum, gaf umbjóðandi minn jafnframt nýjum víxli út tryggingarbréf með veði í íbúð sinni að Dunhaga 23 hér í borg. Kemur því greinilega fram af víxlunum, tryggingarbréfunum og kvittunum, hvers eðlis viðskipti þessi voru og hverjir vextir voru teknir af skuldinni.

En er hér var komið sögu, þ. e. eftir að síðasti víxillinn féll í gjalddaga í júlí 1968, opnuðust loks augu umbjóðanda míns fyrir því, hvert stefndi. Hann hafði fengið peninga að láni að upphæð ca. kr. 46.000.00 og hafði móttekið víxil Margeirs pr. 20/10 1984 að upphæð kr. 11.660.00. Fyrir þessari skuld hafði hann nú samþykkt víxla samtals að fjárhæð kr. 602.300.00. Þá kveður hann, að sér hafi loks orðið ljóst, að ekki varð lengra haldið á þessari braut. Hann hafði því sagt Margeiri, að hann samþykkti ekki frekari víxla og hann fengi ekki annað frá sér. Þetta svar umbjóðanda míns kveður hann hins vegar hafa leitt til þess, að hinn 25. júní og 26. ágúst 1969 hafi verið beðið um nauðungarsölu á íbúðinni að Dunhaga 23, og sé það mál nú rekið fyrir uppboðsrétti".

Magnús Helgi Jónsson hefur komið fyrir dóm, staðfest kæruna og borið frekar um málavexti.

III. Með bréfi, dags. 15. september 1970, barst enn kæra á Margeir Jón frá Jónasi Guðlaugssyni, Öldugötu 7, Reykjavík. Kæran var efnislega á þá leið, að Jónas kærði Margeir Jón fyrir okurlánastarfsemi og að hann hefði í fórum sínum nauðungarafsal fyrir ⅔ af húseigninni Öldugötu 7 hér í borg, og krafðist Jónas þess, að málið yrði rannsakað og afsalinu riftað, þar sem það var fengið með hótunum. Upphaflega hafði verið tekið út á eignina lán að fjárhæð kr. 95.000.00 á árinu 1960 og Margeir Jón sagður hafa tekið í vexti af því um kr. 60.000.00 á ári. Jónas taldi lánið löngu greitt svo og löglega vexti. Jónas upplýsti, að brunabótamat eignarinnar væri um kr. 2.000.000.00, og sýndi það, hversu fráleitt það væri, að Margeir Jón sjálfur hefði getað yfirfært eignina á sitt nafn fyrir eintóma víxla svo og greiðslu á okurvöxtum.

Jónas hefur komið fyrir dóm og borið um málavexti.

IV. Er Margeir Jón mætti í sakadómi 25. f. m., afhenti hann dómaranum ljósrit af bréfi til „Dómsmálaráðherra Íslands", dagsettu 14. febrúar s.l., með þeim ummælum, að líta bæri á það sem kröfu um, að dómarinn viki sæti í málinu. Í ofangreindu bréfi kemur fram, að dómsmálaráðuneytinu hefur verið sent bréf svipaðs efnis 26. febrúar 1971. Dómari málsins hafði ekki hugmynd um tilvist ofangreindra bréfa, fyrr en Margeir Jón lagði fram ofangreint ljósrit. Í seinna bréfinu kemur fram, að Margeir Jón hefur í hinu fyrra krafizt m. a. þess þegar hinn 26. febrúar 1971, að dómaranum yrði vikið frá störfum í sakadómi Reykjavíkur, og er sú krafa með meiru endurtekin í seinna bréfinu. Í því rökstyður Margeir Jón, hvers vegna hann krefjist þess, að dómaranum sé vikið fá störfum í sakadómi Reykjavíkur, og samkvæmt yfirlýsingu Margeirs Jóns í dómi 25. f. m. ber að líta svo á, að dómarinn eigi að víkja sæti í þessu máli af sömu sökum. Margeir Jón skipti röksemdum sínum í tvo töluliði, þ. e.:

1. Með dómi Hæstaréttar nr. 201/1966, uppkveðnum 26. apríl 1967, var Margeir Jón dæmdur til að greiða kr. 850.000.00 í sekt til ríkissjóðs fyrir okur og brot á bókhaldslögum. Margeir Jón taldi dóm þennan vera þannig „til kominn", að er hann mætti fyrst fyrir dómi í rannsókn málsins, hafi dómarinn spurt, hvort um vexti hafi verið að ræða af þar greindum 20 ára víxlum í máli þessu, og Margeir Jón svaraði, að ekki hafi verið um neina vexti að ræða. Þetta svar Margeirs Jóns var strax bókað, en svarið átti að vera, að sögn Margeirs Jóns, að ekki hafi verið um að ræða neina vexti ennþá, sem greiddir hefðu verið, sem og var. Nokkru síðar, er Margeir Jón mætti á ný í dóminum til frekari skýringar á fyrri framburði sínum, óskaði Margeir Jón að fá að sjá fyrri framburð sinn, því að hann mundi hann ekki orðréttan, þá hafði dómarinn sagt: „Ég ræð hér". Þetta kveðst Margeir Jón hafa skilið þannig, að dómarinn „ætlaði að hafa áhrif á dómsniðurstöðuna, sem og varð, en ekki láta málefnin ráða". Margeir Jón kveðst hafa sagt verjanda sínum strax frá þessu, en einhverra hluta vegna kom þetta atriði ekki fyrir beinum orðum í vörn málsins fyrir sakadómi og Hæstarétti.

2. Um miðjan febrúar 1970 kom dómarinn með flokk manna frá skatt- og rannsóknarlögreglunni og gerði húsleit að Miðstræti 3 A hjá Margeiri Jóni, þrátt fyrir það að hann mótmælti því á þeim forsendum að benda á það, sem á undan var gengið og getið er um hér að framan, og Margeir Jón kvaðst af þeim sökum skoða „greindan Jón sem persónulegan mótstöðumann" sinn, sem

ekki gæti þar af leiðandi verið hlutlaus í málum hans. Við húsrannsóknina telur Margeir Jón sig hafa óskað án árangurs eftir öðrum dómara. Til frekari sönnunar á hlutdrægni dómarans benti Margeir Jón á, að hann hefði ekki verið kallaður fyrir dóm vegna málsins og ekki fengið allt, sem tekið var við húsleitina, afhent aftur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Er þar bæði um að ræða muni persónulega tilheyrandi Margeiri Jóni og umbjóðendum hans.

Um 1. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1966 var Margeir Jón dæmdur til að greiða kr. 850.000.00 í sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 2. og 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 28. desember 1960, og brot á 19. gr. laga nr. 62/1938 og 262. gr. almennra hegningarlaga. Dómur þessi var staðfestur í Hæstarétti 26. apríl 1967. Héraðsdóminn kvað upp Halldór Þorbjörnsson sakadómari, en dómari þessa máls hafði með höndum rannsókn málsins fyrir útgáfu ákæru.

Ekki verður komizt hjá að taka upp kafla úr ofangreindum héraðsdómi til skýringar á umkvörtunarefni Margeirs Jóns.

Í dóminum segir m. a.:

„1. Í apríl 1964 sneri Sæmundur Reynir Jónsson verzlunarmaður, Laugateigi 17 hér í borg, sér til ákærða, sem fæst við lánastarfsemi, og leitaði eftir peningaláni hjá honum. Niðurstaðan varð sú, að hinn 20. apríl keypti ákærði af Sæmundi Reyni þrjá víxla, er hann hafði samþykkt, að fjárhæð kr. 100.000.00 hvern, dags. 18. apríl, með gjalddaga 18. október sama ár. Fyrir víxlana greiddi ákærði 200 þús. kr. í peningum og 100 þús. kr. með víxli, er hann sjálfur hafði samþykkt, dags. 20. apríl 1964, með gjalddaga 20. apríl 1984. Til tryggingar víxlum þeim, er Sæmundur Reynir samþykkti, setti hann eignarhluta sinn í húseigninni Laugateigi 17 að veði með 4. veðrétti. Víxill sá, sem ákærði lét Sæmundi Reyni í té, var ekki veðtryggður.

Sæmundur Reynir kveðst hafa beðið ákærða um 200 þús. kr. lán og hafi ákærði fallizt á að veita það, þó þannig, að hann fengi í hendur víxla að fjárhæð kr. 30.000.00 og greiddi 100 þús. kr. af því með víxli til 20 ára. Um vexti af víxlunum hafi ekki verið rætt. Hins vegar hafi hann haft á orði, að hann mundi ef til vill ekki geta greitt víxlana á gjalddaga og ákærði hafi þá lofað að framlengja lánin um óákveðinn tíma og með 2½% mánaðarlegum vöxtum.

Ákærði skýrði svo frá í þinghaldi 8. janúar 1965, er dómsrannsókn fór fram, að hann og Sæmundur Reynir hefðu orðið ásáttir

um, að ákærði léði Sæmundi Reyni kr. 300 þús. vaxtalaust í 6 mánuði, en Sæmundur Reynir léði ákærða hins vegar 100 þús. kr. vaxtalaust til 20 ára. Bar ákærða þannig efnislega saman við skýrslu Sæmundar Reynis.

Á dómþingi, sem háð var 24. febrúar 1965, lagði ákærði fram yfirlýsingu sjálfs sín, dagsetta 20. apríl 1964. Í yfirlýsingunni segir, að hann skuldbindi sig til að greiða handhafa víxils síns, dags. 20. apríl 1964, hæstu leyfilega víxilvexti og greiðist þeir í gjalddögum 20. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 20. apríl 1965.

Yfirlýsingu þessa kveðst Sæmundur Reynir aldrei hafa séð fyrr en á umræddu dómþingi.

2. Í maímánuði 1964 leitaði Sæmundur Reynir eftir viðbótarláni hjá ákærða, og féllst ákærði á að veita það. Lyktir urðu þær, að ákærði keypti tvo víxla af Sæmundi Reyni. Báðir eru víxlarnir gefnir út 21. maí, með gjalddaga 21. nóvember sama ár, samþykktir af Sæmundi Reyni, en útgefnir af konu hans. Annar er að fjárhæð kr. 80.000.00, og greiddi ákærði fyrir hann kr. 53.333.00 í peningum, en afganginn, kr. 26.667.00, með víxli, er hann hafði samþykkt, með gjalddaga 21. maí 1984, og fyrir hinn víxilinn, að fjárhæð kr. 70.000.00, fékk hann kr. 46.667.00 í peningum, en kr. 23.333.00 með víxli pr. 21. maí 1984. Þannig tók Sæmundur Reynir í þetta skipti á sig víxilskuldbindingar pr. 21. nóvember 1964 að fjárhæð kr. 150.000.00 og fékk í staðinn 100 þús. kr. í peningum, en 50 þús. kr. í víxlum til 20 ára.

Láni þessu var þannig hagað á öldungis sama hátt og láninu, sem lýst er undir 1. hér að ofan. Sæmundur Reynir segir, að einnig hafi verið talað um það í sambandi við þetta lán, að hann fengi að framlengja víxlana með 2½% vöxtum á mánuði. Þessu mótmælir ákærði í þinghaldi 8. janúar 1965 og kveður, að ekkert hafi verið vikið að væntanlegri framlengingu víxilskuldanna né heldur að vöxtum í því sambandi.

Í þinghaldi 24. febrúar 1965 hélt ákærði því fram, að hann hefði einnig gefið út tvær yfirlýsingar um vaxtagreiðslur af þessum 20 ára víxlum sínum, hliðstæðar þeirri, sem greint var frá undir 1. hér að ofan, en ekki kvaðst Sæmundur Reynir kannast við neinar slíkar yfirlýsingar".

Í niðurstöðum héraðsdóms segir m. a.:

„1.—2. Sannað þykir, að hinn 20. apríl 1964 hafi ákærði veitt Sæmundi Reyni Jónssyni víxillán að fjárhæð kr. 300.000.00 til 6 mánaða, vaxtalaust, tryggt með fasteignaveði, gegn því, að Sæmundur Reynir lánaði honum kr. 100.000.00 vaxtalaust til 20

ára. Sömuleiðis þykir leitt í ljós, að 21. maí hafi ákærði veitt Sæmundi Reyni vaxtalaust víxillán til 6 mánaða að fjárhæð kr. 150.000.00, en áskilið sér á móti vaxtalaust víxillán frá Sæmundi Reyni til 20 ára að fjárhæð kr. 50.000.00. Yfirlýsingar ákærða um vaxtagreiðslur til Sæmundar Reynis, þær sem áður var getið, verða að teljast einber markleysa og lagðar fram í blekkingarskyni, enda hafði ákærði áður lýst yfir því fyrir dómi skýrt og skorinort, að um vaxtalaus lán hefði verið að ræða".

Eins og ofangreindar tilvitnanir bera með sér, hefur Margeir Jón ekki gefið samhljóða dómskýrslur í málinu á dómþingum 8. janúar 1968 og 24. febrúar 1965, og sýnir það þegar, að rangt er með farið, er dómari þessa máls er þeim sökum borinn, að hann hafi neitað að taka við breyttum framburði Margeirs Jóns. Hitt er svo annað mál, að hvorki héraðsdómari né Hæstiréttur hafa tekið seinni framburð Margeirs Jóns góðan og gildan. Helzt verður ráðið af hinum mismunandi framburðum, að Margeir Jón hafi fyrst, er hann mætti, verið haldinn þeirri lögvillu, að viðskiptahættir þeir, er hann bauð Sæmundi Reyni upp á, hafi verið í samræmi við lög, en er hann mætti hinu seinna skipti, hafi hann að athuguðu máli ekki verið eins viss í sinni sök og reynt að bæta úr. Er Margeir Jón var síðan dæmdur, virðist gremja hans út af því hafa beinzt að dómara þessa máls, enda þótt Margeir Jón hafi verið dæmdur af öðrum héraðsdómara og síðan Hæstarétti, án þess að verjandi hans í héraði og fyrir Hæstarétti hafi, að hans eigin sögn, reynt í þeim málaferlum að koma núverandi ásökunum Margeirs Jóns á framfæri.

Aðdróttanir Margeirs Jóns um, að dómarinn hafi við rannsókn ofangreinds máls verið hlutdrægur og reynt að halla rétti hans, eru ekki á rökum reistar og verður ekki sinnt.

Um 2. Í þessum tölulið kemur fram, að Margeir Jón hefur þegar við upphaf þessa máls haft fullan hug á að losna við dómarann vegna afskipta dómarans af fyrra máli Margeirs Jóns, og kveðst hann hafa krafizt þess við húsleitina 25. febrúar 1970, að dómarinn viki sæti. Slíka kröfu hefur Margeir Jón aldrei gert formlega fyrr en á dómþingi 25. f. m., þótt honum hafi verið í lófa lagið að senda slíka kröfu í bréfi til dómarans eða gera hana á dómþingi fyrir tilstilli Jóhanns Steinasonar hæstaréttarlögmanns, umboðsmanns síns. Hitt er rétt, að við framkvæmd húsleitarinnar veittist Margeir Jón að dómaranum vegna afskipta hans af fyrra máli og dró enga dul á, að hann teldi dómarann vera óvildarmann sinn og vildi því losna við hann.

Strax næsta dag eftir húsleitina var reynt að hafa upp á Margeiri Jóni, en það var án árangurs, svo og næstu daga og loks, er tókst að koma boðum til Margeirs Jóns að mæta kl. 1000 þriðjudaginn 3. marz 1970, mætti hann ekki, þótt hins vegar frá honum bærust vafasöm boð um forföll. Margeir Jón átti þess kost að koma fyrir dóm í upphafi málsins, þótt dómarinn hafi hins vegar ekki talið það í þágu rannsóknar málsins, að Margeir Jón veldi sjálfur tíma til að mæta.

Þótt Margeir Jón hafi ekki á ný verið boðaður fyrr en 25. f. m., hefur umboðsmaður hans, Jóhann Steinason hæstaréttarlögmaður, komið oftar en einu sinni fyrir dóm og gætt hagsmuna hans með ágætu samkomulagi við dómarann, sem hefur haldið rannsókn málsins áfram með öðrum skyldustörfum, svo sem skýrslutökum af vitnum, fjármagnseigendum og fleiri aðiljum. Þá er því ekki að neita, að kærumál Guðmundar Jóns Magnússonar og Hreiðars Svavarssonar töfðu málið verulega framan af, og eftir að dómarinn sendi þann þátt sérstaklega til ákvörðunar saksóknara ríkisins hinn 28. janúar 1971, lá rannsóknin niðri öllu lengur en réttlætanlegt er, en dómarinn vísar á bug öllum ásökunum um, að það hafi verið gert til að halla rétti Margeirs Jóns á nokkurn hátt.

Um skjöl þau, sem lagt var hald á og Margeiri Jóni hafa ekki verið send á ný, er þess að geta, að nokkru er um að ræða skjöl í vörzlum dómsins og að nokkru skjöl í vörzlu skattrannsóknadeildar ríkisskattstjóra.

Skjölin, sem eru í vörzlum dómsins, varða annars vegar kæru Vilhjálms Svans, og hins vegar er um að ræða bankabækur o. fl., sem Guðmundur Jón framseldi Hreiðari. Um fyrrgreind skjöl er það að segja, að Vilhjálmur Svan hefur borið, að þessi skjöl hafi orðið til, að minnsta kosti að hluta, fyrir misgerning gagnvart sér eða réttarbrot Margeirs Jóns. Auk þess hafa fleiri aðiljar en Margeir Jón gert kröfu til sumra skjalanna. Um bankabækurnar er svipað að segja. Guðmundur Jón telur, að eignarréttartilkall Hreiðars byggist á réttarbroti gagnvart sér, og hefur hann krafizt að fá gögnin. Einnig hefur Hreiðar krafizt þeirra. Þar sem ágreiningurinn er óútkljáður, hefur dómarinn ekki talið sér fært að afhenda bækurnar og annað, sem viðskipti Hreiðars og Guðmundar snerust um. Um skjölin hjá skattrannsóknadeild er þess að geta, að með bréfi, dags. 30. október 1970, sendi ríkisskattstjóri dóminum skýrslu rannsóknadeildar um athugun á viðskiptum Vilhjálms Svans Jóhannssonar við Margeir J. Magnússon

á árunum 1960—1970. Í sama bréfi segir: „Í vörzlu rannsóknadeildarinnar eru ýmsar bækur og gögn í eigu nefnds Margeirs, sem snerta þetta mál, en rannsókn fer nú fram hjá deildinni á starfsemi nefnds Margeirs almennt, og beinist hún einkum að skattalegum atriðum". Við þetta situr enn, og eru gögnin enn hjá ríkisskattstjóra.

Samkvæmt því, sem hefur nú verið rakið, verður krafa Margeirs Jóns Magnússonar víxlara um, að dómari máls þessa víki sæti, ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa Margeirs Jóns Magnússonar víxlara um, að dómari máls þessa víki sæti, er eigi tekin til greina.

Föstudaginn 23. júí 1972.

Nr. 147/1971. **Bæjarstjórinn í Kópavogi vegna Kópavogskaupstaðar**
(Ólafur Ragnarsson hdl.)
gegn
Geir G. Gunnlaugssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, og samdómsmennirnir Gaukur Jörundsson prófessor og Ólafur E. Stefánsson búnaðarráðunautur hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1971. Krefst hann þess, að honum „verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda bætur skv. 62. gr. l. nr. 71/1963". Til vara er þess krafizt, að aðaláfrýjanda „verði gert að greiða gagnáfrýjanda sem fullnaðar bætur kr. 792 þúsund með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1970 til greiðsludags". Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. október 1971. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2.620.330.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Við staðfestingu matsgerðar kom fram, að matsfjárhæð var annars vegar miðuð við rekstrartjón gagnáfrýjanda í 2½ ár, kr. 792.000.00, og hins vegar „andvirði landsins, kr. 1.638.000.00".

Fyrir matsmenn var lögð eftirfarandi spurning: „Eru bæturnar kr. 1.638.000.00 . . . , þ. e. 700 þús. pr. hektara, jafnar þeim bótum, sem metnar hefðu verið fyrir eignarland". Annar matsmaðurinn svaraði spurningunni játandi, en hinn kveðst telja „bæturnar vera jafnar þeim bótum, sem metnar hefðu verið fyrir eignarland, miðað við erfðaábúð".

Þegar virt er framangreind matsgerð og greind svör matsmanna, er ljóst, að ekki hefur verið gætt réttra matssjónarmiða vegna eignarnáms erfðaábúðarréttindanna. Matsgerðin er því háð þeim annmörkum, að ekki er viðhlítandi, og verður nýtt mat að fara fram, sbr. 2. gr. laga nr. 61/1917. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 1. apríl 1971 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Rétt er að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 1. apríl 1971 eiga að vera ómerk, og er

málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. Kópavogskaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Geir G. Gunnlaugssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 9. júlí 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. júní s.l., er höfðað með stefnu, útgefinni 8. júlí 1969, þar sem Geir G. Gunnlaugsson, bóndi í Lundi í Kópavogi, stefnir Kópavogsbæ fyrir bæjarþing Kópavogs til greiðslu á kr. 1.872.000.00 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati réttarins.

Í stefnu telur stefnandi tildrög málsins þessi: „Með byggingarbréfi, dagsettu 28. marz 1945, tók stefnandi hjá landbúnaðarráðuneytinu á erfðaleigu nýbýlalandið VIII úr Digraneslandi í Seltjarnarneshreppi með skilmálum þeim, er í byggingarbréfi greinir, sbr. dskj. nr. 4. Land þetta hafði Hermann Jónasson, fyrrverandi forsætisráðherra, haft á erfðaleigu samkvæmt byggingarbréfi, dagsettu 7. maí 1938. Sama dag og stefnandi fékk byggingarbréfið fyrir landinu hjá landbúnaðarráðherra, afsalaði Hermann Jónasson stefnanda ræktun og nokkrum mannvirkjum, er hann átti á nefndu landi auk erfðaleiguréttinda yfir landinu til stefnanda. Land þetta var 14 ha að stærð. Stefnandi reisti þegar hús og önnur mannvirki á landinu og hóf þar margþættan og umfangsmikinn búskap.

4. júlí 1968 afsalaði landbúnaðarráðherra síðan nefndu landi með öllu tilheyrandi, er ríkið átti á landinu, til Kópavogsbæjar að geymdum öllum rétti stefnanda yfir landinu og yfirleitt með vísan til kjara þeirra, er stefnandi hafði fengið, er hann fékk landið á erfðaleigu. Kópavogskaupstaður tók þannig sem kaupandi landsins af landbúnaðarráðuneytinu á sig allar skyldur, hverju nafni sem nefndust, er landbúnaðarráðuneytið hafði gagnvart stefnanda.

Á árinu 1968 hófst Kópavogskaupstaður handa um lagningu vegar í gegnum nýbýlaland stefnanda. Var það svonefndur Hafnarfjarðarvegur, er liggur um Kópavog. Skerðing landsins vegna nefnds vegar var 2.11 ha vegna Hafnarfjarðarvegar og 0.23 ha

vegna breikkunar Nýbýlavegar, eða alls 2.34 ha. Spilda þessi var öll í fullkominni rækt af hálfu stefnanda".

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Við munnlegan málflutning í þinghaldi 14. maí s.l. breytti stefnandi kröfugerð sinni þannig, að hann gerði sem aðalkröfu greiðslu á kr. 2.620.330.00 og til vara greiðslu á kr. 2.430.000.00 og til þrautavara greiðslu á kr. 1.872.000.00. Samþykkti stefndi framkomu þessara nýju krafna, en með þeirri athugasemd, að þær byggðust á nýjum gögnum. Mótmælti stefndi þá vaxtakröfu 8% sem of hárri og taldi réttara, að hún væri 7%, og samþykkti stefnandi þá lækkun.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að þegar þess sé gætt, hve stærð landsins var takmörkuð frá upphafi, sé auðsætt, að skerðing þessi hafi valdið honum mjög tilfinnanlegu tjóni, og telur hann, að taka þessarar landspildu hafi valdið því, að hann muni eigi í framtíðinni geta rekið búskap sinn á sama hátt og áður.

Kveður stefnandi túnin í Lundi hafa nægt til þess að sjá 60 nautgripum fyrir beit, en nú hafi tapazt ⅕ hluti þess lands og sé ljóst, að ókleift sé að stunda nautgriparækt án þess að hafa beitiland fyrir gripina. Vegna sérstöðu jarðarinnar sé ekki unnt að fá keypt nálæg landsvæði í stað þeirra, sem tekin voru, og fráleitt að reyna að reka eða flytja mjólkurkýr um langan veg í haga.

Þá kveður stefnandi, að þar sem tún voru tekin fyrirvaralaust, hafi ekki verið unnt að mæta nýjum aðstæðum og sé gripafjöldinn ennþá (4. september 1969) sá sami og jafnan áður. Þegar beitiland gekk til þurrðar, hafi kýrnar hnappast saman um miðjan dag og nytin minnkað. Hafi þá orðið að taka þær fyrr inn en ella og gefa þurrhey, og hafi hey því ódrýgzt, en einkum hafi aukin fóðurbætisnotkun orðið búinu dýr. Reynt hafi verið að drýgja þurrhey og fóðurbæti með aðfluttu grænfóðri, höfrum og nýslegnu grasi, en daglegur flutningur heyvinnuvéla til þess að slá, raka saman og flytja gras handa kúnum hafi reynzt búinu ofviða vegna kostnaðar og fyrirhafnar. Þyki nú reynt til þrautar, að beitilandið verði ekki bætt með öðrum ráðum.

Varðandi fækkun gripanna um 20%, svarandi til skerðingar landsins, kveður stefnandi, að 60 kýr séu heppilegur fjöldi fyrir

2 menn að hirða og húsakostur sé sniðinn fyrir þann bústofn og verði kúnum fækkað, nýtist ekki vinnuafl og húsakostur standi auður og mjólkurframleiðslan verði ekki lengur arðbær. Þá kveður stefnandi höfuðstól búsins einungis vera fólginn í húsakosti, áhöfn og jarðnæði og rýrni hann við skerðingu landsins.

Stefnandi kveður, að þar sem landið hafi verið tekið fyrirvaralaust, hafi vorverk verið unnin með eðlilegum hætti og áburði dreift.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að 62. gr. vegalaga nr. 71/1963 eigi við um bótagreiðslur vegna missis landsins í þessu tilviki. Í fyrsta lagi vegna þess, að nefnd vegalög séu frá 1953, en byggingarbréf stefnanda sé dagsett 28. marz 1945 og því eldra en lögin, en þau eigi ekki samkvæmt almennum skýringarreglum laga að gilda aftur fyrir sig. Í öðru lagi, að bætur þær, sem um getur í nefndri lagagrein, eigi ekki við hér, þar sem þær séu aðeins miðaðar við landið sjálft, sem tekið sé, en eigi við rekstrartjón, er ábúandi hljóti við töku landsins. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að ef áðurgreind skýring á bótaskyldu stefnda teldist frambærileg, þótt um eldri lögskipti væri að ræða en lögin, þá sé hún í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnanda, að í þessu tilviki sé ekki um eiginlegt land í sveit að ræða, öllu heldur lóð í kaupstað og því taki 62. gr. vegalaga nr. 71/1963 ekki til þess, þar sem þau lög eigi við lönd í strjálbýli. Þá er af hálfu stefnanda vísað til 35. gr. jarðræktarlaga nr. 22/1965.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi eigi alls ekki beinan eignarrétt að landi því, sem tekið hefur verið af honum undir vegi. Hins vegar eigi hann þar óbeinan eignarrétt, en sá réttur veiti stefnanda rétt til bóta samkvæmt 62. gr. laga nr. 71/1963 eða 29. gr. laga nr. 101/1933.

Þá telur stefndi, að kröfur stefnanda séu miðaðar við sölu lands, eins og um eignarland hans sé að ræða. Mótmælir stefndi því, að stefnandi geti átt slíka kröfu, en við samanburð á eignarlöndum sé sanngjarnt að meta ha á kr. 600 þúsund.

Þá kveður stefndi, að í vegalögum nr. 71/1963, 62. gr., sé mælt fyrir um það, hvernig greiða skuli bætur. Landeigandinn eigi bæturnar, en honum beri að greiða ábúanda 5% af bótafjárhæðinni árlega.

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að lög nr. 71/1963 eigi ekki við um þetta tilvik, þar sem þau séu yngri en byggingarbréf stefnanda, en nákvæmlega sams konar ákvæði

hafi verið í þágildandi vegalögum nr. 101/1933, 29. gr., svo og í 28. gr. vegalaga nr. 34/1947.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnda, að tjón stefnanda sé meira en sem nemur 5% af áætlaðri skaðabótaupphæð, sbr. dskj. nr. 7. Kveður stefndi, að á býlinu Lundi sé eftir sem áður hægt að hafa jafnmikið nautgripahald og áður var. Eina tjón stefnanda sé flutningskostnaður á heyi, samsvarandi og hann hefði fengið af landi því, sem tekið var undir veginn, þ. e. af 2.34 ha. Nægt beitiland sé eftir, þ. e. nærri 12 ha, fyrir þann nautgripastofn, sem stefnandi hafði eða hefur mest haft. Sjáist þetta berlega af því, að hluti af landinu hafi verið notaður til slægna, en ekki beitar. Kveður stefndi því algerlega ósannað af hálfu stefnanda, að tjón hans af töku landspildunnar undir veginn, þ. e. 2.34 ha, hafi bakað honum meira tjón en vegalögin mæla fyrir um og honum hafi verið boðið.

Í þinghaldi þann 24. september 1970 var af hálfu stefnanda lögð fram (dskj. nr. 9) álitsgerð prófessors Ólafs Jóhannessonar, þar sem prófessorinn kveðst vilja skýra 62. gr. vegalaganna svo, að hún staðfesti og tryggi sjálfstæðan bótarétt ábúanda og erfðaleiguhafa vegna eignarnáms. Þá telur prófessorinn, að löggjafinn hafi ekki haft því líkar aðstæður í huga, sem hér eru fyrir hendi, þ. e. vegarlagningu um þéttbýlissvæði, þegar bótaákvæði vegalaganna voru sett. Telur hann, að í þessu tilviki sé í raun og veru um annað og meira að ræða en skerðingu á þeim venjulega afnotarétti, sem fyrst og fremst sé hafður í huga á ákvæði vegalaganna.

Í sama þinghaldi var lögð fram af hálfu stefnanda (dskj. nr. 10) álitsgerð Guðmundar Sigþórssonar búnaðarhagfræðings, byggð á útreikningum hans á tjóni stefnanda. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að tjón stefnanda vegna búskerðingar nemi í heild kr. 2.620.330.00.

Að tilmælum dómsins voru af hálfu stefnanda dómkvaddir tveir matsmenn til að meta tjón hans. Voru það þeir Sveinn Þórðarson skattstjóri og Pálmi Einarsson, fyrrverandi landnámsstjóri. Komust þeir að þeirri niðurstöðu af gögnum málsins og við skoðun landsins og athugunum á búrekstri stefnanda, að heildarbætur væru hæfilea metnar kr. 2.430.000.00. Staðfestu þeir fyrir dómi matsgerðina á dskj. nr. 13 þann 1. apríl s.l.

Niðurstaða.

Leggja verður þann skilning í málflutning aðilja, að þeir beri

eigi fyrir sig ákvæði 7. gr. byggingarbréfs til handa stefnanda frá 28. marz 1945 og því sé um eignarnám að ræða á afnotarétti stefnanda að landspildu þeirri, sem samkvæmt framansögðu var tekin úr umráðum hans vegna vegagerðar. Þá er ekki vefengt, að stefnanda sé rétt að beina bótakröfum sínum á hendur stefnda út af eignarnámi þessu, og er reyndar viðurkennt af stefnda, að um slíka bótaskyldu hans sé að ræða.

Ábúðarréttindi stefnanda eru verðmæt eignarréttindi, sem hann á sjálfstæðan bótarétt fyrir samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Ef beitt væri reglum 62. gr. vegalaga nr. 23/1970, sbr. áður vegalög nr. 71/1963, 62. gr., fengi stefnandi eigi bætt allt tjón sitt af völdum umrædds eignarnáms. Þá er og augljóst, að það jarðargjald, sem stefnanda ber að svara eftir ábúðarjörð sína, getur eigi komið honum að haldi sem trygging fyrir þeim eignarnámsbótum, sem honum ber. Samkvæmt 67. gr. íslenzku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og almennum reglum um greiðslu eignarnámsbóta, sbr. 4. gr. laga nr. 61/1917, á stefnandi því kröfur á eingreiðslu eignarnámsbótanna.

Ýmis gögn liggja fyrir um tjón stefnanda vegna eignarnámsins, meðal annars matsgerð dómkvaddra manna frá 23. febrúar 1971, sem eigi hefur verið skotið til yfirmats. Verður hér á eftir tekin afstaða til fjárhæðar bótaskylds tjóns stefnanda með hliðsjón af gögnum málsins og öllum málavöxtum, enda verður að telja dómstóla til þess bæra.

Samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem gilda um afnotaréttindi stefnanda, sbr. 10. gr. byggingarbréfs hans, er honum með öllu óheimilt framsal þeirra. Með hliðsjón af því og málsatvikum að öðru leyti er því ekki unnt að leggja til grundvallar sölugildi landspildu þeirrar, sem málið fjallar um, heldur notagildi hennar fyrir atvinnurekstur stefnanda.

Ábúðarland stefnanda, sem spildan var tekin úr, var og er haft til sumarbeitar fyrir mjólkurkýr kúabús hans. Eins og búrekstri stefnanda var háttað, er rétt að leggja til grundvallar, að hæfilegt og hagkvæmast hafi verið að hafa þar 60 kýr. Skerðing landsins um stærð spildunnar, 2.34 ha, hlaut annað hvort að hafa í för með sér hlutfallslegan samdrátt kúabúsins um 11 kýr eða aukinn kostnað af því að halda kúafjöldanum óbreyttum. Af gögnum málsins má ráða, að stefnandi hefur fækkað kúm á búi sínu eftir eignarnámið, og þykir rétt að leggja ofangreinda hlutfallslega fækkun til grundvallar útreikningi á eignarnámsbótum, enda verður að telja ljóst, eins og hagar til um búskapar-

aðstöðu stefnanda, að tjón hans reynist svipað, þegar miðað er við líklegan tilkostnað af því að halda kúastofni óskertum.

Bótaskylt tjón stefnanda er samkvæmt fyrrgreindum sjónarmiður í fyrsta lagi afrakstur af 11 kúm að frádregnum breytilegum kostnaði. Við útreikning á því tjóni ber að miða við líklega ársnyt og mjólkurverð til stefnanda. Til frádráttar kemur kostnaður, sem stendur í réttu hlutfalli við búskapinn á hverjum tíma. Í öðru lagi er tjón stefnanda fólgið í því, að ýmis fastur kostnaður lækkar ekki þrátt fyrir fækkun kúnna eða ekki í réttu hlutfalli við hana. Er þar um að ræða húsakost, tækjakost og vinnuafl. Tjón vegna óhagkvæmra mannvirkja varir, unz endurbygging fer fram. Tjón vegna óhagkvæms vélakosts hættir að nokkru, þegar endurnýjun vélakosts fer fram, en að nokkru er um varanlegt tjón að ræða, þar sem bú stefnanda getur tvímælalaust eigi orðið eins hagkvæmt í rekstri eftir eignarnámið og það var áður. Einnig er af sömu orsökum um varanlegt tjón að ræða vegna erfiðleika á fullnýtingu vinnuafls, en úr því tjóni dregur þó betri nýting og aðlögun að breyttum aðstæðum eftir því sem tímar líða.

Þegar tekið er tillit til þess, að stefnandi var búinn að bera á landspildu þá, sem hér um ræðir, vorið 1968, án þess að hún nýttist honum það ár, og þegar virtir eru útreikningar á tjóni stefnanda á framangreindum grundvelli, verður ekki talið, að niðurstöðu matsgerðar hinna dómkvöddu manna, dagsettri 23. febrúar 1971, hafi verið hnekkt. Þykir því rétt að leggja hana til grundvallar dómi í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda vexti af fjárhæð þessari frá 1. júlí 1970.

Samkvæmt framansögðu dæmist því stefndi til að greiða stefnanda kr. 2.430.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1970 til greiðsludags.

Þá þykir eftir lyktum málsins rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 250.000.00, þar með talinn matskostnaður.

Dómsorð:

Stefndi, Kópavogskaupstaður, greiði stefnanda, Geir G. Gunnlaugssyi, kr. 2.430.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1970 til greiðsludags og kr. 250.000.00 í málskostnað, þar með talinn matskostnaður, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. júní 1972.

Nr. 97/1971. **Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi í Reykjavík, f. h. dánarbús M**
(Gunnar A. Pálsson hrl.)
gegn
K og B (Sigurður Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason, Hákon Guðmundsson yfirborgardómari og Þór Vilhjálmsson prófessor.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. júlí 1971. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður og hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldir og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar óskipt úr höndum stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna og vitni gefið skýrslur fyrir dómi, og verður efni þeirra rakið hér.

L, bróðir M heitins, hefur borið fyrir dómi, að á árinu 1933 hafi hann um nokkurt skeið dvalið á heimili þeirra hjóna H og S, systur hans. Hann hafi þá heyrt um það rætt, að vinnustúlka hjá þeim hjónum hefði alið barn, sem hún hefði kennt M heitnum. Hann hafi hins vegar aldrei rætt þetta mál við M.

A, systir M heitins, hefur skýrt svo frá, að hún hafi átt heima hjá foreldrum sínum að ... í Reykjavík veturinn, sem stefndi K var í vist hjá þeim H og S. Hún kveðst hafa heyrt rætt um barn K og að K hefði lýst M heitinn föður að því. K hafi komið austan af fjörðum til Reykjavíkur með

barnið, er það var um ársgamalt, til að leita því lækninga. Hafi þá móðir hennar og M heitins skýrt frá því, að M hefði viðurkennt barnið fyrir henni og sagt, að M hefði greitt sjúkrakostnað fyrir það. Þá hafi móðir hennar sýnt sér mynd af barninu og skýrt frá því, að hún vissi eigi betur en M greiddi meðlag með því. Enn hefur A borið, að hún hafi orðið þess vör, að náin kynni voru milli M og K. M hafi verið í fæði hjá foreldrum þeirra og hafi K oft komið á heimili þeirra, þegar hún vissi, að hann var þar staddur, og „verið þar daglegur heimagangur". Hún hafi aldrei heyrt K „orðaða við aðra karlmenn á þessum tíma, enda hafi hún ekki séð sólina fyrir M".

T, einkasonur M heitins og eiginkonu hans, hefur borið, að hann hafi ekki heimsótt þau stefndu, B og G, eiginmann hennar, fyrr en eftir lát föður hans. Hann hafi ekki heimsótt þau á árinu 1968 vegna þess, að hann hafi haft það á tilfinningunni, að faðir hans væri frekar á móti því. Hann hafi ekki rætt við föður sinn um faðerni B, er þeir ræddu um heimboð G, enda trúað því, sem faðir hans hafði áður sagt, en þá hafi hann neitað að vera faðir B.

Kannaðar hafa verið póstbækur á Djúpavogi um peningabréf frá Reykjavík til Ingimundar Steingrímssonar, hreppstjóra á Djúpavogi, á árunum 1934 til 1939. Í bókum þessum eru greind númer bréfanna, en ekki getið sendanda. Nokkur bréf hafa verið tekin á skrá, sem könnuð hafa verið af starfsmönnum pósthússins í Reykjavík. Árni Þór Jónsson, yfirdeildarstjóri bréfapóststofunnar í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að innfærslubók póststofunnar í Reykjavík um peningabréf nr. 242, dags. 31. maí 1938, og nr. 160, dags. 7. desember 1938, telji sendanda þeirra bréfa M X, en þessi bréf eru meðal þeirra bréfa, sem getið er um á skránni frá Djúpavogi. Starfsmenn póststofunnar færi nafn sendanda í innfærslubókina og sé því ekki unnt að sjá þar, hver M X sé. Ekki hafi tekizt að finna önnur bréf, sem greind eru á skránni frá Djúpavogi, enda slíkt mjög erfitt, þar sem bókum þessum sé ekki raðað í tímaröð.

Dr. Lúðvík Ingvarsson, fyrrum sýslumaður í Suður-Múla-

sýslu, kveðst ekki minnast þess að hafa haft afskipti af meðlagsgreiðslum til stefnda K, sem hann þekki, né hafa fengið í hendur yfirlýsingu frá M, þar sem hann viðurkenni að vera faðir að barni K. Lúðvík skýrði einnig svo frá, að hann hefði fengið mann, er verið hefði sýsluskrifari við sýslumannsembættið í Suður-Múlasýslu frá því á árinu 1942, til að kanna skjalasafn embættisins og leita að skjali þessu, en sú leit hafi engan árangur borið.

Engin skjöl hafa fundizt um mál þetta hjá embætti hreppstjórans á Djúpavogi.

María Bergmann hefur samkvæmt dómkvaðningu héraðsdómara borið saman rithönd á nafninu M X, sem ritað er undir tryggingarbréf til Landspítalans, og rithönd M heitins, er hann ritaði sem vottur í þingbækur ... embættisins á árunum 1944 til 1947. Segir svo í álitsgerð hennar 18. maí 1972:

„1. Þungi skriftarinnar er hinn sami á öllum sýnish.
2. Halli skriftarinnar ber vott um rithönd sömu persónu.
3. Stafirnir ... í nafninu „M“ sýna nær undantekningarlaust sömu pennadrættina. S-ið sem upphafsstafur í nafninu „M“ á umræddu tryggingarbréfi sýnir að vísu talsvert frávik frá upphafs-essi nafnsins „M“ í þingbókinni. Bæði bera þau samt vott um sömu stafagerð.
4. Staðsetning og gerð kommunnar yfir stafnum á í nafninu „M“ sýnir mjög ákveðið einstaklingseinkenni rithandarinnar á öllum sýnish.
5. Sá vani ritarans að lyfta pennanum frá blaðinu eftir ritun stafsins f, án þess að tengja hann við eftirkomandi stafi í nafninu „M“, er áberandi á sýnishornunum.
6. s-in í nafninu „X“ og s-ið í nafninu „M“ eru einnig dæmi um sömu rithöndina. ...

Niðurstöður þær, sem hér fara að ofan, eru fengnar samkvæmt kerfi því í rithandarfræði, sem kennt er og notað af International Graphoanalysis Society Inc., í Chicago, U. S. A., og félagsmenn þess hafa einkarétt á“.

Í tryggingarbréfi því til Landspítalans, sem um getur í málinu, segir svo m. a.:

„Hver borgar dvalarkostnaðinn? M X, ... stíg 30. ...

Við undirritaðir skuldbindum okkur (Ég undirritaður skuldbind mig) hér með til að greiða Landspítalanum, hvenær sem krafizt verður, dvalarkostnað sjúklingsins, barn K, ungbarn Norðfirði, á meðan hann dvelur á Landspítalanum. ... Til staðfestingar undirskrift okkar (mín). Rvk hinn 7/6 1932. M X".

Ekki hefur reynzt unnt að upplýsa um blóðflokk M heitins. M er talinn fæddur 17. júní 1902. Hann kvæntist 10. desember 1932, en eiginkona hans andaðist 28. maí 1956. M andaðist 6. ágúst 1969.

Telja verður, að óskilgetið barn geti sjálft átt sóknaraðild barnsfaðernismáls, þótt þessa sé ekki getið sérstaklega í 1. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936, enda getur barn haft mikla og augljósa hagsmuni af ákvörðun faðernis. Þá skýtur nefnt lagaákvæði ekki heldur loku fyrir það, að óskilgetið barn sé sóknaraðili í barnsfaðernismáli ásamt móður, svo sem er í máli þessu.

Dómsmálaráðherra er í 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936 veitt heimild til að lengja málshöfðunarfresti í barnsfaðernismálum, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjandi hefur eigi fært að því haldbær rök, að leyfi dómsmálaráðherra til höfðunar máls þessa sé haldið neinum þeim ágöllum, er valda eigi frávísun þess frá héraðsdómi. Samkvæmt þessu og þar sem önnur rök leiða eigi til þess, að vísa beri máli þessu frá dómi, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Þegar litið er til gagna þeirra, sem í héraðsdómi eru rakin, svo og þeirra gagna, sem getið er hér að framan, þykja framkomnar þær líkur til styrktar framburði stefnda K, að rétt sé að veita henni fyllingareið, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um eiðvinningu stefnda K, að öðru leyti en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ef stefndi K vinnur eiðinn, skal áfrýjandi greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals kr. 45.000.00, þar af renni kr. 17.585.00 í ríkissjóð, en kr. 27.415.00 til stefndu.

Ef stefnda K verður eiðfall, skulu stefndu óskipt greiða

áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 55.000.00.

Þóknun skipaðs talsmanns stefndu í héraði ákveðst kr. 15.000.00 og greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um eiðvinningu stefnda K, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ef stefndi K vinnur eiðinn, skal áfrýjandi, Sigurður M. Helgason skiptaráðandi í Reykjavík f. h. dánarbús M, greiða samtals kr. 45.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar af renni kr. 17.585.00 í ríkissjóð, en kr. 27.415.00 til stefndu, K og B.

Verði stefnda K eiðfall, skulu stefndu greiða áfrýjanda óskipt kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þóknun skipaðs talsmanns stefndu í héraði, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 15.000.00, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1971.

Ár 1971, föstudaginn 30. apríl, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara ásamt meðdómendunum Andrési Ásmundssyni lækni og Gauki Jörundssyni prófessor, kveðinn upp úrskurður í barnsfaðernismálinu K og B gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús M.

Sóknaraðiljar í máli þessu eru K, fædd 2. ágúst 1913, til heimilis á ..., og dóttir hennar, B, fædd 12. október 1931, til heimilis að ..., Kópavogi. Varnaraðili í málinu er skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús M, en M lézt hinn 6. ágúst 1969.

Sókaraðili K hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir B, en til vara krefst hún fyllingareiðs. Sóknaraðili B hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir hennar. Þá krefjast báðir sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur gert þá aðalkröfu, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðiljar verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað.

Dómsmálaráðuneytið hefur með bréfum, dags. 27. janúar og 9. júní 1970, heimilað sóknaraðiljum málshöfðun þessa með skírskotun til 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1930—1931 var sóknaraðili K starfsstúlka hjá hjónunum H og S á heimili þeirra að Lokastíg 13 í Reykjavík, en M var til húsa hjá þeim á þessu árabili. Kveður sóknaraðili náin kynni hafa tekizt með sér og M, sem staðið hafi í um eins árs skeið. Hafi þau haft samfarir í nokkur skipti og hafi sóknaraðili B verið getin við samfarir þessar. Sóknaraðili K fór brott frá Reykjavík til heimkynna sinna á Austurlandi, áður en hún ól barn sitt, sem fætt er á Neskaupstað. Við skírn barnsins, hinn 26. desember 1931, tilgreindi hún M heitinn sem föður að því. Samkvæmt framburði S, systur M heitins, var í fjölskyldu þeirra litið á sóknaraðilja B sem dóttur M, eins og einnig greinir í framburði sóknaraðilja sjálfra. Enn fremur er komið fram, að sonur M, T, tilkynnti B um lát M, og sá hún um útförina ásamt T. Er upplýst, að í því sambandi var litið á B sem dóttur M.

Sóknaraðili K skýrir svo frá, að hún hafi ekki verið með öðrum karlmönnum en M heitnum, á meðan kynni þeirra stóðu á árunum 1930—1931, og sé eigi öðrum til að dreifa um faðernið en honum. Hún hafi farið á brott úr borginni, áður en hún ól barn sitt, en hún hafi átt bréfaskipti við M út af barninu, áður en það fæddist. Hafi M viðurkennt í bréfum að vera faðir að barninu og aldrei nefnt þar annan til. M hafi sent henni peninga í pósti, greiðslur fyrir fæðingarhjálp og meðlag með barninu.

Enn fremur skýrir K frá því, að M hafi greitt fyrir aðgerð á barni þeirra á Landspítalanum, er það var 8 mánaða. Um þær mundir hafi hún verið hér í borginni og þá fengið P, þá til heimilis að Hallveigarstíg 2, til að fá skriflega faðernisviðurkenningu hjá M. Hafi P útvegað viðurkenninguna og fengið henni hana. Hafi viðurkenningin verið dagsett einhvern tíma í júlí árið 1932, að því er hana bezt minni. Hafi nafnritun M

verið á viðurkenningunni, en engir vottar. Hafi hún haft viðurkenningu þessa heim með sér og varðveitt hana hjá sér næstu ár á eftir.

Þá segir K, að meðlagsgreiðslur hafi hætt að koma frá M heitnum, eftir að hún giftist E hinn 28. júlí 1934. Hafi hún þá snúið sér til Ingimundar Steingrímssonar, hreppstjóra á Djúpavogi, og beðið hann að innheimta meðlögin fyrir sig. Hafi hann gert það í nokkur ár. Hún hafi fengið Ingimundi framangreinda yfirlýsingu í hendur á árunum 1939—1941 og hafi Ingimundur sagt henni, að hann hefði sent yfirlýsinguna til sýslumannsins á Eskifirði. Yfirlýsing þessi hefur hins vegar ekki fundizt hjá sýslumannsembættinu þrátt fyrir ítarlega leit, og man þáverandi sýslumaður ekki eftir að hafa fengið hana í hendur.

K kveður M heitinn hafa greitt meðlag með B, en slitrótt og aldrei að fullu. Hafi samband hennar og M slitnað með öllu. Aldrei hafi hann sent barninu gjafir né heldur kort. Hún hafi brennt þeim bréfum, sem M skrifaði henni. Hafi þau haft einkamál að geyma, sem hún taldi ekki ástæðu til að varðveita.

Sóknaraðili B skýrir svo frá, að hún hafi í eitt skipti, eftir að hún flutti til Reykjavíkur árið 1949, hringt til M heitins og kynnt sig fyrir honum. Hafi hún þá farið fram á að fá að hitta hann til að kynnast honum. Hafi M þá svarað því til, að hann gæti ekki orðið við þeirri beiðni hennar, og lægju til þess ýmsar ástæður, en hins vegar gæti hann lánað henni peninga, ef hana vanhagaði um þá. B kveðst á hinn bóginn oft hafa heimsótt D, móður M. Hafi hún alltaf tekið sér sem sonardóttur sinni. Einnig hafi hún í nokkur skipti heimsótt S, systur M, og einnig átt við hana viðtöl í síma. Hafi hún alltaf tekið sér sem frænku sinni.

Að D látinni fékk sóknaraðili B nokkrar bækur úr eigu D heitinnar. Þá segir B, að T hafi skýrt sér og manni sínum svo frá, þegar T kom til hennar og tilkynnti henni lát M, að hann hefði einhvern tíma á þeim árum, er hann var við verkfræðinám erlendis, spurt föður sinn að því, hvort hann væri faðir B. Hefði M heitinn svarað því játandi og væri hann í mörg ár búinn að langa til að hitta hana, en aldrei komið sér til þess. Þessa frásögn B hefur eiginmaður hennar, G, staðfest, en á hinn bóginn hefur T þvertekið fyrir að hafa viðhaft ummæli í þessa átt.

Vitnið S, systir M heitins, skýrir svo frá, að sóknaraðili K hafi verið í vist hjá sér og manni sínum á árunum 1930—1931. Hafi bróðir sinn, M heitinn, haft hjá þeim herbergi á þessum tíma og hafi tekizt náinn kunningsskapur með K og honum.

Það hafi valdið henni áhyggjum og hún því rætt málið við þau K og M bæði. Hafi hún talið hættu á, að K gæti orðið þunguð, en litlar líkur á, að til hjónabands gæti komið milli þeirra, bæði vegna aldursmunar og þess, að henni var tjáð, að M væri laus í rásinni og skvetti í sig. S hefur fyrir dómi tilfært eitt atvik skýrslu sinni til sönnunar. Hafi það verið nótt eina veturinn 1930—1931, að hringt var af ... heim til hennar og spurt um M heitinn og hafi eiginmaður hennar, H, farið til herbergis M til að kalla á hann í símann. Hafi hann skýrt henni svo frá, þegar hann kom aftur, að K hefði verið í herbergi M og þau legið þar saman í einni sæng. Þennan vetur hafi móðursystir eiginmanns hennar verið með K í herbergi í nokkrar vikur og hafi hún haft áhyggjur vegna næturferða K til M, þar sem afleiðingar þeirra gætu ekki orðið nema á einn veg.

Einnig skýrir S svo frá, að K hafi hætt í vistinni í apríl eða maí 1931 og þá farið austur á firði. Eigi muni hún til þess, að K nefndi þá, að hún væri ófrísk, en nokkru síðar hafi hún frétt um barn K.

Þá skýrir vitnið S svo frá, að sóknaraðilinn K hafi komið til Reykjavíkur, er barn K var á fyrsta ári, í því skyni að leita barninu lækninga. Kveður S K þá hafa heimsótt móður sína (S), sem hafi minnzt á þetta við sig og talað um barnið sem sonardóttur sína. Hafi hún haft orð á því, að það sverði sig mjög í ætt þeirra. Hafi móðir sín sagt sér, að M hefði greitt dvalarkostnað barnsins á Landspítalanum og að allt væri komið á hreint með meðlagsgreiðslu af hálfu M. Hafi móðir sín lýst yfir ánægju sinni yfir því.

Enn fremur skýrir S svo frá, að hún hafi rætt þessi mál við M heitinn, sem aldrei hafi andmælt því, að hann væri faðir barnsins, og í orðaskiptum hafi aldrei annað komið fram. Að D látinni kveðst S hafa látið barabörn hennar, þar á meðal B, hafa bækur þær, sem hún átti. Af því tilefni hafi B farið að ræða það við sig, að hana langaði til að kynnast M, sem þá var orðinn ekkjumaður. Kvaðst S hafa boðizt til að færa þetta í tal við M. Hafi hún rætt það mál við hann, en hann lýst því yfir, að hann kærði sig ekki um að kynnast B. Eigi hafi hann haft orð á því, af hvaða orsökum það væri.

Loks skýrir S svo frá, að móðir sín hafi sagt, að B hefði heimsótt sig í nokkur skipti. Segir S, að aldrei hafi verið rætt öðru vísi innan fjölskyldunnar um B en sem dóttur M heitins.

Hjónin P og R, til heimilis að ..., hafa í yfirlýsingu, sem þau

hafa staðfest fyrir dómi, gefið upplýsingar um útvegun þeirra á fyrrnefndri yfirlýsingu M heitins um viðurkenningu á því að vera faðir B. Segir þar, að sóknaraðili K hafi komið til þeirra hjóna ásamt dóttur sinni í maí 1932, en þá þurfti að gera aðgerð á höfði barnsins, sem framkvæmd var á Landspítalanum. Hafi þær mæðgur búið hjá þeim endurgjaldslaust, en systir R hafi beðið þau hjón um aðstoð fyrir þær mæðgur. Hafi þeim verið tjáð, að M mundi greiða allan kostnað við sjúkravist barnsins. Áður en K fór austur á land aftur með dóttur sína, hafi hún beðið þau hjón að aðstoða sig við að fá skýlausa yfirlýsingu M um viðurkenningu á faðerni barnsins. Hafi P farið af því tilefni á vinnustað M, ... í Reykjavík. Hafi M í fyrstu haft á orði, að skrifleg yfirlýsing væri óþörf, en svo gengið frá skriflegri yfirlýsingu. Síðan hafi M ekið P heim til sín og sótt peninga, sem voru ætlaðir K, og síðan ekið P heim til hans. Hafi P síðan afhent K bæði yfirlýsinguna og peningana. Eftir þetta hafi M komið um nokkurt skeið með meðlagspeninga til þeirra hjóna, sem R hafi sent austur til K, en M hafi neitað að taka við kvittun.

Vitnið P hefur enn fremur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að það hafi verið einhvern tíma um sumarið 1932, sennilega í maí—júní, að hann hafi að beiðni K farið niður á ... vegna barns K. Hafi hann átt að fá faðernisviðurkenningu skriflega frá M og greiðslu upp í meðlag. Hafi hann beðið fyrir utan ... eftir því, að M kæmi út. Hafi M síðan komið út nokkru síðar, og hann farið með M inn á .... Hafi hann þar borið upp erindi sitt við M um, að M undirritaði viðurkenningu um að vera faðir B. Hafi M í fyrstu haft á móti því og kveðið það vera vantraust á sér. Hafi hann þá skýrt M frá því, að K vildi hafa slíka yfirlýsingu meðferðis, er hún kæmi heim til fólks síns fyrir austan. Hafi M þá strax látið tilleiðast og undirritað yfirlýsingu, þar sem hann viðurkenndi að vera faðir barns K. Eigi muni hann orðalag viðurkenningarinnar, en hún hafi verið rituð af fúsum og frjálsum vilja og án nokkurra andmæla af hálfu M, nema síður væri. Engir vottar hafi verið viðstaddir undirritun yfirlýsingar M, enda hafi verið um viðkvæmt einkamál að ræða. Hafi M sjálfur samið yfirlýsinguna. Jafnframt hafi M fengið honum kr. 300—350, sem M bað hann að afhenda K. P kveður konu sína hafa séð yfirlýsingu M heitins og jafnvel fleiri. Hafi M komið heim til hans eftir þetta og afhent konu sinni meðlagsgreiðslur til K.

Þá hefur vitnið R komið fyrir dóm, og skýrir hún meðal annars

svo frá, að hún hafi séð yfirlýsingu undirritaða af M heitnum, er eiginmaður hennar hafi aflað í maí eða júní 1932, þar sem M viðurkenndi að vera faðir að barni K, B. Hafi K fengið yfirlýsinguna í hendur ásamt meðlagsgreiðslu frá M, en eigi muni hún, um hve háa fjárhæð var að ræða. Eftir þetta hafi M komið að minnsta kosti tvisvar sinnum heim til hennar og afhent henni meðlagsgreiðslur til K. Hafi M verið fámáll og hún eigi rætt þetta mál við hann.

Vitnið T, sonur M heitins, hefur komið fyrir dóm, og skýrir hann meðal annars svo frá, að hann hafi verið um tvítugt, eða jafnvel 22 ára, er kona sín hafi skýrt honum frá því, að föður hans hafi verið kennd dóttir. Hafi hann þá aldrei heyrt áður á þetta minnzt, en eigi rætt þetta mál þá strax við föður sinn. Hafi það ekki verið fyrr en um áramótin 1963—1964, að hann minntist á þetta við hann. Hafi faðir hans þá svarað því til, að hann ætti eigi stúlku þessa, þ. e. B, og hlyti þar að vera um einhvern annan að ræða.

Vitnið F, eiginkona T, skýrir meðal annars svo frá, að hún hafi komið heim til M heitins, er hún og T opinberuðu trúlofun sína á gamlárskvöld árið 1956. Hafi M þá sagt, að hann hefði aldrei átt annað barn en T og að hann vonaðist til, að þau mundu eiga mörg börn. Þegar hún eignaðist fyrsta barn sitt, 22. apríl 1958, hafi M og haft á orði, að þetta væri sitt fyrsta barnabarn. Hafi M endurtekið þetta við hana síðar.

Lagt hefur verið fram ljósrit af tryggingarbréfi úr skjalasafni Landspítalans, sem er undirritað hinn 7. júní 1932 af M X og felur í sér skuldbindingu til greiðslu dvalarkostnaðar barns söknaraðilja K, á meðan það dveljist á Landspítalanum. Af hálfu varnaraðilja hefur því verið mótmælt, að bréfið sé undirritað af M heitnum.

Eigi liggja fyrir nein skrifleg gögn um þroska og stærð B við fæðingu hennar. Hins vegar hefur komið fyrir dóm Eiríkur Björnsson, sem var læknir á Neskaupstað árið 1931. Skýrir hann svo frá, að hann hafi verið kvaddur til K, er hún ól stúlkubarn hinn 12. október 1931. Hafi Snjólaug Hjálmarsdóttir ljósmóðir, er nú sé látin, tekið á móti barninu. Eigi hafi hann spurt K um faðerni barnsins og hafi aldrei verið neitt á það minnzt. Hafi barn K verið fullburða að því er virtist, en um athugun á lengd og þyngd hafi ljósmóðirin átt að sjá. Sjálf skýrir K svo frá, að hún viti ekki annað en barnið hafi verið fullburða, er það fæddist.

Í málinu hefur verið aflað álitsgerðar borgarlæknis á hugsanlegum getnaðartíma barns þess, sem mál þetta fjallar um. Þar segir meðal annars svo:

„Hafi barnið verið fullburða, þegar það fæddist, ættu mestar líkur að vera til, að það sé getið á tímabilinu 3. til 25. janúar 1931, en meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Með sömu forsendu er þó hugsanlegt, að barnið geti hafa verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 27. nóvember 1930 til 1. apríl 1931. Er þá höfð hliðsjón af dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, og miðað við, að barnið hafi verið innan markanna 2501 til 4600 g. að þyngd og 47.1 til 57 cm að lengd.

Hafi barnið hins vegar ekki verið fullburða við fæðingu, verður að ætla, að það hafi þá verið 2000—2500 g. og verið 44—47 cm langt. Sé miðað við fyrirburðarfæðingu barns á þessu þroskastigi og höfð hliðsjón af umræddum dreifingartöflum Lnder's, gæti margrætt barn verið komið undir á tímabilinu 1. til 22. apríl 1931. Lægri þroskamörk en hér voru greind eru svo sjaldgæf um börn, sem komast á legg, að þau eru algjör undantekning, enda ávallt höfð í munnmælum og koma, að því er séð verður, ekki hér til greina".

Athugun framtala M heitins fyrir árin 1930—1939 leiðir í ljós, að þar er þess eigi getið, að hann hafi haft fyrir barninu B að sjá.

Eins og áður er fram komið, hefur varnaraðili krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Er óhjákvæmilegt að taka þessa kröfu varnaraðilja til sjálfstæðrar úrlausnar.

Af hálfu varnaraðilja er frávísunarkrafan studd þeim rökum í fyrsta lagi, að málið sé gamalt og öll sönnunargögn svo ófullkomin, að ekki verði við unað. Ekki sé vitað, hvort M og K hafi verið hér bæði á getnaðartímanum og getnaðartíminn með öllu óvís. Ekki sé vitað, hvort M hafi verið fær til getnaðar á þessum tíma. Skýrslu vanti um lengd og þyngd barnsins. Sóknaraðili K geri ekki nándar nærri nægilega ljósa grein fyrir samförum þeim, er hún telji sig hafa átt við M, og að sjálfsögðu eigi unnt að afla umsagnar hans um það. Læknisálit um getnaðartíma sé algerlega ófullnægjandi, enda ekki nema við ágizkanir að styðjast. K hafi ekki gert grein fyrir því, hvenær hún hafði síðast tíðir fyrir barnsburð, né heldur, hvenær þær samfarir áttu að eiga sér stað, sem barnið var getið við, jafnvel ekki nokkurn veginn. K hafi komið í veg fyrir blóðrannsókn með drætti á málinu, en á slíkri rannsókn eigi ætlaður barnsfaðir skýlausa

kröfu að viðlagðri frávísun máls. Sóknaraðili hafi ýmist týnt eða vísvitandi eyðilagt þau skjöl, sem hún telji sig hafa haft með höndum og verið hefðu mikil upplýsingagögn í málinu, ef til hefðu verið. Þá trökstyður varnaraðili frávísunarkröfu sína í öðru lagi með því, að dómsmálaráðherra hafi með öllu verið óheimilt að veita leyfi til málssóknar þessarar.

Af hálfu sóknaraðilja er frávísunarkröfu varnaraðilja mótmælt sem órökstuddri og of seint fram kominni. Gögn málsins réttlæti fyllilega málssókn og kröfugerð sóknaraðilja. Einnig er því eindregið haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að í máli þessu standi þannig á, að heimilt hafi verið samkvæmt 211. gr. laga nr. 85/1936 að veita leyfi til málshöfðunar.

Veigamiklar vísbendingar hafa komið fram um það, að M heitinn hafi viðurkennt að vera faðir sóknaraðilja B, og meira að segja undirritað skriflega yfirlýsingu um það, þótt eigi hafi hún fullnægt ákvæðum 4. gr. laga nr. 46/1921, sbr. síðar 3. og 18. gr. laga nr. 87/1947. Einnig er leitt í ljós, að tiltekin skyldmenni M heitins hafi jafnan litið á sóknaraðilja B sem dóttur hans. Af þessum sökum höfðu sóknaraðiljar ástæðu til að ætla, að eigi yrði vefengt, að M væri faðir B. Þykir þannig hafa komið fram skýring og nokkur réttlæting á því, að sóknaraðiljar héldu svo lengi að sér höndum um höfðun barnsfaðernismáls sem raun ber vitni um. Verður með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, eigi fallizt á, að dómsmálaráðherra hafi farið út fyrir þau takmörk, sem setja verður mati hans á því, hvenær veita beri leyfi til höfðunar barnsfaðernismáls samkvæmt 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið bent á, að sönnunargögn í máli þessu séu að ýmsu leyti ófullkomin. Má að vísu fallast á, að sönnunargögn séu ekki eins fullkomin og æskilegt er. Eins og málinu er háttað, verður á hinn bóginn ekki úr því bætt, eftir því sem bezt verður séð. Verður það því ekki talið eiga að varða frávísun málsins, þótt sönnunargögnum sé áfátt. Ekki hafa heldur komið fram viðhlítandi rök fyrir því, að sóknaraðili K hafi gerzt sek um vítavert atferli varðandi meðferð á sönnunargögnum og málshöfðun þessa á annan hátt.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, ber að hrinda kröfu varnaraðilja um frávísun þessa máls. Þegar málskostnaður verður ákveðinn við væntanlegan efnisdóm í málinu, verður tekið tillit til þessa þáttar málsins.

Úrskurðarorð:

Framkominni frávísunarkröfu varnaraðilja í máli þessu, skiptaráðandans í Reykjavík f. h. dánarbús M, er hrundið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 13. maí, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara ásamt meðdómendunum Andrési Ásmundssyni lækni og Gauki Jörundssyn prófessor, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1971: K og B gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús M.

Sóknaraðiljar í máli þessu eru K, fædd 2. ágúst 1913, til heimilis á ..., og dóttir hennar, B, fædd 12. október 1931, til heimilis að ..., Kópavogi. Varnaraðili í málinu er skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús M, en M lézt hinn 6. ágúst 1969.

Sóknaraðili K hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir B, en til vara krefst hún fyllingareiðs. Sóknaraðili B hefur krafizt þess, að því verði slegið föstu með dómi, að M heitinn sé faðir hennar. Þá krefjast báðir sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur gert þá aðalkröfu, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðiljar verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað.

Dómsmálaráðuneytið hefur með bréfum, dags. 27. janúar og 9. júní 1970, heimilað sóknaraðiljum málshöfðun þessa með skírskotun til 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Frávísunarkröfu varnaraðilja var hrundið með sérstökum úrskurði dómsins, sem var kveðinn upp hinn 30. apríl s.l.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1930—1931 var sóknaraðili K starfsstúlka hjá hjónunum H og S á heimili þeirra að Lokastíg 13 í Reykjavík, en M var til húsa hjá þeim á þessu árabili. Kveður sóknaraðili náin kynni hafa tekizt með sér og M, sem hafi varað í um eins árs skeið. Hafi þau haft samfarir í nokkur skipti og hafi sóknaraðili B verið getin við samfarir þessar. Sóknaraðili K fór brott frá Reykjavík til heimkynna sinna á Austurlandi, áður en hún ól barn sitt, sem er fætt á Neskaupstað. Við skírn barnsins hinn 26. desember 1931 tilgreindi hún M heitinn sem föður að því. Samkvæmt framburði S, systur M heitins, var í fjölskyldu þeirra litið á sóknaraðilja B sem dóttur M, eins og

einnig greinir í framburði sóknaraðilja sjálfra. Enn fremur er komið fram, að sonur M, T, tilkynnt B um lát M, og sá hún um útförina ásamt T. Er upplýst, að í því sambandi var litið á B sem dóttur M.

Sóknaraðili K skýrir svo frá, að hún hafi ekki verið með öðrum karlmönnum en M heitnum, á meðan kynni þeirra stóðu á árunum 1930—1931, og sé eigi öðrum til að dreifa um faðernið en honum. Hún hafi farið á brott úr borginni, áður en hún ól barn sitt, en hún hafi átt bréfaskipti við M út af barninu, áður en það fæddist. Hafi M viðurkennt í bréfum að vera faðir að barninu og aldrei nefnt þar annan til. M hafi sent henni peninga í pósti, greiðslu fyrir fæðingarhjálp og meðlag með barninu.

Enn fremur skýrir K frá því, að M hafi greitt fyrir aðgerð á barni þeirra á Landspítalanum, er það var 8 mánaða. Um þær mundir hafi hún verið hér í borginni og þá fengið P, þá til heimilis að Hallveigarstíg 2, til að fá skriflega faðernisviðurkenningu hjá M. Hafi P útvegað viðurkenninguna og fengið henni hana. Var viðurkenningin dagsett einhvern tíma í júlí árið 1932 að því er hana bezt minnir. Nafnritun M hafi verið á viðurkenningunni, en engir vottar. Hafi hún haft viðurkenningu þessa heim með sér og varðveitt hana hjá sér næstu ár á eftir.

Þá segir K, að meðlagsgreiðslur hafi hætt að koma frá M heitnum, eftir að hún giftist E hinn 28. júlí 1934. Hafi hún þá snúið sér til Ingimundar Steingrímssonar, hreppstjóra á Djúpavogi, og beðið hann að innheimta meðlögin fyrir sig. Hafi hann gert það í nokkur ár. Hún hafi fengið Ingimundi framangreinda yfirlýsingu í hendur á árunum 1939—1941 og hafi Ingimundur sagt henni, að hann hefði sent yfirlýsinguna til sýslumannsins á Eskifirði. Yfirlýsing þessi hefur hins vegar ekki fundizt hjá sýslumannsembættinu þrátt fyrir ítarlega leit, og man þáverandi sýslumaður ekki eftir að hafa fengið hana í hendur.

K kveður M heitinn hafa greitt meðlag með B, en slitrótt og aldrei að fullu. Hafi samband hennar og M slitnað með öllu. Aldrei hafi hann sent barninu gjafir né heldur kort. Hún hafi brennt þeim bréfum, sem M skrifaði henni. Hafi þau haft einkamál að geyma, sem hún taldi ekki ástæðu til að varðveita.

Sóknaraðili B skýrir svo frá, að hún hafi í eitt skipti, eftir að hún fluttist til Reykjavíkur, árið 1949, hringt til M heitins og kynnt sig fyrir honum. Hafi hún þá farið fram á að fá að hitta hann til að kynnast honum. Hafi M þá svarað því til, að hann

gæti ekki orðið við þeirri beiðni hennar og lægju til þess ýmsar ástæður, en hins vegar gæti hann lánað henni peninga, ef hana vanhagaði um þá. B kveðst á hinn bóginn oft hafa heimsótt D, móður M. Hafi hún alltaf tekið sér sem sonardóttur sinni. Einnig hafi hún í nokkur skipti heimsótt S, systur M, og einnig átt við hana viðtöl í síma. Hafi hún alltaf tekið sér sem frænku sinni.

Að D látinni fékk sóknaraðili B nokkrar bækur úr eigu D heitinnar. Þá segir B, að T hafi skýrt sér og manni sínum svo frá, þegar T kom til hennar og tilkynnti henni lát M, að hann hefði einhvern tíma á þeim árum, er hann var við verkfræðinám erlendis, spurt föður sinn að því, hvort hann væri faðir B. Hefði M heitinn svarað því játandi og væri hann í mörg ár búinn að langa til að hitta hana, en aldrei komið sér til þess. Þessa frásögn B hefur eiginmaður hennar, G, staðfest, en á hinn bóginn hefur T þvertekið fyrir að hafa viðhaft ummæli í þessa átt.

Vitnið S, systir M heitins, skýrir svo frá, að sóknaraðili K hafi verið í vist hjá sér og manni sínum á árunum 1930—1931. Hafi bróðir sinn, M heitinn, haft hjá þeim herbergi á þessum tíma og hafi tekizt náinn kunningsskapur með K og honum. Það hafi valdið henni áhyggjum og hún því rætt málið við þau K og M bæði. Hafi hún talið hættu á, að K gæti orðið þunguð, en litlar líkur á, að til hjónabands gæti komið milli þeirra, bæði vegna aldursmunar og þess, að henni var tjáð, að M væri laus í rásinni og skvetti í sig. S hefur fyrir dómi tilfært eitt atvik skýrslu sinni til sönnunar. Hafi það verið nótt eina veturinn 1930—1931, að hringt var af ... heim til hennar og spurt um M heitinn og hafi eiginmaður hennar, H, farið til herbergis M til að kalla á hann í símann. Hafi hann skýrt henni svo frá, þegar hann kom aftur, að K hefði verið í herbergi M og þau legið þar saman í einni sæng. Þennan vetur hafi móðursystir eiginmanns hennar verið með K í herbergi nokkrar vikur og hafi hún haft áhyggjur vegna næturferða K til M, þar sem afleiðingar þeirra gætu ekki orðið nema á einn veg.

Einnig skýrir S svo frá, að K hafi hætt í vistinni í apríl eða maí 1931 og þá farið austur á firði. Eigi muni hún til þess, að K nefndi þá, að hún væri ófrísk, en nokkru síðar hafi hún frétt um barn K.

Þá skýrir vitnið S svo frá, að sóknaraðili K hafi komið til Reykjavíkur, er barn K var á fyrsta ári, í því skyni að leita barninu lækninga. Kveður S K þá hafa heimsótt móður sína (S),

sem hafi minnzt á þetta við sig og talað um barnið sem sonardóttur sína. Hafi hún haft orð á því, að það sverði sig mjög í ætt þeirra. Hafi móðir sín sagt sér, að M hefði greitt dvalarkostnað barnsins á Landspítalanum og að allt væri komið á hreint með meðlagsgreiðslu af hálfu M. Hafi móðir sín lýst yfir ánægju sinni yfir því.

Enn fremur skýrir S svo frá, að hún hafi rætt þessi mál við M heitinn, sem aldrei hafi andmælt því, að hann væri faðir barnsins, og í orðaskiptum hafi aldrei annað komið fram. Að D látinni kveðst S hafa látið barnabörn hennar, þar á meðal B, hafa bækur þær, sem hún átti. Af því tilefni hafi B farið að ræða það við sig, að hana langaði til að kynnast M, sem þá var orðinn ekkjumaður. Kveðst S hafa boðizt til að færa þetta í tal við M. Hafi hún rætt það mál við hann, en hann lýst því yfir, að hann kærði sig ekki um að kynnast B. Eigi hafi hann haft orð á því, af hvaða orsökum það væri.

Loks skýrir S svo frá, að móðir sín hafi sagt, að B hefði heimsótt sig í nokkur skipti. Segir S, að aldrei hafi verið rætt öðru vísi innan fjölskyldunnar um B en sem dóttur M heitins.

Hjónin P og R, til heimilis að ..., hafa í yfirlýsingu, sem þau hafa staðfest hér fyrir dómi, gefið upplýsingar um útvegun þeirra á fyrrnefndri viðurkenningu M heitins á því að vera faðir B. Segir þar, að sóknaraðili K hafi komið til þeirra hjóna ásamt dóttur sinni í maí 1932, en þá þurfti að gera aðgerð á höfði barnsins, sem framkvæmd var á Landspítalanum. Hafi þær mæðgur búið hjá þeim endurgjaldslaust, en systir R hafi beðið þau hjón um aðstoð fyrir þær mæðgur. Hafi þeim verið tjáð, að M mundi greiða allan kostnað við sjúkravist barnsins. Áður en K fór austur á land aftur með dóttur sína, hafi hún beðið þau hjón að aðstoða sig við að fá skýlausa yfirlýsingu M um viðurkenningu á faðerni barnsins. Hafi P farið af því tilefni á vinnustað M, ... í Reykjavík. Hafi M í fyrstu haft á orði, að skrifleg yfirlýsing væri óþörf, en svo gengið frá skriflegri yfirlýsingu. Síðan hafi M ekið P heim til sín og sótt peninga, sem voru ætlaðir K, en að því búnu ekið P heim. Hafi P síðan afhent K bæði yfirlýsinguna og peningana. Eftir þetta hafi M komið um nokkurt skeið með meðlagspeninga til þeirra hjóna, sem R hafi sent austur til K, en M hafi neitað að taka við kvittun.

Vitnið P hefur enn fremur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að það hafi verið einhvern tíma um sumarið 1932, sennilega í maí—júní, að hann hafi að beiðni K farið niður á ... vegna barns K.

Hafi hann átt að fá skriflega faðernisviðurkenningu frá M og greiðslu upp í meðlag. Hafi hann beðið fyrir utan ... eftir því, að M kæmi út. Hafi M síðan komið út nokkru síðar og hann farið með M inn á .... Hafi hann þar borið upp erindi sitt við M um, að M undirritaði viðurkenningu um að vera faðir B. Hafi M í fyrstu haft á móti því og kveðið það vera vantraust á sér. Hafi hann þá skýrt M frá því, að K vildi hafa slíka yfirlýsingu meðferðis, er hún kæmi aftur heim til fólks síns fyrir austan. Þá hafi M strax látið tilleiðast og undirritað yfirlýsingu, þar sem hann viðurkenndi að vera faðir barns K. Eigi muni hann orðalag yfirlýsingarinnar, en hún hafi verið rituð af fúsum og frjálsum vilja og án nokkurra andmæla af hálfu M, nema síður væri. Hafi M samið yfirlýsinguna sjálfur. Engir vottar hafi verið viðstaddir undirritun yfirlýsingar M, enda hafi verið um viðkvæmt einkamál að ræða. Jafnframt hafi M fengið honum kr. 300—350, sem M bað hann að afhenda K. P kveður konu sína hafa séð yfirlýsingu M heitins og jafnvel fleiri. Hafi M komið heim til hans eftir þetta og afhent konu sinni meðlagsgreiðslur til K.

Þá hefur vitnið R komið fyrir dóm, og skýrir hún meðal annars svo frá, að hún hafi séð yfirlýsingu undirritaða af M heitnum, er eiginmaður hennar hafi aflað í maí eða júní 1932, þar sem M viðurkenndi að vera faðir að barni K, B. Hafi K fengið yfirlýsinguna í hendur ásamt meðlagsgreiðslu frá M, en eigi muni hún, um hve háa fjárhæð var að ræða. Eftir þetta hafi M komið að minnsta kosti tvisvar sinnum heim til hennar og afhent henni meðlagsgreiðslur til K. Hafi M verið fámáll og hún eigi rætt þetta mál við hann.

Vitnið T, sonur M heitins, hefur komið fyrir dóm, og skýrir hann meðal annars svo frá, að hann hafi verið um tvítugt, eða jafnvel 22 ára, er kona sín hafi skýrt honum frá því, að föður hans hafi verið kennd dóttir. Hafi hann þá aldrei heyrt áður á þetta minnzt, en eigi rætt þetta mál þá strax við föður sinn. Hafi það ekki verið fyrr en um áramótin 1963—1964, að hann minntist á þetta við hann. Hafi faðir hans þá svarað því til, að hann ætti eigi stúlku þessa, þ. e. B, og hlyti þar að vera um einhvern annan að ræða.

Vitnið F, eiginkona T, skýrir meðal annars svo frá, að hún hafi komið heim til M heitins, er hún og T opinberuðu trúlofun sína á gamlárskvöld árið 1956. Hafi M þá sagt, að hann hefði aldrei átt annað barn en T, og að hann vonaðist til, að þau mundu eiga mörg börn. Þegar hún eignaðist fyrsta barn sitt, 22. apríl

1958, hafi M og haft á orði, að þetta væri sitt fyrsta barnabarn. Hafi M endurtekið þetta við hana síðar.

Lagt hefur verið fram ljósrit af tryggingarbréfi úr skjalasafni Landspítalans, sem er undirritað hinn 7. júní 1932 af M X og felur í sér skuldbindingu til greiðslu dvalarkostnaðar barns sóknaraðilja K, á meðan það dveljist á Landspítalanum. Af hálfu varnaraðilja hefur því verið mótmælt, að bréfið sé undirritað af M heitnum.

Eigi liggja fyrir nein skrifleg gögn um þroska og stærð B við fæðingu hennar. Hins vegar hefur komið fyrir dóm Eiríkur Björnsson, sem var læknir á Neskaupstað árið 1931. Skýrir hann svo frá, að hann hafi verið kvaddur til K, er hún ól stúlkubarn hinn 12. október 1931. Hafi Snjólaug Hjálmarsdóttir ljósmóðir, er nú sé látin, tekið á móti barninu. Eigi hafi hann spurt K um faðerni barnsins og hafi aldrei verið neitt á það minnzt. Hafi barn K verið fullburða, að því er virtist, en um athugun á lengd og þyngd hafi ljósmóðirin átt að sjá. Sjálf skýrir K svo frá, að hún viti ekki annað en barnið hafi verið fullburða, er það fæddist.

Í málinu hefur verið aflað álitsgerðar borgarlæknis á hugsanlegum getnaðartíma barns þess, sem mál þetta fjallar um. Þar segir meðal annars svo:

„Hafi barnið verið fullburða, þegar það fæddist, ættu mestar líkur að vera til, að það sé getið á tímabilinu 3. til 25. janúar 1931, en meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Með sömu forsendu er þó hugsanlegt, að barnið geti hafa verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 27. nóvember 1930 til 1. apríl 1931. Er þá höfð hliðsjón af dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, og miðað við, að barnið hafi verið innan markanna 2501 til 4600 g. að þyngd og 47.1 til 57 cm að lengd.

Hafi barnið hins vegar ekki verið fullburða við fæðingu, verður að ætla, að það hafi þá vegið 2000—2500 g. og verið 44—47 cm langt. Sé miðað við fyrirburðafæðingu barns á þessu þroskastigi og höfð hliðsjón af umræddum dreifingartöflum Linder's, gæti margrætt barn verið komið undir á tímabilinu 1. til 22. apríl 1931. Lægri þroskamörk en hér voru greind eru svo sjaldgæf um börn, sem komast á legg, að þau eru algjör undantekning, enda ávallt höfð í munnmælum og koma, að því er séð verður, ekki til greina hér".

Athugun framtala M heitins fyrir árin 1930—1939 leiðir í ljós,

að þar er þess eigi getið, að hann hafi haft fyrir barninu B að sjá.

Samkvæmt framansögðu þykir ekki hafa fengizt lögfull sönnun fyrir samförum sóknaraðilja K og M á getnaðartíma barnsins. Hins vegar hafa verið leiddar sterkar líkur að því, að M heitinn hafi viðurkennt að vera faðir B, og meira að segja undirritað skriflega yfirlýsingu um það, þótt eigi hafi sú yfirlýsing verið fullnægjandi samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 46/1921, sbr. síðar 3. og 18. gr. laga nr. 87/1947. Þegar virtur er framburður S, systur M heitins, og önnur sönnunargögn í málinu, þykja nægilega veigamiklar líkur renna stoðum undir málsstað og staðhæfingar sóknaraðilja, til þess að rétt sé að láta málsúrslit velta á fyllingareiði sóknaraðilja K, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936, þótt ýmis venjuleg sönnunargögn í barnsfaðernismálum séu ekki fyrir hendi, enda ber mál þetta að með mjög óvanalegum hætti.

Samkvæmt framangreindu verða málsúrslit þau, að vinni sóknaraðili K á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 27. nóvember 1930 til og með 22. apríl 1931 einungis haft holdlegar samfarir við M, skal telja hann föður að barni K, sóknaraðilja B, sem fædd er 12. október 1931.

Ef sóknaraðili K vinnur eiðinn, greiði varnaraðili málskostnað, kr. 17.585.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns sóknaraðilja, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, sem er ákveðin kr. 15.000.00.

Ef sóknaraðilja K verður eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum sóknaraðilja og málskostnaður falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili K eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 27. nóvember 1930 til og með 22. apríl 1931 einungis haft holdlegar samfarir við M, er lézt 6. ágúst 1969, skal telja hann föður sóknaraðilja B, sem er fædd 12. október 1931.

Ef sóknaraðili K vinnur eiðinn, greiði varnaraðili, skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús M, kr. 17.585.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Verði sóknaraðilja K eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, en málskostnaður falli þá niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. júlí 1972.

Nr. 87/1972. **Valdstjórnin**
gegn
Tryggva Rúnari Leifssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. júní s.l., sem barst Hæstarétti 30. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 28. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Síðastliðinn föstudag var stolið úr Farfuglaheimilinu við Laufásveg hér í borg skjalatösku með 2 japönskum bankabókum, 21.500 japönskum yenum, 1 sænskri bankabók, rafmagnsrakvél og kvikmyndatökuvél og ýmsu fleira smádóti. Finnskur maður, sem á skjalatösku þessa, vaknaði þennan sama morgun og varð þá var við tvo menn í herbergi sínu. Menn þessir hlupu á brott, er Finninn vaknaði. Síðar sama dag fréttist af ungri stúlku, sem reynt hafði að selja japanska peninga í banka. Stúlka þessi, Sólrún Elídóttir, bar hjá rannsóknarlögreglu í gær, að Einar Sverrir Einarsson hefði beðið sig að reyna að selja japanska peninga. Kvaðst hún hafa verið með Einari í leigubifreið frá Hreyfli ásamt Tryggva Rúnari Leifssyni og Soffíu Theódórsdóttur. Þau Soffía og leigubifreiðarstjórinn, Sigurður Olgeirsson, hafa staðfest framburð Sólrúnar, og hafa þau sitt í hvoru lagi skoðað

myndasafn rannsóknarlögreglunnar og þekkt þar þá Tryggva Rúnar Leifsson og Einar Sverri Einarsson. Var Einar Sverrir í gær úrskurðaður í allt að 20 daga gæzluvarðhald. Tryggvi Rúnar Leifsson hefur í dag neitað allri þátttöku í verknaði þessum. Þá hefur hann neitað að hafa verið í leigubíl með Einari Sverri Einarssyni, Sólrúnu Elídóttur og Soffíu Theódórsdóttur síðastliðinn föstudag.

Tryggvi Rúnar Leifsson er grunaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og getur brot hans varðað fangelsisrefsingu. Er því fullnægt skilyrðum 65 gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald.

Rannsókn máls þessa á enn langt í land, og þarf meðal annars að fara fram sakbending. Ekki hefur náðst til hins finnska manns til þess að upplýsa, hve mikil innstæða var í bankabókum þeim, er stolið var. Nauðsyn þykir því bera til með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða Tryggva Rúnar Leifsson í gæzluvarðhald, á meðan á rannsókn málsins stendur, svo hann geti ekki spillt fyrir rannsókninni með óskertu frelsi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Þriðjudaginn 19. september 1972.

Nr. 99/1972. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli

þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1972, sem barst dóminum 26. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Aðfaranótt laugardagsins 25. marz 1972 handtók Steingrímur Þórarinsson lögreglumaður varnaraðilja við akstur bifreiðarinnar P 867 á Hellissandi vegna gruns um ölvun við akstur. Var varnaraðilja tekið blóð til rannsóknar, og reyndist það innihalda „reducerandi" efni, er svara til 1.58‰ alkóhóls. Viðurkenndi varnaraðili brot sitt. Héraðsdómari ákvað að ljúka málinu með dómssátt, þannig að varnaraðili samþykkti í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 16. maí 1972 að greiða kr. 3.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæta ella varðhaldi 4 daga, yrði sektin ekki greidd fyrir 15. júní 1972, og vera sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi eitt ár frá 16. maí 1972. Féllst varnaraðili á sátt þessa.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1960 varðar brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga þessara varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961 að fella dómssátt þessa úr gildi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómssátt sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 16. maí 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 16. maí, var sakadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu háður í Röst, Hellissandi, af Benedikt Þórðarsyni fulltrúa. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1—6, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Einar Sigurðsson. Stétt eða atvinna: Sjómaður. Heimili: Keflavíkurvegi 20, Hellissandi. Fæðingarstaður: Reykjavík. Fæðingardagur: 9. júlí 1943.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt. Hann samþykkir að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóð til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968. Sektin greiðist fyrir 15. júní 1972, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi 4 daga.

Málskostnaður, kr. 1.500.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í eitt ár frá 16. maí 1972.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Þriðjudaginn 19. september 1972.

Nr. 100/1972. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristni Þorsteini Bjarnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1972, sem barst dóminum 26. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Hinn 24. febrúar 1970 var varnaraðilja í sakadómi Reykjavíkur dæmt 20 daga varðhald og svipting ökuleyfis 18 mánuði fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 219.

gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum ákvæðum umferðarlaga í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómssátt sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 31. maí 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 31. maí, var sakadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu háður í fangahúsi Stykkishólms af Benedikt Þórðarsyni fulltrúa. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kærum um ölvun við akstur og brot á lögum um friðun fugla og hafnarreglugerð Stykkishólms.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1—9, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Kristinn Bjarnason. Stétt eða atvinna: Húsgagnasmiður. Heimili: Aðalgötu 2, Stykkishólmi. Fæðingarstaður: Hömluholtum, Eyjahreppi, Snæfellsnessýslu. Fæðingardagur: 14. maí 1949.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kæranna sé rétt og kannast við ofangreind brot sín. Hann samþykkir að greiða kr. 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotunum, sem varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, sbr. 2. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga og 8. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 37. gr. og 9. gr. hafnarreglugerðar Stykkishólms. Sektin greiðist fyrir 1. júlí 1972, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi 3 daga.

Málskostnaður, kr. 1.000.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 31. maí 1973.

Haglabyssa af Stefano gerð er upptæk gerð til ríkissjóðs.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Mánudaginn 25. september 1972.

Nr. 108/1972. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðjóni Sverri Guðnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. ágúst 1972, sem barst Hæstarétti 28. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Með dómi sakadóms Rangárvallasýslu 25. nóvember 1971 var varnaraðilja dæmd 7.000.00 króna sekt og svipting ökuleyfis 7 mánuði fyrir brot gegn 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum lagaboðum í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt, en samkvæmt sakavottorði, er héraðsdómari þess máls fékk í hendur, hafði varnaraðili aðeins sætt einni sekt 11. júlí 1963 vegna ölvunar, og var þar eigi getið áðurnefnds dóms.

Málalok þau, sem gerð voru með hinni kærðu dómssátt, voru óheimil að lögum, sbr. 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1969.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómssátt sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 2. maí, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Hreini Sveinssyni með undirrituðum vottum. Fyrir er tekið: Kæra á hendur Guðjóni Sverri Guðnasyni fyrir áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1—7 bréf lögreglustjórans í Reykjavík 7. apríl 1972, skýrslu lögreglunnar í Reykjavík 26. febrúar s.l., skýrslu varðstjóra, blóðtökuvottorð, alkóhólrannsókn, ökuleyfissviptingu, sakavottorð.

Kl. 1344 mætir í dóminum kærði: Nafn: Guðjón Sverrir Guðnason. Staða: Verkamaður. Heimili: Brekkur, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu. Fæðingardagur: 31. maí 1935. Fæðingarstaður: Brekkur, Rangárvallasýslu.

Kærða er kunngert tilefni yfirheyrslunnar og jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt. Hann segist hafa ekið bifreiðinni L 711 aðfaranótt 26. febrúar s.l. frá húsi við Blönduhlíð, þar til akstri lauk á Háaleitisbraut fyrir afskipti lögreglu. Hann segist hafa neytt víns nokkru fyrir greindan akstur og hafi hann fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi verið reducerandi efni, er samsvara 1.21‰ af alkóhóli.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, býður dómarinn kærða að ljúka málinu án málssóknar gegn því, að hann fallist á að greiða kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968 og 45. gr. laga nr. 82/1969 og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6

mánuði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 og 81. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1966, en brot hans þykir efnislega varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin nú þegar.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 950.00.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 4. apríl s.l., en þá var hann sviptur ökuleyfi af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot samkvæmt 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lætur málssókn falla niður.

Mánudaginn 2. október 1972.

Nr. 40/1792. **Ólafur Björnsson vegna Skóvals**
gegn
Magnúsi Thorlacius hrl. f. h. Chauseres Clerget.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Björnsson vegna Skóvals, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. október 1972.

Nr. 63/1972. **Pétur Axel Jónsson**
gegn
Guðrúnu Róbertsdóttur Hansen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Axel Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1972.

Nr. 92/1972. **Aðalheiður Pálsdóttir**
gegn
Áka Jakobssyni, Kristni Ó. Guðmundssyni og Guðmundi Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalheiður Pálsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1972.

Nr. 96/1972. **Björn Halldórsson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1972.

Nr. 110/1972. **Kristinn Tómasson**
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristinn Tómasson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 5. október 1972.

Nr. 144/1970. **Hreiðar Svavarsson** (sjálfur)
gegn
Gunnari Theodórssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Verklaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1970. Dómkröfur hans eru þessar: Aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur, til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda, en til þrautavara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu, að dómkrafan lækki um kr. 3.800.00. Enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun málsins, sem er reist á vanhæfi meðdómenda, hefur ekki verið studd haldbærum rökum.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um greiðsluskyldu áfrýjanda og um andvirðið fyrir störf stefnda, kr. 80.250.00. Áfrýjandi hafði greitt stefnda kr. 20.800.00 upp í þessa kröfu fyrir útgáfu héraðsdómsstefnu. Viðurkenning stefnda fyrir greiðslu kr. 3.800.00 af þessari fjárhæð fékkst þó ekki fyrr en hér fyrir dómi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, lét byggingarfulltrúinn í Reykjavíkurborg stöðva framkvæmdir, sem hafnar voru til að breyta innbúnaði hæðarinnar að Borgartúni 21, þar sem ekki hafði verið sótt um leyfi byggingarnefndar fyrir þessum breytingum. Stöðvaðist smíðin nokkurn tíma. Eigi hafa verið leidd rök að því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, sem þessi dráttur kann að hafa valdið áfrýjanda.

Ekki verða dæmdir hærri ársvextir en 7%.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 59.450.00 með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði, sem ákveðst kr. 11.000.00, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hreiðar Svavarsson, greiði stefnda, Gunnari Theodórssyni, kr. 59.450.00 með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 11.000.00.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. júní s.l., hefur Gunnar Theodórsson, Hólmgarði 34, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. maí 1969, á hendur Hreiðari Svavarssyni, Borgartúni 21, Reykjavík, til greiðslu á kr. 63.250.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 2. apríl 1968 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur látið sækja þing í málinu og krafizt aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum og málskostnaðar að mati dómsins.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til heimtu verklauna vegna teikninga, efnisvals, eftirlits og aðstoðar, sem hann kveðst hafa innt af höndum fyrir stefnda á tímabilinu frá 12. september 1967 til 2. apríl 1968. Vinna þessi var framkvæmd við innréttingu Ásaklúbbsins við Borgartún.

Til grundvallar kröfu sinni hefur stefnandi lagt fram reikning ásamt meðfylgjandi fylgiskjali.

Reikningur þessi hljóðar svo:

„Hreiðar Svavarsson
v/Ásaklúbburinn, Borgartúni 21.

1968 Apríl An:

Mælt upp önnur hæð og stigahús að Borgar-

túni 21, gerðir skipulagsuppdrættir, innréttingateikningar og sérteikningar, annazt eftirlit með verklegum framkvæmdum, efnisval og aðstoðað við efniskaup. Samkvæmt gjaldskrá F. H. A. 80.250.00

Greitt kr. 80.250.00

Gunnar Theodórsson
Áður innborgað .. .. kr. 17.000.00

kr. 63.250.00".

Á fylgiskjali með reikningnum koma fram þær vinnustundir, sem stefnandi telur sig hafa unnið í þágu stefnda. Kemur þar fram, að stefnandi telur sig hafa unnið 321 klst., og metur hann hverja klukkustund á kr. 250.00. Þannig fær hann niðurstöðutöluna kr. 80.250.00. Hann heldur því fram, að stefndi hafi greitt honum kr. 17.000.00, og stefnir fyrir mismuninum, eða kr. 63.250.00.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð frá formanni Félags húsgagnaarkitekta, þar sem fram kemur, að í nóvember 1968 var útseld vinnustund frá teiknistofu húsgagnaarkitekts seld á kr. 281.00. Upphæð sú er þannig fundin, að samkvæmt kaupgjaldsskrá húsgagnaarkitekta skal útseld tímavinna sjálfstæðrar teiknistofu reiknuð 1.2% af hæstu árslaunum í 21. launaflokki í launakerfi opinberra starfsmanna.

Stefndi hefur byggt sýknukröfu sína á því, að teikning stefnanda hafi ekki komið honum að gagni, vegna þess að byggingarfulltrúi Reykjavíkur hafi ekki samþykkt hana, enda hafi stefnandi ekki réttindi til að teikna þær breytingar á húsnæði, sem hann hafi átt að fjalla um. Hljóti þetta að hafa verið stefnanda sjálfum vel ljóst, þótt hann tæki að sér starfið. Af þessu hafi hlotizt mikið tjón fyrir stefnda, vegna þess að byggingarfulltrúi Reykjavíkur hafi látið stöðva framkvæmdir á hönnun hæðarinnar að Borgartúni 21 um margra vikna skeið. Að lokum hafi svo farið, að stefndi hafi orðið að fá til starfa byggingameistarann Þórð Jasonarson, sem teiknað hafi innréttinguna og staðið síðan fyrir framkvæmdum. Stefndi hafi að sjálfsögðu orðið að greiða Þórði fyrir verk hans og því vandséð, hvaða rétt stefnandi eigi til greiðslu fyrir sama verk.

Jafnframt hefur hann haldið því fram, að stefnandi hafi ekki

fengið kr. 17.000.00 greiddar, heldur kr. 20.000.00. Þrátt fyrir áskoranir dómarans hefur stefndi ekki lagt fram kvittanir greiðslna til stefnanda.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi hafi talað við hann í síma og sagzt eiga hjá honum peninga fyrir vinnu. Stefndi hafi þá sagt honum að senda sér reikning. Sá reikningur sé ókominn enn, en hins vegar hafi stefnandi höfðað mál þetta algerlega að ástæðulausu.

Stefnandi málsins, Gunnar Theodórsson, hefur komið fyrir dóm. Hann mótmælir því, að sú staðhæfing stefnda, að hann hafi greitt til hans kr. 20.000.00, fái staðizt. Hann kvaðst ekki hafa fengið meira en kr. 17.000.00.

Hann hélt því fram, að innrétting húsnæðis Ásaklúbbsins hefði verið framkvæmd eftir teikningum frá honum. Þórður Jasonarson byggingameistari hafi skrifað upp á grunnteikningu, sem hafi farið til byggingarfulltrúa, þar sem hann, stefnandi, hafi ekki réttindi til þess að senda teikningar til samþykktar byggingarnefndar. Hann kvaðst hafa skrifað undir allar aðrar teikningar og hafa haft yfirumsjón með öllu verkinu, eins og jafnan þegar hann teikni innréttingar.

Hann sagði, að jafnvel þó að hann hefði haft full réttindi til þess að senda teikningar til samþykktar hjá byggingarfulltrúa, hefði stefndi þurft að fá byggingameistarann Þórð Jasonarson til að standa fyrir verklegum framkvæmdum, því að það sé hlutverk byggingameistara, sem hann sem innanhússarkitekt sjái ekki um. Hann kvað það vera ábyrgð byggingameistarans á verkinu, sem byggingarnefnd leitaði eftir.

Hann kvað stefnda fyrirfram hafa vitað það, að hann hefði ekki réttindi til að senda teikningar til samþykktar hjá byggingarfulltrúa.

Hann hélt því jafnframt fram, að það væri ekki rétt, að byggingarfulltrúi hefði látið stöðva framkvæmdir við hönnun hæðarinnar, hann hefði látið stöðva framkvæmdir við innréttingu hæðarinnar, en það hefði verið mál milli byggingameistaranna og stefnanda óviðkomandi, sem stöðvunina hafi orsakað.

Hann kvaðst hafa sent stefnda reikninga, en bréf frá sér hafi ekki verið sótt. Hann kvaðst eiga heima hjá sér ábyrgðarbréf til stefnda með reikningi, en ábyrgðarbréfið hafi ekki verið sótt. Ábyrgðarbréfið hefur verið lagt fram í réttinum. Stefnandi sagði, að þetta hefði verið, áður en hann afhenti lögfræðingi málið til innheimtu.

Stefndi, Hreiðar Svavarsson, hefur komið fyrir dóm. Hann kvaðst álíta, að þegar Þórður Jasonarson var fenginn að verkinu, hafi veggir verið komnir upp. Hann taldi, að Þórður Jasonarson hefði aðeins teiknað upp teikningu stefnanda og fengið hana samþykkta. Hann tók fram, að þá ætti hann við, að Þórður Jasonarson hefði gert svipaða teikningu og þá, er stefnandi hafði áður gert, og fengið þá grunnteikningu samþykkta.

Hann kvað sig minna, að stefnandi hefði algerlega hætt störfum við húsið, eftir að Þórður Jasonarson kom að því.

Að gefnu tilefni frá dómaranum sagði stefndi, að það gæti verið, að hann hefði á einhverju vissu tímabili ekki sótt ábyrgðarbréf. Hann kvað það hins vegar rétt, að hann hefði átt tal við Gunnar í síma og hafi hann þá sagt Gunnari, að hann teldi sig hafa greitt honum nóg, þar sem hann hefði valdið sér stórtjóni vegna stöðvunar framkvæmda. Stefndi sagði, að byggingarfulltrúinn hefði komið og stöðvað framkvæmdirnar. Hann hafi sagt, að engin samþykkt teikning væri fyrir innréttingunni.

Spurningu dómarans um það, hvort stöðvunin hefði stafað af þessu, svarar stefndi því til, að þeir hafi að minnsta kosti fengið að halda áfram framkvæmdum, þegar teikning lá fyrir.

Hann sagði, að þegar hann hafi tekið húsnæðið á leigu, hefði það verið með því skilyrði, að byggingameistari sá, er stóð fyrir framkvæmdum, léti af störfum og stefnandi fenginn til að teikna innréttinguna og honum fengin yfirumsjón allra framkvæmda.

Hann sagði, að hann hefði ekki vitað það, að stefnandi gæti ekki sent teikningar inn til byggingarfulltrúa til samþykktar, og taldi, að stefnandi hefði ekki sjálfur vitað um þetta. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að hann þyrfti að hafa byggingameistara að verkinu. Honum hafi ekki verið það uppálagt af þeim manni, sem hann fól það verk að teikna innréttinguna, þ. e. stefnanda. Hann kvaðst ekki muna, hvenær teikning Þórðar Jasonarsonar hafi verið gerð. Hann kvaðst álíta, að framkvæmdir hefðu stöðvazt um tveggja mánaða skeið. Málið hefði þurft fyrir tvo byggingarnefndarfundi og þeir væru víst ekki haldnir nema á þriggja vikna fresti.

Þórður Jasonarson byggingameistari hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa aðstoðað við innréttingu Ásaklúbbsins. Hreiðar Svavarsson hafi komið til sín, vegna þess að framkvæmdir hefðu verið komnar í strand, að því er hann álíti vegna ósamkomulags við byggingameistara hússins og þess, að teikningar af innréttingu höfðu ekki verið samþykktar.

Hann kvaðst hafa byrjað í þjónustu Hreiðars í byrjun marz 1968, að því er hann minni. Hann sagði, að Gunnar Theodórsson hefði þá verið í þjónustu Hreiðars og haldið áfram í þjónustu hans, og kvaðst vitnið ekkert hafa blandað sér í verk Gunnars öðru vísi en þannig að fá teikningu hans samþykkta. Hann sagði, að það hefði verið fyrirstaða frá hendi byggingarfulltrúa á því, að Gunnar fengi að senda inn teikningu til samþykktar. Einnig hefði þurft að gera smávægilegar breytingar á teikningu hans. Hann kvaðst hafa gert þessar breytingar og skrifað nafn sitt undir teikninguna. Hún hefði ekki verið samþykkt á fyrsta fundi á eftir, heldur næsta, að því er hann minni.

Hann kvaðst hafa farið eftir teikningu Gunnars um alla innréttingu og breytingar þær, sem hann hafi gert á þeirri teikningu að kröfu byggingarnefndar, hafa verið smávægilegar.

Hann sagði, að byggingameistari alls hússins hefði gefið leyfi sitt til þess, að hann sæi um framkvæmd við innréttingu Ásaklúbbsins og hefði ekki látið sig hana varða. Hann kvaðst hafa talið sig frekar fulltrúa byggingameistarans heldur en Gunnars. Hann kvaðst hafa komið til eftirlits að jafnaði einu sinni á dag, en þeir smiðir, sem upphaflega voru ráðnir til verksins, hafi framkvæmt það. Hann sagði, að ekki hafi orðið tafir, eftir að hann kom að verkinu. Hann sagði, að eftir að byggingameistari alls hússins samþykkti hann sem fyrirsvarsmann innréttinganna, hafi verið haldið áfram með þær, enda þótt samþykktar teikningar lægju ekki fyrir.

Hann kvaðst ekki vita, hvenær verkið var stöðvað. Hann kvað Hreiðar Svavarsson hafa komið til sín og hafa sagt, að framkvæmdirnar væru strandaðar, þar sem teikning fengist ekki samþykkt og byggingameistari hússins leyfði ekki, að þeir menn, sem þar ynnu, héldu því áfram. Hann sagði, að byggingameistari hússins hafi, að því er hann álíti, sett sig upp á móti framkvæmdum, þar sem byggingameisturum sé yfirleitt illa við það, að það komi inn í hús heilir vinnuflokkar, sem ekki séu á þeirra vegum, en sem þeir verði að bera ábyrgð á. Hann sagði, að byggingameistarinn hafi góðfúslega veitt þeim leyfi sitt til áframhaldandi framkvæmda, er hann sagðist mundu sjá um þær.

Þá kom fyrir dóminn Hermann Svavarsson vélvirki. Hann kvaðst hafa unnið við innréttingu Ásaklúbbsins og síðar sem starfsmaður hans. Hann kvaðst hafa byrjað um miðjan janúar 1968. Hann taldi framkvæmdir hafa stöðvazt við innréttingu klúbbsins um þriggja vikna skeið. Hann mundi ekki nákvæm-

lega hvenær. Hann kvaðst ekkert hafa unnið þessar þrjár vikur, en verið á launum hjá Hreiðari Svavarssyni. Hann sagði, að Gunnar Theodórsson hefði komið þarna nokkrum sinnum. Hann kvað Gunnar hafa verið þarna til ráðlegginga. Hann sagði, að eitt sinn hafi komið maður frá byggingarfulltrúa og stöðvað framkvæmdirnar. Hann hafi borið því við, að engar teikningar hefðu verið samþykktar fyrir innréttingu hæðarinnar. Hann sagði, að Gunnar Theodórsson hefði verið staddur þarna og sagt manninum frá byggingarfulltrúa, að honum kæmi þetta ekkert við, og borið fyrir sig, að um lausa veggi væri að ræða. Hann kvað Gunnar og manninn frá byggingarfulltrúa hafa deilt um þetta.

Sigurjón Sveinsson byggingarfulltrúi hefur komið fyrir dóminn og staðfest vottorð, sem áður hafði verið lagt fram, þar sem hann segir, að framkvæmdir (breytingar) við húsið nr. 21 við Borgartún hafi verið stöðvaðar um áramót 1967—1968, þar sem ekki hafi verið sótt um leyfi fyrir þeim breytingum, sem verið var að framkvæma, samkvæmt 7. gr. í byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík.

Breytingar þessar hafi verið samþykktar í byggingarnefnd 14. marz 1968 og höfundur uppdrátta sé Þórður Jasonarson tæknifræðingur.

Sigurjón sagði, að þegar framkvæmdir voru stöðvaðar að Borgartúni 21, hafi verið, að því er hann minni, að minnsta kosti þrír menn við vinnu þar. Hann kvaðst hafa hitt þar fyrir mann, sem hafði áhuga á veitingarekstri í húsnæðinu. Hann sagðist hafa spurt hann, hver stæði fyrir byggingarframkvæmdum, og verið svarað því, að það gerði hann sjálfur (þ. e. viðmælandinn).

Hann kvað einu ástæðu þess, að byggingarframkvæmdir voru stöðvaðar, að ekki var sótt um leyfi fyrir breytingu.

Hann sagði, að þetta hlyti að hafa verið einhvern tíma fyrir 29. febrúar 1968. Hann sagði, að uppdrættir væru dags. 15. febrúar og væri á þá ritaðar athugasemdir frá Einari Eyfells. Uppdrættir þessir séu lagðir fram hjá byggingarnefnd Reykjavíkur hinn 29. febrúar. Hann sagði, að framkvæmdirnar gætu hafa verið stöðvaðar í vikunni fyrir 20. febrúar, þar sem byggingarnefndarfundir séu haldnir annan og síðasta hvern fimmtudag mánaðar. Þannig hafi stöðvunin líklega átt sér stað eftir annan fimmtudag í febrúar. Hann sagði þetta hafa verið einu ferð sína þarna inn eftir.

Hann var að því spurður, hvort það hefði verið framkvæmdir

við breytingu hæðarinnar eða við hönnun hennar, sem stöðvaðar voru. Svaraði hann því til, að það hefðu verið framkvæmdir við breytinguna.

Hann sagði Einar Eyfells, eftirlitsmann eldvarna, hafa tilkynnt sér, að verið væri að framkvæma breytingar á hæð þessari og að sér vitanlega hefði ekki verið sótt um leyfi til þess. Hann sagði, að hann teldi það hafa verið í febrúar, sem Einar tilkynnti honum þetta.

Hann sagði, að breytingarnar hefðu verið breytingar frá áður samþykktum uppdráttum. Þarna hafi verið leyfi fyrir skrifstofum, en ekki fyrir veitingarekstri. Spurður um það, hvort teikningar Þórðar Jasonarsonar hefðu verið fyrstu teikningarnar, sem byggingarnefnd bárust um breytinguna, svarar hann játandi.

Hann sagði, að Gunnar Theodórsson væri ekki meðal þeirra, sem viðurkenningu hefðu hlotið samkvæmt 11. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda byggt á reikningnum á dskj. nr. 3 og fylgiskjali hans. Þar kæmi útseld vinna frá teiknistofu, en stefnandi væri húsgagnaarkitekt og ræki eigin teiknistofu. Þá var því haldið fram, að það hafi ekki verið fyrr heldur en stefndi lenti í fjárhagserfiðleikum, að hann neitaði greiðslu. Greiðsluerfiðleikar stefnda væru þekktir á bæjarþinginu. Þá var því haldið fram, að samkvæmt 7. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík ætti eigandi húsnæðis að tilkynna og leggja inn til samþykktar teikningu vegna breytinga á húsnæðinu. Eigandi og lóðarhafi Borgartúns 21 sé Sendibílastöðin við Borgartún. Það hafi því ekki verið í verkahring stefnanda. Þá var vitnað til framburðar Þórðar Jasonarsonar um stöðvunina og verk stefnanda. Þá var því mótmælt, að stefndi hefði fært rök að því, að hann hefði orðið fyrir tjóni af völdum stefnanda. Kröfu stefnda til lækkunar var mótmælt sem órökstuddri og mótmælt jafnframt því, að stefnandi hefði tekið á móti meira fé en hann vildi vera láta.

Af hálfu stefnda var á því byggt, að stefnandi hefði ekki hlotið viðurkenningu réttinda til að leggja inn teikningu til samþykktar fyrir byggingarnefnd, sbr. 11. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík nr. 39/1965. Stefndi hafi talið sig vera að kaupa verk í samræmi við 11. gr. byggingarsamþykktarinnar. Þórði Jasonarsyni hafi verið greitt fyrir hluta þess verks, sem stefnandi geri reikning fyrir á dskj. nr. 3. Sýknukrafa stefnda sé á þessu reist

og á því, að stefnandi hafi tekið að sér verk, sem hann hafi ekki haft heimild til að vinna.

Þá var því haldið fram, að málið væri höfðað, án þess að innheimtutilraunir væru áður reyndar og því ætti málskostnaður í því tilfelli, að stefndi yrði dæmdur greiðsluskyldur, að falla niður.

Svo sem fram kemur í framburði vitnisins Þórðar Jasonarsonar, kveðst hann ekki hafa blandað sér í verk stefnanda öðru vísi en þannig að fá teikningu hans samþykkta. Er það í samræmi við það, sem stefnandi hefur haldið fram. Jafnframt kemur fram í framburði stefnda, að hann telur Þórð Jasonarson aðeins hafa teiknað upp teikningu stefnanda. Reisa verður því dóminn á því, að við innréttingu hæðarinnar í Borgartúni 21 hafi verið farið eftir teikningum Gunnars Theodórssonar, stefnanda í máli þessu. Af framburðum þessum verður ekki annað ráðið en að verk þeirra Þórðar og stefnanda hafi ekki blandazt saman, og hefur stefndi ekki fært sönnur á, að hann hafi orðið að greiða Þórði fyrir það verk, sem stefnandi sækir hann um greiðslu fyrir.

Af þessu leiðir, að stefndi er greiðsluskyldur til stefnanda.

Í málflutningi stefnda hafa ekki verið bornar brigður á þann tímafjölda, sem stefnandi telur sig hafa unnið í þjónustu stefnda, né heldur þá upphæð, sem hann reiknar sér fyrir hvern unninn tíma, enda er hún lægri en útseld vinna reiknuð samkvæmt gjaldskrá húsgagnaarkitekta. Af þessum sökum ber að taka stefnufjárhæðina til greina.

Þar sem stefnandi hefur lagt fram ábyrgðarbréf, sem hann kveðst hafa sent stefnda, en ekki verið sótt af honum, og stefndi hefur viðurkennt, að hann hafi á vissu tímabili ekki sótt ábyrgðarbréf, ber að taka kröfu stefnanda um málskostnað til greina. Málskostnaður ákveðst kr. 12.000.00. Rétt þykir með tilliti til málavaxta að taka vaxtakröfu til greina frá dags. kröfubréfs 22. janúar 1969 til greiðsludags, sbr. lög nr. 71/1965 og ákvörðun Seðlabankans frá 20. maí 1965, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason, dómari í héraði, ásamt meðdómendunum Helga Hallgrímssyni húsgagnaarkitekt og Þorsteini Hjálmarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hreiðar Svavarsson, greiði stefnanda, Gunnari Theodórssyni, kr. 63.250.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 22.

janúar 1969 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. október 1972.

Nr. 105/1971. **Benedikt Svavarsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Lindu Arvids
(Örn Clausen hrl.)
og Tryggingamiðstöðinni h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Vátrygging. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. júlí 1971. Krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 176.530.00 með 8½ ársvöxtum frá 7. október 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar stefnda Lindu Arvids.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafði áfrýjandi keypt húftryggingu fyrir bifreiðina R 22404 hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f. Eftir málflutningi áfrýjanda

verður að leggja til grundvallar, að samkvæmt húftryggingaskilmálum þeim, sem giltu um vátrygginguna, hafi félagið ekki tekið á sig áhættu af tjóni, sem yrði á bifreiðinni, þegar hún hefði verið lánuð með þeim hætti, sem í málinu greinir. Þar sem ekki verður fallizt á með áfrýjanda, að hann geti reist kröfur á 8. gr. umræddra skilmála, og ekki hafa verið færð fram nægileg rök fyrir því, að skilyrði séu til að beita 34. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, ber samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda Tryggingamiðstöðina h/f af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, að því er varðar stefnda Tryggingamiðstöðina h/f. Hins vegar greiði áfrýjandi stefnda Lindu Arvids kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskot þetta var ástæðulaust, að því er hana varðaði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Benedikt Svavarsson, greiði stefnda Lindu Arvids kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí s.l., hefur Benedikt Svavarsson, Úthlíð 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. desember 1969, á hendur Lindu Arvids, Úthlíð 3, Reykjavík, og Tryggingamiðstöðinni, Aðalstræti 6 í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 176.530.00 með 8½% ársvöxtum frá 7. október 1969 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Linda Arvids hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefndi Tryggingamiðstöðin h/f hefur og krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að að kvöldi mánudagsins 6. október 1969 fékk stefndi Linda bifreið stefnanda, Volkswagen, árgerð 1968, að láni í þeim tilgangi að aka vinkonu sinni, Kristínu, til heimilis hennar að Rauðalæk 45 hér í borg. Dvaldi stefndi Linda á heimili Kristínar, eftir að þangað var komið. Stefndi Linda hringdi til stefnanda og tjáði honum, að henni mundi dveljast eitthvað hjá Kristínu til að horfa þar á sjónvarp. Enn hringdi stefndi Linda síðar um kvöldið til stefnanda og tjáði honum, að henni mundi enn dveljast hjá Kristínu, þar sem hana langaði til að sjá sjónvarpsmynd til enda. Það var síðan milli kl. 2300—2330 sem Linda fór að Rauðalæk í þeim tilgangi að skila bifreiðinni aftur til stefnanda, og var Kristín með henni í bifreiðinni. Af því varð þó ekki, að hún skilaði bifreiðinni þá, heldur tók Linda að aka fyrst um bæinn, síðan til Hafnarfjarðar ásamt tveim piltum. Var farið að neyta áfengis í bifreiðinni, þ. á. m. stefndi Linda. Síðan var ekið áleiðis til Keflavíkur. Er komið var á móts við syðri afleggjarann til Innri-Njarðvíkur fór bifreiðin út af veginum, valt þar og nærri gereyðilagðist. Slösuðust öll, sem í bifreiðinni voru, og beið Kristín bana af völdum slyssins þá um nóttina.

Skömmu eftir slysið voru teknar skýrslur hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík af aðiljum og öðrum þeim, sem við sögu komu, um hér umrætt atvik og af aðiljum málsins aftur hér fyrir dómi. Verða skýrslur þessar nú raktar að því leyti sem þær kunna að hafa áhrif á úrslit þessa máls.

Stefnandi kvaðst umrætt kvöld hafa setið að spilum heima hjá sér með þrem félögum sínum. Klukkan 2100—2130 hafi stefndi Linda komið til sín og beðið sig að lána sér bifreið sína til þess að aka vinkonu sinni, Kristínu, heim til hennar að Rauðalæk 45, og kvaðst hann hafa orðið við beiðni hennar. Kvaðst hann hafa sagt við Lindu, að hún kæmi síðan beint heim til sín með bifreiðina, og hafi hún jánkað því. Linda hafi síðan hringt til sín, tjáð, að hún væri heima hjá Kristínu og spurt sig, hvort hún mætti dveljast þar nokkra stund til að horfa á sjónvarp. Kvaðst stefnandi hafa samþykkt það. Linda hafi svo hringt aftur síðar um klukkan 2230—2300, að því er hann minnti, og þá beðið um að fá að tefjast eitthvað lengur til að sjá sjónvarpskvikmynd til enda. Kvaðst hann hafa ítrekað það við Lindu, að hún mætti ekki fara á bifreiðinni niður í borgina eða annað á henni, heldur aðeins beint heim til sín, er hún færi frá Kristínu. Upp úr klukkan 2400 kvaðst hann hafa verið farinn að verða órólegur vegna bifreiðarinnar, en þar sem hann hafði ekki vitað

um símanúmer hjá Kristínu og því ekki getað hringt þangað, kvaðst hann hafa vonað, að allt væri í lagi og að stefndi Linda færi að koma. Um kl. 0030 kvað hann þá félaga hafa hætt við spilamennskuna og hafi þá tveir af gestum hans farið heim til sín, en sá þriðji, Friðrik Stefánsson, hafi orðið eftir, þar sem stefnandi kvaðst hafa ætlað að aka honum heim. Þeir Friðrik hafi svo beðið fram til kl. 0330, en þá kvaðst stefnandi hafa hringt á leigubifreið og hafið leit að bifreið sinni, þar sem hann hafi þá verið orðinn reiður út af því að fá ekki bifreið sína. Kvaðst hann fyrst hafa ekið að Rauðalæk að heimili Kristínar, en ekki séð bifreiðina þar, en síðan kvaðst hann hafa ekið Friðrik heim og að því loknu heim til sín. Hann kvaðst þó á þessari leið hafa ekið fram hjá samkomuhúsinu Röðli, ef vera kynni, að bifreiðin væri þar. Er hann hafi verið kominn heim til sín, hafi hann farið að sofa, þar sem hann kvaðst ekki hafa vitað, hvert fara skyldi til að leita að bifreiðinni. Er stefnandi hafi vaknað um morguninn um kl. 0800, hafi hann fyrst hugað að því, hvort bifreið sín væri komin, en sá, að svo var ekki. Hafi hann þá hringt heim til stefnda Lindu og móðir hennar svarað og sagt sér, hvernig komið væri með bifreiðina og hvað komið hefði fyrir. Hann kvaðst nokkrum sinnum áður hafa lánað stefnda Lindu bifreiðina og hafi hún skilað henni aftur nálægt á þeim tíma, sem um hafi verið talað hverju sinni.

Stefndi Linda skýrði svo frá, að það hafi verið um kl. 2100, að hún hafi fengið bifreið stefnanda lánaða, en hún kvað stefnanda nokkrum sinnum áður hafa lánað sér bifreiðina. Kvaðst hún hafa spurt stefnanda að því, hvort hún mætti aka vinkonu sinni, Kristínu, heim til hennar að Rauðalæk 45, og hafi stefnandi leyft það. Á leiðinni þangað, skammt frá veitingastaðnum Þórskaffi, hafi þær hitt félaga sína tvo, Erling og Ísleif, og tekið þá upp í bifreiðina og ekið síðan heim til Kristínar. Meðan þau hafi verið stödd á Rauðalæk, kvaðst hún í tvö skipti hafa hringt til stefnanda til að segja honum, hvar þau væru. Í síðara skiptið hafi stefnandi spurt sig að því, hvort þau mundu fara niður í bæ, og hún sagzt ekki búast við því. Hafi stefnandi ekkert sagt við því, enda kvaðst hún hafa ætlað að skila bifreiðinni fljótlega, þar sem þau hafi ætlað á dansleik í Þórskaffi og því ætlað að skila bifreiðinni áður. Hafi þau farið frá Rauðalæk um kl. 2315, að því að hana minnti. Það hafi ekki orðið úr því, að þau færu á dansleikinn, en hún kvaðst muna, að þau hafi stanzað smástund fyrir utan veitingahúsið. Kvaðst hún hafa hugsað sér að

aka piltunum heim til þeirra, en er þangað kom, hafi piltarnir frekar haft á móti því, og kvaðst hún ekki hafa kunnað við það að reka þá út úr bifreiðinni. Piltarnir hafi viljað ná sér í áfengi og hafi því verið ekið til Hafnarfjarðar, en þar fengu piltarnir flösku af ákavíti. Taldi Linda, að klukkan hafi þá verið um 0030. Eftir að flaskan var fengin, hafi hún ekið til Reykjavíkur, eitthvað um borgina og síðan aftur til Hafnarfjarðar. Þar hafi þau á nætursölu fengið sér eitthvað að borða. Hún kvaðst þá hafa verið orðin leið og þreytt og hafi hún þá neytt áfengis frá piltunum, sem blandað hafi verið á Coca Cola flösku. Ekki kvaðst hún sér hafa fundizt hún drekka það mikið, að hún fyndi til áfengisáhrifa, enda kvaðst hún hafa neytt áfengisblöndunnar aðeins til að hressa sig upp. Einnig kvaðst hún þá hafa verið uggandi yfir, að hún skyldi þá ekki vera búin að skila bifreiðinni. Taldi hún það ekki mundu saka, þótt hún neytti lítils háttar af áfenginu, ef hún neytti þess ekki að neinu ráði. Síðan hafi svo um talazt á milli þeirra í bifreiðinni að fara til Keflavíkur. Kvaðst hún þó áður hafa tvisvar sinnum verið búin að aka að Reykjanesbrautinni fyrir sunnan Hafnarfjörð, en snúið við. Hins vegar, er hún kom þar í þriðja sinn, þá hafi hún ekið áfram áleiðis til Keflavíkur. Linda kvað farþega sína í bifreiðinni hafa þagað mest af leiðinni frá Hafnarfirði og hafi þau enn fremur reykt, sem hún þó ekki gerir, og rúður hafi verið lokaðar. Af þeim sökum hafi sér verið þungt yfir höfðinu. Hún kvað alla farþega sína í bifreiðinni hafa vitað um það, að hún neytti áfengis við aksturinn. Ekki kvaðst hún geta gert sér grein fyrir því, hve hratt hún ók, og ekki hafi hún litið á hraðamæli, heldur hafi hún horft beint fram fyrir sig, þar sem skyggni var slæmt, rigning og rok, og kvaðst hún hafa fundið fyrir því, að í stýrið tók annað slagið. Hún kvaðst muna eftir því, að annar piltanna hafi sagt við sig eitthvað á þá leið, hvort hún æki ekki of hratt. Kvaðst hún halda, að hún hafi ekki svarað því, og kvaðst ekki muna, hvort hún hafi við það hægt ferð bifreiðarinnar. Hún kvaðst hafa verið búin að veita því athygli, að þau voru komin langleiðina til Keflavíkur, og hafi verið að hugsa um það, að þá gætu þau fljótlega farið að fara heim. Það síðasta, sem hún kvaðst muna, áður en slysið varð, var, að hún lygndi aftur augunum eða nuddaði þau, þar sem hún hafi verið orðin syfjuð og einnig vegna reyksins í bifreiðinni. Kvaðst hún þá hafa fundið, að bifreiðin fór út af veginum vinstra megin. Hafi þá komið á sig fát, og kvaðst hún muna, að hún hafi beygt snöggt til hægri, og

einnig kvaðst hún halda frekar, að hún hafi einnig snögghemlað. Er bifreiðin hafi farið út af, hafi sér fundizt eins og kippt væri í stýrið, og því hélt hún, að hún hefði beygt ennþá sneggra inn á veginn, enda hafi þá verið komið mikið fát á sig. Bíllinn hafi síðan farið sitt á hvað á veginum, og kveðst hún muna, að hún hafi kallað til þeirra, sem í bifreiðinni voru, „haldið ykkur", en síðan viti hún ekki, hvað eftir það gerðist, þar sem hún muni hafa rotazt. Þó kvaðst hún muna eftir því að hafa tekið með báðum höndum um höfuð sér og beygt sig niður, er bifreiðin hafi farið að velta og hún fundið, að hún réð ekki lengur við það, sem var að gerast. Síðan rakti hún atburðarás eftir það, sem eigi þykir ástæða til að rekja í þessu máli. Um áfengisneyzlu sína gat hún þó, að hún hafi ávallt dreypt lítið á áfengisblöndunni, og kvað sig eftir sinni beztu vitund ekki hafa greint sig finna til áfengisáhrifa, en þó hafi neyzlan hresst sig. Hún kvað piltana hafa hvatt sig til aksturs bifreiðarinnar lengur en hún hafði ætlað sér. Hefði svo ekki verið, hefði hún skilað bifreiðinni til stefnanda um miðnætti.

Erling Ólafsson skýrði svo frá, að hann hafi ásamt félaga sínum, Ísleifi, komið heim til stefnda Lindu um kl. 1000 umræddan dag. Þeir félagarnir hafi verið með eina flösku af áfengi meðferðis og hafi þeir drukkið úr þeirri flösku heima hjá Lindu. Hann kvað Lindu ekki hafa neytt neins af áfenginu og heldur ekki stúlkuna, sem kom til Lindu, stuttu eftir að þeir félagarnir komu þangað. Þeir hafi síðan dvalizt heima hjá Lindu þar til kl. 1600—1700, en þá hafi þeir farið niður í bæ og keypt aðra flösku af áfengi. Hafi þeir síðan verið að þvælast um borgina, en um kl. 2130—2200 hafi þeir ætlað á dansleik í Þórskaffi. Er þeir voru á leið þangað, hafi Linda komið í bifreið ásamt stúlku þeirri, er með henni var, og hafi Linda boðið þeim félögum upp í bifreiðina. Það hafi verið um það rætt að fara á dansleikinn, en þá kom í ljós, að þau höfðu ekki peninga til þess, svo að hætt var við þá ákvörðun, en farið heim til Kristínar. Kristín hafi skipt um föt heima hjá sér, en þar hafi verið stanzað stutt. Síðan hafi verið ekið til borgarinnar. Þar sem hætt hafi verið við að fara á dansleikinn, hafi verið farið að þvælast um borgina hingað og þangað og síðast til Hafnarfjarðar, en þaðan hafi síðan verið farið í umrædda ferð til Keflavíkur. Erling kveðst ekki vita, hvenær Linda hafi farið að neyta áfengis, og minntist þess ekki, að hann hafi gefið henni áfengi. Hins vegar kvaðst hann hafa séð Kristínu neyta áfengis. Hafi það verið úr flösku þeirri,

sem þeir félagar keyptu. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að Linda væri með áfengisáhrifum, er þau fóru frá Hafnarfirði, og ekki kvaðst hann hafa vitað til þess, að Linda hefði neytt áfengis á leiðinni til Keflavíkur, að minnsta kosti hafi hann ekki tekið eftir því. Hann kvaðst heldur ekki hafa séð það á framkomu hennar, að hún væri undir áfengisáhrifum. Hann kvað Lindu hafa sagt sér, að bifreiðina hefði hún fengið að láni hjá kunningja sínum. Kvaðst hann ekki neitt hafa spurt hana frekar út í það, og ekki hafi hún minnzt á það við sig, svo að hann myndi, að hún þyrfti að vera búin að skila bifreiðinni fyrir vissan tíma. Hann kvað sér hafa fundizt Linda vera frekar óvaningsleg við aksturinn og er þau fóru til Keflavíkur, hafi sér fundizt hún aka of hratt. Er þau nálguðust slysstaðinn, hafi gert mikið úrfelli, og fylgdi því hvassviðri. Hafi rokið verið það mikið, að bifreiðin kipptist til. Linda hafi þá verið farin að aka mjög hratt, og kvaðst hann gizka á, að hraðinn hafi verið um 100 km miðað við klukkustund eða jafnvel yfir það. Þau farþegarnir í bifreiðinni hafi beðið hana að aka ekki svo hratt, þar sem veðrið var slíkt, en hún hafi ekki sinnt þeirri beiðni. Erling kvaðst ekki minnast þess, að bifreiðin færi út af steypta veginum, fyrr en í því að slysið skeði. Kvaðst hann ekki geta lýst því, hvernig það gerðist, það hafi gerzt svo fljótt, að hann kvaðst ekki geta sagt um, hvort bifreiðin endasentist eða valt. Kvaðst hann ráma í, að bifreiðin hafi verið komin á hliðina, en síðan kvaðst hann ekkert hafa vitað af sér, fyrr en hann rankaði við sér inni í bifreiðinni, en þá kvaðst hann halda, að hún hafi legið á annarri hliðinni. Síðan lýsti Erling atburðum eftir slysið, en ekki þykir ástæða til að rekja það frekar hér.

Ísleifur Örn Valtýsson skýrði á sama veg og Erling hér að framan frá ferðum þeirra félaga umræddan dag, frá því er þeir komu heim til Lindu og þar til þeir komu að Rauðalæk. Hann gat þess, að Linda hefði ekki neytt áfengis um daginn. Hann taldi þau ekki hafa stanzað lengi að Rauðalæk, og ekki minntist hann þess, að þeir hafi neytt áfengis, meðan þeir dvöldust þar. Ekki kvaðst hann vita til þess, að Linda hefði hringt til eiganda bifreiðarinnar frá Rauðalæk. Er þau hafi farið frá Rauðalæk, hafi verið ekið um borgina, en síðan til Hafnarfjarðar og þaðan aftur til Reykjavíkur og þaðan aftur til Hafnarfjarðar. Þar kvað hann þau hafa fengið sér snarl á næturtölu við bílastöð. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að þeir félagarnir hafi keypt sér áfengi í Hafnarfirði. Kvaðst hann halda, að þeir félagar hafi eingöngu

verið með flösku, sem þeir hafi keypt um daginn, eftir að þeir fóru frá Lindu. Hann kvaðst aldrei hafa séð Lindu neyta áfengis, en kvaðst vita, að Kristín neytti áfengis hjá þeim, er þau voru að aka um Reykjavík. Hann kvaðst ekki hafa séð merki þess á Lindu, að hún hefði neytt áfengis eða að hún væri undir áhrifum þess. Hann kvaðst sjálfur hafa verið orðinn talsvert mikið drukkinn, er þau fóru frá Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur, en ekki kvaðst hann vita ástæðuna fyrir því, að farið var til Keflavíkur, og taldi hann engan sérstakan í bifreiðinni hafa haft forgöngu um þá ferð. Ísleifur kvað sér ekki hafa fundizt Linda aka óvenjulega hratt á leiðinni frá Hafnarfirði að slysstaðnum og ekki neitt hafa séð athugavert við akstur hennar. Hann kvaðst ekki minnast þess, að neinn af þeim farþegunum hafi beðið Lindu um að aka hægar á þeirri leið, en sagði þau hafa beðið hana að aka hægar, er hún var á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, því þá hafi hún, að þeirra dómi, ekið of hratt, og kvaðst hann ekki muna betur en að hún yrði við þeirri beiðni. Hann kvað hafa verið rok og rigningu, er slysið varð, en hann kvaðst ekki minnast þess, að hann fyndi til þess á bifreiðinni. Hann tók fram, að hann héldi sig hafa sofnað, áður en þau nálguðust slysstaðinn. Kvaðst hann ekki hafa orðið var, er bifreiðin fór út af veginum, og kvaðst ekki hafa vitað af sér, fyrr en slysið var afstaðið, og þó ekki fyrr en hann hafi verið kominn í sjúkrahúsið í Keflavík, eða hann kvaðst ekki muna eftir sér fyrr.

Friðrik Stefánsson skýrði svo frá, að hann hefði setið að spilamennsku heima hjá stefnanda og tveim öðrum félögum þeirra, er þær stúlkur komu heim til stefnanda, og önnur þeirra beðið stefnanda að lána sér bifreið hans til að skreppa inn á Rauðalæk og hafi stefnandi orðið við beiðninni. Hann kvaðst muna eftir því, að stefnandi hafi tekið fram við stúlkuna, sem bílinn fékk lánaðan, að hún kæmi strax með hann til baka og færi ekki niður í borgina á honum. Hann kvaðst hafa orðið þess var, að hringt hafi verið tvisvar til stefnanda um kvöldið varðandi bifreiðina. Kvaðst hann hafa heyrt, að Benedikt sagði við stúlkuna í fyrra sinnið, að hún mætti horfa á mynd, sem þá var að byrja í sjónvarpinu, en koma með bílinn, strax er myndinni væri lokið. Í seinna sinnið, sem hringt var til stefnanda, hvaðst hann halda, að klukkan hafi verið um 2230. Kvaðst hann þá hafa heyrt, að Benedikt sagði við þann, sem hann talaði við og muni hafa verið sama stúlkan, að henni mætti dveljast smástund, en koma svo með bifreiðina. Skýrði Friðrik síðan á sama veg og stefnandi hér

að framan um bið þeirra eftir bifreiðinni og leit þeirra síðar um nóttina að henni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda Lindu á því, að lán hans til hennar á bifreiðinni hafi verið bundið því skilyrði að aka eingöngu að Rauðalæk 45 og þaðan aftur að heimili sínu og skila þar bifreiðinni. Hafi stefnandi sérstaklega tekið fram við stefnda Lindu, að hún mætti alls ekki aka bifreiðinni niður í borgina. Linda hafi af þessu tilefni tvisvar um kvöldið hringt til sín frá Rauðalæk til að láta sig vita, að henni dveldist þar, og fékk leyfi sitt til, að dráttur yrði á skilum hennar á bifreiðinni. Þessi dráttur á skilum bifreiðarinnar hafi eingöngu miðazt við það, að hún fengi að sjá sjónvarpsmynd til enda, en þar sem ætlun stefnanda var, að spilamennsku þeirra félaga, sem hjá honum voru, yrði lokið um miðnætti, þá reiknaði hann með með tilliti til sjónvarpsdagskrárinnar, að Linda skilaði bifreiðinni fyrir miðnætti. Af þessu varð þó ekki, þar sem Linda hóf akstur bifreiðarinnar um borgina, til Hafnarfjarðar, til Reykjavíkur og síðan aftur til Hafnarfjarðar, en þaðan í ferðalag til Keflavíkur. Þótt svo að stefndi Linda hafi haft löglega vörzlu bifreiðarinnar þetta kvöld, þá takmarkaðist heimild hennar við hin ákveðnu skilyrði. Stefnandi gat því á engan hátt þrátt fyrir tilraunir sínar varnað því, að stefndi Linda færi út fyrir þá heimild, sem hún hafði um notkun bifreiðarinnar. Telur stefnandi, að slíkt verði ekki talið til gáleysis af sinni hálfu, þar sem hann hefði mátt treysta stefnda Lindu um það að fara ekki út fyrir heimild sína, þar sem hann áður hafði lánað henni bifreiðina og stefndi Linda jafnan skilað bifreiðinni á fyrirfram umsömdum tíma og ávallt sýnt það, að hún væri trausti stefnanda verð. Stefndi Linda notaði því bifreið stefnanda í algeru heimildarleysi, er hún fór að aka henni um borgina, til Hafnarfjarðar, til Reykjavíkur, aftur til Hafnarfjarðar og síðan í átt til Keflavíkur, þar að auki hafi hún neytt áfengis við þann akstur, sem stefnandi hafði ekki mátt gera sér grein fyrir. Og að því viðbættu hafi hún ekið bifreiðinni allt of hratt miðað við aðstæður og því átt algera sök á því, að bifreiðin lenti út af veginum til Keflavíkur og eyðilagðist við það að mestu leyti. Er því ljóst, að stefndi Linda sé ábyrg fyrir því tjóni, er stefnandi varð fyrir, með hinu ólögmæta og saknæma atferli sínu um meðferð bifreiðarinnar.

Kröfur sínar á henda stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f byggir stefnandi á því, að bifreið sín hafi verið húftryggð hjá fyrirtækinu og beri því að bæta tjónið samkvæmt 8. gr., 1. málsgr.,

vátryggingarskilmálanna, þar sem akstur stefnda Lindu á bifreiðinni hafi verið bundinn við ákveðna leið og ákveðinn tíma. Notkun stefnda Lindu á bifreiðinni, er slysið varð, hafi verið algerlega heimildarlaus af hennar hálfu og brot á 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 257. gr. sömu laga. Mótmælir stefnandi því, að stefndi Tryggingamiðstöðin h/f geti borið fyrir sig b lið 9. gr. í vátryggingarsamningnum, þar sem notkun stefnda Lindu á bifreiðinni eftir miðnætti umræddan dag hafi verið nytjastuldur af hennar hálfu. Því verði 9. gr., liðir c, e, g, og 7. gr. vátryggingarskilmálanna að þoka fyrir 1. málsgr. 8. gr. þeirra. Þó svo að stefndi Linda hafi haft löglega vörzlu bifreiðarinnar þetta umrædda kvöld, þá hafi sú heimild takmarkazt til notkunar bifreiðarinnar við ákveðin og skýr skilyrði. Stefnandi hafi á engan hátt þrátt fyrir tilraunir hans getað varnað því, að stefndi Linda færi út fyrir heimild sína, og eigi verði það talið gáleysi af stefnanda að hafa mátt treysta stefnda Lindu, þar sem hann hafi áður lánað henni bifreiðina og stefndi Linda ávallt sýnt, að hún væri traustsins verð. Stefnandi sé því eins settur og bifreiðinni hefði verið stolið. Þá byggir stefnandi kröfur sínar á hendur stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f einnig á 34. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga og telur, að ef c lið 9. gr. vátryggingarskilmálanna sé beitt, þá mundi það bersýnilega leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu og því fremur sem atferli stefnda Lindu sé refsivert samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga.

Stefndi Linda byggir sýknukröfu sína á því, að orsök slyssins verði eigi rakin til áfengisneyzlu hennar við aksturinn. Hér hafi verið um óhapp að ræða, sem rætur eigi að rekja til hvassviðris og úrkomu, en ekki vegna ógætilegs aksturs hennar. Akstur hennar á bifreiðinni hafi í engu verið ábótavant og því skipti eigi máli um bótaskyldu hennar, þótt hún hafi neytt áfengis við aksturinn.

Sýknukrafa Tryggingamiðstöðvarinnar h/f er þeim rökum studd, að samkvæmt 7. gr. vátryggingarskilmálanna sé bótaskylda félagsins því skilyrði bundin, að enginn annar aki bifreið vátryggingartaka en hann sjálfur, maki hans, börn, tengdabörn, foreldrar og systkini eða fastráðinn maður í þjónustu vátryggingartaka. Þetta gildi, nema um annað hafi sérstaklega verið samið, en því hafi ekki verið til að dreifa í hér umræddu tilviki. Stefnanda mátti vera ljóst, þá er hann lánaði stefnda Lindu bifreiðina og fékk henni vörzlu og umráð hennar, að bifreiðin væri

ekki húftryggð, meðan stefndi Linda hefði umráð og vörzlu hennar. Þá bendir stefndi Tryggingamiðstöðin h/f í öðru lagi á ákvæði 9. gr. vátryggingarskilmálanna, en þar sé um að ræða ýmis atriði, sem vátryggingafélag undanskilur sig ábyrgð. Samkvæmt c lið þeirrar greinar undanskilur vátryggingafélag sig ábyrgð á skemmdum, sem verða, meðan ökutæki er í láni eða leigt án ökumanns. Sama gildi, ef sá, sem fengið hefur afnot ökutækis, fer út fyrir afnotaheimild eða fær öðrum afnot ökutækisins án heimildar. Í þessari tilvitnuðu setningu sé beinum orðum tekið fram, að vátryggingafélag sé undanskilið ábyrgð, ef ökutæki er lánað eða leigt án ökumanns, og niðurlagsákvæði hinnar tilvitnuðu setningar taki af allan vafa um það, að ekki sé hægt að tala um þjófnað eða nytjastuld, þótt ökumaður fari út fyrir heimild sína, þ. e. a. s. aki aðra leið eða noti ökutæki lengur en til var ætlazt. Þá bendir stefndi Tryggingamiðstöðin h/f í þriðja lagi á e og g liði 9. gr. vátryggingarskilmálanna, en samkvæmt g lið sé vátryggingafélag undanskilið ábyrgð, ef ökumaður er ölvaður við akstur. Samkvæmt alkóhólrannsókn, sem framkvæmd var á stefnda Lindu, reyndist alkóhólmagn í blóði hennar 1.35‰, en samkvæmt 4. málsgr. 25. gr. laga nr. 26/1958 teljist sá óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem hefur meira en 1.20‰ vínanda í blóðinu. Telur stefndi Tryggingamiðstöðin h/f ákvæði 18. og 20. gr. laga nr. 20/1954 svo og 51. gr. þeirra eigi vera til hindrunar ákvæðum ábyrgðarleysis 9. gr. vátryggingarskilmálanna.

Af skýrslum þeim, sem hér að framan eru raktar, verður að telja, að stefndi Linda hafi eigi haft heimild stefnanda til notkunar bifreiðarinnar nema til aksturs að Rauðalæk 45 og þaðan til baka til heimilis hans að Úthlíð. Samkvæmt gögnum málsins sýndi vínandamagn í blóði stefnda Lindu, sem tekið var eftir slysið, 1.35‰. Þá verður og að telja nægilega í ljós leitt af skýrslum, að stefndi Linda hafi ekið bifreiðinni allt of hratt í margnefndri ökuferð miðað við aðstæður. Af þessum tveim síðastnefndu ástæðum þykir hún eiga alla sök á slysinu. Ber stefndi Linda því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir.

Eigi er annað í ljós leitt í málinu en að stefnandi hafi fengið þá húftryggingu hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f, er hann hafi um beðið. Samkvæmt þeim vátryggingarskilmálum hafði stefnandi heimild til að lána þar nánar tilteknum aðiljum afnot bifreiðarinnar á ábyrgð félagsins. Að þeim aðiljum frátöldum

undanskildi vátryggingafélagið sig ábyrgð, ef bifreiðin væri lánuð, sbr. c lið 9. gr. vátryggingarskilmálanna. Mátti stefnanda því vera ljóst, að bifreiðin var eigi í húftryggingu hjá vátryggingafélaginu, meðan stefndi Linda hafði afnot hennar. Ber því samkvæmt þessu að sýkna stefnda Tryggingamiðstöðina h/f af kröfum stefnanda í málinu. Þykir ákvæði 34. gr. laga nr. 20/1954 eigi vera til hindrunar þessari niðurstöðu.

Niðurstaða málsins samkvæmt framansögðu er því sú, að stefndi Linda verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 176.530.00, en aðiljar urðu sammála við munnlegan flutning málsins, að tjón stefnanda næmi þeirri fjárhæð, með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, þó þannig, að hæð þeirra ákveðst 7 af hundraði. Þá ber samkvæmt þessu að dæma stefnda Lindu til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 26.500.00. Hins vegar verður Tryggingamiðstöðin h/f sýknuð af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er félagið varðar, falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregizt fram yfir venju vegna mikilla anna við borgardómaraembættið.

Dómsorð:

Stefndi Tryggingamiðstöðin h/f á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Benedikts Svavarssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður, að því er hann varðar.

Stefndi Linda Arvids greiði stefnanda kr. 176.530.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1969 til greiðsludags og kr. 26.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. október 1972.

Nr. 114/1972. **Ákæruvaldið**
gegn
Haraldi Sævari Kjartanssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. september 1972, sem barst Hæstarétti 18. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Með dómi sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 6. ágúst 1969 var varnaraðilja dæmd 10 daga varðhaldsvist og svipting ökuleyfis 1 ár fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum lagaboðum í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómssátt sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 22. ágúst 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 22. ágúst, var sakadómur Snæfellsnes-

og Hnappadalssýslu háður í lögreglustöðinni í Ólafsvík af Ólafi Ólafssyni fulltrúa. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1—4, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Haraldur Sævar Kjartansson. Stétt eða atvinna: Fiskimatsmaður. Heimili: Grundarbraut 4, Ólafsvík. Fæðingarstaður: Ólafsvík. Fæðingardagur: 8. nóvember 1933.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann samþykkir að greiða kr. 3.500.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sektin greiðist fyrir 30. september, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 3 daga.

Málskostnaður, kr. 500.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 22. ágúst 1972, en hefur glatað ökuskírteini sínu.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Þriðjudaginn 10. október 1972.

Nr. 123/1971. **Einar V. Magnússon**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Grétari Bjarnasyni.
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lausafjárkaup. Lögræði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst s. á. Krefst hann þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, en *til vara*, að fjárkröfur stefnda verði lækkaðar eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Bifreiðarkaup þau, er í héraðsdómi greinir, milli áfrýjanda og stefnda, voru ráðin hinn 25. apríl 1967.

Lögráðamenn stefnda og síðar hann sjálfur, er hann varð fjárráða, hófust ekki handa um höfðun dómsmáls til ónýtingar kaupsamningi og til heimtu fjár úr hendi áfrýjanda fyrr en með stefnu 21. maí 1969. Sú afstaða fól þó ekki í sér samþykki eða eftirfarandi staðfestingu á samningsgerðinni, og ekki getur það tómlæti varðað sýknu, svo sem áfrýjandi hefur krafizt.

Við munnlegan flutning máls í héraði hinn 20. apríl 1971 var lýst yfir því af hálfu áfrýjanda, að hann mundi ekki innheimta fé samkvæmt víxlum þeim, sem í héraðsdómi greinir, að fjárhæð kr. 14.000.00. Er þessu atriði ekki rétt lýst í héraðsdómi. Þessa yfirlýsingu endurtók málflutningsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti og lýsti því jafnframt afdráttarlaust, að áfrýjandi gerði ekki kröfu til hinnar seldu bifreiðar úr hendi stefnda. Kaupin milli þeirra áfrýjanda og stefnda gerðust hinn 25. apríl 1967, svo sem greint var, en stefndi er fæddur hinn 19. september 1946 og var ókvæntur í apríl 1967. Ekkert er fram komið, er hnekki þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að hann hafi verið grandlaus um heimild stefnda til að láta af hendi við hann þær kr. 40.000.00, sem hann galt við afhendingu bifreiðar. Sama gegnir að sínu leyti um greiðslu á þeim kr. 6.000.00, er bróðir stefnda innti af hendi við áfrýjanda til greiðslu á víxlum, svo sem í héraðsdómi greinir. Benda gögn máls til, að stefndi hafi verið

fullvinnandi maður, er greiðslur þessar fóru fram. Að svo vöxnu máli þykja traustnámsreglur um peninga leiða til þess, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Einar V. Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Grétars Bjarnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. apríl s.l., hefur Grétar Bjarnason, Akursbraut 22, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. maí 1969, gegn Einari V. Magnússyni, Hraunbæ 174, Reykjavík, og Guðmundi Guðbjörnssyni, Hofteigi 20, Reykjavík.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að með ódagsettu afsali hafi stefndi Guðmundur Guðbjörnsson selt stefnanda bifreiðina R 7184 af Buick gerð. Tilkynning til Bifreiðaeftirlits ríkisins hafi verið dagsett 25. apríl 1967. Kaupverðið hafi verið kr. 60.000.00 og hafi kr. 40.000.00 verið greiddar út í hönd, en eftirstöðvarnar, kr. 20.000.00, hafi verið greiddar með víxlum, samþykktum af kaupanda. Við kaupin hafi verið ljóst, að stefndi Guðmundur Guðbjörnsson hafi verið seljandi til málamynda, en hinn raunverulegi seljandi hafi verið stefndi Einar V. Magnússon og hafi greiðslur gengið til hans. Stefnandi hafi greitt kr. 6.000.00 af ofangreindri víxilskuld.

Stefnandi hafi, er kaup þessi gerðust, verið ófjárráða fyrir aldurssakir, fæddur 18. september 1946.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefnda Einari verði gert að þola riftun ofangreindra kaupa og að endurgreiða stefnanda kr. 46.000.00 með 7% ársvöxtum frá 25. apríl 1967 til greiðsludags, að honum verði gert að skila stefnanda þeim af ofangreindum víxlum, sem ógreiddir eru, að nafnverði kr. 14.000.00, að honum verði gert að greiða stefnanda útlagðan bifreiðaskatt, kr. 1.986.00, og málskostnað að skaðlausu, allt gegn afhendingu á bifreiðinni R 7184. Til vara gerir stefnandi allar sömu kröfur á hendur stefnda Guðmundi Guðbjörnssyni.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlækkaðar.

Mál þetta var þingfest 27. maí 1969 með framlagningu stefnu, og var þá mætt af hálfu beggja stefndu. Lögmaður stefnanda fékk frest til frekari málatilbúnaðar til 3. júní s. á. Þann dag fékk svo lögmaður stefndu frest til greinargerðar til 24. júní s. á. Þann dag var lögð fram greinargerð af hálfu lögmanns stefndu, og var þar krafizt frávísunar málsins. Var málið flutt um hina framkomnu frávísunarkröfu 5. desember 1969 og kveðinn upp úrskurður hinn 10. desember 1969, þar sem frávísunarkrafan var ekki tekin til greina. Hinn 4. marz 1970 lagði lögmaður stefndu fram greinargerð varðandi efnishlið málsins, síðan hafa lögmenn aðilja tekið sameiginlega fresti til öflunar gagna til 17. febrúar 1971, en þá var lýst yfir af hálfu lögmanna aðilja, að gagnasöfnun væri lokið. Munnlegur málflutningur fór svo fram 10. marz s.l., en málið var endurupptekið 23. marz s.l. til þess að gefa lögmanni stefnanda kost á að leiða sem vitni móður stefnanda. Hún kom fyrir dóm 20. apríl s.l., og var málið þá flutt að nýju og dómtekið.

Áður hafði dómari málsins leitað um sáttir, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi vorið 1967 keypt bifreið af stefnda Einari V. Magnússyni. Áður hafi stefndi Einar keypt bifreið þessa af stefnda Guðmundi Guðbjörnssyni, en bifreiðin ekki verið skráð á nafn stefnda Einars og það svo orðið að samkomulagi, að stefndi Guðmundur, sem skráður eigandi, gæfi út afsal og sölutilkynningu. Eftir kaup þessi var bifreiðinni ekið upp á Akranes og notuð í tvo mánuði, en þá var farið með bifreiðina til Reykjavíkur til stefnda Einars, og lét hann aðra vél í bifreiðina. Sú vél var úr sams konar bifreið og nýlega uppgerð. Eftir þessa aðgerð var bifreiðinni ekið upp á Akranes, en er þangað kom, var hún að sögn stefnanda mikið biluð, og var bifreiðinni lagt fyrir framan heimili stefnanda uppi á Akranesi, og þar stóð hún lengi, en hinn 20. apríl s.l. sagði móðir stefnanda, að bifreiðin væri nú í porti Rörasteypunnar á Akranesi. Eftir að bifreiðinni var lagt á Akranesi sumarið 1967, hefur ekki verið gerð tilraun til þess að gera við hana.

Stefnandi rökstyður kröfu sína um riftun með því, að stefnandi hafi verið ólögráða, þá er hann keypti bifreiðina, en samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 95/1947 bindi löggerningur ófjárráða mann hann ekki, ef hann hefur ekki heimild til að gera slíkan löggerning. Í 18. gr. laga nr. 95/1947 sé kveðið svo á, að ófjárráða

manni sé óheimilt að stofna til skuldar eða veðsetja fjárnumi. Af 36. gr. sömu laga megi ráða, að kaup lausafjár, ef um tiltölulega mikil verðmæti sé að ræða, séu ólögráða manni einnig óheimil. Umrædd kaup stefnanda á bifreiðinni R 7184 hafi verið stefnanda óheimil og því ekki bindandi fyrir hann og sé riftunarkrafan byggð á því.

Þegar kaupin gerðust, hafi ekki farið á milli mála, að seljandinn var stefndi Einar V. Magnússon, enda hafi allar greiðslur gengið til hans. Hins vegar hafi salan verið gerð í nafni stefnda Guðmundar Guðbjörnssonar og sé því varkakrafan gerð á hendur honum.

Lögmaður stefndu rökstyður kröfur sínar með því, að 19. gr. lögræðislaganna eigi ekki við í þessu tilviki. Stefnandi hafi haft heimild foreldra sinna til umræddra bifreiðakaupa. Hann geti nú ekki, eftir að hann sé orðinn fjárráða, sjálfur gert riftunar- og fjárkröfu, tveimur árum eftir að gerningurinn sé gerður. Riftunar hefði orðið að krefjast strax og þá fyrir atbeina fjárhaldsmanns, er honum hafi orðið kunnugt um kaupin. Hafi stefnandi eða fjárhaldsmaður hans átt einhvern rétt, hafi hann fallið niður fyrir aðgerðarleysissakir.

Þá er kröfum stefnanda mótmælt á þeim grundvelli, að hann ætli auðsjáanlega að hagnast á viðskiptum þessum. Bifreiðina R 7184, sem hann hafi látið liggja í algerri vanhirðu og látið ryðga niður, vilji hann nú láta af hendi gegn kr. 60.000.00 ásamt vöxtum. Sé ljóst, að slík viðskipti mundu leiða til stórhagnaðar fyrir stefnanda og hafi ekki stuðning í 21. gr. lögræðislaga eða öðrum lagaákvæðum.

Er þess krafizt, að komi til þess, að riftun verði dæmd, þá verði greiðsla til stefnanda miðuð við það verðmæti, sem bifreiðin R 7184 hafi á skiladegi. Stefnandi hafi keypt bifreiðina fyrir gangverð og hún hafi verið ógölluð.

Stefndi Einar eigi hjá stefnanda víxilkröfu að fjárhæð kr. 14.000.00. Verði sýknukrafan ekki tekin til greina, er þess krafizt til vara, að kröfum stefnanda og stefnda verði skuldajafnað.

Stefndi Guðmundur krefst sýknu, enda sé hann ekki hinn raunverulegi seljandi.

Aðalstefndi Einar V. Magnússon viðurkennir að hafa verið búinn að kaupa bifreiðina R 7184, sem er Buick, árgerð 1957, af Guðmundi. Hins vegar hafi bifreiðin ekki enn verið skráð á nafn Einars, er Einar seldi Grétari. Hafi orðið að samkomulagi,

að Guðmundur sem skráður eigandi gæfi út afsal og sölutilkynningu.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefndu því yfir, að stefndi Einar mundi ekki innheimta víxla þá, að fjárhæð samtals kr. 14.000.00, sem stefnandi hefur samþykkt og stefndi Einar á.

Víxlar þessir hafa verið lagðir fram í málinu sem dskj. nr. 12, 13, 14, 15 og 16.

Í málinu hafa farið fram yfirheyrslur, og hafa eftirtaldir aðiljar verið yfirheyrðir: stefnandi, stefndi Einar, faðir og móðir stefnanda.

Þykir rétt að rekja nokkuð framburði þeirra, er komið hafa fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa.

Stefnandi kom fyrir dóm til yfirheyrslu 12. júní 1970. Stefnandi sagðist telja sig vera kunningja bróður stefnda Einars og þá er kaupin fóru fram, hafi stefnandi verið staddur heima hjá stefnda Einari. Stefnandi sagðist hafa farið til Reykjavíkur til þess að kaupa bíl. Ekki hafi foreldrum hans verið kunnugt um þessa fyrirætlun hans, en stefnandi sagðist hafa verið með kr. 40.000.00 á sér, þá peninga hafi hann fengið að láni hjá ömmu sinni, en foreldrar hans hafi ekki vitað um peningalán þetta. Stefnandi sagði, að sér hafi ekki verið kunnugt um það, að hann þyrfti samþykki lögráðamanns til að gera kaup eins og þessi. Þá er kaup þessi áttu sér stað, var stefnandi heimilisfastur hjá foreldrum sínum og er það enn, en stefnandi sagðist vera mikið að heiman, þar sem hann sé sjómaður. Stefnandi sagði, að þegar hann kom upp á Akranes með bílinn og foreldrum hans var ljóst, að hann hafði keypt bílinn, að þá hafi foreldrar hans ekkert gert í málinu. Stefnandi sagðist hafa notað bílinn í um það bil tvo mánuði, en eftir það hafi verið farið með bílinn til stefnda Einars, en hann hafi verið búinn að lofa að gera upp vélina í bílnum. Það hafi Einar ekki gert, heldur sett aðra vél í bílinn. Hafi rétt verið hægt að keyra bílinn upp á Akranes, en þar hafi verið farið með hann á verkstæði, en vélin hafi verið alveg ómöguleg eftir þessa viðgerð Einars. Stefnandi sagðist hafa lagt bílnum fyrir framan húsið, þar sem hann býr, og hafi bifreiðin aldrei verið keyrð eftir það og ekki hafi verið gerð tilraun til að gera við hana.

Stefnandi sagði, að eftir að bílnum hafði verið lagt, þá hafi móðir stefnanda haft samband við stefnda Einar vegna máls þessa. Fyrr hafi ekki verið haft samband við Einar af hálfu lög-

ráðenda stefnanda. Stefnandi sagði, að stefndi Einar hafi á einhverju stigi málsins boðið sér að fá annan bíl í staðinn. Ekki mundi stefnandi nákvæmlega, hvenær það var, en sagðist þá hafa verið á Súgandafirði og hafi stefndi Einar hringt í sig þangað. Stefnandi hélt, að þetta hafi verið, eftir að lögmaður stefnanda hafði fengið málið í hendur.

Stefnandi sagði, að bifreiðin hafi allan tímann, eftir að henni var lagt, staðið fyrir utan heimili stefnanda að Akursbraut 22, Akranesi, og taldi stefnandi, að þar sé bifreiðin svona 400—500 metra frá sjó, en stefnandi sagði, að bifreiðin væri mjög illa farin og sé hún mygluð að innan.

Bjarni Guðmundsson, faðir stefnanda, kom fyrir dóm til yfirheyrslu 12. júní 1970. Sagði hann, að á þeim tíma, sem kaup þessi áttu sér stað, hafi hann verið á síldveiðum og lagt upp á Austfjörðum, og sagðist hann hvorki hafa vitað um bifreiðarkaupin, áður en þau áttu sér stað, né um peningalánið. Þegar faðir stefnanda kom til Akraness, hafi verið búið að leggja bifreiðinni. Faðir stefnanda sagðist hafa verið búinn að frétta af bifreiðarkaupunum, áður en hann kom til Akraness, hafi kona hans talað við hann og sagt honum frá kaupunum. Faðir stefnanda sagði, að af hálfu þeirra foreldra Grétars hafi ekkert verið gert til að rifta kaupunum, fyrr en eftir að búið var að leggja bifreiðinni.

Faðir stefnanda sagðist halda, að þá er stefnandi keypti sér bíl í fyrsta sinn, hafi hann samþykkt þau kaup.

Hinn 20. apríl s.l. kom Ása Jónsdóttir, móðir stefnanda, fyrir dóm til yfirheyrslu. Hún sagðist ekki hafa vitað um bifreiðarkaupin, fyrr en stefnandi kom með bifreiðina upp á Akranes, en peninga til bifreiðarkaupanna muni stefnandi hafa fengið hjá móðurömmu sinni, hún heiti María Bjarnadóttir og búi hún á heimili móður stefnanda og sé um áttrætt. Ekki sagðist móðir stefnanda vita, hvernig frá peningaláninu hafi verið gengið. Þetta hafi bara verið á milli stefnanda og ömmu hans, en móðir stefnanda sagði, að hann mundi ekki vera búinn að greiða ömmu sinni lánið. Móðir stefnanda sagðist hafa vitað um peningalánið, þá er stefnandi kom með bifreiðina, en þá hafi hún spurt hann, hvar hann hefði fengið peninga til kaupanna. Ekki kvaðst móðir stefnanda vita, hversu mikla fjárhæð amman hafi lánað stefnanda, en sagðist vita, að hann eigi eftir að borga henni kr. 10.000.00.

Móðir stefnanda sagði, að hann sé enn sjómaður og sé hann

háseti á Lagarfossi og búi hann hjá foreldrum sínum. Ekki sagðist móðir stefnanda muna til þess, að hún hafi haft samband við stefnda Einar í því skyni að reka á eftir viðgerð á bifreiðinni. Móðir stefnanda sagði, að stefnandi hafi áður keypt bifreið og þá hafi þau foreldrar hans samþykkt kaupin.

Það kom fram hjá móður stefnanda, þá er hún var fyrir dómi, án þess að það væri bókað, að amma stefnanda gæti ekki komið fyrir dóm, hún væri gömul og lasburða og farin að tapa minni. Dómari málsins spurði móður stefnanda, hvort ekki væri hægt að leggja fram t. d. bankabók ömmunnar, ef það gæti upplýst um lánveitingu hennar til stefnanda, svaraði móðir stefnanda því til, að amman mundi ekki hafa geymt þessa peninga á banka.

Hinn 4. marz 1970 kom stefndi Einar fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa. Sagði hann, að honum hafi verið ljóst, að stefnandi hafi ekki verið orðinn 21 árs, þá er hann seldi stefnanda bílinn. Stefndi Einar sagðist sjálfur hafa talið óþarfa að fá samþykki foreldra stefnanda vegna bifreiðarkaupanna, þar sem þetta hafi verið kunningjafólk sitt. Sagði stefndi Einar, að bróðir hans og stefnandi hafi verið kunningjar. Stefndi Einar sagði enn fremur, að stefnandi hafi sagt sér, að hann væri með 40 þúsund krónur til bifreiðarkaupanna frá foreldrum sínum.

Stefndi Einar sagðist vera lærður bifvélavirki og hafi hann á þessum tíma unnið við bifvélaviðgerðir.

Stefndi Einar sagði, að ca. tveimur mánuðum eftir að hann seldi stefnanda bílinn, þá hafi bílnum verið komið til Einars og hafi þá vél bifreiðarinnar verið biluð, en þó í gangfæru standi, og sagðist Einar hafa sett aðra vél í bílinn. Hafi sú vel verið úr sams konar bíl og nýlega uppgerð. Hafi bróðir stefnanda sótt bifreiðina til Einars og þá um leið greitt tvo víxla, en síðan kvaðst Einar ekkert hafa heyrt í stefnanda og ekkert um mál þetta vitað, fyrr en hann hafi fengið bréf frá lögfræðingi stefnanda. Stefndi Einar sagði, að sú viðgerð, þegar hann setti nýja vél í bifreiðina, hafi verið innifalin í kaupverðinu og hafi hann ekkert tekið fyrir vinnu eða varahluti, þá er viðgerðin var framkvæmd.

Þá er stefndi Einar kom fyrir dóm 12. júní 1970, var hann spurður um það, hvenær hann hafi fyrst heyrt frá stefnanda eða foreldrum hans í sambandi við bifreiðarkaup þessi eða réttara sagt um það, að þau vildu rifta kaupunum. Einar sagði, að á meðan hann hafði bifreiðina til viðgerðar, þá hafi móðir stefnanda hringt, en erindi hennar hafi verið að reka á eftir viðgerðinni. Hafi henni fundizt það taka of langan tíma að gera við

bifreiðina og hafi viljað fá hana sem fyrst upp á Akranes. Ekkert hafi þá verið talað um riftun. Einar minnti, að þó nokkru seinna hafi Grétar hringt og hafi hann þá eitthvað minnzt á það, að Einar tæki aftur við bifreiðinni. Einar sagðist hafa tekið dauflega í það og þá hafi stefnandi ekki talað meira um það. Einar sagði, að það næsta hafi verið, að lögmaður stefnanda hafi hringt í Einar vegna máls þessa og muni það hafa verið eftir áramótin 1967—1968. Einar sagði, að þá hafi verið farið fram á riftun. Einar sagðist halda, að þegar hann hringdi til stefnanda vestur á Súgandafjörð, að það muni hafa verið eftir að hann fékk bréf frá lögmanni stefnanda. Einar sagðist aldrei hafa verið beðinn að gera aftur við bifreiðina eða bæta úr þessu og sagðist heldur ekki hafa boðizt til þess, en sagðist hafa reiknað með, að sú fjárhæð, sem hann átti hjá stefnanda, en það voru kr. 14.000.00 í víxlum, yrði látin ganga til þess að bæta úr göllum þessum. Ekki sagðist Einar hafa stungið upp á þessu við stefnanda eða talað um það, en sagðist aldrei hafa innheimt þessa víxla.

Eins og áður er getið, er mál þetta höfðað sem riftunarmál og riftunarkrafan rökstudd með því, að stefnanda hafi verið kaupin óheimil vegna lögræðisskorts hans.

Þá er viðskipti þau, sem mál þetta er af risið, fóru fram, var í gildi 3. gr. laga nr. 95 frá 1947, en þar segir: „Maður er fjárráða 21 árs gamall, nema sviptur sé fjárræði". Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 10 fæðingarvottorð stefnanda, en þar segir, að hann sé fæddur 19. september 1946. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár er stefnandi ókvæntur. Á dskj. nr. 3 er sölutilkynning um sölu bifreiðarinnar R 7184, og er hún dagsett 25. apríl 1967, þannig að þá er kaupin fóru fram, þá var stefnandi ólögráða sökum aldurs.

Í III. kafla laga nr. 95 frá 1947 er fjallað um löggerninga ólögráða manna. Lögin takmarka mjög ráðstöfunarrétt ófjárráða manna á fjármunum þeirra, og er hlutverk laganna að vernda hagsmuni ólögráða manna.

Í 18. gr. nefndra laga segir svo in fine: „Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni". Í 1. mgr. 19. gr. sömu laga: „Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki". Af þessum tilvitnuðu lagagreinum er ljóst, að stefnandi er óbundinn af samþykki sínu á víxlum þeim, samtals að fjárhæð kr. 20.000.00, sem hann samþykkti við bifreiðarkaupin.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi haft

heimild foreldra sinna til bifreiðarkaupanna og því eigi 19. gr. laga nr. 95 frá 1947 ekki við í þessu tilviki. Stefnandi hefur sjálfur haldið því fram fyrir dómi, að peningana að fjárhæð kr. 40.000.00, sem hann greiddi við bifreiðarkaupin, hafi hann haft að láni frá ömmu sinni. Því sama hafa foreldrar stefnanda báðir haldið fram fyrir dómi og jafnframt, að stefnandi hafi ekki haft heimild þeirra til kaupanna. Undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram, sem hnekki þessari fullyrðingu stefnanda. Þá er stefndi Einar var fyrir dómi 4. marz 1970, sagði hann, að honum hafi verið ljóst, að stefnandi hafi ekki verið orðinn 21 árs, þá er Einar seldi honum bílinn, en sagðist sjálfur hafa talið óþarfa að fá samþykki foreldra stefnanda vegna bifreiðarkaupanna, þar sem þetta hefði verið kunningjafólk sitt. Hvort aðiljar máls þessa voru kunningjar eða ekki, skiptir ekki máli um nauðsyn þess að leita samþykkis lögráðamanns. Þarna var um viðskipti tveggja ungra manna að ræða, en stefndi Einar var lögráða, fæddur 25. apríl 1944. Bifreið sú, sem mál þetta er af risið, er að sögn stefnanda árgerð 1957, en hana hafði stefndi Einar keypt af ólögráða manni og svo skömmu seinna selt hana öðrum ólögráða manni, eða stefnanda. Viðskipti með gamlar bifreiðar eru þess eðlis, að þar er almennt mikillar aðgæzlu þörf og þá ekki sízt, ef ólögráða menn eiga aðild að kaupunum. Lögræðislögin leggja ríka ábyrgð á þá, sem standa í viðskiptum við ólögráða menn. Stefnda Einari var ljóst, að stefnandi var ekki lögráða, þá er viðskiptin áttu sér stað. Þar sem ekki hefur neitt komið fram undir rekstri málsins, er hnekki þeirri fullyrðingu stefnanda, að þarna hafi verið um lánsfé að ræða, en ekki sjálfsaflafé, verður að telja, að bifreiðarkaupin í heild séu ekki bindandi af hálfu stefnanda, sbr. 18. og 19. gr. laga nr. 95 frá 1947.

Í lögræðislögunum er ekki tiltekinn ákveðinn frestur til þess að krefjast riftunar vegna lögræðisskorts. Það hefur komið fram af hálfu stefnanda og svo hjá foreldrum stefnanda, þá er þau komu fyrir dóm, að þau hafi ekki hugleitt að krefjast riftunar, fyrr en eftir að bifreiðinni hafði verið lagt. Fyrir dómi hefur stefndi Einar borið, að nokkru eftir umrædda viðgerð á bifreiðinni hafi stefnandi hringt og hafi hann þá eitthvað minnzt á það, að Einar tæki aftur við bifreiðinni. Stefndi Einar kvaðst hafa tekið dauflega í það og þá hafi stefnandi ekki talað meira um það. Það næsta sagði stefndi Einar, að hafi verið, að lögmaður stefnanda hafi hringt í stefnda Einar vegna máls þessa og muni það hafa verið eftir áramótin 1967—1968, en þá hafi verið farið

fram á riftun. Af því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki fallizt á það með stefnda, að stefnandi hafi firrt sig rétti með aðgerðarleysi.

Í 21. gr. lögræðislaga er kveðið svo á, að valdi lögræðisskortur ógildi samnings, þá skuli hvor aðili skila aftur þeim verðmætum, sem hann hefur veitt viðtöku. Í þessu sambandi er um gamla bifreið og peninga að ræða. Það er eðli bifreiða að falla í verði við hvert ár, sem líður og þá hvernig sem með þær er farið, þó að vísu nokkuð mismunandi eftir meðferð. Það hefur komið fram, að þessi bifreið hefur alltaf verið látin standa úti og það í sjávarplássi. Eflaust hefði það farið betur með bifreiðina, ef hún hefði verið látin standa inni, en hún hefði samt fallið í verði. Það að láta bifreiðina standa úti má telja visst aðgæzluleysi hjá stefnanda, en þó ekki svo, að saknæmt geti talizt, enda er það mjög algengt, að bifreiðar standi úti í öllum veðrum.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka beri kröfu stefnanda um riftun til greina og þá um leið kröfu stefnanda um útlagðan bifreiðaskatt. Vextir reiknist þó ekki nema frá dagsetningu innheimtubréfs lögmanns stefnanda, en það er 10. janúar 1969.

Varastefndi Guðmundur Guðbjörnsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hver aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Varastefndi Guðmundur Guðbjörnsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Grétars Bjarnasonar, í máli þessu.

Stefndi Einar V. Magnússon greiði stefnanda, Grétari Bjarnasyni, kr. 46.000.00 með 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 1.986.00 í bifreiðaskatt og skili víxlum, samþykktum af stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 14.000.00, allt gegn afhendingu á bifreiðinni R 7184. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 12. október 1972.

Nr. 122/1971. **Sigurður Guðmundsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Kristmanni Þór Einarssyni og gagnsök
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason, og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Skaðabótamál. Framsal kröfu. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. ágúst 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að fellt verði úr gildi fjárnám, sem fram fór 16. nóvember 1970 til tryggingar hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. september 1971. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest með þeirri breytingu, að málskostnaður verði einungis talinn kr. 7.700.00. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með kaupsamningi 14. janúar 1966 skuldbatt aðaláfrýjandi sig til að selja Herði Ágústssyni þriggja herbergja íbúð í húsinu nr. 198 við Hraunbæ hér í borg, en aðaláfrýjandi lét byggja hús þetta, og mun bygging þess hafa verið lítt á veg komin, þegar kaupsamningurinn var gerður. Með kaupsamningi 21. apríl 1967 skuldbatt Hörður Ágústsson sig til að selja gagnáfrýjanda íbúð þessa. Tók gagnáfrýjandi við íbúðinni sama dag, en í samningnum er gert ráð fyrir, að afsal verði gefið út 25. júlí 1967. Hinn 10. maí 1967 fóru nokkrir aðiljar, sem samið höfðu um kaup á íbúðum að Hraunbæ 198, þar með talinn gagnáfrýjandi, þess á leit við yfirborgardóm-

arann í Reykjavík, að hann dómkveddi menn til að skoða íbúðir þeirra, lýsa, í hverju múrhúðun væri áfátt, og meta, hvað kosta mundi úr að bæta. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 29. júní 1967. Hinir dómkvöddu menn töldu ýmsa galla á íbúðunum, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Aðaláfrýjandi afsalaði íbúðinni til Harðar Ágústssonar 11. ágúst 1967. Í afsali þessu, sem nefndur Hörður hefur undirritað, segir m. a.: „... hefur kaupandi kynnt sér eignina við skoðun og sættir sig við hana að öllu leyti". Hefur aðaláfrýjandi talið, að við afsalsgerðina hafi Hörður fallið frá öllum bótum vegna galla á íbúðinni, en á móti hafi komið, að Hörður hafi „ekki greitt vexti ... og heldur ekki kostnað vegna þess dráttar, sem orðið hafi á greiðslu kaupverðs ..." Hörður hefur borið, að við afsalsgerðina hafi eitthvað verið minnzt á matið, en „hvorugur þeirra hafi gert neinar kröfur á hendur hinum við gerð afsalsins". Hinn 12. september 1967 afsalaði nefndur Hörður umræddri íbúð til gagnáfrýjanda. Í afsali þessu segir m. a.: „Kaupandi tók við hinni seldu eign hinn 21. apríl 1967 og er kunnugt um ástand hennar og hefur sætt sig við það, en söluástand íbúðarinnar er eins og segir í kaupsamningi milli aðiljanna, dags. 21. apríl 1967". Sama dag undirritaði nefndur Hörður yfirlýsingu þá, sem rakin er í héraðsdómi, en þar segir, að gagnáfrýjandi megi taka við „bótum vegna galla á múrverki" og slíkt brjóti ekki í bága við ákvæði afsalsins. Gagnáfrýjandi hefur borið fyrir dómi, að hann hafi ekki viljað ganga frá afsali, fyrr en hann væri búinn að fá yfirlýsingu þessa, og Hörður hafi ekki getið þess, að hann hafi fallið frá bótakröfunni.

Í máli þessu byggir gagnáfrýjandi kröfur sínar á hendur aðaláfrýjanda eingöngu á nefndu framsali Harðar Ágústssonar frá 12. september 1967 á bótakröfum vegna galla á nefndri íbúð. Eins og að framan er rakið, fékk nefndur Hörður afsal fyrir íbúðinni, eftir að mat á göllunum hafði fram farið, og undirritaði það án þess að gera fyrirvara um hugsanlegar bætur vegna gallanna, enda þótt rætt væri um matið við afsalsgerðina. Þegar litið er til ákvæða afsals þessa,

sem áður getur, og skýrslna Harðar, þótt óljósar séu, þá þykir verða að leggja það til grundvallar, að Hörður hafi afsalað sér rétti til að hafa uppi bótakröfur á hendur aðaláfrýjanda vegna galla á margnefndri íbúð. Gagnáfrýjandi öðlaðist því ekki rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda með framsali Harðar. Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjanda dæmd sýkna af kröfu gagnáfrýjanda. Þá ber og að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikur þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að í forsendum héraðsdóms er eigi fram tekið, hvernig fara skuli um málskostnað milli aðilja þessa máls, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kristmanns Þórs Einarssonar, í máli þessu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð frá 16. nóvember 1970 er felld úr gildi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Kristmann Þór Einarsson, Hraunbæ 198 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 25. júní 1968, á hendur þeim Sigurði Guðmundssyni málarameistara, Laugarnesvegi 67, og Sigmundi Lárussyni múrarameistara, Langagerði 86, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 29.868.00 með 7% ársvöxtum frá 14. janúar 1966 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Sigurðar eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi Sigmundur hefur látið sækja þing, en þingsókn féll niður af hans hálfu, áður en greinargerð var fram komin. Ber því að dæma málið, að því er hann varðar, samkvæmt ákvæði 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að stefndi Sigurður hafi látið reisa húsið nr. 198 við Hraunbæ hér í borg og hafi múrarameistari verið stefndi Sigmundur. Með kaupsamningi, dags. 14. janúar 1966, hafi stefndi Sigurður selt Herði Ágústssyni íbúð í húsinu, en smíði hússins hafi þá ekki verið hafin. Með kaupsamningi, dags. 21. apríl 1967, hafi svo Hörður selt stefnanda málsins íbúðina, en íbúðin hafi þá enn verið í smíðum. Hörður hafi ekki bent stefnanda á neina galla á íbúðinni, er salan fór fram. Hörður hafi fengið afsal fyrir íbúðinni hinn 11. ágúst 1967 og hafi síðan verið þinglýst þann 29. s. m. Hins vegar hafi stefnandi neitað að taka við afsali frá Herði, nema hann framseldi stefnanda skaðabótakröfu sína á hendur stefndu. Það hafi Hörður gert hinn 12. september 1967 og hafi stefnandi þá tekið við afsali úr hans hendi, sem dagsett var sama dag.

Hinn 11. maí 1967 fengu íbúðareigendur í greindu húsi dómkvadda matsmenn til að skoða og meta eftirtalin atriði við húsið:

„a) Að framkvæma athugun á því, hve mikið vantar á, að múrverk í húsinu nr. 198 við Hraunbæ sé unnið svo sem vera ber.

b) Að segja fyrir um, hvaða úrbætur seljanda beri að gera gagnvart kaupendum á nefndu múrverki, miðað við það, að íbúðir þeirra voru allar seldar tilbúnar undir tréverk og skyldi íbúðunum og sameiginlegum eignahlutum innanhúss skilað fínpússuðum.

Það helzta, sem undirrituðum íbúðarkaupendum finnst vera áfátt við nefnda múrhúðun og frágang hennar af hendi seljanda, er:

1. Áferð á veggjum og loftum er mjög gróf, miðað við að þeim skyldi skilað fínpússuðum.
2. Veggir meira og minna skakkir.
3. Gólf ákaflega óslétt og bylgjótt.
4. Múrhúðun á tröppum í stigahúsi öll að springa upp".

Einn matsbeiðenda var stefnandi máls þessa, en ekki var Hörður Ágústsson aðili að matsbeiðninni.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Árna Guðmundssonar múrarameistara og Ögmundar Jónssonar verkfræðings, segir svo:

„... Um allar íbúðirnar á 2. hæð og á 3. hæð til hægri og vinstri á eftirfarandi við:

Þær umkvartanir, sem fram eru bornar í matsbeiðninni í liðum 1.—4., teljum við réttar. Áferð gólfanna er slæm og afrétting þeirra ónothæf. Bæði er mikill hæðarmunur og gólfin það mis-

hæðótt, að húsgögn standa ekki rétt á þeim. Veggir eru líka illa afréttir og fínhúðun þeirra og loftanna stórgölluð.

Í íbúðinni á 1. hæð til hægri er nokkuð áfátt um fínhúðun á nokkrum flötum.

Múrhúðun á tröppum og stigapöllum er víðast hvar laus og sprungin. Áberandi eru sprungur í þrepum miðjum.

Við mat bóta höfum við lagt eftirfarandi til grundvallar:

Gólf íbúðanna á 2. og 3. hæð, sem matið nær til, verði brotin upp og lagt í þau að nýju. Með því yrðu dyraop einnig rétt. Kostnaður við að brjóta upp svo og efnisþörf er metinn sérstaklega af okkur, en vinnukostnaður við ílagningu og pússningu er tekinn eftir uppmælingunni. Við gerum ráð fyrir, að áferð veggja og lofta verði löguð, en auk þess höfum við metið múrverkið niður, sem bætur fyrir vanafréttingu og lýti. Múrhúðun á stigapöllum og tröppum verði brotin upp og lögð að nýju; matsaðferð hin sama og við gólfin. Metinn er kostnaður við lagfæringar á íbúðinni til hægri á fyrstu hæð.

Innrétting er hafin í öllum íbúðum og mislangt á veg komin. Við höfum miðað úrbætur við ástandið eins og það var, er múrhúðun var lokið, enda hefði þá átt að biðja um matið. Það, sem kann að hafa verið unnið sér í óhag vegna þeirrar vanrækslu, teljum við matinu óviðkomandi. Eins og áður er að vikið, nær matið aðeins til múrverksins.

Fjárbætur metum við þannig:

1. hæð til hægri	kr.	2.200.00
2. — - —	—	26.000.00
3. — - —	—	26.000.00
2. — - vinstri	—	30.500.00
3. — - —	—	30.500.00
2. — miðíbúð	—	23.000.00
Stigahús	—	18.300.00
	Alls kr.	156.500.00“.

Í málinu er fram komið svohljóðandi yfirlýsing Harðar Ágústssonar, dags. 12. september 1967:

„Ég undirritaður, Hörður Ágústsson, Ljósheimum 22, Reykjavík, lýsi því hér með yfir, að Kristmann Þór Einarsson, Hraunbæ 198, Reykjavík, má taka við bótum vegna galla á múrverki á íbúð á 3ju hæð til hægri í húsinu nr. 198 við Hraunbæ í Reykja-

vík, og kemur það ekki í bága við það, sem stendur í afsali milli þessara aðilja, dags. 12. september 1967".

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er sundurliðuð þannig:

1.	Bætur samkvæmt matsgerð	kr. 26.000.00
2.	Hluti þóknunar matmanna	— 1.580.00
3.	Stigahús samkvæmt matsgerð	— 2.288.00
		Samtals kr. 29.868.00

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að fram hafi komið gallar á húsinu nr. 198 við Hraunbæ og hafi dómkvaddir matsmenn metið bætur fyrir galla þessa. Samkvæmt matinu nemi hlutur íbúðar stefnanda í matsfjárhæðinni samtals kr. 28.288.00, en matskostnaður kr. 1.580.00. Er stefnandi hafi keypt íbúðina, hafi hann fengið framselda skaðabótakröfu þá, sem fyrri eigandi íbúðarinnar og viðsemjandi hans, Hörður Ágústsson, áttu á hendur húsbyggjanda og múrarameistara hússins, stefndu í máli þessu. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi Sigurður hafi viðurkennt matið og greiðsluskyldu sína og greitt öllum öðrum íbúðareigendum í húsinu. Er því mótmælt, að Hörður Ágústsson hafi fallið frá kröfu um bætur úr hendi stefnda Sigurðar eða þær bætur hafi verið greiddar. Er því haldið fram, að stefnandi hefði ekki fest kaup á íbúðinni, ef honum hefði verið ljóst ástand hennar.

Sýknukrafa stefnda Sigurðar er á því byggð, að stefnandi sé ekki réttur aðili að máli þessu. Stefndi Sigurður hafi selt Herði Ágústssyni umrædda íbúð og hafi ætlað að gera upp bætur við hann eins og aðra íbúðareigendur í húsinu, er hann gaf Herði afsal hinn 11. ágúst 1967, en Hörður hafi fallið frá bótum vegna gallanna. Er því haldið fram, að Hörður hafi því ekki átt neinar frekari kröfur á hendur stefnda Sigurði af þessum sökum og því sé svokallað framsal hans á kröfunum til stefnanda markleysa ein.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að það hafi verið búið að múrhúða íbúðina, er hann gerði kaupsamninginn um hana við Hörð Ágústsson, en gallarnir hafi raunverulega ekki komið fram, fyrr en farið var að vinna að frekari frágangi hennar. Kveður stefnandi ekki gott að sjá svona hluti, fyrr en farið sé að mála, og svona atriði sjáist raunverulega ekki, fyrr en aðrir fagmenn fari að vinna í íbúðinni. Er framkvæmd matsins var lokið, kveðst stefn-

andi hafa talað við stefnda Sigurð í síma og hafi þeim þá talazt svo til, að stefndi Sigurður greiddi stefnanda matsfjárhæðina, að því er varðaði umrædda íbúð og hluta hennar í stigagangi, um leið og Hörður Ágústsson gerði upp við hann, þ. e. stefnda Sigurð. Síðan kveðst stefnandi hafa talað við Hörð um, að hann léti stefnanda vita, þegar hann gerði upp við stefnda Sigurð, en það hafi Hörður ekki gert. Kveður stefnandi þessar viðræður hafa farið fram á tímabilinu, frá því að kaupsamningur hans um íbúðina var gerður og þar til gengið var frá afsali. Stefnandi kveður það svo ekki hafa verið fyrr en ganga skyldi frá afsali til hans, sem þeir Hörður hafi rætt frekar um þetta atriði og hafi þá verið gengið frá yfirlýsingu Harðar um, að hann, þ. e. stefnandi, mætti taka við greiðslu skaðabótanna. Kveðst stefnandi ekki hafa viljað ganga frá afsalinu, fyrr en hann hafi verið búinn að fá yfirlýsingu Harðar. Stefnandi kveður Hörð aldrei hafa minnzt á það við sig, að hann hefði fallið frá bótum.

Stefndi Sigurður hefur skýrt svo frá, að nokkur dráttur hafi orðið á útgáfu afsals til Harðar vegna þess, að Hörður hafi ekki staðið í skilum með greiðslu vegna kaupanna. Sigurður kveðst hafa gert upp bætur við eigendur annarra íbúða hússins samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna við eigendur annarra íbúða og kveðst einnig hafa ætlað að gera upp bætur við Hörð, er hann fengi afsal fyrir íbúðinni hinn 11. ágúst 1967, um leið og Hörður gerði upp vexti og annan kostnað vegna dráttar hans á greiðslu kaupverðs. Niðurstaðan hafi orðið sú, að Hörður hafi fallið frá bótum vegna galla á íbúðinni. Sigurður kveður Hörð hafa sagt, er hann féll frá bótakröfu sinni, að stefnandi máls þessa hafi ekki gert neinar athugasemdir um ástand íbúðarinnar. Sigurður kveður stefnanda máls þessa hafa rætt um það við sig, að gallar væru á íbúðinni. Sigurður kveður það hafa verið af þekkingarleysi sínu sem hann hafi ekki vitað, að stefnandi hafði engan rétt á að biðja um mat það, sem fram fór. Kveður Sigurður Hörð Ágústsson raunverulega ekki hafa haft heimild til að selja umrædda íbúð, þar sem hann hafi ekki staðið í skilum við sig. Varðandi það, hvort eitthvað hafi komið á móti af hans hálfu við fráfall bóta af hálfu Harðar, hefur stefndi Sigurður skýrt svo frá, að Hörður hafi ekki greitt vexti og heldur ekki kostnað vegna þess dráttar, sem orðið hafi á greiðslu kaupverðsins af hans hálfu, þ. e. Harðar. Ekki hefur stefndi Sigurður gert nánari grein fyrir því, hver vanskil Harðar Ágústssonar við hann hafi verið.

Vitnið Hörður Ágústsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið,

eftir að gengið var frá kaupsamningnum, sem stefnandi máls þessa hafi hringt í sig og sagt sér, að hann hafi látið fara fram mat á múrhúðun íbúðarinnar og hafi niðurstaða matsins verið neikvæð, þ. e. múrhúðuninni væri áfátt. Kveður vitnið stefnanda hafa beðið sig um yfirlýsingu, er hann hafi látið honum í té, og sé það yfirlýsing sú, sem fram hafi komið í máli þessu. Hörður kveður stefnanda hafa verið búinn að vekja máls á því við sig, er hann skoðaði íbúðina, að sér fyndist múrhúðun hennar ekki vera eins og hún ætti að vera. Hörður kveður hvorki sig né aðra íbúa hússins hafa verið búna að setja fram kröfu á hendur stefnda Sigurði um bætur vegna galla á múrhúðun, enda hafi engin skoðun verið búin að fara fram á múrhúðuninni og þeir hafi ekki haft sérþekkingu á því atriði. Hörður kveður bætur vegna meintra galla á múrhúðun íbúðarinnar ekki hafa verið komnar til umræðu, er hann seldi stefnanda íbúðina. Hörður kveður sig og stefnda Sigurð eitthvað hafa rætt við um matið, er gengið var frá afsali þeirra í milli, en kveðst ekki muna betur en að stefndi Sigurður hafi talað um, að matið ætti að ganga til yfirmats. Hörður kveður hvorugan þeirra hafa gert kröfu á hendur hinum við gerð afsalsins. Ekki hefur Hörður treyst sér til að svara því, hvort hann hafi nokkru sinni verið í vanskilum með greiðslur til stefnda Sigurðar, þar sem þar sé um lögfræðilegt atriði að ræða, sem hann hafi ekki þekkingu á að tjá sig um.

Stefndi Sigurður hefur skýrt frá því, að hann hafi ætlað að greiða Herði Ágústssyni bætur fyrir galla á múrhúðun íbúðar hans í hlutfalli við heildarmatsfjárhæðina eins og öðrum eigendum íbúða í húsinu, en Hörður hafi fallið frá bótum þessum, er þeir gerðu kaupverðið upp sín í milli. Samkvæmt þessu þykir mega leggja til grundvallar, að Hörður Ágústsson hafi átt kröfu á hendur stefnda Sigurði vegna hinnar gölluðu múrhúðunar, en eigi þykir í ljós leitt, að Hörður hafi fallið frá kröfu þessari eða að hún hafi verið til lykta leidd þeirra í milli á annan hátt, enda eru framburðir stefnda Sigurðar og vitnisins Harðar Ágústssonar um þennan þátt viðskipta þeirra mjög óákveðnir. Það þykir verða að líta á yfirlýsingu Harðar Ágústssonar til stefnanda sem framsal á rétti hans til stefnanda til bóta úr hendi stefnda Sigurðar vegna umræddra múrhúðunargalla. Verður að leggja til grundvallar, að réttur Harðar til bóta úr hendi stefnda Sigurðar hafi verið við líði, er hann framseldi hann stefnanda máls þessa. Í málinu er ekki ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnanda,

en hins vegar er mótmælt, að stefnda Sigurði verði gert að greiða vexti nema frá 25. júní 1968.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða málsins sú gagnvart stefnda Sigurði, að hann verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 29.868.00 með 7% ársvöxtum, sem eftir atvikum þykir rétt að reikna frá 29. júní 1967.

Eigi verður talið, að réttarsamband hafi stofnazt milli stefnanda og múrarameistara hússins, stefnda Sigmundar. Verður stefndi Sigmundur því sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þeim þætti málsins falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Bjarna Kristmundssyni verkfræðingi og Diðrik Helgasyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi Sigmundur Lárusson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristmanns Þórs Einarssonar, í máli þessu. Málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Stefndi Sigurður Guðmundsson greiði stefnanda kr. 29.858.00 með 7% ársvöxtum frá 29. júní 1967 til greiðsludags og kr. 7.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. nóvember 1970.

Ár 1970, mánudaginn 16. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Brautarlandi 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Hjálmari Hjálmarssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-2503/1970: Kristmann Þór Einarsson gegn Sigurði Guðmundssyni. Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm úr bæjarþingi Reykjavíkur nr. 3886/1968, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason vegna Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 28.868.00 með 7% ársvöxtum frá 29. júní 1967 til greiðsludags, kr. 330.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 8.030.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Elín Hallgrímsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, húseigninni nr. 11 við Brautarland.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 17. október 1972.

Nr. 120/1972. **Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir**
gegn
Thorberg Thorbergssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um málskostnaðartryggingu.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ólafur St. Sigurðsson, héraðsdómari í Kópavogi.

Með kæru 16. september 1972, sem barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að varnaraðilja verði gert að setja tryggingu, kr. 80.000.00, fyrir greiðslu málskostnaðar í héraði, en ella verði málinu vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili og varnaraðili eru foreldrar Kristins Eiríks Þorbergssonar, er lézt af slysförum 25. marz 1971. Málsaðilja greinir á um það, hvort slysatryggingabætur frá Bátaábyrgð-

arfélagi Vestmannaeyja, er fengnar hafa verið skiptaráðandanum í Kópavogi, skuli renna til dánarbúsins til skipta meðal erfingja.

Er fjallað um mál þetta í skiptadómi Kópavogs. Foreldrarnir eru skilin lögskilnaði, og dvelst varnaraðili í Kanada. Sóknaraðili reisir kröfu sína um tryggingu fyrir málskostnaði á 183. gr. laga nr. 85/1936. Varnaraðili ber fyrir sig, að ákvæði 183. gr. veiti varnaraðilja máls í héraði rétt á að krefjast tryggingar fyrir málskostnaði, en mæli ekki um slíkan rétt sóknaraðilja. Ákvæði 183. gr. laga nr. 85/1936 eru ekki meðal þeirra ákvæða, sem til er vísað í 223. gr. sömu laga og eiga beinlínis við um meðferð mála fyrir skiptadómi. Lagarök þykja ekki leiða til þess, að 183. gr. verði beitt fyrir lögjöfnun, eins og hér stendur á. Með þessari athugasemd þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð, en eftir atvikum þykir kærumálskostnaður eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskstnaður fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 11. september 1972.

Mál þetta ber að sem hér segir:

Hinn 25. marz 1971 lézt af slysförum við vinnu sína um borð í vélbátnum Sjöstjörnunni, VE 92, Kristinn Eiríkur Þorbergsson, Álfhólsvegi 143 í Kópavogi. Þegar slysið skeði, var verið að skipa upp afla úr bátnum í Vestmannaeyjahöfn, en Kristinn heitinn var lögskráður 2. vélstjóri bátsins.

Kristinn Eiríkur Þorbergsson var fæddur í Kanada 24. júní 1952, sonur hjónanna Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur, sem nú býr að Álfhólsvegi 143, Kópavogi, og Thorbergs Thorbergssonar, nú til heimilis í New Westminster, British Columbia í Kanada. Þau hjón slitu samvistir árið 1955, og fluttist Ólína þá til Íslands með drenginn, þar sem hún hefur búið síðan, en Thorberg varð eftir áfram í Kanada og býr þar nú, eins og að ofan greinir. Hinn 30. ágúst 1958 gaf dómsmálaráðherra út leyfisbréf til lögskilnaðar milli þeirra hjóna, Ólínu og Thorbergs, samkvæmt ósk Ólínu, og var þar ákveðið, að hún skyldi hafa forræði barns þeirra, Kristins

Eiríks, sem hún hafði haft hjá sér, frá því þau fluttu frá Kanada. Ólína giftist síðar Magnúsi Árnasyni matsveini, og bjó Kristinn heitinn æ síðan á heimili þeirra, nú síðast að Álfhólsvegi 143 í Kópavogi.

Með bréfi, dags. 21. maí 1971, sendi Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja skiptaráðandanum í Kópavogi tékka að upphæð kr. 600.000.00. Var þar um að ræða greiðslu tryggingabóta vegna dauða Kristins heitins samkvæmt samningi Sjómannasambands Íslands f. h. íslenzkra sjómanna og samtaka útgerðarmanna.

Innköllun var gefin út 8. júní 1971, þar sem skorað var á alla þá, er teldu til arfs eða skulda í dánarbúinu, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðanda innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu.

Að loknum innköllunarfresti var haldinn skiptafundur í búinu 23. nóvember 1971. Fundinn sótti sóknaraðili, Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir, og með henni lögmaður hennar, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður. Hafði Ólína ein gert kröfu til arfs. Aðrar kröfur höfðu ekki verið gerðar utan krafa vegna þinggjalda ársins 1971 að upphæð kr. 8.021.00. Var þar staðfest, að í búinu væru engar eignir utan fyrrnefndar dánarbætur frá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja svo og krafa á Tryggingastofnun ríkisins vegna lögboðinna dánarbóta, og var ákveðið, að lögmaður sóknaraðilja tæki að sér að koma þeirri kröfu fram. Þá upplýsti sóknaraðili, að faðir Kristins heitins, Thorberg Thorbergsson, væri á lífi og búsettur einhvers staðar í Vesturheimi.

Með bréfi Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 10. febrúar 1972, er þess farið á leit við skiptaráðanda, að sóknaraðilja verði greiddar út dánarbæturnar frá bátaábyrgðarfélaginu, þar sem enginn annar en hún hafi gert arfstilkall og innköllunarfrestur liðinn. Þá segir enn fremur svo í bréfi þessu:

„Drengurinn á föður á lífi vestur í Ameríku eða Canada. Hefur heyrzt, að hann muni gera kröfu til hlutdeildar í umræddum dánarbótum, en svo fremi að af því verði, mun þeirri kröfu mótmælt, auk þess sem til skuldajafnaðar yrði gerð krafa um greiðslu fóðurins á meðlagi með drengnum til fullnaðs 16 ára aldurs og til greiðslu lífeyris með konunni, en faðirinn hefur aldrei innt af hendi neinar greiðslur. Enn fremur mun þess krafizt, ef maðurinn hugsar sér að deila um þetta hér fyrir dómi, að hann leggi fram fulla peningatryggingu fyrir málskostnaði í því máli, ef hann skyldi tapa því. Hjónin munu hafa gift sig 21. apríl 1951, en slitið samvistir 22. marz 1955. Lögskilnaðarleyfi var gefið út hér að manninum fjarverandi".

Með bréfi, dags. 16. febrúar 1972, til skiptaráðanda gerði Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður erfðatilkall í dánarbúið f. h. Thorbergs Thorbergssonar, varnaraðilja í máli þessu. Skiptaráðandi hafði þá rétt áður skrifað varnaraðilja og gert honum grein fyrir gangi málsins og fyrirhugaðri kröfugerð af hálfu sóknaraðilja, gerði hann tilkall til arfs úr búinu.

Á skiptafundi í búinu hinn 23. marz 1972 mótmælti sóknaraðili erfðatilkalli varnaraðilja sem of seint fram komnu. Jafnframt lýsti hann þeirri skoðun sinni, að í búinu væri ekki um neinn arf að ræða til skipta, þar sem dánarbætur væru. Var ákveðið að stofna til sérstaks skiptamáls um ágreininginn, en af hálfu sóknaraðilja var gerður áskilnaður þess efnis að koma á síðara stigi málsins fram kröfu um framfærslueyri vegna Kristins Eiríks heitins og lífeyris til sóknaraðilja af hugsanlegum arfshluta varnaraðilja.

Sóknaraðili lagði fram greinargerð af sinni hálfu í þinghaldi 21. apríl 1972. Hann gerir þær kröfur, að sér verði greiddar þær dánarbætur, sem í málinu greinir, alls kr. 753.480.00, þ. e. samningsbætur kr. 600.000.00 og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 153.480.00, svo og málskostnaður úr hendi varnaraðilja samkvæmt taxta L. M. F. Í. miðað við þann helming þeirrar fjárhæðar, sem um sé deilt, þ. e. a. s. kr. 66.511.00, sbr. framlagðan málskostnaðarreikning, auk alls annars kostnaðar af þessu deiluefni sérstaklega.

Þá krefst sóknaraðili þess og, að varnaraðili skili jafnframt greinargerð af sinni hálfu málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 80.000.00 í peningum eða í bankatryggingu, en að kröfum hans verði ella vísað frá dóminum.

Greinargerð af hálfu varnaraðilja var lögð fram í þinghaldi 27. apríl s.l. Hann gerir þær kröfur, að helmingur eigna dánarbúsins verði lagður sér út sem arfur. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Varðandi kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu af sinni hendi krefst varnaraðili þess, að henni verði synjað.

Skiptaráðandi leitaði sátta með aðiljum, bæði að því er varðaði kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu svo og um efnishlið málsins. Sættir tókust eigi, og krafðist varnaraðili, að úrskurður gengi um kröfu gagnaðilja um málskostnaðartryggingu.

Var ákveðið að fram færi málflutningur um síðastgreinda atriðið, áður en málið yrði frekar flutt að efni til. Fór munnlegur

málflutningur fram 5. þ. m., og var þá atriði þetta tekið til úrskurðar.

Í þessum þætti málsins gerir sóknaraðili þær kröfur, eins og að ofan er lýst, að varnaraðilja verði gert að setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 80.000.00 í peningum eða með bankatryggingu, ella sæta því, að máli hans verði vísað frá dóminum.

Varnaraðili krefst þess, að þessari kröfu sóknaraðilja verði synjað.

Sóknaraðili vísar til ákvæða í 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 til rökstuðnings kröfu sinni. Hann kveður, að eigi skipti máli, þótt gagnaðili sinn teljist vera varnaraðili málsins. Jafntorvelt sé að innheimta málskostnað dæmdan á hendur erlendis búsettum manni, hvort sem sá maður sé varnaraðili eða sóknaraðili.

Varnaraðili gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að hann hafi ekkert mál höfðað fyrir íslenzkum dómi. Hafi hann aðeins gert erfðatilkall samkvæmt íslenzkum erfðalögum, en vegna slíkra aðgerða þurfi ekki að setja neina tryggingu. Í þessu máli sé aðstaðan hins vegar sú, að gagnaðili sinn sé sóknaraðilinn, en hann sjálfur varnaraðilinn. Þess hafi aldrei verið krafizt í íslenzkum rétti, að þeir menn, sem sóttir séu fyrir íslenzkum dómstólum, þyrftu að setja málskostnaðartryggingu til þess að mega halda uppi vörnum í máli sínu.

Álit réttarins.

Ákvæði það í 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936, sem sóknaraðili byggir á kröfugerð sína í þessum þætti málsins, hljóðar svo:

„Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenzkum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi".

Lagaregla þessi, nýmæli í sinni tíð, er undantekningarákvæði, sem ber að skýra þröngt.

Thorberg Thorbergsson hefur gert erfðatilkall eftir látinn son sinn og krefst helmings þeirra fjármuna, sem til dánarbúsins hafa fallið, í sinn hlut á móti móðurinni, sem mótmælt hefur þeirri kröfu á þeim forsendum, að fjármunir þessir verði ekki taldir vera arfsandlag og því fari ekki um skipti á þeim eftir erfðalögum, heldur beri að leita heimilda um ráðstöfun þeirra til samnings Sjómannasambands Íslands og samtaka útvegsmanna og til laganna um almannatryggingar.

Eigi er það ætíð einsýnt í málum fyrir skiptarétti, hvorn aðilja eigi að telja sóknaraðilja og hvorn varnaraðilja. Eins og mál þetta ber að og rakið hefur verið hér að framan, sýnist vera eðlilegt að telja Ólínu Hólmfríði Kristinsdóttur vera sóknaraðilja málsins. Erfðatilkalli Thorbergs Thorbergssonar verður með engu móti jafnað til málshöfðunar.

Að þessu athuguðu verður eigi talið, að ákvæði 183. gr. laga nr. 85/1936 geti átt við hér, eins og atvikum er háttað, þar sem það er sóknaraðili máls, sem gerir kröfuna á hendur varnaraðiljanum.

Samkvæmt þessu verður kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu af hálfu varnaraðilja synjað.

Eigi hefur verið krafizt málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Ályktunarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur, um, að varnaraðili, Thorberg Thorbergsson, setji málskostnaðartryggingu, er synjað.

Föstudaginn 20. október 1972.

Nr. 161/1971. **Magnús Leópoldsson**
(Jóhann Steinason hrl.)
gegn
Bjarna Th. Mathiesen
(Jóhann Ragnarsson hrl.)
og Bjarni Th. Mathiesen
gegn
Magnúsi Leópoldssyni
og Hrafni Bachmann
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. október 1971. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Fyrsta varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Önnur varakrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda.

Þriðja varakrafa: Að hann verði aðeins dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 71.540.00 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1970 til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. desember 1971. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda, Hrafni Bachmann, verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 116.300.00 með 7% ársvöxtum frá 11. marz 1970 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Hrafn Bachmann, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki hafa verið leidd viðhlítandi rök að því, að máli þessu beri að vísa frá héraðsdómi, og verður sú krafa því eigi til greina tekin.

Á dómþingi 17. febrúar 1971 var lagt fram fæðingarvottorð aðaláfrýjanda. Er hann talin fæddur 23. ágúst 1946 og var því eigi fjárráða, þegar hann seldi gagnáfrýjanda bifreið þá, sem um er fjallað í málinu.

Í greinargerð aðaláfrýjanda í héraði er eigi byggt á þeirri málsástæðu, að aðaláfrýjandi hafi verið ófjárráða, þegar viðskipti þessi gerðust. Er mál þetta var munnlega flutt í héraði 21. júní 1971, er einungis bókað, að lögmaður aðaláfrýjanda hafi gert hinar sömu dómkröfur sem í greinargerð. Hins vegar er bókað svo um síðari ræðu lögmanns gagnáfrýjanda, að hann hafi mótmælt „framkominni málsástæðu lögmanns stefnda, Magnúsar Leópoldssonar, um sýknu vegna þess, að

Magnús hefði ekki verið orðinn lögráða, er umrædd viðskipti áttu sér stað, sem of seint fram kominni, þar sem hún væri nú fyrst fram borin við munnlegan flutning málsins". Málið var aftur munnlega flutt 27. september 1971, og er þá bókað, að lögmenn aðilja hafi vísað til fyrri málflutnings. Í héraðsdómi er málsástæða þessi og andmæli gegn henni ekki tekin til rökstuddrar úrlausnar andstætt 193. gr. laga nr. 85/1936. Verður því ekki hjá því komizt, eins og á stendur, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það er aðfinnsluvert, að bókanir um munnlegan málflutning á dómþingum 21. júní og 27. september 1971 eru óskilríkar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. september 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Bjarni Th. Mathiesen, Hraunbæ 54, Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. marz 1970, á hendur Magnúsi Leópoldssyni, Rofabæ 45, Reykjavík, Hrafni Bachmann, Geitlandi 35, Reykjavík, og Svövu Ingvarsdóttur, Bólstaðarhlíð 11, Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 116.300.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 11. marz 1970 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Magnúsar Leópoldssonar eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Svövu Ingvarsdóttur eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar

af hálfu Hrafns Bachmanns, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með afsali, dags. 29. apríl 1966, hafi hann keypt bifreiðina Y 779 af stefnda Magnúsi Leópoldssyni, sem þá hafi búið að Hlíðarvegi 33, Kópavogi. Við umskráningu hafi bifreiðin fengið skrásetningarnúmerið R 12557. Í afsali þessu segir m. a.:

„Ég undirritaður, Magnús Leópoldsson, Hlíðarvegi 33, Kópavogi, sel hér með og afsala Bjarna Th. Matthiesen, Bragagötu 33, Reykjavík, bifreið mína, Y 779, sem er Mercedes Benz, smíðaár 1957".

Með afsali, dags. 16. desember 1967, kveðst stefnandi síðan hafa selt bifreiðina Hilmari Ólafssyni, Arnarhrauni 29, Hafnarfirði, með sömu lýsingu á gerð og aldri bifreiðarinnar og lýst hafi verið í afsalinu til hans. Með stefnu, dags. 21. júní 1968, hafi Hilmar Ólafsson höfðað mál gegn stefnanda þessa máls og krafizt riftunar á bifreiðarkaupunum, þar sem bifreiðin væri raunverulega af árgerðinni 1954, en ekki 1957, eins og lýst hafði verið. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp hafi verið kveðinn 21. febrúar 1970, hafi riftun verið staðfest og stefnandi þessa máls, Bjarni Th. Mathiesen, dæmdur til að greiða Hilmari Ólafssyni kaupverð bifreiðarinnar ásamt kostnaði hans með kr. 71.540.00, vexti af skuldinni, sem á stefnudegi hafi numið kr. 11.260.00, og kr. 13.500.00 í málskostnað. Þá nemi kostnaður stefnanda af málinu kr. 20.000.00. Alls nemi kostnaður stefnanda af máli þessu því samkvæmt framanrituðu kr. 116.300.00, sem sé stefnukrafan í máli þessu. Samkvæmt bréfi Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 19. desember 1969, kveður stefnandi stefnda Magnús Leópoldsson hafa keypt bifreiðina af stefnda Hrafni Bachmann 13. apríl 1966, en Hrafn af stefnda Svövu 11. marz 1966. En allt frá því að Svava hafi selt Hrafni bifreiðina hinn 13. apríl 1966, sé hún í skjölum Bifreiðaeftirlits ríkisins ranglega talin árgerð 1957. Ekki kveður stefnandi hafa komið fram í máli Hilmars gegn sér, hvernig aldri bifreiðarinnar hafi verið lýst í afsölum milli þessara aðilja, en er eiginmaður Svövu hafi mætt fyrir dómi 30. janúar 1970, hafi hann upplýst, að hann hafi vitað, að bifreiðin var ekki af árgerðinni 1957. Kveður því stefnandi dómkröfur í máli þessu þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að bæta honum tjón hans í viðskiptum þessum, enda megi telja víst, að þeim hafi verið kunnugt um raunverulegan

aldur bifreiðarinnar, er áðurgreindar sölur hafi farið fram. Stefnandi kveður hinum stefndu hafa verið tilkynnt með bréfi, dags. 28. janúar 1970, um rekstur málsins gegn stefnanda þessa máls samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 85/1936.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi málsins, Bjarni Th. Mathiesen, hefur komið fyrir dóm og staðfest þar málavaxtalýsingu í stefnu á dskj. nr. 1 með þeirri leiðréttingu, að númer umræddrar bifreiðar hafi verið R 12057, en ekki R 12557.

Stefndi Magnús Leópoldsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi keypt umrædda bifreið af Hrafni Bachmann og hafi hún þá haft skrásetningarnúmerið R 13364. Kveður stefndi Magnús Hrafn hafa gefið þær upplýsingar, að hún væri af árgerðinni 1957, enda hafi það komið fram í öllum plöggum varðandi bifreiðina, að svo væri, m. a. í skoðunarvottorði hennar, enda kveður stefndi Magnús verð bifreiðarinnar hafa verið miðað við það. Stefndi Magnús kveður Bílasölu Guðmundar að Bergþórugötu hafa haft umrædda bifreið til sölu, en hún hafi þó ekki gengið frá samningum, er stefndi keypti bifreiðina af Hrafni. Stefndi Magnús kveðst hafa verið starfsmaður Hrafns Bachmanns, er umrædd bifreiðarkaup áttu sér stað, og hafi þeir gengið frá samningum sín á milli. Hann kveðst síðan hafa látið skrá bifreiðina á sitt nafn og hafi hún þá hlotið skrásetningarnúmerið Y 779 og hafi þá m. a. verið gefið út skoðunarvottorð og í því hafi bifreiðin verið áfram af árgerðinni 1957. Stefndi Magnús kveðst hafa átt bifreiðina í rúman mánuð og þá selt hana stefnanda í máli þessu, Bjarna Th. Mathiesen, og hafi Aðalbílasalan annazt fyrir sig sölu bifreiðarinnar. Stefndi Magnús kveður bifreiðina hafa reynzt ágætlega miðað við aldur, á meðan hann átti hana. Hann kveðst hafa tekið umrædda bifreið sem greiðslu upp í aðra, sem hann hafi selt Hrafni Bachmann, og kveðst stefndi ekki hafa hugsað sér að eiga þessa bifreið lengi, enda hafi hann ekki talið það hagkvæmt fyrir sig að eiga svona stóra bifreið. Stefndi Magnús kveðst ekki muna örugglega, fyrir hvaða verð hann hafi selt stefnanda bifreiðina, en telur þó, að það hafi verið yfir kr. 100.000.00.

Í hinu sama þinghaldi upplýsti stefnandi, að hann hefði keypt bifreiðina af stefnda Magnúsi á kr. 130.000.00, þannig að hann hafi látið hann hafa fólksvagenbifreið, árgerð 1963, upp í verðið og síðan samþykkt tvo víxla að fjárhæð kr. 25.000.00 hvorn, en

verð fólksvagenbifreiðarinnar hafi verið metið á kr. 80.000.00, en á afsalið hafi verið skrifað kr. 100.000.00. Stefndi Magnús telur, að þetta muni rétt vera, eftir því sem hann bezt man.

Stefndi Hrafn Bachmann hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar efni bréfs síns á dskj. nr. 18. Tekur hann fram, að Mercedes Benz bifreið þá, sem um ræðir í bréfinu á dskj. nr. 18, hafi hann aðeins átt í tvo daga, þar til Magnús Leópoldsson hafi keypt bifreiðina, en Magnús hafi átt bifreiðina í tæpan mánuð, fyrst látið skrá hana á sitt nafn, áður en hann seldi hana.

Vitnið Gunnar Gunnarsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að það hafi verið starfsmaður Hrafns Bachmanns á þeim tíma, sem umrædd bílaviðskipti hafi átt sér stað. Vitnið kveður vera rétt frá skýrt í bréfi stefnda Hrafns á dskj. nr. 18, eftir að efni bréfsins hafði verið kynnt vitninu. Kveður vitnið, að þeir hafi allir vitað, að Mercedes Benz bifreiðin var árgerð 1955, og kveðst vitnið hafa sagt það við Magnús Leópoldsson, að hann teldi það rangt af honum að selja bílinn sem árgerð 1957. Vitnið kveðst telja, að ástæðan fyrir því, að Magnús Leópoldsson hafi sett þau skilyrði fyrir því, að hann keypti Mercedes Benz bifreiðina, að hún yrði skráð árgerð 1957, hafi verið sú, eftir því sem Magnús hafi sjálfur sagt vitninu, að þá væri betra að selja bifreiðina. Kveðst vitnið hafa heyrt Magnús segja þetta, er þeir ræddu saman á Bílasölu Guðmundar á Bergþórugötu, og einnig hafi hið sama komið fram, er þeir ræddu um þetta vitnið og Magnús ásamt Hrafni Bachmann. Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt Kristin Ólason skýra frá því, að bifreiðin væri skráð 1957 í Bifreiðaeftirlitinu, og kveðst vitnið ekkert hafa fylgzt með viðræðum, sem áttu sér stað við Kristin í sambandi við fyrrnefnda bifreið. Hins vegar kveðst vitnið telja, að vitneskja um það, að bifreiðin væri skráð árgerð 1957, en væri í rauninni 1955, hafi verið komin frá Kristni Ólasyni til þeirra Hrafns Bachmanns og Magnúsar Leópoldssonar.

Vitnið Hörður Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að Kristinn Ólason hafi komið með Mercedes Benz bifreið til skoðunar. Segir vitnið sig minna endilega, að misræmi væri á milli skoðunarvottorðs bílsins og lögskráningar bílsins í Bifreiðaeftirlitinu um árgerð hans, þannig að búið hafi verið að breyta árgerðinni í skoðunarvottorðinu, að því er vitnið minnir. Kveðst vitnið þó ekki þora að fullyrða neitt um þetta. Segir vitnið sig endilega minna, að það hafi sent Kristin inn í Ræsi til að fá staðfestingu á því, af hvaða árgerð bíllinn

væri. Vitnið kveðst telja víst, að ef Kristinn Ólason hafi beðið um, að skoðunarvottorðinu væri breytt til samræmis við lögskráningarkort bifreiðarinnar, þá hafi það verið gert.

Kristinn Ólason, eiginmaður stefnda Svövu Ingvarsdóttur, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi selt umrædda Mercedes Benz bifreið á kr. 100.000.00 fyrir hönd konu sinnar. Aðspurður kveðst hann ekki hafa orðið var við sérstakan áhuga hjá Hrafni Bachmann á umræddum bíl vegna þess, að hann væri skráður árgerð 1957. Kristinn kveður það hafa verið alllöngu áður en hann seldi bílinn, sem hann talaði við Hörð Jónsson um að leiðrétta árgerð bílsins í skoðunarvottorðinu í árgerð 1955, en í skoðunarvottorði því, sem fylgt hafi bílnum, þegar kona hans hafi keypt hann frá Akranesi, hafi hann verið skráður árgerð 1957. Kristinn segir, að þegar hann seldi bílinn, hafi verið tilgreint í skoðunarvottorði hans, að hann væri af árgerðinni 1955.

Stefndi Hrafn Bachmann, sem kom aftur fyrir dóm í hinu sama þinghaldi og Kristinn Ólason, kvaðst ekki þora að fullyrða um það, hvort skoðunarvottorð hafi fylgt bílnum, þegar hann hafi keypt hann. Hann tekur og fram, að hann hafi heyrt sölumann, Baldur Guðmundsson, á Bílasölu Guðmundar segja, að margumræddur Mercedes Benz bíll gæti ekki verið af árgerð 1957, heldur hlyti hann að vera eldri vegna þess, að gerð hurðarhúnanna benti til þess. Ekki kvaðst Hrafn muna, hvort Magnús heyrði þessi ummæli sölumannsins, en hann kveður sig minna, að hann hafi sagt Magnúsi frá þessu.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að hann hafi með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. febrúar 1970, orðið að þola riftun, eftir að hann seldi Hilmari Ólafsyni umrædda bifreið, vegna þess, að hún reyndist vera af árgerð 1954, en ekki 1957, eins og talið var í afsali, og endurgreiða Hilmari kr. 71.540.00. Eigi hann því endurkröfurétt á hendur hinum stefndu á fjárhæð þessari að viðbættum vöxtum og kostnaði, eða samtals á kr. 116.300.00, sem er stefnufjárhæðin, enda virðist ljóst, að svikum hafi verið beitt í einhverju afsali hinna stefndu, og beri því nauðsyn til að höfða málið gegn öllum hinum stefndu til að fá úr því skorið, hvert þeirra beri ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi orðið fyrir.

Stefndi Magnús Leópoldsson styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að honum hafi verið sagt, er hann keypti umrædda bifreið, að hún væri árgerð 1957, enda skráð svo í skoðunarvottorði hennar, hafi hann því ekki haft minnsta grun um,

að árgerð hennar væri önnur, auk þess hafi meira en tvö ár liðið, frá því hann seldi bifreiðina og þar til kvartað hafi verið yfir því, að árgerð hennar væri ekki rétt skráð í skoðunarvottorðinu.

Af hálfu stefnda Hrafns Bachmanns var við munnlegan flutning málsins sýknukrafa hans studd þeim rökum, að hann ætti ekki aðild að þessu máli.

Stefndi Svava Ingvarsdóttir styður og sýknukröfu sína þeim rökum, að hún eigi ekki aðild að þessu máli. Á milli hennar og stefnanda hafi aldrei verið neitt réttarsamband og hún hafi ekki átt nein viðskipi við stefnanda þessa máls um bifreiðina, sem mál þetta sé risið af.

Stefndi Hrafn Bachmann og stefndi Svava Ingvarsdóttir höfðu ekki nein afskipti af sölu margumræddrar bifreiðar, R 12057, til stefnanda, og hefur því ekkert réttarsamband stofnazt milli þeirra og stefnanda. Ekki hefur heldur verið sýnt nægilega fram á, að þau hafi tekið þátt í sviksamlegu atferli í sambandi við sölu bifreiðarinnar milli aðilja máls þessa. Eiga þau því ekki aðild að máli þessu, og ber þess vegna að sýkna þau af öllum kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, að því er þau varðar.

Stefndi Magnús Leópoldsson seldi hins vegar stefnanda umrædda bifreið, og samkvæmt framburði vitnisins Gunnars Gunnarssonar, skýrslu meðstefnda Hrafns og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir í ljós leitt, að honum hafi verið kunnugt um, að árgerð umræddrar bifreiðar var þremur árum eldri en hún var talin vera í afsali til stefnanda, er sala fór fram. Þessu til stuðnings er og sú staðreynd, að stefndi Magnús átti bifreiðina aðeins í 16 daga, eftir að hann keypti hana, þar til hann seldi hana stefnanda þessa máls, og þá kr. 30.000.00 dýrari en hann keypti hana, svo og það, að hann hirðir ekki um að leggja fram afsal eða sölutilkynningu, er sýni, með hverjum hætti viðskipti hans og meðstefnda Hrafns, sem hann keypti bifreiðina af, voru. Samkvæmt þessu þykir framferði stefnda Magnúsar hafa verið með þeim hætti, að hann sé fébótaábyrgur gagnvart stefnanda máls þessa vegna þess tjóns, sem stefnandi hefur hlotið af því, að umrædd bifreið var seld honum sem árgerð 1957 í stað 1954, eins og hún var í raun og veru, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922 svo og 54. gr. sömu laga i. f.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að bifreið sú, sem mál þetta er risið af, hafi verið ónýt, er stefnandi fékk hana í hendur, eftir að kaupunum við hann hafði

verið rift. Þessari staðhæfingu hefur ekki sérstaklega verið mótmælt af hálfu hinna stefndu né heldur hefur bótakröfunni sem slíkri verið mótmælt sem of hárri. Þykir því mega taka stefnukröfurnar til greina óbreyttar að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7% ársvextir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda Magnús til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 19.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni og Bent Jörgenssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi Hrafn Bachmann og stefndi Svava Ingvarsdóttir eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Bjarna Th. Mathiesens, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður, að því er þau varðar.

Stefndi Magnús Leópoldsson greiði stefnanda kr. 116.300.00 með 7% ársvöxtum frá 11. marz 1970 til greiðsludags og kr. 19.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. október 1972.

Nr. 100/1971. **Sveinbjörn Klemenzson**
(Ingi Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Bifreiðum & Landbúnaðarvélum h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lausafjárkaup. Gallar. Ábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 20.644.20 með 8% ársvöxtum frá 6. júní 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða áfrýjanda kr. 7.491.20, en málskostnaður falli þá niður.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Fallast má á það mat héraðsdómenda, að galli sá á bifreið áfrýjanda, sem er efni til skaðabótakrafna af hans hálfu í máli þessu, sé verksmiðjugalli. Fellur gallinn því undir ákvæði hins svonefnda ábyrgðarskírteinis um úrbætur á framleiðslu- og efnisgöllum. Samkvæmt ábyrgðarskírteininu er ábyrgð miðuð við sex mánuði frá afhendingardegi bifreiðar eða við það, að bifreið sé ekið 10.000 km, ef það ber fyrr að höndum.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, varð ekki vart við bilun þá, sem skaðabótakrafan í málinu lýtur að, fyrr en rúmlega tveimur mánuðum eftir að ábyrgðartímabil samkvæmt ábyrgðarskírteininu rann út. Rök hafa ekki verið að því leidd, að framangreint ákvæði sé ógilt. Samkvæmt þessu og með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., hefur Sveinbjörn Klemenzson, Sólbarði, Álftanesi, höfðað fyrir bæjarþinginu

með stefnu, birtri 31. október 1969, á hendur Bifreiðum & Landbúnaðarvélum h/f, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 22.093.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. júní 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir aðallega þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafan verði verulega lækkuð, enda verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. september 1968 kaupir stefnandi bifreið af Moskvitch gerð, skrásetningarnúmer G 403, árgerð 1968, af stefnda. Sama dag undirritaði stefnandi ábyrgðarskírteini, þar sem m. a. segir, að ábyrgð stefnda renni út eftir 6 mánuði frá afhendingardegi, en þó gildi hún aldrei fram yfir 10.000 km akstur.

Í ábyrgðarskírteini þessu segir m. a.: „Fyrir hönd framleiðenda ábyrgjast Bifreiðar & Landbúnaðarvélar h/f (hér eftir nefnt fyrirtæki) bifreið þá, er skírteini þetta hljóðar á, gegn framleiðslu og/eða efnisgöllum, þannig að fyrirtækið mun sjá um viðgerð á hinum gallaða hlut eða útvegun og ísetningu nýs hlutar í stað hins gallaða, enda hafi verið tilkynnt um meintan galla svo fljótt sem auðið er og því til staðfestingar komið með bifreiðina til fyrirtækisins eða til þess aðila, er það vísar til, áður en ábyrgð þessi rennur út, sem er 6 mánuðir frá afhendingardegi eða ef bifreiðinni hefur verið ekið 10.000 km innan þess tíma".

Í ábyrgðarskírteininu er það tekið fram, að það taki gildi, þegar fyrirtæki og kaupandi hafi undirritað skírteinið við afhendingu bifreiðarinnar. Þá segir einnig svo í skírteini þessu: „Fram yfir ofangreinda skilmála getur kaupandinn ekki gert neinar ábyrgðar- eða skaðabótakröfur á hendur fyrirtækinu né heldur er hægt að gera fyrirtækið og/eða framleiðanda ábyrga á nokkurn hátt vegna beinna eða óbeinna afleiðinga, sem kunna að verða vegna framleiðslu-, efnis- eða byggingargalla".

Stefnandi kveður nokkra smávægilega galla hafa komið fram á bifreiðinni eftir afhendingu hennar. Háspennukefli hafi t. d. brotnað. Enn fremur kvað stefnandi bifreiðina hafa unnið lítið fyrstu mánuðina. Kvartaði hann undan þessu við stefnda, og var reynt að bæta úr því með að skipta um kerti og platínur, en góð vinnsla hafi aldrei fengizt í bílinn, enda þótt hún hafi heldur

batnað. Stefndi bætti stefnanda þessa smávægilegu galla, og er ekki deila um þá í máli þessu.

Það mun hafa verið í maí 1969, sem óeðlilega tók að heyrast í drifi bifreiðarinnar. Kveðst stefnandi þá hafa farið með bifreiðina á verkstæði stefnda. Hafi starfsmenn hans fyrst talið, að ró, sem heldur hjörulið á pinnjóninum, væri laus. Hafi bifreiðinni verið lyft upp til að athuga þetta, en þá komið í ljós, að svo hafi ekki verið. Kveður stefnandi starfsmenn stefnda þá hafa sagt við sig, að hann yrði að taka bifreiðina upp, en sjálfir hafi þeir ekki viljað gera það, þar sem þeir hafi talið ábyrgðartímann út runninn. Kvaðst stefnandi þá hafa sagt þeim, að hann mundi laga þetta sjálfur, ef þeir létu hann hafa lagerana. Því hafi þeir neitað. Fór stefnandi við svo búið með bifreið sína af verkstæðinu og tók sjálfur upp drif hennar, enda er stefnandi vélvirki og vélstjóri að mennt. Kvað stefnandi mismunadrifið hafa verið mjög illa unnið af hálfu verksmiðjunnar með gráðum, sem staðið hafi út í loftið, og óhreinindi hafi verið í drifinu. Kvaðst hann hafa fundið málmspæni í drifinu. Hafði stefnandi þá aftur samband við hið stefnda fyrirtæki og óskaði úrbóta af þess hálfu, en þeirri málaleitan hans var synjað á þeirri forsendu, að ábyrgðartími væri út runninn.

Með bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 5. júní 1969, óskar stefnandi þess, að dómkvaddir séu tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að skoða, lýsa og meta til verðs galla á drifinu svo og annað tjón vegna gallanna. Í matsbeiðni þessari segir m. a. svo: „Fyrir fáeinum dögum skeður það, að heyrast fór óeðlilega í drifinu. Tók umbj. m. þá drifið í sundur, og kom þá í ljós, að í olíunni var mikið svarf og auðséð á legum, að þær væru farnar að slitna óeðlilega mikið. Þá virtist mismunadrifshúsið vera óhreinsað úr steypumótum. Seljendur bifreiðarinnar hafa reynzt ófáanlegir til að bæta úr göllum þessum".

Hinn 6. júní 1969 dómkvaddi sýslumaðurinn þá Vilhjálm Sveinsson bifvélavirkjameistara og Reyni Guðbjörnsson vélvirkja til að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsmennirnir framkvæmdu mat sitt hinn 7. júní s. á. Í matsgerð þeirra segir m. a. svo:

„Þetta kom í ljós við matsgerðina.

I. Pinnjón og kambur voru mjög hrjúfir og skemmdir, pinnjónslegur ónothæfar.

II. Hliðarlegur voru í nothæfu ástandi, vafasamar þó, og þar

sem svo mikið er búið að taka í sundur, teljum við sjálfsagt að skipta um þær.

Ástæður fyrir skemmdum teljum við vera eftirfarandi:

I. Pinnjónslegur ekki rétt stilltar saman.

II. Drifhús og mismunadrifhús illa hreinsað í upphafi. Í ljós kom, að mikill steypusalli og borspænir voru í olíunni, sem af drifinu kom. Þessi óhreinindi hafa farið um alla slitfleti í drifinu og skemmt þá. Við teljum með hliðsjón af þessu, að eigandi geti notað drifið einhvern óákveðinn tíma, en honum verði bætt drifið sem svarar til 70% af nýju drifi.

Annar kostnaður.

Vinna í 10 st. 180	1.800.00
Bílakostnaður og fl.	350.00

Að beiðni eiganda var km mælistaða tekin, og var hún 8236 km".

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína og jafnframt borið, að þeir hafi talið slitfleti drifsins vera orðna það slitna, að þurft hafi að skipta um þá.

Um það bil þrem vikum eftir viðgerð á drifi bifreiðarinnar tók að urga í tengsli hennar. Ágerðist bilun þessi svo, að ekki var mögulegt að skipta bifreiðinni, vegna þess að tengslið sleit ekki. Tók stefnandi þá undan hlíf á sveifluhjóli. Komu þá í ljós eftirfarandi gallar: Ballansgaffallinn, sem heldur tengslisvogarstönginni, var laus og tengsliskolið einnig laust í kolahaldaranum. Ballansgaffallinn er ekki hægt að festa, vegna þess að hann er festur með tveimur undirsinkuðum skrúfum, sem eru á milli gírkassa og tengslishúss, og verður að taka gírkassann niður til þess að komast að til að herða skrúfurnar. Þegar gírkassinn var kominn niður, athugaði stefnandi tengslið og tengslisdisk. Kveður hann, að þá hafi komið í ljós, að tengslisborðar hafi verið mjög slitnir, eða inn í hnoð, og einn af þremur balansörmum í þrýstiplani hafi verið brotinn. Hafi hann því sett nýtt tengsli og tengslisdisk. Meðan viðgerð þessi fór fram á tengslinu, kveðst stefnandi hafa tekið eftir því, að feiti hafi verið á hemladiski að neðan við hægra afturhjólið. Til þess að athuga þetta dró hann afturöxulinn út. Kveður hann þá hafa komið í ljós, að feiti hafi verið komin inn á bremsur. Við nánari athugun kveður hann pakkninguna við feitihöldu hafa verið gallaða og í fellingum milli platnanna á feitihöldu og hafi feitin farið þar inn á bremsur. Til að endurnýja pakkningu í feitihöldu kveðst stefnandi hafa þurft að taka krumpaða stopphringinn og legu af öxli. Allt hafi þetta verið

endurnýjað. Þegar viðgerð þessi fór fram, segir stefnandi, að mælistaða bifreiðarinnar hafi verið 9120 km. Telur stefnandi, að hér sé um að ræða handvömm í samsetningu og stillingu bifreiðarinnar, með öðrum orðum skýra verksmiðjugalla, sem stefnda beri að bæta sér að fullu. Meðan á viðgerð þessari stóð, kallaði stefnandi framangreinda matsmenn til sín sem fagmenn til þess að líta á verksummerki. Hafa þeir borið hér fyrir réttinum, að þeir telji skýrslu stefnanda, sem nú hefur verið rakin, rétta í þessum efnum.

Stefnandi hefur sundurliðað dómkröfur sínar á þessa lund:

1. 70% af nýju drifi	kr.	6.300.00
2. Vinna og bílkostnaður samkvæmt mati	—	2.150.00
3. Afnotamissir í 3 daga	—	1.500.00
4. Legur og pakkdós samkvæmt reikningi	—	1.057.00
5. Dómkvaðning	—	500.00
6. Reikningur matsmanna	—	2.000.00
7. Vanreiknaður kostnaður vegna viðgerðar á drifi og varahlutakaup	—	2.700.00
8. Viðgerðarkostnaður við tengsli og bremsur	—	5.886.00
	Samtals kr.	22.093.00

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að framangreindir gallar séu upprunalegir, þ. e. verksmiðjugallar. Stefndi hljóti að bera ábyrgð á slíkum leyndum göllum samkvæmt almennum skaðabótareglum. Gallar þessir hafi ekki komið fram, fyrr en bifreiðin hafi verið notuð í nokkurn tíma, en það geti að sjálfsögðu verið breytilegt, hvenær slíkir leyndir gallar komi fram, það fari eftir eðli þeirra.

Samkvæmt 54. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 19. júní 1922 er ábyrgðartími á gölluðum söluhlut minnst 1 ár, en getur orðið lengri. Af þessum sökum telur stefnandi, að meta beri 6 mánaða ábyrgðartímann, sem stefndi ber fyrir sig, sem óskráðan og eingöngu miða við fresti þá, er settir eru í nefndri 54. gr. laga um lausafjárkaup.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur hinn 27. september 1968 undirritað ábyrgðarskírteini og þar með samþykkt skilmála þess efnis, að ábyrgð stefnda á göllum, er fram kynnu að koma, þar með verksmiðjugöllum, falli niður, þegar 6 mánuðir séu liðnir frá afhendingardegi, sem sé 27. marz

1969. Í matsbeiðni lögmanns stefnanda til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 5. júní 1969, segir m. a.: „Fyrir fáeinum dögum skeður það, að heyrast fór óeðlilega í drifinu". Af þessu sé ljóst, að það sé ekki fyrr en rúmlega tveim mánuðum eftir að ábyrgð stefnda renni út, að vart verði við bilun þá, sem stefnt er um í máli þessu. Mótmælir stefndi því eindregið, að samningar um lok ábyrgðar stefnda séu ekki í fullu gildi, enda séu lögin um lausafjárkaup undanþæg að þessu leyti og hafi aðiljar fullt frelsi til að semja um annan ábyrgðartíma en í 54. gr. þeirra laga geti. Þá bendir stefndi enn fremur á það, að stefnandi sé vélvirki og vélstjóri að mennt og ekkert sé fram komið í málinu, sem leiði til þess, að samningar málsaðiljanna um ábyrgðartímann hafi ekki fullt gildi.

Í 1. gr. laganna um lausafjárkaup nr. 39 19. júní 1922 segir m. a., að ákvæðum þeirra laga skuli því aðeins beita, að ekkert annað sé um samið berum orðum. Er stefnandi fékk bifreiðina afhenta hinn 27. september 1968, sömdu málsaðiljar um 6 mánaða ábyrgðartíma frá afhendingu bifreiðarinnar. Er sá samningur gildur. Því eiga ábyrgðarákvæði 54. gr. laganna um lausafjárkaup ekki við hér. Gallar þeir, sem stefnt er um í máli þessu, koma eigi fram, fyrr en eftir að hinn umsamdi ábyrgðartími er út runninn. Verður því eigi hjá því komizt að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, enda þótt rétturinn líti svo á, að hér hafi verið um verksmiðjugalla að ræða.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Bent Jörgensen bifvélavirkjameistara og Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Bifreiðar & Landbúnaðarvélar h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sveinbjarnar Klemenzsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 24. október 1972.

Nr. 138/1972. **Valdstjórnin**
gegn
Stefáni Kristdórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1972, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. október 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 18. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. ágúst s.l. var Stefán Kristdórsson úrskurðaður í allt að 60 daga varðhald vegna rannsóknar á alvarlegu líkamsárásarmáli. Er Stefán þar kærður fyrir að hafa ráðizt á Jón Rúnar Oddgeirsson á heimili hans að Hraunbæ 192 og barið hann til óbóta. Hlaut Jón höfuðkúpubrot, handarbrot og marga skurði og er enn heyrnarlaus á öðru eyra og hefur taltruflanir.

Stefán hefur játað að hafa verið þarna að verki. Saksóknari ríkisins krafðist þess hinn 20. september, að mál þetta sætti rannsókn fyrir dómi, og er þeirri rannsókn nærri lokið. Auk þessa máls hefur saksóknari til meðferðar þrjú mál, þar sem Stefán er kærður fyrir þjófnaði og árás og rán.

Gæzluvarðhald Stefáns rennur út í dag kl. 1212, og þykir nauðsynlegt með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að framlengja gæzluvarðhald kærða Stefáns svo, að málum hans megi verða lokið og hann haldi ekki áfram brotum á meðan, enda þykja skilyrði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 vera fyrir hendi til að beita gæzluvarðhaldi, þar sem brot hans geta varðað fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Kristdórsson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum frá kl. 1212 í dag miðvikudaginn 18. október.

Miðvikudagin 25. október 1972.

Nr. 125/1972. **Valdstjórnin**
gegn
Ingileifu Gísladóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Húsleit. Barnaverndarmálefni. Foreldravald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172 gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. október 1972, sem barst dóminum samdægurs. Krefst hún þess, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. september 1972 verði úr gildi felldur og að yfirsakadómaranum í Reykjavík eða ríkissjóði „verði gert skylt ... að greiða allan sakarkostnað". Þá er þess krafizt, að sömu aðiljar verði

dæmdir til að greiða „skemmdir þær, sem unnar voru á híbýlum“ varnaraðilja við framkvæmd hins kærða úrskurðar.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, mælti barnaverndarnefnd Reykjavíkur svo fyrir í úrskurði sínum 5. júní 1972, er áréttaður var 18. september s. á., að drengurinn Stefán Ingi Guðmundsson skyldi dveljast á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík. Hinn 22. september 1972 veitti dómsmálaráðueyti hjónunum Ingileifu Gísladóttur og Guðmundi Egilssyni leyfi til lögskilnaðar og kvað m. a. svo á, að faðirinn skyldi hafa forræði drengsins Stefáns Inga. Samkvæmt gögnum málsins var faðirinn samþykkur því, að drengurinn dveldist á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins eftir greint tímamark, og tók varnaraðili barnið heimildarlaust af Vöggustofunni hinn 24. september s.l. Stóðu barnaverndarnefndin og faðir drengsins að kröfu til sakadóms Reykjavíkur um leit að drengnum í híbýlum móður hans svo og um flutning hans á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Á hinum kærða úrskurði eru ekki neinir þeir annmarkar, sem varði því, að hann sé felldur úr gildi. Ber því að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostaður falli niður. Aðrar kröfur varnaraðilja í máli þessu verða ekki dæmdar í kærumáli sem þessu.

Í greinargerð umboðsmanns varnaraðilja, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, hér fyrir dómi eru svigurmæli um ýmsa nafngreinda aðilja. Ber að víta það.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. september 1972.

Ár 1972, mánudaginn 25. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 5. júní s.l. var tekið fyrir í barnaverndarnefnd Reykjavíkur mál drengsins Stefáns Inga Guðmundssonar, sem fæddur er 5. febrúar 1969, en foreldrar hans, Ingileif Gísladóttir og Guð-

mundur Egilsson, voru þá skilin. Sama dag kvað nefndin upp í málinu svohljóðandi úrskurð:

„ÚRSKURÐUR:

Þriðjudaginn 14. marz 1972 var lögreglan í Reykjavík kvödd á heimili Ingileifar Gísladóttur að Tómasarhaga 9. Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. sama dag, var Ingileif „mjög æst og nokkuð ölvuð", þegar lögreglan kom á heimilið. Í lögregluskýrslunni segir enn fremur, að Ingileif hafi verið flutt á slysadeild Borgarspítalans, en hún hafði áverka á vinstri kinn. Á meðan lögreglan var á heimilinu, kom sonur Ingileifar, Stefán Ingi Guðmundsson, f. 5. 2. 1969, heim. Lögreglan tók drenginn í sína vörzlu og flutti hann á lögreglustöðina við Pósthússtræti. Þaðan var drengurinn fluttur á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í samráði við Róbert Sigurðsson, fulltrúa í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Miðvikudaginn 15. marz 1972 kom Ingileif Gísladóttir til viðtals við Láru Björnsdóttur, deildarfulltrúa, og Róbert Sigurðsson, fulltrúa í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Var um það samið, að Ingileif tæki Stefán Inga heim til sín á ný, en jafnframt, að Róbert Sigurðsson fylgdist með högum barnsins með heimsóknum á heimili Ingileifar. Þegar á reyndi, kom í ljós, að mjög erfitt reyndist að framfylgja því eftirliti, sem um var rætt, þar eð ítrekað var ekki lokið upp fyrir Róbert, þegar hann knúði dyra hjá Ingileifi.

Föstudaginn 12. maí 1972, kl. 20:20, var lögreglan aftur kvödd á heimili Ingileifar að Tómasarhaga 9. Í skýrslu lögreglunnar, dags. sama dag, segir m. a.: „Er við komum að húsinu, heyrðum við barnsgrát út um glugga kjallaraíbúðarinnar. Við knúðum dyra kjallaraíbúðarinnar, og eftir nokkra stund kom kona að dyrunum innanverðum. Eftir nokkurt þóf féllst hún á að opna fyrir okkur, en virtist eiga í talsverðum erfiðleikum með að koma lyklinum í skrána og opna. Kona þessi kvaðst heita Ingileif Gísladóttir og búa þar ásamt syni sínum, Stefáni Guðmundssyni, f. 5. 2. 1969. Ingileif var mjög áberandi ölvuð, en jafnvægi nokkurn veginn stöðugt. Hún kvaðst hafa verið að drekka síðan kvöldið áður, en hafa farið með Stefán út á leikvöll þá um daginn og vera nýkomin frá að sækja hann þangað aftur". Að beiðni lögreglunnar kom Róbert Sigurðsson ásamt Ágústu Oddsdóttur, fulltrúa í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, á staðinn. Rætt var við Ingileifi, en ákveðið að gera ekki frekari ráðstafanir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar, dags. 1. júní 1972, var lögreglunni tilkynnt kl. 05:20 þann sama dag, að ölvuð kona væri

í stigagangi hússins Stigahlíð 10 hér í borg og hefði hún meðferðis ungt barn. Lögreglan flutti konuna og barnið á lögreglustöðina. Hún kvaðst heita Ingileif Gísladóttir til heimilis að Tómasarhaga 9. Barnið, sem hún var með, kvaðst hún eiga og væri nafnið Stefán Ingi Guðmundsson, f. 5. 2. 1969. Í skýrslu lögreglunnar segir enn fremur, að Ingileif hafi verið „talsvert ölvuð", en að henni hafi verið leyft að fara heim. Stefán Ingi var fluttur á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í samráði við Ástu Björnsdóttur, fulltrúa í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Þann 3. júní 1972 var Stefán Ingi Guðmundsson athugaður á Vöggustofunni af Jóni S. Karlssyni, sálfræðingi. Í niðurstöðu greinargerðar sálfræðingsins segir:

„Þessi drengur virkar tilfinningalega frosinn, hann sýnir ekki nein teljandi tilfinningaleg viðbrögð, hann virðist taka því, sem að höndum ber, eins og sjálfsögðum hlut og sýnir lítil merki um hræðslu né aðrar tilfinningar. Það er því líklegast, að Stefán hafi alla tíð verið tilfinningalega vannærður og hafi að mestu verið látinn afskiptalaus utan það allra nauðsynlegasta".

Í lokaorðum greinargerðarinnar segir sálfræðingurinn, að ráðlegt sé að veita drengnum sérmeðferð á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í 2—3 mánuði.

Með vísan til þeirra upplýsinga og gagna, sem fyrir liggja í máli þessu, kveður barnaverndarnefnd Reykjavíkur upp svofelldan

Úrskurð:

Drengurinn Stefán Ingi Guðmundsson, f. 5. 2. 1969, skal dveljast á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til sérmeðferðar í 2—3 mánuði frá og með uppkvaðningu þessa úrskurðar eða þangað til barnaverndarnefnd Reykjavíkur ákveður annað.

Jón Magnússon. Björn Björnsson.
Ragnar Júlíusson. Hulda
Elín Guðjónsdóttir. Gerður Steinþórsdóttir.
Margrét Margeirsdóttir".

Hinn 18. þ. m. áréttaði barnaverndarnefnd úrskurðinn og tilkynnti Ingileifu Gísladóttur það.

Stefán Ingi kom á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1. júní s.l., og hefur hann dvalizt þar þangað til í gær. Um eða eftir kl. 1600 í gærdag gerðist það, að Ingileif hafði Stefán Inga á brott með sér úr Vöggustofunni með leynd, og telur barnaverndarnefnd, að drengurinn sé nú á heimili Ingileifar að Tómasarhaga

9. Hefur nefndin svo og faðir drengsins krafizt þess, að sakadómur Reykjavíkur hlutist til um, að drengurinn verði fluttur að nýju á Vöggustofuna og að dómurinn kveði upp húsleitarúrskurð í því skyni.

Samkvæmt framansögðu hefur barnaverndarnefnd úrskurðað, að Stefán Ingi skuli dveljast á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til sérmeðferðar, þar til nefndin ákveður annað. Stendur sá úrskurður enn. Taka drengsins af Vöggustofunni í gærdag án samþykkis barnaverndarnefndar var því óheimil — jafnvel þó að móðir drengsins eigi í hlut — og kann sú háttsemi að varða við 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir því þykir rétt, að húsleit fari fram í híbýlum Ingileifar Gísladóttur að Tómasarhaga 9, þar sem ætla má, að drengurinn Stefán Ingi dveljist nú, og að hann verði færður þaðan á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Ályktarorð:

Leit að drengnum Stefáni Inga Guðmundssyni, fæddum 5. febrúar 1969, skal fram fara í híbýlum Ingileifar Gísladóttur að Tómasarhaga 9 hér í borg og hann færður á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Föstudaginn 27. október 1972.

Nr. 204/1971: **Landflutningar h/f**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Marteini Karlssyni
(Þorsteinn Geirsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Samningar. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1971 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8.868.75 með 8% ársvöxtum frá 1. október 1970 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar sömdu eigi um ákveðinn uppsagnarfrest í viðskiptum sínum, og eigi er upplýst um venjur, er beitt verði um lögskipti þeirra. Eins og háttað var viðskiptasambandi aðilja, þykir hins vegar eðlilegt að líta svo á, að þeim þeirra, sem binda vildi endi á viðskiptin, hafi borið að tilkynna það gagnaðilja með nokkrum uppsagnarfresti. Í málinu reiknar áfrýjandi sér eins mánaðar uppsagnarfrest miðað við mánaðamót. Þar sem sá frestur verður eigi talinn of langur, ber að taka kröfu áfrýjanda til greina, en um fjárhæð hennar og vexti er ekki sérstakur ágreiningur.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 12.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Marteinn Karlsson, greiði áfrýjanda, Landflutningum h/f, kr. 8.868.75 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. október 1970 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. október 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms, að loknum munnlegum málflutningi, 27. september s.l., er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. desember s.l., af Landflutningum h/f, Héðinsgötu við Kleppsveg, Reykjavík, gegn Marteini Karlssyni, Engihlíð 10, Ólafsvík, til greiðslu á eftirstöðvum skuldar að fjárhæð kr. 14.887.65 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 14.887.65 frá 1.

október 1970 til 30. október s. á. og af kr. 9.411.45 frá 1. nóvember 1970 til greiðsludags. Þá er krafizt málskostnaðar að skaðlausu, en til frádráttar greindum kröfum er kr. 5.476.20 innborgun hinn 9. nóvember 1970.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Sáttatilraunir hafa engan árangur borið.

Málavextir. Stefnandi annaðist vöruafgreiðslu vegna flutninga vara til og frá Reykjavík og út á land. Stefndi, sem hefur verið frá upphafi og er enn hluthafi í stefnanda, fékk hjá stefnanda vöruafgreiðsluþjónustu og þá þjónustu, sem henni fylgir, enda annaðist hann vöruflutninga milli Reykjavíkur og Ólafsvíkur. Þjónusta sú, sem stefnandi lét stefnda í té, var fólgin í því, að afgreiðslumenn tóku við vörum frá sendendum í Reykjavík og geymdu vörurnar fyrir bifreiðarstjórana, en þó ekki í afmörkuðu plássi, og aðstoðuðu afgreiðslumennirnir bifreiðarstjórana við að setja þung og erfið stykki á bifreiðarnar. Einnig tóku afgreiðslumennirnir við vörunum utan af landi og afgreiddu til móttakenda hér í borginni. Í afgreiðslu stefnanda voru stundum innheimt flutningsgjöld, og þar höfðu bifreiðarstjórarnir aðgang að síma, og einnig voru skilaboð tekin til þeirra. Stefnandi lét jafnframt fylgibréf og slík prentuð gögn í té, og svo sá stefnandi einnig um auglýsingar fyrir ákveðna aðilja, ef þess var óskað, á kostnað þess aðilja. Stefndi hafði þessa aðstöðu og fékk þessa þjónustu hjá stefnanda á árunum 1966, 1967, 1968 og fram á árið 1969, en um mánaðamótin janúar—febrúar það ár tilkynnti hann afgreiðslustúlku í afgreiðslu stefnanda, að hann mundi flytja sína afgreiðslu yfir í Vöruflutningamiðstöðina h/f þá þegar um mánaðamótin. Sagði hann stúlkunni jafnframt, að hann mundi greiða stöðvargjöld til 15. febrúar þ. á. og að hann mundi sækja pakka, er þangað kynnu að slæðast inn fram til þess tíma. Bað hann stúlkna að kom þessum skilaboðum til Sigurðar Björnssonar, framkvæmdastjóra stefnanda. Flutti stefndi starfsemi sína því næst í Vöruflutningamiðstöðina h/f, en sótti pakka, er slæddust inn til stefnanda, síðast 11. febrúar. Nokkrum dögum áður en stefndi tók síðast vörur hjá stefnanda, eða viku af febrúar, hitti hann framkvæmdastjórann, Sigurð Björnsson, og tilkynnti honum um uppsögn sína.

Framkvæmdastjórinn bókfærði á stefnda stöðvargjöld til marzloka, en hafði ekki samráð við stjórn félagsins um þá ráð-

stöfun. Hinn 22. marz 1969 var haldinn stjórnarfundur, og var þar bókað: „Vegna munnlegrar uppsagnar frá Marteini Karlssyni frá 11. febrúar s.l. var eftirfarandi samþykkt: Stjórnin lítur svo á, að eigi sé hægt að segja upp stöðvarplássi hjá stöðinni með skemmri fyrirvara en 3 mánuðum og skuli uppsögn vera skrifleg. Full stöðvargjöld skulu greiðast fyrir tímabil uppsagnarfrestsins". Þessa ákvörðun tilkynnti framkvæmdastjórinn stefnda í samtali, og ritaði stefndi þá stefnanda bréf, dags. 27. apríl 1969. Sagði stefndi í bréfi þessu, að hann álíti, að þriggja manna stjórn stefnanda geti ekki sett reglur um þriggja mánaða uppsagnarfrest án samþykkis löglegs fundar hluthafa og allra sízt, að þær geti gilt aftur fyrir sig. Telji hann sig því ekki þurfa að greiða afgreiðslugjald hjá stefnanda nema til 15. febrúar. Lauk stefndi bréfi sínu með því að segja, að ef stjórn stefnanda féllist ekki á þetta, þá biðji hann hana að færa rök fyrir rétti sínum til innheimtu áðurnefnds gjalds og óskaði svars sem fyrst. Bréfi þessu svaraði stjórn stefnanda ekki, en lögmaður stefnanda skrifaði stefnda bréf, dags. 21. október 1970, og krafði hann greiðslu á reikningi stefnanda, dags. 1. október 1970, að fjárhæð kr. 15.962.65. Sundurliðast reikningurinn, sem er á dskj. nr. 3 og 4, þannig: Stöðvargjöld fyrir janúar, febrúar og marz, 3x5.912.50; ásamt símkostnaði, kr. 138.00, en á móti koma innheimt farmgjöld, kr. 3.028.35, og inneign frá fyrra ári, kr. 0.50, þ. e. kr. 14.846.65 ásamt vöxtum frá janúar til október 1970, kr. 1.116.00. Ekki svaraði stefndi lögmanninum, heldur skrifaði hann stjórn stefnanda bréf, dags. 30. október 1970. Sagði hann þar, að þar sem hann hefði ekki enn fengið svar við bréfi sínu, dags. þann 27. apríl 1969, varðandi uppgjör sitt, leyfði hann sér hér með að senda stjórninni greiðslu fyrir þeim upphæðum, sem hann teldi sig skulda stefnanda. Sendi hann í bréfinu ávísun að upphæð kr. 5.476.20 og sundurliðaði upphæðina þannig: Stöðvargjöld fyrir janúar og hálfan febrúar 1969, kr. 8.868.75, að viðbættum símakostnaði, kr. 138.00, en að frádregnum innborguðum farmgjöldum, kr. 3.028.35, og einnig að frádregnum endurskoðunarlaunum, kr. 1.000.00, en loks að viðbættum 1% mánaðarvöxtum frá 1. janúar til 1. nóvember s. á., kr. 497.80. Þannig var kominn ágreiningur milli stefnanda og stefnda um stöðvargjöldin. Lögmaður stefnanda skrifaði stefnda bréf þann 9. nóvember 1970 og viðurkenndi móttöku ofangreindrar ávísunar stefnda og tilkynnti stefnda jafnframt, að krafa stefnanda á hendur honum hefði verið lækkuð um kr. 1.000.00 vegna endurskoðunar-

launa stefnda, vextir frá 1. janúar 1970 til 1. október 1970 einnig lækkaðir um kr. 75.00 og innheimtukostnaður einnig lækkaður. Tilkynnti lögmaðurinn og stefnda, að greiðsla stefnda væri „upp í kr. 15.962.65 kröfu" stefnanda á hendur honum og hafi eftirstöðvarnar, kr. 9.411.65, ásamt innheimtulaunum ekki verið greiddar fyrir 16. nóvember 1970, þá verði naumast komizt hjá frekari innheimtuaðferðum. Ekki svaraði stefndi bréfi þessu, og var stefnan í máli þessu birt fyrir honum þann 3. desember 1970, eins og fyrr greinir.

Málsástæður. Stefnandi heldur því fram, að krafa hans um stöðvargjöld fyrir einn og hálfan mánuð til viðbótar þeim tíma, sem stefndi hefur þegar greitt og óumdeilt hafi verið, að stefnandi hafði rétt á, byggist á venju og eðli málsins. Í afgreiðsluaðstöðu stefnda hafi falizt réttur til að geyma vörur á ákveðnum stað í afgreiðsluhúsi stefnanda auk réttar til þjónustu starfsfólks stefnanda við móttöku, vörzlu og afhendingu vara, sem stefndi flutti, auk annarrar fyrirgreiðslu, svo sem afnota af síma, prentaðra gagna og auglýsingafyrirgreiðslu. Sé viðskiptasamband þetta þess eðlis, að hafa megi hliðsjón af leigu á íbúðarhúsnæði í Reykjavík, þar sem krafizt er þriggja mánaða uppsagnarfrests, enda sé nú krafizt sex mánaða uppsagnarfrests á slíkum afgreiðslusamningum hjá stefnanda, og þyki það eðlilegt. Sé krafan um eins og hálfs mánaðar uppsagnarfrest í þessu tilviki mjög hófleg. Stefndi hafi sagt upp hjá stefnanda vegna sérstakra ástæðna, en eins og fram komi í ummælum stefnda sjálfs hér fyrir dóminum, hafi bifreiðarstjóri sá, sem hafði einn flutningana til Ólafsvíkur hjá Vöruflutningamiðstöðinni h/f, verið að hætta og hafi stefndi keypt bílinn af honum og aðstöðu hans hjá Vöruflutningamiðstöðinni h/f.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu þeim rökum, að hann hafi gert upp skuldir sínar að fullu við stjórn stefnanda með greiðslunni, er hann sendi í bréfinu, dags. 30. október 1970, og hafi með þeirri greiðslu verið að hans áliti lokið öllum lögmætum kröfum á hendur honum. Um innheimtukostnað af þessari fjárhæð geti vart verið um að ræða, þar sem stefnanda hafi verið fullkunnugt um, að stefndi var fús til að greiða lögmætan reikning og tafir á greiðslunni hafi orðið vegna þess eingöngu, að stefnandi hélt ætíð fast við þær kröfur, sem stefnt sé hér út af. Segir stefndi engar venjur vera til um uppsagnarskilmála í slíkum tilfellum og engar reglur verið um þetta, þegar hann hætti starfsemi sinni hjá stefnanda. Margir hafi farið á

undan honum og ekki hafi þeir greitt fyrir lengri tíma en þeir voru í afgreiðslu hjá stefnanda. Mótmælir hann því, að eins og hálfs mánaðar uppsagnarfrestur geti byggzt á eðli málsins, heldur bendi eðli þessa viðskiptasambands þvert á móti til þess, að stefnda hafi hvenær sem var verið heimilt að segja upp viðskiptasambandi þessu líkt og gerist í ótal hliðstæðum viðskiptasamböndum, þar sem ýmiss konar þjónusta er seld. Stefndi mótmælir því einnig, að hann sé bundinn að þessu leyti af samþykktinni frá 22. marz 1969, og telur hann, að með vísan til 31. gr. hlutafélagalaga hafi hluthafafundur, en ekki stjórnarfundur, þurft að gera samþykkt þessa, svo bindandi sé fyrir hluthafana. Stefndi leggur einnnig áherzlu á, að full ástæða hafi verið fyrir hann að hætta, þar sem aðstaða öll hjá stefnanda hafi verið svo slæm, en aðstaða öll mun betri hjá Vörufutningamiðstöðinni h/f.

Niðurstaða. Í máli þessu stendur deilan um það, hvort stefndi hafi, er hann sagði upp viðskiptasambandi sínu við stefnanda, verið bundinn af uppsagnarskilmálum varðandi uppsagnarfrest. Ljóst er, að hvorki kvað samningur aðilja á um slíkt né var til um það samþykkt í félaginu, þegar stefndi hætti, enda byggir stefnandi kröfu sína hér fyrir dóminum á því, að venja og eðli þjónustu stefnanda skeri úr um réttmæti kröfunnar. Á þessa skoðun stefnanda verður ekki fallizt. Stefnandi hefur hvorki sýnt fram á, að venja hafi ríkt á þessum tíma um uppsagnarfrest í slíkum viðskiptasamböndum né hitt, að þjónusta sú, sem stefnandi lét í té, hafi verið það mikil, að jafna megi við leigu á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Telur dómurinn því, að eins og viðskiptasambandi aðilja var háttað, verði að telja eðlilegast, að stefndi lyki greiðslutímabili því, sem stóð yfir, þegar hann sagði upp. Þar sem ljóst er, að uppsögn stefnda er gild viku af febrúar 1969, þegar hann tilkynnti framkvæmdastjóra um hana, verður að telja eðlilegt, að stefndi greiði stöðvargjald fyrir þann mánuð allan. Samkvæmt þessu og með vísan til málavaxta allra og sérstakega til bréfaskifta aðilja, áður en til málshöfðunar kom og rakið er hér að ofan, verður stefnda gert að greiða stefnanda stöðvargjald fyrir allan febrúarmánuð 1969, þ. e. kr. 5.912.50 að frádreginni inneign sinni, kr. 2.956.25, eða kr. 2.956.25 ásamt vöxtum frá 1. október 1970 til greiðsludags, sem þykja hæfilega ákveðnir 8% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum þykir dóminum rétt, að málskosnaður falli niður.

Dóminn skipa Garðar Gíslason dómsformaður, Helgi Geirsson kennari og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Marteinn Karlsson, greiði stefnanda, Landflutningum h/f, kr. 2.956.25 með 8% ársvöxtum frá 1. október 1970 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málkostnaður falli niður.

Mánudagurinn 30. október 1970.

Nr. 104/1970. **Kristján Pétursson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sigurði Þ. Guðjónssyni
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
og Sigurður Þ. Guðjónsson
gegn
Kristjáni Péturssyni og
Þvottahúsinu Eimi s/f
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. maí 1970. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. júlí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda, Þvottahúsinu Eimi s/f, verði ó-

skipt dæmt að greiða honum kr. 654.112.10 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Þvottahúsið Eimir s/f, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er hann varðar, og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, og aðaláfrýjandi og Guðmundur Gunnlaugsson hafa gefið skýrslu fyrir dómi.

I.

Kröfur gagnáfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar, á hendur aðaláfrýjanda, Kristjáni Péturssyni.

Svo sem í héraðsdómi greinir, féll gagnáfrýjandi af verkpalli við húsið nr. 4 við Síðumúla í Reykjavík, sem þá var í byggingu, hinn 7. október 1964 og hlaut hann nokkur lemstur. Verkpallur þessi var einkum ætlaður múrurum við störf þeirra. Það er óumdeilt, að aðaláfrýjanda bar skylda til að reisa og ganga tryggilega frá verkpalli þessum. Upp er komið, að pallurinn var ekki fullfrágenginn dag þann, er slysið bar að, og hefur aðaláfrýjadi gefið á því skýringu, sem greind er í héraðsdómi. Gagnáfrýjandi kveðst hafa verið að leggja langbönd á pallinn, er slysið varð, en það atvikaðist með þeim hætti, að því er ætla verður, að þverband, er hann steig á, sporðreistist, og féll hann við það til jarðar milli palls og húsveggjar. Miða verður við það samkvæmt gögnum máls, að engir menn á vegum aðaláfrýjanda hafi verið á vinnustaðnum, þegar gagnáfrýjandi hófst handa um að ganga frá verkpallinum fyrir múrara, er þá höfðu komið þangað til starfa. Óljóst er, hvort þverband það, sem sporðreistist, er gagnáfrýjandi sté á það, hafi verið þar, áður en gagnáfrýjandi tók til við verk sitt um frágang verkpallsins. Stendur í því efni staðhæfing gegn staðhæfingu, svo sem rakið er í héraðsdómi. Samkvæmt 22. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 eiga verkpallar við hús, sem

í smíðum eru, að vera traustir, og var aðaláfrýjandi ábyrgur fyrir því, svo sem hér stendur á. Ekki verður úr því skorið, svo sem sakargögnum er farið, hver lagt hefur þverband það, sem gagnáfrýjandi sté á, en eins og mál þetta er í pottinn búið, þykir þó verða að miða við, að þar hafi verið að verki menn á vegum aðaláfrýjanda. Að hinu ber að hyggja, að gagnáfrýjandi greip hér inn í verk, sem var á starfssviði aðaláfrýjanda og manna hans, og var það óvarlegt af honum, þótt nokkrar starfsnauðsynjar bæru til. Enn ber að líta til þess, að gagnáfrýjandi hafði unnið óslitið við bygginguna nokkurn tíma, áður en slysið varð, og átti hann enda að hafa þar umsjón með verki af hálfu húsbyggjenda, svo sem lýst er í héraðsdómi. Þegar aðdragandi slyss og atferli gagnáfrýjanda er virt, þykir réttmætt að dæma aðaláfrýjanda til að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Páll Sigurðsson læknir mat örorku gagnáfrýjanda hinn 2. marz 1966. Er grundvölllur þess og niðurstaða rakin í héraðsdómi. Læknirinn mat af nýju örorku gagnáfrýjanda af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 25. ágúst 1972, um heilsuhagi gagnáfrýjanda og endurörorkumatið segir svo:

„Um slysið og meðferðina vísast til örorkumats undirritaðs frá 2. marz 1966.

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 15. 8. 1972. Hann skýrir frá því, að undanfarin ár hafi hann unnið við járnsmíði. Hann gat í fyrstu ekki unnið fullan vinnudag eða að staðaldri allt árið, en undanfarið ár hefur hann unnið fulla vinnu. Hann kveðst daglega hafa óþægindi í hægri handlegg og herðablaði og fá verki í háls aftan til. Verkirnir í hálsinum hverfa við hvíld, en óþægindin í hægri handlegg og herðablaði eru nær stöðugt viðloðandi, og stundum kemur dofatilkenning fram í handlegginn í litla fingur og baugfingur. Öll þessi óþægindi aukast við áreynslu. Maðurinn hefur sjálfur fundið, að hann getur haldið þessum óþægindum í skefjum með því að stunda vel æfingar og þjálfun, og stundar hann bæði líkamsæfingar og sund, en hefur ekki þurft að leita í sjúkraleikfimi annað.

Skoðun: Örið yfir hálsliðum er vel gróið, en aukin kyphosa er á mótum háls og brjóstliða og nokkur eymsli þar yfir. Það er góð hreyfing í axlarliðum og ekki eymsli í vöðvum herðablaðs eða handlima.

Röntgenskoðun var gerð á Landakotsspítala 16. 8. '72, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Svæði: Hálsliðir og efstu thoracalliðir.

Hér hefur verið um að ræða brot á VII. cervicallið, þar sem arcus er brotinn og C. VII hefur gengið dál. fram á við miðað við th. 1. Neðstu hálsliðirnir og efstu thoracalliðirnir eru fixeraðir með beinspöng, sem nær frá C.V. og nokkuð niður á efstu thoracalliði. Beinspöngin er ágætlega gróin, og situs á fract. er óbreyttur frá fyrri skoðun. Það er ekki hægt að sýna fram á þrengingu á liðbilum í col. cervicalis.

Niðurstaða: Status post fract. et dislocatio C. VII."

Ályktun: Viðtalsskoðun og röntgenskoðun hafa leitt í ljós, að maðurinn hefur viðloðadi stöðug óþægindi, sem rekja má til vinnuslyssins.

Röntgenskoðun sýnir, að spengingin á hálsliðum hefur haldist mjög vel, og enn hafa ekki komið slitbreytingar í liðina ofan við spenginguna.

Ég tel, að varanleg örorka sé í samræmi við örorkumatið frá 2. marz 1966".

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar tvær áætlanir Þóris Bergssonar tryggingafræðings um atvinnutjón gagnáfrýjanda vegna slysssins. Í fyrri áætluninni, sem er dags. 1. apríl 1972, er verðmæti vinnutekjutapsins reiknað kr. 186. 905.00 vegna tímabundinnar örorku, en kr. 690.618.00 vegna varanlegrar örorku. Síðari áætlunin er dagsett 21. október 1972. Eru samsvarandi tölur þar kr. 186.905.00 og kr. 725.463.00. Í báðum þessum áætlunum er gætt þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, frá því að tryggingafræðingurinn gerði sams konar reikning hinn 6. nóvember 1969, svo sem greint er í héraðsdómi, en að öðru leyti eru forsendur hinar sömu.

Bótakrafa gagnáfrýjanda er sundurliðuð í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum málsins þykir óbætt heildarörorkutjón gagnáfrýjanda hæfilega metið kr. 600.000.00, og hafa þá verið frádregnar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og tekið tillit til greiðslu stefnda. Miskabótakröfu gagnáfrýjanda þykir mega leggja til grundvallar.

Óbætt heildartjón gagnáfrýjanda telst því kr. 700.000.00. (600.000.00+100.000.00). Ber aðaláfrýjanda að bæta honum helming þess, eða kr. 350.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00.

II.

Kröfur gagnáfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar, á hendur stefnda, Þvottahúsinu Eimi s/f.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjandi geti ekki sótt stefnda um fébætur vegna slyss þess, sem um ræðir í málinu. Ber því að sýkna stefnda af kröfum gagnáfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti í máli þeirra í milli falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Þvottahúsið Eimir s/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þeirra í milli fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Kristján Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Þ. Guðjónssyni, kr. 350.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 98.250.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

I.

Í málinu er ekki sannað, hver eða hverjir lagt hafi þverband það, sem sporðreistist og orsakaði fall gagnáfrýjanda af vinnupallinum.

Gagnáfrýjandi, sem er iðnlærður járnsmiður, var í þjónustu stefnda, Þvottahússins Eimis s/f, og laut á engan hátt verkstjórn aðláfrýjanda. Hefur hann lýst því, að störf hans við bygginguna hafi verið umsjónarstörf. Hann hafi þó gripið í ýmis störf nema trésmíði. Samkomulag hafi þó verið um, að hann ynni við að rífa steypumót og hreinsa notað timbur. Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi tekið það upp hjá sjálfum sér án fyrirmæla frá öðrum að hefja vinnu við vinnupalllana, þegar slysið varð, og það hafi verið utan starfssviðs hans. Þegar þessa er gætt og haft í huga, hve kunnugur gagnáfrýjandi var þarna á vinnustaðnum, verður að meta honum það til slíkrar óvarkárni og gáleysis að hefja vinnu við pallana, að hann geti eigi krafið aðaláfrýjanda um bætur vegna tjóns þess, er hann hefur beðið af umræddu slysi. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður þeirra í millum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

II.

Fyrirsvarsmenn stefnda, Þvottahússins Eimis s/f, höfðu ráðið gagnáfrýjanda til að hafa umsjón með byggingu hússins, en honum var eigi ætlað sérstakt starfssvið. Eins og áður getur, hóf gagnáfrýjandi vinnu við umræddan vinnupall án nokkurra fyrirmæla frá þeim, og þeir höfðu engin afskipti haft af gerð vinnupallsins. Stefndi ber því eigi ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda vegna slyss þessa. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er stefnda

varðar, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kristján Pétursson, og stefndi, Þvottahúsið Eimir s/f, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. f. m., hefur Sigurður Þ. Guðjónsson, Grettisgötu 32 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 18. janúar 1968, á hendur Þvottahúsinu Eimi s/f og Kristjáni Péturssyni húsasmíðameistara, Safamýri 95 hér í borg.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 654.112.10 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Kristjáns eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Þvottahússins Eimis s/f eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að það verði sýknað af kröfum stefnanda og því dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1964 var unnið að byggingu hússins nr. 4 við Síðumúla hér í borg, en það er eign stefnda Þvottahússins Eimis s/f. Hafði stefnandi verið ráðinn af fyrirsvarsmönnum þvottahússins til að vinna við byggingu hússins. Er stefnandi var við störf við húsið 7. október 1964, vildi það til, að hann féll niður af vinnupalli og hlaut af því slíka áverka, er leidddu til þess, að honum var metin varanleg örorka af völdum slyssins. Trésmíðameistari við byggingu hússins var stefndi Kristján, og hafði hann keypt ábyrgðartrygggingu hjá Almennum tryggingum h/f hér í borg. Þvottahúsið Eimir s/f hafði einnnig keypt ábyrgðartryggingu hjá Samvinnutryggingum vegna byggingarvinnu við húsið á tímabilinu 24. ágúst 1964

til 24. nóvember sama ár. Hefur stefnandi stefnt greindum tryggingafélögum til réttargæzlu í málinu, en á hendur þeim eru engar sérstakar kröfur gerðar. Af hálfu réttargæzlustefndu eru og engar kröfur gerðar í málinu.

Rannsóknarlögreglunni í Reykjavík var þegar í stað tilkynnt um slysið, og Njörður Snæhólm varðstjóri kom þá þegar á vettvang, tók skýrslur af starfsmönnum við bygginguna og kynnti sér aðstæður. Um aðstæður á vettvangi segir svo í skýrslu hans: „Síðumúli 4 er steinsteypt hús í byggingu. Búið er að steypa það upp og byrjað að rappa norðurhlið þess. Vinnupallar voru við norðurhliðina og N.V. hlið, þrír fullklæddir, en verið var að setja þann fjórða upp, eða verið að klæða hann." Síðan segir svo í skýrslunni: „Fall þetta mun hafa verið um 7 metrar, en sæmilega mjúkur jarðvegur var undir. Vinnupallarnir voru 47 cm frá veggnum. Búið var að setja 4" þverbönd á efsta pallinn og búið að negla þau öll að undanteknum tveimur næst miðju norðan frá, en á annað þeirra hefur maðurinn stigið innan við þverslána (sic), því það band var sporreist."

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið ráðinn til starfa við byggingu hússins af fyrirsvarsmönnum Þvottahússins Eimis og byrjað að vinna þar hinn 1. ágúst 1964. Ekki kveðst hann hafa verið ráðinn til neinna fastákveðinna starfa, heldur hafi hann verið ráðinn til að reyna að drífa verkið áfram á hvaða hátt sem var. Kveður hann störf sín hafa verið umsjónarstörf. Hann kveðst þó hafa gripið inn í ýmislegt, einkum vinnu við múrhúðun og kveðst m. a. hafa aðstoðað við handlöngun. Ekki kveðst stefnandi hafa unnið neitt við trésmíði. Fyrir störf sín kveðst stefnandi hafa fengið kaup greitt frá stefnda Þvottahúsinu Eimi s/f. Stefnandi kveður stefnda Kristjáni hafa verið kunnugt um, að hann hefði verið ráðinn til þeirra starfa, sem hann hefur frá skýrt. Ekki kveður hann það hafa verið sérstaklega rætt milli sín og stefnda Kristjáns, hvert starfssvið sitt skyldi vera eða hvort það skyldi á einhvern hátt takmarkað, en stefnandi kveður samkomulag hafa verið um það með þeim Kristjáni, að hann, þ. e. stefnandi, sæi um mótafráslátt og sæi um hreinsun á því timbri, þannig að það væri tilbúið til notkunar á ný. Er umræddur atburður varð, kveðst stefnandi hafa unnið við að ganga frá fjórða, þ. e. efsta palli vinnupalla þeirra, sem reistir hafi verið við húsið. Hann kveður vinnupallana hafa verið reista að mestu leyti um hálf-

um mánuði áður en slysið varð og hafi smiðir frá stefnda Kristjáni unnið við það verk. Ekki kveðst stefnandi sjálfur hafa unnið við það. Stefnandi kveður síðan einn smið hafa komið tveimur dögum áður en slysið varð og kveður hann hafa unnið eitthvað við pallana, en síðan hafi hann verið tekinn frá því verki. Stefnandi kveður ekki hafa verið lokið við smíði vinnupallsins vegna þess, að stefndi Kristján hafi þurft að nota starfsmenn sína til vinnu annars staðar. Ekki kveður stefnandi hafa skort efni til verksins. Stefnandi kveðst að minnsta kosti tvisvar fyrir þann dag, er slysið varð, hafa verið búinn að biðja stefnda Kristján um að ljúka við vinnupallana, til þess að ekki stæði á þeim, þegar múrararnir þyrftu á þeim að halda. Umræddan dag kveður stefnandi múrarana hafa verið komna til að rappa húsið að utan og hafi þeir verið komnir að þessum stað. Hann kveður smiðinn ekki hafa verið að vinna við húsið umræddan dag og kveður stefnda Kristján heldur ekki hafa verið við húsið þennan dag. Stefnandi kveðst því þá hafa hugsað sér að ganga frá vinnupallinum, til þess að múrararnir gætu lokið við að rappa þennan dag. Hann kveður þverbönd efsta pallsins hafa verið komin á sinn stað, að minnsta kosti flest þeirra og kveðst hafa gengið út frá því, að þau væru öll negld, en ekki kveðst hann hafa kynnt sér það sérstaklega. Hann kveðst nú hafa ætlað að leggja borð langsum ofan á þverböndin. Kveðst hann hafa fleygt borðum upp á pallinn og kveðst síðan hafa farið upp á hann, tekið borðin upp og ætlað að ganga með þau vestur á pallinn eftir þverböndunum. Stefnandi kveðst nú ekki muna meira eftir sér, fyrr en hann hafi rankað við sér liggjandi á jörðinni undir neðsta pallinum. Hann kveðst því ekki hafa hugmynd um, hvernig á því stóð, að hann féll niður. Kvaðst hann því ekki muna, hvort hann hafi stigið á borðenda fyrir innan vinnupallinn eða hvort hann hafi fallið niður á milli, en kveður sér hafa verið sagt, að hann hafi stigið á borðenda, sem stóð inn fyrir pallinn. Ekki kveðst stefnandi sjálfur hafa sett neitt af þverböndunum á efsta pall vinnupallsins og kveður sér ekki kunnugt um, hver hafi gert það, en kveðst telja, að einhver af smiðum stefnda Kristjáns hafi gert það. Ekki kveðst stefnandi geta sagt örugglega um, hvenær þessi þverbönd hafi verið sett á efsta pallinn. Ekki kveðst stefnandi hafa tekið ákvörðun um það, að ekki skyldi þegar lokið við efsta pall vinnupallsins, er vinnupallarnir voru reistir. Kveðst hann þvert á

móti hafa verið að rekast í því við stefnda Kristján, að hann léti ljúka við vinnupallana. Ekki kveður stefnandi sér hafa verið kunnugt um, að efsti pallurinn hafi átt að bíða, þar til lokið hefði verið við að setja gler í glugga hússins þarna. Hann kveðst ekki muna það gerla, hvort farið hafi verið að vinna við glerísetningu, þegar slysið varð. Ekki kveðst stefnandi hafa haft samráð við neinn, áður en hann fór upp á pallinn til að ljúka við hann, enda hafi hann verið ráðinn til þess að grípa inn í alls konar störf.

Stefndi Kristján Pétursson, sem var ábyrgur trésmíðameistari við smíði hússins nr. 4 við Síðumúla, hefur skýrt svo frá, að hann hafi sem slíkur stjórnað trésmíðavinnu við það. Kristján kveður sér hafa verið kunnugt um það, að eigendur Þvottahússins Eimis hafi ráðið tvo menn til að starfa við byggingu hússins og hafi annar þeirra verið stefnandi mál þessa. Kveðst Kristján hafa sagt eigendum þvottahússins það, að þessir menn störfuðu ekki á sínum vegum og að þeir yrðu því að tryggja þá sérstaklega. Kristján kveður menn þessa ekkert hafa starfað á sínum vegum. Hann kveður stefnanda eitthvað lítils háttar hafa unnið við útréttingar, en annars muni hann aðallega hafa starfað við múrverk, eftir að búið var að steypa húsið upp. Stefndi Kristján kveður stefnanda enga trésmíðavinnu hafa unnið við húsið, á meðan hann, þ. e. Kristján, var við húsið, þ. e. fram að þeim tíma, er hann skilaði því fokheldu og múrhúðuðu að utan. Hins vegar kveður Kristján stefnanda hafa unnið við frágang hússins, eftir að það var fokhelt, og muni þá hafa gripið til einhverrar vinnu, sem telja megi til trésmíðavinnu. Ekki kveðst Kristján muna að gera grein fyrir því, hvenær vinnupallarnir við húsið hafi verið reistir. Hann kveður hringt hafa verið í sig sama daginn og slysið varð, að því er hann minnir, frekar en kvöldið áður. Kveður hann, að sér hafi þá verið sagt, að múrararnir væru að koma. Hann kveður smíði vinnupallanna þá ekki alveg hafa verið lokið og kveðst því þá hafa sent einn smið, Björn Eiðsson, til að ganga frá þeim. Kristján kveðst hafa komið að húsinu fyrir hádegi þennan sama dag. Hann kveðst svo hafa komið að húsinu síðar um daginn eftir slysið. Hann kveðst ekki hafa farið upp á vinnupallana. Hann kveður Björn smið þá hafa verið búinn að ganga frá þeim.

Guðmundur Gunnlaugsson, annar af eigendum Þvottahússins Eimis s/f, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi verið ráð-

inn af fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins til að sjá um byggingarframkvæmdir og vinna við bygginguna Síðumúla 4, svo að verkið gengi snuðrulaust og fljótt fyrir sig. Guðmundur kveðst ekki hafa verið staddur við bygginguna, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa haft nein afskipti af vinnutilhögun við byggingu hússins, enda hafi það verið algerlega meistaranna að sjá um það. Ekki kveðst Guðmundur heldur hafa séð um efniskaup. Hann kveðst aðeins hafa séð um greiðslur. Ekki kveðst Guðmundur muna, hversu löngu fyrir slysið vinnupallarnir hafi verið reistir við húsið í þeirri mynd, sem þeir voru, er slysið varð. Ekki kveðst Guðmundur þora að fullyrða, hvort hann hafi sjálfur óskað eftir því við Kristján Pétursson, að lokið yrði við vinnupallana, áður en múrararnir kæmu, en hann kveðst þó telja sennilegt, að hann hafi gert það.

Vitnið Björn Eiðsson trésmiður var starfsmaður stefnda Kristjáns á þeim tíma, er umrætt slys varð. Kveðst Björn allt fram á dag þann, er slysið varð, hafa unnið við byggingu hússins, m. a. við mótauppslátt, og einnig kveðst hann hafa unnið við að reisa vinnupalla þá, er við húsið voru. Björn kveður það muni láta nærri, að vinnupallarnir hafi verið reistir um hálfum mánuði áður en slysið varð. Hann kveður þó ekki hafa verið gengið frá efsta vinnupallinum, um leið og pallarnir voru reistir, þar sem sá pallur hafi ekki verið í fullri hæð og hafi því verið til trafala við ísetningu glers í glugga. Kveður Björn þannig hafa verið gengið frá efsta pallinum, þ. e. fjórða pallinum, að langböndin hafi verið sett upp, en engin þverbönd og þar af leiðandi ekkert af langborðum ofan á þau. Björn kveður efsta pallinn eingöngu hafa átt að vera fyrir múrarana við múrhúðun hússins og hafi orðið að samráði trésmiða þeirra, er verkið unnu, að ekki yrði gengið frá efsta pallinum, fyrr en um leið og múrararnir kæmu. Björn kveðst halda, að stefndi Kristján hafi ekki gefið fyrirmæli um þetta, en hann kveður hann hafa vitað um þetta. Björn kveður stefnanda örugglega hafa vitað, að þessi háttur var hafður á með efsta pallinn. Dag þann, er slysið varð, kveðst Björn hafa unnið við undirbúning á því að setja gler í glugga hússins. Eftir kaffi þennan dag kveðst hann hafa farið niður í bæ til þess að sækja saum, sem hann hafi þurft að nota við glerísetninguna. Á meðan hann var í burtu, kveður hann múrarana svo hafa komið. Kveðst Björn því ekki hafa verið viðstaddur, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa séð stefnanda vinna

umrætt verk við efsta pallinn. Kveður hann stefnanda ekki hafa verið byrjaðan á þessu verki, er hann fór niður í bæ, og kveður hann slysið hafa orðið, á meðan hann var í burtu. Ekki kveður Björn stefnanda hafa haft samráð við sig, áður en hann fór að vinna við efsta pallinn. Björn kveður ekkert af þverböndunum hafa verið komin á efsta pallinn, er stefnandi hóf að vinna við hann umræddan dag, og telur, að þau hljóti að hafa verið sett á, á meðan hann, þ. e. Björn, var fjarverandi. Björn kveðst hafa vitað, að múrararnir væru væntanlegir einhvern tíma þessa dagana, en kveðst ekki hafa vitað, að þeir mundu koma dag þann, er slysið varð. Ekki kveðst Björn hafa fengið fyrirmæli um það frá stefnda Kristjáni umræddan dag, áður en slysið varð, að ljúka við smíði efsta pallsins á vinnupallinum. En hann kveðst hafa átt að ljúka við efsta pallinn, þegar þess gerðist þörf, og kveðst hafa haft fyrirmæli frá Kristjáni um það. Eftir að hann kom á vettvang eftir slysið, kveðst Björn strax hafa farið að vinna við að ganga frá efsta pallinum. Hann kveður þverbönd þau, sem komin voru, ekki hafa öll verið negld og muni eitt eða tvö þeirra hafa verið laus. Kveðst hann síðan hafa gengið frá efsta pallinum. Björn kveðst munu hafa verið búinn að vinna umræddan dag við húsið frá því um kl. 0730 um morguninn. Hann kveðst ekki muna betur en stefnandi hafi verið þarna við húsið og þeir hafi sézt. Björn kveðst ekki hafa séð múrarana fyrr en eftir slysið, þeir hafi komið, á meðan hann fór niður í bæ.

Vitnið Þorsteinn Hannesson hefur skýrt svo frá, að hann hafi sem lærlingur í trésmíðaiðn unnið á vegum stefnda Kristjáns að smíði þriggja neðri palla vinnupallsins við norðurhlið hússins, en hann kveðst ekki minnast þess að hafa neitt unnið við smíði efsta pallsins.

Vitnið Heiðar Elimarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi unnið að smíði þriggja neðri palla vinnupallsins við norðurhlið hússins og verið geti, að hann hafi unnið við langböndin undir fjórða pallinn, en hann kveðst öruggur um, að hann hafi hvorki unnið við þverböndin á þeim palli né gólfið (dekkið) á þeim palli. Heiðar kveðst hafa unnið að þessari smíði vinnupallsins ásamt Þorsteini Hannessyni og kveður ekki aðra hafa unnið að henni. Ekki kveðst Heiðar minnast neinna sérstakra fyrirmæla í sambandi við fjórða pallinn.

Vitnið Sigurgestur Ingvarsson múrari starfaði við múrhúðun umrædds húss. Það kveður múrarana ekki hafa starfað við

húsið fyrr en þann dag, er sysið varð. Vitnið kveður múrarana hafa hitt stefnanda, er þeir komu til vinnu við húsið um morguninn, og kveður hann hafa gengið með þeim um húsið og sýnt þeim það. Á þeirri ferð kveðst vitnið hafa litið á vinnupallana og kveður sér hafa virzt ástand þeirra gott, nema að efsti pallurinn, þ. e. fjórði pallurinn, hafi verið í smíðum. Vitnið kveður sér hafa virzt þverböndin klár, en „dekkið" hafi vantað að einhverju eða öllu leyti. Ekki kveðst vitnið hafa reynt þverböndin. Vitnið kveður slysið hafa orðið síðari hluta dags. Það kveður þá múrarana hafa verið búna að rappa norðvesturgaflinn að einhverju leyti. Það kveður pallana við gaflinn aðeins hafa verið þrjá, sökum þess að þaki hússins halli inn að lóðinni og því hafi ekki verið talin þörf á að hafa fjórða pallinn þar. Vitnið kveðst hafa verið statt uppi á þriðja pallinum við gaflinn úti við enda hans og við endann á fjórða pallinum meðfram norðausturhliðinni og hafi sá pallur náð því á að gizka í mitt læri. Kveðst vitnið því hafa séð út eftir þeim palli. Vitnið kveður ekki hafa verið búið að ganga frá þeim palli og kveðst hafa talið, að stefnandi væri að vinna við það. Vitnið kveður slysið hafa orðið með þeim hætti, að stefnandi, sem muni hafa verið með borð í höndum, hafi stigið með hægri fæti á þverborð, sem hafi sporðreistst, og við það hafi stefnandi misst jafnvægið og fallið niður á milli pallsins og hússins og lent með höfuð og herðar á gluggakistu efsta gluggans, en síðan hafi hann fallið til jarðar. Vitnið kveður stefnanda hafa snúið baki í sig, þegar þetta varð. Eftir slysið kveðst vitnið hafa séð, að þverband það, sem stefnandi hafði stigið á, hafi verið óneglt í ytri endann, en ekki kveðst það muna, hvort það athugaði, hvort borðið var neglt í hinn endann. Vitnið kveður þannig munu hafa staðið á, er þeir múrararnir komu að húsinu, að það hafi verið kaffitími. Það kveðst ekki muna betur en það hafi séð smið þarna við húsið, sem það taldi vera á vegum stefnda Kristjáns, en smiðurinn muni hafa ekið á brott um það leyti. Kveðst vitnið ekki þora að segja um það, hvort það hafi séð mann þennan aftur þann dag.

Vitnið Júlíus Hinriksson, sem er múrari að atvinnu, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að vinna við umrætt hús dag þann, er slysið varð, og hafi það verið fyrsti dagurinn, sem það vann þar. Er í ljós kom, að ekki var búið að ljúka við efsta pall vinnupallsins, þegar þeir múrararnir komu til vinnu sinnar um morguninn, kveður vitnið stefnanda hafa tekið að

sér að sjá um, að því verki yrði lokið. Hafi stefnandi síðan farið að sinna því að ljúka við efsta pallinn. Vitnið kveðst ekki muna að greina frá því, í hvaða ástandi efsti pallurinn var, er þeir múrararnir komu að húsinu. Vitnið kveður þá múrarana hafa þurft að nota efsta pallinn þá um daginn, því að þeir hafi ætlað að ljúka við að rappa húsið. Vitnið kveðst hafa byrjað að vinna neðar á vinnupallinum, þar sem vinnupallarnir ofar hafi ekki verið tilbúnir.

Vitnið Hörður Eiríksson kveður stefnanda hafa ráðið sig til starfa við byggingu umræddds húss og kveður þá hafa starfað saman. Kveður vitnið starf sitt hafa verið fólgið í því að einangra og múrhúða húsið, en einnig kveðst vitnið hafa unnið við að hreinsa timbur, sem til hafi fallið og húseigandi hafi átt að sjá um. Vitnið kveður stefnanda hafa sagt sér fyrir verkum. Er slysið varð, kveðst vitnið hafa verið statt á efri hæð hússins og verið að hræra steypu fyrir múrarana. Kveðst vitnið þá hafa heyrt skruðning og séð, er stefnandi féll fram hjá glugganum á annarri hæð. Vitnið kveður staðið hafa á að ganga frá efsta vinnupallinum fyrir múrarana, sem komnir voru til starfa. Kveður vitnið sig minna, að þverböndin í efsta pallinum hafi verið komin og að átt hafi eftir að setja gólf á efsta pallinn og að stefnandi hafi verið að vinna við það. Vitnið kveður stefnanda ekki munu hafa unnið annað við vinnupallana en það, sem hann vann við gólfið á efsta pallinum, er slysið varð. Sjálft kveðst vitnið ekki hafa unnið annað við vinnupallana en það, að það hafi um morguninn dag þann, er slysið varð, lagt nokkur borð í glugga á efri hæðinni, til þess að stefnandi gæti náð í þau, og hafi borð þessi verið í gólfið. Vitnið kveður sig minna, að það hafi séð Björn Eiðsson koma að húsinu um morguninn og fara síðan aftur, og kveðst muna örugglega, að Björn hafi ekki verið við húsið, er slysið varð. Eftir slysið kveðst vitnið hafa farið með stefnanda í slysavarðstofuna og síðan í sjúkrahús, en það kom aftur á vinnustaðinn, og kveður það Björn Eiðsson þá hafa verið kominn þangað.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Kristjáni er byggð á því, að orsök slyssins hafi verið óforsvaranlegur frágangur á efsta, þ. e. fjórða, palli vinnupallsins við húsið. Starfsmenn stefnda Kristjáns hafi reist vinnupallana við húsið, en ekki hafi verið lokið við þá þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stefnanda. Hafi þeir verið búnir að setja þverböndin á þennan efsta pall að nokkru leyti, en hafi ekki verið búnir að festa nokkur þeirra. Er stefn-

andi, sem unnið hafi við húsið með fullri vitund og með samþykki stefnda Kristjáns, hafi ætlað að leggja langbönd ofan á þverböndin á efsta pallinum, sem hann hafi reiknað með, að væru negld, eins og eðlilegt hafi verið, að hann gerði miðað við allar aðstæður, hafi hann stigið á eitt hinna lausu þverbanda, sem hafi sporðreistst, og hafi stefnandi þá fallið til jarðar. Er því haldið fram, að sem ábyrgur trésmíðameistari beri stefndi Kristján ábyrgð á þeim óforsvaranlega frágangi efsta pallsins að skilja nokkur þverbönd eftir ónegld, og því beri hann fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum slyssins.

Krafa stefnanda á hendur Þvottahússins Eimis s/f er byggð á því í fyrsta lagi, að stefndi Kristján hafi unnið fyrir þvottahúsið, en í öðru lagi, að þar sem hér hafi verið um að ræða hættulega vinnu, þá beri þvottahúsið ábyrgð á slysinu samkvæmt reglu íslenzks skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitenda á starfsmönnum sínum.

Sýknukrafa stefnda Kristjáns er byggð á því, að stefnandi, sem ekki hafi verið í vinnu hjá honum, hafi tekið það upp hjá sjálfum sér algerlega óbeðinn og án fyrirmæla stefnda Kristjáns að fara að vinna við smíði vinnupallana við húsið. Því geti stefnandi ekki átt kröfu á hendur stefnda Kristjáni vegna slyss þess, sem hann varð fyrir.

Sýknukrafa stefnda Þvottahússins Eimis s/f er í fyrsta lagi byggð á því, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, sé því algerlega óviðkomandi, og varði það því eigi bótaskyldu. Fyrirsvarsmenn þvottahússins hafi ráðið tvo algerlega sjálfstæða byggingameistara sem verktaka við byggingu hússins. Hafi fyrirsvarsmenn þvottahússins enga íhlutun gert um tilhögun verksins og ef það hafi að einhverju leyti farið úrhendis, þá sé það mál byggingameistara þessara, en þvottahúsinu óviðkomandi og skipti í því sambandi engu máli, þótt fyrirsvarsmenn þvottahússins hafi ráðið stefnanda til vinnu. Ef svo yrði litið á, að ábyrgð þvottahússins Eimis gagnvart stefnanda kunni að vera fyrir hendi, sökum þess að fyrirsvarsmenn þess hafi ráðið stefnanda til starfa við byggingarframkvæmdirnar, þá er sýknukrafa á því byggð, að stefnandi hafi verið svo sjálfstæður starfsmaður, að ábyrgð þvottahússins komi eigi til. Er á það bent í þessu sambandi, að stefnandi hafi verið ráðinn til umsjónarstarfa við byggingu hússins og hafi starfssvið hans verið miklu víðtækara en almenns starfsmanns. Stefnandi hafi

verið trúnaðarmaður Þvottahússins Eimis s/f á vinnustaðnum og hafi átt að gæta hagsmuna þess og rasa í engu um ráð fram. Er því haldið fram, að stefnanda hafi orðið á hrapalleg mistök, er hann óbeðinn og án samráðs við fyrirsvarsmenn þvottahússins eða aðra hafi farið að blanda sér í verk algerlega utan starfssviðs hans með því að hefjast handa um að halda áfram smíði efsta palls vinnupallanna, þar sem starfsmenn stefnda Kristjáns höfðu frá horfið. Þetta hafi stefnandi gert án þess að kynna sér, hverju langt var komið frágangi við efsta pallinn. Er því haldið fram, að af framangreindri réttarstöðu stefnanda og mistökum hans leiði, að hann geti ekki gert Þvottahúsið Eimi s/f að neinu leyti ábyrgt fyrir tjóni sínu. Fari svo, að Þvottahúsið Eimir s/f verði talið bera ábyrgð á tjóni stefnanda ástamt stefnda Kristjáni, þá er því haldið fram, að atvik að slysinu hafi verið slík, að þar sé að engu leyti við fyrirsvarsmenn þvottahússins að sakast, heldur eingöngu við stefnda Kristján eða starfsmenn hans að því leyti, sem sök stefnanda sjálfs kemur ekki til. Varakrafa stefnda Þvottahússins Eimis s/f er byggð á því, að stefnandi hljóti sjálfur að bera verulegan hluta af tjóni sínu vegna gálauslegs framferðis síns, en einnig er því haldið fram, að tjón stefnanda sé að verulegu leyti minna en stefnufjárhæðinni nemur.

Öryggiseftirliti ríkisins var tilkynnt um slysið. Er umsögn eftirlitsmanns stofnunarinnar, Friðgeirs Grímssonar, svohljóðandi:

„Hús það, sem slysið varð við, er í smíðum og tveggja hæða. Fjögur verkpallsgólf voru þar við norðurhlið hússins, og var slasaði að sögn að starfa við að leggja fjalir í efsta gólfið. Þar á móts við er stór gluggi, þó óglerjaður. Stoðir voru ca. 30 cm frá vegg, og virðist mér það heldur mikið (Æskilegt max. 25 cm, þótt múrverk sé þar framkvæmt). Á móts við glugga eða önnur op í vegg þarf, að mínu áliti, verkpallsgólfið að ná alveg á móts við vegg til að fyrirbyggja fall manna lengra niður en inn á næstu hæð hússins. Þar eð slasaði, að sögn, mun hafa stigið á „falskan enda“ (lausa fjöl), tel ég það vera hans yfirsjón við uppsetningu pallgólfsins.“

Með hliðsjón af framburði vitnisins Sigurgests Ingvarssonar og skýrslu Njarðar Snæhólms varðstjóra um ummerki á slysstaðnum þykir mega leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að slysið hafi orðið með þeim hætti, sem haldið er fram af hálfu stefnanda. Stefndi Kristján var ábyrgur trésmíðameist-

ari við byggingu umræddds húss, og féll það undir starfssvið hans að láta reisa vinnupalla við það og hafa eftirlit með því, að frá þeim væri gengið á forsvaranlegan hátt. Þeir starfsmenn stefnda Kristjáns, sem unnu að smíði neðri palla vinnupallanna, hafa lýst því yfir, að þeir hafi ekki sett upp þverböndin fyrir efsta pallinn. Stefnandi hefur neitað því að hafa sjálfur sett upp þverböndin. Það var óforsvaranlegur frágangur að festa þverbönd efsta pallsins ekki betur en gert var, og verður orsök slyssins m. a. rakin til þess vanbúnaðar. Það þykir verða að leggja á stefnda Kristján sönnunarbyrði um það, að þverböndin fyrir efsta pallinn hafi verið sett upp af mönnum, sem hann bar ekki ábyrgð á, og við þær aðstæður, að hann beri ekki ábyrgð á framkvæmd verksins. Að þessu hafa ekki verið færðar sönnur af hálfu stefnda Kristjáns. Verður því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda felld á hann. Þótt stefnandi hafi verið ráðinn af fyrirsvarsmönnum Þvottahússins Eimis s/f til starfa, sem í eðli sínu voru umsjónarstörf, og þótt hann hafi gripið í að sinna ýmsum öðrum störfum, eins og hann hefur skýrt frá, þá verður að telja ósannað, að honum hafi verið falið að vinna verk, sem féllu beint undir starfssvið iðnaðarmanna, svo sem frágang vinnupalla, eins og hér er fjallað um. Eigi verður fallizt á það með stefnanda, að störf þau, sem hann var ráðinn til að vinna, verði almennt talin hættuleg. Fyrirsvarsmenn Þvottahússins Eimis s/f höfðu ráðið stefnda Kristján sem ábyrgan trésmíðameistara til að sjá um byggingu hússins, og féll það undir starfssvið hans að sjá um smíði vinnupalla við húsið og sjá um að hafa eftirlit með því, að frá þeim væri gengið á forsvaranlegan hátt, eins og áður er rakið. Verður að telja, að stefndi Kristján hafi verið svo sjálfstæður framkvæmdaaðili gagnvart Þvottahúsinu Eimi s/f, að það beri ekki fébótaábyrgð á tjóni, sem orðið hefur vegna mistaka stefnda Kristjáns eða starfsmanna hans samkvæmt reglu íslenzks réttar um fébótaábyrgð vinnuveitanda á tjóni, sem starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi. Þykir því verða að sýkna Þvottahúsið Eimi s/f af kröfum stefnanda í máli þessu. Stefnandi ætlaði sjálfur að framkvæma starf, sem féll undir starfssvið trésmiða og varðandi öryggi þeirra, sem nota áttu vinnupallinn. Stefnandi sýndi mikla óaðgæzlu, er hann fór út á þverböndin án þess að aðgæta, hvort þau væru negld, gekk eftir þeim og steig síðan á enda eins þeirra með þeim afleiðingum, sem raun varð á. Þykir stefnandi því verða að bera

tjón sitt að verulegu leyti sjálfur. Eftir öllum atvikum þykir rétt að skipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda þannig, að stefndi Kristján bæti 2/3 hluta þess, en stefnandi beri sjálfur 1/3 hluta þess.

Verður nú afstaða tekin til fjárkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón	kr. 685.191.00		
að frádregnum dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins	— 47.632.90		
og að frádreginni eingreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins	— 79.546.90		
	Kr. 558.012.00		
Frá þessari fjárhæð dregst kaup það, sem stefndi Þvottahúsið Eimir s/f hefur greitt stefnanda	— 3.900.00	kr. 554.112.10	
2. Miskabætur		— 100.000.00	
		Kr. 654.112.10	

Um 1.

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í mati læknisins, dags. hinn 2. marz 1966, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Slasaði var fluttur til Slysavarðstofunnar, en síðan á Landakotsspítala, þar sem hann dvaldist frá slysdegi til 15/2 1965.

Það liggur fyrir vottorð dr. med. Bjarna Jónssonar vegna legu og meðferðar sjúklings á Landakoti, og er það vottorð svohljóðandi:

„Sigurður Guðjónsson, Grettisgötu 32, f. 11. 6. 1927, kom hingað í spítalann þ. 7. 10. 1964. Hann hafði hrapað af vinnupalli við IV. hæð á húsi, þar sem hann var að störfum. Var hann fluttur í Slysavarðstofuna og þaðan hingað.

Við komu hingað er sjúklingur með fulla meðvitund, hann er ekki lostinn, en þjáður. Hann svarar skýrt og er áttaður á stað og stund. Hann kvartar um verki í herðum, og leggur verkina fram báða handleggi og fram í alla fingurgóma. Hann

getur ekki lyft höfðinu, en segist ekki hafa höfuðverk. Það er skinnspretta á hægra eyra, en blæðir ekki úr vitum. Hrufl er h. megin á höfði, og er sjúkl. aumur þar. Brjósthol er eðlilega lagað, hreyfist jafnt við öndun. Hlustun á lungum er eðlileg. Hlustun á hjarta er eðlileg, púls 70/mín., blóðþr. 140/90. Kviður er mjúkur og eymslalaus, ekki finnast þar fyrirferðarauknigar eða deyfur. Sjúkl. er mjög aumur ofan til á hægri öxl, en hreyfingar í axlarliðnum eru ekki hindraðar. Sinaviðbrögð eru eðlileg. Á h. læri ofan til er lófastórt hrufl, ganglimir eru annars eðlilegir, sinaviðbrögð eðlileg og jöfn beggja vegna. Við röntgenskoðun var ekki hægt að sjá með vissu brot á hálsliðum, en þó var grunur um að VI. hálsliður væri svolítið laskaður.

Líðan sjúklings batnaði við rúmlegu, en þó eimdi eftir af verkjum í handleggjum og sérstaklega þeim hægri, og röntgenskoðun þ. 27. 11. sýndi, svo að ekki varð um villzt, að neðsti hálsliður hafði hnikast svolítið fram á við, en sjúkl. var þá orðinn óþægindalaus. Hann var látinn liggja enn um hríð í þeirri von, að liðirnir gætu gróið fastir í þessari stellingu, en röntgenskoðun þ. 9. 12. sýndi, að neðsti hálsliður hafði enn hnikast fram á við, og var þá sýnt, að ekki var þorandi að láta hér við sitja. Þ. 15.12. var því gerð aðgerð á hálsi sjúkl. og festur hryggurinn frá V. hálslið niður á efsta brjóstlið að báðum meðtöldum. Sjúkl. heilsaðist vel, greri með eðlilegum hætti, og þegar hann fór þ. 15. 2. 1965, var hann óþægindalaus og hafði þá haft vaxandi fótavist undanfarna daga. Röntgenskoðun sýndi þá, að festingin á hálsliðum var ágæt og órofin, enda hafði neðsti hálsliður ekki gengið frekar fram.

Ég sá þennan sjúkl. síðast 13. 12. 1965. Hann sagðist þá vera að verða óþægindalaus. Það eru fullar og eðlilegar hreyfingar í báðum efri útlimum og engin einkenni um skemmdir á taugum. Vel gróið ör yfir neðstu háls- og efstu brjóstliðum. Sjúkl. sagðist þá vera að byrja á vinnu sinni.

Hér er um að ræða 38 ára gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína í október 1964, brotnuðu neðstu hálsliðir og þrýsti þar að taugarótum. Gera þurfti skurðaðgerð á sjúkl. til þess að græða liðina saman."

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum 21/9 1965. Hann skýrir frá slysinu og meðferðinni, eins og lýst hefur verið hér að framan. Hann var þá í æfingameðferð á Æfingastöð fatlaðra og lamaðra og kvartaði aðallega um stirðleika í hálsi og verki í hægra

herðablaði. Slasaði kom til viðtals að nýju hinn 2/3 1966. Hann kveðst hafa byrjað vinnu í byrjun janúar og vinni nú létta vinnu í sama fagi og áður.

Hann kvartar eins og áður um verki í hægra herðablaði og dofa, sem leggi fram í hægri hönd litla fingursmegin, en hann kveður stirðleika þann, er hann hafði í hálsi áður, hafa horfið að mestu og hann hafi engin óþægindi í hálsinum. Hann kveður verkinn undir hægra herðablaði há sér töluvert og komi hann fram við alla áreynslu.

Skoðun: Almennt ástand virðist eðlilegt. Maðurinn kemur eðlilega fyrir.

Háls og hryggur: Thoracal kyphosis virðist lítillega aukinn á mótum hálsliða og brjóstliða. Yfir hryggtindum neðstu hálsliða og efstu brjóstliða er 16 cm langt ör vel gróið. Engin þrýstieymsli eru yfir þessu svæði. Hreyfingar á höfði: Beygja fram á við 40°. Fetta 30°. Hliðarhreyfing 10° til hvorrar hliðar og snúningshreyfing 30° í hvora átt, enginn sársauki er við hreyfingar. Ekki er að finna neinar lamanir eða skyntruflanir á handlimum.

Röntgenskoðun hefur ekki verið gerð nú, enda festing hálsliðanna talin góð í vottorði dr. Bjarna Jónssonar, sem fyrr greinir.

Ályktun: Hér um að ræða 38 ára gamlan járnsmið, sem slasaðist við vinnu sína fyrir tæplega einu og hálfu ári. Við slysið hlaut hann brot á hálslið. Gera þurfti aðgerð til að festa hálsliði. Bati hefur orðið verulegur, en maðurinn hefur þó enn óþægindi vegna slyssins. Hann hefur stirðleika í hálsliðum og nær stöðugan verk undir hægra herðablaði og dofatilfinningu fram í hægri hönd, ef hann reynir eitthvað á sig.

Vegna slyssins verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin svo:

Í 6	mánuði	100% örorka
Í 6	—	75% —
Í 6	—	50% —
Í 6	—	30% —

Og síðan varanleg örorka 20%."

Á grundvelli mats þessa reiknaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur hinn 13. apríl 1966 áætlað verðmæti tapaðra vinnu-

tekna stefnanda á slysdegi. Um grundvöll og niðurstöðu útreikningsins segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„Sigurður er sagður fæddur 11. júní 1927 og hefur því verið 36 ára á slysdegi.

Samkvæmt ljósmyndum af skattframtölum Sigurðar árin 1962—1964 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1961	kr.	84.143.00
— 1962	—	93.560.00
— 1963	—	118.542.00

Tekna þessara hefur Sigurður aflað sem járnsmiður hjá Stálsmiðjunni h.f., utan kr. 40.500.00 árið 1961 og kr. 15.000.00 árið 1962, sem er vinna við eigin íbúð. Ég hef umreiknað tekjur þessar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta járniðnaðarmanna. Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 147.957.00	kr. 129.007.00
2. árið eftir slysið	— 172.350.00	— 68.754.00
síðan árlega	— 174.216.00	— 34.843.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 186.229.00
Vegna varanlegrar örorku	— 361.487.00
Samtals	kr. 547.716.00

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Sigurður fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 15. 10. 1964 til 30. 12. 1965, samtals kr. 47.632.90, og eingreiðslu 14. 2. 1966 kr. 79.546.00, sem ekki hefur verið dregið frá. Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur

fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Hinn 6. nóvember s.l. reiknaði tryggingafræðingurinn að nýju áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda. Um grundvöll útreiknings þessa og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„Ég hef tvívegis reiknað út örorkutjón Sigurðar Þ. Guðjónssonar, síðast með útreikningi dagsettum 10. janúar 1968. Frá þeim tíma hafa orðið mjög miklar hækkanir á kauptöxtum járniðnaðarmanna, einkum vegna grunnkaupshækkana svo og einnig vegna vísitölubreytinga. Ég hef umreiknað áætlaðar vinnutekjur og áætlað vinnutekjutap með tilliti til þessara breytinga, og verða þær nú:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 147.957.00	kr. 129.007.00
2. — — —	— 174.861.00	— 69.507.00
3. — — —	— 183.901.00	— 36.780.00
4. — — —	— 185.361.00	— 37.072.00
5. — — —	— 222.117.00	— 44.423.00
síðan árlega	— 252.105.00	— 50.421.00

Lækkunin á tekjuáætlun 4. árið stafar af verkfallinu í marz 1968.

Þessar breytingar á áætluðum vinnutekjum valda því, að verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi reiknast nú:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 186.905.00
Vegna varanlegrar örorku	— 498.286.00
Samtals	kr. 685.191.00

Notaður hefur verið sami reikningsgrundvöllur og í fyrri útreikningi."

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á framangreindu örorkumati og endanlegum útreikningi tryggingafræðingsins. Af hálfu stefnda Kristjáns hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárri. Er á það bent í því sambandi, að í örorkutjónsútreikningnum sé reiknað með 7% vaxtafæti, sem sé of lágt, og ekki sé tekið tillit til skattfrelsis bóta sem þessara.

Með hliðsjón af hinum endanlega örorkutjónsútreikningi og

með tilliti til þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þá þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðið kr. 420.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til dagpeninga og eingreiðslu, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innt af hendi, svo og launa þeirra, kr. 3.900.00, sem stefnandi hefur fengið greidd frá Þvottahúsinu Eimi s/f.

Um 2.

Af hálfu stefnda Kristjáns hefur fjárhæð þessari verið mótmælt sem of hárri. Hér að framan hefur verið lýst áverkum þeim, sem stefnandi hlaut af völdum slyssins, og sjúkrasaga hans rakin. Hér fyrir dómi hefur stefnandi lýst því, að hann finni enn fyrir afleiðingum slyssins. Við vinnu kveðst hann fá verk meðfram hægra herðablaði og kveðst verða að hvíla sig við og við. Eftir öllum atvikum þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 90.000.00.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda nema kr. 510.000.00 (kr. 420.000.00+90.000.00). Ber stefnda Kristjáni samkvæmt framansögðu að bæta stefnanda ⅔ hluta þessa, eða kr. 340.000.00. Verður stefndi Kristján því dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 53.250.00, þar með talinn útlagður kostnaður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Diðrik Helgasyni múrarameistara og Bjarna Kristmundssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi Þvottahúsið Eimir s/f skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður þeirra í milli.

Stefndi Kristján Pétursson greiði stefnanda kr. 340.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags og kr. 53.250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudagurinn 30. október 1972.

gegn

Nr. 63/1971. **Daníel Daníelsson**
(Skúli Pálsson hdl.)
Stjórn Sjúkrahússins á Húsavík s/f
f. h. sjúkrahússins
(Magnús Óskarsson hrl.).
og gagnsök

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Samningar. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. maí 1971. Krefst hann þess aðallega, að frávikning hans úr stöðu yfirlæknis við Sjúkrahúsið á Húsavík verði dæmd ólögmæt og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum skaðabætur samtals kr. 1.586.394.00 auk 7% ársvaxta frá 30. september 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 586.394.00 auk 7% ársvaxta frá 30. september 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1971. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna. Í bréfi Læknafélags Reykjavíkur frá 5. október 1972 segir m. a.:

„1. Í launadeilu lækna við Reykjavíkurborg og ríkisvald árið 1966 kom til uppsagnar hjá einstökum læknum. Þeir læknar, er þá sögðu upp stöðum sínum, gerðu

það með 3ja mánaða fyrirvara gagnvart hvorum aðila.

2. 26. maí 1966 voru undirritaðir samningar milli Læknafélags Reykjavíkur annars vegar og stjórnarnefndar ríkisspítalanna hins vegar, þar sem kveðið var á um gagnkvæman 2ja mánaða uppsagnarfrest. Ekkert slíkt ákvæði var sett í samninga L. R. við Reykjavíkurborg. Þegar til uppsagnar einstakra lækna kom árið 1970, settu læknar 3ja mánaða uppsagnarfrest gagnvart Reykjavíkurborg, en 2ja mánaða gagnvart stjórnarnefnd ríkisspítalanna.

3. .....

4. Ekki verður annað séð en læknar hafi ávallt talið uppsagnarfrest gagnkvæman."

Í bréfi framkvæmdastjóra Borgarspítalans sama dag segir m. a.:

„Frá því að læknar í þjónustu Reykjavíkurborgar hurfu úr launakerfi opinberra starfsmanna árið 1966, hefur verið litið svo á af borgarinnar hálfu, að stöður einstakra lækna væru uppsegjanlegar. Á lengd uppsagnarfrestsins hefur reynt, þegar læknar hafa sagt upp störfum, og á því tímabili, sem hér um ræðir, sögðu læknar undantekningalaust upp með þriggja mánaða fyrirvara. Reykjavíkurborg var því sammála, að þrír mánuðir væri réttur uppsagnarfrestur, og tók uppsagnir lækna gildar hverju sinni. Að sjálfsögðu var litið svo á, að uppsagnarfrestur af borgarinnar hálfu væri einnig þrír mánuðir, þótt á það reyndi ekki í framkvæmd."

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákvæði laga nr. 38/1954 eigi ekki við um kjör aðaláfrýjanda. Í ráðningarsamningi aðilja frá 13. nóvember 1968 er ekki getið um uppsagnarfrest, en tekið er fram í 1. gr., að um almenn ráðningarkjör skuli „fara eftir samningi L. R. og Reykjavíkurborgar frá 18. desember 1967 og fylgja breytingum og viðaukum, sem kunna að verða gerðir á þeim samningi, eftir því sem við á."

Telja verður, að aðaláfrýjandi hafi með fyrrgreindu ákvæði skuldbundið sig til að hlíta þeim ráðningarkjörum, sem giltu milli Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, ef ekki væri á annan hátt boðið í samningi aðilja.

Í samningi Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar frá 18. desember 1967 er ekki kveðið á um uppsagnarfrest ráðningarsamninga einstakra lækna, og sama gegnir um samning sömu aðilja frá 4. febrúar 1969, sem gilti frá 1. júlí 1968 til 30. apríl 1969, svo og um samning sömu aðilja frá 1. ágúst 1969, sem gilti frá 1. maí 1969 til 30. apríl 1970.

Svo sem rakið var hér að framan, var ekkert uppsagnarákvæði um ráðningarsamninga lækna í heildarsamningi Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur frá 18. desember 1967 og í síðari heildarsamningum, sem hér skipta máli.

Í framangreindum yfirlýsingum Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar felst, að þeir aðiljar eru sammála um, að ráðningarsamningar einstakra lækna samkvæmt heildarsamningum þeim, sem hér eiga við, hafi verið uppsegjanlegir af hálfu beggja aðilja og að uppsagnarfrestur hafi verið jafnlangur fyrir hvorn aðilja um sig. Þessi málsgögu benda einnig til þess, svo langt sem þau ná, að læknar hafi í reynd sagt upp ráðningarsamningum sínum með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Þegar höfð er í huga tilhögun á uppsögn lækna á störfum sínum samkvæmt þeirri starfsskipan, sem gilti fyrir 18. desember 1967, og virt er framkvæmd samninga Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, að því er uppsögn varðar, verður að túlka samning þann, sem gilti um skipti aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda svo, að uppsagnarfrestur hafi verið þrír mánuðir, enda hefur ekki verið bent á neina sérstaka heimild fyrir því, að sá frestur eigi að vera lengri.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, sagði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda upp störfum 24. júní 1969 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt því ber að

sýkna gagnáfrýjanda af öllum kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, stjórn Sjúkrahússins á Húsavík s/f f. h. sjúkrahússins, skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Daníels Daníelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 18. febrúar 1971.

1.0

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 27. febrúar 1970. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 18. febrúar 1971, og var málið dómtekið sama dag.

Stefnandi málsins er Daníel Daníelsson yfirlæknir, til heimilis að Mýrargötu 24, Neskaupstað.

Stefndi er stjórn Sjúkrahússins á Húsavík s/f fyrir hönd sjúkrahússins.

Stefnandi hefur breytt kröfum sínum örlítið með samþykki stefnda frá því, sem þær eru fram settar í stefnu. Dómkröfur stefnanda eru nú þessar: „Aðalkrafa: Frávikning stefnanda úr stöðu yfirlæknis við Sjúkrahúsið á Húsavík verði dæmd ólögmæt og að stefnd verði dæmd til að greiða stefnanda bætur vegna hinnar ólögmætu brottvikningar, sem svari til sex mánaða launa, jafnhárra og stefnandi hafði í september 1969, auk launa fyrir gæzluvaktir, eftir- og yfirvinnu, að bílastyrk meðtöldum, kr. 64.399.00 á mánuði, eða kr. 386.394.00 Ennfremur kr. 1.000.000.00 sem bætur fyrir miska, óþægindi og röskun á stöðu og högum og kr. 200.000.00 fyrir kostnað við ferðalög og flutning frá Svíþjóð um Reykjavík til Húavíkur 1968 og frá Húsavík til Neskaupstaðar 1969, eða alls kr. 1.586.394.00.

Varakrafa: Að stefnd greiði stefnanda bætur, sem samsvari launum í sex mánuði, eftir 30. september 1969, alls kr. 386.394.00 og kr. 200.000.00 í flutnings- og ferðakostnað.

Krafizt er 7% ársvaxta af tildæmdri fjárhæð frá 30. september 1969 og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands."

Stefnandi gerir ekki kröfu til þess, að skorið sé sérstaklega úr lögmæti frávikningarinnar fram yfir það, sem fjárkröfur hans gefa tilefni til.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins.

Með úrskurði, dags. 27. febrúar 1970, vék hinn reglulegi dómari, bæjarfógetinn á Húsavík, sæti í máli þessu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 1. júní 1970, var Stefán M. Stefánsson borgardómari skipaður setudómari til að fara með og dæma mál þetta, og er hann formaður dómsins.

Meðdómsmenn eru Guðmundur Jónsson borgardómari og Guðmundur Pétursson læknir.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0

2.1. Síðari hluta vetrar árið 1966 hafði stefnandi ákveðið að segja lausu héraðslæknisembættinu í Húsavíkurhéraði, sem hann hafði þá gengt um sjö ára skeið. Þennan tíma hafði hann jafnframt verið sjúkrahúslæknir á Húsavík. Ekki kveðst stefnandi þá hafa verið búinn að fullráða það við sig, hvort hann settist að í Reykjavík sem starfandi læknir eða færi utan til framhaldsnáms til þess að öðlast sérfræðingsréttindi í einhverri grein læknisfræði.

Um þessar mundir ákvað stjórn Sjúkrahússins í Húsavík, að stofna stöðu yfirlæknis við hið nýja sjúkrahús, sem þá var í smíðum. Var staðan auglýst laus til umsóknar. Fáum dögum áður en umsóknarfrestur rann út, hafði enginn sótt um stöðuna, og kveðst stefnandi þann 9. apríl 1966 hafa ákveðið að sækja um hana, enda þótt hann hefði þá ekki tekið fullnaðarákvörðun um það, hvort hann tæki við stöðunni.

Á vegum Sjúkrahússins í Húsavík s/f starfar svonefnt framkvæmdaráð, sem hefur einkum með höndum framkvæmdastjórn sjúkrahússins. Á fundi framkvæmdaráðs þessa þann 12. apríl 1966 var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Framkvæmdaráð Sjúkrahússins í Húsavík beinir því til Daníels Daníelssonar, héraðslæknis, að hann íhugi það að sækja þegar um sjúkrahúslæknisstöðuna við Sjúkrahús Húsavíkur, og vill framkvæmdaráðið mæla með því við landlækni, að hann bendi á Daníel til starfsins. Það er skoðun framkvæmdaráðs, að í ljós hafi

komið í starfi Daníels við sjúkrahúsið, að hann hafi bæði reynslu og hæfni, sem nauðsynleg er sjúkrahúslækni. Formanni falið að tala við Daníel Daníelsson."

Á sama fundi var einnig samþykkt eftirfarandi:

„Framkvæmdaráð Sjúkrahúss Húsavíkur lítur svo á, að læknaþörf Húsavíkur og nágrennis verði eigi fullnægt til frambúðar nema með nýrri skipan læknamála. Sú nýskipan telur framkvæmdaráðið, að eigi að vera í því fólgin fyrst og fremst, að sett verði upp læknastöð í Húsavík, er þjónað gæti og fullnægt læknaþjónustuþörf stærra svæðis, enda verði gerðar aðrar þær ráðstafanir í þessu sambandi, sem nauðsynlegar reynast, til að nýskipan þessi eða önnur því lík nái tilætluðum tilgangi."

Á stjórnarfundi Sjúkrahúss Húsavíkur s/f 2. júní 1966 er þetta m. a. bókað:

„Formaður gat þess, að á sínum tíma eða á fundi s.l. vors eða 12. 4. 1966 hefði framkvæmdaráð samþykkt að fara þess á leit við Daníel Daníelsson, að hann sækti um stöðu sjúkrahúslæknis hér. Kom þá þegar í ljós, að Daníel hafði sótt um stöðuna, og var hann eini umsækjandinn.

Svar landlæknis var á þessa leið í aðalatriðum: „Samkvæmt tillögu minni hefur dómsmálaráðuneytið úrskurðað, að umsækjandi skuli teljast hæfur til að gegna stöðunni, en með því skilyrði, að hann stundi framhaldsnám a.m.k. eitt ár í handlækningum, lyflækningum og fæðingarhjálp, áður en hann tekur við starfinu, og að hann leggi fram skilríki um námið að því loknu . . ."

Þessu fylgdi umsókn Daníels og bréf ráðuneytisins til landlæknis. Eftir stuttar umræður var samþykkt eftirfarandi:

Sjúkrahússtjórn samþykkir að ráða Daníel Daníelsson, yfirlækni, að Sjúkrahúsinu á Húsavík samkvæmt meðmælum landlæknis, enda ljúki hann framhaldsnámi því, er landlæknir setur sem skilyrði fyrir stöðuveitingunni, áður en hann tekur við stöðu yfirlæknis við Sjúkrahúsið á Húsavík."

Af skjölum málsins verður eigi séð, að frekar hafi verið fjallað um ráðningu stefnanda að sinni. Þann 19. september 1966 samþykkti stjórn sjúkrahússins þó að aðstoða stefnanda um útvegun lána til byggingar sjúkrahúslæknisbústaðar og um skyldu sjúkrahússins til þess að kaupa bústaðinn, ef læknir hyrfi úr starfi. Enn fremur var samþykkt, að stefnandi fengi greitt 25% af launum aðstoðarlæknis frá 5. júlí 1966, þar til hann tæki til starfa við sjúkrahúsið.

Er nú ekki að orðlengja það, að stefnandi fór utan til Svíþjóðar ásamt skylduliði sínu til undirbúnings undir sjúkrahússtarfið í samræmi við fyrirmæli landlæknis um skilyrði fyrir stöðuveitingunni. Með leyfi sjúkrahússtjórnar kveður stefnandi sig hafa dvalizt í Svíþjóð í tæp tvö ár við störf á sjúkrahúsum, og kom hann heim seint í ágústmánuði 1968 til þess að taka við starfi sínu hjá stefnda.

Meðan stefnandi var við nám erlendis samkvæmt framansögðu, eða jafnvel fyrr, reis ágreiningur milli hans og starfandi lækna í héraðinu. Verður nánar um það fjallað í 2.2., en hér skal þess aðeins getið, að á fundi framkvæmdaráðsins þann 22. september 1967, var þetta bókað að ósk bæjarstjóra:

„Ef ekki næst samkomulag milli núverandi lækna í Húsavík og Daníels Daníelssonar um starfsskiptingu og starfskjör og ef líkur eru á því, að þeir hverfi héðan úr starfi við það, að hann taki við störfum yfirlæknis spítalans, tel ég, að sjúkrahússtjórn beri að segja honum upp störfum."

Á fundi stjórnar sjúkrahússins þann 8. nóvember 1968 var fjallað um starfskjör stefnanda. Er þá m. a. þetta bókað:

„Stjórn Sjúkrahússins í Húsavík samþykkir samning um laun og kjör yfirlæknis Daníels Daníelssonar frá 13. október 1968, sem gerður var af formanni Læknafélags Íslands og formanni samninganefndar félagsins f. h. yfirlæknis og Læknafélags Íslands og af ráðsmanni sjúkrahússins f.h. Sjúkrahússins í Húsavík hinsvegar með þeirri breytingu, að við 4. gr. bætist „að því tilskyldu, að formaður sjúkrahússtjórnar fallist á hverju sinni".

Uppsögn ráðningar skal vera samkvæmt reglum um sambærilega starfsmenn hjá Reykjavíkurborg hverju sinni.

Kjör samkvæmt samningum skulu taka gildi frá og með 1. október 1968.

Stjórnin felur formanni að staðfesta samninginn f. h. Sjúkrahússins í Húsavík."

Hinn endanlegi ráðningarsamningur við stefnanda er dagsettur 13. nóvember 1968. Hljóðar hann svo:

„SAMNINGUR:
milli Sjúkrahússins í Húsavík s.f. og Daníels Daníelssonar, yfirlæknis.

1. gr.

Almenn ráðningarkjör skulu fara eftir samningi L. R. og

Reykjavíkurborgar frá 18. desember 1967 og fylgja breytingum og viðaukum, sem kunna að verða gerðir á þeim samningi eftir því sem við á.

2. gr.

Daníel Daníelsson nýtur réttinda og kjara sbr. 1. gr. svo sem við á um yfirlækna hverju sinni.

3. gr.

Meðan núverandi rekstur sjúkrahússins stendur og þar til nýbyggingin verður tekin til fullra nota, skipta læknar þannig með sér bakvöktum, að yfirlæknir hefur ⅓ hluta gæzluvakta við sjúkrahúsið, jafnhliða héraðsvakt, og þeir læknar, er gegna aðstoðarlæknisstöðu, hafa ⅔ hluta gæzluvakta við sjúkrahúsið, jafnhliða héraðsvakt. Læknar ákveði sjálfir fyrirkomulag vaktanna.

4. gr.

Yfirlæknir skal eiga rétt til óskertra launa og greiðslu ferðakostnaðar, þegar hann dvelur utan Húsavíkur í erindum sjúkrahússins, að því tilskyldu að stjórnarformaður fallist á hverju sinni.

5. gr.

Semja ber sérstaklega við sjúkrahússtjórn um húsnæði yfirlæknis.

6. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 1. október 1968.

Samningur þessi er gerður samkvæmt samningsuppkasti samþykktu af formanni Læknafélags Íslands og formanni samninganefndar þess, samanber yfirlýsingu frá 23. okt. 1968 og staðfestur með viðauka við 4. grein, að leyfi stjórnarformanns þurfi til, af stjórn Sjúkrahússins í Húsavík s.f. á fundi 8. nóvember 1968.

Húsavík, 13. nóvember 1968.

Daníel Daníelsson

Þormóður Jónsson
formaður sjórnar Sjúkrahússins
í Húsavík s.f. skv. umboði.

....."

Eins og ljóst verður með samanburði, er ákvæðið um uppsögn ráðningar, sem getið er um í framangreindri bókun, ekki að finna í samningnum.

Í aðiljaskýrslu hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi leitað til framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands og innt hann eftir því, hvers konar samningar kæmu til greina milli aðilja máls þessa. Framkvæmdastjórinn hafi upplýst, að um tvenns konar samninga væri að ræða. Annars vegar svonefnda eyktarsamninga, sem væru miðaðir við lausráðna lækna, og hins vegar samninga Læknafélags Reykjavíkur fyrir hönd yfirlækna við Reykjavíkurborg um fasta stöðu læknis. Kveðst stefnandi hafa óskað eftir því, að síðarnefnda fyrirmyndin yrði notuð um starfskjör sín. Kveðst stefnandi hafa óskað eftir því við Læknafélag Reykjavíkur, að það annaðist samningsgerð fyrir sína hönd í samræmi við framanritað. Stefnandi kvaðst hafa átt tal við ritara Læknafélags Reykjavíkur og óskað eftir því sérstaklega, að læknafélagið setti inn ákvæði í samninginn þess efnis, að um fasta stöðu væri að ræða. Síðan hafi hann fengið sent samningsuppkast, en í því hafi ekkert ákvæði verið um fasta stöðu. Kveðst hann þá hafa litið svo á samkvæmt þeim túlkunum, sem læknafélagið hafi gefið, að slíkt ákvæði væri óþarft, og ekki gert neinar athugasemdir. Stefnandi kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um framangreinda bókun stjórnar sjúkrahússins um uppsögn ráðningarsamningsins.

Áskell Einarsson er ráðsmaður hins stefnda félags. Í vitnaskýrslu fyrir dómi hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi annazt samninginn af hálfu stefnda. Tvenns konar samningsfyrirmyndir hafi komið til greina, en vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að samningar læknafélagsins við Reykjavíkurborg væru þess eðlis, að þar væri um að ræða stöður með ákveðnum uppsagnarfresti.

Er vitnið kvaðst hafa athugað uppkast að ráðningarsamningi aðilja, sem gert hafi verið, kveðst það hafa tekið eftir því, að ákvæði um uppsögn hafi vantað í samninginn. Úr því kveðst vitnið hafa bætt með því að láta bóka í gerðarbók félagsins ákvæði þar um uppsögn, sem hér að framan hefur verið rakið. Vitnið kvaðst ekki vita, hvers vegna ákvæði þetta hafi ekki verið tekið upp í hinn endanlega samning, enda kvaðst vitnið ekki hafa verið við gerð hans. Hins vegar kvaðst vitnið gera ráð fyrir því, að um gleymsku hafi verið að tefla.

Þormóður Jónsson er formaður framkvæmdaráðs og stjórnar

hins stefnda félags. Hann kvaðst ekki vita betur en að hugmynd stjórnar sjúkrahússins hafi verið sú, að samningurinn við yfirlækninn færi eftir þeim almennu reglum, sem læknafélagið setti sér, hliðstæðum þeim samningum, sem læknafélagið hafði gert í öðrum tilvikum fyrir hönd yfirlækna.

Ekki þykir ástæða til að fjalla hér nánar um ráðningarsamning aðilja máls þessa og tildrög hans. Aðeins skal þess getið, að í framburði Jónasar Egilssonar, sem var í varastjórn stefnda, kemur fram, að þegar hafi verið samþykkt að ráða stefnanda til starfans á árinu 1966, hafi það verið eindregin skoðun fyrirsvarsmanna stefnda, að um framtíðarstöðu yfirlæknisins væri að ræða. Í framburðum annarra stjórnarmanna stefnda kemur hins vegar ekki fram nein ákveðin skoðun þeirra á því, hvort staða yfirlæknis hafi átt að vera óuppsegjanleg eða ekki.

2.2. Um svipað leyti og stefnandi fór utan til Svíþjóðar, voru ráðnir tveir læknar til Húsavíkur, þeir Gísli G. Auðunsson og Ingimar Hjálmarsson. Gegndu þeir störfum héraðslæknis og störfum sjúkrahúslæknis í sameiningu.

Samstarf lækna þessara virðist hafa verið mjög náið. Þeir sýnast hafa sinnt læknisstörfum í náinni samvinnu, bæði á sjúkrahúsinu og í héraðinu. Ábyrgð þeirra gagnvart hinum ýmsu þáttum læknisþjónustunnar telja þeir þá sömu. Allar tekjur læknanna runnu í sameiginlegan sjóð, er þeir skiptu síðan til helminga.

Það kom fljótt í ljós, að skoðanaágreiningur var milli stefnanda og framangreindra lækna um framkvæmd heilbrigðisþjónustu á Húsavík.

Höfuðágreiningurinn er í því fólginn, að stefnandi taldi, að stöðu yfirlæknis fylgdu ákveðnar skyldur og ábyrgð, sem ekki yrði dreift yfir á aðra lækna, en hinir tveir læknarnir vildu hafa samstarf við stefnanda á svipuðum grundvelli og þeir sjálfir höfðu haft sín í milli. Stóð í bréfaskriftum milli stefnanda, er þá var í Svíþjóð, og áðurnefndra lækna um þessi mál, án þess að þeim tækist að jafna ágreininginn. Bréfaskipti þessi enduðu með því, að læknarnir Gísli og Ingimar vísuðu málinu til stjórnar Læknafélags Íslands. Enn fremur hefur bæði bæjarstjórn og sjúkrahússtjórn Húsavíkur látið mál þetta þá strax til sín taka.

Stefnandi kom til Reykjavíkur seint í ágústmánuði 1968. Hélt hann þegar á fund með stjórn Læknafélags Íslands, fyrst einn

og síðan ásamt læknunum Gísla og Ingimar, þar sem þess var freistað að jafna þann ágreining, sem orðinn var.

Stefnandi telur sig fljótlega hafa orðið varan við það, að stjórn sjúkrahússins og áðurnefndir læknar hygðust gera honum erfitt fyrir í starfi. Þannnig hafi verið keyptur læknisbústaður fyrir yfirlækninn fyrir ríkisframlag, en í þófi hafi gengið að fá þann lækni, sem í bústaðnum bjó, til að rýma hann, er stefnandi tók við yfirlæknisstöðunni.

Á fundi sjúkrahússtjórnar 4. september 1968 var enn reynt að jafna ágreining læknanna. Að tilhlutan framkvæmdaráðs sjúkrahússins og samkvæmt bréfi stefnanda, dags. 17. september 1968, var lagt til, að stofnuð yrði aðstoðarlæknisstaða við sjúkrahúsið. Læknarnir Gísli og Ingimar voru ráðnir í starf þetta (ein staða), og var það samþykkt á fundi sjúkrahússins 1. október 1968.

Um þetta leyti virðist hafa rofað verulega til í deilumálum læknanna, enda höfðu þeir þá gert með sér samkomulag í stórum dráttum, samstarfssamning.

Fljótlega sótti þó aftur í sama horf, og á fundi framkvæmdaráðs sjúkrahússins 19. desember 1968 er bókað, að læknarnir Gísli og Ingimar hafi sagt upp starfi sínu við sjúkrahúsið frá og með 15. febrúar 1969 að telja. Ástæðan sé ósamkomulag milli læknanna tveggja og stefnanda og raunverulega allt starf læknanna í héraðinu.

Á þessum fundi virðist hafa verið samþykkt, að læknarnir legðu fram tillögur um starfsreglur, hvor deildarskili í sínu lagi. Tilgangurinn var sá að reyna að brúa bilið í deilum læknanna. Stefnandi svaraði beiðni þessari með bréfi, dags. 30. desember 1968. Kveðst hann hafa lagt fram drög að starfsreglum fyrir aðstoðarlækna á framangreindum fundi framkvæmdaráðsins 19. desember 1968 og ekki telja ástæðu til að senda framkvæmdaráði nýjar tillögur um þau mál.

Læknarnir Gísli og Ingimar sýnast hafa sent framkvæmdaráði tillögur sínar. Tilraunir til að jafna ágreininginn báru þó ekki árangur.

Þann 12. janúar 1969 kom til Húsavíkur sendinefnd frá Læknafélagi Íslands. Átti hún fundi með fyrirsvarsmönnum sjúkrahússins og læknunum í því skyni að finna samstarfsgrundvöll milli læknanna. Þann 21. janúar 1969 undirritaði stjórn læknafélagsins og sendi frá sér svonefnda „grind fyrir læknasamstarf

fyrir Sjúkrahús Húsavíkur", og fylgdi svohljóðandi bréf með greinargerð þessari:

„21. jan. 1969.

Kæru Collegar,

Með skírskotun til viðræðna okkar á Húsavík 12. og 13. jan. s.l. sendum við hér með grind fyrir læknasamstarf við sjúkrahúsið á Húsavík, miðað við núverandi aðstæður, en með hliðsjón af þróun lækningastarfs þar í nánustu framtíð. Í tillögum þessum er að sjálfsögðu aðeins drepið á nokkur atriði, sem við teljum, að mestu máli skipti fyrir grundvöll að góðu samstarfi.

Í þessu sambandi viljum við benda á, að eftirfarandi ályktun var samþykkt á síðasta aðalfundi L. Í. (1968), og teljum við, að efni hennar snerti aðstæður á Húsavík:

„Æskilegt er, að læknamiðstöðvar í dreifbýli séu reknar í nánum tengslum við sjúkrahús, þannig að öll aðstaða, húsakynni, tæki og starfslið nýtist sameiginlega og allar upplýsingar um sjúklinga liggi fyrir á einum stað. Þessi sjúkrahús þurfa að vera heimilislækningasjúkrahús, þar sem allir læknar stöðvarinnar hafa jafna aðstöðu".

Það eru eindregin tilmæli stjórnar Læknafélags Íslands, að læknar á Húsavík leitist við að byggja samstarf á tillögum þeim, sem fylgja bréfi þessu, og einnig með hliðsjón af ýmsum þeim atriðum, sem fram komu í viðræðum okkar á Húsavík. Við teljum, að reynslutími til þess að skapa samstarfsgrundvöll með þeim hætti, sem að ofan segir, megi vart vera minni en 3—4 mán.

Ef þið teljið, að mikilvæg atriði vanti inn í meðfylgjandi grind um læknasamstarf eða atriðum sé þar ofaukið, er stjórn Læknafélags Íslands að sjálfsögðu fús að taka slíkar ábendingar til skjótrar athugunar.

F. h. stjórnar Læknafélags Íslands
Arinbjörn Kolbeinsson
(formaður)
Friðrik Sveinsson
(ritari)."

Ekki náðist samkomulag milli læknanna þrátt fyrir þessar tilraunir. Á fundi stjórnar sjúkrahússins þann 22. febrúar 1969 er að finna svofellda bókun, sem sýnir, hver niðurstaðan varð af þessum tilraunum: „.... Formaður stjórnarinnar, Þormóður

Jónsson, setti fundinn og skýrði frá tilefni hans, sem var óleyst ágreiningsatriði milli læknanna.

Ráðsmaður sjúkrahússins las upp bréf frá stjórn Læknafélagsins, sem voru tillögur um starfsskiptingu læknanna.

Þá las ráðsmaðurinn upp bréf frá læknunum Gísla G. Auðunssyni og Ingimar S. Hjálmarssyni, og tjá þeir sig fúsa til að lúta tillögum Læknafélagsins.

Ráðsmaður las því næst upp bréf frá Daníel Daníelssyni til stjórnar sjúkrahússins, og gerir hann þar grein fyrir skoðunum sínum á tillögum stjórnar Læknafélagsins, er hann telur sig ekki geta fallizt á, og skýrir hann þar jafnframt skoðanir sínar almennt á þessum ágreiningsatriðum.

Einnig voru lesnar upp tillögur Daníels Daníelssonar um verkaskiptingu læknanna.

Ráðsmaður getur þess, að Læknafélagið hafi gefið þetta frá sér, en að landlæknir sé fús við að aðstoða við lausn þessa máls og þá einkum í því að setja ákveðnar reglur um starfsgrundvöll. ..... Samþykkt var af stjórn sjúkrahússins, að reglur verði settar. Í samræmi við það og í framhaldi af því var borin upp og samþykkt samhljóða eftirfarandi tillaga: „Stjórn Sjúkrahúss Húsavíkur telur að nauðsynlegt sé að setja reglur um starfshætti lækna innan sjúkrahússins til þess að tryggja rekstur þess og fullnýta læknakostinn og ákveður því að neyta heimildar 2. greinar sjúkrahúsalaga um að setja starfsrekstrarreglur fyrir sjúkrahúsið, einkum er varðar starfssvið læknanna. Jafnframt samþykkir hún, að reglurnar komi til framkvæmda, þegar regluleg sjúkrahússtarfsemi hefst í nýja sjúkrahúsinu. Stjórnin samþykkir að fela ráðsmanni, formanni sjúkrahússtjórnar og Einari M. Jóhannessyni að leita eftir við heilbrigðismálastjórn að hefja samvinnu við hana um gerð frumvarps um starfsreglur, sem gerðar verði í samráði við fulltrúa frá Læknafélagi Íslands“"

2.3. Svo er að sjá sem stefndi hafi tekið málið í sínar hendur upp úr þessu. Í vitnaskýrslu Björn Friðfinnssonar bæjarstjóra hér fyrir dómi segir m. a. á þá leið, að hann hafi verið staddur í Reykjavík ásamt mönnum úr bæjarstjórn í öðrum erindagerðum (í febrúar eða marz 1969). Hafi þá komið til tals vandræði sem orðið höfðu milli læknanna, enda hafi þá legið fyrir, að allar tilraunir til sátta hafi reynzt árangurslausar. Þeir hafi þá orðið ásáttir um að ganga á fund landlæknis og ræða við hann um þessi mál. Á fundi með landlækni og þremur bæjarstjórn-

armönnum segir vitnið hafa komið fram, að setja yrði niður deilur læknanna með reglugerð. Í framhaldi af þessu kvaðst vitnið hafa hringt í Áskel Einarsson, ráðsmann stefnda, og hafi hann komið suður ásamt Þormóði Jónssyni stjórnarformanni.

Í framburði nefnds Þormóðs hér fyrir dómi segir hann, að Læknafélag Íslands hafi óskað eftir því að fá að taka þátt í samningu reglugerðarinnar og eiga fulltrúa að þeirri samningu. Enn fremur hafi landlæknir boðizt til að vera hjálplegur við setningu reglugerðarinnar og í því sambandi útvegað mann, Hauk Benediktsson, framkvæmdastjóra Borgarspítalans í Reykjavík.

Af framburði þessum má ráða, að fundir hafi verið haldnir í Reykjavík og læknarnir á Húsavík ekki verið hafðir með í ráðum um setningu reglugerðarinnar. Síðan segir svo í framburði Þormóðs: „Síðan hafi fundarmenn farið með uppkastið beint til landlæknis, sýnt honum það og átt með honum fund. Á þeim fundi hafi Arinbjörn Kolbeinsson, formaður læknafélagsins, hringt í landlækni og átt tal við hann. Hafi nefndur Arinbjörn á þeim tíma verið búinn að fá uppkastið (að reglugerðinni) hjá Hauki. Hafi Arinbjörn komið með nokkrar breytingatillögur að uppkastinu á nefndum fundi, sem teknar hafi verið til greina. .... Ekki man mætti, hvort landlæknir sjálfur hafi gert breytingatillögur að uppkastinu á nefndum fundi, en mætti tekur fram, að á fundinum hafi fyrir utan áðurnefnda menn verið mættur Jón Thors.

Þá lýsir mætti því, að reglugerðaruppkastið hafi farið beint til ráðuneytisins til staðfestingar eftir þennan fund með landlækni, þó svo, að fulltrúar sjúkrahússins hafi fyrst farið með hana norður og lagt fyrir stjórnina til staðfestingar".

Þormóður hélt því fram, að reglugerð þessi hafi að meginefni verið byggð á þeim tillögum, sem Læknafélag Íslands hafði gert til að ná sáttum í deilum læknanna á Húsavík, sbr. *2.2.*

2.4. Með bréfi sjúkrahússtjórnar, dags. 13. marz 1969, til stefnanda er honum m. a. tilkynnt, að sjúkrahússtjórn hafi samþykkt reglugerðina og að hún sé farin til staðfestingar ráðherra. Svarbréf stefnanda er dags. 15. marz 1969, en það hljóðar svo:

„Stjórn Sjúkrahússins á Húsavík,

hr. formaður Þormóður Jónsson.

Í tilefni tillögu þeirrar, er framkvæmdaráð S. H. samþykkti á fundi sínum þ. 19. þ. m. þess efnis, að ég annars vegar og aðstoðarlæknar sjúkrahússins hins vegar skyldu senda ráðinu

skriflegar tillögur um samstarf yfirlæknis og aðstoðarlækna á sjúkrahúsinu, vil ég leyfa mér að benda framkvæmdaráðinu á eftirfarandi:

1) Á nefndum fundi þ. 19/12 lagði ég fram drög að starfsreglum fyrir aðstoðarlækna, sem ég hafði samið skv. eindreginni ósk tveggja framkvæmdaráðsmanna og sjúkrahúsráðsmanns.
2) Formaður sjúkrahússtjórnar og ráðsmaður kynntu sér starfsreglurnar vandlega fyrir framkvæmdaráðsfundinn og lýstu sig báðir samþykka þeim í öllum greinum.
3) Ég tel það í alla staði óviðurkvæmilegt og stríða gegn grundvallarreglum læknastéttarinnar, að framkvæmdaráðs- og stjórnarfundir S. H. séu vettvangur persónulegra ásakana lækna á milli.

Með tilliti til þess tel ég ekki ástæðu til að senda framkvæmdaráði nýjar tillögur um þessi mál.

Húsavík, 30. desember 1968.

Daníel Daníelsson, sjúkrahúslæknir".

Framangreind reglugerð hlaut staðfestingu ráðherra þann 11. apríl 1969. Reglugerðin er svohljóðandi:

„Reglugerð

um

störf lækna við Sjúkrahúsið á Húsavík.

1. gr.

Yfirlæknir sjúkrahússins er formaður læknaliðs þess. Hann hefur réttindi og starfsskyldur samkvæmt sjúkrahúsalögum, en auk þess skal hann skipuleggja heilbrigðisþjónustu spítalans og hafa eftirlit með starfsliði, er að henni starfar. Hann tekur við beiðnum um innritun nýrra sjúklinga og stuðlar að hagræðingu í daglegum rekstri. Hann ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn.

2. gr.

Yfirlæknir og aðrir læknar, sem ráðnir eru að sjúkrahúsinu, skipa samstarfsnefnd, er sé ráðgefandi fyrir stjórn sjúkrahússins um allt, er varðar læknisþjónustu, samstarf og samhæfingu starfskrafta. Hún skal stuðla að þróun í starfsemi sjúkrahússins, þjónustugæðum, menntun lækna og annars starfsliðs. Samstarfsnefnd ber ábyrgð á því, að staðli um læknisþjónustu sjúkrahúsa, ef settur verður, sé fylgt. Yfirlæknir er málsvari samstarfsnefndar gagnvart sjúkrahússtjórn.

3. gr.

Samstarfsnefnd heldur fundi daglega, þegar þess er kostur, og ekki sjaldnar en 2—3 í viku. Á þessum fundum verði m. a. fjallað um eftirfarandi atriði:

a. Skýrsla um síðustu vakt (vaktir).
b. Greint sé frá innritun bráðra sjúkdómstilfella í sjúkrahúsið.
c. Rætt um sjúkdómsgreiningu og meðferð sjúklinga á sjúkrahúsinu og ávallt skýrt frá breytingum á meðferð.
d. Rædd sérstök sjúkdómstilfelli, valin daginn áður eða með lengri fyrirvara.
e. Ákvörðun um stundun sjúklinga, þ. á. m. hvaða læknir skuli aðallega annast meðferð „akut" innlagðs sjúklings (sjúklinga) frá síðasta fundi nefndarinnar.
f. Væntanlegar útskriftir sjúklinga.
g. Væntanlegar innritanir sjúklinga.

4. gr.

Um verkskiptingu lækna á sjúkrahúsinu og skiptingu sjúklinga milli lækna fer eftir samkomulagi þeirra og/eða reglum, er sjúkrahússtjórn setur, að fengnum tillögum samstarfsnefndar. Innritun bráðra sjúkdómstilfella og fyrstu meðferð annast vakthafandi læknir og gerir sjúkraskýrslu.

Innritun sjúklinga af biðlista skal, sé þess kostur, ákveðin með nokkrum fyrirvara og hvaða læknir skuli annast hann öðrum fremur. Stefnt sé að því, að þau hlutföll, sem samkomulag næst um varðandi starfssvið og skiptingu sjúklinga milli lækna, raskist sem minnst, a. m. k. ekki um lengri tíma.

Útskrift sjúklings og innritun læknabréfs annast sá læknir, sem aðallega hefur stundað sjúklinginn.

Yfirlæknir mælir yfirleitt fyrir um allar meiriháttar aðgerðir.

5. gr.

Stofugang að morgni annast læknar saman og kynnast meðferð sjúklinga hvers annars. Kvöldstofugang annast vakthafandi læknir.

6. gr.

Læknar sjúkrahússins gegna störfum yfirlæknis í fjarveru hans skv. ákvörðun sjúkrahússtjórnar, að fengnum tillögum samstarfsnefndar.

7. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda strax, að því leyti sem aðstæður leyfa að mati sjúkrahússtjórnar, en að öllu leyti eigi síðar en 1. apríl 1970.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Sjúkrahússins í Húsavík, staðfestist hér með samkv. 3. mgr. sjúkrahúsalaga nr. 54/1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 11. apríl 1969.
Jóhann Hafstein Jón Thors.“

Að tilmælum stefnanda var haldinn fundur í stjórn sjúkrahússins þann 1. maí 1969. Á fundi þessum lagði stefnandi fyrir stjórn sjúkrahússins eftirfarandi spurningar:

„1. Eru aðstoðarlæknar hluti af starfsliði þess?
2. Hverjar eru starfsskyldur aðstoðarlæknis?
3. Skal verksvið aðstoðarlækna einvörðungu ákvarðast af óskum þeirra sjálfra? sbr. 4. gr. reglugerðar.
4. Hvað er átt við með skiptingu sjúklinga milli lækna?
5. Í hverju er það fólgið að annast aðallega meðferð sjúklings?
6. Hvernig skal málum ráðið til lykta á fundi svonefndrar samstarfsnefndar?
7. Hvaða skilning ber að leggja í þessa málsgrein 4. gr.: „Stefnt sé að því, að þau hlutföll, sem samkomulag næst um varðandi starfssvið og skiptingu sjúklinga milli lækna, raskist sem minnst, a. m. k. ekki um lengri tíma““.

Síðar á sama fundi má finna bókuð svofelld svör:

„. . . . Þá svaraði Áskell fyrir hönd stjórnar spurningum Daníels:

1. Svar. Já, sbr. 1. gr. rgl.g.
2. Svar Skv. reglugerð, samkomulagi samstarfsnefndar eða ákvörðun sjúkrahússtjórnar og/eða ráðningarsamningi.
3. Svar. Nei, ekki eingöngu. Samkomulag lækna, ákvörðun sjúkrahússtjórnar eða ráðningarsamningi.
4. Svar. Skipting sjúklinga fer eftir verkaskiptingu þeirri, er verður samkomulag um í samstarfsnefnd eða ákvörðun sjúkrahússtjórnar, ef samkomulag næst ekki um verkaskiptingu.
5. Svar. Það er að gera aðgerðir og dagleg umsjón með sjúklingi, sérstaklega sbr. verkaskiptingu- og/eða ákvörðun samstarfsnefndar.

6. Svar. Læknir setji samstarfsnefnd fundarsköp, nema óskað sé úrskurðar sjúkrahússtjórnar.

7. Svar. Eins og áður segir, er gert ráð fyrir, að verkaskipting ráði fyrst og fremst skiptingu sjúklinga milli lækna, enda þótt frávik verði um sinn, verði stefnt að því, ef aðstæður leyfa, að verkaskiptagrundvellinum verði fylgt eftir."

Síðar á sama fundi má finna svofellda bókun:

„Daníel sagðist efast um, að reglugerð þessi fengi staðist skv. gildandi lögum um sjúkrahús frá 10. júlí 1964, og myndi hún vafalaust verða dæmd ómerkt f. dómi.

Daníel óskaði eftir því, að bókað yrði eftirfarandi: Um leið og ég lýsi yfir því, að ég dreg mjög í efa lagalegan grundvöll fyrir setningu „Reglugerðar um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík s.f." og áskil mér fullan rétt til að vinna að því, að fram fari lögfræðileg könnun á því atriði, mótmæli ég ákveðið þeim einstæðu starfsaðferðum stjórnar S. H. að taka mikilvægar ákvarðanir varðandi heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins án samráðs við starfandi sjúkrahúslækni. Að því er varðar framkvæmd áðurnefndrar reglugerðar vil ég taka það fram, að ég mun telja það skyldu mína að leggja höfuðáherzlu á að skipuleggja heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins eftir beztu getu í samræmi við þær skyldur og fyrirmæli, er sjúkrahúslækni eru á herðar lagðar, samkvæmt 4. gr. núgildandi sjúkrahúsalaga".

Nokkru áður en umræddur fundur var haldinn, höfðu læknarnir Gísli og Ingimar fallizt á endurráðningu við sjúkrahúsið, þegar reglugerðin hefði verið staðfest og komin til framkvæmda. Læknarnir Gísli og Ingimar mættu á framangreindum fundi stjórnar sjúkrahússins þann 1. maí 1969. Þeir lýstu sig á fundi þessum samþykka, að velflest ákvæði reglugerðarinnar kæmu til framkvæmda nú þegar. Á sama fundi gerði loks stjórn sjúkrahússins eftirfarandi ályktun og sendi stefnanda:

„Bókun Daníels Daníelssonar á fundi sjúkrahússtjórnar 1. maí s.l. er ófullnægjandi og ekki hægt að marka á henni, að hann muni starfa samkvæmt reglugerðum um störf lækna við sjúkrahúsið í Húsavík, en það telur stjórnin nauðsynlegt atriði. Þess vegna krefst stjórnin þess, að hann gefi henni afdráttarlaust svar um það, hvort hann muni hlíta reglunni í hvívetna. Skriflegt svar berist stjórninni eigi síðar en 10. maí n.k."

Svarbréf stefnanda er dags. 7. maí 1969. Tjáir hann sjúkrahússtjórn í bréfi þessu, að hann muni hlíta umræddri reglu-

gerð að svo miklu leyti sem hún brjóti ekki í bága við gildandi sjúkrahúsalög.

Í samræmi við samþykkt sjúkrahússtjórnar 12. maí 1969 var stefnanda sent svohljóðandi bréf, dags. sama dag.

„Húsavík, 12. maí 1969.

Hr. yfirlæknir Daníel Daníelsson, Húsavík.

Á fundi sínum í dag samþykkti stjórn Sjúkrahússins í Húsavík s.f. eftirfarandi:

Stjórn Sjúkrahússins í Húsavík lítur svo á, að svar Daníels Daníelssonar, yfirlæknis, í bréfi til sjúkrahússtjórnarinnar, dags. 7. maí 1969, sem svar við fyrirspurn síðasta stjórnarfundar um, hvort hann muni hlíta reglugerð um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík, sé ekki afdráttarlaust. Það er álit sjúkrahússtjórnar og heilbrigðisstjórnarinnar, að reglugerðin sé í samræmi við sjúkrahúsalög, og hefur reglugerðin hlotið gildi við staðfestingu ráðherra frá 11. apríl 1969, enda birt þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli, svo sem læknum við sjúkrahúsið í Húsavík.

Þessvegna ákveður sjúkrahússtjórn með skírskotun til 7. gr. rgl.g. að rgl.g. skuli koma til framkvæmda eigi síðar en 25. maí n.k. — að öðru leyti en því, er varðar ákvæði um verkaskiptingu í 1. mgr. 4. gr. og kvöldstofugang í síðustu mgr. 5. gr.

Sjúkrahússtjórnin felur yfirlækni, Daníel Daníelssyni, að hlutast til um, að reglugerðin komi til framkvæmda, eins og þessi samþykkt kveður á um. Jafnframt ákveður stjórnin, að samstarfsnefnd lækna skili tillögum um verkaskiptingu til hennar eigi síðar en 15. júní n.k., bæði er varðar verkaskiptingu við núverandi aðstæður og framtíðarverkaskiptingu.

Þá felur sjúkrahússtjórn framkvæmdaráði að halda áfram viðræðum við lækna sjúkrahússins, sbr. samþ. stjórnarfundar frá 11. marz 1969.

Formanni sjúkrahússtjórnar var falið að kynna læknum sjúkrahússins samþykkt þessa.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Sjúkrahússins í Húsavík s/f

Þormóður Jónsson.“

Svo sem sjá má af ofangreindu bréfi, átti reglugerðin öll að koma til framkvæmda eigi síðar en 25. maí 1969 að undanteknu ákvæðinu um verkaskiptingu og kvöldstofugang. Ástæður til þessara undantekninga um verkaskiptinguna sýnist eftir fram-

burðum Þormóðs Jónssonar, stjórnarformanns stefnda, og Áskels Einarssonar ráðsmanns aðallega hafa verið sú, að reglugerðin hafi verið miðuð við nýja sjúkrahúsið á Húsavík, en það tók fyrst til starfa í maí 1970.

Nefndur Áskell hefur auk þess bent á, að stjórnin hafi viljað hafa nokkurn umþóttunartíma, meðan málið væri að jafna sig.

Svarbréf stefnanda við áðurgreindu bréfi, dags. 12. maí 1969, er dags. 23. maí 1969. Segir í bréfinu, að hann (stefnandi) sjái sér ekki fært að láta umrædda reglugerð koma til framkvæmda að neinu leyti, fyrr en umræður um framkvæmd hennar hafi farið fram.

Þormóður Jónsson, stjórnarformaður sjúkrahússins, sendi stefnanda bréf, dags. 24. maí 1969. Í bréfi þessu segir svo:

„Með skírskotun til bréfs yðar til stjórnar Sjúkrahússins í Húsavík s.f., dags. 23. 5. 1969, vil ég taka fram eftirfarandi: Það er álit mitt, að ákvörðun stjórnarinnar á fundi 12. maí s.l. um, að reglugerðin um störf lækna við sjúkrahúsið skuli koma til framkvæmda eigi síðar en 25. maí 1969, sé bindandi, og ég treysti því, að þér hefjið strax viðræður við samstarfslækna yðar um framkvæmd hennar."

Þann 9. júní 1969 er haldinn fundur í framkvæmdaráði sjúkrahússins. Er þá m. a. bókað:

„Daníel Daníelsson óskaði eftirfarandi bókunar:

„Ég hef samið starfsreglur fyrir aðstoðarlækni skv. 4. gr. sjúkrahúsalaga og 1. gr. reglugerðar um störf lækna við S. H. og ætlast til þess, að eftir þeim reglum verði farið.

Þá lýsi ég því yfir, að ég er reiðubúinn til að framkvæma þau atriði reglugerðar um störf lækna, sem saman fara við ákvæði gildandi sjúkrahúsalaga skv. þeim túlkunum laganna, er ég hef fengið hjá lögfræðingi L. Í."

Það er skoðun Daníels Daníelssonar, að reglugerðin sé óframkvæmanleg, eins og hún liggur fyrir, og geti hann því ekki framkvæmt samþykkt sjúkrahússtjórnar frá 12. maí 1969.

Formaður spurði Daníel eftirfarandi spurningar:

Eru til ákvæði í reglugerðinni um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík, sem þú ætlar ekki að hlíta?

Svar Daníels: Það leiðir af sjálfu sér.

Gísli og Ingimar lýstu því yfir, að afstaða þeirra til reglugerðarinnar sé óbreytt."

Starfsreglur þær, sem stefnandi kveðst hafa samið samkvæmt ofanrituðu, hafa verið lagðar fram í málinu og hljóða svo:

„Starfsreglur fyrir aðstoðarlækna við S. H.

1. Aðstoðarlæknar skulu ganga stofugang ásamt sjúkrahúslækni svo og einir, ef sjúkrahúslæknir mælir svo fyrir. Að jafnaði skal vakthafandi læknir á sjúkrahúsinu ganga stofugang að kvöldi sem og á helgidögum.
2. Aðstoðarlæknar skulu yfirleitt gjöra sjúkraskrá yfir þá sjúklinga, er leggjast inn á sjúkrahúsið, og gefa fyrirmæli um fyrstu meðferð, svo fremi að slík fyrirmæli ekki liggi fyrir frá hendi sjúkrahúslæknis.
3. Vakthafandi aðstoðarlæknir leggur inn bráð sjúkdómstilfelli, er hann telur þarfnast sjúkrahúsvistar. Skal hann og annast fyrstu meðferð slíkra sjúklinga, svo fremi hann ekki telji sig þurfa að leita ráða sjúkrahúslæknis þar um.

   Þó skal aðstoðarlæknir ætíð hafa samráð við sjúkrahúslækni, ef um er að ræða meðferð, er geti haft teljandi áhættu í för með sér, sem og ef ástand sjúklings getur talist alvarlegt eða lífshættulegt.
4. Aðstoðarlæknar skulu að jafnaði sjá um útskriftir sjúklinga skv. nánari fyrirmælum sjúkrahúslæknis hverju sinni. Að lokinni útskrift skulu sjúkraskrár ganga til sjúkrahúslæknis til yfirlits, áður en þær eru látnar í sjúkraskrárgeymslu.
5. Um daglegt verksvið aðstoðarlækna, að því leyti er ekki er tekið fram hér að framan, fer eftir nánari fyrirmælum sjúkrahúslæknis í samræmi við þau verkefni, er fyrir liggja á sjúkrahúsinu hverju sinni. Reglur þessar eru settar skv. 2. málsgr. 4. gr. sjúkrahúsalaga svo og 1. gr. reglugerðar um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík frá 11. apríl 1969.

Húsavík, 1. júní 1969.
Sjúkrahúslæknir".

Samkvæmt samþykkt stjórnarfundar sjúkrahússins var stefnanda sagt upp störfum með bréfi, dags. 24. júní 1969, og hljóðar bréf þetta svo:

„Stjórn Sjúkrahússins í Húsavík hefur á fundi sínum í dag samþykkt að senda yður svohljóðandi bréf:

Eins og yður er kunnugt, herra yfirlæknir, hefur komið til árekstra milli yðar og sjúkrahússtjórnar, þar eð þér hafið eigi hlýðnast fyrirmælum stjórnarinnar og ekki virt vilja hennar í sambandi við skipulag á starfi lækna o. fl. við sjúkrahúsið í Húsavík. Sjúkrahússtjórn telur, að þegar af þessari ástæðu haf-

ið þér fyrirgert rétti til stöður yðar. Er yður því hér með sagt upp starfi sem yfirlæknir við sjúkrahúsið í Húsavík.

Eins og máli þessu er háttað, telur stjórnin yður ekki eiga rétt á uppsagnarfresti, en hefur þó ákveðið, að uppsögn yðar gildi með 3ja mánaða fyrirvara frá 1. júlí n.k. að telja. Þá er einnig lagt fyrir yður að rýma læknisbústaðinn að Höfðabrekku 12 eigi síðar en 30. september n.k.".

Stefnandi mótmælti fljótlega uppsögn þessari með bréfi.

Stefnandi gegndi starfi yfirlæknis á Húsavík til 1. október 1969 og fékk fullt uppgjör til þess tíma. Þaðan hélt hann beint til Neskaupstaðar og tók þar við stöðu yfirlæknis. Hann kvaðst ekki hafa tapað neinum tekjum hina næstu þrjá mánuði eftir 1. október 1969 miðað við það, að hann hefði verið yfirlæknir á Húsavík á sama tíma.

3.0.

3.1. Sóknarástæður stefnanda eru á því reistar, að honum hafi verið vikið úr fastri stöðu án saka. Af þeim sökum sé stefndi bótaskyldur gagnvart sér.

Stefnandi telur sig hafa verið opinberan starfsmann í fastri stöðu. Hann bendir á, að sjúkrahúsið sé í eign opinberra aðilja.

Aldrei hafi farið á milli mála, að hér hafi verið um framtíðarstöðu að ræða. Stjórnarmenn hafi látið þetta ótvírætt í ljós og það skilyrði hafi verið sett, að stefnandi færi utan og dveldist þar a. m. k. í ár til undirbúnings starfinu. Engin uppsagnarákvæði hafi verið sett í ráðningarsamninginn né í bókun um ráðningu, og stefnandi fullyrðir, að ráðningarsamningurinn hafi verið gerður beint við sig, en ekki við læknafélagið fyrir sína hönd. Þá hafi stjórn sjúkrahússins samþykkt að útvega stefnanda lán til fyrirhugaðrar húsbyggingar hans í Húsavík og taka ábyrgð á láni þessu. Enn fremur fullyrðir stefnandi, að hann hafi ekki verkfallsheimild samkvæmt lögum nr. 33/1915.

Þetta ásamt fleiru telur stefnandi sanna það ótvírætt, að hér hafi verið um fasta stöðu að ræða.

Stefnandi telur frávikninguna ólöglega, þar sem reglugerðin, og þá einkum 4. gr. hennar, og fyrirskipanir um framkvæmd hennar fái ekki samrýmzt því ástandi og ábyrgð, sem yfirlækni sé falið samkvæmt 4. gr. sjúkrahúsalaga.

Auk þess heldur stefnandi því fram, að með ofangreindum aðgerðum hafi verið unnið markvisst að því að bola sér úr starfi.

Varakrafa stefnanda er reist með hliðsjón af 14. gr. laga nr. 38/1954. Frávikninguna megi þannig jafna til þess, að föst staða sé lögð niður. Samkvæmt því eigi stefnandi rétt til fastra launa í sex mánuði eftir 30. september 1969 auk flutnings- og ferðakostnaðar.

Varðandi fjárhæð dómkrafnanna heldur stefnandi því fram, að hann hafi orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum vegna frávikningarinnar, auk þess sem framkoma stefnda hafi bakað honum leiðindi og álitshnekk. Stefnandi hafi orðið að hrökklast úr starfi, sem hann hafi sérstaklega búið sig undir, og flytja til fjarlægs landshluta. Framhaldsmenntunin komi að takmörkuðum notum, þar sem menntun þessi komi ekki til góða nema að litlu leyti til að öðlast sérfræðingsréttindi. Allt þetta umstang hafi bakað stefnanda verulegan kostnað, bæði í fargjöldum, flutningskostnað o. s. frv. Telur hann bætur fyrir röskun á stöðu og högum hæfilega metnar á kr. 1.000.000.00, en bætur fyrir flutningskostnað á kr. 200.000.00.

Föst laun sín telur stefnandi hafa numið í september 1969 í raun 51.550.00 að viðbættri þóknun fyrir vaktir, kr. 8.649.00, yfirvinnu, kr. 3.000.00, og bílastyrk, kr. 1.200.00, alls kr. 64.399.00.

3.2. Stefndi reisir sýknukröfu sína á tveim meginástæðum: *A.* Stefndi telur ótvírætt með öllu, að umrædd reglugerð, sbr. *2.3.*, sé formlega og efnislega lögleg að öllu leyti. Stefnandi hafi fyrst sýnt tregðu og síðan algerlega neitað að hlýða reglugerðinni um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík, sem sett hafi verið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 11. apríl 1969 samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 54/1964. Telur stefndi ótvírætt, að með þessu broti hafi stefnandi firrt sig öllum rétti til stöðu sinnar og fyrirvaralaus frávikning hafi verið réttmæt, eins og á stóð, hvernig sem ráðningu hans var háttað.

Stefndi telur, að stefnanda hafi mátt frá upphafi vera ljóst, að staða sú, sem síðar var ákveðið að veita honum að fullnægðum vissum skilyrðum, hafi falið í sér nýskipan mála, einkum varðandi læknamiðstöð, sem hann yrði að hlíta, ef hann tæki við henni. Í því ljósi verði að skoða það, sem síðar hafi gerzt. Af þessum sökum telur stefndi fráleitt, að reynt hafi verið að bola stefnanda úr starfi.

B. Í annan stað styður stefndi sýknukröfu sína við þau rök, að staða stefnanda hafi verið uppsegjanleg, og því hafi verið heimilt að segja honum upp með þeim fyrirvara, sem gert hafi verið, þótt ekki hafi verið um að ræða brot í starfi.

Þannig telur stefndi, að hér hafi ekki verið um fasta framtíðarstöðu að ræða, heldur stöðu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stefndi telur ljóst, að lög nr. 38 frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi ekki við um starf stefnanda. Engin almenn regla um starfsmenn sveitarfélaga veiti ævilangan rétt til stöðu á þann hátt sem hér sé gert ráð fyrir. Margt annað mæli einnig gegn því, að hér hafi verið um fasta stöðu að ræða, t. d. hafi starfið verið nýtt, sameignarfélag hafi ráðið stefnanda til starfa, engin afstaða hafi verið tekin til annarra kjara og réttindaatriða varðandi starfið, ráðningin hafi verið skilyrt og samtímis ráðningunni hafi verið gerðar samþykktir um nýskipan læknamála og því augljós óvissa um framtíðarskipun starfa við sjúkrahúsið. Loks bendir stefndi á, að skilyrði landlæknis um a. m. k. eins árs viðbótarnám hafi verið lágmarkskrafa um hæfni, sem stefnandi hafi orðið að fullnægja til þess að eiga kost á stöðunni. Bið í eitt ár hafi þess vegna verið samþykkt vegna stefnanda, en skapi honum ekki neinn rétt.

Þá vísar stefndi að bókun þeirri, sem gerð var á stjórnarfundi þann 8. nóvember 1968, „Uppsögn ráðningar skal vera samkvæmt reglum um sambærilega starfsmenn Reykjavíkurborgar hverju sinni", sbr. *2.1.* Stefndi telur vafalaust, að stefnanda hafi verið um þessa bókun kunnugt, þegar hann undirritaði ráðningarsamninginn fimm dögum síðar. Með orðunum „sambærilegum starfsmönnum hjá Reykjavíkurborg" telur stefndi vafalaust átt við lækna, sem ráðnir séu samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, en það séu yfirlæknar, sérfræðingar og aðstoðarlæknar. Ráðning samkvæmt slíkum samningi veitir hins vegar ekki rétt til fastrar stöðu, svo sem kveðið sé á um í reglugerð um fastráðna starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Læknafélag Reykjavíkur hafi frá 1966 gert kjarasamninga við Reykjavíkurborg og ríkið um kjör félaga sinna. Með þeirri samningsgerð hafi skilið leiðir lækna og annarra opinberra starfsmanna.

Kjör lækna ákvarðist þannig ekki lengur samkvæmt lögum nr. 55/1962 um ríkisstarfsmenn eða reglugerð nr. 159/1962 um starfsmenn sveitarfélaga, heldur með sérstökum kjarasamningi stéttarfélags þeirra.

Hjá Reykjavíkurborg sé í gildi reglugerð um réttindi og skyldur Reykjavíkurborgar. Í fyrstu grein reglugerðarinnar segir svo:

„Reglur þessar taka til hvers manns, sem er fastráðinn eða lausráðinn í þjónustu Reykjavíkurborgar og ekki er ráðinn samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaga".

Þeir læknar, sem ráðnir séu samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur, falli án vafa utan reglugerðarinnar og komi því ekki til álita, að þeir njóti réttinda fastráðinna starfsmanna til stöðu. Engin önnur heimild en reglugerðin sé til um ævilangan rétt til stöðu hjá Reykjavíkurborg. Ákvæði 1. gr. ráðningarsamnings stefnanda, að „almenn ráðningarkjör" fari eftir samningum L. R. og Reykjavíkurborgar, hafi því ekki getað veitt stefnanda ævilangan rétt til stöðunnar.

Í Kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur séu engin ákvæði um rétt einstakra lækna til stöðu eða um uppsögn þeirra. Þeir, sem ráðnir séu samkvæmt samningum, séu samkvæmt framansögðu ótvírætt lausráðnir og staða þeirra því uppsegjanleg. Lengd uppsagnarfrestsins fari eftir almennum reglum, geti ekki verið meiri en almennt gildi um borgarstarfsmenn, eða þrjá mánuði. Uppsagnarfrestur lækna samkvæmt samningum ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur séu tveir mánuðir.

Enn fremur sé á það að benda, að skipaðir starfsmenn Húsavíkurkaupstaðar hafi þriggja mánaða uppsagnarfrest samkvæmt 59. gr. reglugerðar nr. 163/1962.

Þá hefur stefndi gert nokkrar athugasemdir við fjárkröfuliði. Hann segir óljóst, á hverju krafa um sex mánaða laun til viðbótar 3ja mánaða launum sé byggð. Hann mótmælir því sérstaklega, að reiknuð sé greiðsla fyrir yfirvinnuvaktir, bílkostnað og þess háttar, sem óháð sé föstum launum stefnanda. Þá sjáist stefnanda yfir það, er hann tilgreini mánaðarlaun sín í september 1969 kr. 51.550.00, að þar er innifalin greiðsla fyrir yfirvinnu o. fl., sem nemi helmingi þeirrar fjárhæðar, þ. e. föst laun samkvæmt 1. gr. kjarasamnings Læknafélags Íslands og Reykjavíkurborgar.

Stefndi telur skorta allar heimildir til þess að taka kröfu stefnanda um miskabætur til greina. Því fari fjarri, að skilyrðum 264. gr. almennra hegningarlaga sé fullnægt, en slíkar bætur verði ekki dæmdar án beinna lagaheimilda. Auk þess mótmælir stefndi, að stefnandi hafi beðið nokkurt tjón við það, að honum hafi verið sagt upp starfi.

Stefndi mótmælir enn fremur kröfu stefnanda um kr. 200.000.00

við kostnað fyrir ferðalög og flutning. Hann bendir á, að framhaldsnám í læknisfræði sé undantekningarlaust — lítið, stundað erlendis og hljóti stefnandi að hafa gert ráð fyrir að greiða „fargjöld, flutningskostnað o. s. frv.“ báðar leiðir. Námsferð sú, sem hann hafi farið, hafi auk þess komið honum að fullum notum nú og því örðugt að sjá, að hér geti verið um bótaskylt tjón aðræða.

4.0.

4.1. Samkvæmt 4. gr. sjúkrahúsalaga nr. 54/1964 skal við hvert sjúkrahús, sem tekur sjúklinga til dvalar, vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir. Skal sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir að jafnaði annast öll læknisstörf eða hafa yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Þá skal sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir hafa læknis eftirlit með rekstri sjúkrahússins. Í 4. mgr. 4. gr. laganna er ráð fyrir því gert, að heimila megi, að einn eða fleiri læknar starfi við sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, en engu að síður skal þó vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina. Eru ákvæði 4. gr. óbreytt allt frá því, sem var í sjúkrahúsalögum nr. 30/1933. Í greinargerð með þeim lögum segir svo um ákvæði 4—5. gr. „4—5. gr. Þess er krafizt, að einn læknir beri höfuðlæknisábyrgð á hverju sjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeild, og ákvæði eru sett til tryggingar því, að til þess séu valdir hæfir sjúkrahúslæknar, þegar um er að ræða öll meiri háttar sjúkrahús. Stjórn Læknafélags Íslands sem hefur haft frumvarpið til umsagnar, felst á þessi ákvæði, aðeins virðist hún kjósa, að skilyrðislaust sé krafizt hæfra sjúkrahúslækna að hverju sjúkrahúsi og engin sérákvæði séu höfð um héraðslæknana. En það þykja of ströng fyrirmæli, og verður að trúa hverjum héraðslækni fyrir að gæta smásjúkraskýlis við hæfi héraðsins. Álitamál getur þó orðið, hvort hér er hæfilega ákveðinn rúmafjöldi slíkra sjúkraskýla“.

Það verður að telja eðli málsins samkvæmt, að samfara þeim skyldum, sem yfirlækni eru lagðar á herðar með því að annast að jafnaði öll læknisstörf eða hafa yfirumsjón með öllum læknisstörfum sjúkrahúss, fari vald til að ákveða læknismeðferð og segja fyrir um framkvæmd einstakra þátta hennar, þó með því fráviki, sem ráð er fyrir gert í 4. mgr. 4. gr. sjúkrahúsalaganna. Í 1. gr. reglugerðar nr. 103/1969 um störf lækna við sjúkrahúsið í Húsavík eru ítrekaðar þær starfsskyldur yfirlæknis, sem fyrir er mælt í 4. gr. sjúkrahúsalaganna. Í

2. gr. er mælt fyrir um samstarfsnefndir lækna, sem við sjúkrahúsið eru ráðnir. Er þar ákveðið, að samstarfsnefndin beri ábyrgð á, að staðli um læknisþjónustu sjúkrahúss, ef settur verður, sé fylgt. Í niðurlagi 1. gr. reglugerðarinnar er hins vegar ákveðið, að yfirlæknir beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn. Í 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið nánar á um starfshætti samstarfsnefndarinnar, og eru þar í stafliðum a—g tilgreind málefni, sem henni er ætlað að fjalla um. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. er samstarfsnefndinni ætað að taka ákvarðanir um stundun sjúklinga samkvæmt e lið, en það ákvæði er svohljóðandi:

„Ákvarðanir um stundun sjúklinga, þ. á. m. hvaða læknir skuli aðallega annast meðferð „akut" innlagðs sjúklings (sjúklinga) frá síðasta fundi nefndarinnar". Í 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið svo á, að um verkaskiptingu lækna sjúkrahússins og skiptingu sjúklinga milli lækna fari eftir samkomulagi þeirra og/eða reglum, er sjúkrahússtjórn setur að fengnum tillögum samstarfsnefndar. Samkvæmt þessum ákvæðum 3. og 4. gr. reglugerðarinnar var ekki tryggt, að yfirlæknirinn fengi ráðið læknismeðferð sjúklinga á sjúkrahúsinu. Þó verður eigi séð, að með setningu reglugerðarinnar hafi aðstoðarlæknum verið veitt heimild til að starfa sem sjálfstæðir læknar samkvæmt 4. mgr. 4. gr. sjúkrahúsalaga, enda er yfirlækni sjúkrahússins eftir sem áður ætlað að mæla fyrir um meiri háttar aðgerðir, sbr. niðurlagsákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, sbr. og 1. gr. reglugerðarinnar. Verður að telja, að í ákvæðum reglugerðarinnar nr. 103/1969, sem hér hafa verið rakin, felist skerðing á því ákvörðunarvaldi yfirlæknis sjúkrahússins, sem telja verður samkvæmt undirstöðurökum samfara hinum ríku skyldum, sem á yfirlækna sjúkrahúsa eru lagðar samkvæmt 4. gr. sjúkrahúsalaganna. Þykir reglugerðin því að þessu leyti ekki eiga stoð í ákvæðum laga nr. 54/1964. Samkvæmt þessu verður uppsögn stefnanda úr starfi yfirlæknis við Sjúkrahúsið í Húsavík, sem telja verður, að byggzt hafi á því, að hann taldi sér ekki fært að fara eftir ákvæðum reglugerðarinnar, sem færi í bága við ákvæði sjúkrahúsalaga, talin óréttmæt. Á stefnandi því rétt á bótum úr hendi stefnda vegna hinnar óréttmætu uppsagnar. Samkvæmt því, sem fram er komið um efni ráðningarsamnings stefnanda, verður eigi talið, að hann hafi verið opinber starfsmaður í fastri stöðu. Verður eigi talið, að ákvæði laga nr. 38/1954 hafi tekið til ráðningarkjara stefnanda. Eigi verð-

ur heldur séð, að samið hafi verið um ákveðinn uppsagnarfrest, og haggar einhliða bókun í fundargerðarbók stefnda eigi þeirri niðurstöðu. Þegar hins vegar er virt starf það, sem stefnandi gegndi, og ábyrgð sú, sem því fylgdi, og hafðar í huga kröfur þær, sem til stefnanda voru gerðar við ráðningu, þá verður að telja, að réttarstaða stefnanda hafi verið slík, að hann hafi átt rétt á sex mánaða uppsagnarfresti úr starfi. Við uppsögnina stofnaðist réttur til bóta úr hendi stefnda stefnanda til handa. Stefnandi var ráðinn yfirlæknir við annað sjúkrahús, þegar hann lét af starfi hjá stefnda, og er fram komið, að hann hefur ekki misst af tekjum á uppsagnarfrestinum. Eigi þykir þó stefnandi af þeim sökum hafa glatað rétti sínum til bóta úr hendi stefnda. Ekki þykir grundvöllur til að dæma stefnanda bætur fyrir miska, óþægindi og röskun á stöðu og högum. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda var það skilyrði sett fyrir ráðningu stefnanda sem yfirlæknis við sjúkrahús stefnda, að hann færi til framhaldsnáms. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið um ráðningarkjör stefnanda, þykir því ekki grundvöllur til að dæma honum bætur vegna kostnaðar, sem framhaldsnáminu var samfara. Er og á það að líta í því sambandi, að stefnandi fékk greiddan hluta fastra launa, meðan á námi stóð. Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir rétt að hafa mið af uppsagnarfresti þeim, sem stefnanda bar samkvæmt framansögðu, og þeim föstu tekjum, sem hann hafði í starfi sínu hjá stefnda, og jafnframt þykir rétt að hafa í huga kostnað, sem hefur orðið við flutning stefnanda frá Húsavík til Neskaupstaðar. Eftir öllum atvikum þykja bætur þær, sem stefnanda ber úr hendi stefnda samkvæmt þessu, hæfilega ákveðnar kr. 160.000.00. Samkvæmt því verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, 7% árvöxtum frá 30. september 1969 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Pétursson og Guðmundur Jónsson.

Dómsorð:

Stefndi, Sjúkrahúsið í Húsavík s/f, greiði stefnanda, Daníel Daníelssyni, kr. 160.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. september 1969 til greiðsludags og kr. 50.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
dómsformanns, Stefáns M. Stefánssonar borgardómara.

4.2. Hið stefnda sameignarfélag er stofnað til þess að koma upp og starfrækja sjúkrahús í Húsavík og nokkrum nærliggjandi læknishéruðum.

Það er talið stofnað á grundvelli laga um sjúkrhús o. fl., sbr. nú lög nr. 54/1964. Félagið er í sameign Húsavíkurkaupstaðar, sýslusjóðs Suður—Þingeyjarsýslu og nokkurra hreppsfélaga, en sveitarfélögum er m. a. skylt að annast hreinlætis- og heilbrigðismál. Ráðherra veitir leyfi samkvæmt tilvitnuðum lögum til að setja á stofn og starfrækja sjúkrahús að uppfylltum skilyrðum, sem nánar eru rakin í 2. gr. laganna, og heilbrigðisyfirvöld hafa aðgang til eftirlits með slíkum sjúkrahúsum.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna skal leita staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annarra stofnana, sem um getur í lögunum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

Samkvæmt 4. gr. laganna skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar eða lækninga, sem m. a. annast að jafnaði öll læknisstörf eða hafa yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið og læknisefirlit með rekstri þess. Sé sjúkrahús í fleiri en einni deild, skal sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Í síðustu málsgrein 4. gr. laganna er að því vikið, að sé heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, þá skuli engu að síður vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna. Í 5. gr. ofangreindra laga er vikið að skilyrðum þess, að læknir geti talizt hæfur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir, en sérstök lagaskilyrði eru eigi um aðra lækna, sem starfa við sjúkrahús samkvæmt ofangreindu, utan þess, sem felst í lækningaleyfi þeirra. Stefnandi var ráðinn yfirlæknir við sjúkrahúsið, en læknarnir tveir önnuðust í sameiningu störf aðstoðarlæknis samkvæmt ráðningarsamningi sínum við stjórn sjúkrahússins. Til þess að útkljá ágreining milli læknanna staðfesti ráðherra að frumkvæði og með samþykki stjórnar sjúkrahússins reglugerð, sem rakin er í 2.4., en heimild til setningar hennar er talin 2. gr. laga nr. 54/1964. Á fundi sjúkrahússtjórnar 12. maí 1969 var stefnanda boðið að láta reglugerðina koma til framkvæmda

í sjúkrahúsinu með þeim hætti, sem rakin er í 2.4., en áður höfðu aðiljar máls þessa skipzt á gagnstæðum skoðunum um gildi hennar.

Taldi stefnandi reglugerðina í verulegum atriðum ólöglega, einkum 1. mgr. 4. gr. og sum atriði 3. gr. hennar, og fara í bága við þær starfsskyldur og ábyrgð, sem honum væri á herðar lagðar með 4. gr. laga nr. 54/1964. Svarbréf stefnanda, dags. 12. maí 1969, starfsreglur hans, er fólu efnislega í sér veruleg frávik frá ákvæðum reglugerðarinnar, og önnur afstaða hans í þessu sambandi, sbr. 2.4., jafngilti í raun algerri synjun hans á kröfu sjúkrahússtjórnar samkvæmt framanrituðu.

Sé til reglugerðarinnar litið og hún borin saman við ákvæði laga nr. 54/1964 og aðrar réttarheimildir, sem hér þykja skipta máli, þá verður eigi annað séð en að setning hennar hafi farið fram með lögmætum hætti. Þegar 4. gr. laga nr. 54/1964 er athuguð, einkum lokamálsgrein hennar, verður heldur eigi fullyrt, að reglugerðin í heild sinni eða einstök ákvæði hennar brjóti í bága við þær starfsskyldur, sem yfirlækni er falið með tilvitnaðri 4. gr. laga 54/1964 samkvæmt réttri lögskýringu hennar.

Í umræddri reglugerð fólst að vísu nýmæli um skipan læknamála við Sjúkrahúsið á Húsavík. Afstaða stefnanda til hennar var hins vegar afdráttarlaus og alger samkvæmt framanrituðu. Með hliðsjón af þessu verður ekki heldur talið, að ráðningarsamningurinn, venjur eða önnur atvik hafi réttlætt nægilega slíka synjun, eins og málum var hér háttað.

Undanfærsla stefnanda á að sinna boði sjúkrahússtjórnar var því eigi á nægum rökum reist og synjun hans því ólögmæt. Af þessum sökum var framangreind uppsögn, dags. 24. júní 1969, lögmæt og því eigi efni til að dæma stefnanda bætur af því tilefni.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Sératkvæði mitt er því:

Stefndi, Sjúkrahúsið í Húsavík s/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Daníels Daníelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. nóvember

Nr. 199/1971. **Halldór Baldvinsson**
gegn
H/f Júpíter.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Hallldór Baldvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þesssu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 6. nóvember 1972.

Nr. 78/1972. **Ákæruvaldið**
(saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn
Jóni Sævari Gunnarssyni
Heiðari Páli Halldórssyni
Jóni Benedikt Einarssyni
Jóni Óla Mikaelssyni og
Erni Karlssyni
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn lögum nr. 77/1970.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal bréf Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 27. október 1972, undirritað af Jóhannesi F. Skaftasyni lektor, svohljóðandi:

„Rannsóknastofunni barst í dag bréf yðar, dagsett í dag,

þar sem óskað er eftir nánari skýringum á orðalagi í matsgerð nr. 22 — Ávana — og fýknilyf og efni, dags. 10. 2. 1971.

Í matsgerð prófessors Þorkels Jóhannessonar segir: „Má þannig teljast mjög líklegt, að í sýninu hafi verið lýsergíð og að magn þess hafi verið ca. 100—150 míkróg."

Við athugun rannsóknargagna umrædds máls hér á rannsóknastofunni verður ekki séð, að neitt vafaatriði hafi komið fram við rannsóknina. Þannig voru þrjú rannsóknaratriði jákvæð, flúorisering í útfjólublárau ljósi, rásgildi á þynnu og litun með dímetýlamínóbenzaldehýðlausn. Fleiri rannsóknir hefðu getað aukið á vissuna, og mun það vera ástæðan fyrir orðalagi prófessors Þorkels, en stærð sýnis hefur ekki leyft frekari athuganir.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um lýsergíð hafi verið að ræða."

Brot ákærða Jóns Sævars eru réttilega heimfærð til refsiákvæða í héraðsdómi. Aðrir ákærðu veittu viðtöku efnum þeim, er í héraðsdómi getur, og hafa með því brotið gegn refsiákvæðum þeim, er þar greinir.

Refsing ákærða Jóns Sævars Gunnarssonar þykir hæfilega ákveðin varðhald 2 mánuði, en eftir atvikum þykir rétt, að fresta megi fullnustu varðhaldsrefsingar og hún falli niður að tveim árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Þá greiði ákærði Jón Sævar kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingar ákærðu Heiðars Páls Halldórssonar, Jóns Benedikts Einarssonar, Jóns Óla Mikaelssonar og Arnar Karlssonar, þó þannig, að vararefsing ákærðu Heiðars Páls og Jóns Benedikts hvors um sig ákveðst varðhald 3 daga, ákærða Jóns Óla 7 daga og ákærða Arnar Karlssonar 5 daga.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1970 ber að gera upptækt

til ríkissjóðs andvirði efnis þess, sem ákærði Jón Sævar seldi, kr. 4.000.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku efna þeirra, er fundust í fórum ákærða Jóns Sævars Gunnarssonar.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Saksóknarlaun til ríkissjóðs ákveðast kr. 20.000.00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í Hæstarétti kr. 20.000.00.

Dæma ber ákærða Jón Sævar Gunnarsson einan til að greiða helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar. Hinn helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar greiða allir ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Jón Sævar Gunnarsson sæti varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Ákærði greiði kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Heiðar Páll Halldórsson og Jón Benedikt Einarsson greiði hvor um sig kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Óli Mikaelsson greiði kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Karlsson greiði kr. 6.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint söluandvirði, kr. 4.000.00, skal vera upptækt til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku þar greindra efna og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Jón Sævar Gunnarsson greiði einn helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin hálf saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og hálf málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00. Hinn helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar greiði allir ákærðu óskipt, þar með talin hálf saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og hálf laun skipaðs verjanda, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 2. febrúar 1972.

Árið 1972, miðvikudaginn 2. febrúar, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem háður var í skrifstofu embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29—33/1972: Ákæruvaldið gegn Jóni Sævari Gunnarssyni, Heiðari Páli Halldórssyni, Jóni Benedikt Einarssyni, Jóni Óla Mikaelssyni og Erni Karlssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember s.l., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Sævari Gunnarssyni verkamanni, Víðihvammi 1, Hafnarfirði, Heiðari Páli Halldórssyni verkamanni, Fögrukinn 19, Hafnarfirði, Jóni Benedikt Einarssyni verkamanni, Köldukinn 21, Hafnarfirði, Jóni Óla Mikaelssyni nemanda, Grýtubakka 10, Reykjavík, og Erni Karlssyni nemanda, Granaskjóli 5, Reykjavík, öllum fyrir brot á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 77/1970, sbr. reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969.

Gegn ákærða Jóni Sævari er málið höfðað fyrir að hafa haft meðferðis og smyglað til landsins, þegar ákærði kom til Reykjavíkur 6. desember 1970 sem farþegi með m/s Gullfossi, kannabis að rúmmáli á stærð við hálfan eldspýtnastokk, en helmingi þynnri, 9 töflur (18 skammta) af lýsergíð (LSD) og hylki, sem í var sama efni, lýsergíð (LSD) um 100 míkrógrömm. Kannabisköggulinn hafði ákærði við komu skipsins til hafnar límt inn í buxnaskálm, en lýsergíð (LSD) hafði ákærði falið í faldi á skinnjakka, í innbroti á buxnaskálm og í fóðri á skinnhanzka, allt í fatnaði, sem ákærði hafði meðferðis í farangurstösku. Þá

er málið höfðað gegn ákærða Jóni Sævari fyrir að selja öðrum meðákærðu lýsergíð (LSD), svo sem nánar verður rakið, og gefa þeim öllum kannabis að reykja. Að selja meðákærðu Jóni Benedikt Einarssyni, Jóni Óla Mikaelssyni og Erni Karlssyni hverjum um sig 2—2½ töflu, eða 4—5 skammta, af lýsergíð (LSD) fyrir kr. 2.000.00—2.500.00, en hvern skammt seldi ákærði Jón Sævar á kr. 500.00. Að selja meðákærða Heiðari Páli Halldórssyni ½ töflu, eða einn skammt, á kr. 500.00. Ákærðu neyttu jafnan taflnanna, um leið og viðskiptin höfðu farið fram, og voru þá ýmist tveir eða þrír saman þannig:

Ákærði Jón Sævar og meðákærðu Jón Óli og Örn á Austurbar við Snorrabraut í Reykjavík sunnudaginn 20. desember 1970 og sunnudaginn 27. desember 1970 og ákærði Jón Sævar og meðákærði Örn á sama stað sunnudaginn 3. janúar 1971. Ákærði Jón Sævar og meðákærðu Heiðar Páll og Jón Benedikt sunnudaginn 10. janúar 1971 heima hjá ákærða Jóni Sævari. Öllum meðákærðu gaf ákærði Jón Sævar kannabis að reykja, ýmist við sömu tækifæri eða í annan tíma eftir komu til landsins.

Brot ákærða Jóns Sævars teljast varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. nefndra laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969.

Gegn öllum fjórum meðákærðu, Heiðari Páli, Jóni Benedikt, Jóni Óla og Erni, er málið höfðað fyrir að kaupa og veita viðtöku lýsergíð (LSD)-töflum, sem þeir síðan neyttu, svo sem að framan er rakið, og að veita viðtöku kannabis, sem þeir allir reyktu hjá ákærða Jóni Sævari.

Brot meðákærðu teljast varða við 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. nefndra laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., sbr. 1. gr. framangreindrar reglugerðar um ávana- og fíkniefni.

Þess er krafizt, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar. Enn fremur að ákærði Jón Sævar sæti upptöku á því magni framangreindra efna, sem tekið var úr vörzlum hans og rannsakað var, svo og á söluverði framangreindra lýsergíð (LSD)-taflna, allt að kr. 8.000.00, samkvæmt 5. gr. i. f. laga nr. 77/1970, og 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Allir eru hinir ákærðu sakhæfir.

Ákærði Jón Sævar, fæddur 12. apríl 1953 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1970 8/4 Hafnarfirði: Sátt 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Aðrir ákærðu, Heiðar Páll, fæddur 16. apríl 1953 í Vestmannaeyjum, Jón Benedikt, fæddur 4. marz 1953 í Reykjavík, Jón Óli, fæddur 3. júní 1952 í Washington D.C., U.S.A., og Örn Karlsson, fæddur 23. júlí 1952 í Stykkishólmi, hafa hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Fyrir ákærða Jón Sævar hefur verið haldið uppi vörnum í máli þessu af hæstaréttarlögmanni Hrafnkeli Ásgeirssyni og þess krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara eru gerðar þær kröfur, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og sú refsing verði ákveðin skilorðsbundin. Þá er krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkissjóðs.

Samkvæmt framburðum ákærðu, skýrslum lögreglunnar og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

Sumarið 1970 dvaldist ákærði Jón Sævar í Malmö í Svíþjóð, þar sem hann vann í tígulsteinsverksmiðju. Hann kvaðst ekki í upphafi dvalar sinnar þar hafa neytt fíknilyfja og fyrir utanförina aldrei hafa neytt þeirra. Honum var í upphafi dvalarinnar oft boðið fíknilyfið „hash“ til kaups, en hann kvaðst þá ekki hafa viljað byrja á því að neyta þess. Virðist hann í fyrstu hafa verið á báðum áttum um það, hvort hann ætti að reyna hvernig það væri að vera undir áhrifum „hash“.

Í bréfi, sem kunningi ákærða Jóns Sævars, Ingvar Svavarsson, Öldutúni 1, Hafnarfirði, skrifar honum, kemur fram, að ákærði Jón hefur leitað ráða hjá þessum kunningja sínum um það, hvort hann ætti að reyna „hash“. Þannig segir m.a. í bréfinu: „.... Ég get ekkert ráðlagt þér með harchið eða lsd. Því verður þú að ráða sjálfur, en þó komdu með smávegis til að lofa mér að prófa, ég borga þér það.“ ....

Þá skrifar vinstúlka hans honum, og segir svo í bréfum hennar m. a.:

....„Ertu búinn að prófa hash? Komdu með handa mér ef þú getur og ef ég þori að prófa það. Ef þú prófar hash, ekki gera það þá oftar en einu sinni, því eins og þú veizt verður hættan alltaf meiri með hverju skipti á því að þú verður dopisti og ef þú verður dopisti og ef þú verður dopisti ertu búinn að vera“ ....

....„Þú ætlar að prófa hash eða ertu kannske búinn að því?“

....„Viltu lofa að prófa eiturlyf bara einu sinni? Gerðu það, það er bezt fyrir sjálfan þig you know?“...

Eftir að hafa dvalizt í tvo mánuði í Svíþjóð kvaðst ákærði Jón Sævar svo hafa látið tilleiðast að neyta lyfsins. Hitti hann 16 ára ungling, sem gaf honum skammt af lyfi þessu, og neyttu þeir þess saman, þ. e. reyktu það saman. Eftir þetta kveðst hann hafa reykt „hash“ 5—6 sinnum, áður en hann fór aftur heim til Íslands. Keypti hann einn og einn skammt af því, og kostaði skammturinn frá 5—10 krónur sænskar.

Í byrjun desember 1970 hélt hann svo heim til Íslands. Hafði hann áður fengið tilskrif frá kunningjum sínum, sem báðu hann að kaupa fyrir sig „hash“ og hafa það með sér heim. Buðu þeir að senda honum peninga, en hann svaraði og sagði það geta beðið, þar til hann kæmi heim.

Nokkru áður en hann hélt heim, keypti hann „hash“ fyrir 30 krónur danskar og 13 pillur af LSD. 6 þeirra keypti hann í Malmö fyrir 25—35 kr. sænskar hverja töflu, en 7 keypti hann í Kaupmannahöfn fyrir 20 kr. danskar töfluna. Þá kvaðst hann hafa keypt hylki af meskalíni með tveimur skömmtum. Neytti hann annars skammtsins, meðan hann var úti, og sömuleiðis 3ja LSD taflna af þeim 13, sem hann keypti.

Hann kom svo til Reykjavíkur með m/s Gullfossi 6. desember 1970. Hafði hann þá áðurnefnd fíknilyf með sér. Límdi hann „hash“-köggulinn, sem var á stærð við eldspýtnastokk, en helmingi þynnri, inn í buxnaskálm sína. LSD töflurnar og meskalínhylkið lét hann ýmist í fald á skinnjakka, innbrot í buxnaskálm eða fóður í skinnhanzka, en buxurnar, jakkann og hanzkana var hann með í farangurstösku, sem ekkert var leitað í við tollskoðun né var leitað á honum sjálfum. Nokkru eftir heimkomuna hafði hann samband við kunningja sína og þeir við hann, og fengu þeir vitneskju um, að hann hefði „hash“ og LSD undir höndum. Hann kvaðst ekki hafa keypt lyf þessi í því skyni að selja þau. Hins vegar hafi kunningjar hans, einkum meðákærðu Örn og Jón Óli, leitað á hann með að fá lyfin. Hann hafi ekki boðið þeim þau að fyrra bragði til kaups, en þó hafi svo farið, að hann hafi látið öllum meðákærðu þau í té, selt þeim LSD töflur, en gefið „hash“. Atvikaðist það svo, að rétt eftir að hann kom að utan, hitti hann á heimili Ingvars Svavarssonar, Öldutúni 1, Hafnarfirði, meðákærða Heiðar Pál, sem fékk þar vitneskju um, að hann hefði „hash“ og LSD undir höndum, og lofaði meðákærða Heiðari, að hann skyldi leyfa

honum og Ingvari að reyna það við síðara tækifæri. Þá hafði og samband við hann meðákærði Jón Óli til að forvitnast um, hvort hann hefði ekki haft með sér einhver eiturlyf að utan, eins og áformað var í bréfum þeirra á milli. Mæltu þeir sér mót á Austurbar í Reykjavík og hittust þar sunnudaginn 20. desember 1970. Þangað kom og meðákærði Örn Karlsson. Seldi ákærði Jón Sævar þeim hvorum um sig einn skammt (½ töflu) af LSD (lýsergíð), sem þeir neyttu þarna á staðnum. Viku síðar, sunnudaginn 27. desember s. á., hittust þeir heima hjá meðákærða Jóni Óla, og seldi þá ákærði Jón Sævar þeim sinn hvorn skammtinn af LSD, sem þeir neyttu þar á staðnum. en fóru allir saman á „poppleikinn" Óla, er áhrifa fór að gæta eftir lyfjaneyzluna.

Sunnudaginn 3. janúar 1971 hittust inn á Austurbar í Reykjavík ákærðu Jón Sævar, Jón Óli og Örn. Þá var og með þeim bróðir Jóns Óla, Sævar að nafni. Seldi nú ákærði Jón Sævar meðákærða Jóni Óla eina töflu, eða 2 skammta, af LSD, og neyttu þeir þarna á staðnum sín hvorrar töflunnar, en hvorki Sævar né Örn tóku þá efni þessi inn, en Sævar kváðu þeir hafa haft með sér til öryggis. Er áhrifanna tók að gæta, fóru þeir í Stjörnubíó, en eftir að kvikmyndasýningu var lokið þar, héldu þeir hver og einn heim til sín. Nokkru síðar, eða 10. janúar s.l., komu til ákærða Jóns Sævars meðákærðu Heiðar Páll og Jón Benedikt. Voru þeir allir í herbergi Jóns Sævars, reyktu vindla og töluðu saman. Áleit Jón Sævar þarna komið tækifærið, sem hann hafði áður talað um. Er foreldrar hans höfðu farið út og þeir voru einir heima, spurði Jón Sævar þá, hvort þeir ættu ekki að prófa það núna, sem var samþykkt. Tók hann út úr skáp tvær pillur, fór með þær fram í eldhús og skipti þeim þar með því að þrýsta undirskál á kúbuna á þeim, og hrukku þær þá í tvennt. Tóku þeir svo hver hálfa pillu, einn skammt, og neyttu þarna á staðnum og greiddu Heiðar og Jón Benedikt ákærða Jóni Sævari kr. 500.00 fyrir hvorn skammt.

Ákærði Jón Sævar gaf öllum meðákærðu „hash" að reykja. Þannig kvaðst Jón Óli hafa reykt þrívegis „hash", sem Jón Sævar gaf honum og þeir reyktu saman úr til þess gerðri pípu, en hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa af þeim reykingum. Í eitt skiptið voru þeir við þessar reykingar á heimili Jóns Óla, og var þá þar og staddur meðákærði Örn, sem einnig reykti þá „hash", sem ákærði Jón Sævar lagði til, og kvaðst

hann hafa fundið til áhrifa eftir reykinguna. Þá bauð ákærði Jón Sævar meðákærðu Jóni Benedikt og Heiðari Páli að reykja með sér „hash", er þeir komu heim til hans 10. janúar s.l., og reyktu þeir mjög lítið af því, tóku eitt eða tvö reyksog og kváðust ekki hafa fundið til áhrifa af því. Nokkru síðar, eða 28. janúar s.l., fengu foreldrar ákærða Jóns Sævars vissa vísbendingu um, að hann væri með fíknilyf undir höndum, sem hann væri að dreifa meðal unglinga. Gerðu þau leit í herbergi hans og fundu þar tvær alleinkennilegar og mjög litlar pillur, eitt hylki, sem var í spúnakassa í jakka hans, þá fannst og köggull, sem hann kvað síðar innihalda „hash", og þarna voru og reykjapípur, sérstaklega gerðar til að nota við reykingar á efni þessu.

Framangreind efni og pípur voru afhent lögreglunni, og kvað ákærði Jón Sævar pillurnar innihalda LSD, hylkið meskalín og köggulinn „hash" og vera hluta þess magns fíknilyfja, sem hann hafði með sér til landsins og áður er greint frá.

Efni þessi voru send Rannsóknastofu í Lyfjafræði við Háskóla Íslands til efnagreiningar, og segir svo í matsgerð Þorkels Jóhannessonar. Sýni 21 er áðurnefndur köggull, sýni 22 pillurnar og sýni nr. 23 hylkið.

„Sýni 21: .... Sýnið var ljósgrænn köggull úr samanþjöppuðum muldum plöntuhlutum ca. 0.4 cm. á þykkt og ca. 1 cm. í þvermál. Lyktin var dauf og gaf engan veginn til kynna, að um kannabis væri að ræða. Niðurstöður efnafræðilegrar athugunar bentu hins vegar eindregið til þess, að um kannabis væri að ræða, enda þótt magnið gæti ekki verið mikið, og smásjárskoðun staðfesti, að svo væri.

Sýni 22: .... Sýnið var 2 ljósrauð töflubrot (ca. 30 mg.) með dökkum dröfnum. Blettagreining á þynnu með extrakti úr sýninu, leyst í metanóli og þekktu magni af lýsergíði og ergótamíni, sýndi eftir úðun með dimetýlamínóbenzaldehýðlausn, að rásgildi sýnisins og lýsergíðs var hið sama (0.32). Rásgildi ergótamíns var hins vegar 0.28. Má þannig teljast mjög líklegt, að í sýninu hafi verið lýsergíð og að magn þess hafi verið ca. 100—150 míkróg."

Sýni 23: .... Sýnið var ljósgrænt duft og átti samkvæmt upplýsingum, er með fylgdu, að innihalda meskalín. Blettagreining á þynnu leiddi hins vegar í ljós, að um lýsergíð væri að ræða, væntanlega ca. 100 míkróg."

Ákærðu hafa lýst lítillega áhrifunum, sem neyzla lyfjanna, þó einkum LSD, olli.

Þannig kveðst ákærði Heiðar Páll um hálf tíma eftir inntöku LSD skammts hafa farið að finna til áhrifa, honum hafi sýnzt sóffi í herbergi Jóns Sævars og sem hann sat í síga niður að gólfi. Þá hafi honum sýnzt allt vera skýrara, en jafnframt orðið hræddur, sérstakega við lögreglu og einhverja embættismenn. Eftir að síðar hafi verið út komið, hafi honum fundizt allir bílar vera á ofsalegri ferð og hann ekki þorað yfir götuna, ef bíll var sjáanlegur.

Ákærði Jón Benedikt kvaðst hafa neytt LSD skammts um kl. 1400 og áhrifin komið smátt og smátt eftir það. Fjarlægðarskynið hafi ruglazt og hann orðið alleinkennilegur í hugsun. Um kl. 2400 hafi áhrifin verið að dvína, hann hafi verið syfjaður, en þó ekki getað sofnað.

Ákærði Jón Sævar kvaðst hafa neytt úti í Kaupmannahöfn, skömmu áður en hann kom heim, eins skammts af meskalíni í hylki (reyndist vera LSD) og fundið af því töluverð áhrif, þannig að hann hafi verið ófær um að verzla tveim dögum áður en hann hélt heim. Hann kvaðst svo, eftir að hann kom heim, hafa tekið inn einn skammt af LSD, en orðið hræddur, af því að hann var einn.

Óskað var álitsgerðar dr. Vilhjálms Skúlasonar lyfjafræðings, hver áhrif neyzla þessara lyfja hafi á neytandann og hverjar geti orðið afleiðingar neyzlunnar fyrir heilsu hlutaðeigandi.

27. október barst dóminum álitsgerð dr. Vilhjálms G. Skúlasonar, og var hún lögð fram í dóminum 18. nóvember s.l. Mótmælti þá verjandi Jóns Sævars, hæstaréttarlögmaður Hrafnkell Ásgeirsson, álitsgerðinni sem þessu máli óviðkomandi. Ekki verður á það fallizt.

Í álitsgerðinni kemur m. a. þetta fram:

„... L.S.D. er hvítt kristallinskt efni, sem hefur svo mikla líffræðilega verkun, að skammt þess verður að mæla í milljónustu hlutum gramms. Áhrif L.S.D. byggjast á mörgum þáttum, m. a. stærð skammtsins, persónuleika, vonum þeim, sem neytandinn gerir sér um ferðina og fyrri reynslu hans af lyfinu. Jafnvel reyndir neytendur geta aldrei verið vissir um þá stefnu, sem ákveðin ferð kann að taka. Hún ákvarðast af áhrifum í umhverfi neytandans og því, sem annað fólk segir og gerir. Ekkert lyf getur því haft eins ófyrirsjáanlegar afleiðingar bæði fyrir neytandann og umhverfi hans ...

L.S.D. er næstum alltaf tekið í inntöku og byrjar að verka

innan 20 mínútna. Fyrstu áhrif lyfsins eru skapbreytingar, sljófgun á sjón og afskræming þess, sem augað skynjar. Eftir um það bil 1 klukkustund má ætla, að full áhrif lyfsins hafi komið fram. Neytandinn hefur þá komizt í sinn óraunverulega heim, en er vakandi og skynjar umhverfi sitt á óraunverulegan hátt. Allt í umhverfinu breytir stöðugt um stærð, lögun og lit. Sjónhverfingar koma hver á eftir annarri með miklum hraða. Andlit eru afskræmd og undarleg, veggir eru ekki lóðréttir, og stundum virðist neytandanum, að þeir ætli að hvolfast yfir hann. Líkami neytandans virðist vera tröllvaxinn eða örsmár á víxl. Hendur og fætur virðast vera geysistórir og þungir eða svo litlir, að þeir hafa engan þunga og geta í sumum tilvikum virzt losna alveg við líkamann. Neytandanum getur jafnvel fundizt, að hann hafi yfirgefið líkamann til fulls og geti séð hann sitja eða standa, þar sem hann er í raun og veru.

Bragðskynjunin breytist, snerting gefur röng áhrif, og líkaminn getur virzt óeðlilega heitur eða kaldur. Stundum skynja skilningarvitin rangt, þannig að neytandinn getur til dæmis séð hljóð, sem kemur úr hátalara. Tíminn getur staðið kyrr, þotið áfram með ógnarhraða, þannig að sekúndur verði þúsundir ára eða jafnvel þokazt aftur á bak.

Allt þetta og margt fleira hefur áhrif á hin beinu áhrif LSD sjálfs á hugarástand neytandans. Hann getur orðið ofsakátur vegna dásamlegrar sýnar eða altekinn óttatilfinningu, þegar sýnin hverfur og hræðilegar skynvillur koma í staðinn. „Ferð" er ekki nauðsynlega góð eða slæm alla leiðina. Í stað vímunnar getur á nokkrum augnablikum komið hræðsla eða svartsýni. Slíkar breytingar geta leitt til hvatvíslegra framkvæmda, sem gera stöðugt eftirlit nauðsynlegt. Ef það er ekki fyrir hendi, getur LSD neytandinn framið sjálfsmorð, ráðizt á aðra og orðið umhverfi sínu hættulegur, ekki sízt ef hann ekur ökutæki. Jafnvel missýnir geta leitt til skelfingar, til dæmis ef neytandanum finnst hann geta gengið í loftinu og gengur út um glugga á efstu hæð. Í raunverulegum skilningi framkallar LSD því tímabundna geðveiki. Hugsunin er svo trufluð, að einstaklingurinn getur ekki einbeitt sér, þar sem hugur hans reikar frá einni hugsuninni til annarrar. Eins og aðrir geðsjúklingar getur LSD neytandinn haldið, að hann sé hæfur til mikilla andlegra afreka...."

Um „hash" segir m.a. í álitsgerðinni:

„Hass (marijúana, kannabis) er mjög gamalt lyf, sem var notað sem kvalastillandi lyf þegar um 3000 árum fyrir Krists burð.....

Hin andlegu áhrif þess eru meðal annars vellíðunarkennd, ofsakæti og aukið hugmyndaflug. Skynjun tíma, fjarlægðar, sjónar og heyrnar er afskræmd, en stundum gerir ótti eða ofsahræðsla vart við sig. Í félagsskap er hassneytandinn ræðinn og kátur, en í einveru er hann syfjaður og hljóðlátur. Hæfni hassneytandans til þess að framkvæma ýmis störf, til dæmis bifreiðaakstur, er alvarlega skert. Með tilliti til áhrifa hass á framkomu einstaklinga má einna helzt líkja þeim við áhrif miðlungs misnotkunar áfengis. Einstaklingurinn getur orðið andlega háður lyfinu, og fer það eftir mati hvers og eins á áhrifum þess, hversu alvarlega hann verður háður því.

Ekki er talið, að neyzla hass hafi alvarleg eyðileggjandi áhrif á líkamlega heilsu manna, en andleg ánauð gagnvart áhrifum lyfsins getur orðið svo mikil, að hún leiði til alvarlegrar deyfðar, vanrækslu og neyzlu lyfsins að staðaldri þannig, að hún útiloki alla jákvæða starfsemi neytandans. Auk þess getur neyzla lyfsins leitt til tímbundinnar og varanlegrar geðveiki eða hvatvíslegra framkvæmda, sem svörum við snöggum ótta, er einstaklingnum og þjóðfélaginu getur stafað hætta af....“

Hefur nú verið rakið það helzta, sem fram er komið í málinu.

Er af því ljóst, að ákærði Jón Sævar hafði með sér til landsins 6. desember 1970 kannabis að rúmmáli á stærð við eldspýtnastokk, 9 töflur (18 skammta) af lýergíð (LSD), og hylki, sem í voru um 100 mikrógrömm af lýsergíð (LSD), og kom hann efnum þessum inn í landið földum í fatnaði, sem ákærði hafði meðferðis, aðallega farangurstösku, sem hann hafði með sér í land. Ekki verður talið sannað, að ákærði Jón Sævar hafi, er hann keypti fíknilyf þessi þá skömmu áður úti í Svíþjóð og Danmörku, ætlað þau til sölu hér heima. Hins vegar er ljóst, að nokkru eftir heimkomuna fá meðákærðu vitneskju um, að hann hafi fíknilyf undir höndum, hafa samband við hann og falast eftir lyfjum þessum. Gefur ákærði Jón Sævar þeim af „hashinu“ að reykja, en selur þeim nokkra skammta (½ töflu) af lýsergíð (LSD), og gjalda þeir 500.00 kr. fyrir hvern skammt.

Eftirtalið magn af lýsergíð er upplýst, að ákærði Jón Sævar seldi ákærðu, sem þeir veittu viðtöku og neyttu þá um leið:

4 skammtar (2 töflur) til Jóns Óla.
2 — til Arnar Karlssonar.
1 skammtur til Jóns Benedikts.
1 — til Heiðars Páls.

Afhendir hann Jóni Óla og Erni Karlssyni sinn hvorn skammtinn á Austurbar 20. desember 1970 og aftur 27. desember s. á. á heimili Jóns Óla, en 3. janúar 1971 afhendir hann Jóni Óla á Austurbar 2 skammta. 10. janúar 1971 afhendir hann á heimili sínu Jóni Benedikt og Heiðari Páli sinn hvorn skammtinn. „Hash" býður hann meðákærðu til reykinga ókeypis flest þessi skipti og oftar, og veita þeir því viðtöku og reykja það, en í litlum mæli.

Með atferli þessu hefur ákærði Jón Sævar gerzt brotlegur við 1. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Meðákærðu, Heiðar Páll, Jón Benedikt, Jón Óli og Örn, hafa með því að kaupa og veita viðtöku framangreindu magni af lýsergíð (LSD) og ómældu, en litlu magni af kannabis gerzt sekir um brot á 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Refsing ákærðu þykir samkvæmt 6. gr. framangreindra laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði Jón Sævar sæti fangelsi í 40 daga, en eftir atvikum þykir rétt, að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði Jón Sævar almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Heiðar Páll greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 4.000.00, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Benedikt greiði kr. 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Óli greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 8.000.00, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Karlsson greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 9 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Í fórum ákærða Jóns Sævars fundust áðurgreindir tveir skammtar (ein tafla) af lýsergíð, hylki með sama efni og hashköggull. Samkvæmt 5. gr. laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. ber að gera efni þessi upptæk til ríkissjóðs.

Lýsergíð töflur þær, sem ákærði Jón Sævar flutti inn í landið, hafði hann fest kaup á í Malmö og Kaupmannahöfn. Keypti hann 6 töflur í Malmö og gaf 25—30 kr. sænskar fyrir hverja töflu. 7 töflur keypti hann í Kaupmannahöfn og gaf 20 kr. danskar fyrir hverja.

6. desember 1970 jafngiltu 100 danskar kr. 1.175.26 íslenzkum kr. og 100 sænskar kr. 1.702.90 íslenzkum kr. Með því að reikna með, að meðalverð á töflunum keyptum í Malmö hafi verið sænskar kr. 30.00 fæst út, að meðalkaupverð allra taflnanna hafi verið nálægt kr. 350.10 hver tafla.

Söluverð þeirra var, eins og fram er komið, kr. 1.000.00 hver tafla. Ákærði Jón Sævar seldi alls 4 töflur fyrir samtals kr. 4.000.00. Kaup- og kostnaðarverð þeirra var kr. 1.400.00, og reynist því hagnaður af sölunni hafa verið kr. 2.600.00. Samkvæmt 5. gr. i. f. laga nr. 77/1970 og 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að gera hagnað þennan upptækan til ríkissjóðs.

Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða Jóns Sævars, hæstaréttarlögmanns Hrafnkells Ásgeirssonar, ákveðast kr. 8. 500.00, og dæmist ákærði Jón Sævar til að greiða þau.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls annars sakarkostnaðar, aðallega eftir þessum hlutföllum, ákærði Jón Sævar greiði ½ kostnað, aðrir ákærðu ½, en annars einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Vegna annríkis dómara hefur orðið nokkur dráttur á málalyktum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Sævar Gunnarsson sæti fangelsi í 40 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Heiðar Páll Halldórsson og Jón Benedikt Einarsson greiði hvor um sig krónur 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Óli Mikaelsson greiði krónur 8.000.00 í sekt

til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Karlsson greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 9 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptækt skal vera til ríkissjóðs ein tafla lýsergíð (LSD), eitt hylki með sama efni og köggull af kannabis 0.4 cm á þykkt og 4 cm í þvermál svo og ólöglegur söluhagnaður að upphæð kr. 2.600.00.

Ákærði Jón Sævar greiði í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Hrafnkels Ásgeirssonar, kr. 8.500.00 og helming alls annars sakarkostnaðar, en aðrir meðákærðu hinn helming hans, en ella greiði allir ákærðu sakarkostnað þennan óskipt saman einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. nóvember 1972.

Nr. 45/1972. **Hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Magnúsi Ó. Jónssyni, Hirti Jónssyni og Hauki Eggertssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Forkaupsréttur að jörð samkvæmt lögum nr. 40/1948.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. marz 1972. Hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 12. september þ. á.

Áfrýjandi krefst þess, að kaupsamningur og afsal stefnda Magnúsar Ó. Jónssonar til stefndu Hjartar Jónssonar og Hauks Eggertssonar frá 25. september og 25. október 1971 fyrir jörðinni Innra-Leiti í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu verði dæmd ógild og að stefnda Magnúsi Ó. Jónssyni verði dæmt skylt að afsala áfrýjanda f. h. hreppsins téðri jörð „með húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum fyrir kr. 1.200.000.00." Þá krefst hann málskostnaðar óskipts úr hendi stefndu fyrir báðum dómum og eins og mál væri ekki gjafsóknarmál, að því er varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram endurrit af fundargerð hreppsnefndar Skógarstrandarhrepps 6. október 1971. Kemur þar m. a. fram, að Theódór Guðmundsson, sem þá bjó á Innra-Leiti, sat fundinn. Óskaði hann eftir, að hreppsnefndin keypti jörðina „með það fyrir augum að endurselja sér jörðina." Síðar í fundargerðinni segir svo: „Hreppsnefndin ákveður, að Skógarstrandarhreppur kaupi jörðina og endurselji síðan Theódór, enda standi hann við allar skuldbindingar gagnvart kaupunum, þannig að þau verði Skógarstrandarhreppi að kostnaðarlausu". Var oddvita falið að annast kaupin og undirrita afsal sem kaupandi.

Málsefni er lýst í megindráttum í héraðsdómi, en rétt þykir þó að reifa nokkra frumdrætti málsins .

Með bréfi stefnda Magnúsar Ó. Jónssonar 26. september 1971 sendi hann hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps kaupsamning um jörðina Innra-Leiti, er hann hafði gert við stefnda Hjört Jónsson, og var hreppsnefnd boðinn forkaupsréttur samkvæmt lögum nr. 40/1948. Síðan segir í bréfinu: „Til frekari skýringar skal þess getið, að hinn væntanlegi kaupandi hefur boðið mér búrekstursaðstöðu á jörðinni, ef af kaupum verður, og hef ég fullan hug á að hagnýta mér það boð hans." Með bréfi 6. október 1971 tilkynnti oddviti Skógarstrandarhrepps stefnda Magnúsi Ó. Jónssyni, að hreppsnefndin hafi ákveðið á fundi sínum þann dag

„að taka kauptilboði yðar um forkaupsrétt á jörðinni Innra-Leiti, Skógarstrandarhreppi". Barst svarið stefnda Magnúsi hinn 7. október s. á. og því innan þeirra tímamarka, sem 5. gr. laga nr. 40/1948 áskilur. Í héraðsdómi eru rakin rækilega viðbrögð stefnda Magnúsar og annarra hinna stefndu við þessari tilkynningu svo og aðgerðir hreppsnefndar. Eru ekki bornar brigður á það, að framboð greiðslna af hálfu áfrýjanda hafi verið fullnægjandi samkvæmt ákvæðum kaupsamnings hinna stefndu Magnúsar Ó. Jónssonar og Hjartar Jónssonar, er stefndi Haukur Eggertsson gerðist síðar aðili að. Verður þá rannsóknarefni, hvort hreppsnefndin hafi fyrirgert forkaupsrétti sínum með því að taka ekki afstöðu til boðs væntanlegra kaupenda um búrekstraraðstöðu til handa stefnda Magnúsi Ó. Jónssyni.

Áður er það rakið, að ákvæði um búrekstraraðstöðu til handa Magnúsi Ó. Jónssyni var ekki tekið í kaupsamning, og jafnframt var greint það, sem um það atriði sagði í bréfi Magnúsar til hreppsnefndar hinn 26. september 1971. Með bréfi 9. október 1971 til oddvita Skógarstrandarhrepps vekur Magnús Ó. Jónsson athygli á því, að í bréfi oddvita frá 6. október s. á. til sín um forkaupsréttinn sé ekki tekin afstaða til þess atriðis í tilboði Hjartar Jónssonar, er lúti að því að heita sér búskaparaðstöðu á jörðinni. Jafnframt var sent bréf frá þeim Hirti Jónssyni og Hauki Eggertssyni, dagsett þann dag, þar sem lýst var rækilega í hverju búrekstraraðstaða til handa Magnúsi Ó. Jónssyni skyldi fólgin. Óskar Magnús Ó. Jónsson afdráttarlauss svars hreppsnefndar um það, hvort hún vilji „kaupa jörðina með öllum þeim skilmálum, sem ég hef samið um við Hjört Jónsson, en að öðrum kosti verð ég að líta svo á, að þér afsalið yður forkaupsréttinum". Með símskeyti oddvita Skógarstrandarhrepps hinn 12. október 1971 til Magnúsar Ó. Jónssonar og tveimur bréfum 15. október og 19. október kom skýrlega fram sú afstaða hreppsnefndar, að hún taldi sig eiga rétt á að neyta forkaupsréttar að jörðinni Innra-Leiti með þeim kjörum, sem greindi í kaupsamningi milli þeirra Magnúsar Ó. Jónssonar og Hjartar Jónssonar frá 25. september

1971 og taldi sér jafnframt óskylt að hlíta boði hins síðargreinda um búrekstraraðstöðu til handa Magnúsi. Að svo vöxnu afsalaði stefndi Magnús Ó. Jónsson jörðinni til þeirra stefndu Hjartar Jónssonar og Hauks Eggertssonar hinn 25. október 1971, og var afsali þinglýst hinn 26. okóber s. á. með þeirri athugasemd þinglýsingardómara, að ekki verði séð, að hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps hafi verið boðinn forkaupsréttur f. h. sveitarsjóðs. Um yfirlýsingar af hálfu hreppsnefndar, sem þinglýst var hinn 28. október, vísast til héraðsdóms.

Í 5. gr. laga nr. 40/1948 segir, að kaupréttur skuli boðinn skriflega. „Söluverð jarðar og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint". Samkvæmt þeim lagasjónarmiðum, sem að baki ákvæðinu búa, ber að túlka það svo, að skilmála skuli tilgreina skýrlega og tæmandi, enda er hag forkaupsréttarhafa stefnt í óvissu að öðrum kosti. Engin gögn frá kaupanda fylgdu bréfi stefnda Magnúsar Ó. Jónssonar 26. september 1971 því til staðfestingar, að kaupandi hefði heitið seljanda búrekstraraðstöðu á jörðinni jafnhliða þeim kaupskilmálum, sem greindir voru í kaupsamningi þeirra. Þá var þar engin nánari lýsing á því, hvað fælist í þessu boði kaupanda, og þess að engu getið, hvort búrekstraraðstaða yrði veitt án endurgjalds eða ekki. Um horf sjálfs sín við boði kaupanda um búrekstraraðstöðu kvað stefndi Magnús ekki fastar að orði en svo, að hann hefði „fullan hug" á að hagnýta sér það. Verður, svo sem frásögn stefnda Magnúsar var háttað, ekki talið, að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að ætla, að hér væri til að dreifa afdráttarlausum samningsskildaga, sem væri hluti af forkaupsréttarboðinu til hans, er láðzt hefði að greina nánar frá í kaupsamningi eða bréfi. Var og enn síður ástæða fyrir áfrýjanda að ætla slíkt, þar sem skildagi um búrekstaraðstöðu handa manni, sem ekki hugðist gerast ábúandi, gat valdið því, að ógerlegt yrði að byggja jörðina, sem svo boðið er m. a. í 3. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, eða selja hana manni, sem sjálfur vildi taka þar upp ábúð. Samkvæmt þessu svo og því, sem áður segir um skýringu á 5. gr. laga nr. 40/1948,

var áfrýjanda rétt að líta svo á, að honum væri boðinn forkaupsréttur að jörðinni Innra-Leiti með þeim skilmálum einum, sem greindi í kaupsamningi stefndu Magnúsar og Hjartar, og að ummæli í bréfi stefnda Magnúsar frá 26. september 1971 væru ekki þess háttar, að til þeirra yrði hann að taka tillit, ef hann vildi neyta forkaupsréttar síns. Með vísan til þess, sem áður segir um samþykki og greiðsluboð af hendi hreppsnefndar, ber að fallast á þá kröfu áfrýjanda, að afsal stefnda Magnúsar Ó. Jónssonar til stefndu Hjartar Jónssonar og Hauks Eggertssonar frá 25. október 1971 fyrir jörðinni Innra-Leiti í Skógarstrandarhreppi verði dæmt ógilt, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1948, og er stefnda Magnúsi Ó. Jónssyni skylt að afsala áfrýjanda jörðinni með húsum og öðrum mannvirkjum og því, sem henni fylgir og fylgja ber, fyrir kr. 1.200.000.00 og með þeim greiðsluskilmálum, sem greinir í kaupsamningi stefndu Magnúsar Ó. Jónssonar og Hjartar Jónssonar frá 25. september 1971.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, sem ákveðast kr. 30.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Afsal stefnda Magnúsar Ó. Jónssonar til stefndu Hjartar Jónssonar og Hauks Eggertssonar frá 25. október 1971 fyrir jörðinni Innra-Leiti í Skógarstrandarhreppi á að vera ógilt, og ber stefnda Magnúsi Ó. Jónssyni að afsala áfrýjanda, hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins, greindri jörð með húsum og öðrum mannvirkjum og því, sem henni fylgir og fylgja ber, fyrir kr. 1.200.000.00 og með þeim greiðsluskilmálum, sem greinir í kaupsamningi stefndu Magnúsar Ó. Jónssonar og Hjartar Jónssonar frá 25. september 1971.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti, þar með talin

málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 11. marz 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. febrúar 1972, hefur hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins höfðað með stefnu, birtri 8. desember 1971, gegn Magnúsi Ó. Jónssyni, Höfðagötu 11, Stykkishólmi, Hirti Jónssyni, Laugavegi 26, Reykjavík, og Hauki Eggertssyni, Barmahlíð 54, Reykjavík, og gert þær dómkröfur, að ógiltur verði kaupsamningur, dags. 25. september 1971, og afsal, dags. 25. október s. á., um sölu á jörðinni Innra-Leiti í Skógarstrandarhreppi og stefnda Magnúsi gert skylt að afsala stefnanda, hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins, jörðinni Innra-Leiti í Skógarstrandarhreppi með húsum öllum og mannvirkjum, gögnum og gæðum fyrir kr. 1.200.000.00, eins og í áðurgreindum kaupsamningi frá 25. september 1971 segir og í samræmi við þann kaupsamning. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að þann 25. september 1971 gera stefndu Magnús og Hjörtur með sér kaupsamning um eignarjörð Magnúsar, Innra-Leiti í Skógarstrandarhreppi. Í samningnum áskilur Hjörtur sér rétt til þess að taka meðeiganda, Hauk Eggertsson framkvæmdastjóra, með sér í kaupin og verði afsal þá gefið út á nöfn þeirra beggja. Með bréfi, dags. 26. s. m., sendir stefndi Magnús hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps kaupsamninginn og býður hreppnum forkaupsrétt að jörðinni. Í bréfinu tekur hann fram, að hinn væntanlegi kaupandi hafi boðið sér búrekstraraðstöðu á jörðinni og hafi hann fullan hug á að hagnýta sér það boð. Með bréfi, dags. 6. október 1971, tilkynnir oddviti Skógarstrandarhrepps stefnda Magnúsi, að hreppsnefndin hafi á fundi sínum þann dag ákveðið að neyta forkaupsréttar síns f. h. sveitarsjóðs. Magnús svarar hreppsnefndinni með bréfi, dags. 9. s. m., þar sem hann bendir á, að í svari hreppsnefndarinnar sé ekki tekin afstaða til þáttarins um búrekstrar-

aðstöðu sína og ef hreppsnefndin vilji ekki kaupa jörðina með öllum skilmálum, sem um hafi verið samið við Hjört Jónsson, verði hann að líta svo á, að hreppsnefndin hafni forkaupsréttinum. Bréfi þessu fylgdi bréf Hjartar Jónssonar, dags. sama dag, til stefnda Magnúsar, þar sem Hjörtur staðfestir samkomulag þeirra um búrekstraraðstöðu Magnúsar, og áritar Magnús bréf þetta til samþykkis ásamt með Hauki Eggertssyni. Þessu svarar oddviti Skógarstrandarhrepps með símskeyti 12. s. m., þar sem hann staðfestir áðursent bréf sitt um, að Skógarstrandarhreppur taki kauptilboði stefnda Magnúsar samkvæmt kaupsamningnum við stefnda Hjört.

Samkvæmt kaupsamningnum skyldi afsal fyrir jörðinni gefið út þann 15. október 1971. Þann dag ritar oddviti Skógarstrandarhrepps stefnda Magnúsi bréf og tilkynnir honum, hvernig hreppsnefndin sem kaupandi f. h. sveitarsjóðs muni fullnægja ákvæðum kaupsamningsins. Jafnframt óskar hann eftir því, að afsal verði gefið út til sveitarsjóðs Skógarstrandarhrepps hið fyrsta. Þann 19. s. m. ritar oddvitinn stefnda Magnúsi enn bréf sem framhald af bréfinu frá 15. október, þar sem hann tilkynnir m. a., að hreppsnefndin f. h. sveitarsjóðs telji sig vera búna að standa skil á andvirði jarðarinnar, og krefst þess, að afsal verði gefið út á nafn sveitarsjóðs eigi síðar en 26. s. m. Hinn 25. dag mánaðarins var undirritað í Reykjavík „Afsal og afnotasamningur", þar sem stefndi Magnús afsalar jörðinni Innra-Leiti til Hjartar Jónssonar og Hauks Eggertssonar og þeir sem kaupendur jarðarinnar veita seljanda hennar ákveðin afnot hennar endurgjaldslaust í 5 ár frá 15. október 1971 að telja. Þetta „afsal og afnotasamningur" var daginn eftir útgáfu þess, þ. e. þann 26. október 1971, innfært í afsals- og veðmálabækur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til þinglýsingar á manntalsþingi í Skógarstrandarhreppi árið 1972. Hinn 28. október 1971 er innfærð í veðmálabækur sýslunnar til þinglýsingar á sama manntalsþingi yfirlýsing oddvita Skógarstrandarhrepps um, að hreppsnefndin telji sveitarsjóð Skógarstrandarhrepps ótvíræðan eiganda jarðarinnar Innra-Leitis. Yfirlýsing þessi var send stefnda Magnúsi með bréfi, dags. sama dag, og með tilvitnun í yfirlýsinguna lagt fyrir hann að afhenda jörðina til ábúðar hinn 1. nóvember n.k. Tilmælum þessum var ekki sinnt og málið því höfðað.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt lögum nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum eigi stefnandi forkaupsrétt

á jörðinni Innra-Leiti í Skógarstrandarhreppi, sbr. og 6. gr. kaupsamningsins um jörðina, dags. 25. september 1971, og að með samþykki hreppsnefndarinnar á tilboði því um forkaupsrétt, sem fólst í sendingu kaupsamningsins frá 25. september 1971 til hreppsnefndar Skógarstrandarhrepps, hafi verið kominn á bindandi samningur milli hreppsnefndarinnar f. h. sveitarsjóðs og stefnda Magnúsar. Þá bendir stefnandi á, að í kaupsamningnum sé ekki minnzt á afnotarétt á jörðinni til handa stefnda Magnúsi og þess vegna hafi sá fyrirvari ekkert gildi. Afnotarétturinn sé það mikil kvöð, að það hefði orðið að koma skýrt og ótvírætt fram, ef hann hefði átt að vera skilyrði fyrir sölu jarðarinnar. Það hafi þó ekki verið og forkaupsréttartilboðið hljóti því að miðast eingöngu við ákvæði kaupsamningsins. Krafan um endurgjaldslausa búrekstraraðstöðu sé auk þess svo bersýnilega ósanngjörn, að stefnanda sé ekki skylt að sætta sig við hana, þar sem alls konar kostnaður af jörðinni og ábúð hennar falli þá á sveitarsjóð.

Stefndu rökstyðja kröfur sínar með því, að með svari stefnanda við forkaupsréttartilboðinu felist eingöngu samþykki á efnisatriðum hins skriflega kaupsamnings frá 25. september 1971, en öðrum skilmálum, þ. e. atriðinu um búrekstraraðstöðu, sé hafnað og þess vegna hafi ekki komizt á bindandi samningur milli stefnanda og stefnda Magnúsar um sölu jarðarinnar, sbr. ákvæði samningalaga nr. 7/1936 og 2. gr. laga nr. 40/1948, en stefndi Magnús hafi af sinni hálfu uppfyllt öll skilyrði nefndra laga og beri að líta á kaupsamninginn og bréfið með forkaupsréttartilboðinu sem eina heild. Enn fremur sé á það að líta, að eignarréttur stefnda Magnúsar sé skertur, ef kröfur stefnanda verði teknar til greina, þar sem búrekstraraðstaðan sé fjárhagslegt atriði fyrir Magnús og feli raunverulega í sér hækkun á kaupverði eignarinnar.

Allir stefndu hafa komið fyrir dóm í málinu svo og oddviti Skógarstrandarhrepps.

Á dómþingi 21. febrúar 1972 segir stefndi Hjörtur, að strax í upphafi samningaviðræðna um jarðarkaupin og síðar hafi verið rætt um búrekstraraðstöðu stefnda Magnúsar á jörðinni og hafi það alltaf verið meining sín, að Magnús gæti haft búrekstraraðstöðu á jörðinni áfram. Magnús hafi gefið í skyn við sig, að hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps hefði ekki áhuga á að nofæra sér forkaupsrétt sveitarsjóðs, og þess vegna hafi ekkert verið tekið fram um búskaparaðstöðuna í kaupsamningnum.

Stefndi Haukur Eggertsson segir í sama þinghaldi, að strax í fyrstu samningaviðræðum um kaupin, sem hann tók þátt í, hafi komið fram, að stefndi Magnús vildi hafa búskaparaðstöðu á jörðinni og hafi sér og Hirti Jónssyni þótt æskilegt, að einhver hefði nytjar hennar. Hann kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar kaupsamningurinn var ritaður, og viti hann því ekki, hvers vegna atriðið um búrekstraraðstöðu seljanda var ekki tekið inn í samninginn, en hins vegar hafi sér verið kunnugt um, að Magnús taldi, að forkaupsréttar yrði ekki neytt. Þá tekur hann fram, að samningurinn sé gerður í ljósi þess, að afskipti af hálfu hreppsins kæmu ekki til.

Stefndi Magnús Ólafur Jónsson segir í þinghaldi hinn 22. febrúar 1972, að það hafi frá upphafi verið grundvöllur fyrir samningum, að hann fengi búskaparaðstöðu á jörðinni, og hafi það ávallt verið atriði í samningaviðræðunum við stefndu Hjört og Hauk. Þá tekur hann og fram, að áður en samningaviðræður hófust milli hans annars vegar og Hjartar og Hauks hins vegar hafi hann þrívegis rætt við oddvita Skógarstrandarhrepps um það, að hann hefði hug á að selja jörðina. Oddvitinn hefði talið, að sveitarsjóður Skógarstrandarhrepps hefði ekki bolmagn til þess að kaupa jörðina, og þar hefði málið stöðvast. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa rætt við oddvitann um búskaparaðstöðu fyrir sig, ef sveitarsjóður Skógarstrandarhrepps keypti jörðina, en hann hafi rætt við oddvitann um 1.200.00.00 króna verð fyrir jörðina. Enn fremur tekur hann fram, að það hafi alltaf verið meining sín að ætla sér búskaparaðstöðu á jörðinni, hver svo sem kynni að kaupa hana. Eftir viðræður við oddvitann hafi hann talið fullvíst, að hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps mundi ekki ætla að neyta forkaupsréttar f. h. sveitarsjóðs.

Í sama þinghaldi skýrir oddviti Skógarstrandarhrepps svo frá, að vorið 1970 hafi þáverandi eigandi jarðarinnar Innra—Leitis, Guðmundur Jónsson, auglýst jörðina til sölu. Tilboð hafi borizt frá mönnum í Reykjavík svo og stefnda Magnúsi. Tilboð Magnúsar hafi verið lægra. Hann óskaði þá eftir því við hreppsnefndina, að hún neytti forkaupsréttar f. h. sveitarsjóðs og keypti jörðina til þess að endurselja sér hana síðan á sama verði, þar sem hann væri ákveðinn í því að hefja búrekstur á jörðinni. Hreppsnefndin féllst á þetta, þar sem hún bjóst við því, að Magnús mundi flytjast með fjölskyldu sína á jörðina og gerast bóndi. Magnúsi var síðan afsöluð jörðin um haustið. Ekkert varð

úr því, að Magnús eða fjölskylda hans flytti lögheimili sitt að Innra-Leiti, en Magnús tilkynnti dvalarheimili þar seinast á árinu 1970. Magnús hafi komið til sín um miðjan septembermánuð s.l. og spurt, hvort hreppsnefndin f. h. sveitarsjóðs hefði áhuga á því að kaupa jörðina. Hann kveðst nokkru áður hafa heyrt, að Magnús ætti í fjárhagsörðugleikum. Viðræður þessar áttu sér stað, eftir að samningaviðræður Magnúsar við Hjört og Hauk voru hafnar. Hann kveðst hafa sagt Magnúsi, að hann teldi, að hreppsnefndin hefði ekki áhuga á að kaupa sömu jörðina oft, en kveðst þó hafa sagt honum, að hreppsnefndin yrði að segja til um það sjálf. Magnús hafi aðeins í þetta eina skipti rætt við sig um sölu jarðarinnar og hafi þeir ekki rætt neitt um söluskilmála, nema að talað hafi verið um 1.200.000.00 króna verð. Hann segir, að Magnús hafi sagt, að hann mundi ætla sér búrekstraraðstöðu á jörðinni, ef Hjörtur Jónsson keypti hana, hins vegar hafi hann aldrei talað um búrekstraraðstöðu fyrir sig á Innra-Leiti, ef sveitarsjóður Skógarstrandarhrepps keypti jörðina. Hann segir, að það hafi komið hreppsnefndinni á óvart, að ekki skyldi minnzt á búrekstraraðstöðu í kaupsamningnum frá 25. september 1971. Þá segir hann, að ekki hafi komið til greina að veita Magnúsi búrekstraraðstöðu á jörðinni, ef sveitarsjóður keypti hana. Enda hefði sveitarsjóður því aðeins keypt hana, að á hana hefði setzt maður, sem hefði getað aðstoðað sveitarsjóð við að eignast hana. Slíkur maður hefði verið fyrir hendi, þegar hreppsnefndin ákvað að neyta forkaupsréttarins. Þá upplýsti hann, að stefndi Magnús hefði á sínum tíma keypt jörðina fyrir kr. 1.100.000.00.

Áður en framangreind sjónarmið eru virt til niðurstöðu, er rétt að líta nánar á helztu atriði málsins. Í kaupsamningnum frá 25. september 1971 segir m. a., eftir að lýst hefur verið veðskuldum, sem kaupandi tekur að sér að greiða:

„ . . . . . .

g) Kaupandi greiðir í peningum við afsal 15. 10. '71 kr. 200.000.00

h) Kaupandi greiðir í víxlum með gjalddögum á næstu 2 árum eftir afsal skv. nánara samkomulagi aðila, að fjárhæð ..... kr. 150.816.85
en hækka skal víxla þessa sem nemur 8% ársvöxtum frá afsalsdegi til gjalddaga hvers þeirra.

Samtals kr. 1.200.000.00.

5. gr. Afsal skal seljandi gefa út hinn 15. október 1971 að fengnu samþykki Skógarstrandarhrepps á sölunni, og skal seljandi greiða alla skatta og skyldur af jörðinni til afsalsdags svo og alla vexti af áhvílandi veðlánum. Hefur seljandi alla áhættu af jörðinni til afsalsdags, en þann dag tekur kaupandi við umráðum jarðarinnar.

6. gr. Samningur þessi er af beggja aðila hálfu gerður með fyrirvara um, að Skógarstrandarhreppur neyti ekki kaupréttar síns skv. lögum nr. 40/1948. Skal seljandi þegar í stað leggja kaupsamning þennan fyrir sveitarstjórn og bjóða henni kauprétt lögum samkvæmt og afla afsals sveitarstjórnar á kaupréttinum fyrir 15. október n.k., en að öðrum kosti fellur kaupsamningur þessi úr gildi og er óbindandi fyrir aðila.

. . . . . "

Eftir að hafa tilkynnt Magnúsi með bréfinu frá 6. október 1971, að hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps ætli að taka tilboðinu um forkaupsrétt, ítrekar oddvitinn ákvörðun þessa með símskeyti til Magnúsar, dags. 12. s. m., og bréfi til hans dags. 15. s. m., þar sem segir m. a.:

„ . . . . . .

Samkvæmt g lið 4. greinar ber hreppsnefndinni að standa skil á kr. 200.000.00, og er það gert þannig:

Hreppsnefndin greiðir inn í Búnaðarbankann, Stykkishólmi	kr.	144.679.00
á bók á nafni sýslumannsembættisins í Stykkishólmi, sem mun framselja bókina til seljanda, þegar afsal verður út gefið.		
Kvittun fyrir áföllnum vöxtum af stofnlánum í Búnaðarbankanum	kr.	53.771.00
Fasteignaskattur til hreppsins álagður 1971	kr.	720.00
Víxilkostnaður vegna þingl. á Innra-Leiti 1970	kr.	830.00
	Samtals kr.	200.000.00

Samkvæmt h. lið 4. gr. er ég sem oddviti hreppsnefndar reiðubúinn að gefa út nefnda tryggingavíxla, um leið og hreppurinn fær afsalið í hendur. Með þessu tel ég, að staðið sé við allt í nefndum kaupsamningi af hálfu hreppsnefdar Skógarstrandar-

hrepps, og óska eftir að fá afsal fyrir jörðinni hið allra bráðasta. ....."

Og með bréfi Magnúsar, dags. 19. s. m., segir oddvitinn: „Í framhaldi af bréfi mínu 15. þ. m. varðandi kaup á jörðinni Innra -Leiti í Skógarstrandarhreppi hefi ég nú í dag lagt á bók á nafni sýslumannsembættisins við Búnaðarbankann hér, og sú bók er í vörzlu bankans, kr. 150.816.85 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund átta hundruð og sextán kr. 85 aura — en það er andvirði víxla, sem hreppsnefndin ákvað að gefa út skv. kaupsamningi.

Hreppsnefndin telur sig þar með vera búna að standa skil á andvirði jarðarinnar og ítrekar kröfu sína um afsal fyrir jörðinni. Er þess krafizt, að afsalið verði gefið út eigi síðar en þriðjudaginn 26. okt. n.k."

Í bréfi Hjartar Jónssonar til Magnúsar Jónssonar, dags. 9. október 1971, sem áður er getið, segir svo um það, í hverju búrekstraraðstaða Magnúsar sé fólgin:

„.....

a) yður er heimilt án endurgjalds að nýta allar slægjur jarðarinnar og beitiland, svo og peningshús á jörðinni, í næstu 5 ár, en að þeim liðnum skulu þér hafa forleigurétt á jörðinni. Ennfremur er yður heimil aðstaða í íbúðarhúsi jarðarinnar með sömu kjörum.

b) meðan þér nýtið jörðina, skuluð þér annast viðhald girðinga og almennt viðhald þeirra gæða, sem þér nýtið, svo og hafa eftirlit og umsjón með jörðinni.

Ennfremur staðfesti ég það samkomulag okkar, að kaupverð skv. lið h) í kaupsamningi greiðist með tveimur víxlum, og skal annar þeirra vera að fjárhæð kr. 80.000.00 og greiðast hinn 1. júní 1972, en eftirstöðvarnar kr. 70.816.85 með víxli með gjalddaga hinn 1. marz 1972. Við þessar fjárhæðir bætast 8% ársvextir frá afsalsdegi.

....."

Ef litið er til ívitnaðra ákvæða kaupsamningsins og þess, hvernig hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps telur sig hafa fullnægt þeim, verður ekki annað séð en seljanda séu þar gerð góð skil, þar eð fjárhæð sú, sem kaupandi skyldi samþykkja víxla fyrir, er greiðast ættu á 2 árum, er strax greidd að fullu auk þess sem aðrar greiðsluskyldur mega teljast fullnægjandi

af hendi inntar. Niðurstaða málsins veltur þess vegna á því, hvort líta beri á atriðið um búrekstraraðstöðu stefnda Magnúsar sem ákvarðandi forsendu fyrir sölu jarðarinnar og lið í samningum um söluna.

Framburðir málsaðilja og gögn málsins benda til þess, að búrekstraraðstaða til handa Magnúsi hafi verið liður í samningi hans við Hjört Jónsson og Hauk Eggertsson, og ber því að telja það atriði fullgilt samningsákvæði, þó að það komi ekki fram í hinum skriflega hluta kaupsamningsins frá 25. september 1971. Eftir að hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps barst forkaupsréttartilboðið með bréfi Magnúsar frá 26. september 1971, mátti henni vera ljóst, eins og það bréf ber með sér, að um fleira hafði verið samið milli Magnúsar, Hjartar og Hauks en í hinum skriflega hluta kaupsamningsins getur. Hún hafnaði þó að taka tillit til þess og hefur þar af leiðandi ekki samþykkt að ganga inn í kaupin með öllum þeim skilmálum, sem um hafði samizt milli áðurnefndra aðilja. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, hve mikils virði búskaparaðstaðan var stefnda Magnúsi eða hvaða verðmætismat hægt er að leggja á hana.

Niðurstaða dómsins verður því sú, að stefndu, Magnús Jónsson, Hjörtur Jónsson og Haukur Eggertsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins, í máli þessu. Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði hinum stefndu kr. 20.000.00 í málskostnað.

Jón S. Magnússon, settur sýslumaður, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Ó. Jónsson, Hjörtur Jónsson og Haukur Eggertsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Skógarstrandarhrepps f. h. hreppsins, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 20.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvmber 1972.

Nr. 178/1971. **Kristján Guðmundsson**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
Landleiðum h/f
(Jón Magnússon hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Lögveð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1971. Gerir hann þær kröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 761.402.60 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann og lögveðs í bifreiðinni R 4709 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 30. nóvember 1971, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð umsögn Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 24. apríl 1972, um örorkutjón aðaláfrýjanda vegna slyssins. Segir þar m. a., að „Breyting á kjörum stýrimanna, sem gerð var um síðustu áramót, auk breyttrar vísitölu frá október s. l., þegar ég reiknaði síðast út tjón hans", hækki tjón aðaláfrýjanda vegna varanlegrar örorku um kr. 23.-446.00.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms að leggja óskipta fébótaábyrgð á gagnáfrýjanda.

Bótakröfur sínar hér fyrir dómi sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1.	Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 586.155.00
2.	Yfirvinnutap	— 22.213.60
3.	Ýmis kostnaður	— 13.034.00
4.	Miskabætur	— 150.000.00
		Kr. 771.402.60
	Frá dregst: Greiðsla frá Vátryggingafélaginu h/f	— 10.000.00
		Kr. 761.402.60

Um 1. kröfulið. Varanleg örorka aðaláfrýjanda hefur verið metin 10%. Hann hefur stundað stýrimannsstörf áfram eftir slysið og haft hærri tekjur af þeim heldur en framangreindur tryggingafræðingur áætlar, að aðaláfrýjandi mundi hafa haft, ef slysið hefði ekki orðið. Tekjur aðaláfrýjanda af stýrimannsstörfum árið 1971 voru kr. 665.000.00. Tjón samkvæmt þessum kröfulið þykir hæfilega metið kr. 350.000.00. Slysatryggingabætur þær, sem aðaláfrýjandi fékk greiddar úr hendi H/f Eimskipafélags Íslands, kr. 60.000.00, koma hér ekki til frádráttar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954.

Tjón samkvæmt 2. kröfulið og kostnað samkvæmt 3. kröfulið ber að taka til greina.

Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Samkvæmt þessu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 425..247.60 (350.000.00+22.213.60+13.034.00+50.000.00÷10.000.00) ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn kr. 80.000.00.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og umferðarlaga nr. 40/1968 á aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 4709 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Landleiðir h/f, greiði aðaláfrýjanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 425.247.60 með 7% árs-

vöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00.

Aðaláfrýjandi á lögveð til tryggingar dæmdum fjárhæðum í bifreiðinni R 4709.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. okóber 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu, birtri 5. maí 1970.

Stefnandi málsins er Kristján Guðmundsson stýrimaður, Hvassaleiti 47, Reykjavík.

Stefndi er Landleiðir h/f, Reykjavík.

Réttargæzlustefndi er skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Vátryggingafélagsins h/f.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda, Landleiðum h/f, verði dæmt að greiða honum kr. 762.761.00 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst stefnandi lögveðs í bifreiðinni R 4709 til tryggingar tildæmdum kröfum.

Stefndi gerir þær kröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. *Til vara* krefst hann þess, að sök verði skipt og kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

Engar dómkröfur eru nú á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi, sem hefur látið sækja þing í málinu, gerir engar kröfur.

II.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 5. október 1967 var stefnandi að aka bifreiðinni R 3774 austur eftir Miklubraut hér í borg. Vinstri handar akstur var þá hér á landi. Er hann nálgaðist Rauðagerði, hægði hann á ferð bifreiðarinnar, þar sem hann hugðist beygja inn á þá götu til hægri, en í þann mund var langferðabifreið stefnda, R 4709, ekið aftan á bifreið þá, sem stefnandi ók. Bifreiðin 4709 var skylduvátryggð hjá Vátryggingafélaginu h/f. Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir lík-

amstjóni við árekstur þennan. Hefur hann höfðað mál þetta til greiðslu bóta fyrir tjón sitt.

Tveir lögregluþjónar fóru á vettvang. Annar þeirra gerði uppdrátt af vettvangi. Hinn bókaði niður svofellda skýrslu.

„Ökumaður R 4709 kvað R 3774 hafa gefið stefnumerki til hægri inn á Rauðagerði, en stanzað fyrir umferð og hafi hann einnig gert það. Kvað hann R 3774 hafa ekið aftur af stað, er umferð leyfði, en stanzað strax aftur til að hleypa bifreið af Rauðagerði inn á Miklubraut. Kvaðst hann hafa ekið af stað um leið og R 3774, en ekki haft tíma til að stanza og því ekki getað forðazt árekstur. Ökumaður 3774 kvaðst hafa ætlað að beygja til hægri inn á Rauðagerði. Kvaðst hann hafa verið við það að stanza, er höggið kom. Ökumenn voru boðaðir í Borgartún 7 þriðjudaginn 10. október 1967. R 3774, vinstri afturbretti, höggvari v. megin að aftan og farangursgeymsla dældað, afturljós vinstra megin brotið. R 4709 engar skemmdir sjáanlegar."

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 10. október 1967. Var þá fært til bókar:

„Mætta er birt skýrsla lögreglu og sýndur uppdráttur af vettvangi, og segir hann lögregluskýrslu ekki lýsa óhappi þessu rétt, en uppdrátt telur mætti réttan.

Mætti segist hafa ekið austur Miklubraut og dregið úr ferð, er hann hafi nálgazt Rauðagerði. Mætti segist ekki hafa numið alveg staðar, en ekið mjög hægt með beygju til hægri, en þá hafi höggið komið aftan á bifreið hans. Mætti sagðist að sjálfsögðu hafa ekið hægara þarna vegna bifreiðarinnar, er kom eftir Rauðagerði að brautinni, og það hafi hann gert af öryggisástæðum. Mætti segir, að komið hafi í ljós, að hann hafi eymsli í hálsi, síðan þetta kom fyrir, og hann hafi leitað læknis varðandi það."

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi 19. október 1970. Hann skýrir svo frá, að hann hafi aldrei stöðvað bifreiðina. Hann hafi komið akandi austur Miklubraut og ætlað að beygja suður Rauðagerði. Hann kveðst hafa þekkt þessi gatnamót og vitað, að þau voru mjög hættuleg öllum bifreiðum. Beygjan sjálf hafi verið um 120° og auk þess hafi verið hryggur í beygjunni, sem hafi verið ökuhindrun. Á leið sinni austur Miklubraut að gatnamótunum kveðst stefnandi hafa skipt bifreið sinni úr 3. ganghraðastigi í 1. ganghraðastig og því hafi bifreiðin sýnt tvisvar sinnum bremsuljós, enda kveðst stefnandi hafa stigið

á hemil, um leið og hann skipti bifreiðinni. Í samræmi við framanritað kveðst stefnandi ekki hafa stöðvað bifreiðina á Miklubrautinni og ekki hleypt neinni bifreið inn á Miklubrautina. Hann kvaðst hafa orðið var við bifreiðina R 4709 langt á eftir sér, er hann ók austur Miklubrautina umrætt sinn. Hann segir, að bifreið sú, sem kom norður Rauðagerði og ætlað inn á Miklubrautina, hafi verið stöðvuð við gatnamót Rauðagerðis og Miklubrautar, þegar áreksturinn varð umrætt sinn. Hann kveðst stöðugt hafa óþægindi í hálsinum, einkum við áreynslu og ágerist þessi óþægindi við erfiði og fleira.

Jón Hreiðar Kristófersson, ökumaður langferðabifreiðarinnar R 4709, hefur hinn 10. október 1967 skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglu, að lögregluskýrslan, sem áður var rakin, sé í meginatriðum rétt með þeirri leiðréttingu, að hann kveðst ekki hafa stöðvað langferðabifreiðina, er bifreiðin R 3774 var stöðvuð í fyrra sinnið, heldur hafi hann verið nokkuð á eftir þeirri bifreið á rólegri ferð, en aukið hraðann lítið eitt, er hann sá bifreiðina R 3774 tekna af stað. Hafi hann því verið óviðbúinn, er hún var stöðvuð aftur, og ekki getað forðazt snertingu við bifreiðina.

Jón Hreiðar hefur hér fyrir dómi hinn 5. október 1970 skýrt svo frá, að honum hafi virzt bifreiðin R 3774 stanza. Virtist honum bifreiðin standa kyrr, þegar áreksturinn varð. Hann telur, að bifreiðin R 3774 hafi runnið inn á Rauðagerði við áreksturinn. Hann kveðst hafa gert sér grein fyrir, áður en áreksturinn varð, að ökumaður R 3774 ætlaði að beygja inn í Rauðagerðið. Fólk var í langferðabifreiðinni, en hann kveðst ekki lengur muna, hvaða farþegar það voru. Hann kveðst ekki betur muna en að bifreiðin R 3774 hafi hleypt bifreiðinni, sem kom norður eftir Rauðagerði, inn á Miklubrautina og hafi sú bifreið ekið austur Miklubrautina. Hún hafi rétt sloppið fyrir framan bifreiðina R 3774. Hann minnir, að þetta hafi verið grænn stationbíll, enda kveðst hann alls ekki minnast þess, að umrædd bifreið hafi verið við gatnamótin eftir áreksturinn. Hann kveðst hafa gengið að bifreið stefnanda. Stefnandi hafi setið undir stýri og virtist vera utan við sig, en stefnandi hafi þó sagt, að þetta væri allt í lagi. Kveðst hann þá hafa tjáð stefnanda, að hann mundi kveðja lögregluna til í gegnum talstöðina.

Stefnandi og Jón Hreiðar voru samprófaðir. Var þá fært til bókar:

„Stefnandi segir, að bifreiðin, sem kom norður Rauðagerði,

hafi verið grænleit leigubifreið og hafi hún verið kyrrstæð við gatnamótin, þegar áreksturinn varð, en henni hafi verið ekið austur Miklubraut, skömmu eftir að áreksturinn varð. Stefnandi kveðst ekki muna skrásetningarnúmer bifreiðarinnar. Mætti Jón Hreiðar heldur fast við skýrslu sína um þetta atriði. Samræmi náðist ekki."

Vitnið Gunnhildur Ólafsdóttir hefur hér fyrir dómi hinn 19. október 1970 skýrt svo frá, að það hafi setið í framsæti bifreiðar stefnanda og við hlið hans. Vitnið kveður svo langt um liðið, frá því atburðir þeir, sem hér um ræðir, áttu sér stað, að hún treystir sér ekki til að lýsa málsatvikum. Hún kveðst ekki aka bifreið sjálf og því ekki fylgjast mikið með, hvernig ekið sé. Hún segir þó, að bifreið stefnanda hafi verið að hægja á sér til þess að beygja suður Rauðagerði, þegar áreksturinn varð umrætt sinn. Hún treystir sér ekki til að lýsa atburðum nánar en nú er sagt, og sérstaklega aðspurð kveðst hún ekki þora að segja til um það, hvort bifreið stefnanda hafi verið stöðvuð eða ekki, þegar áreksturinn átti sér stað umrætt sinn. Vitnið kveðst muna, að „svakalegt" högg hafi komið á bifreið stefnanda á árekstraraugnablikinu.

III.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að ökumaður bifreiðarinnar R 4709 hafi ekið aftan á bifreiðina R 3774, þar sem hann sat undir stýri, svo sem lýst hefur verið hér að framan. Telur stefnandi, að sök á ökuóhappinu hafi öll verið hjá ökumanni bifreiðarinnar R 4709. Beri stefndi sem eigandi bifreiðarinnar því fulla skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 67. og 69. gr. umferðarlaga. Er því algerlega mótmælt af stefnanda, að hann eigi nokkra sök á árekstri þessum.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á óhappinu. Hafi stefnandi beðið tjón af völdum árekstrarins, verði hann að bera það sjálfur. Í umrætt skipti hafi stefnandi verið á ferð í bifreið sinni eftir einni af aðalumferðargötum Reykjavíkur, Miklubraut. Er hann kom að gatnamótum Miklubrautar og Rauðagerðis hafi hann stöðvað bifreið sína til þess að hleypa bifreið, sem kom eftir Rauðagerði, inn á Miklubrautina. Þessi viðbrögð stefnanda, að stöðva bifreið sína fyrir bifreið, sem hann átti umferðarrétt fyrir, hafi verið algerlega tilefnislaus og óeðlileg, eins og atvikum var háttað. Hafi ökumaður R 4709, sem ók á eftir stefnanda, sízt

átt von á þessu og verði að telja þessa hegðun stefnanda hafa skapað hættu bæði fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur og jafnframt brot á 51. gr. umferðalaga nr. 40/1968.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, er viðurkennt af ökumanni bifreiðarinnar R 4709, að stefnandi hafi gefið stefnumerki til hægri inn til Rauðagerðis, og kveðst ökumaður R 4709 hafa gert sér grein fyrir fyrir áreksturinn, að stefnandi ætlaði að beygja inn í Rauðagerðið. Ökumaður R 4709 virðist ekki hafa sýnt næga aðgæzlu í akstri sínum, þegar hann ók langferðabifreiðinni aftan á bifreið stefnanda. Hins vegar er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi eigi nokkra sök á ökuóhappi þessu. Ber því að leggja óskipta fébótaábyrgð á stefnda sem eiganda bifreiðarinnar R 4709 gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, sem stefnandi varð fyrir.

V.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar. Stefnandi sundurliðar kröfu sína nú þannig:

1.	Örorkutjón	kr.	586.155.00
2.	Yfirvinnutap	—	23.572.00
3.	Ýmis útlagður kostnaður	—	13.034.00
4.	Miskabætur	—	150.000.00
		Kr.	772.761.00
	Greiðsla frá Vátryggingafélaginu h/f dregst frá	—	10.000.00
		Kr.	762.761.00

Um 1. kröfulið.

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku stefnanda. Í örorkumati læknisins, sem dags. er 12. marz 1970, segir m. a.:

„... daginn eftir slysið leitaði slasaði til Hinriks Linnet, læknis, og er vottorð hans dagsett þann 22. maí 1969 svohljóðandi:

„Kristján Guðmundsson, Hvassaleiti 47, Reykjavík, stýrimaður, f. 22/9 1934, leitaði til mín 6/10 1967, en hann tjáði mér þá að hafa lent í bílslysi, og kvartaði hann um verki aftan í hálsi, hnakka og herðum, var höfuðið fixerað til vinstri og hreyfingar í hálsi hindraðar, bæði flexion, extension og snúningur, auk þess nokkur eymsli í hnakkavöðvum og vöðvafestum í hnakka.

Lét ég taka af honum höfuð- og hálsmyndir, og var það gert 9/10 1967, og var ekki unnt að greina brot né einkenni um brot í höfði né hálsliðum, og einkenni til blæðinga í sinusa sáust ekki.

Hann hefur öðru hverju síðan, um mislangan tíma, orðið að hætta störfum vegna óþæginda, sbr. fyrri vottorð frá mér, er hann hefur undir höndum, og óþægindi í hálsi og hnakka eru ekki horfin. Ég skygndi hann í skyggnimagnara á s. l. ári m. t. t. hreyfinga í hálsliðum, er reyndust þá vera orðnar eðlilegar, foramina vel opin, en þá var hann búinn að vera í physiotherapi hjá Björgvini Finnssyni, lækni (frá 17/1 1968).

2/5 1968 voru á ný teknar myndir af col. cervicalis, einnig m. t. t. dens epistrophei, og voru þær negativar, sömuleiðis af eyrum, er teknar voru 19/11 1968.

Ég sendi slasaða til Gunnars Guðmundssonar, neurologs, dr. med., til frekari skoðunar og ráðleggingar um meðferð, þar eð kvartanir hurfu ekki, og í samráði við hann fer slasaði til Kristjáns Hannessonar, læknis, í sérstaka meðferð 21/2 1969. Henni líkur 21/4 s. l., en um árangur af henni verður vart fullyrt ennþá. Slasaði hefur enn kvartanir, en niðurstaða mín og greining er:

1. Distorsio col. cervicalis.
2. Myoses nuchae.
3. Post-traumat. neurosis."

Auk þess liggur fyrir vottorð Gunnars Guðmundssonar, dr. med. yfirlæknis, frá 10/1 1970, svohljóðandi:

„Hr. Kristján Guðmundsson, stýrimaður, f. 22. 9. 1934, til heimilis að Hvassaleiti 47, Reykjavík, hefur verið hjá mér til rannsóknar og meðferðar vegna afleiðinga áverka, er hann hlaut, að sögn, í bílslysi þ. 5. okt. 1967, en keyrt var aftan á bíl, sem hann ók. Ekki hlaut Kristján neina ytri áverka, og ekki mun hann hafa misst meðvitund. Nokkrum klukkustundum eftir áreksturinn gat hann lítið sem ekkert snúið til höfðinu vegna verkja, og fannst honum sem hálsinn „stirðnaði upp". Kristján leitaði til hr. læknis Henriks Linnet daginn eftir (sbr. vottorð H. L., dags. 22/5 1969), sem fann við skoðun fixerað höfuð til vi. og mjög hindraðar hreyfingar á hálsi bæði flexion, extension og snúningur, auk þess fann hann nokkur eymsli í hnakkavöðvum og vöðvafestum í hnakka. Kvartaði Kristján þá um verki aftan í hálsi, hnakka og herðum. Rtg.myndir af hálsliðum og höfði þ. 9. 10. 1967 sýndu ekki neitt óeðlil., og endur-

teknar rtg.myndir af hálsliðum þ. 2. 5. 1968 voru einnig eðilegar.

Næstu mánuði á eftir fann Kristján fyrir verulegum stirðleika við allar hreyfingar á hálsi og mikil óþægindi aftan í hálsi, sem stundum lagði út í axlir. Þessi óþægindi versnuðu þá eins og nú við alla þreytu. Fékk hann um tíma physiotherapi hjá gigtlæknum með nokkrum árangri.

Hefur Kristján samtals verið frá vinnu um 6 mán. vegna óþæginda í hálsi og herðum. Í fyrstunni fóru áður nefnd óþægindi minnkandi, en s.l. 1½ ár hefur ástandið verið nokkuð óbreytt.

Helztu kvartanir Kristjáns í dag og sem hann hefur haft síðan hann slasaðist eru óþægindi í hnakka og höfði, sem versna við að lúta, einnig úthaldsleysi og „þirring", sem einkum kemur, ef hann þarf að reyna eitthvað á sig. Hann segist finna fyrir marri í hálsliðum við hreyfingar og finna meira fyrir veltingi á skipinu en áður. Kristján er nú í fullri vinnu.

Fyrir slysið segist hann hafa verið heilsugóður og ekki fundið fyrir neinum þeirra óþæginda, sem áður getur.

Við skoðun: er hann fullkomlega áttaður á stað og stund. Minni hans virðist allgott, og hann hefur engin einkenni um dysfasi eða dysarthri.

Heilataugar: Eðlil. heilataugar. Enginn nystagamus.

Vöðvakerfi: Tonus, trofia og grófir kraftar eðlilegir. Sinaviðbrögð eru eðlil.

Plantarsvörun er flexion b. megin. Engin einkenni um ataxi. Gangur er eðlilegur.

Skyn: Sársauka-, snerti-, stöðu- og titringsskyn er eðlil. Áberandi palpations eymsli aftan á hálsinum og vöðvafestum í hnakka.

Heilarit: (21/11 1968, Landspítalanum): „Létt óeðlil. rit með fremur ógreinil. fokus hæ. megin temporalt við djúpöndun."

Álit: Kristján hefur sennilega fengið distorsio col. cervicalis við áðurnefnt slys, sem hefur orsakað vövabólgu á hálsi. Enginn vafi er á, að um töluverða post traumatiska neurosu er einnig að ræða.

Þar sem eink. hans, sem teljast verða afleiðing af áður nefndu slysi, hafa verið óbreytt s.l. 1½ ár, þykir mér ósennilegt, að ástandið breytist neitt verulega til batnaðar frá því, sem nú er, og því rétt að ganga frá hans bótakröfum."

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 20/2 1970, og skýrir hann frá slysinu og meðferðinni eins og fram kemur hér að fram-

an. Kveðst hann hafa verið samtals frá vinnu 6 mánuði vegna óþæginda í hálsi og herðum, sem hann telur vera beina afleiðingu slyssins, en að auki kvartar Kristján nú um óþægindi í hnakka og höfði, sem versna við að lúta, einnig úthaldsleysi og „pirring". Hann kveðst verða var við marr í hálsliðum við hreyfingar og finna meira fyrir og hafa óþægindi af veltingi á skipi heldur en áður var. Þessi óþægindi hafa verið óbreytt síðastliðið 1½ ár að sögn Kristjáns, og hefur physiotherapi hjá læknunum Kristjáni Hannessyni og Björgvin Finnssyni litlu breytt þar um.

Röntgenmyndir, sem teknar hafa verið, hafa hvorki sýnt brot né aðrar breytingar. Heilarit, sem tekið var eftir slysið, er talið létt óeðlilegt, en samkv. upplýsingum Gunnars Guðmundssonar, dr. med. yfirlæknis, eru þær breytingar það litlar, að ekki er mark á þeim takandi. Kristján er nú í fullri vinnu, en telur sig ekki geta unnið jafnmikla aukavinnu og hann gerði fyrir slysið.

Ályktun: 33ja ára gamall stýrimaður, sem varð fyrir bifreiðarslysi fyrir rúmlega 2 árum og hlaut við slysið áverka á hálsliði, sem valda honum nokkrum óþægindum í hálsi, hnakka og höfði, og verður að telja, að hann hafi hlotið af slysinu tímabundna örorku, sem telst hæfilega metin 100% í 6 mánuði (vottorð Gunnars Guðmundssonar, yfirlæknis) og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin *10%*."

Stefnandi hefur í greinargerð sinni mótmælt örorkumatinu sem röngu, þar sem það sé byggt á röngum forsendum. Matið sé því þýðingarlaust fyrir málið. Hinn 20. marz 1971 ítrekaði hann þessi mótmæli sín og óskaði þess að örorkumatið yrði lagt fyrir Læknaráð. Sama dag úrskurðaði dómarinn með vísan til 2. gr. laga nr. 14/1942, að leitað skyldi umsagnar Læknaráðs um örorkumat læknisins. Í niðurlagi úrskurðar Læknaráðs segir svo:

„Málið er lagt fyrir læknaráð á þá leið.
að beiðzt er svars við eftirfarandi spurningum:

1. Fellst Læknaráð á það með lækninum Ólafi Jónssyni, að hinn slasaði hafi hlotið við slysið „áverka á hálsliði, sem valda honum nokkrum óþægindum í hálsi, hnakka og höfði?"
2. Ef svo er, fellst Læknaráð þá á örorkumat læknisins?
3. Ef ekki, hvernig ber þá að meta örorku slasaða?

Tillaga réttarmáladeildar um ályktun læknaráðs:
Ad. 1. Já.
Ad. 2. Já.
Snorri Hallgrímsson Tómas Helgason Ól. Bjarnason.
Til forseta læknaráðs.

Framanrituð greinargerð og tillaga réttarmáladeildar um ályktun læknaráðs staðfestist hér með fyrir hönd ráðsins í samræmi við fyrirmæli laga nr. 14 15. maí 1942 og reglugerðar nr. 192, 24. nóv. sama ár, sem álitsgerð og úrskurður læknaráðs.

Reykjavík, 25. júní 1971.
F. h. l.
Benedikt Tómasson
Stefán Guðnason."

Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda hinn 22. marz 1970. Í útreikningi tryggingafræðingsins segir m. a. svo:

„Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar, læknis, dags. 12/3 1970, hefur Kristján hlotið tímabundna örorku 100% í 6 mánuði og varanlega örorku, sem læknirinn metur *10%*.

Aldur:

Kristján er sagður fæddur 22. sept. 1934 og hefur því verið 33 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkv. staðfestum ljósritum af skattframtölum Kristjáns árin 1965—1967 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1964	kr. 194.977.00
— 1965	— 237.619.00
— 1966	— 268.456.00

Tekna þessara hefur hann aflað eingöngu hjá Eimskipafélagi Íslands h/f, en þar hefur hann verið ráðinn 2. stýrimaður (1. stm. í afleysingum).

Ég hef því umreiknað framangreindar tekjur hans samkv. breytingum á taxta yfirmanna á farskipum til slysdags og síðan.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þar sem varanlega tapið er reiknað 10% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið 90% af þeim í 6 mánuði:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. örorku:	v/varnl. örorku:
1. árið eftir slysið	kr. 251.833.00	kr. 125.917.00	kr. 25.203.00
2. — — —	— 252.027.00		— 25.203.00
3. — — —	— 285.863.00		— 28.586.00
síðan árlega	— 327.352.00		— 32.735.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Þannig áætlað vinnutekjutap reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 121.559.00
— varanlegrar —	— 393.732.00
Samtals	kr. 515.291.00

Frádráttur.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Athugasemd.

Í bréfi yðar til mín, dags. 17. marz 1970, bendið þér á, að e. t. v. væri rétt að taka tillit til þess, að ef að venju færi, myndi Kristján hækka í starfi allt upp í skipstjóra. Þér bendið einnig á hinn miklu skattfríðindi sjómanna. Hvorugt þessara atriða treysti ég mér til að leggja dóm á.

Reikningsgrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ísl. karla samkv. reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkv. sænskri reynslu."

Tryggingafræðingurinn endurreiknaði hinn 4. október 1971 örorkutjón stefnanda. Í endurútreikningnum segir m. a.:

„Frá því að ég í útreikningi, dags. 22. marz 1970, reiknaði út örorkutjón Kristjáns S. Guðmundssonar vegna slyss 5. okt. 1967, hafa orðið mjög verulegar hækkanir á launakjörum stýrimanna á skipum Eimskipafélags Íslands. Þér óskið því endurreiknings á tjóni þessu.

Ég hafði samband við Jón Magnússon, lögfræðing hjá Eimskipafélaginu. Hann gaf mér upplýsingar um, hvernig launakjör stýrimanna hefðu breytzt frá því í marz 1970. Sá böggull fylgdi þó skammrifi, að stýrimenn höfðu hlotið ýmiss hlunnindi, sem fastalaunsbreytingar sýndu ekki. Ég hef umreiknað áætlaðar

vinnutekjur án tillits til aukinna hlunninda, en tekið fullt tillit til breyttra greiðsluhátta vegna vinnu umfram samningsbundinn tímafjölda.

Þannig áætlað verða vinnutekjur og vinnutekjutap Kristjáns þetta:

	Vinnutekjur:	*Vinnutekjutap* tímab.	varanl.
1. árið eftir slysið	kr. 251.833.00	kr. 125.917.00	kr. 25.203.00
2. — — — —	252.027.00		— 25.203.00
3. — — — —	315.317.00		— 31.532.00
4. — — — —	493.166.00		— 49.317.00
síðan árlega	— 511.252.00		— 51.125.00

Verðmæti örorkutapsins reiknast mér nú nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 121.559.00
— varanlegrar —	— 586.155.00
Samtals	kr. 707.714.00

Við útreikninginn hef ég notað sama reikningsgrundvöll og í fyrri útreikningi.“

Stefnandi byggir kröfu sína um örorkutjón á örorkumati læknisins og síðari útreikningi tryggingafræðingsins yfir varanlega örorku, kr. 586.155.00. Lögmaður stefnanda telur ekki rétt, að neinn frádráttur komi á þessa fjárhæð vegna opinberra gjalda, hagræðis við eingreiðslu og svo framvegis. Byggir hann þessa skoðun á því í fyrsta lagi, að bætur sem þessar séu skattfrjálsar og séu þær reglur að sjálfsögðu settar í þágu öryrkjans, en ekki í þágu tjónvalds. Í öðru lagi á því, að allir íslenzkir sjómenn hljóti verulegan skattfrádrátt, ef þeir hafa verið lögskráðir lengur en 26 vikur, og í þriðja lagi á því, að útreikningur tryggingafræðingsins byggist á framtíðartekjum stefnanda sem stýrimanns, en niðurstaða útreikningsins yrði óhjákvæmilega hærri, ef tillit væri tekið til þess sjálfsagða möguleika, að stefnandi eigi eftir að hækka í starfi, ef að venju lætur, allt upp í skipstjóra.

Stefndi mótmælir örorkutjónskröfu stefnanda sem allt of hárri. Jafnframt bendir hann á, að tekjur stefnanda árið 1967

námu kr. 323.950.00 árið 1968 kr. 297.994.00 og árið 1969 kr. 383.344.00. Sé því ljóst, að slysið hafi ekki dregið úr tekjuöflun stefnanda. Einnig bendir stefndi á, að þegar örorkumat læknisins er virt, sé miskabótakrafa stefnanda samkvæmt 4. kröfulið raunverulega innifalin í 1. kröfulið um örorkutjón, enda sé erfitt að skilja þarna á milli, eins og atvikum er háttað.

Þegar virt eru þau gögn, sem frammi liggja í málinu um meiðsli stefnanda, áætlanir tryggingafræðingsins og höfð eru í huga þau lækkunarsjónarmið, sem taka ber tillit til samkvæmt venju, þykja bætur til stefnanda fyrir örorkutjón hans hæfilega metnar kr. 400.000.00, enda hefur stefnandi ekki sannað, að hann sé undanþeginn þeim meginreglum, sem um slíkar bætur gilda.

Um 2. kröfulið.

Í útreikningi tryggingafræðingsins er gert ráð fyrir, að tjón stefnanda vegna tímabundinnar örorku hafi numið miðað við 10% örorku kr. 121.559.00. Stefnandi kveðst hafa fengið fastakaup sitt hjá H/f Eimskipafélagi Íslands að fullu greitt, þegar hann var frá starfi vegna afleiðinga slyssins. Hann kveðst því ekki gera kröfur um bætur fyrir tímabundna örorku, nema að því leyti sem hann hafi misst af yfirvinnu, á meðan hann var frá vinnu vegna afleiðinga slyssins. Hann skýrir svo frá, að stór hluti tekna yfirmanna á farskipum sé að verulegu leyti byggður á yfirvinnu, sem jafnvel komi fram á vöktum þeirra, en þetta sé velþekkt staðreynd meðal þeirra, sem þekki til atvinnu við siglingar.

Stefnandi kveðst á fyrstu sex mánuðum eftir slysið hafa tvívegis verið frá vinnu, fyrst 5.—26. október 1967 og frá 18. janúar — 25. marz 1968.

Kröfu sína fyrir tapað yfirvinnukaup á nefndum tveim tímabilum sundurliðar stefnandi þannig:

A.	5.—26. október 1967.	
	Laugardagsuppbót, 22 dagar x 15.0933	kr. 332.05
	Yfirvinna afleysingarmanns	
	21 tímar á 80.56	— 1.691.76
	31 — — 136.20	— 4.222.20
		kr. 6.246.01

B. 18. janúar — 25. marz 1968.

Laugardagsuppbót, 68 dagar x 15.0933			kr.	1.026.34
Yfirvinna afleysingamanns				
í janúar:	8 tímar	á 80.56	—	644.48
	23 —	— 136.20	—	3.132.60
í febrúar:	18.5 —	— 80.56	—	1.490.36
— —	43 —	— 136.20	—	5.856.60
í marz:	38 —	— 136.20	—	5.175.60
		eða alls	kr.	23.571.99

Stefnandi heldur því fram, að stefnda sé tvímælalaust skylt að greiða yfirvinnu þessa, og bendir jafnframt á, að hann hafi hinn 21. maí 1968 ritað réttargæzlustefnda bréf með kröfu um greiðslu ofangreindrar yfirvinnu. Viðbrögð réttargæzlustefnda hafi verið þau, að hann hafi greitt kr. 10.000.00 upp í yfirvinnuna, og telur stefnandi, að í greiðslu þessari felist viðurkenning um að bæta yfirvinnutapið.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem ósönnuðum. Telur stefndi því, að ekki eigi að taka hann til greina.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu sundurliðaðar yfirvinnuskýrslur þess stýrimanns, sem leysti hann af. Hefur skýrslum þessum ekki verið hnekkt. Fallast ber á það með stefnanda, að stefndi eigi að bæta honum yfirvinnutapið. Verður kröfuliður þessi því að fullu tekinn til greina.

Um 3. kröfulið.

Hér er um að ræða kostnað fyrir læknisvottorð, örorkumat, útreikninga á örorkutjóni, lyf og sjúkrahúskostnað. Hefur stefnandi lagt fram reikninga yfir kostnað þennan.

Stefndi hefur ekki mótmælt þessum kröfulið tölulega.

Kostnaður stefnanda samkvæmt þessum kröfulið er útlagt fé hans vegna slyssins. Verður kröfuliður þessi því tekinn til greina.

Um 4. kröfulið.

Stefnandi bendir á, að hann sé haldinn eymslum, óþægindum og með aldri muni að sjálfsögðu sækja mjög gigt að hálsi hans, höfði og herðum. Sé áverki sá, sem hann fékk við slysið, því á vissan hátt meira en missir t. d. einhvers líkamshluta. Ljóst

sé því, að hann eigi rétt á ríflegri bótafjárhæð samkvæmt þessum kröfulið.

Stefndi mótmælir þessum kröfulið sem of háum.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir sjúkdómsferli stefnanda. Þegar þau gögn eru virt og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þykir rétt að taka kröfu stefnanda um miskabætur til greina með kr. 75.000.00.

VI.

Svo sem greinir í kaflanum hér á undan, telst tjón stefnanda samtals kr. 511.606.00 (400.000.00+23.572.00+13.034.00 +75.000.00).

Óumdeilt er, að réttargæzlustefndi hefur greitt stefnanda kr. 10.000.00, sem koma eiga til frádráttar.

Í 3. gr. kjarasamnings Eimskipafélags Íslands og Stýrimannafélags Íslands frá 3. september 1965 var svofellt ákvæði:

„Útgerðin tryggir stýrimenn sína gegn öllum slysum, er þá kann að henda, á meðan þeir eru í þjónustu hennar, hvort heldur þau verða um borð eða í landi.

Upphæð tryggingarinnar skal vera kr. 300.000.00 — þrjúhundruð þúsund krónur — miðað við dauða og fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi stýrimanns, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi skerðir ekki rétt stýrimanns til greiðslu úr lífeyris- og eftirlaunasjóði útgerðarinnar, en kemur hins vegar til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni með sama hætti og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.“

Gerðardómur, sem skipaður var samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 63/1967, úrskurðaði hinn 30. október 1967, að tryggingarfjárhæð samkvæmt ofangreindu ákvæði kjarasamningsins skyldi vera kr. 600.000.00. Krafði stefnandi H/f Eimskipafélag Íslands um greiðslu 10% af fjárhæðinni, eða kr. 60.000.00. Félagið neitaði greiðslu á hærri fjárhæð en kr. 30.000.00, þ. e. 10% af kr. 300.000.00, eins og tilgreint var í upphaflega kjarasamningnum frá 3. september 1965. Ágreiningsefni þessu var skotið til Félagsdóms, sem hinn 17. marz 1971 úrskurðaði, að Eimskipafélag Íslands væri skylt að miða tryggingarfjárhæð samkvæmt nefndri grein kjarasamningsins við kr. 600.000.00, enda þótt slys stefnanda hafi ekki orðið fyrr en 5. október 1967. Stefnandi kveðst nú hafa fengið greiddar örorkubætur þessar, kr. 60.000.00, úr

hendi H/f Eimskipafélags Íslands. Stefnandi mótmælir því alfarið, að slysatryggingarbætur þessar eigi að koma til frádráttar á tjónabótakröfum hans.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að í raun réttri komi nefndar slysatryggingarbætur til lækkunar á tjóni stefnanda, og beri því að draga kr. 60.000.00 frá tjóni stefnanda.

Fallast verður á með stefnda, að slysatryggingarbætur þessar séu með þeim hætti, að þær eigi að koma til frádráttar frá tjóni stefnanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber stefnda að greiða stefnanda kr. 441.606.00 (511.606.00÷70.000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaganna nr. 40/1968 á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 4709 til tryggingar hinum tildæmdu kröfum.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landleiðir h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 441.606.00 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á lögveð í bifreiðinni R 4709 til tryggingar ofangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1972.

Nr. 171/1971. **Hagtrygging h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Garðari Magnússyni
(Kristinn Einarsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Endurkrafa vátryggingafélags samkvæmt 73. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1971 og krafizt þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 120.476.00 með 7% ársvöxtum frá 9. apríl 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. nóvember 1971. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi fékk gjafvörn hér fyrir dómi 11. október 1972.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, en slys það, sem mál þetta er af risið, varð sjö og hálfum mánuði eftir að ákvæði um hægri umferð tóku gildi.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 25.000.00.

Gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hagtrygging h/f, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, er renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. okóber 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m., hefur Hagtrygging h/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Garðari Magnússyni, Háholti 28, Akranesi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 120.476.00 með 8% ársvöxtum frá 9. apríl 1969 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var vaxtafótur vaxtakröfunnar lækkaður í 7% ársvexti.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafizt, að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð og verði þá jafnframt kveðið á um skiptingu sakar. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með bréfi, dagsettu hinn 10. nóvember 1970, veitti dómsmálaráðherra stefnda gjafvörn í máli þessu, og var Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Málavextir eru þeir, að um kl. 1225 hinn 11. janúar 1969 ók stefndi bifreið sinni, E 719, austur þjóðveginn frá Akranesi. Á móts við bæinn Innsta—Vog varð árekstur á milli bifreiðarinnar og bifreiðarinnar Þ 1416, sem ekið var eftir þjóðveginum á leið til Akraness. Báðar bifreiðarnar eru fólksbifreiðar. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Gáfu þeir skýrslu um atburðinn og gerðu uppdrátt af vettvangi. Í skýrslunni kemur fram, að árekstúrinn hafi orðið með þeim hætti, að bifreiðinni E 719 hafi verið ekið austur þjóðveginn frá Akranesi, en bifreiðinni Þ 1416 hafi verið ekið vestur. Hafi ökumaður Þ 1416 sagzt hafa ekið á 55—60 km hraða miðað við klukkustund og hafi hann séð E 719 koma á móti sér á vinstri vegarhelmingi, en hann hafi talið, að bifreiðinni yrði sveigt yfir að

hægri brún akbrautarinnar, áður en þeir mættust. Ökumaður E 719, stefndi í máli þessu, var strax fluttur í sjúkrahús Akraness, þar sem hann virtist vera talsvert meiddur. Kvaðst hann aðspurður ekki geta gert sér grein fyrir árekstrinum, enda hálfvankaður eftir höggið. Ökumaður bifreiðarinnar Þ 1416 og eigandi hennar, sem einnig var í bifreiðinni, voru einnig fluttir í sjúkrahús Akraness. Bifreiðarnar voru báðar óökufærar, og var bifreiðaeftirlitsmaður kvaddur á vettvang til frekari skoðunar á þeim. Hemlaför Þ 1416 mældust 25 m, en E 719 20 m. Þjóðvegurinn er malarborinn, og var færi þurrt. Dagsbirta var og bjart veður, er árekstur inn varð. Samkvæmt uppdrætti af vettvangi er vegurinn þarna um 7.80 m breiður, og hefur árekstur inn orðið á vinstri vegarhelmingi E 719 miðað við akstursstefnu hennar, og eru tæpir 2 m frá vinstri hlið bifreiðarinnar að vinstri vegarbrún. Eru hemlaför eftir bifreiðina einnig á vinstra vegarhelmingi miðað við akstursstefnu hennar.

Í skýrslu Helga Andréssonar lögregluþjóns, er hann gerði á slysdegi, skýrir hann svo frá, að hann hafi flutt stefnda í sjúkrahús Akraness, þar sem hann hafi virzt mikið slasaður. Helgi kveður ekki hafa reynzt unnt að ganga úr skugga um eða gera sér grein fyrir, hvort stefndi væri undir áhrifum áfengis eða ekki, og því hafi hann fengið Braga Níelsson lækni til þess að taka úr honum blóð til alkóhólákvörðunar. Hafi blóðsýnishornið síðan verið sent til rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens í Háskóla Íslands til alkóhólákvörðunar, merkt blóðsýnishorn 1/1969. Sigurður Guðjónsson bifreiðaeftirlitsmaður hefur í skýrslu, dags. 11. janúar 1969, skýrt svo frá, að hann hafi að beiðni lögreglunnar á Akranesi skoðað bifreiðarnar E 719 og Þ 1416, sem höfðu lent í hörðum árekstri rétt hjá Innsta—Vogi við Akranes. Kveður hann bifreiðina E 719 af gerðinni Opel Caravan, árgang 1955, hafa lent beint framan á bifreiðinni Þ 1416 og skemmzt það mikið, að bifreiðin E 719 væri að hans dómi ónýt. Kveður hann m. a. grindina í sundur báðum megin rétt aftan við framhjól. Sigurður kveður bifreiðina Þ 1416 hafa skemmzt mikið að framan, en stýrisgangur og hemlar hafi verið í lagi.

Í vottorði rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens um niðurstöður alkóhólrannsóknar, sem framkvæmd var hinn 13. janúar 1969 á blóðsýnishorni merktu Akranes 1/1969, kemur fram, að í því hafi fundizt reduserandi efni, er samsvari 1.28‰ af alkóhóli.

Um ástand stefnda við komuna í sjúkrahús Akraness segir svo í vottorði Páls Gíslasonar læknis:

„Hér með vottast, að hinn 11. jan. 1969 var komið með Garðar Pétur Magnússon, Háholti 28, Akranesi, (f. 1. 1. 1924) hingað á sjúkrahúsið.

Hafði hann slasast við bifreiðaárekstur rétt utan við Akranes. Við skoðun kom í ljós:

1) Hægri ganglim er haldið útróteruðum í mjaðmarlið og veldur hreyfing þar miklum sársauka. Er fjaðrandi mótstaða við hreyfingum, og sjúklingurinn getur ekki sjálfur hreyft fótinn.
2) Á vinstra hné er grunnur skurður ca. 7 cm langur.

Röntgenmyndataka af h. mjöðm sýndi, að lærbeinshaus var úr liðnum, og hafði brotnað út úr skálinni: (acatabulum).

Fljótlega eftir komu var sjúkl. svæfður og gert að liðhlaupinu, en 15. jan. síðan enn gerð aðgerð til að laga liðhlaupið, og liggur sjúkl. nú í gipsi hér á sjúkrahúsinu. Erfitt er að segja ákveðið um batahorfur að sinni."

Hinn 21. janúar 1969 tók lögreglan skýrslu af stefnda, er var þá sjúklingur í Sjúkrahúsi Akraness, en hinn 20. febrúar hófst dómsrannsókn fyrir sakadómi Akraness út af atburði þessum. Kvaðst stefndi hafa verið á leið að öskuhaugunum við Berjadalsá, er umræddur atburður varð. Kvaðst hann hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar, er hann ók yfir Miðvogslækinn, og hafi mælirinn þá sýnt 45 km miðað við klukkustund. Kvaðst stefndi hafa ekið eftir miðjum veginum, er hann tók eftir bifreið, er kom á móti skammt austan við lækinn, en þar sem hann hafi verið að hugsa um annað, taldi hann það hafa valdið því, að hann hafi ósjálfrátt beygt snöggt til vinstri og hemlað um leið. Kvaðst hann hafa verið að hugsa um það, hvað veðrið væri gott og hægt hefði verið að róa þennan dag, en stefndi var á þessum tíma sjómaður. Kvað hann mega rekja orsök árekstrarins til þessa gáleysis síns. Stefndi kvaðst hafa áttað sig á því, um leið og hann hemlaði, að hann var á röngum vegarhelmingi, en kvaðst ekki hafa talið fært að víkja yfir á hægri vegarhelming, vegna þess hve stutt var milli bifreiðanna og hve allt varð með snöggum hætti, og því hafi sér ekki tekizt að koma í veg fyrir árekstur. Taldi stefndi, að hann hefði ekið á 50—55 km hraða, er hann hemlaði. Stefndi kvað sér hafa virzt bifreiðin, sem á móti kom, hafa verið á mikilli ferð, en ekki kvaðst hann geta gizkað á hraða hennar.

Eftir áreksturinn kvaðst hann aðeins hafa stigið út úr bifreiðinni í vinstri fót, en setzt síðan undir stýri og setið þar, þar til lögreglan kom að. Stefndi kvaðst hafa fundið til mikils sársauka í hægri mjöðm og kvaðst því hafa tekið flösku með vínblöndu úr mælaborði bifreiðarinnar og drukkið allmikið af þessari blöndu, eða niður fyrir miðja flösku, sem hafi verið axlarfull. Hann kvað sér hafa liðið betur eftir að drekka áfengið og kvaðst hafa fundið til ölvunaráhrifa, er lögreglan kom að. Hann kvaðst hafa séð lögreglubifreiðina koma og þá sett flöskuna í hólfið undir aftursæti bifreiðarinnar, áður en hann fór út úr henni. Stefndi kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni, og kvaðst ekki hafa neytt áfengis um morguninn eða kvöldið áður. Hann kvaðst heldur ekki hafa tekið inn nein lyf og ekki verið undir áhrifum þeirra. Hann kvaðst heldur ekki hafa verið óeðlilega syfjaður, þreyttur eða miður sín. Hann kvað bifreið sína hafa verið í lagi og kvaðst ekki hafa orðið var við, að stjórntæki hennar væru í ólagi við aksturinn.

Kristján Elfar Ingvarsson, eigandi bifreiðarinnar Þ 1416, skýrði svo frá, að hann hafi setið við hlið Grétars, ökumannsins í bifreið sinni, er slysið varð. Kvað hann þá hafa verið að koma frá öskuhaugunum, sem þarna eru skammt fyrir innan. Hann kvað Grétar hafa ekið eðlilega, á 60 km hraða í mesta lagi, og kvaðst hann hafa séð bifreiðina E 719 á vinstri vegarhelmingi, en akstur hennar virtist óákveðinn, og kvaðst Kristján hafa haldið, að ökumaðurinn mundi átta sig og sveigja yfir á hægri vegarhelming, áður en þeir mættust, en það hafi engum togum skipt, að áreksturinn hafi orðið. Kristján kvað Grétar hafa hemlað, en ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir, hvað ferðin hafi minnkað mikið, er áreksturinn varð. Hann kvað áreksturinn hafa verið allharðan og hafi þeir báðir kastazt fram og lent með höfuðið upp í sólskyggni fyrir ofan framrúðu bifreiðarinnar, en rúðan hafi ekki brotnað. Við áreksturinn kvað Kristján þá Grétar hafa skorizt á enni og einnig hafi þeir marizt á hnjám og hafi verið gert að sárum þeirra í sjúkrahúsinu. Kristján kvaðst álíta, að hraði bifreiðarinnar E 719 hafi ekki verið meiri en bifreiðar sinnar, eða um 60 km miðað við klukkustund, en þó sé það ágizkun. Kristján kvað þá Grétar hafa stigið strax út úr bifreiðinni og gengið að hurðinni á bifreið stefnda, þar sem hann hafi setið undir stýri. Kristján kvað Grétar hafa spurt stefnda að því, hvort hann væri meiddur, og

hafi stefndi svarað neitandi, en þó kvartað um sársauka í mjöðm. Hafi hann stigið aðeins út úr bifreiðinni, en setzt fljótt upp í hana aftur. Kristján kvað þá Grétar hafa sezt fljótlega inn í bifreið, sem þarna kom á staðinn, og hafa setið þar, þangað til lögreglumenn komu þar að. Hann kvað lögregluna hafa komið fljótlega þar að, en farið aftur niður í bæ til að sækja sjúkrakörfu og hafi þeir Grétar setið á meðan í jeppabifreiðinni, en stefndi hafi alltaf setið í sinni bifreið. Ekki kvaðst Kristján hafa fylgzt með stefnda, á meðan á þessu stóð, og kveðst ekki geta borið um það, hvað hann aðhafðist í bifreið sinni. Ekki kvaðst Kristján hafa séð stefnda drekka úr flösku eða vera með hana. Ekki kvaðst Kristján geta fullyrt, hvort stefndi hafi verið undir áfengisáhrifum. Hann kvað stefnda hafa verið fölan og eins og utan við sig, en ekki kvaðst hann geta borið um það, hvort hann væri undir áfengisáhrifum þarna í bifreiðinni. Kristján kvað hægt hafa verið að aka meðfram bifreiðunum á veginum eftir árekstrinn.

Grétar Guðni Guðnason, ökumaður bifreiðarinnar Þ 1416, kvaðst ekki hafa verið á neinn hátt illa fyrirkallaður, er umræddur atburður varð. Hann taldi sig hafa ekið á um 60 km hraða, er hann sá bifreiðina E 719 koma á móti. Hann kvaðst ávallt hafa talið, að bifreiðinni E 719 mundi verða ekið yfir á hægri vegarhelming, áður en bifreiðarnar mættust. Hann kvað sig hafa stigið létt á hemla og dregið úr ferð bifreiðar sinnar, en ekki snarhemlað. Hann kvað akstur bifreiðarinnar E 719 hafa verið óöruggan og hafi bifreiðinni verið ekið á vinstri vegarhelming miðað við aksturssstefnu hennar. Grétar kvaðst fljótlega hafa farið út úr bifreið sinni eftir árekstrinn og að hurð bifreiðar stefnda, þar sem hann sat undir stýri. Kvað Grétar stefnda hafa verið miður sín, en ekki kvaðst hann hafa séð ölvunareinkenni á honum og ekki hafa fundið af honum neina áfengislykt. Grétar kvaðst síðan hafa setzt inn í jeppabifreið, sem þarna kom, og hafi hann ekki fylgzt með stefnanda í bíl hans eftir það, og ekki kvaðst Grétar hafa séð stefnda með flösku.

Helgi Andrésson lögregluþjónn, er kom á slysstaðinn, skýrði svo frá, að sér hafi virzt stefndi þannig slasaður, að ekki væri rétt að flytja hann nema í sjúkrakörfu. Hann kvað stefnda hafa staðið við bifreið sína vinstra megin og hafi þeir átt orðaskipti um meiðsli stefnda og hafi stefndi sagzt finna til í fætinum. Helgi kvað stefnda hafa verið eins og utan við sig, og virtist honum Garðar hálf drafandi eða loðmæltur. Einnig kvað hann

stefnda hafa verið dálítið voteygðan og kvaðst hafa talið þetta stafa af slysinu. Helgi kvaðst hafa stjórnað bifreið þeirri, sem ók stefnda til sjúkrahússins, og kvaðst eiginlega ekki hafa komið þannig að stefnda, að hann hafi andað að vitum hans, og kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af stefnda. Helgi kvaðst hafa beðið læknana í sjúkrahúsinu að taka strax blóð til alkóhólrannsóknar úr stefnda til varúðar, þar sem slysið og tjónið virtist það mikið, en ekki kvaðst hann hafa rökstudda ástæðu til að ætla, að stefndi væri undir áfengisáhrifum. Kvaðst Helgi þekkja stefnda og kvaðst ekki hafa talið hann hafa haft greinileg áfengiseinkenni.

Með bréfi, dagsettu 26. september 1969, heimilaði saksóknari ríkisins að ljúka máli stefnda vegna meints umferðarlagabrots með dómssátt, og var brot hans talið varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 Hinn 19. janúar 1970 lauk málinu með réttarsátt, þar sem stefndi gekkst undir að greiða kr. 1.500.00 sekt í ríkissjóð svo og málskostnað.

Stefnandi var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar E 719 og greiddi kr. 120.476.00 í kostnað við viðgerð á bifreiðinni Þ 1416 vegna greinds árekstrar. Með hliðsjón af atvikum að árekstrinum taldi stefnandi sig eiga endurkröfurétt á hendur stefnda fyrir þeirri fjárhæð, sem greidd var í skaðabætur vegna árekstrarins. Samkvæmt 76. gr. laga nr. 40/1968 óskaði stefnandi eftir úrskurði nefndar þeirrar, sem þar er tilgreind, um heimild til að endurkrefja stefnda. Með úrskurði nefndarinnar 14. nóvember 1969 taldi hún rétt, að stefndi yrði endurkrafinn, en vegna hárrar tjónsfjárhæðar var stefnanda heimilað að semja um lægri endurkröfu, ef tjónvaldur vildi ganga til samninga um málið. Með bréfi, dagsettu hinn 14. apríl 1970, krafði lögmaður stefnanda stefnda um tjónbætur að fjárhæð kr. 120.476.00, er stefnandi hafði greitt vegna umræddS tjóns á bifreiðinni Þ 1416. Stefndi hafnaði endurkröfu stefnanda, sem síðan hefur höfðað mál þetta.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að með hliðsjón af atvikum að árekstri þeim, sem fram hafi komið við rannsókn málsins, þ. á. m. samkvæmt framburði stefnda sjálfs svo og viðurkenningu hans á umferðarlagabrotum sínum, sé augljóst, að stefndi hafi valdið árekstrinum af stórkostlegu gáleysi með því að aka bifreið sinni, án þess að vera með hugann við aksturinn, á röngum vegarhelmingi og eigi hann með því akturslagi einn alla sök

á árekstrinum. Ljóst sé, að stefndi beri einn ábyrgð á öllu því tjóni, sem af akstri hans hlautzt. Stefnandi, sem greitt hafi skaðabætur fyrir tjón það, er af akstri stefnda hlauzt, og nema stefnufjárhæðinni í máli þessu, eigi því tvímælalaust endurkröfu á hendur stefnda um þá fjárhæð samkvæmt 73. gr., sbr. 76. gr. laga nr. 40/1968 og a lið 9. gr. vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingarinnar.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að hann hafi alls ekki sýnt stórkostegt gáleysi við akstur sinn, er umræddur atburður varð. Er því haldið fram, að ökumaður Þ 1416 hafi alls eigi sýnt þá varkárni, sem gera verði kröfu til, enda hafi hann ekið með meiri hraða og uppdráttur af vettvangi bendi til þess, að akstur hans hafi verið óákveðinn frekar en að um slíkt hafi verið að ræða hjá stefnda. Er sérstaklega á það bent, að ef ökumaður Þ 1416 hefði vikið alveg út að hægri vegarbrún, þá hefði verið hægt að komast hjá árekstrinum.

Upphafsákvæði 9. gr. hinna almennu tryggingarskilmála ábyrgðartryggingar bifreiðar stefnda og a liður greinarinnar eru svohljóðandi:

„Félagið áskilur sér rétt til þess samkvæmt ákvæðum 1. gr. auglýsingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 25. október 1929 um bifreiðavátryggingar að krefjast endurgreiðslu frá vátryggingartaka eða öðrum vátryggðum, ef tjónið hefur orðið með þeim hætti, sem hér segir:

a) af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni . . .“

Krafa stefnanda er ekki byggð á því, að stefndi hafi verið ölvaður við akstur bifreiðar sinnar.

Það er að vísu ljóst, að rekja má orsök umræddrs árekstrar til gáleysis stefnda, en þegar virt eru atvik að umræddum atburði og með tilliti til þess, sem telja verður fram komið um huglæga afstöðu stefnda til hans, þá þykir varhugavert að telja, að stefndi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 73. gr. umferðarlaga. Verður því stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Garðar Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hagtryggingar h/f, í máli þessu. Málskostnaður

fellur niður. Másvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudagur 21. nóvember 1972.


Nr. 167/1971: **Stefán Karlsson**
Karl Stefánsson og
Stefán Stefánsson
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar
(Agnar Gústafsson hr.)
og
Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar
gegn
Stefáni Karlssyni
Karli Stefánssyni og
Stefáni Stefánssyni
og til réttargæzlu þeim
Ólafi Haraldssyni (enginn)
Snorra Halldórssyni (enginn)
Gunnari Snorrasyni (enginn)
Inga B. Ársælssyni (enginn)
Sigurði Guðmundssyni (enginn)
Rudolf Ásgeirssyni og
Sólborgu Marínósdóttur
(Magnús Thorlacius hrl.)
Antoni Guðmundssyni (enginn)
Soffíu Vilhjálmsdóttur (enginn)
Byggingarnefnd Laugardalshrepps (enginn)
Hreppsnefnd Laugardalshrepps og (enginn)
Ólafi Jónassyni

Vegarstæði. Umferðarréttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1971. Gera þeir þessar dómkröfur: Aðallega að rift verði kaupsamningi aðaláfrýjanda Stefáns



Athugasemdir og skýringar:

Flatarmálstölur eru hér skráðar skv. afsölum og leigusamningum

Girðingar

—"— hálfgerðar

Eignamörk, ósýnileg í landinu

Ár og lækir

Ókannað er, að hve miklu leyti girðingar samsvara mörkum eignar- og leigulanda

o4 Mælingamerki

Hin merkta veglína táknar miðlínu vegar í beygjum skal radíus vera 10m

Hæstaréttarskjal X

Mælikvarði frumrits 1: 2000

100 50 0 100 200

Stekkártunga

úr Snorrastaðalandi, Laugardal, Árnessýslu

Þessi uppdráttur er gerður eftir loftljósmyndum, sem teknar voru af Landmælingum Íslands 1960 og 1967, uppdrætti Aksels Piihl frá 1966 og mælingu, sem gerð var af undirrituðum í marz 1969 vegna hæstaréttarmálsins nr. 115/1968

Reykjavík, apríl 1969

Ragnar Árnason

Sjá mál nr. 167/1971, XLIII, bls. 904-919.

Karlssonar við gagnáfrýjanda, dags. 22. september 1965, og afsali, dags. 29. s. m., og að aðaláfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til vara, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaðar er krafizt úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1971. Krefst hann aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst gagnáfrýjandi, „Að viðurkenndur verði með dómi umferðarréttur" hans „um veg þann, sem Stefán Karlsson lét leggja árið 1966 og merktur er á uppdrátt Ragnars Árnasonar, verkfræðings, frá því í apríl 1969 með breytingum í des. 1969 og júní 1970 frá Vestari Stekká upp af leið þeirri, sem merkt er á sama uppdrætti sem tillaga skv. aðalkröfu gagnáfrýjanda í hæstaréttarmálinu nr. 52/1970, og að aðaláfrýjandi, Stefán Karlsson, verði dæmdur til þess að láta" honum „í té vegarstæði fyrir akfæran veg að breidd og gerð eftir ákvörðun Hæstaréttar eftir þeirri leið upp undir leiguland Ólafs Haraldssonar, en þar sveigi vegurinn inn á leið skv. aðalkröfu minni, þannig að vegarstæðið yfir leiguland Ólafs Haraldssonar verði í samræmi við matsgerð, dags. 16. marz 1971".

Þá er þess krafizt, að aðaláfrýjendur Stefán og Karl Stefánssynir verði dæmdir til þess að þola ofangreint vegarstæði á landi sínu.

Enn fremur er gerð sú krafa, að aðaláfrýjandi Stefán Karlsson verði dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda kr. 54.330.00 með 7% ársvöxtum af kr. 34.330.00 frá 1. apríl 1971 til 19. ágúst 1971 og af kr. 54.330.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Ekki hafa verið gerðar kröfur á hendur réttargæzlustefndu.

Sótt hefur verið þing fyrir Hæstarétti af hálfu réttargæzlustefndu Rudolfs Ásgeirssonar og Sólborgar Marinósdóttur. Krefjast þau „aðallega, að vegarstæði verði ákveð-

ið græna línan á uppdrættinum að rauðu línunni, en síðan eftir henni að landi gagnáfrýjanda, en til vara, að vegarstæðið verði ákveðið rauða línan alla leið. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati Hæstaréttar."

Sakarefninu er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur nokkurra nýrra gagna verið aflað. Dómendur Hæstaréttar hafa kynnt sér vettvang.

Sá þáttur þessa sakarefnis, sem lýtur að kröfu gagnáfrýjanda til umferðarréttar að landi sínu, hefur tvívegis áður sætt úrlausn Hæstaréttar með dómum 20. júní 1969 og 21. október 1970. Voru héraðsdómar í bæði skiptin ómerktir.

I.

Viðhlítandi rök hafa ekki verið færð fyrir kröfu aðaláfrýjenda um heimvísun málsins, og verður henni ekki sinnt.

II.

Fallast verður á þá úrlausn héraðsdóms, að riftunarkrafa aðaláfrýjanda Stefáns Karlssonar á hendur gagnáfrýjanda, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar, svo sem hún er úr garði gerð, sé ekki studd haldgóðum rökum. Ber að sýkna gagnáfrýjanda af þessari kröfu hans.

III.

Í hæstaréttardómi 20. júní 1969 segir m. a.: „Samkvæmt gögnum málsins er aðaláfrýjanda (Stefáni Karlssyni) skylt að veita gagnáfrýjanda aðstöðu til umferðar að landi sínu, en slíkt virðist eigi unnt, nema veita gagnáfrýjanda (Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar) umferðarrétt um lönd aðilja, sem aðaláfrýjandi hefur leigt eða selt landspildur á svæði þessu." Þrátt fyrir ummæli þessi hefur aðaláfrýjandi Stefán Karlsson ekki tilvísað gagnáfrýjanda landi eða aðstöðu til vegarstæðis, svo sem honum var heim-

ilt, og er því eigi annars úrkosti en að taka afstöðu til þeirra krafna, sem uppi eru af hendi gagnáfrýjanda um vegarstæði, miðað við lagaviðhorf, staðhætti og aðstæður allar. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi hafa byggingaryfirvöld Laugardalshrepps lýst yfir því, að þau geti fallizt á hvort vegarstæðið sem er samkvæmt aðalkröfu eða varakröfu gagnáfrýjanda.

Ekki hafa verið lögð fram gögn um kostnað við vegaframkvæmdir samkvæmt hvorum kostinum um sig, sem felast í aðalkröfu og varakröfu gagnáfrýjanda.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um, að sú vörn aðaláfrýjanda Stefáns Karlssonar, sem reist er á 67. gr. stjórnarskrár, sé ekki tæk.

Telja verður, að vegarstæði það, sem héraðsdómur hefur ákveðið, sé eðlilega valið vegna staðhátta og með hliðsjón af því að forðast landspjöll eftir því sem auðið er. Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um, að eignarréttur þeirra aðaláfrýjenda Stefáns og Karls Stefánssona girði ekki fyrir, að aðaláfrýjanda Stefáni Karlssyni verði dæmt skylt að greiða úr kröfu gagnáfrýjanda til umferðarréttar með þessum hætti. Því er hins vegar ekki hnekkt, að aðaláfrýjandi Stefán Karlsson hafi skuldbundið sig gagnvart réttargæzlustefnda Sigurði Guðmundssyni, þegar hann seldi honum landspildu þá, sem í héraðsdómi greinir, um að leyfa ekki umferð meðfram vesturhlið landspildunnar „nema fyrir einn sumarbústað í mesta lagi". Hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að loforð þetta sé ógilt. Í afsali aðaláfrýjanda Stefáns Karlssonar til gagnáfrýjanda 29. september 1965 segir, að kaupendur megi „byggja tvo bústaði á hinni seldu spildu . . .". Verður að miða við það samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi, að gagnáfrýjandi ætli að nýta sér þennan rétt sinn til hlítar. Að svo vöxnu máli þykir aðaláfrýjandi Stefán Karlsson ekki mega láta gagnáfrýjanda í té til hlítar land það undir vegarstæði, er aðalkrafa gagnáfrýjanda lýtur að. Er því ekki unnt að fallast á aðalkröfu gagnáfrýjanda.

Eignarréttur þeirra aðaláfrýjenda Stefáns og Karls Stef-

ánssona girðir ekki fyrir, að aðaláfrýjanda Stefáni Karlssyni verði dæmt skylt að veita gagnáfrýjanda aðstöðu til umferðar að landi sínu á þann hátt, sem greinir í varakröfu gagnáfrýjanda. Ekki er sýnt fram á lagalega annmarka á þeirri kröfu, og ber að fallast á hana, enda hefur aðaláfrýjandi Stefán Karlsson eigi vísað á aðra úrkosti um vegarstæði, þótt efni hafi verið til þess.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda Stefáni Karlssyni skylt að viðurkenna umferðarrétt gagnáfrýjanda um veg þann, sem talið er í málflutningi, að hann hafi látið leggja árið 1966, allt frá Vestari Stekká og eftir vestari bakka Eystri Stekkár að punkti A á uppdrætti á hæstaréttarskjali X. Þá er honum skylt að leggja gagnáfrýjanda til land frá greindum punkti að punkti B á uppdrættinum undir óupphleypta akbraut, er sé 3.5 m að breidd, með einu útskoti (C), hvort tveggja svo sem markað er á uppdrættinum, þannig að akbraut ásamt útskoti sé ekki breiðari en 6 m. Punktar A og B á uppdrætti eru miðaðir við vegmiðju svo og hin merkta veglína. Dæma ber aðaláfrýjanda Stefáni Karlssyni skylt að þola vegarstæði á leigulandi Ólafs Haraldssonar, svo sem lýst er í héraðsdómi. Aðaláfrýjendum Stefáni og Karli Stefánssonum ber að dæma skylt að þola ofangreint vegarstæði á eignarlandi sínu.

Með vísan til raka héraðsdóms ber að dæma aðaláfrýjanda Stefán Karlsson til þess að endurgjalda gagnáfrýjanda kostnað þann, kr. 54.330.00, sem gagnáfrýjandi varð útlægur um í því skyni að afla sér umferðarréttar um land Ólafs Haraldssonar. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um vexti af þeirri fjárhæð.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda Stefán Karlsson til að greiða gagnáfrýjanda, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og er hann hæfilega ákveðinn kr. 80.000.00. Ekki eru efni til að sinna málskostnaðarkröfu réttargæzlustefndu Rudolfs Ásgeirssonar og Sólborgar Marinósdóttur á hendur gagnáfrýjanda. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar, skal vera sýkn af riftunarkröfu aðaláfrýjanda Stefáns Karlssonar.

Aðaláfrýjanda Stefáni Karlssyni skal skylt að viðurkenna umferðarrétt gagnáfrýjanda, Starfsmannafélags Áburðarverksmiðjunnar, um veg þann, sem hann lagði árið 1966, allt frá Vestari Stekká og eftir vestari bakka Eystri Stekkár að punkti A á uppdrætti á hæstaréttarskjali X. Þá er honum skylt að leggja gagnáfrýjanda til land frá greindum punkti að punkti B á sama uppdrætti undir óupphleypta akbraut, er sé 3.5 m að breidd, með einu útskoti, þannig að akbraut og útskot sé ekki breiðari en 6 m, hvort tveggja eins og markað er á framangreindan uppdrátt.

Aðaláfrýjendum Stefáni og Karli Stefánssonum skal skylt að þola ofangreint vegarstæði á eignarlandi sínu.

Ákvæði héraðsdóms um fégreiðslu aðaláfrýjanda Stefáns Karlssonar til gagnáfrýjanda skal óraskað.

Aðaláfrýjandi Stefán Karlsson greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 80.000.00. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur að öðru leyti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 15. september 1971.

Ár 1971, miðvikudaginn 15. september, var í aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í húsakynnum Hæstaréttar í Reykjavík af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, og meðdómendum prófessor Gauki Jörundssyni og héstaréttarlögmanni Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 33/1971: Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar gegn

Stefáni Karlssyni og fleirum og gagnsök, en málið var eftir endurtekinn munnlegan málflutning dómtekið sama dag.

Aðalsök máls þessa hefur aðalstefnandi, Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 1. apríl 1971, gegn þeim Stefáni Karlssyni, Karli Stefánssyni og Stefáni Stefánssyni, öllum til heimilis að Víðihvammi 14, Kópavogi, og til réttargæzlu Ólafi Haraldssyni, Hrauntungu 36, Kópavogi, Snorra Halldórssyni, Karfavogi 24, Reykjavík, Gunnari Snorrasyni, Ljósheimum 18, Reykjavík, Rudolf Ásgeirssyni og Sólborgu Marinósdóttur, báðum til heimilis að Laugarnesvegi 116, Reykjavík, Inga B. Ársælssyni, Skaftahlíð 14, Reykjavík, Sigurði Guðmundssyni, Gnoðarvogi 82, Reykjavík, Antoni Guðmundssyni, Hvassaleyti 8, Reykjavík, Soffíu Vilhjálmsdóttur, Skeggjagötu 12, Reykjavík, Ólafi Jónassyni, Safamýri 15, Reykjavík, byggingarfulltrúa Laugardalshrepps f. h. byggingarnefndar hreppsins og oddvita Laugardalshrepps f. h. hreppsnefndar.

I. Dómkröfur.

Í aðalsök gerir aðalstefnandi þær dómkröfur, að aðalstefndu, Stefán Karlsson og Karl og Stefán Stefánsson, verði dæmdir til að láta aðalstefnanda í té vegarstæði eftir nánari ákvörðun dómsins um staðsetningu, 8 metra breitt eða aðra breidd eftir mati dómsins, frá vegi Jóhanns Sveinbjörnssonar, bónda á Snorrastöðum í Laugardalshreppi, Árnessýslu, yfir lönd aðalstefndu í Stekkártungu úr landi Snorrastaða upp að leigulandi Ólafs Haraldssonar, en þar verði staðsetning vegarstæðis á eystri bakka Vestari Stekkár, þannig að vegurinn tengist fyrirhuguðum vegi samkvæmt uppdrætti, er fylgi matsgerð, dags. 16. marz 1971. Þá gerir aðalstefnandi þá kröfu á hendur aðalstefnda Stefáni Karlssyni, að hann sem eigandi leigulands Ólafs Haraldssonar verði dæmdur til þess að að þola vegarstæði yfir spilduna, 8 metra breitt, eða aðra breidd eftir mati dómsins, á eystri bakka Vestari Stekkár, sbr. uppdrátt, er fylgi matsgerð, dags. 16. marz 1971. Enn fremur gerir aðalstefnandi þá kröfu á hendur aðalstefnda Stefáni Karlssyni, að hann verði dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda kr. 54.330.00 með 7% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags vegna bóta til Ólafs Haraldssonar (kr. 20.000.00) og matskostnaðar (kr. 34.330.00). Loks krefst aðalstefnandi málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins úr hendi aðalstefndu in solidum.

Í aðalsök krefjast aðalstefndu sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og svo málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Engar sjálfstæðar kröfur eru hafðar uppi á hendur réttargæzlustefndu, og þeir hafa engar kröfur gert. Undir rekstri málsins féll þingsókn niður af þeirra hálfu.

Aðalstefndi Stefán Kalsson hefur með stefnu, dags. 30. júlí 1971, höfðað gagnsök á hendur aðalstefnanda, og gerir hann þær dómkröfur í gagnsök, að rift verði með dómi samningi þeim við aðalstefnanda, er felst í kaupsamningi aðilja, dags. 22. september 1965, og afsali, dags. 29. september 1965, gegn endurgreiðslu á kaupverði, kr. 135.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 29. september 1965 til greiðsludags. Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar úr hendi gagnstefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Gagnstefndi krefst í gagnsök sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hans hendi eftir mati dómsins.

II. Málsatvik.

Málsatvik eru þau, að aðalstefndi Stefán Karlsson eignaðist 10 hektara lands úr jörðinni Snorrastöðum í Laugardal með kaupsamningi frá 20. júlí 1941 og afsali frá 12. september sama ár. Landinu er svo lýst, að það liggi „milli svonefndra Stekkáa, og skulu árfarvegirnir vera markalína landsins að vestan og austan, þar til ár þessar sameinast, og að norðan lína milli nefndra árfarvega, þar sem mæling á landinu segir til um, að línan eigi að vera."

Úr þessari landspildu hefur aðalstefndi Stefán Karlsson leigt þrjár lóðir, þ. e. réttargæzlustefnda Ólafi Haraldssyni hálfan hektara vorið 1965, en sá leigusamningur hefur ekki verið skjalfestur, og réttargæzlustefndu Soffíu Vilhjálmsdóttur og Antoni Guðmundssyni hálfan hektara hvoru til 40 ára með samningum, dags. 20. júní 1965. Lóðir þessar liggja saman að Eystri Stekká, neðst lóð Soffíu, þá lóð Antons og efst lóð Ólafs.

Enn fremur hefur aðalstefndi Stefán Karlsson selt sjö lóðir úr landi sínu, þ. e. aðalstefnanda einn hektara með kaupsamningi 22. september 1965 og afsali 29. september sama ár, réttargæzlustefndu Rudolf Ásgeirssyni og Sólborgu Marinósdóttur hálfan hektara með afsali 22. maí 19667, réttargæzlustefnda Sigurði Guðmundssyni 0.48 hektara með afsali 22. maí 1967, aðalstefndu

Karli og Stefáni, sonum sínum, einn hektara með afsali 30. júní 1967, réttargæzlustefndu Snorra Halldórssyni og Gunnari Snorrasyni 0.48 hektara með afsali 27. júlí 1967 og réttargæzlustefnda Inga B. Ársælssyni hálfan hektara með afsali 17. ágúst 1967, en lóðarafsal Ólafs Jónassonar liggur ekki fyrir í málinu.

Land aðalstefnanda tekur við ofan leigulands Ólafs Haraldssonar og afmarkast af Stekkánum að austan og vestan, af Snorrastaðalandi að norðan „og svo sunnan, þannig að spildan verði 1 hektari", eins og segir í kaupsamningi og afsali fyrir landinu.

Lönd réttargæzlustefndu Rudolfs og Sólborgar, Ólafs Jónassonar, Inga B. Ársælssonar, Snorra Halldórssonar og Gunnars Snorrasonar og Sigurðar Guðmundssonar eru samfelld neðantil í upphaflegu landi aðalstefnda Stefáns Karlssonar, og liggja þessi lönd hvergi nær Stekkánum en svo, að nægilega breitt vegarstæði er á milli lóðanna og ánna.

Land aðalstefndu Karls og Stefáns Stefánssona nær frá mörkum leigulanda Soffíu Vilhjálmsdóttur og Antons Guðmundssonar til suðvesturs að mörkum Snorrastaða í Vestari Stekká og skiptir þannig í tvennt því landi aðalstefnda Stefáns Karlssonar, sem hann hefur ekki ráðstafað.

Þegar til átti að taka, kom í ljós, að enginn leigutaki ofangreindra þriggja landa vildi heimila vegarlagningu um leigulöndin á vestri bakka Eystri Stekkár að landi aðalstefnanda. Eigandi Snorrastaða hefur heimilað málsaðiljum umferð um einkaveg sinn frá þjóðvegi að landi aðalstefnda Stefáns Karlssonar, og Stefán hefur síðan gert leiðina akfæra áfram að landi Soffíu Vilhjálmsdóttur, en þar við situr. Eftir að ljóst var um afstöðu nefndra leigutaka til vegarlagningar á vestari bakka Eystri Stekkár, skoraði aðalstefnandi á aðalstefnda Stefán Karlsson að vísa á annað vegarstæði, en því hefur hann hafnað, enda telur hann sér það óskylt. Er það deiluefni máls þessa. Hefur aðalstefnandi tvívegis áður höfðað mál fyrir héraðsdómi, með stefnum 2. nóvember 1966 og 25. júní 1969, til að fylgja fram umferðarrétti sínum, en héraðsdómar í báðum þessum málum voru ómerktir og málunum vísað frá héraðsdómi.

Eins og áður greinir, keypti aðalstefnandi land sitt af aðalstefnda Stefáni Karlssyni með kaupsamningi 22. september 1965 og afsali 29. september sama ár, og var kaupverðið kr. 135.000.00. Bæði í kaupsamningi og afsali var svofellt ákvæði: „Fyrirhuguð er breyting á aðkeyrslu að landinu, þannig að vegurinn verður lagður á vestari bakka Eystri Stekkár. Taka kaupendur þátt

í kostnaði við vegargerð þessa að jöfnu á móti þeim öðrum, er veginn nota."

Aðalstefndi Stefán Karlsson hefur skýrt svo frá, að fyrirsvarsmönnum aðalstefnanda hafi frá upphafi verið kunnugt, að til þess væri ætlazt, að fyrrgreindir leigutakar leyfðu veg yfir austurjaðar landa sinna og tækju þátt í kostnaði við gerð vegarins. Hafi sérstaklega verið um þetta rætt, þegar hann seldi aðalstefnanda landið. Hins vegar hafi hann ekki fullyrt, að fyrir lægi formlegt samþykki leigutaka, en hins vegar talið víst af honum, forsvarsmönnum aðalstefnanda og lögmanni beggja aðilja, Agnari Gústafssyni, að samþykki leigutakanna fengist. Hafi hann aldrei gefið í skyn, að um annað vegarstæði væri að ræða.

Fyrirsvarsmenn aðalstefnanda við landkaupin voru þeir Kjartan Guðmundsson og Óli H. Þórðarson. Eru þeir sammála um, að eigi hafi við kaupin verið rætt um annað vegarstæði en á vestari bakka Eystri Stekkár. Þeim hafi þá verið kunnugt um leigulönd leigutaka og að búið var að girða þau. Hins vegar hafi aðalstefndi Stefán Karlsson aðspurður sagt, að ekki yrðu erfiðleikar á að fá samþykkt leigutaka. Hafi hann tekið fram, að Anton Guðmundsson hefði girt leiguland sitt að honum fjarstöddum og hefði Anton sagt, að hann mundi færa girðinguna til, ef ekki væri rétt mælt út fyrir henni. Hvað Soffíu snerti, hafi Stefán sagt, að engir erfiðleikar yrðu með hana, þar sem hún mundi áreiðanlega samþykkja vegarlagninguna. Um Ólaf Haraldsson hafi Stefán tekið fram, að hann hefði engan samning við hann gert, svo að samþykki Ólafs þyrfti ekki. Hefur Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður staðfest þessa frásögn í meginatriðum í bókun.

Réttargæzlustefndi Ólafur Haraldsson hefur m. a. skýrt svo frá, að hann kannist ekki við, að Stefán Karlsson hafi minnzt einu orði á það, þegar þeir ræddust við um umferðarrétt að landi Ólafs, að Stefán ætlaðist til, að vegurinn lægi á vestari bakka Eystri Stekkár, ef umferð um Snorrastaðaland yrði stöðvuð. Ekki hafi heldur verið rætt um neina aðra sérstaka ákveðna leið um land Stefáns. Hafi Stefán treyst því, að umferð um Snorrastaðaland yrði leyfð, en engu að síður hefði Stefán lofað, ef það brygðist, að leyfa Ólafi umferð yfir sitt land.

Réttargæzlustefndi Anton Guðmundsson hefur m. a. skýrt svo frá, að aðalstefndi Stefán Karlsson hafi á sínum tíma farið fram á leyfi til vegarlagningar um leiguland hans, til þess að aðalstefnandi fengi leið að landi sínu. Ekki muni hann nákvæmlega,

hvenær Stefán orðaði þetta fyrst, en vegarlagninguna hafi hann aldrei tekið í mál.

Aðalstefndu Stefán Stefánsson og Karl Stefánsson hafa borið, að þeim hafi verið kunnugt um málaferlin út af umræddum umferðarrétti, er þeir bræður keyptu landið af föður sínum á árinu 1967. Hins vegar hafi ekki í því sambandi nokkurn tíma verið á það minnzt, hvaða afleiðingar kaupin kynnu að hafa fyrir málaferlin.

Réttargæzlustefndi Sigurður Guðmundsson hefur m. a. skýrt svo frá, að við landkaup hans hafi komið fram af hálfu aðalstefnda, að ekki yrði lagður vegur meðfram vesturhlið landsins nema fyrir einn sumarbústað í mesta lagi. Hafi þessar upplýsingar verið ein af forsendum fyrir kaupunum, þótt láðst hafi að taka það fram í afsali. Aðalstefndi Stefán Karlsson hefur sagt, að hann hafi lofað Sigurði við kaupin, að ekki yrði lagður vegur vestan við land Sigurðar lengra en að næsta landi fyrir norðan land Sigurðar.

Lagðir hafa verið fram í málinu uppdrættir, sem sýna vegarstæðið að landi aðalstefnanda. Í fyrsta lagi er sýnt vegarstæði, sem er í framhaldi af vegi þeim, er Stefán Karlsson lagði, og þvert yfir land aðalstefndu fram hjá leigulöndum Soffíu og Antons að leigulandi Ólafs á austurbakka Vestari Stekkár. Í öðru lagi vegarstæði í samræmi við sjónarmið aðalstefndu á vestari bakka Eystri Stekkár yfir umrædd leigulönd. Í þriðja lagi vegarstæði á eystri bakka Vestari Stekkár. Telja verður, að samþykki byggingarnefndar Laugardalshrepps liggi fyrir um gerð vegar bæði á þeim stað, sem fyrst er nefndur, og þeim, er síðast greinir, sbr. bréf byggingarnefndar frá 25. nóvember 1970 og 1. apríl 1971 og enn fremur áritun byggingarnefndar hinn 11. desember 1969 á uppdrátt á dskj. nr. 24.

Þá hefur verið lagt fram bréf Vegagerðar ríkisins, dags. 19. október 1970, svohljóðandi: „Með tilvísun til fyrirspurnar yðar um breidd vegar að sumarhúsum í Laugardal, skal eftirfarandi tekið fram. — Vegir með lágmarksumferð, eins og fyrrnefndur vegur virðist vera, er byggður upp með 3.5 m breiðri akbraut og útskotum, sem eru ásamt akbraut 6.0 m á breidd. — Ef yfirborð vegar er ekki í sömu hæð og landið utan vegar, þarf breiðara svæði undir veginn vegna vegfláa, en venjulega er vegflái 1:2, þ. e. a. s. ef vegurinn er 1.0 yfir jarðhæð, þarf 2.0 m sitt hvorum megin vegna vegfláa. — Ef grafa þarf skurð meðfram vegin-

um, verður að reikna með 4—6 m breiðu viðbótarsvæði undir veginn."

Fram er komið í málinu, að réttargæzlustefndi Ólafur Haraldsson hefur fyrir sitt leyti fallizt á að veita aðalstefnanda umferðarrétt um leiguland sitt á eystri bakka Vestari Stekkár. Var af hans hálfu áskilið endurgjald samkvæmt mati dómkvaddra manna. Lét aðalstefnandi dómkveðja matsmenn í þessu skyni, og er matsgerð þeirra dags. hinn 16. marz 1971. Í matsgerðinni segir m. a. á þessa leið: „Land Ólafs er þarna að vestan 67 metrar á breidd. — Svo hagar til að vestan, að upp frá farvegi Vestri Stekkár er bakki ca. 5—8 m hár og halli ca. 1:3. Bakkinn er sumpart gróinn niður undir ána, en á tveim stöðum koma fram sandsteins- eða móbergsklappir eða hausar, gróðurlausir og þverhníptir, um 2—3 m á hæð. — Í hallanum ofan þessara hausa eru skáhalt hálfgróin börð upp að hinu samfellda gróðurlandi, sem allt er vaxið birki, 1—3 m á hæð. — Í þessum kambi eða þessum börðum verður vegurinn að liggja, en sums staðar gengur hann nokkuð inn á skóglendið, og öll girðingin sjálf verður í hinu samfellda gróðurlendi, með grasi, lyngi og öðrum gróðri í skógarbotninum. Birkið er kræklótt, en limmikið. — Ólafur hefir girt hluta af landi sínu. Er innan girðingar sem næst 3536 m^2 af þeim 5000 m^2, sem hann hefir leigusamning fyrir. — Að vestan er girðingin nokkuð upp á bakkanum í þremur hlykkjum eftir landslagi. — Það er skoðun okkar, að ekki verði komizt hjá því, að vegurinn, sem ætlaður er til þess að komast á landspildu Starfsmannafélags Áburðarverksmiðjunnar, fyrir ofan land Ólafs, verði að liggja upp á þeim bakka, sem áður er lýst, þar sem ekki er hægt að leggja veginn á bakka árinnar, nema með miklu jarðraski. — Þessi aðstaða leiðir til þess, að mun meira land fer beint og óbeint undir veginn, og þess vegna verður líka að taka talsverða skák vestan af hinu afgirta svæði Ólafs, enda þótt nokkuð land sé óafgirt á milli Vestri Stekkár og vesturkants girðingarinnar. Verður að taka til mats mun breiðari skák en beinlínis þarf undir sjálfan veginn vegna þessara aðstæðna. Nánar til tekið alla spilduna vestan girðingar, eftir flutning hennar, í landamæri í miðri Vestri Stekká."

Matsmenn töldu endurgjald til Ólafs Haraldssonar fyrir missi umræddS lands hæfilega ákveðið kr. 20.000.00. Aðalstefnandi hefur innt gjald þetta af hendi til réttargæzlustefnda Ólafs og greitt matskostnað, kr. 34.330.00. Krefur aðalstefnandi aðalstefnda Stefán Karlsson um báðar þessar fjárhæðir í málinu.

III. Málsástæður og lagrök. Álit dómsins.

A. Um gagnsök.

Kröfur sínar í gagnsök rökstyður gagnstefnandi með því fyrst og fremst, að forsendur fyrir kaupsamningi hans við aðalstefnanda séu brostnar, þar sem ómöguleiki hamli því, að samningurinn verði framkvæmdur eftir efni sínu, ef yfirleitt beri að líta svo á, að aðalstefnandi eigi rétt til vegarstæðis að landi sínu samkvæmt honum.

Af hálfu gagnstefnda er því mótmælt, að nokkur þau atvik séu fyrir hendi, er geti réttlætt riftun umræddS kaupsamnings af hálfu gagnstefnanda.

Skýra ber samning gagnstefnanda og gagnstefnda um kaup á umræddu landi þannig, að gagnstefnanda sé skylt að láta gagnstefnda í té stæði undir veg að landi hans. Eins og nánari grein verður gerð fyrir, þegar fjallað verður um aðalsök máls þessa hér á eftir, verður að telja gagnstefnanda fært að standa við þessar skuldbindingu í samræmi við aðalefni hennar. Hefur ekki verið leitt í ljós af hálfu gagnstefnanda, að fyrir liggi nein þau atvik, er geti heimilað honum að rifta umræddum samningi. Ber því að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

B. Um aðalsök.

Aðalstefnandi styður kröfur sínar í aðalsök einkum þeim rökum, að skýlaust hafi svo samizt, þegar hann keypti umrædda landspildu, að aðalstefndi Stefán Karlsson léti í té vegarstæði að spildunni á vestari bakka Eystri Stekkár. Eigi aðalstefndi af þeim sökum að láta í té vegarstæði yfir land sitt og greiða kostnað aðalstefnanda af því að afla umferðarréttar yfir leiguland Ólafs Haraldsonar, enda hafi aðalstefnandi ekki sinnt áskorun um það. Ekki sé um neinn ómöguleika að ræða hjá aðalstefnda Stefáni Karlssyni þrátt fyrir landssölu hans til sona sinna, aðalstefndu Karls og Stefáns Stefánssona, þar sem þeir hafi ekki getað verið í góðri trú og því ekki getað öðlazt meiri rétt en viðsemjandi þeirra.

Aðalstefndu í aðalsök rökstyðja sýknukröfur sínar fyrst og fremst með því, að aðalstefndi Stefán Karlsson hafi aldrei selt aðalstefnanda land undir veg eða vegarstæði. Hafi ekki verið samið um veg að landi aðalstefnanda, vegarstæði eða umferðarrétt. Hafi aðalstefnandi sjálfur átt að hafa frumkvæði um lagningu vegar eða gönguleiðar að landi sínu, enda hafi aðalstefnandi frá upphafi vitað, að hann þyrfti að útvega sér leyfi til umferðar hjá réttargæzlustefndu Soffíu og Antoni. Þá sé ekki á

valdi dómstóla né málsaðilja að ákveða vegakerfi í Laugardal eftir gildistöku skipulagslaga nr. 19/1964, sbr auglýsingu um skipulag í Laugardal, dags. 5. júlí 1965. Fái sú skýring hins vegar staðizt, að aðalstefnda Stefáni Karlssyni sé skylt að láta aðalstefnanda í té land undir vegarstæði, verði á hinn bóginn engin slík kvöð á hann lögð, nema fullnægt sé skilyrðum 67. gr. stjórnarskrárinnar, en ekki bendi neitt til, að þau skilyrði séu fyrir hendi. Þá eru sýknukröfur aðalstefndu Karls Stefánssonar og Stefáns Stefánssonar sérstaklega byggðar á aðildarskorti þeirra, þar sem þeir hafi aldrei verið í neinu réttarsambandi við aðalstefnanda eða átt nein lögskipti við hann.

Eins og fyrr er vikið að, ber að skýra samning aðalstefnda Stefáns Karlssonar og aðalstefnanda um kaupin á umræddu landi á þá leið, að aðalstefnda beri að láta aðalstefnanda í té aðstöðu til umferðar að landi sínu eftir vegi akfærum bifreiðum. Verður að álíta, að samningsaðiljar hafi í upphafi miðað við, að vegur þessi yrði á vestari bakka Eystri Stekkár. Réttindi leiguhafa lands eru því hins vegar til fyrirstöðu, að aðalstefndi geti fullnægt skuldbindingu sinni með því að vísa á vegarstæði á þeim stað. Þrátt fyrir það er aðalstefndi eigi leystur frá því að efna greinda skuldbindingu samkvæmt aðalefni hennar, ef hann á þess kost. Þar sem um samningsskyldu er að ræða, koma ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar að sjálfsögðu ekki til álita.

Telja verður, að aðalstefndi Stefán Karlsson geti séð aðalstefnanda fyrir vegarstæði um óráðstafað land sitt og land sona sinna, aðalstefndu Stefáns og Karls Stefánssona, en ekki hefur hann hirt um að efna fyrrgreinda skuldbindingu sína í þá átt með því að vísa aðalstefnanda á slíkt vegarstæði. Er því eftir staðháttum og öllum atvikum rétt að ákveða, að vegur verði lagður að landi aðalstefnanda eftir eystri bakka Vestari Stekkár, en vegarlagning þar hefur hlotið nægilegt samþykki stjórnvalda, sem um slíkar framkvæmdir eiga að fjalla. Er hagsmunum aðalstefndu og bezt borgið með vegarlagningu á þessum stað, eins og á stendur.

Ekki verður talið, að aðalstefnandi hafi mátt vænta þess, að lagður yrði upphleyptur vegur á þessum slóðum. Þykir eðlilegt, að aðalstefnandi fái að leggja á fyrrgreindum stað óupphleypta akbraut, er sé 3.5 m á breidd með útskotum á allt að þrem stöðum, þannig að akbraut ásamt útskotum sé ekki breiðari en 6 metrar.

Landræmu þá, sem aðalstefndi Stefán Karlsson er enn eig-

andi að, austan við Vestari Stekká neðanverða, virðist hann að vísu hafa bundið þeirri kvöð, að þar megi ekki vera umferð nema í þágu eins sumarbústaðar norðan lands réttargæzlustefnda Sigurðar Guðmundssonar. Eftir atvikum þykir kvöð þessi ekki vera því til fyrirstöðu, að þarna verði lagður vegur að landi aðalstefnanda, en henni hefur ekki verið þinglýst. Eigi verður heldur fallizt á, að eignarréttur aðalstefndu Stefáns og Karls Stefánssona geti staðið í vegi fyrir því, að aðalstefndi Stefán Karlsson efni skuldbindingu sína með þessum hætti. Þegar þeir keyptu land sitt, var þeim fullkunnugt um málaferli föður síns út af umræddum umferðarrétti og mátti vera ljóst, að vandkvæði gætu orðið á því, að vegur yrði lagður um leigulöndin á vestari bakka Eystri Stekkár. Af þeim sökum gátu þeir ekki vænzt þess að fá meiri rétt við kaupin en svo, að faðir þeirra gæti efnt skyldu sína til að láta í té aðstöðu til umferðar, ef slík skylda væri fyrir hendi, með því að vísa á vegarstæði í landi því, sem þeir keyptu.

Eins og áður greinir, krefur aðalstefnandi aðalstefnda Stefán Karlsson um endurgjald á þeim kostnaði, sem aðalstefnandi hefur haft af því að afla sér umferðarréttar um land það, sem Ólafur Haraldsson telur til leiguréttinda yfir. Aðalstefndi sinnti í engu ósk aðalstefnanda um að láta honum í té aðstöðu til umferðar þrátt fyrir fyrrgreinda skyldu sína í því efni. Það var því ekki óeðlileg afleiðing þeirrar vanefndar, að aðalstefnandi freistaði þess að afla sér á eigin spýtur réttar til umferðar að landi sínu. Ber því að dæma aðalstefnda Stefán Karlsson til þess að endurgjalda aðalstefnanda þennan kostnað, kr. 54.330.00, sem eftir öllum atvikum verður eigi talinn óeðlilegur.

Samkvæmt því, sem að ofan greinir, verða úrslit aðalsakar þau, að skylda ber aðalstefnda Stefán Karlsson til að láta aðalstefnanda í té vegarstæði, eins og að framan greinir, á eystri bakka Vestari Stekkár frá vegi Jóhanns Sveinbjörnssonar að leigulandi Ólafs Haraldssonar og þola slíkt vegarstæði á síðastgreindu landi. Þá ber að skylda aðalstefndu Stefán og Karl Stefánssyni til að þola nefnt vegarstæði á sínu landi.

Loks ber að dæma aðalstefnda Stefán Karlsson til að greiða aðalstefnanda kr. 54.330.00 með 7% ársvöxtum af kr. 34.300.00 frá 1. apríl 1971 til 19. ágúst 1971 og af kr. 54.330.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Í samræmi við ofangreind málsúrslit þykir rétt að dæma aðalstefnda Stefán Karlsson til að greiða aðalstefnanda málskostn-

að í aðalsök og gagnsök, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00. Að öðru leyti skal málskostnaður falla niður.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefnda Stefáni Karlssyni skylt að láta aðalstefnanda, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar, í té vegarstæði á eystri bakka Vestari Stekkár frá vegi Jóhanns Sveinbjörnssonar að leigulandi Ólafs Haraldssonar undir óupphleypta akbraut, er sé 3.5 m á breidd, með útskotum á allt að þrem stöðum, þannig að akbraut, ásamt útskotum, sé ekki breiðari en 6 m, svo og að þola sams konar vegarstæði á síðastgreindu landi, hvort tveggja eins og að öðru leyti greinir á uppdrætti á dskj. nr. 4.

Í aðalsök skal aðalstefndu Stefáni og Karli Stefánssonum skylt að þola ofangreint vegarstæði á eignarlandi sínu.

Í aðalsök greiði aðalstefndi Stefán Karlsson aðalstefnanda kr. 54.330.00 með 7% ársvöxtum af kr. 34.330.00 frá 1. apríl 1971 til 19. ágúst 1971 og af kr. 54.330.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Stefáns Karlssonar.

Aðalstefndi Stefán Karlsson greiði aðalstefnanda, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar, kr. 40.000.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök. Málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudagur 21. nóvember 1972.

Nr. 158/1971. **Þorvaldur Steinason**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ríkisstarfsmenn. Frávikning úr starfi. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. október 1971. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 1.769.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi ráðinn gæzlumaður að fávitahælinu í Kópavogi 1. október 1963. Forstöðumaður hælisins annaðist ráðningu. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur, og í málinu hefur ekkert fram komið um, hvað rætt hafi verið um ráðningar- og starfskjör áfrýjanda. Hinn 8. febrúar 1967 vék forstöðumaður hælisins áfrýjanda úr starfi um stundarsakir, en að fullu með bréfi 10. maí 1967. Ekki eru bornar brigður á, að forstöðumaðurinn hafi verið bær til að taka ákvarðanir þessar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fór fram fyrir sakadómi rannsókn út af kæru forstöðumanns Kópavogshælis á hendur áfrýjanda vegna ærumeiðinga og brottvikningar áfrýjanda úr starfi. Saksóknari ríkisins gaf út ákæru á hendur áfrýjanda 23. maí 1967, þar sem ummæli áfrýjanda um forstöðumann hælisins í blaðagrein einni voru talin

varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var sakadómsmál síðan þingfest 1. október 1968. Leitt er í ljós, að dómur hafi enn eigi gengið í máli þessu.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins 11. nóvember 1972, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, eru ýmsar upplýsingar um venjur við uppsagnir á störfum ráðinna ríkisstarfsmanna og skipaðra svo og um það, hvaða efnisatriði ráði því, hvort starfsmaður sé ráðinn eða skipaður í starf. Af bréfinu verður ekki ályktað, að myndazt hafi fastar venjur um uppgjör greiðslna vegna þess, að ráðinn starfsmaður hafi hætt starfi fyrir uppsögn eða frávikningu af hálfu ríkisins. Þá ber bréfið með sér, að á reiki er, hvort ríkisstarfsmenn séu skipaðir eða ráðnir.

Áfrýjandi var ráðinn til gæzlustarfs þess, sem að framan greinir, til ótiltekins tíma og án þess að um uppsagnarfrest væri samið. Hann tók laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Fallast verður á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé, að áfrýjanda hafi verið veitt áminning vegna ávirðingar í starfi sínu, og er frávikning hans um stundarsakir þegar af þeirri ástæðu ólögmæt, sbr. 7. gr., 2. mgr., laga nr. 38/1954, sem hér þykir eiga við.

Af hálfu stefnda er ekki byggt á þeirri málsástæðu, að áfrýjandi hafi gerzt sekur um ámælisverða háttsemi í starfi sínu, slíka er réttlæti frávikningu hans án áminningar. Stefndi, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, reisir vörn sína á því, að 4. gr. nefndra laga eigi ekki við um starf áfrýjanda, með því að hann hafi ekki verið skipaður heldur ráðinn til starfs síns. Hafi verið heimilt að segja honum upp starfi með uppsagnarfresti, sem réttmætt sé, eins og á stendur, að miða við 3 mánuði.

Ef fallizt yrði á skoðun stefnda, fælist í því, að grundvallarmunur yrði á réttarstöðu manna, sem ráðnir væru ótímabundið til starfa í þágu ríkisins annars vegar, og hinna, sem skipaðir væru til slíkra starfa. Meginregla 1. gr. laga nr. 38/1954 sýnir, að slíkir ráðnir menn komi almennt undir ákvæði laganna. Það er aðeins í 4. og 10. gr., sem vikið er

sérstaklega og berum orðum að skipuðum mönnum í lögum þessum framar ráðnum mönnum. Í athugasemdum í greinargerð með 4. gr. frumvarps til laga nr. 38/1954 er ekki greint frá því, að stofnað sé til þess að gera mun á stöðu skipaðra manna og ráðinna, og er almennt rætt um opinbera starfsmenn í þeim athugasemdum. Samkvæmt gögnum máls er óglöggt, hver efnisleg viðmiðun er viðhöfð, þegar það er metið, hvenær ríkisstarfsmaður sé skipaður og hvenær ráðinn, og er þar ekki við traustar stjórnsýsluvenjur að styðjast. Í löggjöf um ríkisstarfsmenn og einstakar ríkisstofnanir er það og mjög á reiki, hvort mælt sé fyrir um skipun starfsmanna eða ráðningu. Ef ætlunin hefði verið sú af hálfu löggjafans, að ríkisstarfsmenn, sem ráðnir eru ótímabundið, nytu ekki þeirrar verndar, sem fólgin er í ákvæðinu, mætti ætla, að sérstök efnisregla hefði verið lögmælt um stöðu þeirra og að þar hefði verið mælt fyrir um uppsögn og uppsagnarfresti eða efnisatriði, sem ráða ætti fullnaðaruppgjöri við slíkan starfsmann, þ. á. m. ef mál hans kæmi fyrir dómstóla. Þykir verða að túlka nefnda 4. gr. svo, að hún taki til starfs áfrýjanda. Eins og sakargögnum er farið, þykir frávikning áfrýjanda úr starfi hans ekki vera réttmæt. Á hann því rétt til bóta úr hendi stefnda, sbr. 11. gr. laga nr. 38/1954.

Áfrýjandi hefur sundurliðað bótakröfur sínar fyrir Hæstarétti með sama hætti og í héraði. Hann naut fastra launa fyrir starf sitt febrúarmánuð 1967 og hálfra fastra launa fyrir starfið í marz- og aprílmánuðum og til 10. maí 1967. Samkvæmt bréfi skrifstofu ríkisspítalanna 9. nóvember 1972 voru föst mánaðarlaun fyrir starf það, er áfrýjandi gegndi, kr. 9.530.00 fyrir mánuðina febrúar til nóvember 1967. Álagsgreiðslur og greiðslur fyrir fasta eftir- og næturvinnu til áfrýjanda hefðu samkvæmt sömu heimild numið u. þ. b. 5.500.00 kr. á mánuði.

Áfrýjandi var sextugur að aldri, þegar honum var vikið frá starfi, og hafði hann þá gengt því u. þ. b. hálft fjórða ár. Í málinu hafa verið lagðar fram skattskýrslur áfrýjanda árið 1969 til 1972. Þegar virtur er aldur áfrýjanda, starfs-

tími hans og starfsferill hjá stefnda, launagreiðslur frá stefnda fram til 10. maí 1967 svo og annað, er hér skiptir máli, þykja bætur hans samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1954 hæfilega metnar kr. 125.000.00. Ekki eru efni til að sinna kröfu áfrýjanda um bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 125.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Steinasyni, kr. 125.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og samtals kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Benedikt Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, var áfrýjandi ráðinn gæzlumaður að fávitahælinu í Kópavogi 1. október 1963. Forstöðumaður hælisins annaðist ráðninguna. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur. Ætla verður, að ráðningin hafi verið ótímabundin og ekkert um uppsagnarfrest samið. Hinn 8. febrúar 1967 vék forstöðumaður hælisins áfrýjanda úr starfi um stundarsakir, en að fullu frá störfum með bréfi 10. maí 1967.

Ekki eru bornar brigður á, að forstöðumaðurinn hafi verið bær til að taka ákvarðanir þessar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fór fram fyrir sakadómi rannsókn út af kæru forstöðumanns Kópavogshælisins á hendur áfrýjanda vegna ærumeiðinga og brottvikningar áfrýjanda úr starfi. Saksóknari ríkisins gaf út ákæru á hendur áfrýjanda 23. maí 1967, þar sem ummæli áfrýjanda um forstöðumann hælisins í blaðagrein einni voru

talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var sakadómsmál síðan þingfest 1. október 1968. Leitt er í ljós, að dómur hafi enn eigi gengið í máli þessu.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að brottvikning áfrýjanda úr starfi um stundarsakir hafi verið ógild, þar sem eigi er sannað, að honum hafi áður verið veitt áminning, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Þar sem málum var þannig háttað, verður að telja, að áfrýjandi eigi rétt á fullum launum þann tíma, sem honum var vikið frá störfum um stundarsakir.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 38/1954 taka þau lög til hvers manns, sem skipaður er, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins. Í 2. gr. og 3. gr. laganna er og gert ráð fyrir þessum þremur hópum starfsmanna ríkisins. Í 4. gr. laganna eru ákvæði um þá, sem skipaðir eru í stöðu, og segir þar, að svo skuli á líta, að skipaður maður skuli gegna stöðu sinni, þar til fram komi eitthvert þeirra atriða, sem í greininni eru rakin. Um ráðna menn eru engin hliðstæð ákvæði í lögunum.

Eins og áður var getið, var áfrýjandi ráðinn til starfa, og eiga því ákvæði 4. gr. laga nr. 38/1954 ekki við um kjör hans.

Samkvæmt málflutningi virðist nokkuð á reiki, í hvaða stöður er skipað og í hverjar ráðið, ef ekki er beint tekið fram um það í lögum. Í bréfi fjármálaráðuneytisins 11. nóvember 1972 segir m.a., „að erfitt muni að upplýsa, í hvaða stöður sé skipað og í hverjar ráðið. Tilhögun er breytileg frá einni stofnun til annarrar, og eru það ýmist efnisatriði eða formsatriði, er ráða". Í sama bréfi kemur einnig fram, að nokkrum ráðnum ríkisstarfsmönnum hefur verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Hins vegar verður ekki af gögnum málsins ráðið með vissu, hvaða meginstefnu hafi verið fylgt við uppsagnir ráðinna ríkisstarfsmanna.

Þar sem ákvæði skortir í lög, um hversu háttað skuli uppsögnum ráðinna ríkisstarfsmanna, og framkvæmdavenja er óglögg, verður að meta lengd hæfilegs uppsagnarfrests eft-

ir atvikum hverju sinni, nema sérstaklega hafi verið um hann samið.

Svo sem áður var getið, var áfrýjanda vikið að fullu úr starfi hinn 10. maí 1967. Því er ekki haldið fram, að áfrýjandi hafi gerzt brotlegur í starfi, þannig að réttlæti fyrir varalausa brottvikningu hans án bóta, og blaðaskrif hans veita heldur eigi efni til slíks. Með hliðsjón af starfi áfrýjanda, starfsaldri og öðru því, er hér skiptir máli, þykir hann hafa átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Samkvæmt þessu á áfrýjandi rétt til greiðslu úr hendi stefnda, sem svarar til áætlaðra launa hans hjá hælinu, mánuðina febrúar til og með ágúst 1967, að frádregnum þeim launum, sem hann fékk greidd frá stefnda á því tímabili. Samkvæmt gögnum málsins hefðu laun áfrýjanda á þessu tímabili átt að nema um kr. 103.000.00. Honum hafa hins vegar verið greiddar kr. 35.189.00. Samkvæmt því ákveðast hæfilegar bætur til áfrýjanda kr. 68.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Steinasyni, kr. 68.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og kr. 50.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. september 1971.

Mál þetta, sem var tekið til dóms hinn 9. þ. m., hefur Þorvaldur Steinason, Borgarholtsbraut 49, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. desember 1969, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.769.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnandans í máli þessu. Til vara krafðist stefndi þess við munnlegan flutning málsins, að hann yrði einungis dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 14.088.00. Í báðum tilvikum krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi, sem fæddur er 7. apríl 1907, réðst í þjónustu ríkisins 1. október 1963 sem gæzlumaður á fávitahælinu í Kópavogi. Hann tók laun samkvæmt 8. launaflokki launakerfis ríkisstarfsmanna. Var hann kominn í þriggja ára aldurshækkun innan launaflokksins árið 1967. Stefnandi var trúnaðarmaður starfsfélags síns, Starfsmannafélags ríkisstofnana, á Kópavogshælinu.

Hinn 3. febrúar 1967 birtist í Morgunblaðinu grein undir fyrirsögninni „Þvottur bæjarfógetans." Grein þessi, sem rituð var af stefnanda, er dagsett 26. janúar 1967, og hljóðar svo:

„Í MORGUNBLAÐINU 25. þ. m. birtist ritsmíð eftir Sigurgeir Jónsson, sem mun vera bæjarfógetinn í Kópavogi. Ritsmíð þessi er eftir því sem höfundur segir samin til andsvara skætingi, sem hann telur, að hafi komið í Velvakanda Morgunblaðsins til forstöðumanna og yfirlæknis Kópavogshælis.

Þessi skætingur birtist að sögn bæjarfógetans í tveim fyrirspurningum í Velvakanda dálkunum, sú fyrri í des. s.l., en hin síðari 19. þ. m. Þessar umræddu fyrirspurnir voru bornar fram og sendar, til þess að viðkomandi aðilar gætu svarað þeim eftir því sem þeim þætti ástæða til. Unga stúlkan, sem fyrirspurnirnar sendi, taldi sig hafa verið beitta óréttri af forstöðumönnum Gæzlusystraskólans í Kópavogi. Og í sambandi við það óréttlæti telur hún sig hafa ástæðu til að bera fram fyrirspurnir sínar.

Fyrirspurnum sínum beinir hún til forráðamanna Kópavogshælis, Björns Gestssonar forstöðumanns, Ragnhildar Ingibergsdóttur yfirlæknis og einnig Georgs Lúðvíkssonar, framkvæmdastjóra ríkisspítalanna. Spyrjandinn taldi ekki vafa á, að svar mundi berast, að minnsta kosti ef samvizka viðkomandi aðila væri hrein.

En svar hefur ekki borizt frá viðkomandi aðilum, hvort það

á að skiljast sem bending um það, að samvizka þeirra sé ekki hrein, það verður hver og einn að álíta það, sem honum finnst sennilegast. En þó viðkomandi aðilar hafi ekki viljað eða getað sýnt sína samvizku, þá hefur þó komið sjálfboðinn hjálparandi til þeirra hluta. Bæjarfógetinn í Kópavogi hefur sem sé vaðið fram á völlinn búinn þvottatækjum. Ekki virðist samt sjálfboðaliðanum fara þvottaverkin vel úr hendi. Tilburðir hans minna helzt á þvott húsdýra þeirra, sem kettir eru nefndir.

Í grein sinni tekur bæjarfógetinn til meðferðar aðeins tvö atriði af þeim, sem um var spurt. Um fyrra atriðið, það er, þegar spurt var, hvort Gæzlusystraskólinn sé starfræktur aðeins í þágu forstöðumanna og yfirlæknis, hefur hann það eitt að segja, að það sýni, að um skæting sé að ræða, en ekki alvarlegan málflutning. Það er nú svo. Þetta er þó sú spurning, sem brennur á vörum gæzlusystra. Þessi spurning hefur verið og verður áleitin hjá þeim gæzlusystrum og nemum, sem bolað hefur verið burt frá starfi á Kópavogshæli. Þessi spurning hlýtur að vera áleitin hjá þeim, sem kynnast því, að gæzlusystranámið er ekki meira metið af forstöðumönnum og yfirlækni en svo, að oft eru unglingar frá 15 til 17 ára settir í starf þeirra. Þessu áliti til stuðnings er allajafna vitnað til viðtals, sem yfirlæknir átti við blaðamann á næst síðasta hausti. Þá gat læknirinn þess, að gott væri að hafa gæzlunema sem fastan starfskraft í tvö ár. En Gæzluskólinn er tveggja ára skóli. Þá segir bæjarfógetinn, að það skipti ekki máli, hvort þrjár eða átta gæzlusystur eða nemar séu látnar hætta störfum. Orðrétt segir hann: „Sé hlutfallstalan há, gefur það þá bendingu eina, að þeir, sem stofnuninni stjórna, setja markið nokkuð hátt við val á starfsfólki."

Ekki er ég viss um það, að allir séu á einu máli um það, að þessi háa tala á gæzlusystrum og nemum, sem bolað hefur verið frá starfi á hælinu, bendi til sérlega mikillar vöndunar á vali starfsfólks. Fáum hygg ég, að komi til hugar, að það séu umskipti til góðs að bola úr starfi stúlkum, sem lokið hafa tveggja ára námi hérlendis og að auki framhaldsnámi erlendis við góðan orðstír og þar að auki starfað eitt til tvö ár við hælið og sýnt þar og sannað með starfi sínu, að þær voru mjög vel til starfsins fallnar, en taka svo í þeirra stað unglinga, allt ofan í 14 — fjórtán — ára aldur.

Það getur ekki talizt skætingur, þó á þetta sé minnzt með undrun. Það mun hafa verið of mælt hjá stúlkunni, sem fyrirspurnina gerði, að átta gæzlusystur og nemar hefðu verið reknar

frá hælinu. Fyrirspyrjandinn, Vigdís Ágústsdóttir, er sennilega sú eina, sem hefur fengið svo hreinlega meðferð. Það mun ekki hafa verið höfð svo hreinleg aðferð til að koma hinum sjö frá hælinu. (Þetta er reyndar of lág tala, það rétta er níu). Ég held, að bæjarfógetinn í Kópavogi hafi gert þeim hjónum Birni Gestssyni og Ragnhildi Ingibergsdóttur bjarnargreiða með því að taka sér í hönd þvottaáhöldin í þessu máli.

Fyrirspurnunum var beint til þeirra ásamt höfuðsins, Georgs Lúðvíkssonar, og þeim bar að svara því, en ekki einhverjum sjálfskipuðum þvottamanni, sem ekkert þekkir til mála. Jafnvel þó það sé bæjarfógetinn í Kópavogi.

En forráðamönnum Kópavogshælis, þeim Georg Lúðvíkssyni, Birni Gestssyni og Ragnhildi Ingibergsdóttur, ber skylda til þess að svara fyrirspurnum Vigdísar Ágústsdóttur skýrt og greinilega án allra vífilengja. Þá kröfu á hendur þeim á ekki aðeins Vigdís og aðrar þær stúlkur, sem telja sig hafa verið beittar bolabrögðum til þess að koma þeim frá hælinu, heldur einnig og ekki síður aðstandendur vistmanna á hælinu. Ef réttir aðilar geta ekki sannað, að fyrirspurningarnar séu reistar á misskilningi eða öðrum óraunhæfum hvötum, þá verður málið að teljast mjög alvarlegs eðlis.

Ekkert annað en greinargóð skýring frá þeirra hendi getur verið fullnægjandi.

Vaðall bæjarfógetans í Kópavogi inn á ritvöllinn hlýtur að ýta mjög undir þá útbreiddu skoðun, að þessir þrír aðilar telja sig þess umkomna að ráða þar og ráðskast með opinbera hjálparstofnun eins og þau mál komi engum öðrum við."

Hinn 8. febrúar 1967 ritaði Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis, stefnanda bréf, svohljóðandi:

„Hér með er yður, herra gæzlumaður, veitt lausn um stundarsakir frá starfi yðar við Kópavogshæli samkvæmt heimild í 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Ástæða fyrir lausn um stundarsakir er framkoma yðar í garð stjórnenda stofnunarinnar, meiðyrði í grein í Morgunblaðinu 3. febrúar 1967. Í samræmi við ákvæði 8. gr. framangreindra laga mun ég krefjast rannsóknar í sakadómi."

Hinn 8. febrúar 1967 ritaði Björn Gestsson kæru til sakadóms Kópavogs. Í því kærubréfi krafðist hann þess, að rannsókn færi fram á máli þessu í sakadómi og síðar yrði höfðuð opinber sakssókn á hendur stefnanda fyrir ærumeiðingar hans um sig.

Með úrskurði, uppkveðnum í sakadómi Kópavogs hinn 9. febrú-

ar 1967, vék Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, úr dómarasæti ex officio.

Hinn 15. febrúar 1967 skipaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið Guðmund L. Jóhannesson, fulltrúa bæjarfógeta í Hafnarfirði, til þess að vera setudómari í Kópavogi og fara með rannsókn vegna kæru Björns Gestssonar, forstöðumanns Kópavogshælis, á hendur stefnanda um ærumeiðingar og lausn stefnanda úr starfi um stundarsakir svo og til að kveða upp dóm í málinu, ef til ákæru kæmi.

Setudómarinn hefur rannsakað mál þetta fyrir sakadómi Kópavogs. Hinn 23. maí 1967 höfðaði saksóknari ríkisins opinbert mál á hendur Þorvaldi Steinasyni fyrir ummæli í framangreindri Morgunblaðsgrein, er hann taldi varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákæra þessi var birt Þorvaldi Steinasyni 27. október 1967. Sakamálið var þingfest 1. október 1968. Dómur í því máli hefur enn eigi verið uppkveðinn.

Meðan stefnanda var veitt lausn um stundarsakir frá 8. febrúar 1967 til 10. maí, naut hann hálfra launa. Þá var honum vikið úr starfi að fullu, og hefur hann ekki notið neinna launa síðan. Stefnandi vann vaktavinnu, 8 tíma í senn: Dagvakt og morgunvakt til skiptis, annan hvern dag, en næturvaktir tvær vikur í senn með fjögurra vikna millibili. Honum bar að skila 44 klukkustundum á viku samkvæmt dómi kjaradóms, en hann skilaði á hverri viku 48 klukkustundum. Stefnandi kveðst því hafa haft fasta yfirvinnu, 4 klukkustundir á viku hverri.

Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis, hefur borið, að stefnandi hafi fengið áminningu, áður en honum var vikið úr starfi. Í fyrra skiptið hafi það verið út af blaðagrein, sem stefnandi hafi ritað og sent hr. Georg Lúðvíkssyni, framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, í pósti. Hafi grein þessi borizt Georg 13. febrúar 1965. Hún hafi þá verið óundirrituð, en fjallað um húsnæðismál tveggja gæzlusystra á Kópavogshæli og því verið hótað, að greinin mundi birtast í blaði á næstunni, ef ekki yrði gengið að þeim kröfum, sem settar hafi verið fram í greininni. Mánudaginn 15. febrúar 1965 segir Björn Gestsson, að hann, yfirlæknir Kópavogshælis, eiginkona Björns, frú Ragnhildur Ingibergsdóttir, og Georg Lúðvíksson, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, hafi átt tal við stefnanda um téða blaðagrein. Hafi stefnandi viðurkennt að vera höfundur hennar og kveður það mistök sín, að bréfið hafi verið óundirritað. Björn kveður þau þrjú

hafa reynt að leiða stefnanda fyrir sjónir, að engum væri til góðs, að grein þessi birtist í blöðunum, og sízt af öllu væri það hagur hælisins, sem væri í örum vexti, né heldur þeirra stúlkna, sem hlut ættu að máli. Þess vegna segir Björn, að þau hafi beðið stefnanda að láta af þeirri ætlun sinni að birta greinina. Þetta samtal kveður Björn hafa verið áminningu, þótt ekki hafi þau hótað brottrekstri úr starfi, ef umrædd grein birtist í blöðum. Grein þessi birtist í dagblaðinu Þjóðviljanum 18. febrúar 1965 undir fyrirsögninni „Fyrir hverja er húsið?"

Á fyrrnefndum fundi segir Björn, að fleira hafi verið rætt við stefnanda varðandi hegðun hans á Kópavogshæli, m. a. atvik, sem borið hafi við öðru hvoru megin við áramótin 1964—1965, þó frekar í janúar, að hann og eiginkona hans, frú Ragnhildur Ingibergsdóttir, yfirlæknir á Kópavogshæli, hafi verið í heimsókn hjá kunningja sínum í Kópavogi og setið þar, þangað til einhvern tíma á öðrum tímanum eftir miðnætti. Vegna þess að vistkona á kvennadeild hælisins hafi verið veik, hafi frú Ragnhildur viljað athuga líðan hennar, áður en þau færu að sofa. Þegar þau hjónin hafi komið í býtibúrið á kvennadeild, hafi verið þar fyrir hópur af stúlkum, nemar og starfsstúlkur, sem ekki hafi átt að vera þar, en þennan vetur kveður Björn þau hjónin oft hafa brýnt fyrir stúlkunum, að kvöld- og næturs amkomur í býtibúrum væru bannaðar. Þarna hafi stefnandi einnig verið, sem hafi hætt vinnu á karladeild kl. 2400. Hafi stefnandi verið þar með einhvers konar spádóma eða draumaráðningarbók. Stúlkurnar hafi vitað, að slíkar samkomur voru óleyfilegar, og hafi þær, sem ekki hafi verið þarna við vinnu, horfið á braut. Þorvaldur Steinason hafi hins vegar setið sem fastast. Kvaðst Björn hafa hinkrað við, þar eð hann hafi búizt við því, að stefnandi mundi vilja bera fram afsökun sína, en gæzlumönnum á karladeild séu bannaðar ferðir á kvennadeild, nema þeir séu sérstaklega kvaddir til starfa þar. Stefnandi hafi þagað og eftir stundarkorn hafi frú Ragnhildur Ingibergsdóttir rekið hann út. Hvaða orð hún hafi haft þar um, mundi Björn ekki lengur orðrétt, en hér hafi fyllilega verið um fullkomna áminningu að ræða. Í þetta sinni hafi stefnandi svarað fáu eða engu, en á framangreindum fundi á skrifstofu forstöðumanns ríkisspítalanna hafi stefnandi viðurkennt, að hegðun sín í umrætt sinn hafi ekki verið eins og hún átti að vera.

Björn Gestsson kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi hefði oftar verið áminntur en í þessi tvö skipti, og ekki kvaðst hann

heldur hafa það að setja út á störf Þorvalds, að hann hafi rekið hann þess vegna.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi átt fund á skrifstofu ríkisspítalanna með forstöðumanni Kópavogshælis, framkvæmdastjóra ríkisspítalanna og frú Ragnhildi Ingibergsdóttur, yfirlækni Kópavogshælis. Hafi tal þeirra snúizt um blaðagrein þá, sem stefnandi birti síðar í Þjóðviljanum 18. febrúar 1965 undir fyrirsögninni „Fyrir hverja er húsið?". Kvaðst stefnandi áður hafa rætt við Björn Gestsson, forstöðumann hælisins, um þau húsnæðisvandræði, sem minnzt er á í blaðagrein þessari. Tilmæli sín hafi hins vegar ekki verið tekin til greina um, að gæzlusystur þær, sem vikið er að í greininni, fengju að halda húsnæði því, sem þær hafi verið í. Hafi þeim verið sagt upp, án þess að hann vissi, að tilgreindar væru neinar ástæður. Á fundi þessum í skrifstofu ríkisspítalanna hafi sú ástæða hins vegar komið fram, að ekki hafi verið talið forsvaranlegt vegna foreldra annarra gæzlusystra og starfsstúlkna, að stúlkur, sem átt hefðu börn utan hjónabands, fengju að hafa vist í starfsmannahúsinu. Taldi stefnandi, að frú Ragnhildur Ingibergsdóttir yfirlæknir hefði minnzt á þetta. Stefnandi kvaðst hafa sagt, að grein þessi mundi birtast í blöðunum, ef stúlkum þeim, er minnzt er á í greininni, yrði ekki veitt einhver úrlausn. Stefnandi sagði, að því hefði verið hótað, að nöfn þeirra gæzlusystra, sem vikið er að í greininni, yrðu birt, ef greinin mundi birtast, og enn fremur hefði verið á það minnzt, að birting greinarinnar mundi skaða Kópavogshælið, en stefnandi kvaðst hafa verið á öndverðri skoðun, hvað þetta snerti.

Varðandi vist sína á kvennadeild Kópavogshælisins eftir miðnætti, svo sem Björn Gestsson hefur borið um, hefur stefnandi þetta að segja: Hann kvaðst hafa lokið vakt sinni kl. 2400. En klukkan 2415 hafi hann farið yfir á kvennadeild hælisins, þar sem Ingibjörg Kolka Bergsteinsdóttir gæzlunemi hafi verið ein á vakt. Hafi Ingibjörg mælzt til þess, að hann dveldist einhverja stund hjá sér, þar sem engin bakvakt væri og hún því ein, en stefnandi kvað hana hafa verið 17 ára. Nokkru síðar hafi stúlkur af hælinu komið af dansleik og hafi verið rætt saman og drukkið kaffi, þar til forstöðumaðurinn kom. Í umrætt sinn hafi frú Ragnhildur Ingibergsdóttir yfirlæknir sagt sér, að karlmönnum væri óheimil dvöl á þessum tíma á kvennadeild hælisins. Kvaðst stefnandi þá hafa sagt við yfirlækninn, að hann hefði ekki vitað þetta, en vissi það núna. Björn Gestsson for-

stöðumaður hafi hins vegar ekkert sagt. Stefnandi minnist þess ekki, að á áðurnefndum fundi á skrifstofu ríkisspítalanna hafi verið minnzt á þetta atvik. Ekki kvaðst stefnandi hafa verið áminntur fyrir starf sitt, og hann kvaðst ekki hafa litið á áðurnefnd atvik og það, sem fram hafi komið í sambandi við þau, sem áminningu.

Vitnið Ingibjörg Kolka Bergsteinsdóttir hefur borið, að hún minnist þess, að í byrjun árs 1965 hafi hún verið á næturvakt. Hafi Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis, og frú Ragnhildur Ingibergsdóttir yfirlæknir komið eftir miðnætti einu sinni. Hafi þá verið stödd þar Katrín Guðnadóttir, Þorvaldur Steinason og nokkrar stúlkur. Kvað Ingibjörg starfstúlkurnar hafa farið í burtu, strax eftir að Björn Gestsson kom, en talað hafi verið við stefnanda og hann inntur eftir því, hvort hann vissi ekki, að honum væri bönnuð dvöl á kvennadeild hælisins á þessum tíma sólahrings. Hafi stefnandi þá sagt, að hann vissi það allavega núna. Vitnið kveðst ekki muna nákvæmlega, hvað þeim hafi farið á milli eftir þetta, en kvaðst minnast þess, að annað hvort Björn Gestsson eða frú Ragnhildur Ingibergsdóttir hafi tjáð stefnanda, að slíkt mætti ekki endurtaka sig. Skömmu síðar hafi svo stefnandi farið. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, hvort hjónanna hafi talað við stefnanda, en minnti þó heldur, að það hafi verið frú Ragnhildur. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það hafi beðið stefnanda að vera hjá sér umrætt sinn. Það kvaðst hafa verið eitt á vaktinni framan af og því sé hugsanlegt, að það hafi beðið stefnanda þessa, enda þótt það gæti ekki fullyrt um það.

Vitnið Ragnhildur Ingibergsdóttir, yfirlæknir á Kópavogshæli, hefur borið, að öllum starfsmönnum hælisins hafi verið það ljóst, að þeim var óheimil dvöl á vinnustað að kvöldlagi eða nóttu, er þeir voru ekki að störfum. Í umrætt sinn, er það hafi komið að stefnanda eftir kl. 2400 í býtibúrinu, kvaðst vitnið hafa áminnt stefnanda sem og aðra um þetta og gert stefnanda ljóst, að þetta væri brot á starfsreglum hælisins. Vitnið kvað karlmönnum hafa verið bönnuð vist á kvennadeild, nema þeim starfsmanni, sem var á vakt á karladeild og þurfti að aðstoða í neyðartilfellum. Kvennadeildin sé algerlega í sérstöku húsi, aðskilin frá karladeildinni. Vitnið sagði, að nýjum starfsmönnum væri ekki kynntar neinar skriflegar almennar reglur um starfið, heldur hafi verið farið eftir sömu reglum og á sjúkrahúsum, þannig að hverri deild séu sett skrifleg fyrirmæli um það, hvað hver

starfsmaður á að gera á hverjum tíma, og auk þess fái nemarnir prentað blað með starfsskyldum þeirra, áður en þeir hefji nám. Að öðru leyti felist reglurnar í munnlegum fyrirmælum yfirmanna á hverjum tíma.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þeirri meginreglu, að ríkisstarfsmönnum verði ekki vikið úr starfi fyrirvararlaust án bóta, nema einhver þau atvik séu fyrir hendi, sem um er að ræða í 4. gr. laga nr. 38/1954, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem réttlæti fyrirvaralausa brottvikningu. Því sé ekki að heilsa í þessu máli. Stefnandi hafi verið trúnaðarmaður á vinnustað. Það hafi því verið skylda hans að fylgjast með því, að ekki væru brotin lög á starfsfólki. Starfsfólkið á Kópavogshæli hafi kvartað við stefnanda undan framkomu yfirmanna hælisins. Stefnandi hafi látið málið til sín taka og ekki átt annarra kosta völ, þar sem ekki hafi verið hlustað á hann af yfirmönnum stofnunarinnar, en leita til blaðanna, sem sé hinn eðlilegi vettvangur. Þar hafi hann haft uppi gagnrýni, sem yfirmaður hælisins hafi ekki getað fellt sig við, og það leitt til brottrekstrar stefnanda. Að íslenzkum stjórnarlögum sé það meginregla, að menn hafi tjáningarfrelsi. Um ritfrelsi sé sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Meiðyrðalöggjöfin feli að vísu í sér takmörkun á þeirri meginreglu. Nú hafi verið gefin út ákæra á hendur stefnanda fyrir brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en öll þau ummæli, sem stefnandi sé talinn bera refsiákvæði á, séu vægast sagt mjög óveruleg. Virðist stefnanda viðkvæmni yfirmannsins, Björn Gestssonar, allt of mikil og á engan hátt geti hún réttlætt brottvikningu. Birni Gestssyni og eiginkonu hans, frú Ragnhildi Ingibergsdóttur, yfirlækni Kópavogshælis, hafi sárnað hin opinbera gagnrýni stefnanda. Þess vegna hafi þau þróað með sér illan hug í garð hans, er leitt hafi til þess, að Björn Gestsson rak stefnanda úr starfi. Jafnvel þótt litið yrði svo á, að stefnandi hafi gert sig sekan um ávirðingar með gagnrýni sinni, séu þær þó ekki þannig vaxnar, að þær geti réttlætt stöðumissi. Stefnandi bendir og á það, að sér hafi ekki verið veitt áminning og því eigi verið gefinn kostur á að bæta ráð sitt, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Ekki hafi sér heldur verið veittur kostur þess að tala máli sínu, áður en brottvikningin kom til framkvæmdar.

Af því, sem nú hefur verið rakið, telur stefnandi ljóst, að sér hafi verið sagt upp án saka. Þetta leiði til skaðabótaskyldu fyrir

ríkissjóð, svo sem ýmsir hæstaréttardómar í þessum efnum beri vitni um.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1.	Atvinnutekjutap	kr. 1.532.000.00
2.	Verðmæti eftirlaunaréttar	— 37.000.00
3.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..	— 200.000.00
		Kr. 1.769.000.00

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum stefnukröfunnar.

Stefnandi hefur fengið Jón Erling Þorláksson tryggingafræðing til þess að reikna út tjón sitt. Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 4. desember 1968 og hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„Þorvaldur er fæddur 6/4 1907, en hóf störf á hælinu 1/10 1963. Hann tók laun í 8. lfl. miðað við 3ja ára starfsaldur, en hefði hækkað í 5 ára starfsaldur 1/10 1968, í 8 ára starfsaldur 1/10 1971 og 12 ára starfsaldur 1/10 1975 samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, eins og það er nú. Hann hafði nokkra yfirvinnu og vaktaálag, eins og þér takið fram í bréfi yðar. Af skattframtölum hans má ráða, að aukagreiðslur til hans af þessum sökum hafi numið 47% af föstum launum árið 1965 og 51% árið 1966. Á grundvelli þess hef ég áætlað, að slíkar aukatekjur hefðu framvegis numið 49% af föstum launum, ef hann hefði unnið áfram á hælinu, þó lækkar þetta hlutfall nokkuð þegar á árinu 1968 vegna þess, að verðlagsuppbót á yfirvinnu er hlutfallslega lægri en á föst laun og auk þess hækka ekki aukatekjurnar með starfsaldri, eins og föstu launin gera.

Með hliðsjón af upplýsingum frá skrifstofu ríkisspítalanna hef ég gert ráð fyrir eftirfarandi tekjutapi á hverjum mánuði:

		Föst laun	*Aukalaun*
marz	1967	4696	
apríl	—	4696	
maí	—	4696	4602
júní	—	9392	4602
júlí	—	9392	4602

og síðan smáhækkandi eftir því, sem vísitölubreytingar og grunnlaunabreytingar, sem þegar eru komnar til framkvæmda, svo og

aldurshækkanir segja til um allt til ársloka 1977. Mánaðarlegt tekjutap frá 1/10 1975, þegar launin hafa náð hámarki, er með þessum hætti: Föst laun kr. 12.280, aukalaun kr. 5.220.

Þegar laun þessi eru kapitaliseruð miðað við 1/3 1967, reiknast mér verðmæti tekjutaps vera:

Föst laun	kr. 1.053.000
Aukalaun	— 479.000

og er þá miðað við 7% vexti og dánarlíkur íslenzkra karla skv. reynslu áranna 1961—1965.

Ef Þorvaldur hefði starfað hjá hælinu áfram til 70 ára aldurs, hefði hann átt rétt til eftirlauna úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og má áætla, að eftirlaun hefðu numið 22% af föstum launum, eins og þau voru síðasta vinnuárið, eða um 32.000 kr. á ári með núgildandi launastiga. Verðmæti slíkra eftirlauna, þegar þau eru kapitaliseruð miðað við 1/3 1967 og 7% vexti, reiknast mér nema um kr. 75.000.00. Á móti kemur það, að hann á rétt á endurgreiðslu þeirra iðgjalda, sem hann hafði greitt til sjóðsins, þegar hann lét af störfum (iðgjöld frá ársbyrjun 1965 til maí 1967), og losnar við að greiða iðgjöld til hans framvegis. Verðmæti þessara iðgjalda á sama tíma reiknast mér nema um kr. 38.000.00."

Stefnandi byggir 1. og 2. kröfulið á þessum útreikningi tryggingafræðingsins.

Þriðja kröfulið stefnukröfunnar rökstyður stefnandi á eftirfarandi hátt: Hér sé um að ræða bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Heimild fyrir þessum lið sé að finna í 1. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telur stefnandi, að meingerð sú, sem yfirmaður Kópavogshælis hafi gert sig sekan um gagnvart sér með brottvikningunni, sé drýgð af illfýsi í garð stefnanda, þar sem stefnandi hafi haft uppi gagnrýni á opinberum vettvangi á yfirmanninn. Þetta hafi leitt til þess, að yfirmaðurinn hafi þróað með sér illan hug í garð stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins rökstuddi lögmaður stefnda kröfu sína með því, að 4. gr. laga nr. 38/1954 ætti e kontrario ekki við um stefnanda, þar sem hann hafi verið ráðinn starfsmaður, en ekki skipaður. Hafi því verið heimilt að veita honum lausn frá starfi án bóta, þar sem stefnandi hafi gert sig sekan um ávirðingar, bæði með því að vera inni á kvennadeild hælisins á óleyfilegum tíma og einnig með því að birta ærumeiðandi skrif

um yfirmenn sína. Taldi lögmaður stefnda, að stefnandi hafi áður verið búinn að fá áminningu vegna fyrri yfirsjóna sinna, því hafi brottvikning hans verið réttmæt. Verði hins vegar talið, að stefnandi eigi einhvern skaðabótarétt, þá geti hann ekki verið meiri en sem nemur hálfum launum í þrjá mánuði, en það séu samtals kr. 14.088.00, og er varakrafa stefnda miðuð við þá fjárhæð.

Lögmaður stefnanda mótmælti við munnlegan flutning málsins sem of seint fram kominni þeirri málsástæðu lögmanns stefnda, að 4. gr. laga nr. 38/1954 ætti ekki við um stefnanda, þar sem hann væri ráðinn starfsmaður.

Þar sem hér er um málsástæðu að ræða, er byggist á lögum, þá þykir hún ekki of seint fram komin, enda þótt henni hafi fyrst verið hreyft við munnlegan flutning málsins, þar sem hún útheimti ekki frekari gagnaöflun. Verður því að hafa þessa málsástæðu í huga við uppkvaðningu dóms þessa.

Gegn andmælum af hálfu stefnanda er það ósannað, að honum hafi verið veitt áminning, áður en honum var veitt lausn um stundarsakir, svo sem fyrir er mælt í 7. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Af þessum sökum teljast ekki hafa verið fyrir hendi lögformleg skilyrði til að víkja stefnanda úr starfi um stundarsakir. Brottvikning hans var því ógild, og breytir grein sú, er stefnandi reit og birtist í Morgunblaðinu hinn 3. febrúar 1967 undir fyrirsögninni „Þvottur bæjarfógetans" hér engu um. Sú grein réttlætti hvorki brottvikningu um stundarsakir án áminningar né heldur brottvikningu að fullu og öllu, og þar sem því er ekki haldið fram, að stefnandi hafi gerzt sekur um misfellur í starfi sínu, þá á hann rétt á skaðabótum vegna hinnar ólögmætu brottvikningar. Við ákvörðun þeirra bóta á 4. gr. laga nr. 38/1954 ekki við, þar sem stefnandi var ráðinn starfsmaður, en ekki skipaður.

Stefnandi hafði unnið sem gæzlumaður á Kópavogshæli rúm þrjú ár, er honum var vikið úr starfi. Af lögum nr. 38/1954 verður ekki ráðið, hve slíkur starfsmaður hefur áunnið sér langan uppsagnarfrest, en með hliðsjón af hæstaréttardómi í XXX, bls. 691, þykir rétt að miða hér við það, að stefnandi hafi átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þegar þetta er haft í huga svo og það, að stefnandi hafði í starfi sínu fasta yfirvinnu og vaktaálag, svo sem að er vikið í útreikningum hér að framan, þá þykja skaðabætur honum til handa hæfilega metnar kr. 25.000.00, enda voru stefnanda greidd hálf laun, meðan brottvikn-

ing hans um stundarsakir varði. Að öðru leyti telur rétturinn fjárkröfu stefnanda á hendur stefnda ekki hafa við rök að styðjast.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 15.270.00 Af þeirri fjárhæð nemur útlagður kostnaður stefnanda kr. 7.770.00 samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Við munnlegan flutning málsins krafðist lögmaður stefnda þess, að lögmaður stefnanda yrði víttur fyrir þau ummæli í greinargerð, að þau Björn Gestsson og frú Ragnhildur Ingibergsdóttir „hafi þróað með sér illan hug í garð stefnanda“ og að brottvikningin „sé drýgð af illfýsi í garð stefnanda.“

Lögmaður stefnanda byggir kröfur sínar um bætur fyrir röskun á stöðu og högum á 1. málsgr. 264 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þeirri grein er það lagaskilyrði fyrir bótum þessum, að meingerð megi telja drýgða af illfýsi. Lögmanni stefnanda var því rétt að taka svo til orða sem hann gerði, og á það eigi að varða hann vítum, enda þótt rétturinn féllist ekki á fjárkröfu þessa. Krafa lögmanns stefnda um vítur á hendur lögmanni stefnanda er því ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags auk kr. 15.270.00 í málskostnað.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorvaldi Steinasyni, kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og kr. 15.270.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. nóvember 1972.

Nr. 202/1971: **Jóhann Kristjánsson og Sophus V. K. Jóhannsson**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
Jóni Hauki Hermannssyni
(Sigurður Baldursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir sakarskiptingar og að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jóhann Kristjánsson og Saphus V. K. Jóhannsson, greiði stefnda, Jóni Hauki Hermannssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. marz 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. þ. m., hefur Jón Haukur Hermannsson, Hörðalandi 10, Reykjavík, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. og 22. janúar 1970, á hendur Jóhanni Kristjánssyni, Skólagerði 6, Kópavogi, Sophusi V. K. Jóhannssyni, sama stað, og Vátryggingafélaginu h/f, Borgartúni 1, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 20.496.00 auk 8% ársvaxta frá 9. desember 1969 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu, Jóhann og Sophus, gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir og fái greiddan málskostnað hjá stefnanda, en til vara, að tjóninu verði skipt eftir mati dómsins og komi þá til frádráttar útlagður viðgerðarkostnaður stefnda Jóhanns, en málskostnaður verði látinn falla iður.

Undir rekstri másins varð Vátryggingafélagið h/f gjaldþrota. Af hálfu þrotabús Vátryggingafélagsins h/f eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að Vátryggingafélagið h/f verði algerlega sýknað af kröfum stefnanda í máli þessu og tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi er eigandi bifreiðarinnar R 8767, sem er fólksbifreið af Renault gerð. Miðvikudaginn 5. nóvember 1969, um kl. 1500, ók stefnandi bifreið sinni suður Elliðaárvog og áfram yfir Suðurlandsbraut og ætlaði síðan að aka vestur Miklubraut. Er stefnandi var kominn út á Suðurlandsbraut, kom stefndi Sophus akandi á bifreiðinni Y 930 af Miklubraut og út á Suðurlandsbraut og ók á bifreiðina R 8767 aftan til vinstra megin. Ökumaður bifreiðarinnar Y 930, stefndi Sophus, er sonur eiganda hennar, stefnda Jóhanns. Var bifreið þessi skylduvátryggð hjá Vátryggingafélaginu h/f.

Tveir lögreglumenn komu á vettvang eftir áreksturinn. Gerði annar þeirra uppdrátt af vettvangi, en hinn tók saman lögregluskýrslu. Í þeirri skýrslu kemur m. a. fram, að dagsbirta hafi verið, skýjað, yfirborð vegarins malbikað og færi þurrt.

Í lögregluskýrslunni er skemmdum á bifreiðunum lýst þannig: „Skemmdir á bifr. R 8767 voru sjáanlegar þær, að vinstra aftur aurbretti var dældað og skekkt og greinilega komið högg á aftuhjólið. Skemmdir á bifr. Y 930 voru sjáanlegar þær, að vinstra fr. aurbretti, fr. höggvari og vélarhús var dældað og vatnskassi lekur."

Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekið suður Elliðaárvoginn á rólegri ferð að Suðurlandsbraut og þar sem engin umferð

hafi þá verið um þá götu, kveðst hann hafa ekið óhindrað inn á hana. Hann kvaðst hafa verið búinn að taka eftir bifreiðinni Y 930, þar sem hún hafi staðið kyrr á Miklubraut sunnan Suðurlandsbrautar. Hafi sú bifreið ekið af stað, um leið og stefnandi ók inn á Suðurlandsbrautina. Kvaðst stefnandi hafa reiknað með því, að ökumaður bifreiðarinnar Y 930 æki áfram yfir, þar sem hann hafi ekki orðið var við, að ökumaður bifreiðarinnar Y 930 gæfi stefnumerki um sína fyrirhuguðu beygju. Þegar stefnandi var kominn vel inn á gatnamótin, kveður hann bifreið þessa hafa borið að og hafi henni verið ekið á afturhluta bifreiðar sinnar vinstra megin. Stefnandi kvaðst telja, að hann hefði verið á 20—30 km hraða, er hann ók inn á gatnamótin.

Stefndi Sophus hefur borið, að hann hafi ekið austur Miklubraut og ætlað sér að beygja vestur Suðurlandsbraut. Áður en hann hafi ekið inn á Siðurlandsbraut, kveðst hann hafa numið staðar, svo sem sér hafi borið, enda er þarna stöðvunarskylda. Að því búnu kveðst hann hafa tendrað stefnuljós til vinstri og síðan ekið af stað með beygju til vesturs að Suðurlandsbraut, enda hafi hann talið öllu óhætt. Hann kvaðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 8767, en enga hættu talið stafa frá þeirri bifreið, þar sem hún hafi verið það langt í burtu. En hann kvaðst hafa séð það, að mikil ferð var á þeirri bifreið. Er hann ók inn á Suðurlandsbrautina með vinstri beygju, en var ekki kominn á hægri hluta vegarins, þegar bifreiðinni R 8767 hafði verið ekið á mikilli ferð inn á vegamótin og þvert í veg fyrir bifreið sína, svo að eigi hafi verið komizt hjá árekstri. Hann kvaðst þá hafa verið kominn í beina akstursstefnu vestur brautina. Kvað stefndi Sophus það álit sitt, að stefnandi hafi verið að keppa við aðvífandi umferð, sem hafi verið á leið vestureftir Suðurlandsbrautinni. Hafi stefnandi ætlað sér að aka yfir gatnamótin án þess að þurfa að stöðva bifreiðina.

Stefndi Sophus gizkaði á, að stefnandi hefði verið á um það bil 50 km hraða, er hann kom að gatnamótunum.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að ökumaður bifreiðarinnar Y 930, stefndi Sophus, hafi átt alla sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið í veg fyrir stefnanda og aftan á bifreið hans. Þetta sé brot á 3. málsgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. málsgr. 48. gr. sömu laga. Varðandi fébótaábyrgð stefndu vitnar stefnandi til 67.—69. gr. umferðarlaganna. Samkvæmt þeim greinum beri stefndu solidariska fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, enda heldur stefnandi því fram, að hann hafi enga sök átt sjálf-

ur á slysi þessu, og mótmælir því sérstaklega, að hann hafi í umrætt sinn ekið of hratt miðað við aðstæður.

Stefndu Jóhann og Sophus byggja dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi átt alla sök á árekstri þessum. Stefnandi hafi ekki stöðvað bifreið sína, er hún kom að Suðurlandsbraut, og því ekki gætt þeirrar varúðar, sem honum hafi borið að sýna. Honum hafi einnig borið að víkja fyrir bifreiðinni Y 930, þar sem hún hafi þegar verið komin inn á Suðurlandsbrautina, er stefnandi hafi einnig ekið inn á þá götu. Bifreiðin Y 930 hafi verið stöðvuð, áður en hún fór inn á Suðurlandsbrautina, og hafi ökumaður hennar talið öllu óhætt að aka inn á þá götu.

Stefnandi hafi hins vegar ekið þvert í veg fyrir bifreiðina Y 930 á mikilli ferð og því hafi árekstur verið óumflýjanlegur. Telja þessir stefndu, að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hafi ekki ekið of hratt í umrætt sinn. Þá benda þessir stefndu á það, að stefndi Sophus hafi gefið stefnumerki, áður en hann ók inn á Suðurlandsbrautina. Af þessum ástæðum telja stefndu, að stefnandi hafi brotið umferðarreglur og sýnt af sér vítavert aðgæzluleysi og verði því að telja, að hann hafi átt höfuðsök á slysinu.

Verði eigi fallizt á algera sýknu þessara stefndu, þá krefjast þeir, að skipt verði sök milli áðurgreindra aðilja eftir mati dómsins og þess krafizt, að fullt tillit verði tekið til viðgerðarkostnaðar á bifreiðinni Y 930 vegna árekstrarins.

Stefndi þrotabú Vátryggingafélagsins h/f byggir dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekið með kappakstursshraða inn á Suðurlandsbrautina þvert í veg fyrir bifreiðina Y 930. Því hafi stefnandi verið valdur að slysi því, sem mál þetta snýst um. Stefnandi hafi sjálfur tekið fram í skýrslu hjá lögreglunni, að hann hafi ekki þurft að stöðva bifreið sína við gatnamótin og ekið óhindrað inn á þau. Þá bendir þessi stefndi á það, að skýrsla stefnanda sé ónákvæm og að í upphafi hennar fullyrði hann, að meðstefndi Sophus hafi ekki gefið stefnumerki um fyrirhugaða vinstri beygju, en í niðurlagi skýrslunnar geti hann þess, að hann vilji ekki fullyrða um það, hvort stefnumerki hafi verið gefið. Sama framburð hafi hann staðfest hér fyrir réttinum. Meðal annars af þessum ástæðum telur þessi stefndi, að taka beri skýrslu stefnda Sophusar og leggja hana tilgrundvallar málavöxtum öllum. Verði hins vegar ekki fallizt á, að stefnandi beri óskipta sök á umferðarslysi þessu, beri að skipta sök og við mat á sakarskiptingu beri að hafa í huga, að meðstefndi Sophus virð-

ist ekki hafa gert aðra skekkju en þá í akstri sínum að reikna með því, að bifreið stefnanda væri á minni hraða heldur en raunverulega hafi verið. Verði sök stefnda Sophusar metin nokkur, þá hljóti hún að vera metin minni heldur en sök stefnanda.

Samkvæmt 1. málsgr. 48. gr. umferðarlaganna nr. 40 frá 23. apríl 1968 bar stefnda Sophusi að víkja fyrir stefnanda í umrætt sinn, þar sem hann hafði stefnanda á hægri hönd. Og eftir 3. málsgr. 46. gr. sömu laga mátti hann ekki taka beygju til vinstri, fyrr en bifreið stefnanda var farin fram hjá. Þetta gerði stefndi Sophus ekki, heldur ók of fljótt inn á Suðurlandsbrautina með þeim afleiðingum, að bifreiðin Y 930 rakst á vinstra afturbretti bifreiðar stefnanda. Með þessu ökulagi telzt stefndi Sophus hafa átt alla sök á nefndum árekstri, enda er ósannað, að stefnandi hafi ekið of hratt í umrætt sinn, þar sem fullyrðing stendur gegn fullyrðingu um þetta efni, og eigi verður slíkt ráðið af ummerkjum á vettvangi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða stefndu dæmdir in solidum, sbr. 1. málsgr. og 3. málsgr. 69. gr. umferðarlaga og 2. málsgr. 74. gr. sömu laga, til þess að greiða stefnanda bætur fyrir tjón það, er hann varð fyrir vegna árekstrarins.

Viðgerðarkostnaður á bifreið stefnanda eftir áreksturinn nam samtals kr. 13.896.00. Stefnandi hefur lagt fram reikninga yfir viðgerð þessa. Þessir reikningar hafa eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefndu. Verða þeir því teknir til greina að fullu.

Stefnandi hefur enn fremur krafizt þess, að stefndu greiði sér dagpeninga vegna afnotamissis af bifreiðinni, meðan viðgerð stóð yfir, þ. e. a. s. frá 9. desember 1969 til 20. sama mánaðar, samtals kr. 6.600.00, eða kr. 600.00 fyrir hvern dag. Stefnandi kveðst hafa notað bifreið sína öðrum þræði í þágu atvinnuveitanda síns og fengið greiðslu fyrir þá notkun. Hefur hann lagt fram ljósrit af skýrslum sínum um þetta efni til skattayfirvalda. Samkvæmt þeim hefur bifreiðarstyrkur stefnanda árið 1968 numið kr. 51.008.00, árið 1969 kr. 51.455.00 og árið 1970 kr. 46.506.00.

Stefndu hafa andmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Bætur til handa stefnanda fyrir afnotamissi bifreiðarinnar ákveðast kr. 400.00 fyrir dag hvern. Úrslit málsins verða því þau, að stefndu er dæmt að greiða stefnanda kr. 17.896.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 9. desember 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir in solidum til

þess að gjalda stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5.100.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Kristjánsson, Sophus V. K. Jóhannsson og þrotabú Vátryggingafélagsins h/f, greiði stefnanda Jóni Hauki Hermannssyni, kr. 17.896.00 með 8% ársvöxtum frá 9. desember 1969 til greiðsludags og kr. 5.100.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1972:

Nr. 153/1972: **Guðni Ágústsson**
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum
f. h. Vatnsveitu Vestmanneyja.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. j., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frestsúrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um frest þann, sem krafizt var. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði greinir ekki aðilja máls, og málsatvikum og málsástæðum er ekki lýst. Hefur héraðsdómari því ekki gætt ákvæða 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla á úrskurðiium verður ekki hjá því komizt, eins og hér stendur á, að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 9. nóvember 1972.

Fram hefur komið í máli þessu, að ágreiningur er um fasteignamat eignarinnar Suðurvegar 13 hér í bæ. Fyrir liggur, að mat millimatsins í Vestmannaeyjum hefur verið kært til yfirfasteignamatsnefndar, og er eigi útilokað, að úrskurður hennar geti haft áhrif á úrslit þessa máls. Þykir því rétt að fresta máli þessu, til þess að dómurinn fái að kynna sér niðurstöðu nefndarinnar. Málinu er því frestað um sinn til 7. desember n.k.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er frestað til fimmtudagsins 7. desember n.k.

Föstudaginn 1. desember 1972.

Nr. 57/1972: **Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins og Sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar
(Sigurður Gizurarson hdl.).
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Verðjöfnunargjald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1972. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 15. maí 1972. Krefst hann staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

I.

Með vísan til raka héraðsdóms er fallizt á, að gjaldtökuákvæðum laga nr. 72/1969 verði ekki hnekkt á grundvelli þeirra ákvæða stjórnarskrár, sem gagnáfrýjandi hefur byggt á.

II.

Forsaga laga nr. 72/1969, greinargerð með frumvarpi til þeirra laga og orðalag laganna sjálfra, þar á meðal ákvæði til bráðabirgða, þykir leiða til þeirrar niðurstöðu, að rækjuafurðir lúti ákvæðum laganna og að heimilt sé að mæla svo fyrir, að til gjaldtöku komi af verðhækkun, sem verði af

rækjuafurðum til útflutnings, sbr. einkum 5. og 7., sbr. 8. gr. laganna.

III.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar öðrum þræði á því, að rækjuafurðum sé ranglega skipað í deild frystra fiskafurða samkvæmt 3. gr. laganna nr. 72/1969, og sé því ákvörðun um gjaldtöku af rækjuafurðum löglaus.

Verðjöfnun samkvæmt lögum nr. 72/1969 kom ekki til framkvæmdar nema að nokkru leyti þegar við gildistöku laganna. Stafaði það af ákvæðum 3. gr. þeirra um deildarskiptingu Verðjöfnunarsjóðs. Samkvæmt greininni var aðeins skylt að stofna eina deild, þegar er lögin tóku gildi, þ. e. deild frystra fiskafurða, og er óumdeilt, að gjald af frystum rækjuafurðum var innheimt í þá deild. Er álitaefni, hvort skýra beri orðin „frystar fiskafurðir" svo, að þau nái til frystra rækjuafurða.

Í lögum er orðið fiskur eitt sér eða í samsetningum stundum notað í svo rúmri merkingu, að það tekur til rækju. Er svo gert m. a. í heiti laga nr. 72/1969. Hvorki í þeim lögum né í greinargerð með frumvarpi til þeirra er orðið fiskafurðir skýrgreint. Einstök ákvæði laganna veita ekki örugga vísbendingu um skýringu þess, og hinu sama gegnir um umræður um frumvarpið á Alþingi. Í bráðabirgðaákvæði laganna er fryst rækja að vísu nefnd jafnhliða frystum fiskafurðum. Af því verður þó ekkert ráðið með vissu um það, að samkvæmt lögunum teljist frystar rækjuafurðir ekki til frystra fiskafurða. Sýnilegt er af athugasemdum frumvarpsins við ákvæði þetta, að orðalag er hér ekki hnitmiðað, því að þar segir, að ákvæðið fjalli um verðtryggingu á „frystum fiskafurðum" árið 1968. Það samrýmist 3. gr. laganna og skipan þeirra í heild, að skipting Verðjöfnunarsjóðs í deildir miðist einkanlega við vinnsluaðferð afurða. Verður samkvæmt þessu að telja, að réttmætur hafi verið sá skilningur á ákvæðum laga nr. 72/1969, að frystar rækjuafurðir skyldu koma í deild frystra fiskafurða, og hafi því ákvörðun verðjöfnunarsjóðsgjalds af þessum afurðum verið heimil þegar frá stofnun þeirrar deildar. Skiptir hér ekki

máli, að verðjöfnunargjald af frystri rækju var lagt á sérstakan hlaupareikning í freðfiskdeild Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum.

IV.

Þá reisir gagnáfrýjandi málssókn sína á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 72/1969 hafi stjórn Verðjöfnunarsjóðs verið ranglega skipuð hinn 3. og 17. febrúar 1970, er verðgrundvöllur á rækjuafurðum var ákveðinn samkvæmt 7. gr. laganna, þar eð skylt hafi verið að skipa tvo stjórnarmenn eftir tilnefningu þeirrar greinar fiskiðnaðarins, sem hér átti í hlut, þ. e. rækjuvinnslu.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 72/1969 á sjávarútvegsráðherra að skipa í stjórn Verðjöfnunarsjóðs m. a. tvo menn eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, „þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni."

Sjávarútvegsráðherra skipaði með bréfi 3. október 1969 stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára. Voru skipaðir 3 menn án tilnefningar, svo sem mælt er í greindu ákvæði. Einn maður var skipaður eftir sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og annar eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Þá voru tveir menn skipaðir eftir sameiginlegri tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Er ljóst, að tveir síðastgreindir menn voru skipaðir í stjórnina sem fulltrúar fiskiðnaðarins.

Í héraðsdómi eru rakin gögn, sem sýna, að fyrirsvarsmönnum rækjuvinnslustöðva, sem stóðu að bréfi til sjávarútvegsráðherra hinn 17. febrúar 1970, var gefinn kostur á að kynnast greinargerðum þeirra Davíðs Ólafssonar og Bjarna Braga Jónssonar, sem eru teknar í héraðsdóm að meginefni til, um málefni þetta og gera athugasemdir við þær til ráðuneytisins, sbr. bréf fyrirsvarsmanna rækjuvinnslustöðva til ráðherra hinn 20. febrúar 1970. Áttu þeir fund með ráðherra út af máli þessu hinn 19. febrúar s. á. Voru ráðherra tiltæk glögg gögn um afstöðu m. a. gagnáfrýjanda

til ákvæða 2. gr. laga nr. 72/1969 og annarra ákvæða, sem hér skipta máli, þegar hann staðfesti hinn 17. apríl 1970 ákvarðanir stjórnar Verðjöfnunarsjóðs um verðgrundvöll fyrir frysta rækju tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1970.

Um það segir hvorki í 2. gr. laga nr. 72/1969 né í öðrum ákvæðum þeirra, hver greiða skuli úr því, hverjir séu réttir fulltrúar í stjórninni „frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni". Lýtur það mál stjórnsýslulega úrlausn sjávarútvegsráðherra.

Bréf ráðherra frá 3. október 1969 um skipun í stjórn Verðjöfnunarsjóðs laut að deild fyrir frystar fiskafurðir, og á það m. a. við um þá tvo fulltrúa, sem skipaðir voru eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Sýnilegt er, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs byggði á því, að menn þeir, sem skipaðir voru í stjórnina að tilnefningu þessara tveggja samtaka, væru bærir um að fjalla um það málefni, er laut að rækjuafurðum, á fundum hinn 3. og 17. febrúar 1970. Verður að telja, að með því að staðfesta tillögur stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hafi sjávarútvegsráðherra fallizt á, að stjórnin væri rétt skipuð, þegar hún fjallaði um mál þetta. Á þennan skilning ráðherra á þeim lagaákvæðum, sem hér skipta máli, þykir verða að fallast. Verður því að hafna þeirri málsástæðu gagnáfrýjanda, að vanhæft stjórnvald hafi gert tillögur til sjávarútvegsráðherra um verðstofn, er markar grundvöll að gjaldheimtu þeirri, sem mál þetta er sprottið af.

V.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar enn fremur á þeirri málástæðu, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi ekki rannsakað „hag rækjuframleiðenda, áður en hún tók ákvörðun um að gera tillögur um að leggja á þá verðjöfnunargjald" hinn 17. febrúar 1970.

Fyrirsvarsmenn sjóðsins hafa skýrt frá því, hvaða gögn þeim voru tiltæk við tillagnagerð sína. Þau gögn fela í sér viðhlýtandi grundvöll að málefnalegu mati og úrlausn. Á þessa málsástæðu gagnáfrýjanda verður því ekki fallizt.

VI.

Þá er byggt á því af hendi gagnáfrýjanda, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi ekki veitt „rækjuframleiðendum kost á að tala máli sínu, áður en hún tók nefnda ákvörðun um verðjöfnun á rækju."

Ekki voru komin á heildarsamtök fyrirsvarsmanna rækjuvinnslustöðva, þegar stjórn Verðjöfnunarsjóðs fjallaði um tillögur varðandi gjaldtöku af útflutningsverði rækjuafurða í febrúar 1970. Var því ekki fyrir að fara allsherjaraðilja, sem talað gæti máli rækjuvinnslustöðva gagnvart stjórninni. Hér var og þörf allskjótrar úrlausnar, ef því marki skyldi náð að koma við verðjöfnun á fyrra hluta árs 1970. Þá ber að hafa í huga, að tveir stjórnarmenn voru fulltrúar frystiiðnaðarins. Er þessi röksemd því eigi tæk.

VII.

Enn er til þess vísað af hálfu gagnáfrýjanda, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi ekki rökstutt tillögu sína til ráðherra um verðjöfnun, sbr. 7. gr. laga nr. 72/1969. Fallast verður á það viðhorf aðaláfrýjanda, að viðhlítandi rökstuðningur komi fram í bréfi formanns sjóðstjórnar 19. febrúar 1970 til sjávarútvegsráðherra svo og í bréfi Bjarna Braga Jónssonar sama dag, og verður því að hafna þessari málsástæðu gagnáfrýjanda.

VIII.

Þá reisir gagnáfrýjandi kröfur sínar á því, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs „ákvað ekki grundvallarverð í upphafi árs eða framleiðslutímabils, eins og henni bar að gera skv. 7. gr. laga nr. 72/1969".

Svo sem að framan greinir, var stjórn Verðjöfnunarsjóðs skipuð hinn 3. október 1969, og eru þær tillögur, sem mál þetta varða, meðal fyrstu gerða hennar. Sú skýring hefur komið fram á drætti þeim, sem hér varð á, að breyting hafi verið í vændum á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sýnilegt hefði þótt, að hún mundi hafa áhrif á verðlagningu Verðlagsráðs. Hafi því verið horfið að því ráði að bíða eftir

því, „hvernig sú lagabreyting yrði látin koma fram í ákvörðunum Verðlagsráðs eða hvernig Verðlagsráð tæki tillit til lagabreytingarinnar við sínar ákvarðanir um endurupptöku á verðlagningu á rækju“, svo sem segir í skýrslu formanns sjóðstjórnar frá 24. marz 1972. Svipað kemur og fram í minnisgreinum Gunnlaugs Briems ráðuneytisstjóra frá marz 1970. Er hér átt við lög nr. 4 3. febrúar 1970, en bráðabirgðaákvæði þeirra laga er á þessa leið: „Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð, sem gilti á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970.“ Ljóst er, að veruleg tengsl eru milli verðlagsákvarðana Verðlagsráðs sjávarútvegsins og tillagnagerðar af hendi stjórnar Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt 7. gr. laga nr. 72/1969. Verður því að fallast á þau rök aðaláfrýjanda, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi ekki verið unnt að gera úr garði tillögur sínar til ráðherra um grundvallarverð rækjuafurða, fyrr en sýnt væri, hvers efnis verðlagsákvarðanir Verðlags ráðs sjávarútvegsins yrðu. Réttir tveir mánuðir liðu frá því, að ráðherra bárust tillögur stjórnarinnar, unz hann staðfesti þær. Á þessum tíma fór fram öflun ýmissa gagna, greinargerðir voru ritaðar um málið, og gagnáfrýjandi og fleiri fyrirsvarsmenn rækjuvinnslustöðva settu fram sín sjónarmið við ráðherra. Stafaði töf á staðfestingu samkvæmt gögnum máls einkum af könnun málsefnisins og þ. á. m. af athugun á gögnum og sjónarmiðum formanna rækjuvinnslustöðva. Í þessu máli verður aðeins fjallað um gjaldtöku eftir 30. apríl 1970, svo sem síðar greinir. Vegna þeirra sérstæðu aðstæðna, sem hér hefur verið lýst, þykir ákvörðunum um gjaldtöku ekki verða hnekkt sakir þess, að tillögur stjórnar Verðjöfnunarsjóðs voru ekki staðfestar, fyrr en raun ber vitni.

IX.

Þá teflir gagnáfrýjandi fram þeirri málsástæðu, að ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hinn 17. febrúar 1970 hafi verið „reist á röngum forsendum, svo að stórkostlegu munaði“, og er þessari málsástæðu nánar lýst í héraðsdómi. Gögn

um þessa málsástæðu eru ekki glögg. Þótt atvik bendi til þess, að gjald það, sem um ræðir í málinu, hafi orðið hærra en stjórnin bjóst við, þykir það ekki geta hnekkt tillögum hennar, svo sem hér stendur á.

X.

Gagnáfrýjandi styður enn fremur kröfur sínar þeim rökum, að sjávarútvegsráðherra hafi brugðizt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt stjórnsýslurétti. Hafi gögn þau, sem hann reisti staðfestingu sína á, verið alls ónóg. Þá hafi hann eigi efnt fyrirheit um, að hlutlausir menn væru fengnir til að kanna réttmæti gagna, er gagnáfrýjandi og nokkrir aðrir fyrirsvarsmenn rækjuvinnslustöðva óskuðu að leggja fram varðandi verðgrundvöll rækjuafurða, og skyldi afstaða til tillagna stjórnar Verðjöfnunarsjóðs eigi tekin, fyrr en sú könnun hefði farið fram.

Hér að framan er það rakið, að margvísleg gögn lágu fyrir ráðherra, er hann mat tillögur stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hinn 17. apríl 1970, og þykja þau hafa verið viðhlítandi grundvöllur að málefnalegu mati.

Leitt er í ljós, að sjávarútvegsráðherra hét rækjuframleiðendum á Vestfjörðum að fela óhlutdrægum mönnum að athuga gögn frá rækjuframleiðendum. Skiluðu tveir menn, er ráðherra kvaddi til þess, skýrslu um gögn þessi hinn 5. október 1970. Gegn andmælum aðaláfrýjenda er ósannað, að ráðherra hafi heitið að fresta því að taka afstöðu til tillagna stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, unz nefndri könnun væri lokið. Þegar af þessum ástæðum verður ekki á framangreindar röksemdir fallizt.

XI.

Að lokum staðhæfir gagnáfrýjandi, að ráðherra hafi heitið fyrirsvarsmönnum rækjuvinnslustöðva því, að samtök þeirra skyldu hljóta fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt 2. gr. laga nr. 72/1969, þegar fjallað væri um verðlagsgrundvöll rækjuafurða. Þessu er andmælt af hálfu aðaláfrýjenda, og er staðhæfing þessi ósönnuð. Verður þessi málsástæða þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

XII.

Í þinghaldi 22. júní 1971 urðu umboðsmenn málsaðilja sammála um það „að flytja mál þetta fyrst um greiðsluskylduna," og féllst héraðsdómur á það samkvæmt 71. gr., 5. málsgr., laga nr. 85/1936. Í héraðsdómi urðu málalok þau, að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var dæmt skylt að endurgreiða gagnáfrýjanda það gjald, sem tekið hefur verið af honum í verðjöfnunargjald af andvirði frystrar rækju, sem veidd var á tímabilinu 1. janúar 1970 til 31. ágúst s. á. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi hefur gjald samkvæmt lögum nr. 72/1969 aðeins verið tekið af rækjuafurðum, sem gagnáfrýjandi flutti út eftir 30. apríl 1970. Svo sem sakarefni er markað, verður hér ekki tekin afstaða til annarra gjalda en þeirra, sem raunverulega hafa runnið í Verðjöfnunarsjóð af rækjuafurðum gagnáfrýjanda á tímabilinu 30. apríl til 31. ágúst 1970.

Með vísan til framangreindra raka ber að sýkna aðaláfrýjanda Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það er athugavert, að héraðsdómsstefna felur í sér nokkurn skriflegan málflutning.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Niðursuðu- og Hraðfrystihúss Langeyrar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1972.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 23. júní 1970 hér fyrir dómi.

Dómur í málinu var kveðinn upp í héraði laugardaginn 18. september 1971 að undangengnum munnlegum málflutningi. Var stefnda Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins þá m. a. dæmt skylt að

endurgreiða stefnanda, Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar, Það gjald, sem tekið hafði verið af stefnanda í Verðjöfnunarsjóðinn af andvirði frystrar rækju, sem veidd var á tímabilinu 1. janúar 1970 til 31. ágúst sama ár. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. marz 1972 í málinu, var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Í samræmi við framanritað var málið tekið fyrir á ný hér fyrir héraðdómi þann 11. apríl s.l. Voru þá lögð fram nokkur ný gögn, en síðan var málið endurflutt og dómtekið. Sömu málsástæður og áður voru færðar fram við flutning málsins 22. júní 1971 og 16. september 1971 voru færðar fram við flutning málsins 11. apríl s.l.

Stefnandi máls þessa er Niðursuðu- og hraðfrystihús Langeyrar, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Stefndu eru stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, þeir Davíð Ólafsson, Hörgshlíð 26, Reykjavík, Jón Sigurðsson, Kvisthaga 1, Reykjavík, Kristján Ragnarsson, Goðheimum 12, Reykjavík, Jón Arnalds, Hraunbæ 58, Reykjavík, Bjarni Bragi Jónsson, Lindarhvammi 9, Kópavogi, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Aðalstræti 6, Reykjavík, og Árni Benediktsson, Stórageröi 4, Reykjavík, en þessum mönnum er öllum stefnt fyrir hönd sjóðsins. Jafnframt var málið höfðað á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra, báðum in solidum, fyrir hönd ríkissjóðs.

Stefnandi gerði upphaflega svofelldar dómkröfur: „Krafizt er, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verði dæmdur til að greiða Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar kr. 1.100.950.50, sem innheimtar hafi verið í sjóðinn af útfluttri rækju, ásamt 7% dráttarvöxtum frá þeim degi, er fé þetta kom í sjóðinn, til endurgreiðsludags".

Jafnframt var krafizt málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í þinghaldi hér fyrir dómi þann 22. júní 1971 urðu aðiljar sammála um það að skipta sakarefninu samkvæmt 5. málsgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að nú yrði aðeins fjallað um skyldu stefnda til að endurgreiða stefnanda fjárhæð þá, sem tekin hefur verið í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins af frystri rækju miðað við veiðitímabilið 1. janúar 1970 til 31. ágúst sama ár.

Hefur dómurinn fallizt á þessa málsmeðferð.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfunum og málskostnaðar

úr hendi stefnanda. Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að þann 16. maí 1969 samþykkti Alþingi lög nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Lög þessi voru staðfest 28. maí 1969 og skyldu þegar öðlast gildi, en útgáfudagur laganna var 10. júní 1969.

Hlutverk sjóðsins „er að draga úr áhrifum verðsveiflna, sem verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins". Sjávarútvegsmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Eru þrír menn skipaðir í stjórn án tilnefningar, einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Tveir menn eru skipaðir eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, „þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni".

Eftir ákvæðum laganna skal Verðjöfnunarsjóði skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku laganna skyldi setja á stofn deild fyrir „frystar fiskafurðir", en heimilt var að fjölga deildunum síðar, og skyldi ráðherra ákveða stofnun nýrra deilda með reglugerð.

Samkvæmt lögunum var sjóðstjórninni gert að ákveða verðlagsgrundvöll við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra, en við þennan verðlagsgrundvöll skyldi miða verðhækkun á afurðum. Við ákvörðun verðlagsgrundvallar skyldi hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarandi ára svo og niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið yrði tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra breytinga.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skyldu vera allt að helmingur af verðhækkun, sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lögin ná til, miðað við framangreindan verðlagsgrundvöll. Áttu tekjur þessar að renna til viðkomandi deilda sjóðsins.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðal-

verð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem lögin ná til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils. Verðbætur mega aldrei nema meiru en helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

Í B deild Stjórnartíðinda, útgáfudagur 30. júlí 1971, birtist reglugerð um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar skiptist Verðjöfnunarsjóður eftir tegundum afurða í eftirtaldar deildir, sem hafa aðskilinn fjárhag:

1. Deild fyrir frystar fiskafurðir, þar með taldar frystar sjávarafurðir, skeldýra og krabbadýra.
2. Deild fyrir saltfiskafurðir.
3. Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Samkvæmt flutningi hér fyrir dómi höfðu þó deildir þær, sem nefndar eru í 2 og 3 hér að ofan, verið settar á stofn og starfræktar fyrir útgáfu reglugerðarinnar með sérstakri staðfestingu ráðherra. Deild fyrir frystar fiskafurðir skyldi sett á stofn þegar við gildistöku laganna, eins og áður er vikið að.

2.2. Þann 3. febrúar 1970 hélt stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deild fyrir frystar fiskafurðir, fund. Var þá m. a. þetta bókað:

„Formaður gerði grein fyrir tilefni fundarins, þ. e. verðjöfnun á rækjuafurðum. Skýrði hann frá því eftir oddamanni yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins við ákvörðun á verði ferskrar, óskelflettrar rækju fyrir tímabilið 1. september 1969 til 31. ágúst 1970, að við umræður í yfirnefnd hafi komið fram samdóma álit nefndarmanna, að æskilegt væri, að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins tæki til rækjuafurða, sérstaklega frystrar rækju, en þar hafa orðið miklar verðsveiflur á undanförnum árum. Nefndarmönnum kom ennfremur saman um, að æskilegt væri, að stjórn Verðjöfnunarsjóðsins gerði ákveðnar tillögur um fyrirkomulag verðjöfnunar og viðmiðunarverð fyrir rækjuafurðir, svo skjótt sem kostur væri, eftir að hún hefði verið skipuð. Fram kom, að viðmiðunarverð oddamanns við verðákvörðun hefðu verið þannig:

a) Vélskelflett fryst rækja: 8/4—8/5 d. pr. lbs. CIF.

b) Handskelflett rækja í saltlegi: 9/6 d. pr. lbs. CIF.

Rætt var um yfirborganir á hráefnisverð rækju, væntanlegt nýtt verð á ferskri óskelflettri rækju og ákvörðun verðgrundvallar fyrir frystar rækjuafurðir.

Menn voru sammála um, að verðjöfnun á frystum rækjuafurðum frá s.l. áramótum væri heimil samkvæmt verðjöfnunarsjóðslögum.

Ákveðið var, að Efnahagsstofnunin léti gera athuganir á útflutningsverði rækjuafurða, sem seldar hafa verið síðan 1. september s.l., til samanburðar við viðmiðunarverð oddamanns við verðákvörðun á s.l. hausti".

Á fundi í sömu stjórn þann 17. sama mánaðar var samþykkt að leggja til við ráðuneytið, að verðjöfnun á frystri rækju skyldi koma til framkvæmda fyrir framleiðslu frá og með áramótum 1970. Hafði stjórn Verðjöfnunarsjóðsins, deild fyrir frystar fiskafurðir, komið sér saman um að ákveða grundvallarverð á rækju sem hér segir:

Handskelflett rækja	10.2 sh. pr. lb.
Vélskelflett rækja	8.7 — — lb.
Handskelflett rækja í saltlegi	9.7 — — lb.

Miðað var við c. i. f. verð án frádráttar á sölulaunum. Ekki skyldi koma til greiðslu í sjóðinn eða úr honum, nema verðbreytingar á handskelflettri og vélskelflettri rækju, hvorri tegund fyrir sig, næmi meiru en 1.5% á verðgrundvelli og á handskelflettri rækju í saltlegi næmi meiru en 2.5% frá verðgrundvelli.

Samþykkt þessi var send til sjávarútvegsráðuneytisins, sem samþykkti hana með bréfi til stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, dags. 17. apríl 1970. Var verðgrundvöllurinn staðfestur fyrir frysta rækju, framleidda frá og með 1. janúar til 31. ágúst 1970.

Með bréfi Verðjöfnunarsjóðs til Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, dags. 29. apríl 1970, var tilkynnt, að sjóðurinn hefði samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og staðfestingu sjávarútvegsráðherra ákveðið verðlagsgrundvöll fyrir frysta rækju, framleidda frá 1. janúar til 31. ágúst 1970.

Eins og sjá má af ofansögðu, var fryst rækja tekin í deild með frystum fiskafurðum, en sú deild var stofnuð þegar við gildistöku laganna. Af hálfu fiskframleiðenda hafa tveir menn tekið sæti í þeirri deild eftir sameiginlegri tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Samkvæmt skjölum málsins telur stefndi, að þessir menn fari með hagsmuni framleiðenda frystrar rækju í stjórn Verðjöfnunarsjóðs, deildar fyrir frystar fiskafurðir.

Rækjuframleiðendum var gert að greiða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og hafa greiðslur átt sér stað frá 5. maí 1970. Greiðslur hafa a. m. k. ekki enn verið innheimtar frá fyrstu mánuðum ársins 1970, en ljóst er af skjölum málsins, að Verðjöfnunarsjóðurinn telur stefnanda skulda kr. 4.170.977.00 frá því tímabili.

Þær greiðslur, sem rækjuframleiðendur greiddu í sjóðinn, fóru í upphafi á hlaupareikning nr. 3021 (skipt eftir útflytjendum), en eigandi þess hlaupareiknings er Verðjöfnunarsjóðurinn. Rækja var þá á sama reikningi og frystar fiskafurðir, en reikningslega aðskilin. Þann 25. júní 1971 var hins vegar opnaður hlaupareikningur nr. 3025, og þann 30. sama mánaðar var rækjan flutt yfir á hinn nýja reikning, en á honum er útflytjendum einnig haldið sundurgreindum. Er þetta staðfest í skjölum málsins.

2.3. Af skjölum málsins er ljóst, að ýmsir framleiðendur rækju, þar á meðal stefnandi máls þessa, mótmæltu samþykkt stjórnar Verðjöfnunarsjóðs og ákvörðun ráðherra, að fryst rækja skyldi sæta meðferð Verðjöfnunarsjóðs. Voru mótmælin af margvíslegum toga spunnin. Í bréfi samtaka rækjuvinnslustöðvanna til sjávarútvegsráðherra, dags. 20. febrúar 1970, segir m. a. svo um þetta efni:

„Á fundi með yður í gær afhentuð þér okkur ljósrit af bréfum frá herra seðlabankastjóra Davíð Ólafssyni og forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, herra Bjarna B. Jónssyni, en við viljum hér á eftir einkum gera nokkrar athugasemdir við efni bréfs seðlabankastjórans.

Í bréfinu segir, að S. H. og S. Í. S. tilnefni fulltrúa framleiðenda í stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og augljóst sé, að smáir framleiðendur, sem utan þessara samtaka standa, geti ekki komið til greina að eiga fulltrúa í stjórninni.

Það er skoðun rækjuframleiðenda, að þeir eigi ekki samleið með þessum stóru samtökum og þau geti á engan hátt komið fram sem þeirra fulltrúar, enda kemur þetta sjónarmið skýrt fram í lögunum um Verðjöfnunarsjóð, þar sem segir, að hver grein fiskiðnaðarins skuli tilnefna sína fulltrúa, þegar fjallað er um mál hennar, eins og við vitnuðum til í fyrra bréfi okkar.

Einnig kemur fram í bréfi seðlabankastjórans, að tilnefning fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðs lúti sömu reglum og í Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hér er farið með rangt mál, því að um Verðlagsráð gilda lögin nr. 97 frá 18/12 1961, þar sem talin eru

upp þau samtök, er tilnefna skulu fulltrúa, en í lögunum um Verðjöfnunarsjóð eru ákvæðin um skipun fulltrúa önnur, eins og áður er greint.

Í bréfinu segir, að sjóðstjórnin hafi í byrjun þessa mánaðar tekið ákvörðun um, að Verðjöfnunarsjóðurinn skyldi taka til frystrar rækjuafurða, ennfremur að 17. þ. m. hafi stjórnin samþykkt tillögu til ráðherra um viðmiðunarverð.

Í 7. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins frá 16. maí 1969 segir, að við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skuli sjóðstjórn ákveða viðmiðunarverð. Sá tími, er valinn var til þessara ákvarðana núna varðandi frysta rækju, er hvorki upphaf ára né veiðitímabils. Núverandi rækjuvertíð hófst í byrjun september 1969 í Arnarfirði og 1. okt. 1969 í Ísafjarðardjúpi, með hléi í des. og jan., eins og vanalega, til 6. janúar í Arnarfirði og 20. jan. í Ísafjarðardjúpi. Er því hér um greinilegt lagabrot að ræða.

Eins og við skýrðum frá á fundinum með yður í gær, hefur almennt samband okkar við fulltrúa framleiðenda í Verðlagsráði verið lítið, og þeir hafa alls ekki túlkað skoðanir okkar á hverjum staðnum, Verðlagsráði eða Verðjöfnunarsjóði, sérstaklega núna. Okkur hefur ekki verið kunnugt um, að til stæði að taka frysta rækju inn í Verðjöfnunarsjóð frá s.l. áramótum þar til nú alveg nýlega, og snerum við okkur þá til yðar.

Við höfum ekki heyrt um umræður í Verðlagsráði á s.l. hausti um aðild okkar að Verðjöfnunarsjóði. Í bréfi seðlabankastjórans er skýrt frá ákveðnum viðmiðunarverðum, en við teljum þau ekki vera byggð á neinum rökum, enda væri nú ekki unnt að reka neina vinnslustöð með þeim söluverðum.

Þá stendur ennfremur í bréfinu, að sumir framleiðendur hafi eftir verðlagningu Verðlagsráðs á s.l. hausti tekið upp á því að greiða yfirverð, kr. 1.— pr. kg. Okkur er fullkunnugt um, að aðeins einn framleiðandi gerði þetta, og alls ekki fyrr en í lok janúar s.l., hinsvegar hefur Verðlagsráð nú löggilt yfirverð þessa eina framleiðanda og þannig neytt aðra til að greiða það.

Seðlabankastjórinn segir, að þær tölur, sem nefndar voru í bréfi okkar, séu fjarri öllu lagi. Það skal viðurkennt, að okkur var ekki kunnugt um verðbilið, 1.5% og 2.5%, og ekki ætti að taka verðjöfnunargjald á því bili, þó verðið hækkaði meira. Seðlabankastjórinn kemur með útreikninga á þessu atriði, og er niðurstaðan, að greiðsla af hverju tonni af vélpillaðri rækju verði um kr. 6.600.00. Hann miðar þá við söluverð 9.4 sh. pr. lb., sem sagt er byggt á fyrirfram sölum. Í þessum útreikningi er

því ekki reiknað með, að aðild Íslands að EFTA hafi nein tafarlaus áhrif, en við höfum knúið fram hærra verð, einnig á fyrirfram sölum, frá s.l. áramótum, og jafnvel áður en EFTA aðild kemur til framkvæmda, þar sem allir kostnaðarliðir hafa stórlega hækkað, og að öðrum kosti var fyrirsjáanleg stöðvun rækjuvinnslunnar. Sú staðhæfing okkar, að verðjöfnunargjaldið af vélpillaðri rækju verður nálægt kr. 25.000.— pr. tonn, stendur því óhögguð, hún verður staðreynd, ef ákvörðun sjóðstjórnarinnar kemur til framkvæmda og ef framleiðslan héldi áfram. Þessi staðreynd, sem nú hefur svo berlega komið í ljós, að sjóðstjórnin hefur reiknað með þessu áætlaða söluverði, 9.4, varpar skýru ljósi á, hvað lítið samband hefur verið haft við framleiðendur og raunveruleikann.

Í bréfi herra Bjarna B. Jónssonar kemur þetta enn í ljós. Hann segir, að mótmæli okkar og rök hefðu átt að koma fram fyrir afgreiðslu málsins í sjóðstjórninni, en hvernig átti það að vera, áður en okkur var kunnugt um málið? Hans eina andsvar er svo, að ekki eigi að láta undan okkur.

Það hefur hingað til verið talið til dyggða að selja íslenzkar afurðir á sem hæstu verði til útlanda, en nú virðist það ekki lengur vera með framkvæmdum Verðjöfnunarsjóðs.

Undanfarin ár hefur afkoma rækjuvinnslustöðvanna verið léleg, ekki síður en annarrar fiskvinnslu, en núna, þegar von er til, að einhver ljósgeisli læðist inn í þennan rekstur, a. m. k. um stuttan tíma, en þetta hefur aðeins náðst með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði, þá eru opinberir aðilar reiðubúnir að slökkva hann strax í fæðingu og koma okkur á sama grundvöll aftur. Okkur er fullkunnugt um þær staðreyndir, sem við okkur blasa, þann skuldahala, sem við drögumst með og vantar fé til að höggva í.

Við viljum einnig benda á þær stórauknu kröfur um hreinlæti við framleiðsluna og aukin gæði vörunnar, sem markaðirnir gera í sívaxandi mæli, og enn eru framundan stórátök á þessu sviði, sem framleiðendur verða að gera í nánustu framtíð, eins og kunnugt er. Allt þetta hefur haft og mun hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér".

Stjórn sjóðsins og sjávarútvegsráðuneytið töldu hins vegar, að mótmæli þessi væru eigi nægum rökum studd. Um þetta efni segir m. a. svo á minnisblaði Gunnlaugs Briems ráðuneytisstjóra, sem lagt hefur verið fram í málinu.

„Formhlið málsins.

a. Í 2. gr. laga nr. 72/1969, þar sem kveðið er á um skipun

stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, segir: „að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni". Þar sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga eru stærstir aðiljar í frystiiðnaðinum, tilnefndu þeir fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðsins fyrir rækjuverksmiðjurnar eins og aðrar greinar frystiiðnaðarins. Þessir sömu aðiljar, S. H. og S. Í. S., tilnefna fulltrúa í Verðlagsráð sjávarútvegsins fyrir allar greinar frystiiðnaðarins, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1961. Eigendur rækjuvinnslustöðvanna hafa ekki stofnað formleg samtök til að gæta hagsmuna sinna. Það var því eðli málsins samkvæmt, að S. H. og S. Í. S. tilnefndu fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðs, þegar fjallað var um málefni rækjuiðnaðarins, enda höfðu eigendur stöðvanna ekki borið fram óskir um að tilnefna umrædda fulltrúa. Að sjálfsögðu gátu eigendur stöðvanna skýrt sjónarmið sín gagnvart Verðjöfnunarsjóði fyrir milligöngu téðra fulltrúa.

Á fundi hjá viðskiptaráðherra 19. febrúar s.l., þar sem rætt var um rækjumálið, tilkynnti ráðherra, að ef eigendur rækjuvinnslustöðva mynduðu samtök, sem stæðu opin öllum rækjuvinnslustöðvum, þá gætu samtök þessi tilnefnt fulltrúa til að taka sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðs, þegar rætt væri um mál rækjuiðnaðarins. Þessi samtök hafa ekki verið stofnuð ennþá.

Mótmæli eigenda rækjuvinnslustöðvanna vegna skorts á fyrirsvari í stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafa samkv. framansögðu ekki við rök að styðjast.

b. Í 7. gr. laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins er svo ákveðið: „Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil".

Þann 23. september 1969 ákvað yfirnefnd Verðlagsráðs lágmarksverð á ferskri rækju fyrir tímabilið 1. september 1969 til 31. ágúst 1970.

Með lögum nr. 4/1970 var svo ákveðið, að Verðlagsráð skuli „endurskoða lágmarksverð, sem gilti á árinu 1969 með gildistíma fram á 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970". Lögin eru staðfest af forseta Íslands 3. febrúar 1970.

Í samræmi við þetta lagaboð tók Verðlagsráð til meðferðar lágmarksverð á rækju, og náðist samkomulag um verðið á fundi ráðsins 14. febrúar s.l.

Það var samdóma álit Verðlagsráðs og yfirnefndar ráðsins, að

æskilegt væri, að Verðjöfnunarsjóður tæki til rækjuafurða, sérstaklega frystrar rækju, þar sem miklar verðsveiflur hefðu orðið á undanförnum árum. Munu fulltrúar fiskiðnaðarins hafa haft samráð við stjórn Verðjöfnunarsjóðs í því efni svo og um væntanleg viðmiðunarverð sjóðstjórnarinnar, enda bókar Verðlagsráðið í sambandi við samkomulagið 14. febrúar s.l. eftirfarandi:

„Samkomulag varð um, að lágmarksverð á rækju frá 1. janúar til 31. ágúst 1970 skuli vera kr. 11.30 hvert kg. Verð þetta miðast við, að viðmiðunarverð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sé 8.7 shillingar fyrir vélpillaða frysta rækju, 9.7 shillingar fyrir rækju í saltlegi og 10.2 fyrir handpillaða frysta rækju".

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins skal sjóðstjórnin við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkanir og verðlækkanir fiskafurðanna.

Eins og að framan segir, dróst ákvörðun Verðlagsráðs um rækjuverðið til 14. febrúar s.l. Þá fyrst gat stjórn Verðjöfnunarsjóðs gert tillögur til ráðherra um verðgrundvöllinn, og var það gert á fundi stjórnarinnar þann 17. febrúar s.l.

Mótmæli eigenda rækjuvinnslustöðvanna gegn ákvörðun grundvallarverðsins sem broti á téðum ákvæðum 7. gr. laga nr. 72/1969 hafa ekki við rök að styðjast, þar sem drátturinn er bein afleiðing af ákvæðum laga nr. 4/1970, sem öðluðust gildi 3. febrúar 1970. ...

Eigendur rækjuvinnslustöðvanna hafa mótmælt því, að fryst rækja verði tekin til verðjöfnunar í Verðjöfnunarsjóði nú og aðild þeirra frestað til næstu vertíðar næsta haust. Mótmæli sín byggja þeir á rangri málsmeðferð, eins og að framan er lýst í I. Þá skýra eigendurnir frá því, að undanfarin ár hafi afkoma stöðvanna verið léleg, svo að ekki hafi verið unnt að framkvæma nauðsynlegasta viðhald eða endurnýjun. Ekki hafi verið unnt að lækka skuldir. Vinnulaun og annar rekstrarkostnaður hafi hækkað og fari stöðugt hækkandi. Þá er sagt, að stórauknar kröfur hafi verið gerðar um hreinlæti við framleiðsluna og aukin gæði vörunnar, sem markaðirnir gera í sívaxandi mæli, og enn séu framundan stórátök á þessu sviði, sem framleiðendur verða að gera í nánustu framtíð. Allt hafi þetta haft og muni hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér.

Loks lýsa eigendurnir því yfir í bréfi sínu, dags. 17. febrúar s.l., „að ef áðurnefndar aðgerðir koma til framkvæmda, liggur

ekkert annað fyrir rækjuvinnslustöðvunum en að hætta rekstri strax".

Gögn til stuðnings þessum fullyrðingum hafa eigendurnir ekki lagt fram.

Á framangreindum fundi hjá viðskiptaráðherra 19. f. m. var forráðamönnum vinnslustöðvanna boðað og að þeim lagt að ræða við Efnahagsstofnunina og kanna þau gögn og áætlanir, sem lögð hafa verið til grundvallar lágmarksverði Verðlagsráðs á ferskri rækju og grundvallarverði Verðjöfnunarsjóðs.

Næsta dag var fundur haldinn í Efnahagsstofnuninni með téðum aðiljum, og er frásögn Jóns Sigurðssonar skrifstofustjóra af fundi þessum svohljóðandi:

„Samkvæmt samkomulagi, er gert var á fundi sjávarútvegsráðherra, sem þá var Gylfi Þ. Gíslason, með rækjuframleiðendum hinn 19. febrúar s.l., komu fulltrúar nýstofnaðra samtaka rækjuvinnslustöðva til fundar í Efnahagsstofnuninni hinn 20. febrúar s.l. Fundinn sátu eftirtaldir menn:

Frá rækjuframleiðendum:
Böðvar Sveinbjarnarson
Kári Einarsson
og Richard Björgvinsson.

Frá Efnahagsstofnuninni:
Bjarni Bragi Jónsson
og Jón Sigurðsson.

Tilgangur fundarins var að kynna rækjuframleiðendum rekstrarkostnaðaráætlanir þær fyrir rækjuveiðar og rækjuvinnslu, sem fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar og oddamaður í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins hafði lagt fram og miðað við verðákvörðun rækju haustið 1969, auk þess sem framleiðendum gæfist kostur á að koma sjónarmiðum sínum um rekstrargrundvöll rækjuvinnslunnar á framfæri. Á fundinum voru ofangreindar áætlanir oddamanns lagðar fram og ræddar í smáatriðum. Ekki kom fram á fundinum — eða síðar — nein rökstudd gagnrýni á áætlanir þessar af hálfu rækjuframleiðenda, og ekki voru lögð fram nein gögn af þeirra hálfu um afkomuhorfur rækjuvinnslustöðva á yfirstandandi vertíð"."

Loks er rétt að rekja meginefni bréfs sjávarútvegsráðherra til rækjuframleiðenda á Vestfjörðum, dags. 9. október 1970, en bréf þetta lýsir að nokkru þeim sáttatilraunum, sem fylgdu í kjölfarið.

„Svo sem kunnugt er, urðu miklar deilur á síðastliðnum vetri

um samþykkt, er gerð var af stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir frystar fiskafurðir, um verðgrundvöll fyrir frystar rækjuafurðir fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1970. Vegna þess m. a. stöðvaðist vinnsla rækju í nokkurn tíma. Til þess að stuðla að því, að framleiðendur hæfu vinnslu á ný, hét sjávarútvegsráðherra því að fela óhlutdrægum mönnum að athuga þau gögn, er rækjuframleiðendur vildu láta ráðuneytinu í té um deiluefnið, í því skyni, að rannsakað yrði, hvort staðhæfingar aðila í sambandi við deilu þessa hefðu við rök að styðjast. Ef sú athugun sýndi, að hallað væri á hlut framleiðenda, hét ráðherra, að hann skyldi fyrir sitt leyti stuðla að því, að hlutur þeirra yrði réttur. Í framhaldi af þessu fól ráðuneytið þeim Jóni Sigurðssyni, hagrannsóknarstjóra, og Hjalta Einarssyni, fiskiðnaðarfulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, að kanna gögn þau, er framleiðendur rækju afhentu ráðuneytinu síðari hluta apríl mánaðar s.l.

Skýrsla þessara síðastnefndu manna, dags. 5. þ. m., hefur nú loks borizt ráðuneytinu, og fylgir hún hjálagt með bréfi þessu. Skýrslan hefur að geyma athugun á framleiðslukostnaði og afkomu rækjuvinnslu árin 1969 og 1970. Áður hafði rækjuframleiðendum verið afhent memorandum um verðjöfnun á andvirði frystrar rækju, samið af Gunnlaugi E. Briem, ráðuneytisstjóra.

Með tilvísun til framanritaðs tekur ráðuneytið fram, að það telur skýrsluna ekki gefa tilefni til frekari aðgerða af þess hálfu".

Í bréfi Félags íslenzkra niðursuðuverksmiðja, dags. 4. janúar 1971, til sjávarútvegsráðuneytisins, segir, „að s.l. haust var lögum félags okkar breytt þannig, að allar rækjuvinnslustöðvar geta orðið meðlimir, þó fyrirtæki þessi hafi hvorki niðurlagningu né niðursuðu.

Samkvæmt þessu eru flestar rækjuvinnslustöðvar nú meðlimir í félagi okkar. Viljum við því eindregið fara þess á leit, að okkur verði gefið tækifæri til að koma fram fyrir hönd rækjuvinnslustöðva, bæði við verðlagningu á rækju og í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, þegar málefni þeirra eru rædd ...".

Þessu erindi synjaði sjávarútvegsráðuneytið með bréfi, dags. 12. marz 1971.

3.0.

3.1. Í málinu hefur stefnandi fær þetta fram:

1. Stefnandi heldur því fram, að lög nr. 72/1969 feli í sér álögur, sem jafna megi til skatta, en skattamálum verði að skipa

með lögum samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi geti því ekki framselt stjórn Verðjöfnunarsjóðs vald til þess að leggja á skatt eða gjöld, sem eru borgurunum jafnþungbær og skattar. Lög nr. 72/1969 fullnægi því ekki ákvæðum 40. gr. stjórnarskrárinnar í eftigreindum atriðum:

a. Þau tilgreini ekki nákvæmlega þær tegundir fiskafurða, sem verðjöfnunargjaldið skuli lagt á.

b. Í þeim sé enginn verðgrundvöllur tilgreindur, heldur sé sjóðstjórninni falið að ákveða hann.

c. Sérstakur skattstigi sé ekki greindur í lögum nr. 72/1969, heldur geti stjórn Verðjöfnunarsjóðs ákveðið, að hann skuli vera allt að helmingi af verðhækkunum.

d. Með álagningu sérstaks verðjöfnunargjalds á rækjuframleiðendur segir stefnandi farið út fyrir þau takmörk, sem setja verði skattlagningarvaldi löggjafa, þ. e. að skattar séu lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu.

2. Til vara teflir stefnandi fram þeim málsástæðum, að við framkvæmd laga nr. 72/1969 hafi þau verið brotin með undirbúningi og álagningu verðjöfnunargjaldsins á rækjuframleiðendur.

a. Stefnandi telur, að 2. gr. laga nr. 72/1969 hafi verið brotin, þar sem fulltrúar rækjuframleiðenda hafi ekki verið skipaðir í stjórnina eftir tilnefningu þeirra, þegar ákvörðun hafi verið tekin um að leggja verðjöfnunargjald á rækjuafurðir. Stjórn sjóðsins hafi því verið vanhæf til að taka ákvörðun um álagningu verðjöfnunargjaldsins á rækjuafurðir. Í þessu sambandi mótmælir stefnandi því, að fulltrúar S. H. og S. Í. S. hafi verið fulltrúar rækjuframleiðenda.

b. Stefnandi bendir á, að stjórn sjóðsins hafi ekki gert tillögu til sjávarútvegsráðherra um verðgrundvöll fyrr en 17. febrúar 1970. Ráðherra hafi staðfest tillöguna eftir miðjan apríl, en það sé ekki fyrr en 29. apríl sem Verðjöfnunarsjóðurinn tilkynni, að verðgrundvöllur hafi verið ákveðinn. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 72/1969 eigi hins vegar að ákveða verðgrundvöll „við upphaf árs eða framleiðslutímabils". Þetta ákvæði sé sett til að tryggja hagsmuni þeirra, sem verðjöfnunargjald skuli greiða. Þeir eigi í tæka tíð að geta lagt mat á þann aukna rekstrarkostnað, sem af gjaldinu leiðir.

c. Stefnandi heldur því fram, að í samtali sjávarútvegsráðherra og Björgvins Bjarnasonar 5. marz 1970 hafi ráðherra spurt, hvort rækjuframleiðendur vildu hefja vinnslu að nýju næsta dag, ef hann léti óhlutdræga menn rannsaka gögn frá rækjuframleið-

endum, en áður höfðu nokkrir rækjuframleiðendur stöðvað vinnslu á rækju vegna máls þess. Segir í stefnunni, að ráðherra hafi tekið skýrt fram, að þessir menn skyldu ekki vera aðiljar að stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Hafi þetta orðið að samkomulagi á milli vinnslustöðvanna og ráðherra. Hafi rækjuframleiðendur lagt fram greinargerð í málinu þann 15. apríl 1970. Greinargerðin hafi verið send Efnahagsstofnuninni, en forstjóri hennar sé Bjarni Bragi Jónsson, sem eigi sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Þá hafi ráðherra úrskurðað nokkrum dögum síðar, að fryst rækja skyldi tekin í Verðjöfnunarsjóð þrátt fyrir loforð sitt um álit hlutlausra manna.

d. Stefnandi telur, að ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs þann 17. febrúar 1970 hafi verið reist á röngum forsendum og verið þyngri skattur en ætlun sjóðstjórnar hafi verið. Hafi stjórnin talið sig vera að leggja á verðjöfnunargjald, sem næmi kr. 6.600.00 á hvert tonn af vélskelflettri rækju. Vegna EFTA aðildar Íslands o. fl. hafi verðjöfnunargjaldið numið nálægt kr. 25.000.00 á hvert tonn. Telur stefnandi, að hér hafi verið um mistök að ræða. Með tilkomu hinna réttu upplýsinga verði að telja, að brostnar séu forsendur fyrir ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs.

e. Loks bendir stefnandi á, að ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs 17. febrúar 1970 hafi verið gerð að samkomulagsatriði í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Verði að telja þá málsmeðferð ólögmæta, því að samkvæmt 7. gr. laga nr. 72/1969 beri stjórn Verðjöfnunarsjóðs að leggja hlutlægt mat á þau atriði, sem í greininni séu nefnd.

3.2. Stefndi hefur í málinu fært þetta fram:

a. Stefndi kveður ljóst, að lög nr. 72/1969 fjalli á engan hátt um eignarnám, sem bætur skulu fyrir koma samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi og aðrir rækjuframleiðendur njóti ekki eingöngu þess fjár, sem þeir leggja í sjóðinn, heldur einnig framlags hins opinbera, sem skipti milljónum króna. Auk þess geti rækjuframleiðendur í sumum tilfellum fengið hærri verðbætur úr sjóðnum en framlögum þeirra nemur. Stefndi telur, að umrædd lög tilgreini nægjanlega þær tegundir fiskafurða, sem verðjöfnunargjaldið skuli lagt á. Samkvæmt 1. gr. laganna sé það hlutverk þeirra að draga úr áhrifum verðsveiflna, sem verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Séu hér engar tegundir fiskafurða undanskildar. Ekki sé vafi á því, að útflutt rækja falli undir hið almenna hugtak laganna um afurðir fiskiðnaðarins til útflutnings, og vísar stefndi í 3. gr. laga nr. 97/1961 um Verð-

lags sjávarútvegsins til samanburðar. Telur stefndi, að gjaldtakan hafi því stoð í 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 72/1969.

Stefndi mótmælir því, að verðgrundvöllur, eins og hann er ákveðinn í 7. gr. laga nr. 72/1969, brjóti í bága við ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar. Hann bendir á, að eins og lögum nr. 72/1969 sé háttað, hljóti verðgrundvöllurinn að vera mismunandi fyrir einstakar tegundir fiskiðnaðarins og breytilegur frá einu framleiðslutímabili til annars. Í 7. gr. sé lýst sjónarmiðum þeim, sem fara skuli eftir við ákvörðun verðgrundvallar, og sé slíkt algengt í skattalögum. Er bent á, að ákvörðun gjaldstofna af þessu tagi hafi aldrei verið talin fara í bága við 40. gr. stjórnarskrárinnar eða samsvarandi ákvæði í eldri stjórnarskrám. Svipað telur stefndi vera að segja um ákvörðun um tekjur í Verðjöfnunarsjóðinn samkvæmt 5. gr. laga nr. 72/1969. Telur stefndi, að finna megi í löggjöfinni fjölda hliðstæðna eða lög, sem gangi jafnvel lengra en þetta. Telur stefndi fjarstætt, að hér sé um brot á 40. gr. stjórnarskrárinnar að ræða.

Þá telur stefndi, að sú málsástæða stefnanda hafi ekki við neitt að styðjast, að með lögum nr. 72/1969 hafi verið farið út fyrir þau takmörk, sem setja verði skattlagningarvaldi löggjafans. Hér sé um að ræða gjald, sem sé lagt almennt á tiltekna atvinnugrein og á málefnalegum grundvelli, þ. e. til að draga úr áhrifum verðsveiflna.

b. Stefndi andmælir því, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi verið vanhæf, þegar tekin var ákvörðun um álagningu verðjöfnunargjalds á rækjuafurðir. Hann bendir á, að eigendur rækjuvinnslustöðvanna hafi ekki myndað með sér nein formleg samtök, sem fær væru um að gæta hagsmuna þeirra. Hafi því ekki verið til aðili, sem gæti tilnefnt sérstakan fulltrúa af hendi rækjuframleiðenda til að taka sæti á fundum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs. Í þessu sambandi bendir stefndi einnig á það, að fulltrúar S. H. og S. Í. S. hafi átt sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðsins sem fulltrúar framleiðenda frystra fiskafurða. Gjaldið hafi verið lagt á frysta rækju, sem telja verði frysta fiskafurð. Við það bætist, að fulltrúar frá S. H. og S. Í. S. hafi einnig átt sæti í Verðlagsráði sjávarútvegsins, þegar ákveðið var verðlag á rækju. Augljóst sé því, að stjórn Verðjöfnunarsjóðsins hafi verið löglega skipuð, þegar ákvörðun hafi verið tekin um álagningu verðjöfnunargjaldsins.

c. Stefndi bendir á, að samkvæmt skjölum málsins hafi sjóðstjórnin þegar í byrjun febrúar 1970 tekið fullnaðarákvörðun

um að leggja til, að verðjöfnun skyldi taka til frystrar rækju, en veiðar muni hafa hafizt um 20. janúar. Þetta hafi ekki verið unnt að gera, fyrr en lokið hafi verið ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins um lágmarksverð. Stefndi telur, að af skjölum málsins megi sjá, að eigendum rækjuvinnslustöðva hafi þá verið kunnugt um og raunar löngu áður, að stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefði ákveðið að gera tillögu um verðjöfnunargjald af rækju. Vegna lagabreytinga hafi orðið að ákveða nýtt verð á rækju frá og með byrjun veiðanna á árinu 1970. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs hafi ekki talið annað fært en að bíða með sínar ákvarðanir, þar til séð yrði, hvað yrði um verðlagninguna í Verðlagsráði sjávarútvegsins, þar sem þetta tvennt sé hvort tveggja óaðskiljanlegt. Dráttur sá, sem orðið hafi á ákvörðun á verðgrundvellinum, hafi því verið óhjákvæmilegur. Að öðru leyti telur stefndi það ekki skipta máli um úrslit máls þessa, þótt eigi hafi verið farið eftir fyrirmælum 7. gr. laganna, þar sem sú regla sé aðeins verklagsregla fyrir stjórnina, en geti ekki valdið því, að ákvarðanir, sem teknar séu á öðrum tímum, eigi að vera ógildar. Stefndi mótmælir því, að sjávarútvegsráðherra hafi gefið stefnanda eða öðrum rækjuframleiðendum nokkurt loforð um, að úrskurður hlutlausra manna skyldi ganga um málið, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um verðjöfnunargjaldið. Eina loforðið, sem sjávarútvegsráðherra hafi gefið rækjuframleiðendum, sé rakið í bréfi sjávarútvegsráðuneytisins til þeirra, sbr. 2.3. Því loforði hafi ráðherrann fullnægt að öllu leyti og hafi rækjuframleiðendur fengið skýrslu þeirra Jóns Sigurðssonar hagrannsóknarstjóra og Hjalta Einarssonar iðnaðarfulltrúa.

4.0

4.1. Í upphafi þessa dóms er nefnt, að 18. september 1971 gekk bæjarþingsdómur um þann ágreining, sem hér er til úrlausnar, en sá dómur var ómerktur með hæstaréttardómi 14. marz s.l., þar sem sagði m.a.:

„Bæði í héraði og hér fyrir dómi byggir stefnandi kröfur sínar fyrst og fremst á þeirri málsástæðu, að þau ákvæði laga nr. 72/1969, sem á er reist gjaldtaka úr hans hendi í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, brjóti í bága við ákvæði 40. gr., sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og séu því ógild. Slíka málsástæðu bar héraðsdómendum að taka sérstaklega til rökstuddrar úrlausnar samkvæmt 193. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem héraðsdómendur gættu þessa eigi, verður ekki hjá því komizt, eins og á stendur, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu

heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju."

Í þessum hæstaréttardómi og í dómi bæjarþingsins 18. september 1971 er orðið „málsástæða" í samræmi við algenga venju látið taka bæði til lagaröksemdar og fullyrðinga þeirra um málsatvik, sem á er byggt, og er það víðtækari merking en ætla verður, að komi fram í 113. gr. laga nr. 85/1936. Dómur bæjarþingsins 18. september 1971 var byggður á þeirri forsendu, að röksemdir lögmanns stefnanda varðandi stjórnarskrána væru lagaröksemdir, sem hann hefði ekki forræði á og hefðu átt að ráða úrslitum, þótt þær kæmu ekki fram, ef þær hefðu að áliti dómenda staðizt og einar dugað til, að kröfur stefnanda væru teknar til greina. Töldu dómendur ekki þörf á að fjalla um þessar röksemdir fremur en verið hefði, ef lögmaður stefnanda hefði látið þeirra ógetið. Það var einnig forsenda bæjarþingsdómsins, að þessar röksemdir fengju eigi staðizt, og um ágreining aðilja var dæmt á grundvelli annarra lagaraka og atvika varðandi framkvæmd laga nr. 72/1969. Vegna hæstaréttardómsins frá 14. marz er skylt að fjalla hér um þær röksemdir, er lúta að því, að ákvæði í lögum nr. 72/1969 séu andstæð stjórnarskránni.

4.2. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir m.a.: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum." Í 67. gr. segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir." Í 77. gr. segir: „Skattamálum skal skipa með lögum."

Af þessum ákvæðum verður ráðið, að skattheimta er heimil þrátt fyrir friðhelgi eignarréttarins. Af 40. og 77. gr. verður ráðið, að skattheimta verður að styðjast við lög, er sett hafa verið með þeim hætti, sem mælt er fyrir í 44. og 45. gr. stjórnarskrárinnar, og duga því ekki til skattheimtu ákvæði, er aðeins er að finna t. d. í fjárlögum, reglugerðum og stjórnarathöfnum.

Í lögum nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins segir svo í 1. gr.:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveifna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins".

Í 5. gr. sömu laga er sagt, að „tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til." Í 6. gr. eru ákvæði um verðbætur, þegar til verðlækkunar kemur, en í 7. gr. segir:

„Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, ákveða, verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða verðlækkun samkvæmt 6. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytingar og annarra hliðstæðra atvika."

Í 8. gr. laganna segir:

„Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hlutföll afgjalda samkv. 1. málsgr. 5. gr. og hlutföll verðbóta samkv. 6. gr. Ákveða má, að þessi hlutföll séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns."

Loks er ástæða til að geta um, að í bráðabirgðaákvæði með lögunum segir m. a.: „Á árinu 1968 skal vera í gildi verðtrygging fyrir frystar fiskafurðir, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og fyrir frysta rækju."

Af 1. gr. laga nr. 72/1969 og lögunum sem heild verður ráðið, að með setningu þeirra hefur löggjafinn á grundvelli stjórnmálalegs mats viljað gera ráðstafanir til að draga úr áhrifum verðsveiflna á útflutningsafurðum sjávarútvegsins. Verkefni bæjarþingsins er ekki að fjalla um hið stjórnmálalega mat, heldur að kanna, hvort lögin fylla upp þau skilyrði, sem stjórnarskráin kann að setja um slíka lagasetningu. Lögin mæla fyrir um gjaldtöku úr hendi þeirra, sem gjaldeyrisskil gera vegna útflutnings sjávarafurða. Þykir eiga að skýra skatthugtak 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar svo rúmt, að það taki til slíkrar gjaldtöku, enda verður að ætla tilgang þessara stjórnarskrárákvæða vera þann að veita þeim, sem krafðir eru um fjármuni vegna þjóðfélagslegra hagsmuna, tryggingu fyrir málefnalegum grundvelli slíkrar gjaldheimtu. Urðu lög nr. 72/1969 því að uppfylla þau skilyrði, sem felast í 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómendur telja ótvírætt, að það hafi verið tilgangur laga nr. 72/1969 og ætlun löggjafans, er lögin voru sett, að þau næðu til útflutningsafurða sjávarútvegsins að rækju meðtalinni. Verður þetta ráðið af lögunum sem heild, þó orðalag sé ekki nákvæmt, svo og af greinargerðinni, sem lagafrumvarpinu fylgdi, en þar segir í upphafi: „Tveir veigamiklir þættir í rekstri sjávarútvegsins, sem hafa afgerandi áhrif á afkomu hans. . . ." Er hér ekki

gerður munur á fiski og öðrum sjávarafla, svo sem rækju, og ekki kemur annars staðar fram, að ætlunin hafi verið að gera slíkan mun. Verður að telja, að rækjuafurðir falli undir lögin. Ákvæði 5. gr. laganna þannig skýrð þykja nægilega ljós til að uppfylla ákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 7. og 8. gr. laga nr. 72/1969 segir, hvernig reikna eigi þann stofn eða verðgrundvöll, sem gjaldtaka skuli miðuð við. Í síðari hluta 7. gr. eru talin atriði, sem byggja skal á, og verður að telja, að þau séu nægilega nákvæm til að uppfylla kröfur 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar til lagasetningar um þetta atriði. Er algengt, að við ákvörðun skattstofna sé farið eftir lögbundnu mati stjórnvalda, sbr. til dæmis 22. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1972. Þá er þess og að geta, að lögmæti ákvarðana eftir 7. gr. laga nr. 72/1969 má bera undir dómstóla.

Í 5. gr. laga nr. 72/1969 segir, að tekjur Verðjöfnunarsjóðs skuli vera allt að helmingi af verðhækkunum afurða. Verður að telja, að þar með sé nægilega nákvæmlega ákvarðað, hvernig gjald skuli reikna, eftir að verðgrundvöllurinn hefur verið ákvarðaður. Hefur verið algengt hér á landi að hafa rúm mörk í lögum til ákvarðana framkvæmdarvaldshafa um gjaldstiga.

Þegar lög nr. 72/1969 eru virt í heild, verður ekki talið, að þau mæli fyrir um svo háa gjaldtöku, að það sé ósamrýmanlegt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki verður heldur talið, að þar sé brotið gegn meginreglum lögskipunarinnar um rökbundna og málefnalega gjaldheimtu og jafnræði þegnanna.

Niðurstaða þess, sem nú hefur verið rakið, er sú, að dómkröfur stefnanda verða eigi teknar til greina á þeim grundvelli, að lög nr. 72/1969 eða einstakar greinar þeirra brjóti í bága við stjórnarskrána.

4.3. Þessu næst verður um það fjallað, hvort gjaldtaka, sem deilt er um í þessu dómsmáli, hafi verið lögmæt samkvæmt lögum nr. 72/1969.

Svo sem segir hér á undan (4.2.), verður að telja, að lög nr. 72/1969 taki til rækju, þó að orðalag sé ekki nákvæmt þar að lútandi.

Í 3. gr. laga nr. 72/1969 er sagt: „Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku laga þessara skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en heimilt er síðar að fjölga deildum". Skyldi það gert með reglugerð samkvæmt 10. gr. laganna.

Eins og vikið var að í 2.2., var fryst rækja tekin í deild með frystum fiskafurðum. Eigi verður talið, að orðin „frystar fiskafurðir" í nefndri 3. gr. taki til frystrar rækju samkvæmt réttri orðskýringu, enda er fryst rækja nefnd sérstaklega í tilvitnuðu bráðabirgðaákvæði við hlið frystra fiskafurða.

Efnisrök styðja og slíka niðurstöðu, þar sem í umræddu ákvæði 3. gr. um deildaskiptingu verður talin felast nokkur trygging fyrir þá framleiðendur afurða, sem verðjöfnunargjald er lagt á. Þannig taka sæti í stjórninni samkvæmt 2. gr. laganna tveir fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni, og samkvæmt 6. gr. geta verðbætur ekki farið umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu kemur.

Enn fremur er að líta á það, að rækja hefur sérkenni, er varða m. a. framleiðendur, verkun og kaupendur afurða. Hefur eigi verið sýnt fram á, að rækjuvinnslu svipi frekar til freðfiskframleiðslu heldur en til vinnslu ýmissa annarra sjávarafurða.

Loks er að benda á, að í raun hefur rækja sætt sérstakri meðferð. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi hefur verðjöfnunargjaldi af frystri rækju verið haldið reikningslega aðskildu í freðfiskdeildinni, og andvirðið er nú á sérstökum hlaupareikningi, svo sem lýst hefur verið. Enn fremur var ákvörðun um verðjöfnunarmeðferð á frystri rækju ekki tekin fyrr en í apríl 1970 (og þá gjaldskylda miðuð við 1. janúar s. á.), enda þótt lögskylt hafi verið að starfrækja deild fyrir frystar fiskafurðir frá gildistöku laganna.

Að ofanrituðu athuguðu ber að líta svo á, að lögmæt ákvörðun um verðjöfnunarmeðferð á frystri rækju hafi ekki verið tekin, þegar af þeirri ástæðu, að ekki var fylgt 3. gr. laganna.

Stefndi, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, er því skyldur til endurgreiðslu. Ber að dæma sjóðinn skyldan til að endurgreiða það gjald, sem tekið hefur verið af stefnanda í sjóðinn af andvirði frystrar rækju, sem veidd var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1970.

Í stefnu segir, að mál þetta sé höfðað á hendur stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins f. h. sjóðsins, en jafnframt á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra, báðum in solidum f. h. ríkissjóðs. Um sjóðinn gilda sérstök lög, þar sem m. a. er mælt fyrir um stjórn sjóðsins, sérstaklega tekjuöflun, vörzlu og meðferð sjóðsins. Verður því að telja, að stjórn sjóðsins svari fyrir hann í máli þessu. Þykir eiga að líta svo á, að ráðherrunum sé stefnt til vara. Kemur kröfugerð á hendur þeim ekki til frekari

álita, þar sem krafan á hendur Verðjöfnunarsjóði er tekin til greina.

Dæma ber stefnda, Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 85.000.00 í þessum þætti málsins.

Dómari í máli þessu var Stefán M. Stefánsson borgardómari og meðdómsmennirnir Árni Vilhjálmsson prófessor og Þór Vilhjálmsson prófessor.

Dómsorð:

Stefnda, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, ber að endurgreiða stefnanda, Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar, það gjald, sem tekið hefur verið af stefnanda í Verðjöfnunarsjóðinn af andvirði frystrar rækju, sem veidd var á tímabilinu 1. janúar 1970 til 31. ágúst s. á.

Stefndi, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, greiði stefnanda, Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar, kr. 85.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. desember 1972.

Nr. 48/1972: **Útvegsbanki Íslands**
(Axel Kristjánsson hrl.)
gegn
Júlíusi Hjálmarssyni
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1972 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 500.000.00 með 10% ársvöxtum frá

12. febrúar 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með yfirlýsingu til Helga Th. Andersens 6. febrúar 1966 heimilaði stefndi honum að veðsetja jörðina Þórkötlustaði, hjúskapareign stefnda, „upp að fjárhæð kr. 500.000.00". Var þess getið í veðleyfinu, að það væri veitt í sambandi við kaup á bátnum Leifi, ÓF 4. Engar sérstakar yfirlýsingar gaf stefndi áfrýjanda í sambandi við kaup þessi eða veðleyfi.

Dómkröfur áfrýjanda eru reistar á því, að það varði stefnda skaðabótaskyldu, að hann skýrði ekki eiginkonu sinni frá því fyrr en löngu síðar, að hann veitti Helga framangreint veðleyfi, og aflaði ekki samþykkis hennar til þeirrar ráðstöfunar. Engin rök eru til að leggja skaðabótaábyrgð á stefnda gagnvart áfrýjanda af þessum sökum, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Er hann ákveðinn kr. 70.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Útvegsbanki Íslands, greiði stefnda, Júlíusi Hjálmarssyni, kr. 70.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. marz s.l., hefur Útvegsbanki Íslands, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 2. maí 1970, á hendur Júlíusi Hjálmarssyni til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 500.000.00 auk 10% ársvaxta frá 12. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær varakröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu einhverrar lægri fjárhæða að mati dómsins ásamt vöxtum og kostnaði, eins og í stefnu geinir.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði

algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur fullur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Til vara voru af hálfu stefnda gerðar þær kröfur við munnlegan flutning málsins, að verði sýknukrafan ekki tekin til greina, þá verði hann dæmdur til greiðslu miklu lægri fjárhæðar en stefnukröfunni nemur auk þess sem mótmælt var vaxtafæti í stefnu sem of háum.

Af hálfu stefnanda er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum, að í febrúar 1966 hafi útibú hans á Akureyri (þ. e. Útibú Útvegsbanka Íslands á Akureyri) selt stjúpsyni stefnda, Helga Th. Andersen, v/s Leif, KS 4, fyrir kr. 1.600.000.00. Af kaupverði skipsins hafi kr. 500.000.00 verið greiddar með skuldabréfi, sem Helgi Andersen hafi gefið út, sbr. dskj. nr. 2. Skuldabréf þetta hafi verið tryggt með 4. veðrétti í hluta stefnda í jörðinni Þórkötlustöðum í Grindavík og hafi stefndi gefið skriflegt samþykki sitt til þeirrar veðsetningar, sbr. dskj. nr. 3.

Í maí 1967 hafi eiginkona stefnda höfðað mál á hendur stefnanda þessa máls og krafizt þess, að ofangreind veðetning jarðarinnar yrði dæmd ógild, þar sem samþykkis hennar hafi eigi verið leitað. Kveður stefnandi þá hafa komið í ljós, að stefndi hafi leynt (eða svo hafi virzt a. m. k.) eiginkonu sína veðsetningu þessari. Starfsmaður stefnanda, sem hafi haft með söluna að gera, hafi verið algerlega grandalaus um þetta og hafi farið svo, að veðsetningin hafi verið dæmd ógild, þar sem ekki hafi tekizt að sanna, að eiginkona stefnda hafi verið með í ráðum, sbr. dskj. nr. 6 Helgi Th. Andersen hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 20. nóvember 1967. Skiptum hafi lokið 6. september 1968, sbr. dskj. nr. 4 og 5. Engar eignir hafi þá reynzt vera í búi hans, en búið hafi verið að selja v/s Leif, KS 4, á nauðungaruppboði í júní 1967 samkvæmt kröfu veðhafa í skipinu. Uppboðsverðið, kr. 1.600.000.00, hafi eigi hrokkið fyrir áhvílandi skuldum.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að með því að leyna eiginkonu sína ofangreindri veðsetningu hafi stefndi beinlínis orðið þess valdandi, að krafa stefnanda samkvæmt skuldabréfinu á dskj. nr. 2 sé nú endanlega glötuð. Veðtrygging sú, sem stefnandi hafi talið sig hafa fyrir skuldinni, sbr. veðleyfi á dskj. nr. 3, hafi verið dæmd ógild og skuldarinn samkvæmt skuldabréfinu hafi reynzt algerlega ógjaldfær. Það hafi verið alger forsenda fyrir því, að skuldabréfið væri tekið sem greiðsla,

að umrædd veðtrygging væri fyrir hendi. Þegar ljóst hafi verið, að margumrædd veðsetning hafi eigi staðizt gegn andmælum eiginkonu stefnda, hafi verið of seint að rifta sölunni á skipinu og eigi því stefnandi eigi annarra kosta völ en að krefja stefnda um bætur fyrir það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna heimildarleysis stefnda til veðsetningarinnar.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi aldrei skuldað stefnanda margnefndar kr. 500.000.00. Hann hafi og ekki leynt konu sína neinu, heldur hafi nánast verið um að ræða þá fávizku hjá honum að leita ekki samþykkis eiginkonu til veðsetningar. Í öðru lagi liggi beint fyrir að spyrja, hvaða aðilja hefði helzt átt að vera kunnugt um 20. gr. laga nr. 23/1920 um skyldu aðilja til þess að leita samþykkis maka síns við veðsetningu á íveruhúsnæði þeirra. Í þessu tilfelli hafi átt hlut að málum í fyrsta lagi löglærður starfsmaður stefnanda, í öðru lagi þekktur skipasali hér í borg og í þriðja lagi aldraður bóndi sunnan úr Grindavík. Það mætti ef til vill halda því fram, að stefndi bæri einhverja ábyrgð, ef sýnt þætti, að hann hefði beitt einhverjum brögðum eða svikum í sínu atferli, en ekkert slíkt liggi fyrir. Verði því ekki séð, að stefnandi hafi nokkurn fót fyrir kröfum sínum.

Eins og frá er greint í málavaxtalýsingu hér að framan, gekk dómur á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 19. júlí 1968, þar sem veðsetning með 4. veðrétti á jarðarhlutanum Þórkötlustöðum nr. 2 (Miðbæ) samkvæmt veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 500.000.00, útgefnu til handhafa 12. febrúar 1966 af Helga Th. Andersen, og samkvæmt veðleyfi, útgefnu 6. febrúar 1966 af stefnda, Júlíusi Hjálmarssyni, var dæmd ógild, þar sem ósannað þótti, að eiginkonu stefnda hefði verið kunnugt um veðsetninguna fyrr en síðast á árinu 1966, en eins og veðskuldabréfið á dskj. nr. 2 og veðleyfið á dskj. nr. 3 bera með sér, átti veðsetningin sér stað í febrúarmánuði sama ár.

Í framburði stefnda, Júlíusar Hjálmarssonar, og stjúpsonar hans, Helga Th. Andersens, kemur fram, að hvorugur þeirra taldi sér hafa verið kunnugt um, að skortur á samþykki eiginkonu kynni að hafa þýðingu varðandi gildi veðsetningar, slíkrar sem hér var um að ræða, og kveður stefndi, Júlíus, að af hálfu viðsemjenda sinna hafi ekkert verið á það minnzt. Stefndi Júlíus kveður sér ekki hafa verið ljóst, hverjar réttarverkanir umrædd veðsetning hefði, og sér hafi verið sagt, að það væri algerlega áhættulaust að skrifa undir þetta skjal, þ. e. veðleyfið.

Í framburði eiginkonu stefnda kveður hún stefnda hafa sagt sér, að hann hafi kviðið fyrir að segja sér frá veðsetningunni og því dregið það á langinn. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, verður hins vegar ekki séð, að stefndi hafi beitt konu sína launung um þetta í sviksamlegum tilgangi, þar sem ósannað er, að honum hafi verið ljóst, að samþykkis hennar þyrfti til veðsetningarinnar, svo að hún yrði gild. Og enda þótt honum hefði verið það ljóst, verður eigi talið, að honum væri skylt að sjá um samþykki hennar, þótt hann léti samþykki í té fyrir sitt leyti.

Viðsemjandi stefnda, þ. e. stefnandi, hafði löglærðan mann til að gæta hagsmuna sinna við samningsgerð þá, sem mál þetta er risið af. Bar honum því sem slíkum að kynna sér, hvort nægilegt væri samþykki stefnda eins til veðsetningarinnar, og þurfti ekki að byggja á ummælum eða sögusögnum annarra um þetta atriði. Stoðar honum því ekki að bera fyrir sig grandleysi um það.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið að framan, ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Hjálmarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, vegna útibús bankans á Akureyri, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 70.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. desember 1972.

Nr. 152/1971: **Magdalena Guðmundsson**
(M. Thorlacius hrl.)
og Ágúst Guðmundsson
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Hreppsnefnd Rangárvallahrepps
f. h. hreppsins
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Forkaupsréttur samkvæmt lögum nr. 40/1948. Krafa um ógildingu samnings samkvæmt 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Magdalena hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1971. Krefst hún þess, að kaupsamningi aðaláfrýjanda Ágústs og Sigurbjörns Eiríkssonar frá 27. júní 1969 um jörðina Stóra Hof verði hrundið, að hún verði sýknuð af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Ágúst, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. október 1971, krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. nóvember 1971. Hann fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti hinn 16. ágúst 1972. Dómkröfur hans eru þessar: Aðallega, að aðaláfrýjendum, en til vara aðaláfrýjanda Ágústi einum, verði dæmt að láta honum „í té afsal fyrir jörðinni Stóra Hofi, Rangárvallahreppi, ásamt húsum öllum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, og gögnum og gæðum, sem henni fylgja, fyrir kr. 2.275.000.00. Greiðsla kaupverðs og aðrir

skilmálar verði í samræmi við kaupsamning, dags. 27. júní 1969, og staðfest verði ákvæði héraðsdóms þar að lútandi." Þá krefst gagnáfrýjandi þess aðallega, að vísað verði frá héraðsdómi gagnsök, sem aðaláfrýjandi Magdalena höfðaði, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum hennar. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Aðaláfrýjandi Magdalena gekk inn í mál það, sem gagnáfrýjandi höfðaði upphaflega gegn eiginmanni hennar, aðaláfrýjanda Ágústi. Er meðalgöngustefnan gefin út 30. desember 1969 og árituð um birtingu af lögmanni gagnáfrýjanda sama dag.

Aðalmálinu og meðalgöngusökinni var vísað frá héraðsdómi hinn 23. júlí 1970. Með héraðsdómsstefnu 15. ágúst 1970 höfðaði síðan gagnáfrýjandi mál á hendur aðaláfrýjendum. Hinn 31. s. m. gagnstefndi aðaláfrýjandi Magdalena í málinu. Gagnsökin var löglega höfðuð, sbr. 2. mgr. 81. gr. og 2. mgr. 100. gr. laga nr. 85/1936. Er því frávísunarkröfu gagnáfrýjanda, hreppsnefndar Rangárvallahrepps, hrundið.

Eins og rakið er í héraðsdómi, gerði aðaláfrýjandi Ágúst kaupsamning við réttargæzlustefnda, Sigurbjörn Eiríksson, um jörðina Stóra Hof í Rángarvallahreppi. Jörðin var ábýlisjörð Ágústs, og við það verður að miða samkvæmt málflutningi, að eign þessi hafi verið hjúskapareign hans. Kaupsamningurinn var dagsettur 27. júní 1969. Eiginkona Ágústs, aðaláfrýjandi Magdalena, hafði ekki lýst sig samþykka samningnum. Daginn eftir afhenti Ágúst oddvita Rangárvallahrepps samninginn og bauð hreppnum, gagnáfrýjanda, að neyta forkaupsréttar. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 40/1948 var samþykkisfrestur 15 dagar. Þetta tilboð var bindandi fyrir aðaláfrýjanda Ágúst. Afturköllun hans hinn 3. júlí 1969 var ekki gild, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1936. Gagnáfrýjandi samþykkti tilboðið síðar sama dag og hefur fullnægt skilyrðum 6. gr. laga nr. 40/1948 um málssókn. Þessi málsástæða

aðaláfrýjanda Ágústs leiðir því eigi til sýknu hans af kröfum gagnáfrýjanda.

Krafa aðaláfrýjanda Magdalenu um sýknu af kröfum gagnáfrýjanda er reist á ákvæðum 20. gr. laga nr. 20/1923. Ekki er í ljóst leitt, að henni hafi verið kunnugt um framangreindan kaupsamning né um kaupréttarboð eiginmanns hennar til gagnáfrýjanda fyrr en 3. júlí 1969, en þá hafði hún strax uppi mótmæli. Fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda gat ekki dulizt, að hún var gift aðaláfrýjanda Ágústi.

Samkvæmt skýrslu aðaláfrýjanda Magdalenu fyrir dómi hinn 14. febrúar 1970 leitaði hún sér lækninga í Reykjavík hinn 10. nóvember 1968. Kveðst hún hafa „dvalizt í Reykjavík að mestu leyti síðan, en oft farið heim að Stóra Hofi um helgar". Hún kveðst ekki hafa breytt til um lögheimili sitt, er sé og hafi verið að Stóra Hofi. Fær sú skýrsla stoð í gögnum um skráningu lögheimilis hennar á Þjóðskrá. Greindri skýrslu aðaláfrýjanda Magdalenu er ekki hnekkt í málinu. Samkvæmt gögnum máls bjó aðaláfrýjandi Ágúst ásamt nafngreindum börnum þeirra hjóna á Stóra Hofi, þegar kaupsamningur um jörðina var gerður hinn 27. júní 1969.

Þegar gögn máls eru virt, þau sem að framan eru rakin, verður eigi talið, að aðaláfrýjandi Magdalena hafi brugðið búsetu sinni á jörðinni, og gagnáfrýjanda, hreppsnefnd Rangárvallahrepps, var ekki rétt að telja, að fjölskyldan byggi þar eigi, þegar hún ályktaði hinn 3. júlí 1969 að neyta forkaupsréttar síns. Aðaláfrýjandi Magdalena lýsti viðstöðulaust andstöðu sinni gegn sölu jarðarinnar og setti fram dómkröfur um ógildi kaupsamnings 27. júní 1969 með stefnu í meðalgöngusök í fyrra málinu, sem ekki er vefengt, að áritað hafi verið um birtingu af lögmanni gagnáfrýjanda hinn 30. desember 1969. Sökin var löglega höfðuð miðað við það tímamark, sbr. 50. gr., 2. mgr. 81. gr. og 2. mgr. 100. gr. laga nr. 85/1936. Gagnsök í síðara málinu var höfðuð án ástæðulausrar tafar. Hefur málshöfðunarákvæðum 20. gr. laga nr. 20/1923 því verið fullnægt. Svo sem mál þetta horfði við gagnáfrýjanda, stendur synjun aðaláfrýjanda

Magdalenu á samþykki við kaupsamninginn og kaupréttarboðið því í vegi, að aðaláfrýjanda Ágústi verði dæmt skylt að afsala gagnáfrýjanda jörðinni Stóra Hofi.

Krafa gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Magdalenu um, að hún afsali framangreindri jörð til gagnáfrýjanda, fær ekki staðizt, með því að jörðin er ekki eign hennar, sbr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Aðaláfrýjandi Magdalena hefur gert þá kröfu, að framangreidum kaupsamningi frá 27. júní 1969 verði hrundið. Aðiljum þess samnings hefur einungis verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Kemur því þessi krafa eigi til álita.

Úrslit málsins verða samkvæmt framansögðu þau, að sýkna ber aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda Magdalenu upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 50.000.00, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, kr. 60.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari gætti eigi ákvæða 41. gr. laga nr. 85/ um þingvotta.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Magdalena Guðmundsson og Ágúst Guðmundsson, eiga að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, hreppsnefndar Rangárvallahrepps f. h. hreppsins, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda Magdalenu Guðmundsson í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 50.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Laun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 10. ágúst 1971:

Mál þetta, sem dómtekið var laugardaginn 26. júnímánaðar 1971, er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með stefnu útgefinni af Jóni Þorgilssyni, oddvita Rangárvallahrepps, Hellu, fyrir hönd hreppsnefndar Rangárvallahrepps gegn Ágústi Guðmundssyni, Stóra Hofi, Rangárvallahreppi, og Magdalenu Guðmundsson, Hávallagötu 48, Reykjavík. Í stefnu eru kröfur þessar gerðar: *Aðallega*, að hin stefndu, Ágúst Guðmundsson og Magdalena Guðmundsson, en *til vara* Ágút Guðmundsson einn verði dæmd/dæmdur til þess að láta í té afsal fyrir jörðinni Stóra Hofi í Rangárvallahreppi ásamt húsum öllum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, svo og gögnum og gæðum, sem henni fylgja, *aðallega* fyrir rétta raunverulega kaupfjárhæð, eins og hún er tiltekin við kaupsamningsgerðina 27. júní 1969, eða *til vara* fyrir tiltölulegan hluta af heildarverði samkvæmt kaupsamningnum, sem þar er ákveðið kr. 3.024.000.00, er fari þá eftir mati dómkvaddra matsmanna, sem látið verður fara fram undir rekstri málsins og áður en málið er endanlega tekið til dóms. Greiðsla kaupverðs og aðrir skilmálar verði í samræmi við kaupsamninginn, *aðallega* þannig, að stefnandi taki að sér áhvílandi skuldir á jörðinni undir starfliðum a til f, stefnandi afhendi seljanda (stefndu/stefnda) veðskuldabréf til 10 ára, sem beri 8% ársvexti frá afsalsdegi og sé tryggt með fasteignaveði í hinni seldu jörð eða fasteign, sem seljandi (stefndu/stefndi) tekur gilda, fyrir allt að kr. 500.000.00 eða hlutfallslega lægri fjárhæð miðað við hluta jarðarverðsins af heildarverðinu samkvæmt kaupsamningnum og greiði stefnandi mismuninn samkvæmt h og i liðum í peningum við afhendingu afsals, eða til vara, að hinir einstöku liðir kaupverðsins verði nánar ákveðnir af dómaranum, þegar nægar upplýsingar liggja fyrir.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Hin stefndu hafa krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar af hálfu stefnanda að mati dómsins.

Með gagnstefnu, dags. 31. ágúst 1970, höfðaði annað hinna stefndu, Magdalena Guðmundsson, gagnsök á hendur Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni f. h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps svo og til réttargæzlu þeim Inga Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ágústs Guðmundssonar og Sigurbirni Eiríkssyni, Glaumbæ, Reykjavík. Í gagnstefnunni eru þær kröfur

gerðar, að kaupsamningnum frá 27. júní 1969 verði hrundið og að gagnstefnda, hreppsnefnd Rangárvallahrepps, verði gert að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

Í gagnsök krafðist aðalstefnandi (gagnstefndi) aðallega frávísunar gagnsakar, en til vara, að aðalstefnandi yrði sýknaður af gagnkröfu og tildæmdur málskostnaður í báðum tilvikum. Aðalstefndi, Ágúst Guðmundsson, hefur undir rekstri máls tekið undir kröfu gagnstefnanda í gagnsök. Réttargæzlustefndi í gagnsök, Sigurbjörn Eiríksson, hefur hvorki mætt né látið mæta af sinni hendi í dómi.

Bæði í aðalsök og gagnsök var sátta leitað, en árangurslaust.

Krafan um frávísun gagnsakar.

Krafa aðalstefnanda um frávísun gagnsakar var sérlega tekin til málflutnings og úrskurðar.

Kröfu sína um frávísun studdi aðalstefnandi á þennan veg:

1) Í gagnstefnu væri lögmanni aðalstefnanda stefnt fyrir hönd aðalstefnanda sjálfs. Þetta væri andstætt lagareglum og hefði lögmaðurinn ekki slíka aðiljaafstöðu til máls.
2) Þá væri í gagnstefnu stefnt til dómþings í skrifstofu sýslumanns á Hvolsvelli, Hvolhreppi, í stað þess að stefna skyldi í gagnsök þar í þinghá, sem aðalsök væri rekin, þ. e. í Rangárvallahreppi.
3) Loks hafi gagnstefnandi í fyrra aukadómþingsmáli nr. 12/1969, sem var sama efnis sem það mál, sem hér er til meðferðar, en var vísað frá dómi, ekki höfðað mál (meðalgöngusökina) innan 6 mánaða frestsins samkvæmt lögum nr. 20/1923, 20. gr. in fine, og þess vegna hefði hún í gagnsökinni engan rétt framar til íhlutunar um aðalsök.

Þessum málsástæðum mótmælti gagnstefnandi og taldi þær þess eðlis, að ekki gæti frávísun valdið.

Í frávísunarúrskurðinum voru þrjú fyrrgreind atriði tekin til yfirvegunar af dómara og niðurstaðan þessi:

Um 1. Eigi þótti sem lögmanni væri persónulega stefnt. Eins og máli var háttað, sýndist svo náið samband lögmanns við umbjóðanda hans í aðalsök, að andstætt lögum væri ekki að stefna lögmanninum fyrir hönd umbjóðanda í gagnsök. Auk þess hafði lögmaðurinn sjálfur mætt á dómþingi, þá er gagnstefnan var þingfest í aðalsök.

Um 2. Á dómþingi hinn 28. ágúst 1970 var ákveðið og af aðiljum samþykkt að taka aðalsökina næst fyrir í skrifstofu sýslumanns í Hvolhreppi hinn 11. september. Þangað var í gagnsök stefnt. En þegar til kom, var vegna sérstakrar aðstöðu dómarans og jafnframt til hægari verka aðiljum málsins samþykkt utan réttar, að málið skyldi nefndan dag tekið fyrir í húsakynnum Alþingis í Þórshamri í Reykjavík, og var svo gert. Þegar þess var gætt, að í öndverðu var ákveðið um framhaldsmeðferð aðalsakar í skrifstofu sýslumanns, taldist það eigi til málsspjalla, að gagnsök væri þangað stefnt.

Um 3. Þetta málsatriði þótti vera þess eðlis, að það hlyti að koma til meðferðar ásamt öðru efni aðalsakar og gagnsakar.

Að þessu virtu þótti eigi næg ástæða til frávísunar gagnsakar, og féll úrskurður á þá leið, að frávísunarkrafan var eigi tekin til greina.

Málavöxtum lýst.

Hinn 27. júní 1969 gerði aðalstefndi, Ágúst Guðmundsson, kaupsamning við réttargæzlustefnda, Sigurbjörn Eiríksson veitingamann, Álfsnesi, um eignar- og ábýlisjörð aðalstefnda, Stóra Hof í Rangárvallahreppi, ásamt húsum og öðrum mannvirkjum tilheyrandi jörðinni. En auk jarðarinnar fylgdi í samningnum ýmiss konar búpeningur og margvíslegar búvélar og búsáhöld. Umsamið kaupverð var kr. 3.024.000.00, ósundurgreint á milli fasteignarinnar og lausafjárins.

Kaupsamningurinn er svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Ágúst Guðmundsson, bóndi, Stóra Hofi, hér nefndur seljandi, og Sigurbjörn Eiríksson, Álfsnesi, hér nefndur kaupandi, gerum með okkur svofelldan

Kaupsamning:

1. gr. Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa eignar- og ábúðarjörð seljanda, Stóra Hof í Rangárvallahreppi, að fasteignamati kr. ásamt húsum öllum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, og gögnum og gæðum, sem henni fylgja og fylgja ber. Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus.

2. gr. Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa eftirtaldar búvélar og tæki seljanda:

2 dráttarvélar af Fergusongerð, árg. 1954 og 1956, ásamt meðfylgjandi tækjabúnaði.

Eina múgavél af Vicon—Lelly gerð.
Einn áburðardreifara af New Idea gerð.
Einn heybásara (Gnýblásara).
Einn heyvagn.
Eina jeppakerru.
Eitt túnherfi.
Auk þess önnur smáverkfæri eftir samkomulagi.

3. gr. Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa neðantalinn bústofn:

a) allt sauðfé hans, sem er 115—130 ær með lömbum, 6 gemlingar, 5 hrútar.
b) fimmtíu hross.
c) ca. tvöhundruð og fimmtíu hænsni.

4. gr. Heybirgðir, sem til eru, kaupir kaupandi á gangverði, sem eigi er innifalið í samningsfjárhæð.

5. gr. Kælikerfi fyrir mjólk og mjaltavélar fylgir ekki með í kaupum þessum, en kaupandi hefur forgangsrétt að þeim.

6. gr. Kaupverð alls hins selda er umsamið kr. 3.024.000.00 — þrjár milljónir tuttugu og fjögur þúsund 00/100 — sem kaupandi lofar að greiða þannig:

a)	Tekur að sér að greiða veðskuld við Búnaðarbanka Íslands að fjárhæð	kr.	322.751.00
b)	Tekur að sér að greiða veðskuld við Kaupfélag Rangæinga að fjárhæð	—	255.000.00
c)	Tekur að sér að greiða víxilskuld við Kaupfélag Rangæinga að fjárhæð	—	116.427.65
d)	Tekur að sér að greiða skuld við Landsbanka Íslands, Selfossi, að fjárhæð	—	308.000.00
e)	Tekur að sér að greiða skuld við Kaupfél. Þór á Hellu að fjárhæð	—	100.000.00
f)	Tekur að sér að greiða skuld við Búnaðarbanka Íslands, Hellu, að fjárhæð	—	306.000.00
g)	Afhendir seljanda veðskuldabréf til 10 ára, sem ber 8% ársvexti. Skal það tryggt með fasteignaveði, annað hvort í hinni seldu jörð eða í fasteign, sem seljandi metur gilda tryggingu.	—	500.000.00
h)	Greiðir í peningum, um leið og samningur þessi tekur gildi	—	200.000.00
i)	Greiðir eftirstöðvar kaupverðsins, þegar seljandi þarf á peningum að halda til að		

standa straum af fyrirhuguðum íbúðarkaupum sínum í Reykjavík, en þó eigi síðar en fyrir n. k. áramót í peningum kr. 915.811.35

kr. 3.024.000.00

Aðiljar taka fram, að tölur skv. ofangreindum liðum a—i séu ekki nákvæmar og geti breytzt til hækkunar eða lækkunar, er nákvæmar upplýsingar liggja fyrir. Tölur samkv. g og h liðum standa þó óbreyttar.

7. gr. Kaupandi tekur við hrossum þeim, er um getur í 3. gr., strax og samningur þessi tekur gildi. Hefur hann frá þeim tíma arð þeirra og áhættu. Við sauðfé tekur kaupandi n. k. haust við fjallskil. Seljandi hefur arð og áhættu af hænsnum til 15. nóvember n. k.

8. gr. Samkomulag er um, að kaupandi eigi forkaupsrétt að nautgripum seljanda, ef til kemur með sölu á þeim.

9. gr. Seljandi áskilur sér forkaupsrétt að jörðinni, ef til sölu hennar kemur.

10. gr. Kaupandi hefur kynnt sér ástand hins selda og sættir sig við það.

11. gr. Afsal fari fram 15. nóvember n. k., enda hafi samningsaðilar uppfyllt ákvæði kaupsamnings þessa.

12. gr. Samningur þessi tekur gildi, þegar seljandi hefur lagt fram yfirlýsingu hreppsnefndar Rangárvallahrepps um höfnun forkaupsréttar.

Til staðfestu rita seljandi og kaupandi hér nöfn sín undir í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 27. júní 1969.
Sigurbjörn Eiríksson
Ágúst Guðmundsson

Vottar:
Magnús Leopoldsson
Grímur M. Steindórsson."

Á kaupsamning þennan hafði gagnstefnandi, Magdalena Guðmundsson, eiginkona aðalstefnda, ekki ritað til samþykkis.

Daginn eftir að gengið var frá kaupsamningnum, þ. e. 28. júní, afhenti aðalstefndi oddvita Rangárvallahrepps samninginn og fór þess á leit, að aðalstefnandi tæki ákvörðun um það, hvort aðalstefnandi neytti forkaupsréttar. Hinn 1. júlí var hrepps-

nefndarfundur haldinn um málið, en ákvörðun frestað. Boðað var til annars fundar hinn 3. júlí og þar einróma samþykkt að neyta forkaupsréttar og enn fremur að ganga inn í samninginn að öllu leyti. En áður en hreppsnefndarfundur þessi var haldinn, en sama daginn, hafði aðalstefndi átt tal við oddvitann og þá látið svo ummælt, að hann væri hættur við að selja.

Að loknum síðari fundinum sendi oddviti aðalstefnda bréf, dags. 3. júlí og birt aðalstefnda með stefnuvottum hinn 7. júlí. Bréf þetta er á dskj 5, og er efni þess svo hljóðandi:

„Hellu, 3. júlí 1969.

Þú hefur afhent oddvita hreppsins kaupsamning, dags. 27. júní 1969, milli þín sem seljanda og Sigurbjörns Eiríkssonar, Álfsnesi, sem kaupanda að jörðinni Stóra Hofi ásamt búvélum, tækjum, áhöldum og áhöfn, eftir því sem nánar er tilgreint í kaupsamningnum. Jafnframt hefur þú boðið hreppsnefnd Rangárvallahrepps forkaupsrétt að hinum seldu eignum.

Hreppsnefndin hefur á fundi sínum í dag samþykkt að nota forkaupsrétt sinn samkvæmt lögum og kaupa jörðina Stóra Hof ásamt lausafé og áhöfn, eins og það er tilgreint í áðurgreindum kaupsamningi, fyrir það verð og með þeim skilmálum, sem í kaupsamningnum greinir.

Erum við reiðubúnir að ganga strax frá öllum formsatriðum varðandi kaup þessi.

Virðingarfyllst,
f. h. hreppsnefndar
Rangárvallahrepps
oddviti Rangárvallahrepps
Jón Þorgilsson.

Herra bóndi
Ágúst Guðmundsson,
Stóra Hofi."

Hinn 4. júlí sendi aðalstefndi símskeyti til oddvitans, sem meðtók það 5. júlí. Skeytið var á þessa leið: „Er að svo stöddu hættur við sölu á jörð minni Stóra Hofi."

Þennan sama dag hafði aðalstefndi farið til Reykjavíkur, hitt gagnstefnanda að máli og tjáð henni um kaupsamninginn. Hafði hún mótmælti sölunni, talið kaupverðið of lágt og ekki verið haft samráð við sig.

Gagnstefnandi telur sig fyrst hafa vitað um samningsgerð-

ina 3. júlí, sem hún vildi ekki við una og væri í blóra við þann rétt, sem hún hafði til riftingar kaupsamningnum samkvæmt 20. og 21. gr. laga nr. 20/1923.

Hinn 9. júlí tilkynnti lögmaður aðalstefnanda aðalstefnda m. a., að aðalstefnandi mundi leita aðstoðar dómstóla í því skyni að fá forkaupsrétti sínum fullnægt. Jafnframt var óskað svars við þessari orðsendingu.

Leið svo nokkur tími.

Næst skeður svo það, að þau hjónin, gagnstefnandi og aðal stefndi, ganga frá byggingarbréfi fyrir jörðinni Stóra Hofi til réttargæzlustefnda, Sigurbjörns Eiríkssonar. Byggingarbréfið er dags. 23. ágúst 1969. Jörðin byggð frá undirskriftardegi, og skyldi ábúandinn taka við jörðinni þegar í stað. Jarðarafgjaldið ákveðið kr. 50.000.00 á ári, en það skyldi endurskoðast á 3ja ára fresti. Að öðru leyti færu réttindi og skyldur ábúðar samningsaðilja eftir lögum nr. 36/1961.

Í dómi hefur verið lagt fram vottorð hreppstjóra Rangárvallahrepps, dags. 17. janúar 1970. Þar segir m. a., að Sigurbjörn Eiríksson sé skráður ábúandi jarðarinnar Stóra Hofs fardagaárið 1969—1970, en aðalstefndi sé síðast skráður ábúandi jarðarinnar fardagaárið 1968—1969.

Með stefnu, útgefinni 5. október 1969, til aukadómþings Rangárvallasýslu höfðaði aðalstefnandi svo mál á hendur aðalstefnda til fullnægingar á meintum forkaupsrétti að jörðinni Stóra Hofi (aukadómþingsmál nr. 12/1969). Í það mál gekk gagnstefnandi með meðalgöngustefnu, dags. 30. desember 1969, og krafðist ógildingar á kaupsamningnum. Þessu máli í heild var vísað frá dómi vegna óljósrar kröfugerðar aðalstefnanda í aðalsök. Frávísunardómurinn gekk 23. júlí 1970, og var honum eigi skotið til æðra dóms.

Aðalstefnandi telur sig hafa öðlazt forkaupsrétt að jarðeigninni ásamt tilheyrandi húsum og öðrum mannvirkjum þegar í stað, þegar aðalstefndi afhenti oddvita hreppsins kaupsamninginn. Hreppsnefndarfundur hafi með löglegum hætti einróma samþykkt að neyta forkaupsréttar og enn fremur að ganga inn í samninginn að öllu leyti. Yfirlýsing aðalstefnda um það, að hann væri hættur við að selja „að svo stöddu", haggaði í engu rétti aðalstefnanda samkvæmt lögum um kauprétt nr. 40/1948. Þessi löggjöf sé sérstaks efnis og taki 7. gr. laga nr. 7/1936 um afturköllun tiboðs ekki til þess.

Þá hafi kaupsamningurinn verið gerður með þeim hætti og

við þær aðstæður, að aðalstefnandi hafi eigi betur vitað en kaupsamningurinn væri endanlegur og í hvívetna að lögum farið um hann.

Enga þýðingu hafi það, þó að gagnstefnandi hafi síðar mótmælt samningnum og ekki viljað við hann una, að því er heildarkaupverð hans snerti, en um það eitt hafi gagnstefnandi vitað án nánari sundurgreiningar. Áður hafi gagnstefnanda verið kunnugt, að réttargæzlustefndi, Sigurbjörn Eiríksson, vildi kaupa jörðina. Enn fremur hafi gagnstefndi fylgzt með ítrekuðum sölutilraunum aðalstefnda. Einnig hafi gagnstefnandi vitað um hrakandi heilsufar aðalstefnda og vilja hans til að bregða búi af þeirri sök. Sjálf hafi gagnstefnandi búið við heilsubrest svo mjög, að henni hafi ekki verið auðið að sinna búskap að Stóra Hofi um langt skeið, enda hafi hún sakir þess flutzt til Reykjavíkur á árinu 1968 og ekki tekið meir þátt í búrekstrinum.

Af þessu hafi gagnstefnandi því engan veginn átt þess kost að koma í veg fyrir, að aðalstefndi brygði búi og seldi m. a. jörðina í því skyni fyrir eðlilegt verð.

Þá telur aðalstefnandi, að byggingarbréfið frá 23. ágúst til réttargæzlustefnda, Sigurbjörns Eiríkssonar, og gagnstefnandi samþykkti fyrir sitt leyti, eftir að ljóst var, að aðalstefnandi var ákveðinn að leita forkaupsréttar síns fyrir dómstólum, sýni gleggst, að brugðið skyldi búskap þeirra hjónanna. Hafi þannig einungis verið um undanbrögð að ræða gagnvart aðalstefnanda.

Allar þessar ástæður út af fyrir sig útiloki með öllu rétt gagnstefnanda til ógildingar kaupsamningnum.

Auk þessa hafi gagnstefnandi, þó að allar nauðsynlegar forsendur hefðu að öðru leyti verið til staðar til ógildingar samningnum samkvæmt 20. gr. laga nr. 20/1923, firrt sig slíkum rétti sakir þess, að gagnstefnandi hafi ekki höfðað mál innan tilskilins tíma (þ. e. 6 mánaða) með meðalgöngustefnunni 30. desember 1969 í hinu fyrra aukadómsmáli. Til þess að um gilda málshöfðun hefði verið að ræða, hefði þurft dómstefnu og birtingu hennar með stefnuvottum fyrir aðalstefnanda. En meðalgöngustefnan hafi verið utandómsstefna og lögmaður hafi aðeins ritað á hana á útgáfudeginum: „Mér nægilega birt", sem aðeins þýddi, að mætt yrði á dómþingi hinn 9. janúar 1970 óstefnt. Þingfesting meðalgöngusakar hafi þannig átt sér stað, eftir að frestur rann út. Þá hafi meðalgöngustefnunni verið áfátt um tvö önnur atriði, þau hin sömu, sem getur í úrskurði aukadómþings Rangárvallasýslu 15. marz 1971 og gagnstefnu í þessu máli varðaði.

Loks telur aðalstefnandi, að aðalstefndi hafi brugðizt skyldu sinni samkvæmt kaupréttarlögum að upplýsa um jarðarverðið út af fyrir sig í kaupsamningnum þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Hafi aðalstefnandi því orðið að krefjast sérstaks mats dómkvaddra manna um jarðarverðið. Þetta mat hafi svo farið fram og verð jarðarinnar ásamt tilheyrandi metið kr. 2.275.000.00. Þessu matsverði hafi ekki verið mótmælt með rökum sem óeðlilegu eða fjarri sanni, en þyki aðalstefnda á sig hallað, verði hann að bera áhættu af því.

Aðalstefndi telur, að strax er hann hafi tilkynnt oddvita um afturköllun sína á sölu jarðarinnar, hafi aðalstefnandi misst forkaupsréttar síns. Samkvæmt reglum laga um samninga o. fl. hafi verið um gilda afturköllun á tilboði að ræða.

Þá hafi kaupsamningurinn ógildur verið fyrir sakir samþykkisskorts gagnstefnanda. Viðsemjandi aðalstefnda, þ. e. réttargæzlustefndi, hafi þannig engan rétt öðlazt við samningsgerðina og aðalstefnandi ekki frekar öðlazt forkaupsrétt.

Gagnstefnandi kveðst hafa fyrst komizt að því 3. júlí 1969, að aðalstefndi hefði gert kaupsamninginn við réttargæzlustefnda Sigurbjörn Eiríksson. Kaupsamninginn hafi aðalstefndi gert á bak við sig og í blóra við rétt gagnstefnanda samkvæmt lögum nr. 20/1923, 20. og 21. gr. Þá þegar hafi gagnstefnandi mótmælt samningnum og krafizt riftingar hans. Á það hafi bæði aðalstefndi og réttargæzlustefndi þegar fallizt. Kaupsamningurinn sé því ógildur gagnvart réttargæzlustefnda og jafnframt gagnvart aðalstefnanda.

Þegar til hins fyrra aukadómþingsmáls hafi komið, hafi gagnstefnandi höfðað meðalgöngusök til riftingar samningnum með meðalgöngustefnu, útgefinni 30. desember 1969 og birtri fyrir lögmanni aðalstefnanda þann sama dag, sem lögmaðurinn ritaði á stefnuna viðurkennigu sína á birtingunni. Þessi birting hafi verið innan tilskilins frests samkvæmt nefndum lögum að öllu leyti lögleg og hæf að sínu leyti til ógildingar samningnum. Utandómsstefna hafi hið sama gildi sem dómstefna, áritunar dómara ekki þörf, þegar dómþing er ákveðið fyrirfram, eins og var í þessu falli. Aðalsök skyldi tekin fyrir 9. janúar 1970 og meðalgöngusök stefnt til þinghalds. Utandómsstefnur séu mjög algengar og megi nánast teljast nú orðið aðalreglan.

Þá sé það venjulegt, að lögmenn áriti utandómsstefnur f. h. umbjóðenda sinna og talið binandi um mót á dómþingi og með öllum lögfylgjum að öðru leyti sem með stefnuvottum væri.

Hafi gagnstefnandi því höfðað meðalgöngusök með lögfullum hætti, áður en frestur rann út.

Þá hafi það engu breytt, þó að aðalsök í hinu fyrra aukadómþingsmáli hafi verið vísað frá dómi og meðalgöngusökin sjálfkrafa fylgt með.

Gagnstefnandi hafi því haldið sínum riftingarrétti og svo sé enn og þess vegna til gagnsakar efnt.

Um annað efni máls hefur gagnstefnandi tjáð sig þannig:

Aðalstefndi hafi afturkallað kauptilboðið nægilega tímanlega og því ekki bundinn við það. Þá sé það rangt, að aðalstefndi hafi ætlað sér að bregða búi, enda hafi nautgripir, kælikerfi fyrir mjólk og mjaltavélar verið undanskilið í kaupsamningnum. Gagnstefnandi hafi ekki flutzt frá Stóra Hofi og þau hjónin búi þar sem áður.

Gagnstefnandi taldi, að miðað við brunabótaverð húseigna á jörðinni væri jörðin án húsa nánast einskis virði metin. Slíkt hafði gagnstefnandi ekki getað samþykkt. Hins vegar kveðst gagnstefnandi ekki hafa gert sér grein fyrir eða kunna skil á sundurliðun heildarkaupverðs samkvæmt kaupsamningnum.

Byggingarbréfið kveður gagnstefnandi sig hafa samþykkt af hreinni vanþekkingu. Það hafi verið afturkallað, enda hafi réttargæzlustefndi aldrei á jörðina flutzt.

Þykir rétt að athuga fyrst um ágreininginn um höfðun meðalgöngusakarinnar af hálfu gagnstefnanda, sbr. dskj. 30, en um hann snerist málflutningurinn allmjög.

Í meðalgöngustefnunni var lögmanni aðalstefnanda stefnt fyrir hönd aðalstefnanda. Í öðru lagi var stefnt til dómþings í annarri þinghá en þeirri, sem aðalsök var rekin í, og í þriðja lagi var meðalgöngustefnan utandómsstefna og einungis birt lögmanninum án stefnuvotta.

Í frávísunarúrskurðinum frá 15. marz 1971 var, eins og áður greinir, komizt að þeirri niðurstöðu, að hin tvö fyrri atriði væru eigi þess eðlis, að til málsspjalla horfði.

Þá kemur til athugunar, hvort utandómsstefna hafi sama gildi sem dómstefna, sbr. 103. gr. einkamálalaga frá 1936. Alkunna er, að utandómsstefnur eru mjög tíðkaðar. Í 87. gr. nefndra laga er gert ráð fyrir utandómsstefnum, en þá tilskilið, að áður hafi verið ákveðið um stund og stað, er málið skuli þingfest. Í 103. gr. segir, að mál teljist höfðað, þegar sáttakæra, þar sem mál er lagt fyrir sáttamenn, hefur verið birt, en að öðrum kosti, þegar dómstefna hefur verið birt eða verjandi mætir óstefndur.

Það er álit dómarans, að hér sé með orðinu dómstefna átt við stefnu til dómþings til aðgreiningar frá stefnu (kæru) til sáttanefndar. Utandómsstefna, sem fullnægir 87. gr. einkamálalaga, hljóti því að hafa gildi sem dómstefna samkvæmt 103. gr. einkamálalaga.

Meðalgöngustefnan var birt lögmanni aðalstefnanda 30. desember 1969 og með þeim hætti, að lögmaðurinn undirritaði svofellda yfirlýsingu: „Mér nægilega birt." Álíta verður, að slík stefnubirting vegna langvinnrar venju sé jafngild því sem með stefnuvottum væri og með sömu lögfylgjum. Meðalgöngustefnan verður því að teljast hafa verið að lögum og um málshöfðun hafi verið að ræða innan 6 mánaða frestsins, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Er þessu næst að kveða á um það, hvort gagnstefnandi hafi haft rétt til riftingar kaupsamningsins, sbr. 20. gr. áðurnefndra laga, og þannig getað notfært sér ákvæði greinarinnar til riftingar máls.

Aðalstefndi hefur um nokkurra ára skeið ætlað sér að bregða búi og reynt ítrekað að selja umrædda jörð. Auglýst jörðina til sölu, en samningar ekki tekizt. Um árabil hefur aðalstefndi búið við vanheilsu og væntanlega m. a. af þeirri sök haft hug á að selja og láta af búskap. Um sölutilraunir aðalstefnda og veikindi var gagnstefnanda kunnugt. Sjálf hafði gagnstefnandi flutzt frá Stóra Hofi til Reykjavíkur á árinu 1968 sér að öðrum þræði til lækningar og svo til nokkurra starfa jafnframt. Hefur gagnstefnandi búið þar síðan. Þannig hefur gagnstefnandi hætt búrekstri fyrir löngu af sinni hálfu.

Útgáfa byggingarbréfsins frá 23. ágúst og samþykkt gagnstefnanda á þeirri meðferð jarðar og búseigna sýnist benda mjög til þess, að losa skyldi um jörðina og búskapinn.

Höfuðástæða gagnstefnanda fyrir mótmælum sínum gegn kaupsamningnum sýnist vera sú, að henni hafi þótt kaupverðið of lágt. Hins vegar hefur gagnstefnandi ekki gert sér grein fyrir sundurgreiningu jarðarverðs og lausafjárins. Gagnstefnandi hefur borið fyrir sig brunabótamat húseignanna og miðað við það sé jörðin nánast seld fyrir ekki neitt. Að því er þetta atriði varðar, þykir engan veginn eðlilegt að hafa slíka viðmiðun uppi. Söluverð húseigna hlýtur mjög að vera háð byggingaraldri húsa, ásigkomulagi þeirra og viðhaldi, en um þau efni eru engar upplýsingar.

Það verður ekki álitið, að heildarkaupverð samkvæmt kaup-

samningnum, eftir því sem fram hefur komið í málinu, sé svo lágt, að um skör fram sé.

Af framansögðu verður að telja, að gagnstefnandi hafi eigi, eins og máli háttar, rétt til riftingar kaupsamningnum. Hafi aðalstefndi þannig haft óskoraðan rétt til þess að gera samninginn án samþykkis gagnstefnda.

Þessu næst skal vikið að forkaupsréttarhlið málsins.

Í lögum um kauprétt nr. 40/1948 segir m. a., að sveitarstjórn skuli hafa forkaupsrétt að þeim jörðum, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign. Sérstök ákvæði eru um forkaupsrétt leiguliða, sem hér skipta ekki máli, og einnig undantekningar, sem hér varða eigi heldur.

Hinn 28. júní 1969 fékk aðalstefndi kaupsamninginn fullgerðan í hendur oddvita Rangárvallahrepps í því skyni, að aðalstefnandi tæki ákvörðun um, hvort aðalstefnandi ætlaði að neyta forkaupsréttar síns.

Skömmu síðar var samþykkt einróma á hreppsnefndarfundi að neyta forkaupsréttar að jörðinni og enn fremur að ganga inn í kaupsamninginn í heild, enda ekki greitt um vik að taka jörðina út úr eina saman, þar eð heildarkaupverð var ósundurgreint og svo hitt, að ætla má, að aðalstefnandi hafi talið aðalstefnda hentara, að aðalstefnandi tæki við öllu hinu, sem selt skyldi. En hinn sama dag, 3. júlí 1969, sem aðalstefnandi hafði gengið frá samþykkt sinni, en nokkru fyrir hreppsnefndarfundinn, hafði aðalstefndi haft orð á því við oddvita, að aðalstefndi væri hættur við söluna. Hinn 5. júlí fékk svo aðalstefnandi símskeyti frá aðalstefnda, þar sem segir, að aðalstefndi sé hættur við söluna „að svo stöddu."

Eigi verður eðli og tilgangur kaupréttarlaganna skilið öðru vísi en svo, að strax við afhendingu kaupsamnings eða afsals til forkaupsréttarhafa stofnist forkaupsréttur og haldizt, unz forkaupsréttarhafi hefur tekið ákvörðun um, hvort hann neyti réttarins eða ekki. Því hefur aðalstefnandi fengið rétt til þess að ganga inn í kaupsamninginn, að því er jörðina snertir þegar hinn 28. júní 1969. Á því leikur ekki vafi, að þó að jörðin sé í kaupsamningnum með öðrum eignum seld í einu lagi, þá haldist forkaupsrétturinn. Afturköllun aðalstefnda síðar um, að hann sé hættur við sölu í bili, hefur ekkert gildi að lögum. Kaupréttarlöggjöfin er sérlög um tiltekið efni, sem þykir hafa alveg sérstakt þjóðhagslegt gildi fram yfir sem almennt er um sölu ann-

arra fasteigna. Þess vegna verður ekki álitið, að 7. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð o. fl. geti átt hér við.

Forkaupsréttur aðalstefnanda, sem hann hefur samþykkt að notfæra sér, er að áliti dómarans skýlaus.

Þegar fjallað er um forkaupsrétt, hlýtur kaupverð að vera eitt höfuðatriða og skýrt sé markað í kaupsamningi eða fyllstu upplýsingar um það gefnar af hendi seljanda. En í máli þessu háttar svo, að aðalstefnanda hefur ekki tekizt að fá úr því skorið, hvert raunverulegt kaupverð jarðarinnar ásamt öllu henni tilheyrandi var ákveðið í kaupsamningnum. Aðalstefndi hefur ekki talið sig geta sagt til um það og eigi heldur aðrir, sem málið snertir. Það eina, sem aðalstefndi hefur treyst sér að segja um þetta, er, að jörðin sjálf hafi verið allhátt metin, enda sumt af lausafénu nokkuð úr sér gengið. Hins vegar hefur aðalstefndi samþykkt fyrir sitt leyti, að mat færi fram til ákvörðunar um kaupverð jarðeignarinnar í kaupsamningnum. Af þessari sök hefur aðalstefnandi óskað undir málsrekstri, að dómkvaddir menn væru látnir meta kaupverð jarðarinnar miðað við heildarverð í kaupsamningnum. Það mat var framkvæmt og ákveðið alls kr. 2.275.000.00.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki hjá því komizt að skylda aðalstefnda til þess að gefa út afsal til handa aðalstefnanda fyrir jörðinni Stóra Hofi í Rangárvallahreppi ásamt með húsum öllum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, og gögnum öllum og gæðum, sem henni fylgja og fylgja ber, fyrir kr. 2.275.000.00. Um greiðsluskilmála skal fara að tiltölu við það, sem segir í 6. gr. kaupsamningsins á dskj. 3. Hinar ónákvæmu fjárhæðir í þessari grein svo og óvís staða skulda aðalstefnda, þegar til útgáfu afsals kemur, á ekki að valda því, að um óskýrleika í dómsniðurstöðu ræði, þar eð jarðarverðið sjálft er ákveðið.

Eftir eðli málsins hljóta fasteignaveðlánin að fylgja óskipt jörðinni, en aðrar skuldir fara eftir stöðu þeirra á afsalsdegi og að tiltölu falla til greiðslu jarðarverðs miðað við heildarverð í samningnum. Fjárhæð skuldabréfs fylgi að tiltölu einnig. Nánar ákveðast greiðsluskilmálarnir þannig: Aðalstefnandi taki að sér sem eigin skuldir fasteignaveðlánin, eins og þau verða á afsalsdegi, sbr. stafliði a og b í kaupsamningi. Skuldir þær, sem um getur í stafliðum c, d, e og f, taki aðalstefnandi að sér að greiða, eins og þær verða á afsalsdegi og hlutfallslega við heildarverðið í kaupsamningnum. Ákvæðið um skuldabréfsfjár-

hæð í staflið g breytist í sama hlutfalli. En síðan greiði aðalstefnandi aðalstefnda, sbr. stafliði h og i, eftirstöðvar jarðarverðsins í peningum til aðalstefnda við afhendingu afsals.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Ágúst Guðmundsson, skal afsala til aðalstefnanda, hreppsnefndar Rangárvallahrepps, jörðinni Stóra Hofi í Rangárvallahreppi ásamt með húsum öllum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, og gögnum og gæðum, sem henni fylgja og fylgja ber, fyrir kr. 2.275.000.00.

Greiðsluskilmálar eru þessir, sbr. 6. gr. kaupsamnings á dskj. 3:

Aðalstefnandi taki til sín veðskuldir, sbr. stafliði a og b, eins og þær verða á afsalsdegi.

Enn fremur greiði aðalstefnandi skuldir, sbr. stafliði c, d, e og f, eins og þær verða á afsalsdegi, að fjárhæð að tiltölu við heildarsamningsverð. Skuldabréfsfjárhæð, sbr. staflið g, skal vera að sömu tiltölu. Þá greiði aðalstefnandi aðalstefnda, sbr. stafliði h og i, eftirstöðvar jarðarverðsins í peningum við afhendingu afsalsbréfs.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. desember 1972.

Nr. 113/1971: **Sverrir H. Magnússon**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands og
Seðlabanka Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Skaðabótamál. Sýkna. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 9. ágúst 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Gerir hann þessar dómkröfur:

1. „Að ákvæði héraðsdómsins verði staðfest að öðru leyti en því, er varðar miska- og skaðabótakröfuna og fjárhæð málskostnaðar."
2. „Að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til þess að greiða" honum „U. S. $ 15.000.00 í skaða- og miskabætur eða jafnvirði þessarar fjárhæðar í íslenzkum krónum auk 7% ársvaxta frá 16. febrúar 1968 til greiðsludags."
3. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar óskipt úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 13. ágúst 1971. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur rituðu lögmanni aðaláfrýjanda hinn 11. júní 1968 bréf það, sem tekið er upp í héraðsdómi, en samkvæmt því voru forsendur þær, sem upphaflega lágu til grundvallar kröfu þeirra um, að aðaláfrýjandi viki úr framkvæmdastjórastarfi fyrir Iceland Products Inc. „ekki leng-

ur fyrir hendi". Gagnáfrýjendur neituðu að hlutast til um, að yfirlýsing þessi birtist í fjölmiðlum með sama hætti og fréttatilkynning þeirra frá 15. febrúar 1968. Þessi synjun gagnáfrýjenda var ekki á rökum reist. Fréttatilkynning gagnáfrýjenda frá 11. febrúar 1969 þykir ekki heldur jafnafdráttarlaus varðandi starf aðaláfrýjanda og efni yfirlýsingar þeirra frá 15. febrúar 1968 veitti tilefni til. Aðaláfrýjandi hafði því fulla ástæðu til að höfða mál þetta á hendur gagnáfrýjendum, svo sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber úrlausn hins áfrýjaða dóms um sýknu af miska- og bótakröfum aðaláfrýjanda.

Rétt þykir að dæma gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 220.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Landsbanki Íslands og Seðlabanki Íslands, eiga að vera sýknir af miska- og bótakröfum aðaláfrýjanda, Sverris H. Magnússonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 220.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur Sverrir H. Magnússon, 93 Greenwood Circle, Wormleysburg, Pa., U.S.A., höfðað á hendur stjórn Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands með stefnu, birtri 6. janúar 1969.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði með dómi skyldaðir til að birta sameiginlega í öllum dagblöðum í Reykjavík og Ríkisútvarpinu, að viðlögðum 100 $ dagsektum, er renni til stefnanda, niðurstöður rannsóknar þeirrar, er stefndu kröfðust, að fram færi hjá sjávarafurðardeild S. Í. S. og dótturfyrirtæki þess í Bandaríkjunum, Iceland Products Inc., samkvæmt fréttatilkynningu frá stefndu, sem birt var í framangreindum fjölmiðlunartækjum í febrúarmánuði 1968. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði á sama hátt og að framan greinir,

skyldaðir til þess að birta yfirlýsingu um, að rannsókn sú, er stefndu létu fram fara hjá Iceland Products Inc., hafi leitt í ljós, að ekki voru fyrir hendi forsendur til þess, að stefnandi viki úr starfi sem framkvæmdastjóri Iceland Products Inc., eins og stefndu höfðu krafizt.

Þá er þess og krafizt, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda U. S. $ 15.000 í skaða- og miskabætur eða aðra sambærilega fjárhæð í íslenzkum krónum ásamt 7% ársvöxtum frá 16. febrúar 1968 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Réttarkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum stefnukröfunum og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Í máli þessu hefur viðskiptamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verið stefnt til réttargæzlu.

Málavextir eru þessir:

Með ráðningarsamningi, gerðum í Harrisborg, Pa., hinn 23. apríl 1963, var stefnandi gerður að framkvæmdastjóra dótturfyrirtækis S. Í. S. í Bandaríkjunum, Iceland Products Inc., frá og með 1. júní 1963. Áður hafði stefnandi unnið sem sölumaður í þessu fyrirtæki. Undir ráðningarsamning þennan ritar auk stefnanda Erlendur Einarsson f. h. Sambands íslenzkra samvinnufélaga.

Um stjórn fyrirtækis þessa kveðst stefnandi ætíð hafa haft full samráð við stjórnarformann þess, Erlend Einarsson, sem jafnframt er forstjóri S. Í. S.

Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur um árabil verið annar stærsti útflytjandinn á hraðfrystum sjávarafurðum Íslendinga til Bandaríkjanna. Síðari hluta ársins 1966 og framan af árinu 1967 varð mikið verðfall á þessum afurðum í Bandaríkjunum. Stjórnarformanni Iceland Products Inc., Erlendi Einarssyni, og bankastjórum hinna stefndu banka var kunnugt um þetta verðfall. Í skýrslu sinni hér fyrir réttinum hefur stefnandi borið, að mánaðarlegar skýrslur um stöðu Iceland Products Inc. hafi verið sendar reglulega til S. Í. S. svo og frá sjávarafurðadeild S. Í. S. til bankanna. Þessar skýrslur hafi sýnt greinilega birgðir og útistandandi skuldir hjá viðskiptavinum Iceland Products Inc. á hverjum tíma. Hafi bankarnir því getað fylgzt með þessum málum frá mánuði til mánaðar og borið saman við lán sín út á fiskinn.

Í skýrslu, sem lögð hefur verið fram af hálfu stefndu, kem-

ur fram, að afurðalán eru veitt framleiðendum út á birgðaskýrslur þeirra, sem viðskiptabönkunum berazt reglulega, meðan á framleiðslu afurða stendur. Lánin eru tvenns konar: Seðlabankalán, sem nemur um 55% af andvirði afurðanna, og viðbótarlán viðskiptabankanna 16.5% eða meira eftir nánara samkomulagi og þörf framleiðanda. Veð er tekið í vörubirgðum og andvirði þeirra óskiptum ásamt hvers konar verðbótum og gjaldeyrisfríðindum. Útlánsverðin á hverja einingu afurða eru ákveðin af Seðlabanka. Við þá ákvörðun er farið eftir ýmsum upplýsingum, svo sem sölusamningum, sölu undangengins árs, áætlunum um sölur á yfirstandandi ári, en þó fyrst og fremst, hvað freðfisk varðar, áætluðum útborgunarverðum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem þessir útflytjendur gefa út snemma ár hvert. Sölusamtökin hafa komið sér upp verksmiðjum í Bandaríkjunum til þess að framleiða fullunna vöru beint á neytendamarkaði úr hráefni frá Íslandi og jafnframt til þess að annast umboðssölu á framleiðslu héðan í neytendaumbúðum. Þessi starfsemi, þ. e. framleiðsla og umboðssala á fiski með tilheyrandi geymslu og greiðsluskilmálum, hafði í för með sér töluverðan greiðsludrátt frá afskipun afurðanna héðan frá Íslandi. Til þess að flýta fyrir greiðslum frá Coldwater Seafood Corporation (verksmiðja Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna) og Iceland Products Inc. (dótturfyrirtæki S. Í. S.) var sú tilhögun upp tekin, að Landsbanki Íslands hóf sölu víxla til First National City Bank í New York, og endurlánaði Landsbankinn það fé til Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Þetta fyrirkomulag varð mjög til að flýta fyrir endanlegu uppgjöri til framleiðenda og veðhafa fyrir vörur, sem áður höfðu legið langtímum saman í birgðum, framleiðslu og til sölumeðferðar vestan hafs, svo sem fyrr getur. Voru lán þessi veitt umfram venjuleg afurðalán til framleiðenda. Lánin til Landsbankans telja stefndu að hafi algerlega verið á hans ábyrgð, þar sem veðhald í vörunni vestra hafi vægast sagt verið vafasamt. Hafi þetta fyrirkomulag því hlotið að byggjast mjög á trausti bankans á fyrirtækjunum og fyrirsvarsmönnum þeirra. Hafi verið ætlazt til þess, að fyrirgreiðsla þessi væri í hlutfalli við vörumagn og sölur fyrirtækjanna í Bandaríkjunum. Í sambandi við þessa fyrirgreiðslu hafi verið ráð fyrir því gert, að endurskoðendur Coldwater og Iceland Products Inc. sendu ársfjórðungslega sundurliðaða skýrslu um birgðir, verðlagningu þeirra og úrtak

rannsókna á geymsluvottorðum, útistandandi skuldir, aldur þeirra, ástand og almenna greiðslugetu verksmiðjanna. Þá hafi verið ráð fyrir því gert, að ársreikningar bærust reglulega og á eðlilegum tíma. Að því er varðar Iceland Products Inc., er því haldið fram af hálfu stefndu, að skýrslur þessar hafi ýmist borizt seint eða aldrei og á árunum 1966 og 1967 alls ekki. Ársreikningar Iceland Products Inc. fyrir árið 1966 hafi ekki fengizt, fyrr en síðargreind rannsókn var löngu hafin á vegum Landsbanka Íslands og Seðlabankans fyrri hluta árs 1968.

Þrátt fyrir versnandi markaðshorfur í Bandaríkjunum á frystum fiskafurðum og lækkandi verðlagi á framangreindum tíma, var af hálfu S. Í. S. (sjávarafurðadeildar S. Í. S.) ekki lækkuð greiðsla á skilaverði til fiskframleiðenda þeirra, er viðskipti áttu við þá stofnun.

Á árinu 1967 fór að bera mjög á því, að greiðslur frá S. Í. S. drógust afturúr samsvarandi greiðslum frá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna. Af hálfu bankanna var leitað til Bjarna V. Magnússonar, framkvæmdastjóra sjávarafurðadeildar S. Í. S., bróður stefnanda, og hann krafinn skýringar á greiðsludrætti þessum. Stefndu kveða tæmandi skýringar eigi hafa borizt. Sjávarafurðadeild S. Í. S. hafi að vísu sent bréf um hver mánaðamót, þar sem gefið hafi verið upp, hvað talið væri verðmæti birgða og inneignir hjá viðskiptamönnum vestra, án nokkurra skýringa og óstaðfest af endurskoðendum Iceland Products Inc. Í janúar 1968 hafi bönkunum ekki þótt lengur við svo búið mega standa og hafi því endurkaupadeild Seðlabankans og afurðalánadeild Landsbanka Íslands hafið sjálfstæða athugun á málinu. Hafi þá strax komið í ljós, að munur á skilum sjávarafurðadeildar S. Í. S. og Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna hafi verið ca. 4 mánuðir. Jafnframt hafi þá vaknað grunur um, að verðlagning sjávarafurðadeildar S. Í. S. og Iceland Produts Inc. væri óraunhæf vegna verðfallsins á markaðnum vestra. Skömmu eftir miðjan janúarmánuð 1968 hafi loks fengizt upplýsingar frá sjávarafurðadeild S. Í. S. um skuldir deildarinnar við framleiðendur og þá komið í ljós við samanburð á þeim upplýsingum og fyrrnefndum skýrslum, birgðum o. fl., að um verulega fjárvöntun hafi verið að ræða, sem áætluð hafi verið 56—58 milljónir króna.

Þann 24. janúar 1968 hafi starfsmenn Landsbanka og Seðlabanka farið til fundar við Erlend Einarsson, forstjóra S. Í. S., og Bjarna Magnússon, framkvæmdastjóra sjávarafurðadeildar S. Í. S., og lagt athugun bankanna fyrir þá og krafizt skýringa.

Hafi Bjarni V. Magnússon talið eftirfarandi tvö atriði orsaka fjárvöntunina.

Hærra útborgunarverð til framleiðenda á frystum afurðum, seldum á Bandaríkjamarkaði, heldur en Iceland Product Inc. gæti staðið við, sem væri afleiðing þess, að verðfall varð á markaðnum, en skilaverði til framleiðenda hafi verið haldið óbreyttu. Enn fremur hafi ýmis fyrirgreiðsla til viðskiptamanna aukizt á undanförnum árum.

Hafi fulltrúar bankanna þá gert kröfu um að fá skriflegar greinargerðir um bæði þessi atriði. Hafi borizt listi um skuldir viðskiptamanna með bréfi, dags. 31. janúar 1968, og hinn 9. eða 10. febrúar 1968 skýrsla sú, er á dskj. nr. 33 greinir.

Þessar skýrslur hafi staðfest, að um verulega fjárvöntun hafi verið að ræða. Hins vegar hefði engin fullnægjandi skýring verið gefin á vöntun þessari né heldur á hvern hátt S. Í. S. eða Iceland Product Inc. hyggðist gera skil. Hafi þá þegar verið ljóst, að nauðsyn hafi borið til að rannsaka mál þetta til hlítar. Hafi þótt óhjákvæmilegt af hálfu bankanna að gera þá kröfu til stjórnar S. Í. S., að framkvæmdastjórar Iceland Products Inc. og sjávarafurðadeildar S. Í. S. yrðu látnir víkja úr starfi um stundarsakir eða á meðan ítarleg rannsókn færi fram.

Í febrúar 1968 telja stefndu sig hafa orðið þess vara, að kominn væri á kreik orðrómur um, að stórfelld mistök eða jafnvel misferli hefðu átt sér stað í sambandi við afurðasölu sjávarafurðadeildar S. Í. S. til Bandaríkjanna. Hinn 15. febrúar 1968 gerði dagblaðið Vísir í Reykjavík mál þetta að umtalsefni undir feitletraðri fyrirsögn á forsíðu, þar sem segir: „Fimmtíu milljóna króna mistök hjá S. Í. S.?“

Til þess að kveða niður hvers konar ranghermi í þessu efni töldu bankarnir nauðsynlegt að birta skýrslu um það, sem þeir vissu sannast og réttast í máli þessu. Skýrsla bankanna var samin þegar í stað eftir útkomu Vísisgreinarinnar og síðan send dagblöðunum í Reykjavík og Ríkisútvarpinu til birtingar. Skýrsla þessi, sem birtist í dagblöðunum 16. febrúar 1968, hljóðaði svo:

„Seðlabanki Íslands og Landsbanki Íslands hafa að undanförnu látið fara fram athugun á greiðslu afurðaandvirðis af hálfu sjávarafurðadeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga, en um skeið hafði borið nokkuð á óeðlilegri seinkun greiðslna af hálfu deildarinnar. Athugun þessi leiddi í ljós, að mjög mikið vantaði upp á, að birgðir og útistandandi kröfur sjávarafurðadeildar S. Í. S. vegna útfluttra afurða nægðu til þess að greiða skilaverð

afurðanna til framleiðenda og þau afurðalán, er á þeim hvíla. Virðist hér muna fjárhæðum, er nema um eða yfir 50 millj. kr.

Af hálfu sjávarafurðadeildar SÍS var sú meginskýring gefin á þessum mikla mismun, að hann stafaði af töpum deildarinnar vegna verðfalls erlendis, er ekki hefðu verið látin koma fram í lækkun skilaverðs til framleiðenda. Jafnframt er rétt að geta þess, að á þessu stigi málsins hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að um misferli hafi verið að ræða, að því er varðar gjaldeyrisskil af hálfu sjávarafurðadeildar SÍS.

Í tilefni af þessu vilja framangreindir bankar taka fram eftirfarandi:

1) Hafin verður af þeirra hálfu nú þegar rækileg könnun á bókhaldi og fjárráðstöfunum sjávarafurðadeildar SÍS og dótturfyrirtækis þess í Bandaríkjunum, Iceland Products. Hafa bankarnir krafizt þess, að framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildarinnar og framkvæmdastjóri Iceland Products víki úr starfi, á meðan rannsóknin fer fram. Að lokinni rannsókninni munu bankarnir taka ákvörðun um þær aðgerðir, er hún kann að gefa tilefni til.

2) Því hefur verið lýst yfir við bankana af hálfu forvígismanna Sambands íslenzkra samvinnufélaga, að fyrirtækið muni setja bönkunum fullkomnar tryggingar fyrir því, að greitt verði til bankanna fullt skilaverð allra þeirra sjávarafurða, sem bankarnir hafa lánað út á og verið hafa til sölumeðferðar hjá sjávarafurðadeild SÍS".

Hinn 1. marz 1968 var gerður samningur á milli stefnanda og forstjóra S. Í. S. og stjórnarformanns Iceland Products Inc., þar sem stefnandi er gerður að varaframkvæmdastjóra (vice-president) um stundar sakir, meðan krafa bankanna um það, að stefnandi víki úr starfi, varir. Annar maður var á sama tíma ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Á stjórnarfundi Sambands ísl. samvinnufélaga hinn 22. maí 1968 ákvað stjórnin að segja upp ráðningu stefnanda sem framkvæmdastjóra Iceland Product Inc. og Iceland Food Terminal Inc. Stefnanda var tilkynnt þetta í bréfi sama dag, undirrituðu af forstjóra S. Í. S. Í því bréfi er honum tilkynnt, að störfum hans hjá nefndum félögum sé lokið og prókúruumboð afturkölluð. Jafnframt er þess getið, að honum verði greidd 6 mánaða laun til 30. nóvember 1968 í samræmi við 6. gr. ráðningarsamnings hans.

Hinn 7. júní 1968 gaf Samband ísl. samvinnufélaga út fréttatilkynningu um mannaskipti hjá því félagi, þar sem skýrt er frá

því, að fyrrverandi framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar S. Í. S., Bjarni V. Magnússon, bróðir stefnanda, hafi látið af störfum sem framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar S. Í. S., en verið gerður að framkvæmdastjóra S. Í. S. í London. Þá er og tilkynnt um ráðningu nýs framkvæmdastjóra fyrir Iceland Product Inc. í Bandaríkjunum. Af þessu telur stefnandi, að eigi verði annað ráðið en að hann hafi við rannsókn þá, sem stefndu létu fram fara, reynzt sekur um eitthvað það, er réttlætt hafi endanlega brottvikningu hans úr starfi.

Hinn 25. maí 1968 ritar lögmaður stefnanda hinum stefndu bönkum bréf, þar sem hann óskar eftir því fyrir hönd skjólstæðings síns, að bankarnir hraði tilkynningu um niðurstöðu þeirrar rannsóknar, er fram fór á vegum bankanna og ákvörðunar bankastjórnanna.

Þessu bréfi svöruðu hinir stefndu bankar 11. júní 1968. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Vér erum ekki reiðubúnir til að gefa út tilkynningu varðandi þetta mál, en getum hins vegar upplýst yður um, að umræddri rannsókn er nú það langt komið, að forsendur þær, sem upphaflega lágu fyrir kröfu vorri um, að framkvæmdastjóri Iceland Product Inc. viki úr starfi, eru ekki lengur fyrir hendi."

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að eftir að bréf þetta var ritað, hafi það komið í ljós, að fjárhagsleg staða Iceland Products Inc. hafi verið verri en ætlað hafi verið. Hafi það m. a. orðið til þess að draga rannsókn máls þessa á langinn, enda hafi því á engan hátt verið lokið af hálfu bankanna á þessum tíma, þótt skýrsla rannsóknarnefndar bankanna til bankastjóranna hafi legið fyrir í maí 1968. Haustið 1968 hafi verið talið, að fengnar væru allar þær upplýsingar um mál þetta, sem nauðsynlegar væru, bæði að því er varðaði orsök fjárvöntunarinnar svo og leiðir S. Í. S. til að tryggja framleiðendum og veðhöfum fulla greiðslu. Hafi bankastjórarnir þá tekið málið til lokaathugunar og síðan gefið viðkomandi bankaráðum skýrslur, þar sem málinu hafi verið endanlega ráðið til lykta af hálfu bankanna. Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að mál þetta hafi hlotið endanlega afgreiðslu hjá Landsbanka Íslands á fundi bankaráðs 27. desember 1968 og hjá bankastjórn Seðlabankans síðar. Á fyrrgreindum fundi bankaráðs Landsbankans hafi því verið lýst yfir, að bankastjórnin gerði ráð fyrir að gefa út ásamt stjórn Seðlabankans sameiginlega tilkynningu um niðurstöður

rannsóknarinnar. Hafi þetta og verið í samræmi við bréf bankanna frá 11. júní 1968 til lögmanns stefnanda, sem vitnað er í hér á undan.

Svo sem í upphafi er að vikið, höfðaði stefnandi mál þetta með stefnu, útgefinni 3. janúar 1969. Varnaraðiljar birtu skýrslu um mál þetta, sem mun hafa verið send öllum dagblöðum og Ríkisútvarpinu til birtingar. Skýrsla þessi er dags. 11. febrúar 1969 og hljóðar svo:

„Hinn 15. febrúar 1968 tilkynntu Seðlabanki Íslands og Landsbanki Íslands, að fram færi á þeirra vegum athugun á drætti á greiðslu andvirðis freðfisks, sem út hafði verið fluttur af sjávarafurðadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, en vaxandi og að því er virtist óeðlilegar tafir höfðu þá um allmargra mánaða skeið orðið á fullum skilum andvirðis afurðanna og greiðslu lána þeirra, sem bankarnir höfðu veitt út á þær.

Var athugun þessi umfangsmikil og náði m. a. til dótturfyrirtækis S. Í. S. í Bandaríkjunum, Iceland Products Inc.

Athugun þessi leiddi í ljós, að ekki var um misferli að ræða, að því er varðaði gjaldeyrisskil. Drátturinn á greiðslu afurðaandvirðis stafaði hins vegar einkum af tvennu:

1) Ýmsir viðskiptamenn sjávarafurðadeildarinnar höfðu stofnað til skulda við hana á undanförnum árum, og reyndust verulegar fjárhæðir af fiskandvirði bundnar með þessum hætti.

2) Mikið verðfall varð á hraðfrystum fiski (einkum svokölluðum „blokkum") á Bandaríkjamarkaði seinni hluta árs 1966 og framan af árinu 1967. Þrátt fyrir þetta hélt sjávarafurðadeildin áfram að greiða viðskiptamönnum sínum hér á landi það verð, sem ákveðið hafði verið snemma árs 1966, og eru umframgreiðslur þær, sem þannig áttu sér stað, höfuðástæðan til vaxandi greiðsludráttar fyrirtækisins og vanskila á afurðalánum.

Athugun leiddi ennfremur í ljós, að lausafjárstaða Iceland Products Inc. stóð mjög völtum fótum.

Stjórn S. Í. S. hefur staðið Landsbankanum full skil á vanskilum sjávarafurðadeildarinnar við bankann, en fjárhæð þeirra reyndist mjög nærri því, sem gert var ráð fyrir í fréttatilkynningunni 15. febrúar f. á. Ennfremur er bankanum kunnugt um, að Iceland Products Inc. hefir mjög styrkt lausafjárstöðu sína með lántökum í Bandaríkjunum.

Mál þetta var ítarlega rætt á tveim fundum í bankaráði Lands-

bankans í desembermánuði s. l., og með tilliti til þeirra atvika, sem að framan greinir, var á fundi bankaráðsins 27. desember s.l. ekki talin ástæða til frekari aðgerða af bankans hálfu.

Stjórn Seðlabankans telur heldur ekki ástæðu til aðgerða af sinni hálfu, þar sem ákvæðum um gjaldeyrisskil hefir verið fullnægt og trygging afurðavíxla, sem bankinn hefir endurkeypt, er nú komin í lag.

Að gefnu tilefni frá fyrrverandi framkvæmdastjóra Iceland Products Inc. taka bankarnir fram, að við upphaf athugunar máls þessa gerðu þeir þá kröfu til Sambandsins, að hann viki úr starfi, á meðan rannsókn þeirra færi fram. En með bréfi 11. júní 1968 var umboðsmanni framkvæmdastjórans tilkynnt, að rannsókninni væri þá það langt komið, að forsendur þær, sem upphaflega lágu fyrir kröfu bankanna um, að framkvæmdastjóri Iceland Products Inc. viki úr starfi, væru ekki lengur fyrir hendi."

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að stefndu hafi verið óheimilt að krefjast þess opinberlega með fréttatilkynningu, að erlendur ríkisborgari sem hann verði látinn víkja úr starfi hjá löglega skráðu erlendu hlutafélagi, þar sem ekkert réttarsamband sé á milli stefnanda og stefndu. Í öðru lagi, að þó svo yrði litið á vegna tengsla Iceland Product Inc. við Samband ísl. samvinnufélaga, að stefndu hafi verið rétt að gera þá kröfu, að framkvæmdastjóri þess fyrirtækis yrði látinn víkja úr starfi, meðan rannsókn stæði yfir, þá hafi stefndu borið samkvæmt almennum réttarreglum og viðurkenndum reglum um mannréttindi að tilkynna niðurstöður rannsóknarinnar á sama hátt og upphaflega hafi verið birt krafa stefndu um, að stefnandi yrði látinn víkja úr starfi, meðan rannsókn stæði yfir. Rannsóknarnefnd bankanna hafi skilað skýrslu um störf sín til bankastjóranna í maí 1968. Varnaraðiljar hafi ekki kynnt forstjóra S. Í. S. og stjórnarformanni Iceland Product Inc. efni þessarar skýrslu. Enga opinbera fréttatilkynningu hafi stefndu heldur sent frá sér um málið. Hafi því verið nauðsynlegt að höfða þetta mál. Stefnandi kveðst hins vegar vita sjálfur, og fengið um það vitneskju frá stefndu, að snemma sumars 1968 hafi þeir talið, að forsendur þær, sem lágu til þess, að þeir gerðu upphaflega kröfu um, að stefnandi viki úr framkvæmdastjórastarfinu, væru ekki lengur fyrir hendi. Forsendurnar kveðst stefnandi hins vegar aldrei hafa fengið vitneskju um.

Aðalkrafan í máli þessu, um birtingu rannsóknarinnar á sama

hátt og kröfunnar um brottvikningu stefnanda úr starfi hafi verið birt, telur stefnandi svo augljósa, að eigi sé nauðsynlegt að fara út í frekari rökstuðning fyrir henni, enda sé bæði almenn venja og réttarreglur fyrir því, að stjórnvöld skuli á sama hátt og birtar eru tilkynningar birtar afturkallanir á þeim.

Varakrafan í máli þessu, um að aðeins niðurstaðan, að því er varðar hlut stefnanda í málinu, verði birt, gerir stefnandi vegna þess, að vera kunni, að frumrannsóknin sé svo löng og ítarleg, að eigi verði talið hentugt að skylda stefndu til að birta alla þá rannsókn.

Um skaðabóta- og miskabótakröfuna telur stefnandi augljóst, að hann hafi orðið fyrir miklum álitshnekki, óþægindum, leiðindum og þjáningum vegna meðferðar þessa mál í heild. Stefnandi, sem er bandarískur ríkisborgari, hafi þrívegis komið hingað til Íslands út af máli þessu. Fyrst hafi það verið um miðjan marz 1968 til að fá upplýst, hvaða ástæður lægu til þess af hálfu stefndu, að þeir kröfðust þess, að hann viki úr starfi, meðan umrædd rannsókn færi fram. Þá skýringu hafi hann ekki fengið af hálfu bankastjóranna, heldur hafi þeir vísað á forstjóra S. Í. S. og stjórnarformann Iceland Product Inc. Hann hafi aftur á móti tjáð stefnanda, að fjármál S. Í. S. við viðskiptabankana væru mjög erfið og flókin og væri þessi þáttur lítill partur af erfiðleikum S. Í. S. Fengi stefnandi m. a. þess vegna ekki frekari skýringar. Stefnandi telur tilkynningu bankanna, sem birtist í dagblöðunum 16. febrúar 1968, hafa verið óþarflega víðtæka. Alger óþarfi hafi verið að minnast á sig í þessari tilkynningu og stefndu hafi engan rétt haft til þess að krefjast þess, að hann viki úr starfi, meðan rannsókn stæði. Af þessum sökum hafi stefndu orðið offari og beri þeir því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda af þessum sökum. Hinir stefndu bankastjórar njóti sérstakrar lagaverndar samkvæmt lögum um opinbera starfsmenn fyrir persónulegum árásum, sem á þá kunni að vera gerðar. Á sama hátt verði að gera alveg sérstakar kröfur til þeirra og leggja á þá ríka ábyrgð, að þeir í skjóli valds síns geri ekki miska að ófyrirsynju almennum borgurum þessa lands eða annarra með aðgerðum sínum eða opinberum yfirlýsingum.

Varðandi bótakröfurnar bendir stefnandi á það, að þeim sé mjög í hóf stillt, þar sem þær nemi ekki fullum árslaunum, eins og stefnandi hafi haft í starfi því, er hann var hrakinn frá, upphaflega samkvæmt kröfu stefndu. Kröfurnar séu gerðar í

Bandaríkjadölum, þar sem stefnandi sé bandarískur ríkisborgari og búsettur í Bandaríkjunum.

Vegna ákvörðunar málskostnaðar bendir stefnandi á, að það megi telja til einsdæma, að þurfa skuli að höfða mál til þess að skylda opinbera aðilja eins og stefndu í máli þessu til að birta niðurstöður rannsóknar um sakleysi einstaklings á sama hátt og að honum hafi verið dróttað, að hann ætti þátt í um eða yfir 50 milljón króna óreiðu. Enn fremur vekur stefnandi athygli á því, að vegna máls þessa hafi hann þrívegis þurft að taka sér ferð á hendur frá Bandaríkjunum til Íslands, og hefur af hans hendi verið lagt fram yfirlit um þann kostnað.

Stefndu reisa dómkröfur sínar á því, að með bréfi, dags. 22. maí 1968, hafi S. Í. S. sagt stefnanda upp störfum hjá fyrirtækjum Iceland Product Inc. og Iceland Food Terminal. Sé stefnandi því ekki réttur aðili að því að krefjast þess, að birt sé niðurstaða rannsóknar þeirrar, er stefndu kröfðust, að fram færi hjá sjávarafurðadeild S. Í. S. og dótturfyrirtæki þess í Bandaríkjunum, Iceland Product Inc., sbr. fyrstu kröfu stefnanda í stefnu. Hann eigi því ekki rétt á því, að bankarnir birti skýrslu um viðskipti sín við S. Í. S. og framangreind félög.

En jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefnanda væri heimilt að krefjast birtingar á niðurstöðu rannsóknar þeirrar, er bankarnir framkvæmdu, sé sú krafa ekki lengur fyrir hendi, þar sem bankarnir hafi þegar fullnægt henni með birtingu skýrslunnar eða tilkynningarinnar hinn 11. febrúar 1969. Bankarnir hafi að sjálfsögðu engu að leyna um rannsókn þá, sem framkvæmd var af þeirra hálfu, en telji sér hvorki heimilt né skylt að birta annað og meira um málið en skýrsla þeirra frá 11. febrúar 1969 ber með sér. Í þessu efni vísa bankarnir til þeirrar þagnarskyldu, sem bankastjórum, bankaráðsmönnum og öðrum starfsmönnum bankanna er lögð á herðar í 34. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og í 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands. Þessi fyrri krafa stefnanda eigi því enga stoð í lögum.

Varðandi síðari kröfu stefnanda um, að bankarnir verði skyldaðir til að birta yfirlýsingu um, að rannsókn sú, er stefndu létu fram fara hjá Iceland Product Inc., hafi leitt í ljós, að ekki voru fyrir hendi forsendur til þess, að stefnandi viki úr starfi sem framkvæmdastjóri Iceland Product Inc., eins og stefndu höfðu krafizt, þá benda stefndu á, að hið sama gildi um þessa kröfu og hina fyrri. Kröfu þessari sé þegar fullnægt með birtingu tilkynningar hinn 11. febrúar 1969.

Bankarnir hafi engin afskipti haft af störfum stefnanda, önnur en þau að krefjast þess, að hann viki úr starfi, á meðan rannsókn bankanna færi fram. Geti engum blandazt hugur, að þessi krafa hafi í alla staði verið réttmæt, enda í samræmi við viðurkenndar reglur, þegar rannsókn er framkvæmd. Í kröfu þessari hafi ekki falizt nein aðdróttun til stefnanda um, að hann hafi brotið af sér gagnvart bönkunum. Tilkynning bankanna, sem birt var 16. febrúar 1968 í dagblöðum Reykjavíkur, sé eins hlutlaus og frekast verði á kosið. Í tilkynningunni séu berum orðum teknar fram þær skýringar, sem S. Í. S. hafi gefið bönkunum. Jafnframt sé þess getið, að ekkert sé fram komið um það, er bendi til þess, að um misferli hafi verið að ræða, að því er varðar gjaldeyrisskil. Þá sé og afdráttarlaust tekið fram, að S. Í. S. muni setja bönkunum fullkomnar tryggingar fyrir því, að greitt verði til bankanna fullt skilaverð allra þeirra sjávarafurða, sem bankarnir hafi lánað út á.

Þá benda stefndu á, að hinn 11. júní 1968 hafi lögmanni stefnanda verið ritað bréf það, er vitnað er til hér að framan. Þar komi fram, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að stefnandi taki aftur við sínu fyrra starfi. Bréf þetta hafi stefnanda verið heimilt að birta á hvern þann hátt, er hann hafi óskað. Síðar hafi svo stefnandi fengið þessa umsögn staðfesta í opinberri tilkynningu bankanna frá 11. febrúar 1969. Þá vekja stefndu athygli á því, að málið hafi hlotið endanlega afgreiðslu í bankaráði Landsbankans 27. desember 1968 og hjá bankastjórn Seðlabankans nokkru síðar. Bankarnir hafi þannig birt skýrslu um málið, þegar eftir að því hafi verið endanlega lokið. Bankarnir hafi engan þátt átt í því, að S. Í. S. hafi sagt stefnanda upp störfum. Við þetta bætist enn fremur, að þessi síðari krafa stefnanda sé röng. Í henni sé þess krafizt, að bankarnir birti yfirlýsingu um, að ekki hafi verið fyrir hendi forsendur til þess, að stefnandi viki úr starfi sem framkvæmdastjóri Iceland Product Inc., eins og bankarnir höfðu krafizt. Bankarnir hafi ekki gert aðra kröfu en þá, að stefnanda yrði vikið úr starfi, á meðan rannsóknin færi fram. Þessi krafa bankanna hafi verið fyllilega réttmæt, eins og á stóð, og forsendur hennar standi óhaggaðar.

Varðandi kröfur stefnanda um skaða- og miskabætur og málskostnað telja stefndu hið sama gilda. Hvort tveggja sé, að ekkert sé upplýst um það, að bankarnir hafi bakað stefnanda miska eða fjártjón, og hitt, að stefnandi geti sjálfur engar fjárkröfur

borið fram á hendur bönkunum, þar sem af þeirra hendi hafi ekkert verið annað gert en það, sem sjálfsagt hafi verið og rétt. Til ýtrustu vara er þó kröfufjárhæð stefnanda mótmælt sem hreinni fjarstæðu.

Þá halda stefndu því fram, að það sé algerlega út í hött, sem stefnandi heldur fram, að bönkunum hafi verið óheimilt að krefjast þess opinberlega með fréttatilkynningu, að erlendur ríkisborgari væri látinn víkja úr starfi hjá löglega skráðu erlendu hlutafélagi. Svo sem margsinnis hafi verið tekið fram, hafi bönkunum verið bæði rétt og skylt að krefjast þess, að stefnandi viki úr starfi, meðan rannsóknin færi fram, og að birta tilkynningu um það, svo sem gert hafi verið. Það sé staðreynd, að íslenzkt fyrirtæki sé einkaeigandi eða aðaleigandi Iceland Product Inc. Skipti það að sjálfsögðu engu máli, hvort stefnandi hafi verið eða sé íslenzkur eða bandarískur ríkisborgari og hvort Iceland Product Inc. væri eða sé löglega skráð í Bandaríkjunum.

Að því er varðar viðræður þær, er stefnandi telur sig hafa átt við suma af bankastjórum bankanna, þá telja varnaraðiljar, að þær skipti engu máli hér og hafi bankastjórunum verið fyllilega réttmætt að gefa þau svör, sem stefnandi telur sig hafa fengið.

Rétturinn lítur svo á, að krafa stefndu um það, að stefnandi viki úr starfi, meðan rannsókn máls þessa færi fram, væri eðlileg, eins og á stóð. Verður ekki talið, að það breyti hér neinu, þótt stefnandi sé bandarískur ríkisborgari.

Í hinni opinberu yfirlýsingu bankanna, er birtist 16. febrúar 1968 í dagblöðum Reykjavíkur, er nafns stefnanda hvergi getið og það tekið fram, að ekkert sé fram komið, er bendi til þess, að um misferli hafi verið að ræða, að því er varðar gjaldeyrisskil af hálfu sjávarafurðadeildar S. Í. S. Getur rétturinn því ekki fallizt á það með stefnanda, að yfirlýsing þessi sé ærumeiðandi fyrir hann eða skapi af öðrum ástæðum stefndu skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda. Ber því að sýkna stefndu af skaðabótakröfu stefnanda.

Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi, eðli málsins samkvæmt, átt lögvarða kröfu til þess, að stefndu birti opinbera yfirlýsingu um það, að forsendur þær, sem upphaflega lágu fyrir kröfu þeirra um það, að framkvæmdastjóri Iceland Product Inc. viki úr starfi, væru ekki lengur fyrir hendi. Þessari kröfu hafa stefndu nú fullnægt með yfirlýsingunni frá 11. febrúar 1969. Verður því, eins og nú er komið, að sýkna stefndu af birt-

ingarkröfum stefnanda. Hins vegar birtu stefndu enga yfirlýsingu, að því er stefnanda varðar, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað. Töldu þeir þó í bréfi sínu til lögmanns stefnanda hinn 11. júní 1968, að rannsókn málsins væri þá það langt komin, að þeir gáfu yfirlýsingu þá, sem þar greinir. Af hálfu stefndu hefur ekki verið sýnt fram á, að síðari rannsókn málsins hafi nokkru um breytt, hvað stefnanda áhrærir.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, telst málssókn þessi hafa verið nauðsynleg til þess að knýja stefndu til opinberrar birtingar, svo sem að framan getur. Á stefnandi því málskostnað úr hendi stefndu í máli þessu.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram svohljóðandi málskostnaðarreikningur:

„Málfl.þóknun skv. taxta	kr.	170.250.00
Aukalega v. úrskurða	—	5.000.00
Útlagður kostnaður skv. útskrift úr viðskiptabók	—	10.490.50
Birting og útgáfa vitnastefna 5x180	—	900.00
Vottagjöld og endurrit	—	1.635.00
Mót við vitnaleiðslur 10 skipti	—	5.000.00
	kr.	193.275.50

Stefnandinn, Sverrir H. Magnússon, Harrisburg, Pa., U.S.A., kveðst hafa haft eftirtalinn kostnað af málarekstri sínum:

3 ferðir frá Harrisburg til Reykjavíkur (en hér að neðan aðeins reiknað með 2 ferðum)

Fargjöld	U.S. $	640.-	= ísl. kr.		56.384.00
Vinnutap 30 dagar	—	1.500.-	= —	—	132.150.00
Uppihald	—	900.-	= —	—	79.290.00
Leigubílar o. fl.	—	60.-	= —	—	5.286.00
Samtöl v. Ísland	—	440.-	= —	—	38.764.00
Lögfr.aðstoð í USA	—	500.-	= —	—	44.050.00
	U.S. $	4.040.-	= ísl. kr.		355.924.00“

Stefndu hafa mótmælt þessum málskostnaðarreikningi bæði sem sér óviðkomandi og einnig sem of háum.

Málskostnaður stefnanda úr hendi stefndu ákveðst kr. 160.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, bankastjórn Landsbanka Íslands og bankastjórn Seðlabanka Íslands, eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Sverris H. Magnússonar, í máli þessu að öðru leyti en því, að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 160.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. desember 1972.

Nr. 160/1972: **Sv. B. Rude**
gegn
Síldarvinnslunni h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 1. nóvember 1972, og krafizt þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta er ekki þannig vaxið, að skylt hafi verið að stefna því fyrir sjó- og verzlunardóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 200 gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómara bar hins veg-

ar að kveðja til sérfróða meðdómendur til að fara með og dæma málið, ef hann taldi þess þörf, sbr. 2. og 3. tl. 1. mgr. 200. gr. nefndra laga.

Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. október s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. september s.l., af Sv. B. Rude trésmíðameistara, Nymarksvej 57, Nyborg, Danmörku, gegn Síldarvinnslunni h/f, Neskaupstað, samkvæmt varnarþingsreglu 2. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 til greiðslu skuldar að fjárhæð, kr. danskar 36.271.68 með 9% ársvöxtum frá 31. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati bæjarþingsins.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar skuldar vegna úttektar á efni til starfsmannahúss stefnda á Neskaupstað og á vinnu við uppsteningu þess húss með dönskum kr. 10.895.58+danskar kr. 4.212.50+danskar kr. 21.163.60, alls danskar kr. 36.271.68. Umrædd viðskipti hafi átt sér stað framhaldandi á tímabilinu frá 15. júní 1966 til 31. janúar 1969. Hafi þau hafizt með því, að Rögnvaldur Johnsen arkitekt hafi gert 15. júní 1966 kaupsamning f. h. stefnda um kaup hans á tilbúnu byggingarefni af stefnanda til umrædds starfsmannahúss stefnda. Viðskiptunum hafi lokið með uppgjöri stefnanda, dags. 31. janúar 1969. Hafi það verið í þrem liðum, í fyrsta lagi eftirstöðvar skuldar frá 25. júní 1968, danskar kr. 10.895.58, upphaflega danskar kr. 20.621.36, en að frádregnum greiðslum stefnda upp í þá skuld, danskar kr. 646.50 þann 12. ágúst 1968 og danskar kr. 10.000.00 þann 28. nóvember 1968, en með á-

föllnum 9% ársvöxtum. Hafi þeir vextir verið áskildir og reiknaðir og ekki að því fundið af stefnda. Í öðru lagi efnisúttekt, afskipun frá Nyborg í október 1968, danskar kr. 4.212.50, í þriðja lagi vinnulaun sveina stefnanda, flutningur á verkfærum þeirra, ferðakostnaður þeirra frá Danmörku og heim aftur, danskar kr. 21.163.60. 20. ágúst 1969 hafi borizt bréf frá stefnda, kvartanir vegna galla og tilmæli um, að eftirstöðvarnar yrðu felldar niður. Bréfi þessu hafi stefnandi svarað 24. ágúst 1971. Hafi talið kvartanir mörgum árum of seint fram komnar, mótmælin auk þess ekki á rökum reist og ítrekað kröfur sínar um greiðslu eftirstöðvanna. Kröfubréfi lögmanns stefnanda 7. apríl s.l. hafi stefndi ekki sinnt.

Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2—19 greinargerð og ýmiss skjöl varðandi þessa kröfu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Mál þetta er þannig vaxið, að rétt hefði verið samkvæmt 200. gr. laga nr. 85/1936 að höfða það fyrir sjó- og verzlunardómi. Vegna þessa er því af sjálfsdáðum vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Máli þessu er af sjálfsdáðum vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Fimmtudagurinn 14. desember 1972.

Nr. 163/1972: **North Starlight Export Corporation**
gegn
Ásgeiri H. Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 12. desember 1972, hefur sóknaraðili samkvæmt b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 7.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, North Starlight Export Corporation, greiði varnaraðilja, Ásgeiri H. Magnússyni, kr. 7.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóvember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. f. m., höfðaði Óttar Yngvason héraðsdómslögmaður fyrir hönd North Starlight Export Corporation, New York, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 18. desember 1969, á hendur Ásgeiri H. Magnússyni, Háaleitisbraut 119 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 1.501.75 bandaríkjadollarar ásamt 10% ársvöxtum af 2.477.48 bandaríkjadollurum frá 4. september 1968 til

22. september s. á. og af 1.501.74 bandaríkjadollurum frá þeim degi til 25. október 1968 og með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði af 1.501.74 bandaríkjadollurum frá þeim degi til greiðsludags, allt í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi, auk málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Gegn fullnaðargreiðslu framangreindra krafna lofar North Starlight Export Corp. að afhenda Ásgeiri H. Magnússyni tékka að upphæð 1.000.00 bandaríkjadollarar, útgefinn af Ásgeiri til North Starlight Corp. 14. nóvember 1967 á reikning hans hjá Manufacturers Hanover Trust Co., New York, N. Y.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Hin umstefnda skuldarkrafa styðst við skriflega yfirlýsingu aðiljanna gerða í New York, N. Y. 22. sept. 1968, svohljóðandi:

„YFIRLÝSING

Undirritaður Ásgeir H. Magnússon, Háaleitisbraut 119, Reykjavík, viðurkennir hér með að skulda undirrituðu North Starlight Export Corp., New York, N. Y., skv. yfirlitsreikningi nr. 3211, dags. 4. sept. 1968, $ 2.473.48+$ 4.00 í bankakostnað, eða samtals $ 2.477.48 — tvö þúsund fjögurhundruð sjötíu og sjö bandaríska dollara og 48 cent —. Skuld þessi skal bera 10% — tíu af hundraði — ársvöxtu frá 4. sept. 1968 til greiðsludags.

North Starligt Export Corp. viðurkennir jafnframt að hafa móttekið frá Ásgeiri H. Magnússyni upp í framangreinda skuld tékka nr. 513536, útgefinn af Rolf Johansen á Union Bank of Switzerland, Geneva, að upphæð svissn. frankar 4.300 — fjögurþúsund og þrjúhundruð svissneskir frankar —, er reiknast skal sem $ 864.60 — áttahundruð sextíu og fjórir bandarískir dollarar og 60 cent — upp í ofangreinda skuld, þó að frádregnum bankakostnaði vegna tékkans eftir reikningi. Tékkinn telst því aðeins greiðsla upp í skuldina, að innistæða verði fyrir honum við framvísun í greiðslubankanum.

Eftirstöðvar framannefndrar skuldar, $ 1.612.88 — sextán hundruð og tólf bandarískir dollarar 88 cent — auk vaxta, svo sem að framan getur, og nýnefnds bankakostnaðar lofar Ásgeir H. Magnússon að greiða North Starlight Export Corp. við fyrstu afborgun söluandvirðis hlutar síns í fyrirtækinu Fljót-

hreinsun h. f., Reykjavík, sem hann er nú að selja, þó alls eigi síðar en hinn 25. okt. 1968.

Við fullnaðargreiðslu ofangreindrar skuldar lofar North Starlight Corp. að afhenda Ásgeiri H. Magnússyni tékka að upphæð $ 1.000.00 — eitt þúsund bandarískir dollarar — útgefinn af Ásgeiri til North Starlight Export Corp. 11. nóv. (sic) 1967 á reikning nr. 12020-2 við Manufactures Hanover Trust Co, New York, N. Y.

Rísi mál út af skuld þessari og/eða yfirlýsingu, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginnar sáttatilraunar fyrir sáttamönnum.

Yfirlýsing þessi er gerð í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Til staðfestu undirrita aðilar yfirlýsingu þessa í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

New York, 22. september 1968,
F. h. North Starlight Export Corp.,
Eyja Henderson

Ásgeir H. Magnússon
Vitundarvottar:
(ólæsilegt nafn)
Hrefna Ólafsdóttir."

Fyrir tékka þann, sem um ræðir í yfirlýsingunni, að upphæð 4.300.00 svissneskir frankar, útgefinn af Rolf Johansen á Union Bank of Switzerland, Geneva, fékkst hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir, er yfirlýsingin var gefin, þ. e. 975.74 bandarkjadollarar (í stað 864.60 bandaríkjadollara). Eru því skuldareftirstöðvarnar 1.501.74 bandaríkjadollarar ($ 2.477.48÷975.74=1.501.74), sem er stefnufjárhæðin, en ekki 1.612.88 bandaríkjadollarar, eins og við er miðað í yfirlýsingunni ($ 2.477.48÷$ 864.60=$ 1.612.88)."

Eyja Henderson, stjórnarformaður stefnanda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi hafi sent stefnda reikningsyfirlit mánaðarlega eða á tveggja mánaða fresti, ef um einhver viðskipti hafi verið að ræða, hvort sem um var að ræða greiðslu eða viðskipti. Á árinu 1967 kveður Eyja stefnda hafa verið kominn í $ 300.00 skuld. Hún kveðst hafa verið stödd hér á landi frá því í október og fram í nóvember til að innheimta útistandandi skuldir og hafi stefndi ekki mótmælt skuldinni, en hann hafi ekki sagzt trúa því, að farið yrði í hart út af skuld-

inni eftir öll viðskipti aðiljanna. Um leið kveður hún stefnda hafa tilkynnt sér, að hann væri að fara til Ameríku eftir nokkra daga og mundi þá eiga stór viðskipti við stefnanda. Mundi hann þá jafnframt koma með peningafjárhæð. Eyja kveðst þá hafa sagt stefnda, að ef hann greiddi gömlu skuldina að fullu, sem verið hafi skuld heildsölu hans, persónuleg skuld og tveir reikningar á Hörð Bjarnason, sem stefndi hafi gengið í ábyrgð fyrir, þá mundi stefnandi senda vörur þær, sem stefndi óskaði eftir að kaupa. Eyja kveður stefnda hafa hitt sig hinn 11. nóvember í New York og hafi hann þá greitt $ 1.507.00, sem hún hafi gefið honum kvittun fyrir, nr. 2402. Í greiðslu þessari kveður Eyja hafa verið ávísun að fjárhæð $ 1.000.00, útgefna af stefnda á bankareikning hans í New York, en ekki hafi reynzt innstæða fyrir henni. Með bréfi, dags. hinn 23. nóvember, kveður Eyja stefnda hafa ritað sér, að hann hefði sótt um leyfi fyrir tveim ávísunum að fjárhæð $ 277.00 og 217.50, og hafi þær komið skömmu síðar. Einnig kveður hún tvær ávísanir að fjárhæð $ 211.00 og $ 100.00 hafa komið með bréfi, sem ritað var 11. desember, og hafi hann einnig lofað, að frekari greiðsla kæmi skömmu síðar. Af þessum sökum og þar sem hún hafi talið, að um frekari viðskipti yrði að ræða, kveður Eyja ekki hafa verið rekið á eftir stefnda að koma bankareikningi sínum í lag. Þegar fór að líða á mitt ár 1968, kveður Eyja sér hafa fundizt nóg komið. Hún kveður stefnda nú hafa tjáð sér, að ekki væri lengur hægt að verzla við Ameríku og að hann væri að hætta að reka heildverzlun sína. Í ágúst og september 1968 kveðst Eyja hafa verið stödd hér á landi til að innheimta skuldir. Kveðst hún hafa marghringt í stefnda og hafi hann marglofað að hitta sig, en hann hafi annað hvort ekki staðið við það eða hann hafi verið svo tímabundinn, að hann hafi ekki mátt vera að að fara yfir reikningsuppgjör aðiljanna. Eitt sinn, er þau hittust, kveðst Eyja hafa sýnt stefnda uppgjör stefnanda og beðið hann, þ. e. stefnda, um að undirrita skuldarviðurkenningu. Hún kveður stefnda hafa farið yfir reikningsyfirlitið og hafi hann talið, að hann skuldaði ekki svona mikið. Kveður hún stefnda hafa kvittað undir með fyrirvara, þannig að hann gæti komið með sitt uppgjör og gert athugasemd. Eyja kveður stefnda hafa lofað sér, að þau færu yfir reikningana, áður en stefndi færi til Ameríku í septembermánuði 1968, og einnig hafi hann lofað greiðslu á $ 1.000.00. Eyja kveður þau stefnda hafa gengið þannig frá málum, að bróðir stefnda kæmi nokkrum dögum síðar og afhenti fjárhæð

þessa. Er svo bróðir stefnda hafi komið, hafi hann komið með ávísun á svissneskan banka að fjárhæð kr. 4.300.00, sem samsvari $ 993.75. Kveðst Eyja svo hafa móttekið greiðsluna hinn 9. september 1968 og gefið kvittun nr. 3274. Við móttöku þessarar ávísunar kveðst Eyja hafa afhent bróður stefnda þrjá eða fjóra víxla, sem stefndi hafði afhent Frank Henderson, eiginmanni Eyju, sem greiðslu upp í skuldina, ef greiðsla á þeim fengist, sem ekki hafi orðið raunin. Eyja kveður nú viðskiptabanka stefnanda í New York hafa upplýst, að ekki væri til innstæða fyrir ávsuninni í hinum svissneska banka. Eyja kveðst ekki hafa getað séð annað en þetta hafi verið gert af ásettu ráði og því hafi hún fengið lögfræðing sinn hér á landi til að útbúa löglega skuldarviðurkenningu, sem hún svo hafi farið með til New York til að fá stefnda til að undirrita. Eyja kveðst nú hafa fylgzt með komu stefnda til New York og væntanlegri heimferð og hafi þau hjónin beðið komu hans í afgreiðslu Loftleiða á Kennedyflugvelli. Eyja kveður stefnda hafa sagt, að hann tryði ekki, að svissneska ávísunin hefði ekki verið í lagi. Eyja kveðst hafa óskað eftir því við stefnda, að hann undirritaði skuldarviðurkenninguna, en hann hafi færzt undan. Kveðst Eyja þá hafa sagt við stefnda, að hann hlyti að geta fórnað einum sólarhring í New York til að fara yfir viðskipti aðiljanna og fullvissa sig um, að ávsunin hefði ekki verið greidd. Eyja kveður stefnda hafa sagt, að hann gæti ekki orðið við þessu, þar sem hann væri með eiginkonu sína og son með sér. Kveðst Eyja þá hafa farið fram á það við stefnda á ný, að hann undirritaði skuldarviðurkenninguna. Eyja kveður, að verið geti, að eiginmaður sinn hafi minnzt á það við stefnda, að til kyrrsetningar á stefnda gæti komið, en ekki kveðst hún minnast þess, að í þessum viðræðum hafi verið minnzt á lögreglu.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann og stefnandi hafi átt talsverð viðskipti saman og hafi verið um reikningsviðskipti að ræða. Ýmist hafi reikningar staðið þannig, að hann hafi verið í skuld við stefnanda eða átt inni hjá honum. Stefndi kveður viðskiptum þessum hafa lokið á árinu 1967 og hafi stefnandi talið hann skulda sér. Kveðst stefndi þá hafa óskað eftir viðskiptareikningi, en því hafi ekki verið sinnt af hálfu stefnanda. Loks hafi stefnandi sent reikningsuppgjör það, sem fram sé komið í máli þessu, en það sé hvergi nærri fullnægjandi. Stefndi kveðst nú hafa haldið áfram að óska eftir fullnægjandi reikningsyfirliti. Þá kveðst stefndi oft hafa farið í viðskiptaer-

indum til Bandaríkjanna og þá keypt hjá stefnanda ýmsa persónulega muni, svo sem fatnað, leikföng, sælgæti o. fl., sem hann hafi verið skuldfærður fyrir á viðskiptareikningi sínum. Stefndi kveðst hafa mótmælt niðurstöðu reiknings þess, sem stefnandi hefur lagt fram í máli þessu, $ 2.473.48, sem rangri. Kveðst hann telja, að samkvæmt bókhaldi sínu hafi hann í septembermánuði 1968 skuldað stefnanda um $ 1.400.00. Í fjárhæð þeirri, sem hann hefur verið krafinn um, kveður stefndi vera sumt, sem hann hafi ekki talið sig eiga að greiða. Kveðst hann því hafa dregið greiðslu nema greiðslu þá, sem hann hafi sent með ávísun í svissneskum frönkum. Kveðst hann hafa talið, að fjárhæð ávísunarinnar mundi nema um $ 1.000.00 og því hafi skuldin átt að nema $ 400.00. Kveðst hann hafa sent ávísunina í þeirri trú, að innstæða væri fyrir henni, enda hafi það reynzt svo tveimur dögum eftir að fyrirsvarsmenn stefnanda höfðu hótað honum kyrrsetningu á flugvellinum í New York. Ekki kveðst stefndi muna, hvernig staðið hafi á útgáfu tékka þess að fjárhæð $ 1.000.00, sem getið er í yfirlýsingu þeirri, sem hann undirritaði. Kveðst stefndi ekki hafa fyllt tékka þennan út, og kveðst hann margoft hafa beðið fyrirsvarsmenn um skýringu á tékka þessum, en án árangurs. Stefndi kveðst nú hafa verið staddur á Kennedyflugvelli í New York hinn 22. september 1968 ásamt eiginkonu sinni og syni og hafi verið á leið til Íslands að lokinni ferð til Bandaríkjanna. Hafi þau Frank og Eyja Henderson komið og krafizt þess, að hann undirritaði yfirlýsingu þá, sem fram er komin í máli þessu. Stefndi kveður Frank hafa verið búinn að afhenda sér skjalið, nokkrum dögum áður en atburður þessi varð. Stefndi kveðst hafa óskað eftir að fá skjalið til íhugunar og hafi Frank boðið sér það. Kveðst stefndi því hafa verið búinn að vera með skjalið, frá því þeir Frank ræddust við, þar til er stefndi var staddur á Kennedyflugvelli. Stefndi kveður Eyju Henderson hafa spurt sig að því, hvort hann væri enn með skjalið og hvort hann vildi ekki afhenda sér það. Kveðst stefndi hafa talið það sjálfsagt. Hann kveður Eyju jafnframt hafa spurt sig að því, hvort hann ætlaði ekki að undirrita skjalið. Kveðst hann hafa svarað, að það kæmi ekki til greina. Stefndi kveður Frank Henderson hafa sagt, að ef hann ekki undirritaði skjalið, þá fengi hann lögregluna til að stöðva hann, þar sem hann hefði látið þau hjónin hafa tvær óinnleysanlegar ávísanir. Hafi Frank síðan horfið á brott og hafi sér verið gefið í skyn, að hann væri að sækja lögregluna.

Stefndi kveður það einnig hafa komið fram hjá Eyju, að þeim hjónunum væri full alvara með að kyrrsetja hann. Kveðst stefndi því hafa undirritað skjalið nauðbeygður í stað þess að láta kyrrsetja sig, enda hafi hann verið í erfiðri aðstöðu, þar sem eiginkona hans og barn þeirra hafi verið stödd þarna.

Jóna Sigurðardóttir, eiginkona stefnda, hefur skýrt svo frá, að hinn 22. september 1968 hafi þau hjónin verið stödd á Kennedyflugvelli í New York og hafi þau verið á leið heim til Íslands eftir dvöl í Bandaríkjunum. Meðan þau hjónin voru stödd þarna á flugvellinum, kveður hún Frank og Eyju Henderson hafa komið til þeirra og hafi Eyja spurt stefnda að því, hvort hann væri enn með skjal það, sem Frank Henderson hafði áður látið hann hafa. Er stefndi hafi játað því, hafi Eyja beðið hann um að láta sig hafa skjalið og hafi hann gert það. Jóna kveður Eyju þá hafa spurt stefnda að því, hvort hann ætlaði ekki að undirrita skjalið, en hann hafi svarað því til, að það kæmi ekki til mála, þar sem það stæðist ekki. Jóna kveður Frank þá hafa sagt, að hann léti stöðva stefnda, þannig að hann kæmist ekki heim, og kveður sér hafa skilizt, að hann hygðist leita aðstoðar lögreglunnar. Jóna kveður Eyju hafa haldið áfram tilraunum sínum til að fá stefnda til að undirrita skjalið, en hann hafi færzt undan. Þá hafi Frank Henderson farið og látið í það skína, að hann mundi láta stöðva stefnda. Jóna kveður stefnda nú hafa spurt sig að því, hvort hún gæti farið ein heim til Íslands, en hún kveðst hafa tekið því illa, þannig að stefndi hafi undirritað skjalið.

Krafa stefnanda er alfarið byggð á yfirlýsingu þeirri, sem stefndi undirritaði í New York hinn 22. september 1968, með breytingu þeirri, sem rakin er í stefnu.

Sýknukrafa stefnanda er byggð á því, að undirskrift hans undir yfirlýsingu þá, sem stefnandi byggir kröfu sína á, sé fengin fyrir ólögmæta nauðung og því ógild samkvæmt 29. gr. laga nr. 7/1936.

Yfirlitsreikningur sá, sem vitnað er til í yfirlýsingu þeirri, sem fyrirsvarsmenn stefnanda létu semja og stefndi undirritaði, fullnægir ekki kröfum, sem gera verður til slíkra skjala. Það er ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi fengið aðra yfirlitsreikninga um viðskipti aðiljanna. Verður að telja, að þrátt fyrir það þótt stefnandi byggi kröfu sína á greindri yfirlýsingu, sem stefndi undirritaði, þá eigi stefndi rétt á að fá yfirlitsreikning um viðskipti aðiljanna. Þrátt fyrir áskorun, sem

fram hefur komið af hálfu stefnda um framlagningu yfirlitsreiknings, hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að frekari skjöl verði ekki lögð fram í málinu. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af ákvæði 145. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Eins og málsatvikum er háttað, verður málskostnaður ekki dæmdur í máli þessu.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Fimmtudagurinn 14. desember 1972.

Nr. 197/1971: **Páll M. Jónsson**
(Örn Þór hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum
(Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1971. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.222.883.00 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram sýnishorn prentaðra eyðublaða stefnda, þeirra sem hann notaði fyrir orðsend-

ingar til viðskiptamanna sinna um gjalddaga brunatryggingga 1. október 1964 og 1. október 1965.

Orðsendingar um gjalddaga brunatryggingariðgjalds 1. október 1964, sem ekki er vefengt, að stefndi sendi áfrýjanda í pósti að Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði í september eða október 1964, voru að efni krafa um greiðslu iðgjalds í skilningi 1. tl. 2. gr. vátryggingarskilmála stefnda og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954. Ætla má, að orðsendingar þessar hafi komið með skilum á ákvörðunarstað, og má fallast á álit héraðsdóms um orsök þess, að þær bárust ekki áfrýjanda í hendur. Þar sem áfrýjandi greiddi ekki iðgjald, féll niður ábyrgð stefnda eftir því sem segir í 1. tl. 2. gr. vátryggingarskilmála hans og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954, enda fullnægði greiðslukrafa stefnda niðurlagsákvæði 1. mgr. 33. gr. nefndra laga.

Áfrýjandi hefur synjað fyrir, að honum hafi borizt orðsendingar stefnda um gjalddaga iðgjalds 1. október 1965, þær sem stefndi kveður hafa verið sendar áfrýjanda að starfsstöð hans á Álfhólsvegi 11 í Kópavogi. Áfrýjandi, sem hafði aðrar gildar brunatryggingar hjá stefnda, hefur ekki sýnt fram á nein þau atvik, sem veitt hafi honum ástæðu til að ætla, að stefndi mundi eigi bera fyrir sig vanskil iðgjalds til lausnar undan ábyrgð eftir því sem 2. gr. vátryggingarskilmála og ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 20/1954 heimiluðu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að svo sem sakarefni er vaxið, var ekki þörf á, að héraðsdómari dæmdi málið með samdómendum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. f. m., hefur Páll M. Jónsson, Digranesvegi 97, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþingi

Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 20. febrúar 1970, á hendur Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3 hér í borg, til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 1.222.383.00 auk 8% ársvaxta frá 1. apríl 1966 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á vaxtakröfu stefnanda, að krafizt var 7% ársvaxta frá 1. apríl 1966 til greiðsludags.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi rak trésmíðaverkstæði að Álfhólsvegi 11 í Kópavogi. Hinn 11. janúar 1963 tók stefnandi brunatryggingu hjá stefnda að fjárhæð kr. 250.000.00, er skyldi tryggja gegn eldsvoða unnið og óunnið efni í verkstæði stefnanda. Var trygging þessi tekin fyrir tímabilið 11. janúar—1. október 1963. Greiddi stefnandi iðgjald þessa tryggingartímabils. Í byrjun septembermánaðar árið 1963 tók stefnandi brunatryggingu hjá stefnda að fjárhæð kr. 1.240.000.00, er skyldi tryggja gegn eldsvoða vélar, verkfæri og efni, unnið og óunnið, í verkstæðinu. Var trygging þessi tekin fyrir tímabilið frá 1. nóvember 1963 til 1. október 1964. Iðgjald fyrir þetta tímabil greiddi stefnandi þegar, er tryggingin var tekin. Er hinu fyrsta umsamda tryggingartímabili lauk, eða hinn 1. október 1964, sendi stefndi stefnanda tilkynningu um gjalddaga iðgjalds næsta tryggingartímabils, þ. e. frá 1. október 1964 til 1. október 1965, en fjárhæðin nam kr. 8.053.00. Iðgjald þetta greiddi stefnandi ekki. Í byrjun októbermánaðar 1965 mun stefndi hafa sent stefnanda tilkynningu um gjalddaga iðgjalds næsta tryggingartímabil, 1. október 1965 til 1. október 1966, fjárhæð þess kr. 9.064.00. Tryggingariðgjald þetta greiddi stefnandi ekki. Hinn 2. marz 1966 kom upp eldur í húseigninni að Álfhólsvegi 11, og gereyðilagðist hún ásamt verkstæði stefnanda, öllum vélum, verkfærum, húsgögnum í smíðum og óunnu efni. Stefnandi leitaði nú eftir greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar, kr. 1.240.000.00, hjá stefnda, en var synjað um greiðslu eftir ítrekaðar viðræður við forráðamenn stefnda. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta til heimtu tjónbótanna.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að greindur tryggingarsamningur þeirra aðiljanna hafi verið í fullu gildi og að ábyrgð stefnda samkvæmt tryggingarsamningnum hafi ekki verið niður

fallin, er umræddur tjónatburður varð. Er því haldið fram, að 2. gr. hinna almennu skilmála vátryggingarsamningsins sé þannig orðuð, að vátryggingartaki geti eigi skilið hana á annan veg en þann, að samningurinn sé í gildi sem og ábyrgð félagsins, á meðan félagið segir ekki samningnum upp skriflega eða krefst ekki ógreiddra iðgjalda á annan þann hátt en gert var gagnvart stefnanda máls þessa. Er á það bent af hálfu stefnda, að er fyrsta tryggingartímabilinu lauk samkvæmt tryggingarskírteini því, sem fjallað er um í málinu, hafi stefndi sent út tilkynningar um, hve hátt iðgjald bæri að greiða fyrir næsta tryggingartímabil. Sami háttur hafi verið á hafður, er næsta tryggingartímabili lauk. Er því haldið fram, að þessar síðari tilkynningar hafi ekki á neinn hátt veitt upplýsingar um, að fyrra iðgjald væri í vanskilum. Er á það bent, að tilkynningar sem þessar séu ekki sendar sem ábyrgðarbréf og skipti það stefnda engu, hvort þær komist til skila eða ekki. Er því haldið fram, að ákvæði laga nr. 20/1954 beri að skilja svo, að ákveðin krafa um greiðslu ógreidds iðgjalds sé með vitund tryggingafélagsins komin í hendur tryggingartaka. Hins vegar hafi stefndi ekki sent nokkra tilkynningu, aðvörun eða kröfubréf, er sýnt hafi vanskil stefnanda á greiðslum iðgjalda, og ekki hafi verið gerð nein gangskör að því af hálfu stefnda að útskýra fyrir stefnanda, að iðgjald væri ógreitt og hann gæti átt á hættu, að tryggingarsamningur aðiljanna og/eða ábyrgð stefnda væri ekki í gildi. Er því haldið fram, að framkvæmd stefnanda á þessu atriði sé ekki í neinu samræmi við orðalag hinna almennu tryggingarskilmála. Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að stefndi hafi í rekstri sínum svokallað bónuskerfi, er felist í því, að viðskiptamenn, sem eru aðiljar tryggingarsamninga stefnda, er framlengist eitt ár í senn, njóti lækkunar á iðgjaldi sínu, ef rekstur félagsins leyfi slíkt. Þessarar iðgjaldalækkunar hafi stefnandi notið fyrir annað tryggingartímabilið sem hver annar fastur viðskiptamaður félagsins. Hins vegar hafi félagið enga bónusgreiðslu veitt við endurnýjun samningsins í októbermánuði 1965, en þetta sýni að stefnandi hafi notið sömu kjara og aðrir tryggingatakar á árunum 1964, 1965 og 1965—1966. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi muni einnig hafa álitið tryggingarsamning aðiljanna í fullu gildi, þar sem auk þess, sem að framan er rakið, hafi verkstæði stefnanda og aðbúnaður allur verið skoðaður af og til af sérstökum eftirlitsmönnum stefnda samkvæmt heimild, sem stefndi hafi áskilið sér, á meðan tryggingin

stóð, samkvæmt 7. lið 2. gr. hinna almennu tryggingarskilmála. Skoðunarmenn stefnda hafi m. a. komið í þessu skyni í verkstæði stefnanda síðari hluta októbermánaðar 1965 sem og í byrjun janúarmánaðar 1966. Stefnandi hafi þá rætt við þá og hafi þeir gefið þá skýringu á erindi sínu, að þeir væru að kanna, hvort nokkuð væri athugavert hjá stefnanda, að því er varðaði brunahættu, þar sem hér væri um að ræða mjög háa tryggingarfjárhæð.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi oftar en einu sinni, er tjón hafi orðið af völdum bruna, greitt tryggingartaka tjónbætur að frádregnum ógreiddum iðgjöldum, sem í vanskilum voru, og er af hálfu stefnanda bent á tvö slík tilvik. Er því haldið fram, að stefndi, sem muni vera stærsta tyggingafélag landsins, hljóti að hafa ákveðnar viðskiptavenjur, er hann hafi mótað í uppgjörum á tjónum, þegar um vanskil á iðgjaldagreiðslum er að ræða. Geti vart verið, að einum viðskiptamanni séu greiddar tjónbætur eftir óralöng vanskil, en ekki öðrum, er aðeins skuldi iðgjöld fyrir tvö tryggingartímabil, enda sé stefnda ekki stætt á því að mismuna viðskiptavinum sínum með þeim hætti.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að er fyrsta tryggingartímabil umræddrar brunatryggingar rann út og nýtt árstímabil hófst af sjálfu sér þann 1. október 1964, hafi stefndi sent út tilkynningu til stefnanda að Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði, sem hafi falið í sér kröfu um iðgjald fyrir hið nýja tryggingartímabil, og hafi iðgjaldið verið tilgreint í tilkynningunni svo og gjalddagi, 1. október 1964. Stefnanda hafi og verið send ítrekun hálfum mánuði síðar, en hann hafi hvorki þá né síðar greitt iðgjaldið. Afleiðingin af þessu hafi orðið sú samkvæmt 1. tl. 2. gr. vátryggingarskilmálanna, að ábyrgð stefnda hafi fallið niður að viku liðinni frá upphafi tryggingartímabilsins, sbr. og síðari málslið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954. Því er lýst yfir af hálfu stefnda, að það sé ekki venja hans að segja upp vátryggingarsamningi, þótt vanskil verði nokkur á greiðslu iðgjalds. Því hafi verið litið svo á af hans hálfu við upphaf nýs tryggingartímabils, er hófst hinn 1. október 1965, að vátryggingarsamningurinn væri enn í gildi, og því hafi verið send tilkynning og ítrekun til stefnanda á sama hátt og árið áður, rituð á nafn stefnanda að Álfhólsvegi 11 í Kópavogi, en alger vanskil hafi orðið af hálfu stefndana. Því hafi tryggingarsamningur aðiljanna fallið úr gildi, er þrír mánuðir voru liðnir frá því síðara iðgjalds-

ins var krafizt, sbr. 15. gr. laga nr. 20/1954, og hafi eigi raknað við eftir það. Það kemur fram af hálfu stefnda, að tilkynningar til stefnanda hafi verið sendar í almennum pósti. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að tjón stefnanda, sem varð við brunann hinn 2. marz 1966, hafi ekki verið á ábyrgð stefnda samkvæmt umræddri brunatryggingu. Af hálfu stefnda er á það bent, að stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnda bústaðaskipti sín frá Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði að Digranesvegi 97 í Kópavogi og verði stefnandi að bera hallann af því samkvæmt 33. gr. laga nr. 20/1954. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að það hafi nokkra þýðingu fyrir úrslit málsins, þótt starfsmenn stefnda hafi skoðað starfsstofu stefnanda skömmu fyrir tjónatburðinn, enda hafi stefnandi þá verið með aðra tryggingu hjá stefnda, sem hafi verið fullt tilefni skoðunarinnar. Þá er því mótmælt af hálfu stenda, að uppgjör á tjónum annarra viðskiptamanna stefnda hafi verið framkvæmt með þeim hætti, að það geti skapað stefnanda nokkurn grundvöll til kröfugerðar í máli þessu. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að fallið væri frá þeirri málsástæðu, sem fram kemur í greinargerð, að krafa stefnanda sé fyrnd. Þá eru eigi byggðar varnir á því, að um tvítryggingu eða tryggingarsvik sé að ræða.

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að er hann tók umrædda tryggingu, hafi hann fengið í hendur tryggingarskilmála eins og þá, sem lagðir hafa verið fram í málinu, en ekki kveðst hann muna, hvort nokkuð frekar hafi fylgt tryggingarskilmálunum. Stefnandi kveður öll skjöl sín hafa brunnið, er verkstæði hans brann, og hafi hann engin gögn í höndunum varðandi trygginguna. Stefnandi kveðst aldrei hafa fengið tilkynningu frá stefnda um gjalddaga iðgjalds tryggingarinnar 1. október 1964 og ekki heldur um gjalddaga iðgjalds tryggingarinnar 1. október 1965. Stefnandi kveður það hafa komið fram eftir brunann, að stefndi hafi sent tvær tilkynningar um greiðslu iðgjalda. Kveðst stefnandi þá þegar hafa lýst yfir, að hann hafi ekki fengið tilkynningar þessar. Stefnandi kveður það sennilega hafa verið fljótlega, eftir að hann tók umrædda tryggingu, sem hann hafi flutt í núverandi heimili sitt að Digranesvegi 97 í Kópavogi og hafi hann tilkynnt þau aðsetursskipti. Ekki kveðst hann minnast þess að hafa tilkynnt stefnda þessi aðsetursskipti. Stefnandi kveður forstjóra útibús stefnda í Hafnarfirði, Guðmundi Þorlákssyni, hafa verið vel kunnugt um, að hann var fluttur, því að forstjórinn hafi oft komið í verzlun hans í Kópavogi. Stefnandi

kveður það aldrei hafa komið fram hjá forstjóra umboðs stefnda í Hafnarfirði, er þeir töluðu saman, að hann, þ. e. stefnandi, skuldaði iðgjöld til stefnda. Stefnandi kveður þá Guðmund vera góða kunningja og hafi þeir oft átt tal saman í og við starfsstofu stefnanda í Kópavogi. Ekki kveður stefnandi nein samskipti hafa verið milli aðiljanna varðandi brunatryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, nema það að tveimur mánuðum fyrir brunann eða í kringum áramótin hafi skoðunarmenn stefnda komið í verkstæðið og verzlunarhúsið og skoðað þau. Kveðst stefnandi hafa spurt skoðunarmennina að því, hvort þeir skoðuðu öll hús, en þeir hafi aðeins sagzt skoða hús, sem væru með háar tryggingar og hús hans, þ. e. stefnanda, væri með háa tryggingu. Kveður stefnandi skoðunarmennina hafa komið tvisvar með stuttu millibili. Stefnandi kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að iðgjald fyrir tryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, væri í vanskilum, fyrr en Brúno Hjaltested hafi skýrt sér frá því daginn eftir brunann og hafi þetta þá komið flatt upp á sig. Kveður stefnandi Brúno hafa lofað að fara í gegnum þetta fyrir sig, því að svo virtist sem þetta væri ekki í nógu góðri reglu hjá umboði stefnda í Hafnarfirði. Kveður stefnandi þetta sama hafa komið fram í samtali, sem hann hafi átt við Ásgeir Magnússon, forstjóra stefnda. Auk tryggingar þeirrar, sem fjallað er um í máli þessu, kveðst stefnandi hafa keypt aðra tryggingu hjá stefnda. Hafi þar verið um að ræða brunatryggingu að fjárhæð kr. 300.000.00 fyrir vélar og lausamuni og hafi hún verið tekin hjá umboði stefnda í Kópavogi. Kveðst stefnandi hafa fengið tilkynningu um gjalddaga þeirrar tryggingar. Kveðst stefnandi hafa verið krafinn um iðgjaldið og hafi þá verið komið fram yfir gjalddaga. Hann kveðst ekki hafa haft reiðufé og hafi sá, sem krafði, viljað fá samþykktan víxil fyrir iðgjaldinu. Kveðst stefnandi síðan hafa samþykkt víxil fyrir því. Stefnandi kveðst hafa tekið tryggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands að fjárhæð kr. 1.060.000.00 og hafi þar verið um að ræða brunatryggingu á lausafé. Kveðst stefnandi telja, að hann hafi tekið þessa tryggingu, eftir að hann tók tryggingu þá hjá stefnda, sem fjallað er um máli þessu. Kveðst hann hafa fengið tilkynningar frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands um gjalddaga þessarar tryggingar og hafi þær komið í almennum pósti. Stefnandi kveðst hafa fengið greiddar bætur fyrir brunatjónið frá Brunabótafélagi Íslands og Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Hann kveður trygginguna hjá Brunabótafélagi Íslands hafa verið skyldubruna-

tryggingu, en ekki kveðst hann muna, hversu háar bæturnar voru. Þá kveðst stefnandi einnig hafa fengið greiddar kr. 300.000.00 frá stefnda og hafi sú greiðsla verið á grundvelli brunatryggingarinnar á vélum og lausafjármunum.

Brúno Hjaltested, deildarstjóri hjá stefnda, hefur skýrt svo frá, að samkvæmt auðkennum á tryggingarbeiðni varðandi tryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, sé sennilegt, að tryggingin hafi í upphafi verið tekin fyrir milligöngu tryggingasafnara. Tryggingin hafi síðan verið yfirfærð til aðalskrifstofunnar í Reykjavík, þar sem tryggingar endurnýist ekki hjá tryggingasöfnurum, en síðan hafi tryggingin verið flutt til Hafnarfjarðar vegna búsetu stefnanda þar. Ekki kveðst deildarstjórinn þó geta upplýst þetta með vissu, þar sem hann hafi ekki fjallað sjálfur um tryggingu þessa. Deildarstjórinn kveður þá stefnanda hafa talað saman næstu daga eftir brunann. Kveðst hann hafa hringt heim til stefnanda daginn eftir brunann eða næstu daga til að láta stefnanda vita, að iðgjald brunatryggingarinnar væri ógreitt, en stefnandi hafi þá ekki verið heima, en hann kveðst hafa skýrt eiginkonu stefnanda frá þessu. Deildarstjórinn kveður það vera svo, þegar viðskiptavinir stefnda séu ekki sammála þeim ákvörðunum, sem teknar séu, að þá séu starfsmenn stefnda fúsir til að athuga málið betur, en það þýði hins vegar ekki, að sjónarmið stefnda breytist, það fari eftir atvikum hverju sinni. Ekki kveðst deildarstjórinn minnast þess, að hann hafi látið nein orð falla um óreiðu eða mistök hjá umboði stefnda í Hafnarfirði. Hann kveður Guðmund Þorlákssson í upphafi hafa verið umboðsmann stefnda í Hafnarfirði. Síðan hafi þróunin orðið sú, að Samvinnubankinn hafi tekið að sér umboð stefnda og hafi þá Guðmundur jafnframt orðið útibússtjóri bankans. Síðan hafi Guðmundur smátt og smátt snúið sér meira að störfum sínum við bankann, en ráðið starfsfólk til að vinna við tryggingaumboðið. Deildarstjórinn kveður fólk það, sem starfaði hjá umboði stefnda í Hafnarfirði á þessum tíma, þau Hjalta og Huldu, hafa skýrt sér frá því, að tilkynningar um gjalddaga hafi verið sendar út fyrir gjalddaga og ítrekanir hálfum mánuði til þrem vikum eftir gjalddaga. Deildarstjórinn kveður, að svo kunni að vera, að einhverju hafi verið breytt um uppsetningu á beiðninni um brunatryggingu, en fyrirkomulagið sé það sama eða mjög svipað. Sama sé að segja um tryggingarskírteinið og tryggingarskilmálana. Hann kveður skilmálana þá sömu og fram hafi komið í máli þessu og skírteinið einnig eins og það, sem

fram komi í málinu, og sé skírteininu stungið á vasa innan á kápu með tryggingarskilmálunum. Deildarstjórinn kveður stefnda krefja um gjaldfallin iðgjöld með því að senda út sérstaka innheimtumenn og sé þetta allavega gert hér í Reykjavík. Kveðst hann einnig telja, að þetta hafi verið gert á árunum 1964 og 1965, að minnsta kosti hér í Reykjavík. Deildarstjórinn kveður sér kunnugt um, að auk tryggingar þeirrar, sem fjallað er um í máli þessu, hafi stefnandi verið með tvær aðrar brunatryggingar hjá stefnda. Önnur tryggingin hafi verið fyrir vélar og lausamuni, en hin fyrir íbúðarhús stefnanda, sem verið hafi í byggingu. Kveður deildarstjórinn sér kunnugt um, að iðgjald fyrri tryggingarinnar hafi stefnandi greitt með tékka og hafi hann fengið tjón sitt bætt úr þeirri tryggingu, er umræddur bruni varð. Hann kveður iðjald síðari tryggingarinnar hafa verið greitt með víxli eða víxlum, sem lagðir hafi verið inn í Samvinnubankann til innheimtu.

Vitnið Hjalti Jóhannsson kveðst hafa verið starfsmaður tryggingaumboðs stefnda í Hafnarfirði frá lokum septembermánaðar 1964 til seinni hluta árs 1965. Hann kveður rekstur tryggingaumboðsins og útibús Samvinnubankans í Hafnarfirði hafa verið í sama húsnæði og undir sömu stjórn. Hjalti kveðst í fyrstu eingöngu hafa starfað að málefnum tryggingaumboðsins, en síðari hluta starfstíma síns kveðst hann hafa færzt meira yfir í bankastarfsemina. Hjalti kveðst muna það vel, að fyrsta verk sitt hjá tryggingaumboðinu hafi verið að senda út tilkynningar um gjalddaga brunatrygginga. Kveður hann skrifstofunni í Hafnarfirði hafa borizt gögn varðandi þetta frá aðalskrifstofu stefnda í Reykjavík, sem búið hafi verið að árita í skýrsluvélum fyrirtækisins í Reykjavík. Kveður Hjalti hér hafa verið um að ræða samfest blöð, sem verið hafi kvittun, tilkynning og ítrekun. Einnig kveður hann sig minna, að þarna hafi líka verið blað með afriti fyrir umboðsmanninn. Kveðst Hjalti hafa brotið tilkynningarnar, heft þær saman og stimplað þær með stimpli umboðsins í Hafnarfirði, en síðan hafi tilkynningarnar verið sendar til aðalskrifstofunnar í Reykjavík, en þar hafi þær verið stimplaðar í póststimplunarvél. Hjalti kveðst síðan ekki hafa haft frekari afskipti af þessu, fyrr en viðskiptavinirnir svo hafi komið til að greiða. Ef viðskiptavinir ekki greiddu, kveður Hjalti þeim hafa verið send ítrekun nokkrum vikum seinna, og kveður hann sig minna, að það hafi verið gert með sama hætti. Hjalti kveður uppsetningu tilkynninganna hafa verið með svolítið öðrum

hætti en tilkynningar, sem sendar voru um gjalddaga 1. október 1969 og lagðar hafa verið fram í málinu, en kveðst telja, að efnislega hafi tilkynningarnar verið alveg eins. Hjalti kveður innheimtumann hafa farið út til að innheimta ógreidd iðgjöld töluverðan hluta sumarsins 1965 og kveður sér ekki kunnugt um aðrar innheimtutilraunir varðandi ógreidd iðgjöld. Ekki kveðst Hjalti sérstaklega muna eftir viðskiptum stefnanda máls þessa við tryggingaumboðið, enda þekki hann ekki stefnanda í sjón. Ekki kveðst Hjalti hafa farið yfir þær tryggingar, sem í vanskilum voru, til að taka úr til sérstakra innheimtuaðgerða tryggingar með háum iðgjöldum og veit ekki til, að slíkt hafi verið gert. Hjalti kveðst ekki hafa haft uppi neinar sérstakar innnheimtutilraunir vegna ógreiddra iðgjalda brunatrygginga. Í þeim tilvikum, að iðgjöld kaskotrygginga bifreiða hafi ekki verið greidd, kveðst hann hins vegar hafa tekið upp hjá sjálfum sér að hringja í tryggingartaka til að rukka, en ekki kveður hann það hafa verið gert eftir fyrirmælum forstöðumanna tryggingaumboðsins. Hann kveður kaskotryggingar hafa verið með allt að fjórum gjalddögum á ári og iðgjöldin tiltölulega há og kaskotryggingar í vanskilum ekki margar. Kveðst hann hafa gert þetta, til þess að ekki söfnuðust saman mörg iðgjöld í vanskilum. Kveðst hann hafa þekkt flesta af þeim, sem höfðu kaskotryggingar á bifreiðum sínum hjá umboðinu.

Ákvæði 1.—4. tl. 2. gr. hinna almennu tryggingarskilmála eru svohljóðandi:

„Iðgjaldagreiðslur.

1. Ábyrgð félagsins hættir, ef fyrsta iðgjald greiðist ekki, þegar krafizt er. Á sömu leið fer, ef seinna iðgjald greiðist ekki innan viku, eftir að krafizt er.
2. Nú er iðgjald vangoldið, og er þá félaginu heimilt að segja upp tryggingunni eða innheimta iðgjaldið með aðstoð dómstólanna, ásamt kostnaði.

Endurnýjun.

3. Almennur gjalddagi brunatrygginga félagsins er 1. október (15. október fyrir skyldutryggð hús). Tryggingar, sem hafa þennan gjalddaga og gilda eitt ár í senn, halda áfram og endurnýjast af sjálfu sér, unz þeim er sagt upp skriflega að minnsta kosti mánuði áður en tryggingartímabilið rennur út.
4. Tryggingar, sem gilda eitt ár í senn, en hafa annan gjalddaga en greinir í (3), eru skammtímatryggingar og baka félaginu

enga ábyrgð fram yfir lokadag. Sama gildir um tryggingar, sem keyptar eru eða endurnýjaðar fyrir styttri tíma en eitt ár í senn."

Fram er komið, að með tilkynningu, dags. hinn 20. október 1964, voru tilkynnt aðsetursskipti stefnanda og fjölskyldu hans frá Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði að Digranesvegi 97 í Kópavogi frá og með 30. september 1964.

Eigi hafa komið fram í málinu endurrit eða sýnishorn þeirra tilkynninga, sem stefndi sendi stefnanda um og eftir mánaðamót september og október 1964 og 1965, en tilkynning var ítrekuð einu sinni hvort haust. Hins vegar er viðurkennt, að í tilkynningum þessum hafi verið greint frá gjalddaga og fjárhæð iðgjalds þess, sem stefnanda bar að greiða samkvæmt vátryggingarsamningi aðilja. Varð með hliðsjón af samningi þessum því ekki lagður annar skilningur í þessar orðsendingar en að iðgjalds væri krafizt af hálfu stefnda. Hafði stefndi að þessu leyti fullnægt skilyrðum 14. gr. laga nr. 20/1954 fyrir því, að ábyrgð félagsins félli niður í tilefni af greiðslufalli á iðgjaldi. Stefnandi hefur synjað fyrir, að hann hafi tekið á móti nokkrum þessara tilkynninga. Þar ber þess að gæta, að um það leyti sem tilkynningar þessar voru sendar stefnanda haustið 1964, fluttist hann búferlum frá Hafnarfirði til Kópavogs, en eigi lét hann stefnda vita um aðsetursskiptin. Hefur engin sennilegri skýring verið gefin en að þar sé að leita orsakanna fyrir því, að stefnandi fékk eigi tilkynningarnar haustið 1964, og á það ekki hvað sízt við þá síðari. Verður þess vegna að leggja til grundvallar, að ábyrgð stefnda hafi fyrir löngu verið niður fallin, er bruninn varð hinn 2. marz 1966, sbr. 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga nr. 20/1954. Verður ekki fallizt á með stefnanda, að honum hafi verið rétt að líta svo á, að vátryggingarskilmálar stefnda fælu í sér frávik frá þessum reglum, enda bendir orðalag þeirra til hins gagnstæða, sbr. einkum 1. tl. 2. gr. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að viðskiptahættir stefnda hafi verið slíkir, að ábyrgð félagsins hafi ekki getað lokið í samræmi við umræddar reglur. Loks hafa eigi verið leidd í ljós nein þau atvik, sem gátu valdið því, að ábyrgð stefnda raknaði við.

Samkvæmt ofangreindu verða málsúrslit þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Kristjánsson, löggiltur endurskoðandi, og Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Páls M. Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Guðmundar Jónssonar borgardómara.

Það er fram komið, að stefnandi getur ekki lagt fram sýnishorn af eyðublöðum fyrir tilkynningar til viðskiptamanna sinna um gjalddaga trygginga 1. október 1964 og 1. október 1965. Hins vegar hafa verið lagðar fram endurnýjunarkvittanir fyrir tryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, fyrir árin 1964 og 1965 svo og afrit umboðsmanns af kvittunum þessum rituð á nafn stefnanda og útfyllt að öðru leyti. Er fyrri kvittunin rituð á nafn stefnanda að Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði, en síðari kvittunin á nafn hans að Álfhólsvegi 11 í Kópavogi, en það var tryggingarstaður samkvæmt tryggingarsamningi aðiljanna.

Á endurnýjunarkvittuninni frá 1964 er tilgreind tryggingarupphæð, iðgjald, söluskattur, tekjuafgangur reiknaður stefnanda til tekna og síðan heildarfjárhæð greiðslu. Á endurnýjunarkvittuninni frá 1965 eru sömu liðir að undanskildum tekjuafgangi. Á endurnýjunarkvittuninni frá 1964 og afriti umboðsmanns er svofelld áletrun: „Fyrir ofangreinda brunatryggingu hefur verið greitt endurnýjunariðgjald fyrir tímabilið 1. október 1964 til 1. október 1965 kl. 12 á hádegi, sem hér með kvittast fyrir". Á endurnýjunarkvittuninni fyrir 1965 og afriti umboðsmanns er svofelld áletrun: „Gjalddagi ofangreindrar brunatryggingar er 1. október 1965. Iðgjaldið biðjum vér yður vinsamlegast að greiða á gjalddaga, og óskast tilkynning þessi sýnd um leið og greitt er."

Í málinu hafa einnig verið lögð fram sýnihorn tilkynninga um gjalddaga trygginga 1. október 1966, 1. október 1967 og 1. október 1969. Tvö fyrri eyðublöðin eru eins og eyðublöðin fyrir endurnýjunarkvittunina og afrit hennar frá 1965 að öðru leyti en því, að í stað áletrunarinnar „Endurnýjunarkvittun 1965" eru áletranirnar „Tilkynning um gjalddaga 1. október 1966,, og „Tilkynning um gjalddaga 1. október 1967", og auk þess eru á tilkynningunum svofelld áletrun „Sýnið þessa tilkynningu um leið og greitt er." Eyðublaðið frá 1969 er í öllum meginatriðum eins og tilkynningarnar frá 1966 og 1967 að öðru leyti en því, að því er ætlað að geyma fleiri upplýsingar um hið tryggða og tryggingunna.

Á stefnda hvílir sönnunarbyrði um efni tilkynninga þeirra, sem hann sendi við gjalddaga brunatryggingarinnar 1. október

1964 og 1965. Þótt tilkynningar þessar hafi haft að geyma upplýsingar um gjalddagana sjálfa og fjárhæðir iðgjalda, svo sem eigi er vefengt af hálfu stefnanda, að verið hafi, þá verður það ekki talið nægilegt til að talið verði, að með þeim hafi stefndi fullnægt ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 20/1954, sbr. og 1. tl. 2. gr. hinna almennu tryggingarskilmála um að krefja stefnanda um greiðslu iðgjaldanna. Verður því að telja, að tryggingarsamningur aðiljanna hafi verið í gildi og ábyrgð stefnanda samkvæmt honum virk, er umræddur tjónatburður varð, og beri stefnda því að greiða stefnanda tryggingarfjárhæðina, en ágreiningslaust er, að óbætt tjón stefnanda nemi a. m. k. þeirri fjárhæð. Stefnandi á ógoldin iðgjöld áranna 1964 og 1965, og er ágreiningslaust, að stefnanda hafi af þeim sökum borið að greiða kr. 17.117.00 (8.053.00+9.064.00). Ber stefnda því að greiða stefnanda tryggingarfjárhæðina, kr. 1.240.000.00, að frádreginni þessari fjárhæð, eða kr. 1.222.883.00, eins og krafizt er. Þá ber stefnda og að greiða stefnanda 8% ársvexti, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1954, af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er, frá 1. apríl 1966 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 112.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, Páli M. Jónssyni, kr. 1.222.883.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 112.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. desember 1972.

Nr. 56/1972: **Hilmar Snær Hálfdánarson**
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
gegn
Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. kröfuhafa í þrotabúi Hilmars Snæs
Hálfdánarsonar og Unnsteini Beck
skiptaráðanda vegna þrotabúsins
(Jón Oddsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skiptamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1972. Krefst hann þess, að slysabætur, kr. 748.125.00, sem Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f afhenti skiptaráðanda og „er sérgreint í vörzlu þrotabús hans", verði haldið utan þrotabúsins og afhent honum óskert. Þá krefst hann og 7% ársvaxta af greindri fjárhæð frá 1. desember 1971 til greiðsludags og svo málskostnað úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur, sem áfrýjuðu málinu með stefnu 31. maí 1972, krefjast sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í úrskurði skiptadóms.

Það var eigi á valdi skiptadóms að skylda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f til að greiða þrotabúinu slysabótafjárhæðina, sbr. 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Hins vegar var bótafé afhent skiptaráðanda, og málsaðiljar voru ásáttir um að leggja ágreiningsefnið undir úrskurð skiptadóms. Að svo vöxnu máli þykir hann hafa átt dómsvald í málinu.

Í þinghaldi í skiptadómi Reykjavíkur 8. júní 1970 er meðal annars skráð: „Skiptaráðandi lýsti yfir því, að hann mundi tilkynna Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, að hann teldi,

að bótagreiðslur vegna áðurgreindra slysfara ættu að renna í þrotabú gjaldþrota,...". Sama dag ritaði skiptaráðandi Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f bréf og tilkynnti félaginu, að bú aðaláfrýjanda hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þá segir svo í bréfinu: „Hilmar hefur gert kröfu á félag yðar um bætur vegna slyss, sem hann varð fyrir, er bifreiðin S 382, sem hann var farþegi í, valt á Brúarhálsi í N-Múlasýslu hinn 28. júní 1965. Verði höfð uppi af hálfu tjónþola frekari bótakrafa út af þessu slysi, tel ég, að bæturnar eigi að renna í gjaldþrotabú hans."

Þykir skiptaráðandinn hafa fjallað um ágreiningsefnið með þeim hætti, að hann hafi átt að víkja úr dómarasæti. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og málsmeðferð í héraði frá og með sáttaumleitun í þinghaldi 6. desember 1971 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð málsins frá og með sáttaumleitun í þinghaldi 6. desember 1971 og svo úrskurðurinn eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 18. apríl 1972.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 14. f. m., hefur sóknaraðili, Hilmar Snær Hálfdánarson, nú búsettur í Svíþjóð, en áður að Holtsgötu 7 hér í borg, krafizt þess, að tryggingarfé vegna slysabóta að fjárhæð kr. 748.125.00, sem Sjóvátryggingarfélag Íslands hefur afhent skiptarráðanda vegna þrotabús sóknaraðilja, verði afhent honum óskert og komi ekki til úthlutunar til kröfuhafa í þrotabúi hans. Til vara gerir hann á sama grundvelli kröfu um, að sá hluti bótafjárins, sem greitt er vegna áætlaðs örorkutjóns hans, eftir að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 8. júlí 1968, verði afhent honum úr þrotabúinu. Fjárhæð þessa hluta telur hann vera kr. 627.742.00 auk vaxta. Þá gerir hann í varakröfunni

einnig tilkall til fjár vegna miskabóta, kr. 60.000.00, auk vaxta.

Til þrautavara krefst sóknaraðili þess, að honum verði afhentur sá hluti bótafjárins, sem telst til miskabóta, kr. 60.000.00, auk vaxta.

Varnaraðiljar, sem eru kröfuhafar í þrotabúi sóknaraðilja vegna búsins, krefjast þess aðallega, að kröfu sóknaraðilja verði hafnað og að bótafjárhæð sú, kr. 748.125.00, sem skiptaráðanda hefur verið afhent, renni öll í þrotabúið, en til vara krefjast þeir, að sóknaraðili fái einungis lítinn hluta fjárins til eigin eignar. Þá krefjast varnaraðiljar málskostnaðar að mati dómara.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. júní 1965 lenti sóknaraðili í bifreiðaslysi og hlaut við það veruleg meiðsl. Hefur læknir metið örorku hans af þeim sökum fyrstu 3 ár og 9 mánuði eftir slysið frá 100%—25%, en upp frá því 20% varanlega örorku. Af þessu tilefni gerði sóknaraðili kröfu á tryggjanda bifreiðarinnar, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, en ekki er ljóst, hve há sú krafa var eða hvort hún var í upphafi miðuð við ákveðna fjárhæð.

Með úrskurði, uppkveðnum 8. júl 1968, var bú sóknaraðilja tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Björns Hermannssonar hæstaréttarlögmanns og að undangengnu árangurslausu fjárnámi. Gefin var út innköllun til skuldheimtumanna, og nema lýstar kröfur í búið kr. 774.365.00 auk vaxta og kostnaðar. Ekki fundust aðrar eignir í búinu en bótakrafa þrotamanns á hendur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f vegna slysfara þeirra, er fyrr getur. Síðar tæmdist þrotamanni föðurarfur. Hefur skiptaráðandi gert tilkall til erfðarfjárins fyrir hönd þrotabúsins, en skipti hafa ekki farið fram á dánarbúinu, og er því fjárhæð þessarar kröfu óviss.

Þegar skiptaráðanda varð kunnugt um kröfu þrotamanns sóknaraðilja á hendur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, tilkynnti hann vátryggingarfélaginu, að hann teldi, að væntanlegt bótafé ætti að renna í þrotabú sóknaraðilja. Þessari afstöðu skiptaráðanda mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja þegar og krafðist þess, að bótafé yrði greitt umbjóðanda hans. Á þessu stigi málsins hafði bótafjárhæðin enn ekki verið ákveðin. Á skiptafundi í þrotabúinu 8. maí 1970 voru til umræðu mótmæli umboðsmanns sóknaraðilja gegn því, að bótafé yrði greitt í þrotabúið. Krafðist gjaldþrotabeiðandi þess, að skiptaráðandi héldi fast við kröfu þrotabúsins til bótafjárins. Leið svo, að ekkert þokaðist um þessi mál, en sóknaraðili dvaldist erlendis, og munu samskipti við hann hafa verið nokkuð óhæg.

Á skiptafundi í þrotabúinu 8. júní 1970 tilkynnti skiptaráðandi, að ekki mundi verða unnt að draga margnefnt bótafé undir þrotabúið nema með málssókn, en búið ætti ekki fé til að kosta málaferli. Leitaði hann eftir því, hvort kröfuhafar vildu á eigin ábyrgð reka mál út af kröfunni, en þeir töldu sig ekki við því búna, svo sem málið lægi fyrir, enda mun hafa skort ýmis gögn frá sóknaraðilja, svo sem örorkumat, sem nauðsynleg voru til að byggja kröfugerð á. Skiptaráðandi lýsti þá yfir, að hann mundi ljúka skiptum í búinu sem eignalausu, en jafnframt að skipti yrðu tekin upp að nýju, ef bótakröfunni yrði hreyft síðar. Þessi úrslit voru tilkynnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f með bréfi, dags. 8. júní 1970.

Á skiptafundi 11. október s.l. upplýsti umboðsmaður þrotamanns, að náðst hefði samningsgrundvöllur við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um bótagreiðslur til þrotamanns, og á framhaldi þess fundar 29. sama mánaðar var svo ákveðið að ganga fyrir þrotabúsins hönd til samninga við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, en að bótafé yrði afhent skiptaráðanda vegna þrotabúsins og að rekið yrði sérstakt mál í skiptaréttinum um það, hvort eða að hve miklu leyti bótafé yrði greitt þrotamanni sjálfum eða rynni til þrotabúsins. Samkvæmt þessu greiddi vátryggingarfélagið bótafé til skiptaráðanda, og fylgdi því í bréfi svofelld sundurliðun.

Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 627.742.00
— — tímabundna örorku ..	— 122.276.00
	kr. 750.018.00
Frádráttur vegna skattfríðinda og hagræðis af eingreiðslu	— 168.754.00
	kr. 581.264.00
Bætur fyrir miska	— 60.000.00
	kr. 641.264.00
÷ áður greitt	— 77.000.00
	kr. 564.000.00
Vextir í 4 ár og 8 mánuði	— 183.861.00
Greitt skiptaráðanda	kr. 748.125.00

Allir aðiljar hafa orðið ásáttir um þessa bótafjárhæð, og sundurliðun bótanna hefur heldur ekki sætt gagnrýni.

Þegar fé þetta hafði verið greitt af hendi, hófst um það málarekstur, sem ákveðinn hafði verið á skiptafundinum 29. október, hvort því yrði haldið í þrotabúinu og kæmi til úthlutunar til kröfuhafa í því eða það yrði afhent þrotamanni til frjálsrar meðferðar.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að bótakröfur þrotamanns séu svo persónulegs eðlis, að ekki sé rétt, að heimila lánardrottnum hans fullnustu í því fé, sem fyrir þær kemur. Örorkubæturnar beri að meta hliðstætt vinnulaunum, enda komi þær í stað þess, sem ætla megi, að geta þrotamanns til að afla fjár með vinnu sinni hafi skerzt við slysfarirnar. Af þessu leiði, að ekki eigi að heimila fjárnám í slíkum bótum með hliðsjón af reglu 3. mgr. 28. gr. aðfararlaga nr. 19 frá 1887, sem undanþiggur aðför vinnulaun, sem ekki hafa verið greidd af hendi, en þrotabú manns eigi ekki tilkall til þeirra fjármuna, sem undanþegnir eru aðför, sbr. síðasta málslið 11. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25 frá 1929. Til rökstuðnings aðalkröfu sinni hefur sóknaraðili einnig bent á ákvæði 116. gr. og 123. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20 frá 1954, 60. gr. laga nr. 67 frá 1971 um almannatryggingar og 264. gr. almennra hegningarlaga, en hann telur, að ályktanir dregnar af þessum lagaákvæðum styðji það, að bótaféð verði undan því skilið að renna í þrotabú sóknaraðilja.

Varakrafa sóknaraðilja er að meginsjónarmiðum byggð á sömu rökum sem aðalkrafan, en með hliðsjón af ákvæðum 15. gr. gjaldþrotaskiptalaganna gerir sóknaraðili hér ráð fyrir því, að örorkubætur fyrir tímabilið frá slysdegi, þar til sóknaraðili varð gjaldþrota 8. júlí 1968, kunni að eiga að renna inn í þrotabúið, þar sem þær komi í stað fjár, sem ætla mætti, að sóknaraðili hafi verið búinn að vinna sér inn, þegar gjaldþrotið bar að höndum. Við varakröfuna er þess að geta, að á árinu 1969 fékk sóknaraðili greiddar hjá vátryggingarfélaginu kr. 77.000.00 sem fyrirframgreiðslu upp í bótakröfu sína. Mótmælir hann því sérstaklega, að þessi greiðsla verði látin skerða hlut hans af bótafénu, ef varakrafan verður tekin til greina, enda beri að líta á þetta fé sem greiðslu upp í það tjón, sem sóknaraðili hafði þegar beðið, er greiðslan fór fram, snemma árs 1969. Þessari málsástæðu er mótmælt af varnaraðilja, en að öðru leyti hefur fjárhæð varakröfunnar ekki sætt andmælum.

Þrautavarakröfu sína byggir sóknaraðili á því, að miskabætur séu svo persónulegs eðlis, að þær verði ekki gerðar að andlagi fyrir fullnustu til lánardrottna, enda standi þær eðli sínu samkvæmt utan viðskiptasambanda skuldara og lánardrottna.

Varðandi örorkubæturnar hefur sóknaraðili bent á, að sú leið hafi verið farin til að semja um greiðslu þeirra með tímabilsgreiðslum, jafnóðum og áhrif örorkunnar kæmu fram. Ef svo hefði verið samið, hefði meginhluti bótanna verið ennþá ógjaldkræfur, þegar gjaldþrotið bar að, og þess vegna útilokað, að þær féllu í þrotabúið. Samningur um eingreiðslu á bótunum eigi hér engu að breyta.

Varnaraðiljar byggja kröfur sínar á því, að samkvæmt íslenzkum rétti sé engin heimild fyrir þrotamann til að varna því, að bótafé það, sem hér um ræðir, renni inn í þrotabú hans. Samkvæmt samningi þrotamanns við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi verið orðið um hreina fjárkröfu að ræða á hendur félaginu og sú krafa sé nú greidd með peningum af félagsins hálfu. Þetta fé sé ekki undanþegið því að standa til tryggingar fyrir skuldum þrotamanns fremur en eignir hans almennt og eigi það því að renna inn í þrotabúið. Telja varnaraðiljar, að hér skipti engu máli, þótt bæturnar séu að verulegu leyti vegna skerts aflahæfis þrotamanns, því verði þrátt fyrir það ekki jafnað til ógreiddra launa eða annarra þeirra verðmæta, sem að lögum eru undanþegin því að standa kröfuhöfum til fullnustu, en verði svo litið á, að hér komi til greina það sjónarmið, að um ígildi vinnulauna sé að ræða, beri einungis að undanþiggja þrotabúinu óverulegan hluta bótakröfunnar, eða sem svarar örorkubótagreiðslu fyrir þann tíma, sem búið er undir skiptum, sbr. 15. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Er varakrafa varnaraðilja byggð á þessu sjónarmiði. Um miskabæturnar taka varnaraðiljar fram, að þótt þær yrðu taldar undanþegnar því að renna í þrotabú sóknaraðilja, sé þess að gæta, að hann hafi þegar fengið greiddar af bótakröfunni hærri fjárhæð en miskabæturnar námu, en sú greiðsla eigi að sjálfsögðu að dragast frá þeim hluta bótafjárins, sem sóknaraðilja kynni að verða dæmdur, ef hann verður talinn eiga rétt til einhvers hluta bótafjárins.

Engin bein lagafyrirmæli eru um, að bótafé, slíkt sem þetta mál varðar, skuli undanskilið því að renna í þrotabú eiganda þess né að standa til fullnustu á fjárskuldbindingum hans. Þau lagaboð, sem varnaraðili hefur vísað til og rakin eru hér að framan, eiga hér ekki við.

Það er aðalregla, að lánardrottnar manns geti leitað fullnustu í fjármunum hans, og þarf skýra réttarheimild til, að út af því verði brugðið.

Þrotamaður, sóknaraðili máls þessa, eignaðist bótakröfu sína þegar við slys það, er hann varð fyrir hinn 28. júní 1965. Bótakröfunni beitti hann sem fjárkröfu á hendur vátryggjanda, að því er virðist, skömmu síðar. Hann gerði engan fyrirvara um það, að bótafé yrði haldið utan almennra fjárskipta hans, en stofnaði, eftir að hann öðlaðist bótaréttinn, til allra þeirra fjárskuldbindinga, sem lýst hefur verið í þrotabú hans. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að undanskilja fé þetta því að renna í þrotabú sóknaraðilja til fullnustu kröfum, sem þar er lýst. Krafa sóknaraðilja er því ekki tekin til greina. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en uppkvaðning hefur dregizt vegna mikilla embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðlja, Hilmars Snæs Hálfdánarsonar, um, að bótafé frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verði haldið utan þrotabús hans og afhent honum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. desember 1972.

Nr. 109/1972. **Guðbergur Jóhannsson**
Jóhann Björnsson
Ólafía Vilborg Björnsdóttir og
Guðni V. Björnsson
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Jónasi Guðmundssyni og
Guðrúnu Magnúsdóttur
(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Opinber skipti. Úrlausn skiptaráðanda úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. júlí 1972, sem réttinum barst 25. ágúst 1972. Krefjast þeir þess aðallega, „að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið, og að lagt verði fyrir skiptadóm Hafnarfjarðar að endurupptaka meint skipti á dánarbúi Einars Þ. Einarssonar og Elínar Jóhannsdóttur, báðum síðast til heimilis að Reykjavíkurvegi 21, Hafnarfirði, sem talið er að lokið hafi með erfingjaskiptagerningi 26. apríl 1971, en til vara, að málinu verði vísað heim til löglegrar meðferðar og efnisdóms."

Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kærumál þetta hefur verið flutt munnlega samkvæmt heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 57/1962.

Eins og rakið er í úrlausn skiptaráðanda, andaðist Elín Ásta Jóhannsdóttir 2. febrúar 1948. Eftirlifandi eiginmaður hennar, Einar Þórarinn Einarsson, virðist hafa tekið til sín allt búið, en þau hjón áttu eigi sameiginlega erfingja. Fasteignin Reykjavíkurvegur 21 var séreign Elínar heitinnar sam-

kvæmt kaupmála skráðum hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði 9. maí 1936. Hinn 28. júní 1954 gaf skiptaráðandinn í Hafnarfirði út svohljóðandi yfirlýsingu: „Það vottast hér með, að Einar Þórarinn Einarsson erfði íbúðarhúsið Reykjavíkurveg 21 hér ásamt lóðarréttindum og öllu tilheyrandi eftir konu sína Elínu Á. Jóhannsdóttur, er lézt 2. febrúar 1948, samkv. erfðaskrá dags. 23/2 1947". Var yfirlýsingu þessari þinglýst sama dag sem eignarheimild Einars Þórarins. Efni erfðaskrár þeirrar, sem hér um ræðir, er skráð í notarialbók Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Einar Þórarinn Einarsson andaðist 23. desember 1970. Hinn 24. marz 1971 fóru varnaraðiljar, sem eru erfingjar Einars Þórarins samkvæmt erfðaskrá, dagsettri 28. júlí 1968, þess á leit við skiptaráðandann í Hafnarfirði, að þeir fengju bú Einars Þórarins framselt til einkaskipta. Skiptaráðandinn veitti varnaraðiljum leyfi til einkaskipta 29. marz 1971, og luku þeir skiptum 26. apríl s. á.

Ekki er sýnilegt af gögnum málsins, að skiptaráðandi hafi kannað fyrrgreinda gagnkvæma erfðaskrá þeirra Elínar Ástu og Einars Þórarins né eignarheimild Einars Þórarins að Reykjavíkurvegi 21, áður en hann veitti varnaraðiljum leyfi til einkaskipta, en brýn þörf var á af hans hálfu að athuga, hvernig til hagaði um skipti eftir Elínu Ástu. Af hálfu varnaraðilja var mál þetta ekki heldur kannað, eftir því sem málsatvik benda til.

Sóknaraðiljar hófust handa um erfðatilkall sitt og kröfu um opinber skipti röskum 6 mánuðum eftir andlát Einars Þórarins, en þá var einkaskiptunum lokið, eins og að framan greinir.

Sóknaraðiljar byggja erfðakröfur sínar í búið á hinni gagnkvæmu erfðaskrá hjónanna Elínar Ástu og Einars Þórarins frá 23. febrúar 1947.

Þegar framanritað er virt og eins og sakarefni þessu er háttað, þykir rétt, að skiptadómur taki til greina kröfu sóknaraðilja um opinber skipti á dánarbúi Einars Þórarins Einarssonar, enda þykir tilgangur og orðalag 71. gr. laga nr. 3/1878 ekki standa því í vegi.

Samkvæmt þessu ber að fella hina kærðu úrlausn úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að taka dánarbú Einars Þórarins Einarssonar til opinberra skipta.

Eftir þessum málalokum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Það athugst, að skiptaráðandi hefur ranglega nefnt úrlausn sína frávísunardóm.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn skiptaráðanda í máli þessu er felld úr gildi, og ber honum að taka dánarbú Einars Þórarins Einarssonar til opinberra skipta.

Varnaraðiljar, Jónas Guðmundsson og Guðrún Magnúsdóttir, greiði sóknaraðiljum, Guðbergi Jóhannssyni, Jóhanni Björnssyni, Ólafíu Vilborgu Björnsdóttur og Guðna V. Björnssyni, kr. 10.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Manúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Í skiptalögum nr. 3/1878 er ekki sérstaklega kveðið á um það, hvort skiptaráðandi, sem framselt hefur dánarbú til einkaskipta, geti breytt þeirri ákvörðun eftir skiptalok og tekið dánarbúið til opinberrar skiptameðferðar vegna þess, að fram kemur erfðatilkall af hendi manna, sem ekki tóku þátt í einkaskiptunum. Á 71. gr. skiptalaga ekki við um þetta tilvik.

Sóknaraðiljar gáfu sig ekki fram með erfðatilkall eftir Elínu Ástu Jóhannsdóttur, fyrr en liðið var meira en hálft ár frá andláti Einars Þórarins Einarssonar og um það bil 2½ mánuður frá því að varnaraðiljar luku einkaskiptum á búi hans og deildu með sér arfinum. Eftir málflutningi verður að ætla, að sóknaraðiljum hafi strax orðið kunnugt um andlát Einars Þórarins og að þeir hafi þá þegar vitað

um þann erfðagerning, sem þeir reisa erfðatilkall sitt á. Ekkert er komið fram um, að varnaraðiljar hafi vísvitandi leynt atvikum, er þeir fengu dánarbúið framselt til einkaskipta. Glöggar upplýsingar um meðferð varnaraðilja á arfshlutum sínum eftir skiptalok liggja ekki fyrir í málinu. Var skiptaráðanda þegar af framangreindum ástæðum rétt að synja kröfu sóknaraðilja um endurupptöku skiptanna, og eins og hér stendur á, breytir það ekki þessari niðurstöðu, þótt skort hafi á gaumgæfilega könnun af hendi hans, er hann leyfði einkaskipti, en rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Synjað er kröfu sóknaraðilja, Guðbergs Jóhannssonar, Jóhanns Björnssonar, Ólafíu Vilborgar Björnsdóttur og Guðna V. Björnssonar, um endurupptöku skipta á dánarbúi Einars Þórarins Einarssonar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

„Dómur" skiptadóms Hafnarfjarðar 12. júlí 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 27. júní s.l., hafa lögerfingjar Elínar Á. Jóhannsdóttur, Reykjavíkurvegi 21, Hafnarfirði, þau Guðbergur Jóhannsson, Austurgötu 5, Hafnarfirði, bróðir Elínar, Ólafía Vilborg Björnsdóttir (Jóhannssonar), bróðurdóttir Elínar, Jóhann Björnsson, Herjólfsgötu 28, Hafnarfirði, bróðursonur Elínar, og Guðni Vilberg Björnsson, Herjólfsgötu 28, Hafnarfirði, bróðursonur Elínar, höfðað fyrir dóminum með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 3. september s.l. á hendur bréferfingjum Einars Þ. Einarssonar, sem var eiginmaður nefndrar Elínar og lifði konu sína, þeim Jónasi Guðmundssyni, Kópavogsbraut 10, Kópavogi, og Guðrúnu Magnúsdóttur, Hraunhvammi 4, Hafnarfirði.

Sóknaraðiljar gera þær dómkröfur, að varnaraðiljum „verði gert að þola endurupptöku á skiptum á dánarbúi Einars Þ. Einarssonar, Reykjavíkurvegi 21, Hafnarfirði, og skila aftur arfshlutum, sem þeim hefur verið úthlutað úr búinu, svo og að þola ný skipti á dánarbúinu, þar sem skilyrðum til einkaskipta var ekki fullnægt".

Af hálfu varnaraðilja er þess aðallega krafizt, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu og þeim úrskurðaður hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Með úrskurði, uppkveðnum 23. nóvember 1971, vék hinn reglulegi skiptaráðandi í Hafnarfirði sæti, og með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. febrúar s.l., var undirritaður skipaður setuskiptaráðandi í máli þessu.

Bæði vegna þess, að nokkurn tíma tók fyrir setuskiptaráðanda að nálgast fullbúin gögn í máli þessu, svo og vegna mikilla anna hans var mál þetta fyrst tekið fyrir af hans hálfu 25. maí s.l., er nokkur skjöl voru lögð fram, sættir reyndar án árangurs og munnlegur málflutningur ákveðinn um frávísunarkröfu varnaraðilja. Málflutningurinn fór fram 27. júní s.l. og málið þá tekið til dóms eða úrskurðar um það ágreiningsefni.

Í höfuðdráttum eru málavextir í efnisþætti málsins þeir, að í Hafnarfirði bjuggu hjónin Elín Jóhannsdóttir, sem andaðist 2. febrúar 1948, og Einar Þ. Einarsson, sem andaðist hinn 23. desember 1970. Þau hjón áttu enga sameiginlega erfingja. Eftir lát konunnar tók hinn eftirlifandi eiginmaður undir sig allar eignir dánar- og félagsbúsins, og verður ekki séð af þeim gögnum, sem fyrirliggja, að hann hafi leitað atbeina skiptaráðanda Hafnarfjarðar í því sambandi né heldur greitt erfðafjárskatt af búshluta konunnar.

Skömmu eftir lát mannsins, eða hinn 29. marz, leituðu varnaraðiljar í máli þessu til skiptaráðanda og lögðu fram beiðni um einkaskiptaleyfi, vitnaerfðaskrá, dagsetta 28. júlí 1968, en í henni mælir arfláti svo fyrir, að varnaraðiljar í máli þessu, Guðrún Magnúsdóttir og Jónas Guðmundsson, skuli erfa að jöfnu allar eignir arfláta, fastar og lausar, þannig að hvort fái sinn helming eignanna, svo og endurrit úr notarialbók frá 11. september 1968, þar sem segir, að Einar Þ. Einarsson hafi komið fyrir lögbókanda, sannað á sér deili og sýnt tvær vitnaerfðaskrár, aðra dagsetta 29. október 1955, en hina síðari dagsetta 28. júlí 1968, og lýst því yfir, að fyrri erfðaskráin væri úr gildi fallin, en kveðið hina síðari hafa vilja sinn að geyma. Enn fremur voru þá af hálfu varnaraðilja lagðar fram yfirlýsingar frá 21 systkini og systkinabörnum Einars Þ. Einarssonar um það, að þau vefengdu ekki nefnda erfðaskrá frá 28. júlí 1968.

Á grundvelli þessara gagna veitti skiptaráðandi í hinu sama þinghaldi leyfi til þess, að umræddir tveir bréferfingjar skiptu búinu einkaskiptum með venjulegum lögmæltum skilyrðum.

Hinn 26. apríl 1971 mætti lögmaður bréferfingjanna aftur fyrir skiptaráðanda og lagði fram ítarlegan skiptasamning milli þeirra, sundurliðaða erfðafjárskýrslu og greiddi erfðafjárskatt. Skiptaráðandi áritaði umrædda skiptagerð um samþykki sitt, veitti erfðafjárskattinum viðtöku og afhenti bréferfingjunum búið til fullrar eignar og umráða með venjulegum fyrirvara.

Hinn 9. júlí 1971 ritar umboðsmaður sóknaraðilja í máli þessu skiptaráðanda bréf, þar sem hann krefst þess, að arfskiptin á greindu búi verði tekin upp að nýju og búinu skipt í samræmi við ákvæði arfleiðsluskrár frá 23. febrúar 1947, sbr. dskj. nr. 11 og 16. Væri sú erfðaskrá sameiginleg og gagnkvæm og hefði að geyma ákvæði er yllu því, að ráðstafanir þær, er Einar heitinn gerði með erfðaskrá sinni frá 1968, sbr. dskj. nr. 4 og 15, hafi verið honum með öllu óheimilar, a. m. k. að því er varðar hlut Elínar heitinnar í félagsbúi þeirra. Tilkynnti skiptaráðandi bréferfingjum um framangreind mótmæli og ákvað skiptafund þann í málinu á hverjum mál þetta var höfðað.

Aðalkrafa varnaraðilja um frávísun málsins er þannig rökstudd í greinargerð umboðsmanns þeirra á dskj. nr. 2:

„Bú Einars Þ. Einarssonar var athugasemdalaust afhent umbjóðanda mínum til einkaskipta 29. marz s.l. af skiptarétti Hafnarfjarðar og skiptagerð samþykkt athugasemdalaust 26. apríl s.l. af skiptaráðanda.

Ég tel, að þessum gerðum skiptaréttarins verði ekki breytt nema samkvæmt úrskurði æðra dóms, og þar sem þessum ákvörðunum réttarins hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar, beri að vísa kröfu um endurupptöku skiptanna frá dómi."

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að framangreind afskipti skiptaráðanda leiddu til þess, að hér væri um dómsathöfn að ræða, og því væri fyrir hendi málskotsheimild samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1962. Þá var vitnað í niðurlagsákvæði 71. gr. laga nr. 3/1878 og því haldið fram, að ákvæðið ætti einungis við, meðan búskiptum væri ekki lokið, og yrði því heimild til töku umræddra bús til opinberra skipta ekki byggð á því ákvæði.

Við munnlegan málflutning skýrði umboðsmaður sóknaraðilja nánar kröfur sínar á dskj. nr. 1 a og sagðist þar vera að gera

kröfu um opinber skipti á greindu dánarbúi. Sú krafa er þannig rökstudd í greinargerð umboðsmannsins á nefndu dskj:

„1. Afrit úr notarilalbók af erfðaskrá Elínar Jóhannsdóttur og Einars Þ. Einarssonar frá 1947 hefir sama gildi og frumrit, sbr. 43. gr. erfðal. Sú staðreynd, að erfðaskráin hefir verið færð í notarialbókina og hefir ekki verið afturkölluð, sbr. 48. og 49. erfðal., verður að teljast sönnun fyrir tilvist erfðaskrárinnar, þar til hið gagnstæða er sannað, sbr. 158. gr. 1. 85/1936. Það ber því að leggja hana til grundvallar við búskiptin.

2. Samkvæmt skiptal. ber skiptaráðanda að kanna, hverjir séu erfingjar bús, áður en leyfi til einkaskift er veitt, og hafa samband við þá alla, sbr. 14. gr. skl., og gefa þeim kost á að taka afstöðu til búskiftanna, sbr. 17. gr. skl. Þar sem algjörlega hefir verið gengið fram hjá lögerfingjum Elínar Jóhannsdóttur, er veitt var leyfi til einkaskifta á dánarbúi Einars Þ. Einarssonar, verður að telja, að skilyrði til þeirra samkvæmt skiptalögunum hafi ekki verið fyrir hendi og beri að taka búið til skifta á ný á grundvelli ofannefndrar erfðaskrár þeirra hjóna."

Af hálfu sóknaraðilja var því mótmælt við munnlegan málflutning, að um dómsathöfn hefði verið að ræða, og því væri málskotsheimild ekki fyrir hendi. En jafnvel þótt svo væri, yrði ekki séð, hvernig sóknaraðiljar þessa máls gætu staðið að málskoti, þar sem þeir hefðu ekki verið aðiljar að nefndum einkaskiptum. Því var og mótmælt, að niðurlagsákvæði 71. gr. laga nr. 3/1878 ætti hér ekki við, þvert á móti fælist í því ákvæði, sbr. 4. gr. sömu laga, heimild til töku búsins til opinberra skipta. Af hálfu sóknaraðilja var enn fremur vitnað í 59. gr. laga nr. 8/1962 og 47. gr. sömu laga. Að öllu þessu athuguðu bæri að hrinda framkominni frávísunarkröfu.

Hinn 29. marz 1971 veitti skiptaráðandi leyfi til erfingjaskipta á dánarbúi Einars Þ. Einarssonar í samræmi við ákvæði 70. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. mgr. 71. gr. sömu laga. Þeim búskiptum lauk með skiptagerningi 26. apríl 1971, án þess að andmæli kæmu fram af hálfu sóknaraðilja, og samtímis var erfðafjárskattur reiddur af hendi. Að svo vöxnu máli verður krafa um opinber skipti ekki reist á niðurlagsákvæði 71. gr. laga nr. 3/1878, og með því að ekki verður séð, að ákvæði annarra laga leyfi meðferð þessa máls hér fyrir dómi, ber að vísa því frá honum.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu aðilja, að þeir gerðu ekki kröfu til málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Björn Þ. Guðmundsson setuskiptaráðandi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:
Máli þessu er vísað frá skiptadómi.

Mánudaginn 18. desember 1972.

Nr. 164/1972. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**
gegn
Laxárvirkjun og
Bjarna K. Bjarnasyni setudómara.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Krafa um, að setudómari víkji sæti, hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 6. desember 1972, sem barst Hæstarétti hinn 14. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, sem kveðinn var upp 29. nóvember 1972 á aukadómþingi Þingeyjarsýslu. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setudómari, Bjarni K. Bjarnason, viki sæti matsmáli, en sóknaraðili hafði í máli þessu ásamt öðrum tilgreindum aðiljum beiðst dómkvaðningar þriggja yfirmatsmanna, eins og nánar er lýst í hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og setudómara gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Laxárvikjunar. Varnaraðili Laxárvirkjun krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Krafa sóknaraðilja er engum lagarökum studd. Ber að

staðfesta úrskurð setudómara með skírskotun til forsendna. Sóknaraðili greiði varnaraðilja Laxárvirkjun kr. 10.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði varnaraðilja Laxárvirkjun kr. 10.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 29. nóvember 1972.

I.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dagsettu 23. september 1969, heimilaði atvinnumálaráðuneytið stjórn Laxárvirkjunar að framkvæma virkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar í Laxárdal, 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar, 7 MV að afli, á grundvelli laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun. Leyfisveiting þessi vakti mótmæli héraðsbúa og deilur við stjórn Laxárvirkjunar, þar eð óttast var, að mikil spjöll mundu hljótast á jörðum í Laxárdal og veiði í Laxá af svo stórfelldri virkjun sem Gljúfurversvirkjun í framtíðinni, en sú virkjun væri ráðgerð í mörgum áföngum, sem byggðust á gerð þess 1. áfanga áætlunarinnar, sem leyfið heimilaði.

Landeigendur mynduðu með sér félag, Félag landeigenda á Laxársvæðinu, sem síðar var nefnt Landeigendafélag Laxár og Mývatns.

Hinn 30. maí 1970 krafðist félagið lögbanns við virkjunarframkvæmdunum, og var lögbannsmálinu beint gegn Laxárvirkjun.

Hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason sýslumaður, vék sæti í málinu. Var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma í lögbannsmálinu.

Hinn 4. ágúst 1970 kvað setudómarinn upp úrskurð þess efnis, að krafa Félags landeigenda á Laxársvæðinu um lögbann var ekki tekin til greina.

Félagið skaut málinu til Hæstaréttar, sem hinn 15. desember 1970 kvað upp dóm í málinu. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a. svo:

„Af gögnum málsins og málflutningi aðilja verður ráðið, að ákvörðun um framkvæmd fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar, er í málinu greinir, hefur ekki verið kynnt landeigendum við Laxá né öðrum þeim, er kunna að eiga hagsmuni í húfi, á þann hátt, sem segir í c lið 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Hefur þessum aðiljum ekki, svo að viðhlítandi sé, verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna vegna fyrrgreindra framkvæmda. Af þessum sökum verður eigi talið, að gagnáfrýjandi Laxárvirkjun hafi sýnt ótvírætt fram á, að nefndur áfangi greindrar virkjunar hrófli ekki svo við rennsli Laxár, að bótaskylt tjón hljótist af. Ber að meta og bæta slíkt tjón eða setja tryggingu fyrir bótum í samræmi við nánari reglur í XV. og XVI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, áður en rennsli Laxár er breytt með þeim hætti, sem virkjun árinnar í nefndum fyrsta áfanga hefur í för með sér. Af þessum ástæðum ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda að því leyti, sem krafizt er lögbanns við því, að breytt sé rennsli Laxár, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni. Ber fógetadómi því að leggja á lögbann að þessu leyti gegn tryggingu af hálfu aðaláfrýjanda, sem fógetadómur metur gilda. Hins vegar verður ekki fallizt á, eins og á stendur, að rök séu til að leggja að öðru leyti lögbann við framkvæmdum þeim, sem nú eru hafnar við Laxá á umráðasvæði gagnáfrýjanda Laxárvirkjunar."

Setudómarinn Magnús Thoroddsen kvað hinn 18. janúar 1971 upp úrskurð um fjárhæð lögbannstryggingarinnar. Landeigendaflag Laxár og Mývatns vildi ekki una þeim úrskurði og skaut málinu aftur til Hæstaréttar, sem hinn 11. maí 1971 kvað upp dóm um lögbannstrygginguna. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a.:

„Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja fyrir Hæstarétti bendir ekkert til þess, að stefndi hefji fyrr en haustið 1972 framkvæmdir þær, sem áfrýjanda var heimilað að fá lagt lögbann við með dómi Hæstaréttar frá 15. desember 1970. Hefur stefndi þannig enn nokkurt svigrúm til þess að fá úr því skorið í samræmi við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, hvort og þá hverjar bótagreiðslur honum beri að tryggja eða inna af hendi, áður en hann ræðst í framkvæmdir þessar. Þegar þetta er virt og önnur atriði, er hér skipta máli, þá þykir trygging sú, sem áfrýjanda ber að setja samkvæmt fortakslausum ákvæðum 12. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949 hæfilega ákveðin tíu milljónir króna og sé hún peninga- eða bankatrygging."

Hinn 16. júní 1971 lagði Magnús Thoroddsen setudómari í ofangreindu lögbannsmáli lögbann við því, að breytt yrði rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni.

Með stefnu, birtri 25. júlí 1971, höfðaði Landeigendafélag Laxár og Mývatns mál á aukadómþingi Þingeyjarsýslu til staðfestingar lögbanninu, mál nr. 14/1971. Sýslumaður Þingeyjarsýslu vék einnig sæti í þessu staðfestingarmáli, og var Magnús Thoroddsen skipaður setudómari til þess að dæma málið. Setudómarinn sameinaði staðfestingarmálið máli nr. 7/1970, sem Félag landeigenda á Laxársvæðinu höfðaði gegn Laxárvirkjun með stefnu, birtri 25. júlí 1970, en stefnukröfur í síðastgreinda málinu voru m. a., „að staðfest verði með dómi, að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslenzk lög og séu óheimilar." Eftir sameininguna er umrætt mál nr. 7/1970 rekið undir nafninu: Landeigendafélag Laxár og Mývatns gegn Laxárvirkjun.

Hinn 13. júlí 1971 ritaði stjórn Laxárvirkjun beiðni til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um dómkvaðningu tveggja matsmanna „til að meta, hvort og þá hverjar breytingar kunna að verða á rennsli Laxár, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni við virkjunarframkvæmdir þær, sem nú er unnið að, og ef til kemur meta tjón eða tryggingarupphæð, sem virkjunin kunni að þurfa að setja."

Hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason sýslumaður, vék sæti í matsmáli þessu, aukadómþingsmálinu nr. 31/1971.

Hinn 20. september 1971 var Bjarni K. Bjarnason borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með aukadómþingsmálið nr. 31/1971. Hinn 18. janúar 1972 dómkvaddi hann þá dr. Jakob Magnússon fiskifræðing og dr. Óttar P. Halldórsson verkfræðing til að vera matsmenn í ofangreindu máli. Matsmenn skiluðu matsgerð, sem dagsett er 31. ágúst 1972. Var matsgerðin lögð fram í áðurgreindu aukadómþingsmáli nr. 7/1970, sem setudómarinn Magnús Thoroddsen fer með, svo sem fyrr var lýst, og staðfestu matsmenn matsgerðina þar fyrir dómi.

Landeigendafélag Laxár og Mývatns, Veiðifélag Laxár, Veiðifélag Laxár og Krákár og Veiðifélag Mývatns, sem voru aðiljar að matsmálinu, vildu ekki una matsgerðinni, og hinn 4. október 1972 ritaði lögmaður þeirra svohljóðandi bréf til sýslumanns Þingeyjarsýslu:

„Mér hefur borizt í hendur matsgerð þeirra Óttars P. Halldórssonar og Jakobs Magnússonar um, hversu miklu tjóni virkjun sú, sem nú er í smíðum, valdi á Laxá í S-Þingeyjarsýslu og umhverfi hennar.

Umbjóðendur mínir, sem aðilar voru að matsmáli nr. 31/1971 á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, þ. e. Landeigendafélag Laxár og Mývatns, Veiðifélag Laxár, Veiðifélag Laxár og Krakár og Veiðifélag Mývatns, vilja ekki una niðurstöðum nefndra matsmanna, sem raktar eru í matsgerð þeirra, dagsettri 31. ágúst 1972. Telja þeir því ekki annað vera fyrir hendi en að skjóta matsgerðinni til yfirmats, sbr. 148. gr. laga nr. 15/1923 um vatnamál. Í þeirri grein segir, að mati megi skjóta til yfirmats 3 manna innan 6 vikna frá lokum matsgerðar.

Af þessum sökum leyfi ég mér því að fara þess á leit við yður, herra sýslumaður, að þér dómkveðjið 3 yfirmatsmenn til að endurskoða matsgerðina frá 31. ágúst s.l.“

Með úrskurði, uppkveðnum 26. október 1972, vék hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeljarsýslu, sæti í málinu, sem er aukadómþingsmál Þingeyjarsýslu nr. 30/1972.

Hinn 3. þ. m. var Bjarni K. Bjarnason borgardómari skipaður til þess sem setudómari í Þingeyjarsýslu að fara með málið. Var þingað í málinu 20., 21. og 23. þ. m., en síðastgreindan dag fékk lögmaður yfirmatsbeiðenda bókað:

„Fyrirsvarsmaður umbjóðanda míns Landeigendafélags Laxár og Mývatns, Hermóður Guðmundsson, gerir kröfu til þess, að dómari máls þess, sem hér liggur fyrir, víki sæti. Það hefur verið álit stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns, að mjög óheppilegt sé, að sami maður taki á sig dómaraábyrgð í mörgum málum, sem varða hagsmuni fólksins við Laxá og Mývatn, þar sem hér er um gífurlega hagsmuni að ræða, lífshagsmuni heilla byggðarlaga. Hermóður Guðmundsson hefur einnig ásamt öðrum stjórnarmönnum í Landeigendafélagi Laxár og Mývatns verið þeirrar skoðunar, að þar sem dómari þessa máls hefur kveðið upp úrskurði í fyrri Laxármálum, hafi hann ekki komizt hjá því að taka afstöðu í Laxármálum í heild. Hann hafi þar með gert upp á milli málsaðila. Laxármálin verði að skoða sem eina heild og yfirlýsingar dómara í einu máli eða úrskurður hljóti því beinlínis eða óbeinlínis að binda hann, þegar hann kveður upp úrskurði síðar í Laxármálum. Þess vegna er þess krafizt, að dómari máls þessa víki sæti.“

Var framangreind krafa Landeigendfélags Laxár og Mývatns þegar tekin til úrskurðar.

II.

Það er að vísu svo, að auk þess að vera setudómari í máli því, sem er hér til úrskurðar, og áðurgreindu aukadómþingsmáli nr. 31/1971, sem nú er lokið, er setudómarinn Bjarni K. Bjarnason jafnframt setudómari í 22 aukadómþingsmálum Þingeyjarsýslu. Stefnendur í þremur af þessum málum eru Veiðifélag Laxár og Krákár, Veiðifélag Mývatns og Veiðifélag Laxár. Í hinum 19 eru stefnendur ýmist eigendur og/eða ábúendur á jörðum við Laxá og Mývatn. Í öllum málunum er Laxárvirkjun varnaraðili. Stefnufjárhæðir í öllum 22 málunum nema samtals kr. 144.958.846.00. Er af þessu ljóst, að í málum þessum er fjallað um háar fjárhæðir, og að áliti stefnenda er hér einnig fjallað um mikilsverð hlunnindi og náttúrufyrirbæri, sem miklu máli skipti að vernda í framtíðinni.

Enda þótt ofangreind dómsmál fjalli um mikilsverða hagsmuni, er setudómaranum óskylt að víkja sæti í máli því, sem hér er til úrskurðar. Má í því efni minna á, að hér er fjallað um dómkvaðningu þriggja yfirmatsmanna til þess að framkvæma yfirmat, sem ætla verður að leggja eigi fram í áðurgreindu aukadómþingsmáli nr. 7/1970, en annar setudómari fer með það mál, svo sem fyrr er frá greint.

Eigi verður á það fallizt, að úrskurðir þeir, sem setudómarinn hefur þegar kveðið upp í öðrum Laxárvirkjunarmálum, séu með þeim hætti, að hann hafi þar með tekið afstöðu í Laxármálum í heild eða að hann hafi þar með gert upp á milli málsaðilja.

Samkvæmt þessu, sem nú hefur verið rakið, eru ekki efni til að taka ofangreinda kröfu Landeigendafélags Laxár og Mývatns til greina.

Bjarni K. Bjarnason setudómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framkomin krafa þess efnis, að setudómarinn Bjarni K. Bjarnason víki úr dómarasæti í máli þessu, er ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 19. desember 1972.

Nr. 74/1972. **Ákæruvaldið**
gegn
Agnari Smára Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur Hæstaréttar gengur í máli þessu, ber að dómkveðja þrjá sérkunnáttumenn, er láti í té álitsgerð um öryggi mælingaaðferðar þeirrar, sem beitt var við staðarákvörðun v/b Sjöstjörnunnar, VE 92, hinn 1. marz 1972.

Ályktarorð:

Dómkveðja skal þrjá sérkunnáttumenn til að láta í té framangreinda álitsgerð.

Miðvikudaginn 20. desember 1972.

Nr. 102/1972. **Ákæruvaldið**
(saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn
Hermanni Kjartanssyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Misferli með skráningarmerki.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, ákærði og vitni hafa verið yfirheyrð og mörg ný gögn lögð fram.

Á árinu 1966 keypti ákærði af fyrirtækinu Jóni Loftssyni h/f hér í borg sex manna bifreið af Rambler gerð, árgerð 1963, skemmda eftir ökuóhapp. Samkvæmt upplýsingum Bifreiðaeftirlits ríkisins var framleiðslunúmer hennar GK 10303 og vélarnúmer 2229, en vél hennar var 6 strokka 138 HP. Var hún skráð 5 farþega bifreið og eigin þyngd hennar 1229 kg.

Áður en ákærði eignaðist bifreiðina, bar hún skráningarmerkið K 678, en hinn 16. júní 1966 var hún skráð R 1050 og ákærði talinn eigandi hennar.

Sumarið 1966 fór ákærði í sumarleyfi til Þýzkalands, eins og í héraðsdómi greinir. Áðurnefnda bifreið lét hann flytja til Hamborgar með m/s Vatnajökli, er fór héðan frá Reykjavík 28. júní. Nokkru eftir að hann kom til Þýzkalands, kveðst hann hafa verið í gleðskap í bjórstofu í Düsseldorf og þá léð bifreiðina einhverju fólki, sem í gleðskapnum var og hann þekkti ekki. Næsta dag, er hann hafi ætlað að nota bifreiðina, hafi hún verið „skemmd, eða með öðrum orðum öll brunnin að innan og ónothæf." Maður sá, er hafði fengið bifreiðina að láni, hafi viljað bæta honum tjónið, en ekki getað fengið Rambler bifreið af árgerð 1963, en aftur á móti af árgerð 1965, að því er honum hafi verið tjáð. Orðið hafi að samkomulagi, að ákærði fengi bifreið þessa í stað hinnar skemmdu gegn einhverri milligjöf, sem tilkynna hafi átt ákærða um síðar. Hann hafi því næst farið til London og þaðan til Reykjavíkur. Bifreiðin hafi svo verið send honum frá Hamborg með m/s Vatnajökli, sem kom til Reykjavíkur 2. nóvember 1966, og þá borið skráningarmerki fyrri bifreiðarinnar, R 1050. Ekkert kveðst ákærði „hafa heyrt frá þeim Ameríkumanni, sem annaðist skiptin á bifreiðunum ...", og hann kveður sér með öllu ókunnugt um, hver hafi tekið plötuna með framleiðslunúmeri eldri bifreiðarinnar af henni og sett á þá yngri, eins og greinir í héraðsdómi. Samkvæmt skoðun bifreiðaeftirlitsmanna er hér um að ræða 2 dyra, fjögurra farþega bifreið, sjálfskipta með 8 strokka 250 HP V-laga vél, árgerð 1966.

Á aðflutningsskilríkjum um bifreið þessa 1966, farmskír-

teini og aðflutningsskýrslu, er þyngd hennar talin vera 1229 kg, en ekki kveðst ákærði vita, eftir hverjum þessi þyngd bifreiðarinnar er skráð á skírteinið, enda hafi hann verið farinn frá Þýzkalandi, er það var gert. Vitnið Snorri Karlsson, fulltrúi tollstjórans í Reykjavík, kveðst hafa skráð greinda þyngd, 1229 kg, á aðflutningsskýrsluna og fyllt hana út að öðru leyti samkvæmt gögnum um útflutning bifreiðarinnar R 1050 frá því í júnímánuði 1966. Undir aðflutningsskýrsluna skrifaði svo ákærði 3. nóvember 1966. Segist hann ekki hafa getið þess þá, að um aðra bifreið og yngri væri að ræða en hann hefði flutt út úr landinu, enda ekki verið um það spurður.

Snorri Karlsson kveðst ávallt, er ferðamannabifreið skrásett hér á landi komi aftur hingað til lands, spyrja viðkomandi, hvort um sé að ræða sömu bifreið og út hafi verið flutt. Hann sé eini aðilinn við tollstjóraembættið, sem slíkum flutningum sinni, nema þegar hann sé í sumarleyfi. Fullyrðir Snorri, að hann hafi spurt ákærða þessarar spurningar og að ákærði hafi svarað játandi.

Ákærði notaði síðan yngri Rambler bifreiðina hér á landi með greindum skráningarmerkjum og færði hana þannig til skoðunar án nokkurra athugasemda af hálfu bifreiðaeftirlitsmanna.

Vorið 1969 fór ákærði í orlofsferð til Englands og meginlands Evrópu. Sendi hann bifreiðina til Englands með m/s Öskju, er fór frá Reykjavík 9. maí. Engin skjöl um flutning bifreiðarinnar kveðst ákærði hafa útfyllt, enda hafi hann verið farinn utan, áður en bifreiðin var send héðan af landi. Snorri Karlsson kveðst aftur á móti hafa ritað á sérstakt skráningarspjald um flutning bifreiðarinnar samkvæmt farmskírteini og skoðunarvottorði hennar, sem talin séu næg sönnunargögn um viðkomandi bifreið. Á skráningarspjaldið er skrifað, að um sé að ræða Rambler bifreið árgerð 1963, verksmiðjunúmer 10309 og að eigin þyngd hennar sé 1229 kg.

Nokkru áður en ákærði lauk orlofsferð sinni 1969, sendi hann bifreiðina hingað til lands með m/s Öskju, er fór frá

Felixstowe í Englandi 4. júlí og kom til Reykjavíkur 9. s. m. Á farmskírteini er skráð, að þyngd bifreiðar sé 1524 kg, en ókunnugt er, hver skráði.

Leitt er í ljós, að Kjartan Guðmundsson, faðir ákærða, útfyllti aðflutningsskýrsluna og undirritaði hana f. h. ákærða, sem þá var ókominn til landsins.

Í skýrslu þessari greinir, að inn sé flutt Rambler bifreiðin R 1050 og að brúttóþyngd hennar sé 1524 kg, en Kjartan segist í vætti sínu hafa skráð þessa þyngd á aðflutningsskýrsluna eftir farmskírteininu.

Gunnar Finnbogason, tengdasonur Kjartans Guðmundssonar, afhenti síðan Snorra Karlssyni, fulltrúa tollstjóra, aðflutningsskjölin. Tók Snorri þá eftir því, að þyngd bifreiðarinnar var ekki skráð sú sama á skjölum þessum og hinum eldri flutningsskjölum. Varð þetta til þess, að neitað var um afhendingu bifreiðarinnar og hún tekin í vörzlu tollyfirvalda.

Frásögn ákærða um bifreiðaskiptin er með miklum ólíkindum. Þykir þó varhugavert að telja sannað, að hann hafi sjálfur fært plötuna með framleiðslunúmeri eldri bifreiðarinnar yfir á þá yngri eða átt þátt í því, að svo var gert. Ekki er heldur sannað, að honum hafi verið um þetta kunnugt, fyrr en reki var gerður að rannsókn máls þessa. Ber að sýkna ákærða af broti gegn 159. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða er ekki gefið að sök að hafa flutt til landsins 9. júlí 1969 aðra bifreið en hann flutti út úr landinu 9. maí s. á. Þá er upplýst, að hann ritaði hvorki á útflutnings- né aðflutningsskjöl, en faðir ákærða gekk frá aðflutningsskýrslunni, þar eð ákærði var ókominn til landsins.

Ákæra í máli þessu tekur ekki til brota vegna innflutnings bifreiðar ákærða haustið 1966. Hún lýtur að rangri tilgreiningu á aðflutningsskýrslu við innflutning bifreiðarinnar 1969. Að þessu athuguðu verður ákærði sýknaður af refsikröfu um brot gegn þeim ákvæðum laga nr. 3/1969 um tollskrá o. fl. og ákvæðum laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, er í ákæru greinir, svo og af upptöku bifreiðarinnar.

Ákærði hefur aftur á móti með hinni óheimilu notkun skráningarmerkisins R 1050, sem að framan getur, gerzt brotlegur við 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 26/1958, og ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 18.000.00.

Rannsókn málsins í héraði er áfátt, og verulegur dráttur hefur orðið á meðferð þess.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hermann Kjartansson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 18.000.00, og laun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1971.

Ár 1971, föstudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 505/1971: Ákæruvaldið gegn Hermanni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 29. apríl 1971, gegn ákærða, Hermanni Kjartanssyni verkstjóra, Grensásvegi 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. maí 1930, fyrir brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, umferðarlögum nr. 40/1968, lögum um tollskrá o. fl. nr. 3/1969 og lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 með því að hafa frá því um haustið 1966 og þar til í maí 1969 notað hér á landi fjögurra farþega 2ja dyra Rambler bifreið af árgerð 1966 með skráningarmerkjum R 1050 og áfestu merki með verksmiðju-

númeri GK 10309, eftir að merki þessi, sem verið höfðu á annarri bifreið ákærða sömu tegundar, en af árgerð 1963, höfðu verið flutt af eldri bifreiðinni á þá yngri erlendis síðari hluta árs 1966, og fyrir að hafa flutt bifreiðina þannig auðkennda til landsins öðru sinni og við innflutning bifreiðarinnar, sem kom með m/s Öskju til Reykjavíkur 9. júlí 1969, tilgreint ranglega á aðflutningsskýrslu, sem ákærði undirritaði og lagði inn til tollafgreiðslu, að um innflutning væri að ræða á bifreiðinni R 1050, enda þótt ákærði þá vissi, að bifreið sú, sem ákærði var að flytja til landsins, væri önnur bifreið en sú, sem skráð var sem 1050 í bifreiðaskrá ríkisins (ökutækjaskrá), sem var Rambler, árgerð 1963, verksmiðjunúmer GK 10309, vélarnúmer 2229, með 6 strokka 138 HP vél og skráð sem 5 farþega bifreið, í því skyni að komast hjá greiðslu tilskilinna aðflutningsgjalda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga, 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga, 1. og 2. mgr. 38. gr. laga um tollskrá o fl. nr. 3/1969 og 1. og 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að bifreið sú, sem í máli þessu greinir, verði samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit gerð upptæk til ríkissjóðs.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1950 17/7 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1950 10/11 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaðafangelsi, sviftur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
1951 21/2 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1952 11/2 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1955 9/2 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
1959 25/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 37. og 45. gr. (sic).
1960 13/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu tollgæzlunnar, dagsettri 21. júlí 1969, flutti ákærði hingað til lands frá Englandi með m/s Öskju, sem til

Reykjavíkur kom hinn 9. s. m., bifreið sína R 1050, en bifreið með sama skrásetningarmerki hafði verið flutt út til Englands með sama skipi hinn 9. maí 1969. Samkvæmt útflutningsskýrslu, sem ákærði mun ekki hafa átt hlut að, en verið fyllt út með hliðsjón af skráningarskírteini bifreiðarinnar, var um Rambler bifreið að ræða, árgerð 1963, að þyngd 1229 kílógrömm. Í aðflutningsskýrslu, sem undirrituð er af ákærða sjálfum hinn 10. júlí 1969, er árgerðar ekki getið, en innflutt vara talin Rambler bifreið, að þyngd 1524 kílógrömm. Tollþjónar hugðu, að hin innflutta bifreið væri af yngri árgerð en 1963, og var tveim bifreiðaeftirlitsmönnum falið að skoða bifreiðina. Álitu þeir hana vera 4ra farþega Rambler Ambassador D.P.L., árgerð 1966, með 8 strokka 250 HP vél, en bifreið sú, sem skráð væri sem R 1050 í bifreiðaspjaldskrá ríkisins, ætti að vera 5 farþega Rambler, árgerð 1963, með 6 strokka 138 HP vél og bera framleiðslunúmerið 10309. Í skýrslu bifreiðaeftirlitsmanna segir enn fremur: „... Við athugun á hinni fyrrgreindu Rambler Ambassador bifreið, teljum við ekki sé um neina endurbyggingu að ræða á eldri bifreið, heldur sé hér bifreið beint úr hendi framleiðanda án neinna verulegra breytinga. Plata með uppgreiptum stöfum GK 10309 hefur verið komið fyrir á hægri aurhlíf að framan, þar sem framleiðandi gengur frá slíkri plötu með framleiðslunúmeri við brettahlífina. En í þessu tilfelli hefur hún verið höggvin í burtu, þar sem menjar eftir rafpunktana sjást enn. Fyrrgreinda platan hefur verið hnoðuð á, að nokkru yfir þann stað, sem framleiðandi hefur gengið frá í upphafi. Allar líkur eru á því, að þarna sé um að ræða plötu þá, er hafi fylgt Rambler bifreiðinni af árgerðinni 1963 og eigi að sýna framleiðslunúmer hennar, en hafi verið færð yfir á þessa nýrri bifreið ...“

Samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar R 1050 hefur hún árlega verið færð til lögboðinnar skoðunar í Bifreiðaeftirlit ríkisins á árunum 1966—1969 og athugasemdir í engan tíma verið skáðar, er varðað gætu mál þetta.

Ákærði hefur skýrt þannig frá, að hann hafi síðsumars árið 1966 ferðast um Þýzkaland í bifreið sinni R 1050, lánað hana fólki, er hann kynttist í Düsseldorf, en hún skemmzt svo í þeirra vörzlum, að hún varð ónothæf og viðgerð væntanlega tekið langan tíma. Aðili sá, er tjóninu olli, hefði reynt að afla sams konar bifreiðar, en ekki tekizt, hins vegar lánazt að fá aðra Rambler bifreið, sem sögð var af árgerð 1965 og ekið hefði verið yfir 40 þúsund kílómetra, en hin einasta ekin 10—11 þúsund kílómetra.

Ákærði kvað skipti á þessum bifreiðum hafa farið fram og hann síðan fengið yngri bifreiðina í hendur hérlendis, án þess að starfsmenn tollstjóraembættisins krefðu sig nokkurra skýringa, hann þá ekki séð ástæðu til að tilkynna frekar um bifreiðaskiptin og árlega eftir þetta farið með bifreiðina til skoðunar, en skýringa aldrei krafizt af Bifreiðaeftirliti. Ákærði kvað sér hafa verið ókunnugt um, að framleiðslunúmer eldri bifreiðarinnar hefði verið sett á þá yngri, fyrr en tollgæzlan hefði tekið bifreiðina í sínar hendur síðla sumars 1969, og neitaði því alfarið, að hann hefði sjálfur átt hlut að þeim skiptum. Engar sannanir eru fram komnar um hið gagnstæða, og ber því þegar af þeim sökum og að því er þetta atriði varðar að sýkna ákærða af broti gegn 1. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði staðhæfði, að hann hefði flutt hina yngri bifreið til Englands í maímánuði 1969, ekið henni um þar og á meginlandinu, en hún síðan komið með m/s Öskju til Reykjavíkur hinn 9. júlí 1969 og tollgæzlan þá tekið hana í sínar vörzlur.

Ákærði er ekki sakaður um að hafa flutt út aðra bifreið hinn 9. maí 1969 en hann flutti inn tveim mánuðum síðar, en þvert á móti talið í ákæru, að um sömu bifreið hafi verið að ræða. Í aðflutningsskýrslu ákærða er engin önnur lýsing á hinni innfluttu bifreið en sú, að hún sé Rambler bifreiðin R 1050 og hún þar skráð 1524 kílógrömm að þyngd, en eldri bifreiðin var samkvæmt skráningarskírteini 1229 kílógrömm. Að svo vöxnu máli og eins og ákæra er úr garði gerð þykja ekki næg rök hníga til þess, að ákærði hafi með innflutningi bifreiðarinnar hinn 9. júlí 1969 brotið gegn 1. og 2. mgr. 38. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 3/1969 né 1. og 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, og verður hann því sýknaður af refsikröfum fyrir brot gegn þeim ákvæðum og þá einnig af kröfu ákæruvalds um upptöku bifreiðarinnar samkvæmt 1. mgr. 72. gr. síðarnefndu laganna.

Með óheimilli notkun skráningarmerkisins R 1050 á annað ökutæki en til var ætlazt hefur ákærði brotið gegn 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og telst ákvæði þetta tæma þá sök.

Refsing ákærða samkvæmt nefndri lagagrein þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 10 daga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Kjartansson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. desember 1972.

Nr. 121/1972. **Viðar Alfreðsson**
(Jón Edwald Ragnarsson hdl.)
gegn
Ágústi Fjeldsted
vegna Anne Barbara Alfreðsson
(Ágúst Fjeldsted hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Forræði barns og umráð. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1972. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður fógeta verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar málsmeðferðar. Til vara er þess krafizt, að fógetaúrskurðinum verði hrundið og synjað verði um umbeðna fógetagerð. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem mál væri ekki gjafsóknarmál, að því er meðferð þess fyrir Hæstarétti varðar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt

að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri eigi gjafsóknar- eða gjafvarnarmál.

Aðaláfrýjandi hefur með bréfi dómsmálaráðuneytis 11. desember 1972 fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi hefur með bréfi sama ráðuneytis 25. janúar 1972 fengið gjafsókn í héraði, og með bréfi ráðuneytisins 17. nóvember s. á. fékk hann gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

I.

Krafa aðaláfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar er á því reist, að mál sé vanreifað, þ. á. m. að fyrir fógeta hafi ekki legið álit barnaverndarnefndar Reykjavíkur um háskaleg sálræn áhrif, sem nauðungarflutningur gæti haft á barn það, sem krafa um innsetningargerð beinist að. Svo sem greinir í úrskurði fógeta, leitaði hann hinn 23. desember 1971 umsagnar Barnaverndarráðs um málið í heild sinni, en barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði í bréfi 2. nóvember s. á. vísað máli þessu til Barnaverndarráðs. Fógeti byggði úrskurð sinn m. a. á umsögn Barnaverndarráðs frá 5. júlí 1972 svo og álitsgerð dómkvaddra manna frá 25. september 1972, sem gagngert fjallar um þann sálræna háska, sem gagnáfrýjandi telur, að barninu sé búinn af afhendingu þess til móður þess og flutningi með henni til annars lands.

Ekki eru neinir þeir annmarkar á reifun máls þessa fyrir fógetadómi eða á úrskurði fógeta, sem ómerkingu varði.

Íslenzk lög stemma eigi stigu við, að leitað sé innsetningargerðar, þegar sakarefni og málavöxtum er svo háttað sem í máli þessu greinir, og er það réttarfarsúrræði dómhelgað.

II.

Foreldrar barnsins Valerie Anne Alfreðsson, fæddrar 23. maí 1967, fengu lögskilnað samkvæmt úrskurði sifjamáladeildar „The High Court of Justice," Lundúnum, hinn 3. nóvember 1971, er lýsti úrskurð þennan fullnaðarúrskurð hinn 8. febrúar 1972. Aðaláfrýjandi var búsettur í Lundúnum á þeim sama tíma, er hjónaskilnaðarmál þetta hófst, og tók

hann upphaflega til varna í því. Eru ekki bornar á það brigður, að úrskurður þessi sé bindandi fyrir báða málsaðilja og feli í sér fullnaðarskilnað þeirra. Samkvæmt íslenzkum lagaviðhorfum verður að leggja hinn brezka úrskurð til grundvallar dómi í máli þessu. Hinn 18. júní 1971 mælti hjónaskilnaðardeild fyrrgreinds dómstóls í Lundúnum svo fyrir, að móður barnsins Valerie Anne, gagnáfrýjanda hér fyrir dómi, yrði fengið forræði þess að svo stöddu, og eru gögn ekki komin fram um, að dómstóllinn hafi breytt þeirri skipan sinni. Aðaláfrýjandi leitaði eftir því við dómsmálaráðuneytið, upphaflega hinn 21. október 1971, að það kvæði upp úrskurð um forræði barnsins, og gekk sá úrskurður 7. september 1972. Hann getur að lesa í hinum áfrýjaða úrskurði. Niðurstaða forræðisúrskurðarins er á þessa leið: „Með hliðsjón af aldri barnsins, svo og að nokkru með tilliti til kynferðis þess, er hér með úrskurðað, að konan skuli hafa forráð barnsins, Valerie Anne, f. 23. maí 1967, og greiði maðurinn konunni meðalmeðlag með barninu frá 1. þ. m. að telja til fullnaðs 17 ára aldurs barnsins. Skal maðurinn hafa rétt til að umgangast barnið eftir samkomulagi aðilanna, en náist samkomulag ekki, skal fara um umgengnisréttinn með þeim hætti, að faðirinn fái að hafa barnið hjá sér í skólaleyfi, eigi skemur en einn mánuð á ári. Er aðilarnir dveljast báðir hér á landi, skal Barnaverndarráð Íslands ráða framkvæmd umgengnisréttarins, ef aðilar koma sér ekki saman um framkvæmdina.

Úrskurður þessi tekur þegar gildi, en ekki skal konunni heimilt að fara með barnið af landi brott, fyrr en hún hefur dvalizt með því hér á landi eigi skemur en einn mánuð frá uppkvaðningu úrskurðarins“.

Forræðisskipan dómsmálaráðuneytis er gerð samkvæmt 76. gr. laga nr. 39/1921. Gagnáfrýjandi byggir málstað sinn á greindum forræðisúrskurðum, en aðaláfrýjandi ber brigður á gildi hins brezka forræðisúrskurðar hér á landi. Úrskurðir þessir falla í sama farveg um forræði barnsins. Þykir ekki þörf á því, eins og hér stendur á, að taka sérstaklega afstöðu til hins brezka úrskurðar.

Aðaláfrýjandi vefengir gildi forræðisúrskurðar dómsmálaráðuneytis. Telur hann, að starfsmenn þeir í dómsmálaráðuneyti, sem fjallað hafi um forræðismálið, hafi verið vanhæfir til að ráða því til lykta sakir fyrri afskipta sinna af málinu. Enn fremur telur aðaláfrýjandi efniságalla vera á úrskurðinum, sem varða eigi ógildi hans.

Dómstólar eiga úrlausn um lagalegar undirstöður þessarar stjórnvaldsúrlausnar samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Staðhæfing aðaláfrýjanda um vanhæfi starfsmanna dómsmálaráðuneytis, þeirra er undirritað hafa forræðisúrskurðinn, er ekki studd viðhlítandi rökum, og verður ekki á hana fallizt.

Aðaláfrýjandi telur, að umsögn Barnaverndarráðs hafi verið undirstöðugagn við úrskurðun ráðuneytisins um forræði barnsins, en sú umsögn sé haldin göllum, einkum þeim, að byggt sér þar á mati formanns ráðsins á heimilisaðstæðum gagnáfrýjanda með eigin könnun hans á vettvangi. Auk þess sé umsögnin reist á bréfum og vottorðum, sem séu óstaðfest.

Dómsmálaráðuneyti er ekki lögskylt að leita umsagnar barnaverndaryfirvalda, áður en skipan er gerð af þess hendi á forræði barns. Eins og hér stendur á, þykir rétt að taka fram, að aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á neina þá ágalla, er hnekki gildi umsagnar þessarar. Leitt er í ljós, að fyrir dómsmálaráðuneyti lágu auk umsagnar Barnaverndarráðs ýmis sérfræðileg gögn, sem að haldi máttu koma. Aðaláfrýjandi hefur ekki fært fram nein þau lagarök eða vísað til lagasjónarmiða, sem varði því, að úrskurður dómsmálaráðuneytis verði ekki metinn lögmætur. Samkvæmt þessu er leyst úr því að lögum, að gagnáfrýjandi hafi forræði barnsins Valerie Anne.

III.

Aðaláfrýjandi styður enn fremur málstað sinn þeim rökum, að flutningur barnsins úr landi með móður sinni gegn andstöðu föður stefni í háska velferð þess. Er þessu ein-

dregið mótmælt af hálfu gagnáfrýjanda, sem vísar í þessu efni einkum til umsagnar Barnaverndarráðs og álitsgerðar dómkvaddra sálfræðinga.

Í lokaorðum umsagnar Barnaverndarráðs Íslands frá 5. júlí 1972 eru dregin saman helztu viðhorf ráðsins til málsins, og segir þar orðrétt svo:

„Niðurstöður barnaverndarráðs eru þessar:

1) Telpunni þykir auðsæilega vænt um báða foreldra sína og er hænd að þeim. 2) Báðir foreldrar verða að teljast hæfir til þess að hafa á hendi forræði hennar og hafa aðstæður til að veita henni sómasamlegt uppeldi. 3) Barnaverndarráð leggur á það mikla áherzlu, að tengsl telpunnar rofni ekki við það foreldri, sem fær ekki forræði hennar. Hyggur barnaverndarráð umgengnisréttinum bezt hagað á þann hátt, að telpan dveldist að jafnaði í skólaleyfi hjá því foreldri, sem hefur ekki forræði hennar á hendi. Þarf að kveða skýrt á um umgengnisréttinn, þegar forræði barnsins er ákveðið, að öðrum kosti myndast óvissa og deilur. sem geta haft skaðsamleg áhrif á telpuna."

Svo sem rakið er í úrskurði fógeta, voru sálfræðingarnir Kristinn Björnsson og Sigurjón Björnsson prófessor dómkvaddir hinn 15. september 1972 til þess að láta uppi álitsgerð um það, „hvaða hættur það geti haft fyrir barnið, nú og varanlega, að verða tekið með valdi af heimili föðurins og flutt með valdi til Bretlands eða Frakklands, svo og þá hættu, sem barnið geti haft af umhverfisbreytingu nú og varanlega, þ. e. af flutningi úr íslenzku umhverfi í brezkt eða franskt umhverfi, líklega í stórborg, einkum London . . ."

Í álitsgerð hinna dómkvöddu sálfræðinga 25. september 1972 segir svo um það, sem hér skiptir máli:

„Forsendur niðurstöðu okkar eru þær að: 1. Samkvæmt mati okkar er Valerie Viðarsdóttir andlega heilbrigt barn, félagslynd og á auðvelt með aðlögun. 2. Báðir foreldrar hafa verið úrskurðaðir hæfir sem uppalendur, og er okkur ekki falið að endurmeta það. Með þessar forsendur í huga fáum við ekki séð að:

1) Flutningur barnsins í annað umhverfi geti haft neina

hættu í för með sér fyrir það fram yfir það, sem almennt er.
2) Við höfum ekki getað sannfærzt um, að slíkur flutningur þyrfti að verða að **barninu nauðugu**, enda þótt foreldri léti það nauðugt af hendi. Að sjálfsögðu þyrfti þó að tryggja, að flutningur gæti gerzt á sem eðlilegastan og árekstraminnstan hátt.
3) Þar sem núverandi uppalendur og uppeldisaðstæður barnsins hafa verið taldar fullnægjandi og engin vissa er um, að þær uppeldisaðstæður, sem móðirin hefur að bjóða, séu fremri, verður ekki séð, að barnið muni hafa hag af flutningi til móður, enda þótt forsendur skorti til að benda á óhagræði, sem því kunni að fylgja og þá um leið varanlega hættu.

Að lokum viljum við leggja ríka áherzlu á, að okkur virðist sem forræðisdeila þessi sé barninu andlega séð óholl og skaðleg og því beri að kosta kapps um að ljúka þessu máli sem allra fyrst."

Matsmenn komu fyrir dóm og staðfestu mat sitt. Eru vætti þeirra rakin í úrskurði fógeta.

Barnið Valerie Anne hefur að mestu alizt upp í Bretlandi með móður sinni og öðrum þræði með báðum foreldrum sínum. Faðir barnsins flutti það hingað til lands í lok maí 1971 án heimildar móður þess.

Þegar umsögn Barnaverndarráðs Íslands og álitsgerð hinna sérfróðu manna svo og önnur gögn málsins eru virt, verður ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi fært fram viðhlítandi rök fyrir því, að barninu Valerie Anne sé sálrænn háski búinn af afhendingu þess til móður sinnar. Ber því að fallast á úrlausn fógeta um, að honum hafi ekki verið rétt að lögum að synja um umbeðna fógetagerð á grundvelli þessarar málsástæðu.

IV.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur, sem um er fjallað í dómi þessum, var sagður upp hinn 2. október 1972, og var málinu áfrýjað hinn 3. október s. á. af hálfu aðaláfrýjanda, en gagnáfrýjað hinn 16. október, svo sem að framan greinir. Hinn 5. október 1972 krafðist umboðsmaður gagnáfrýj-

anda þess í fógetadómi, að úrskurði fógeta yrði tafarlaust fullnægt, en af hálfu aðaláfrýjanda var því andmælt, þar eð úrskurðinum hefði verið áfrýjað til Hæstaréttar. Um þennan ágreining málsaðilja gekk úrskurður fógetadóms Reykjavíkur hinn 11. október 1972, og voru ályktarorð hans þessi: „Úrskurði fógeta í máli þessu, uppkveðnum 2. október 1972, skal fullnægt skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.“ Síðar sama dag krafðist umboðsmaður gagnáfrýjanda í fógetadómi Reykjavíkur innsetningar samkvæmt úrskurðum þessum, en umboðsmaður aðaláfrýjanda kvað umbjóðanda sinn hafa tjáð sér, að barnið væri utanbæjar. Aðaláfrýjandi, sem sótti dómþingið, áður en því lauk, kvaðst „ekki hafa tök á að upplýsa það (þ. e. dvalarstað barnsins) að svo stöddu“. Varð þetta efni til lögregluleitar að barninu að kröfu umboðsmanns gagnáfrýjanda. Í fógetadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1972 sótti dómþing umboðsmenn málsaðilja og auk þess aðaláfrýjandi. Var þar gerð eftirfarandi bókun í þingbók: „Viðar Alfreðsson býðst til að afhenda gerðarbeiðanda (þ. e. gagnáfrýjanda) barnið Valerie Anne og krefst þess um leið, að lagt verði lögbann við brottför barnsins úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, meðan Hæstiréttur fjallar um málið“. Var lögbannsmálið tekið þá þegar til meðferðar, og þann sama dag lýsti fógeti lögbanni við því, að „barnið Valerie Anne verði flutt úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, meðan ólokið er hæstaréttarmálunum nr. 121/1972 og 130/1972“.

Afhending barnsins Valerie Anne af hálfu aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda fór fram þennan sama dag, 16. október 1972.

Í þinghaldi í Hæstarétti hinn 15. desember 1972 féllu lögmenn málsaðilja frá áfrýjun málsins nr. 130/1972, sem er mál það, er lauk með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur hinn 11. október 1972 og að framan getur.

Með afhendingu barnsins Valerie Anne til móður þess, gagnáfrýjanda málsins, við þann aðdraganda, sem lýst er hér að framan, þykir aðaláfrýjandi ekki hafa fyrirgert rétti sínum til áfrýjunar máls, eins og á stendur.

Samkvæmt því, sem að framan er ritað, þykir bera að staðfesta þá úrlausn fógeta í máli þessu, að gagnáfrýjandi hafi átt rétt á að fá sér afhent barnið Valerie Anne.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00, og laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 180.000.00.

Dómsorð:

Úrskurður fógeta er staðfestur að öðru leyti en um greiðslu gjafsóknarkostnaðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 80.000.00, og laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 180.000.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. október 1972.

Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður hefur krafizt þess f. h. Anne Barbara Alfreðsson, til heimilis að 3 Haven Green, Ealing, London, að dóttir hennar og Viðars Alfreðssonar, Valerie Ann Alfreðsson, verði fengin henni með beinni fógetagerð, en barnið hefur að undanförnu dvalizt hérlendis á vegum föður síns. Er þess og krafizt, að gerðarþoli verði úrskurðaður til að borga málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að gerðarbeiðanda verði úrskurðuð málssóknarlaun og útlagður kostnaður úr ríkissjóði samkvæmt reikningum.

Af hálfu gerðarþola, Viðars Alfreðssonar, Nýlendugötu 30, eru þessar réttarkröfur gerðar:

Aðallega, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar, og aðallega, að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður, en til vara, að hann falli niður.

Til vara, að ef fallizt verði á kröfu gerðarbeiðanda, þá fari gerðin ekki fram fyrr en að viku liðinni, frá því að málsúrslit komust til vitundar lögmanns gerðarþola, og *að* málskostnaður verði látinn falla niður.

Til þrautavara, ef fallizt verði á kröfu gerðarbeiðanda, verði úrskurðað jafnframt, að það skilyrði verði sett fyrir innsetningu sem fyrirmæli fógeta, að Anne Barbara Alfreðsson dveljist hérlendis með barnið í mánuð frá innsetningardegi og *að* málskostnaður falli niður.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór 25. fyrra mánaðar.

Það liggur fyrir í máli þessu, að þann 12. júlí 1966 gengu þau að eigast í London Anne Barbara Niemkoff og Viðar Alfreðsson, en hann var þar starfandi við hljóðfæraleik og við nám. Hinn 23. maí 1967 fæddist dóttir þeirra, Valerie Ann. Það er fram komið, að í desember 1969 fór konan af heimilinu og með barnið, en þó fékk faðir þess nokkuð að umgangast það. Þann 28. maí 1971 segir gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi farið út með barnið og átt að skila því næsta dag. Það næsta, sem til þeirra hafi frétzt, var með símskeyti frá Reykjavík um, að þau feðgin væru þangað komin, og eins og í skeytinu segir „on holiday". Sjá hér rskj. 7 í málinu. Hefur barnið síðan hafzt hér við á heimili gerðarþola og móður hans að Nýlendugötu 30 hér í borg.

Það liggur fyrir í málinu, að Anne Barbara Alfreðsson sótti um skilnað við gerðarþola í Englandi þann 7. september 1970. Dómur í því máli gekk hinn 3. nóvember 1971, og var krafa hennar tekin til greina. Vísast hér til rskj. 23 ásamt löggildri þýðingu svo og til rskj. 27.

Þá sótti gerðarþoli, Viðar Alfreðsson, einnig um skilnað, og var fjallað um það mál í borgardómi, en málefnið síðan sent dómsmálaráðuneytinu þann 24. júní 1971, sjá rskj. 11 og 12.

Þann 18. júní 1971 var kveðinn upp úrskurður í High Court of Justice, Probate, Divorce and Admiralty Division í London, þar sem konunni voru til bráðabirgða úrskurðuð forráð barnsins og lagt fyrir föður þess að skila því. Sjá rskj. 5.

Innsetningarbeiðni er dagsett 18. október 1971 og var tekin fyrir í fógetaréttinum 28. sama mánaðar. Er þar vísað til úrskurðarins á rskj. 5 um, að forræði bansins skuli vera hjá móður þess, en hún sé fús að leyfa gerðarþola að hitta barnið, hvenær sem hann yrði á ferð í Englandi, og sömuleiðis megi barnið koma til Íslands á ári hverju gegn því, að tryggt væri, að því

yrði skilað á tilteknum tíma. Kröfu þessari var þegar mótmælt af hálfu gerðarþola. Kom fram greinargerð af hans hálfu, og að lokinni nokkurri gagnaöflun var ákveðið að leggja málefni þetta til umsagnar Barnaverndarráðs, sbr. bréf fógeta á rskj. 58, en það er dagsett 23. desember 1971. Hafði ráðið málefni þetta til meðferðar alllengi og aflaði margra gagna, og hafa þau verið lögð fram í þessu máli. Þann 5. júlí s.l. lá álitsgerð ráðsins fyrir, og er einróma niðurstaða þess á þá leið er hér greinir, orðrétt:

„1) Telpunni þykir auðsæilega vænt um báða foreldra sína og er hænd að þeim. 2) Báðir foreldar verða að teljast hæfir til þess að hafa á hendi forræði hennar og hafa aðstæður til að veita henni sómasamlegt uppeldi. 3) Barnaverndarráð leggur á það mikla áherzlu, að tengsl telpunnar rofni ekki við það foreldri, sem fær ekki forræði hennar. Hyggur barnaverndarráð umgengnisréttinum bezt hagað á þann hátt, að telpan dveljist að jafnaði í skólaleyfi hjá því foreldri, sem hefur ekki forræði hennar á hendi. Þarf að kveða skýrt á um umgengnisréttinn, þegar forræði barnsins er ákveðið, að öðrum kosti myndast óvissa og deilur, sem geta haft skaðleg áhrif á telpuna."

Álitsgerð þessi er lögð fram sem rskj. 35.

Þá úrskurðar dómsmálaráðuneytið hinn 7. september s.l. um forræði barns þessa. Hefur úrskurður ráðuneytisins verið lagður fram í málinu sem rskj. 30 og er á þessa leið:

„Jón E. Ragnarsson, lögmaður, hefur í bréfi, dags. 21. júní s.l., gert þá kröfu f. h. Viðars Alfreðssonar, Nýlendugötu 30, Reykjavík, að ráðuneytið úrskurði um forræði barnsins Valerie Ann, f. 23. maí 1967, dóttur Viðars og fyrrverandi eiginkonu hans, Anne Barbara Alfreðsson, en málavextir eru sem hér segir:

Lögskilnaður var gerður með þeim Viðari Alfreðssyni og Anne Barbara Alfreðsson með dómsúrskurði High Court of Justice í London, uppkveðnum 3. nóvember 1971 („Decree Nisi"), sem staðfestur var með úrskurði uppkveðnum 8. febrúar 1972. Meðferð málsins fyrir dóminum hófst með þátttöku beggja aðila, en er dómur gekk í málinu, var maðurinn farinn frá Englandi til Íslands með dótturina, Valerie Ann, og var í dóminum ekki kveðið á um forræði hennar. Við samvistarslit hjónanna í desember 1969 hafði konan farið með barnið af sameiginlegu heimili hjónanna, en um mánaðamótin maí—júní 1971 fór maðurinn með barnið frá Englandi til Íslands án samþykkis konunnar. Hinn 18. júní 1971 var kveðinn upp bráðabirgðaúrskurður af hinum brezka dómstóli þess efnis, að konan skyldi hafa forræði barns-

ins, en það var þá komið til Íslands með föður sínum, sem hefur haft umráð þess síðan.

Báðir aðilar hafa krafizt forráða barnsins. Af hálfu konunnar hefur sú krafa þó aðeins verið gerð til vara, en þess aðallega krafizt, að fallizt verði á, að íslenzk stjórnvöld geti ekki úrskurðað um málið vegna bráðabirgðaúrskurðar hins brezka dómstóls.

Ekki verður á þá skoðun fallizt, að íslenzk stjórnvöld geti ekki úrskurðað um málið. Verður að telja, að íslenzkum lögum beri að beita til ákvörðunar um forráð barnsins, er ekki voru ráðin við lögskilnaðinn, enda dveljast nú báðir aðilarnir og barnið hér á landi, og faðirinn og barnið eru íslenzkir ríkisborgarar. Barnið mun jafnframt eiga ríkisfang í Bretlandi vegna fæðingar þar í landi.

Leitað hefur verið tillagna Barnaverndarráðs Íslands um ráðstöfun forráðanna. Hefur Barnaverndarráð með greinargerð, dags. 5. júlí s.l., lýst því áliti sínu, að báðir aðilar séu hæfir til að annast uppeldi barnsins, en leggur áherzlu á, að þeim aðila, er ekki hlýtur forráð barnsins, verði tryggður umgengnisréttur við barnið.

Með hliðsjón af aldri barnsins, svo og að nokkru með tilliti til kynferðis þess, er hér með úrskurðað, að konan skuli hafa forráð barnsins, Valerie Ann, f. 23. maí 1967, og greiði maðurinn konunni meðalmeðlag með barninu frá 1. þ. m. að telja til fullnaðs 17 ára aldurs barnsins. Skal maðurinn hafa rétt til að umgangast barnið eftir samkomulagi aðilanna, en náist samkomulag ekki, skal fara um umgengnisréttinn með þeim hætti, að faðirinn fái að hafa barnið hjá sér í skólaleyfi eigi skemur en einn mánuð á ári. Er aðilarnir dveljast báðir hér á landi, skal Barnaverndarráð Íslands ráða framkvæmd umgengnisréttarins, ef aðilar koma sér ekki saman um framkvæmdina.

Úrskurður þessi tekur þegar gildi, en ekki skal konunni heimilt að fara með barnið af landi brott, fyrr en hún hefur dvalizt með því hér á landi eigi skemur en einn mánuð frá uppkvaðningu úrskurðarins.

F. h. r.
Baldur Möller
Friðrik Ólafsson."

Hinn 12. september s.l. snýr umboðsmaður gerðarþola sér til yfirborgardómarans í Reykjavík og óskar, að dómkvaddir verði tveir hlutlausir og sérfróðir matsmenn, sálfræðingar, helzt með sérmenntun í barnasálfræði, til að gefa álitsgerð um það, „hvaða

hættur það geti haft fyrir barnið, nú og varanlega, að verða tekið með valdi af heimili föðurins og flutt með valdi til Bretlands eða Frakklands, svo og þá hættu, sem barnið geti haft af umhverfisbreytingu nú og varanlega, þ. e. af flutningi úr íslenzku umhverfi í brezkt eða franskt umhverfi, líklega í stórborg, einkum London". Dómkvaðning fór fram 15. september s.l. Vísast hér til rskj. 47 og 77.

Hinir dómkvöddu matsmenn, Kristinn Björnsson sálfræðingur og Sigurjón Björnsson prófessor, skiluðu álitsgerð sinni þann 25. september s.l. Er gerðin lögð fram í málinu sem rskj. 80, og er á þessa leið:

„Sem svar við dómkvaðningu, dags. 15. sept. 1972, í matsmáli nr. 72/1972 höfum við að lokinni könnun á málsgögnum, viðtölum við Viðar Alfreðsson, Valerie Viðarsdóttur, Anne Alfreðsson og Ellen Sighvatsson orðið sammála um eftirfarandi álitsgjörð.

Forsendur niðurstöðu okkar eru þær að: 1. Samkvæmt mati okkar er Valerie Viðarsdóttir andlega heilbrigt barn, félagslynd og á auðvelt með aðlögun. 2. Báðir foreldrar hafa verið úrskurðaðir hæfir sem uppalendur, og er okkur ekki falið að endurmeta það. Með þessar forsendur í huga fáum við ekki séð að:

1. Flutningur barnsins í annað umhverfi geti haft neina hættu í för með sér fyrir það fram yfir það, sem almennt er.
2. Við höfum ekki getað sannfærzt um, að slíkur flutningur þyrfti að verða að *barninu nauðugu*, enda þótt foreldri léti það nauðugt af hendi. Að sjálfsögðu þyrfti þó að tryggja, að flutningur gæti gerzt á sem eðlilegastan og árekstraminnstan hátt.
3. Þar sem núverandi uppalendur og uppeldisaðstæður barnsins hafa verið taldar fullnægjandi og engin vissa er um, að þær uppeldisaðstæður, sem móðirin hefur að bjóða, séu fremri, verður ekki séð, að barnið muni hafa hag af flutningi til móður, enda þótt forsendur skorti til að benda á óhagræði, sem því kunni að fylgja og þá um leið varanlega hættu.

Að lokum viljum við leggja ríka áherzlu á, að okkur virðist sem forræðisdeila þessi sé barninu andlega séð óholl og skaðleg og því beri að kosta kapps um að ljúka þessu máli sem allra fyrst.

Reykjavík, 25. sept. 1972

Kristinn Björnsson — Sigurjón Björnsson."

Matsmenn þessir mættu í fógetaréttinum hinn 25. september.

Sigurjón Björnsson tók þá fram aðspurður af umboðsmanni gerðarþola, að ekki væri hægt að segja fyrirfram um viðbrögð barnsins við því, að það væri tekið frá núverandi dvalarstað og flutt úr landi gegn vilja sínum. Væri mest undir því komið, hvernig að slíkri gerð verði staðið. Þá bar umboðsmaður gerðarþola fram þessa spurningu: „Er sérstök hætta til staðar, ef viljaafstaða barnsins reynist eindregin gegn því að yfirgefa núverandi heimili sitt á þeim tíma, sem umbeðin fógetagerð væri framkvæmd af sérstakri varúð?“ Þessari spurningu svaraði Sigurjón Björnsson þannig: „Í 1. lagi tel ég mjög litlar líkur á, að slík viljaafstaða komi til, ef flutningurinn er eðlilega undirbúinn og vel að honum staðið.

Í 2. lagi, þar sem móðirin hefur verið úrskurðuð hæf sem uppalandi, og mér er ekki kunnugt um annað en samskipti móður og barns séu eðlileg miðað við aðstæður, verður að telja líklegt, að móðirin yrði fær um að ráða bót á þeim erfiðleikum, sem að nauðungarflutningi kynni að leiða“.

Sigurjón bætti því við, að sú væri skoðun hans, að barnið geri sér grein fyrir því, að deilt sé um dvalarstað þess. Þó hætta kunni að vera fólgin í flutningi, sem barninu sé á móti skapi, þá sé aðalhættan fólgin í frekari drætti á því, að deila þessi verði leyst, á hvorn veginn sem er. Að deilu þessari frátekinni verði ekki séð annað en að barnið búi nú við óaðfinnanlegar uppeldisaðstæður.

Kristinn Björnsson kvaðst samdóma því, sem eftir Sigurjóni Björnssyni hafði verið bókað.

Umboðsmenn aðiljanna gerðu engar athugasemdir við framburð hinna dómkvöddu manna.

Á fógetamáli þessu hafa orðið óhóflegar tafir, og þykir viðeigandi að gera grein fyrir þeim. Nokkur gagnaöflun fór fram í framhaldi af fyrirtöku málsins. Síðan taldi fógeti óumflýjanlegt að fá álit barnaverndaryfirvalda á málefni þessu, og er því lýst hér að framan, og hvíldi fógetamálið á meðan athugasemdalaust af aðiljum. Áður hafði umboðsmaður gerðarþola byrjað tilraunir sínar til að afla úrskurðar dómsmálaráðuneytisins um forráð barnsins. Vísast til bréfa hans til ráðuneytisins, dags. 21. október 1971, rskj. 13, 28. október 1971, rskj. 14, 22. nóvember 1971, rskj. 25, og 8. desember 1971, rskj. 26. Í bréfum þessum kemur fram krafa um, að ráðuneytið taki ákvörðun um foreldraráðin.

Það verður ekki séð, að ráðuneytið hafi svarað neinu af þess-

um bréfum fyrri en 28. febrúar 1972. Sjá rskj. 32. Þar er aðeins fjallað um þann þátt úr bréfum umboðsmanns gerðarþola, sem tekur til skilnaðarmálsins.

Líklega um miðjan júní 1972 lét umboðsmaður gerðarþola birta bæjarþingsstefnu á hendur dómsmálaráðherra með þeim réttarkröfum, að ráðuneytið verði dæmt til að skera úr um foreldraráð barnsins Valerie Ann Alfreðsson. Að þessu er innt í bréfi ráðuneytisins til umboðsmanns gerðarþola, dags. 19. júní 1972, rskj. 65. Þar segir, að í bréfum lögmannsins hafi jafnframt skilnaðarkröfugerð komið fram krafa varðandi forráð barnsins, og um leið minnt á bréf ráðuneytisins frá 28. febrúar, rskj. 32. Síðan segir svo í þessu bréfi ráðuneytisins: „Með fyrrnefndu bréfi ráðuneytisins var hafnað að taka umrætt hjónaskilnaðarmál til meðferðar samtímis því, að það væri rekið fyrir enskum dómstólum. Krafan um forráð barnsins af hendi mannsins kom þá heldur ekki til úrskurðar hjá ráðuneytinu, og krafa um úrskurð um það atriði sérstaklega hefur ekki verið borin fram við ráðuneytið. Lögskilnaður mun hafa orðið endanlegur fyrir enskum dómstólum hinn 8. febr. s.l. í umræddu hjónaskilnaðarmáli. Ráðuneytið vill taka fram með skírskotun til þess, sem að framan segir, að verði borin fram við ráðuneytið krafa um, að úrskuðað verði um forráð barnsins Valerie Viðarsdóttur, f. 23. maí 1967, mundi ráðuneytið taka afstöðu til þeirrar kröfugerðar."

Þessu bréfi ráðuneytisins svarar umboðsmaður gerðarþola þann 21. júní, rskj. 66, og gerir athugasemdir um ýmislegt í ráðuneytisbréfinu og endurtekur áður margsinnis framkomnar kröfur. Þá ritar ráðuneytið Barnaverndarráði þann 23. júní og óskar álits þess um ráðstöfun forráða barnsins, rskj. 68. Og eins og að framan getur, lá ályktun Barnaverndarráðs fyrir þann 5. júlí 1972, en úrskurður dómsmálaráðuneytisins þann 7. september. Fógetamálið var síðan fyrir rétti 13. sama mánaðar og tekið til úrskurðar 25. sama mánaðar. Eru tafir þessar því ekki á valdi fógetaréttar, en fógeti gætir ekki málshraða ex officio.

Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður heldur því nú fram í málinu, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins, þar sem umbjóðanda hans séu veitt full forráð barnsins, sé alger grundvöllur undir hinni umbeðnu innsetningargerð. Úrskurður ráðuneytisins byggist á hinni vandlegu athugun Barnaverndarráðs svo og hafi ráðuneytið kvatt til sérfræðing í barnalækningum, sbr. vottorð á rskj. 76. Hafi aldrei verið betur vandað til yfirvaldsúrskurðar.

Ráðuneytið hafi alveg sérstaklega rannsakað þá hættu, sem barninu kynni frekast að vera búin við fógetagerð þá, sem fyrir höndum sé. Sé ekkert fram komið um, að flutningur og aðsetursskipti séu líkleg til að hafa skaðleg áhrif á telpuna í bráð eða lengd. Það sé hafið yfir allan efa, að móðir hennar hafi ágætar aðstæður til að veita henni hið bezta uppeldi, sbr. t. d. skýrslu barnaverndaryfirvalda í Ealinghverfi í London, rskj. 3, og mörg önnur gögn í málinu. Þó alls engri rýrð sé kastað á þann dvalarstað og aðstæður, sem barnið nú búi við, þá sé það sjálfsagður hlutur, að hverju barni sé hollast að alast upp hjá móður. Álitsgerð sálfræðinganna á rskj. 80 segi lítið og vefengi ekki ástæður þær, sem kröfur gerðarbeiðanda byggjast á, og gerðarinnar hafi alls ekki verið þörf í þessu máli, sem hafi hlotið fullnaðarafgreiðslu með úrskurði ráðuneytisins og álitsgerð Barnaverndarráðs,

Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður, umboðsmaður gerðarþola, hefur fært það fram í málinu, að þrátt fyrir áskoranir hafi Anne Barbara Alfreðsson færzt undan að mæta í fógetaréttinum til að gefa aðiljaskýrslu. Krefst hann þess, að þegar af þeirri ástæðu verði synjað um gerðina. Hann telur og, að fógeti ætti að synja um gerðina, þar eð málefni þetta verði að dæmast af hinum almenna dómstóli í héraði, þegar litið sé á efni máls og rekstur. Hann mótmælir öllum gögnum þeim, er komin eru frá Englandi, sem röngum og óstaðfestum. Þá krefst hann þess, að synjað verði um gerðina, af því að meginreglur íslenzkra laga og þjóðarréttar standi því í vegi, að íslenzkur ríkisborgari verði fluttur án vilja síns í annað land.

Umboðsmaður gerðarþola hefur farið mörgum orðum um afgreiðslu Barnaverndarráðs og dómsmálaráðuneytisins á málefni þessu, og er það rakið nokkuð hér að framan. Hann kveðst hafa sí og æ krafið ráðuneytið um úrskurð um forráðin í marga mánuði, en ráðuneytið hafi ekkert aðhafst og vikið sér undan ákvörðun, unz hann hafi gert ráðstafanir til að fá ráðuneytið dæmt til að skera úr málefninu. Viðlíka sé að segja um meðferð Barnaverndarráðs. Umsögn þessi fjalli aðeins um fyrirspurn ráðuneytisins, en ekki fógetaréttar. Þar eð þessi umsögn hafi ekki verið þannig úr garði gerð, að hún segði af eða á, hafi verið nauðsynlegt að láta dómkveðja hina tvo sálfræðinga. Og í álitsgerð þeirra og framburðum sé það staðfest, sem liggi í hlutarins eðli raunar, að í máli þessu sé um að ræða mikla óvissu, ef sinna eigi kröfum gerðarbeiðanda. Barnið hafist hér við á góðu heimili

og allar aðstæður hinar beztu. Það sé óverjandi að raska þessu ástandi, þar eð auðvitað sé, að ekki sé alveg handvíst, hvað við taki fyrir barninu, vera megi, að aðstæður séu óaðfinnanlegar hjá móður barnsins, sem er þó dregið í efa, en í öllu falli sé engan veginn hægt að ábyrgjast neitt þar að lútandi. Það sé alla vega mikill vafi um hagi móðurinnar, og raunar muni ráðuneytið hafa gert sér grein fyrir þessu, sbr. þá viðbótarklausu, að móðirin skuli dveljast með barnið í mánaðartíma hérlendis, eftir að hún fái umráð þess. Þessi áhætta sé vissulega fyrir hendi og þegar af þeirri ástæðu sé ekki gerandi fyrir fógetréttinn að láta gerðina ná framgangi og það sé fógeti, sem eigi að meta það alveg sjálfstætt, hvort fógetagerð að kröfu handhafa foreldraráða megi fram fara með tilliti til velferðar barns. Það sé aðalatriðið, en ekki geðþótti þess, sem formlegt foreldravald hafi í höndum, og meginregla þessi sé alfarið staðfest af Hæstarétti. Lagaþróun í landinu stefni eindregið í þá átt að beita ekki fógetagerðum í ágreiningsmálum varðandi börn og þeirra dvalarstað, ef í odda skerst. Megi þar líta á 47. grein laga 60/1972, sem fjalli um umgengnisrétt. Þar sé mörkuð sú stefna að taka fyrir beinar fógetagerðir til að greiða fyrir virkum umgengnisrétti. Þá sé alveg felld niður sú regla eldri laga, að sök aðilja hjúskapar á hjónabandsslitum orki nokkru um forræði. Í greinargerð með lögum þessum komi fram, að aðeins tillitið til velferðar barna ráði um þessi efni. Þó lög þessi hafi enn ekki tekið gildi, þá séu þau fullkomin viljayfirlýsing löggjafans og þannig lög í landinu.

Því er mótmælt, að reikningar gerðarbeiðanda varðandi málskostnað verði metnir sem grundvöllur útgjalda fyrir gerðarþola, hvernig svo sem málið verði úrskurðað. Bent er á, að reikningurinn á rskj. 78, kr. 150.000.00, sem að vísu er áætlun, snerti ekki fógetamál þetta nema að litlu leyti og fógetamálið hafi ekki verið svo nauðaumfangsmikið. Aðallega sé um að ræða kostnað vegna málsmeðferðar fyrir barnaverndaryfirvöldum o. þ. h. Alfarið er mótmælt ferða- og uppihaldskostnaði Anne Barbara Alfreðssons, sbr. rskj. 79. Varðandi reikning fyrir útlagðan kostnað, rskj. 39, er því mótmælt, að gerðarþoli verði úrskurðaður til nokkurra útláta þar að lútandi.

Dómsmálaráðuneytið hefur úrskurðað, að forráð hins umdeilda barns skuli vera hjá móður þess. Sá úrskurður stendur í gildi nú í dag. Verður ekki talið, að neitt það hafi komið fram, sem orki því, að fógeti eigi dóm á þessum yfirvaldsúrskurði samkvæmt 60 gr. stjórnarskrár.

Að beiðni fógeta hefur Barnaverndarráð gefið álit á málefni því, sem aðiljar hafa deilt um í máli þessu, þó kannske megi segja, að sú álitsgerð nái ekki eins langt og málflutningur og málsástæður gerðarþola gefi tilefni til. Fógeta þótti heldur varhugavert að beina ákveðnum og tæmandi spurningum til ráðsins varðandi málefnið, en ráðinu voru send öll skjöl fógetamálsins og lá þannig fyrir ráðinu að vega og meta þessi atriði: 1. áhrif þau, er fógetagerð og eftirfarandi flutningur væru löguð til að hafa á barnið, ef það reyndist andsnúið því að flytjast af núverandi dvalarstað, og 2. aðstæður á núverandi dvalarstað og á þeim, sem barninu er fyrirbúinn í Englandi, eftir því sem allra næst yrði komizt.

Það kemur fram í álitsgerð ráðsins, að ekki sé munur á þessum tveim stöðum, sem máli skipti, a. m. k. um aðstöðu til að annast barnið og veita því sómasamlegt uppeldi. En um það, hvort sérstök hætta sé á því, að haft geti varanleg skaðleg áhrif á barnið, að það verði tekið með fógetagerð og flutt nauðugt af núverandi dvalarstað, segir ekki beinlínis. Enda gefur að skilja, að erfitt er um vik að segja fyrir um þá hluti, og veltur á miklu, bæði hvernig staðið er að gerðinni og eins hinu, hvernig fólk það, er barnið dvelst hjá, bregst við. Jafnframt er ljóst, að útilokað er að taka tillit til þess, þó líklegt megi telja, að af þessu öllu hljótist óþægindi eða leiðindi fyrir barnið, ef aðeins er ekki ástæða til að halda, að af sér leiði skaðleg og varanleg áhrif.

Hinir dómkvöddu sálfræðingar, prófessor Sigurjón Björnsson og Kristinn Björnsson, hafa gefið álitsgerð. Þeir telja barn þetta vera andlega heilbrigt og félagslynt og að það eigi auðvelt um aðlögun. Það er álit þeirra, að flutningur í annað umhverfi eigi ekki að vera lagaður til að hafa neina sérstaka hættu í för með sér, og ekki verði séð, að slíkur flutningur þurfi að verða að barninu nauðugu, enda muni móðir þess geta unnið bug á þeim örðugleikum. Hins vegar sé engin vissa fyrir því, að uppeldisaðstæður þær, er móðir barnsins hafi að bjóða, séu á nokkurn hátt fremri þeim, er nú standi barninu til boða, þar sem það hefst við.

Það verður ekki séð, að af hálfu gerðarþola hafi verið færð fram þau rök, byggð á skaðsemi gerðarinnar fyrir barn þetta, eða að slík skaðsemi sé samkvæmt hlutarins eðli líkleg til að hljótast af gerðinni, að fært þyki að neita kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu.

Varðandi varakröfu gerðarþola athugast, að telja verður, að

fógeti eigi aðeins að ákveða, hvort hann ætlar að framkvæma gerð þegar í stað eða hvort hann synjar um gerðina. Varðandi þrautavarakröfu gerðarþola er athugandi, að það skilyrði er sett fyrir úrskurðinum um foreldraráðin til móðurinnar, að henni sé ekki heimilt að fara með barnið af landi brott, fyrr en hún hafi „dvalist með því hér á landi eigi skemur en einn mánuð frá uppkvaðningu úrskurðarins". Það er spurning, sem ekki verður útkljáð, eins og nú standa sakir, hvernig skýra beri hina tilvitnuðu klausu, og gæti gerðarþoli þá að sjálfsögðu leitað réttar síns í því sambandi. Og í úrskurði um kröfu um beina fógetagerð kemur ekki til álita, að fógeti skipi aðiljum skyldur, eins og hér er farið fram á.

Þannig fer hin umbeðna fógetagerð fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður til gerðarbeiðanda ákveðst kr. 140.000.00, og greiðist hann úr ríkissjóði.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður til gerðarbeiðanda ákveðst kr. 140.000.00, og ríkissjóði.